Lagafrumvörp felld.

1. Verðgæzla og samkeppnishömlur.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um verðgæzlu og samkeppnishömlur [135. mál] (stjfrv., A. 204).

Á 32. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Frv. þetta er samið af n., sem ríkisstj. ákvað í febrúar 1967 að viðskmrn. skyldi skipa til að semja drög að nýrri löggjöf um eftirlit með einokun, hringamyndun og verðlagi. N. lauk störfum um mánaðamótin október—nóvember s. l., og skilaði þá ýtarlegu áliti, sem prentað er sem fskj. með lagafrv. Í áliti n. er gerð grein fyrir því, hvernig n. var skipuð og hvernig hún hagaði störfum sínum jafnframt því, hvernig skoðanir skiptust í n. Að tilhlutan viðskmrn. var þess farið á leit við dönsk stjórnarvöld, að hingað fengist sérfræðingur á sviði eftirlits með verðlagi, einokun og hringamyndun til að vera n. til ráðuneytis. Urðu dönsk stjórnarvöld við þessari málaleitan, og starfaði Adolf Sonne, skrifstofustjóri í einokunareftirliti danska ríkisins, um skeið með n. Í nál., sem er prentað með frv., er gerð svo ýtarleg grein fyrir efni frv. og málavöxtum öllum í sambandi við það, að ég get hér látið mér nægja að undirstrika nokkur meginatriði í þessu sambandi.

Frv. greinist í tvo þætti. Annars vegar er um að ræða ákvörðun um heimild til handa verðgæzluráði til þess að ákveða hámarksverð og/eða hámarksálagningu, til þess að kveða á um, hvernig verðútreikningar skuli gerðir, til þess að mæla fyrir um verðstöðvun á vissum sviðum í allt að 6 mánuði í senn og til að setja reglur um flokkun um söludreifingu og þess háttar á vörum eftir því, sem nauðsynlegt þykir vegna ákvörðunar verðs og álagningar. Gert er ráð fyrir því, að til slíkra ráðstafana sé því aðeins gripið, að samkeppni sé takmörkuð eða ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarnt verðlag eða þegar horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og hringamyndunum.

Verðgæzluráð, sem koma á í stað núv. verðlagsnefndar, skal skipuð 9 mönnum. Viðskmrh. skipar formann ráðsins, en Hæstiréttur 2 menn. Enn fremur skipar viðskmrh. sex menn, þrjá eftir sameiginlegri tilnefningu Félags íslenzkra iðnrekenda, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, og þrjá eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Kvenfélagasambands Íslands. Þeir tveir menn, sem Hæstiréttur skipar, skulu vera óháðir atvinnufyrirtækjum og samtökum þeirra, hafa þekkingu á atvinnu- og viðskiptamálum og kunnáttu í lögfræði og hagfræði. Gert er ráð fyrir starfrækslu verðgæzluskrifstofu, sem annist dagleg störf verðgæzluráðs, og sé henni stjórnað af verðgæzlustjóra, sem viðskmrh. skipar.

Þær heimildir, sem verðgæzluráði eru fengnar í þeim hluta frv., sem um verðákvarðanir fjallar, eru hliðstæðar þeim, sem veittar eru verðlagsnefnd í gildandi verðlagslögum. Þó er þess að geta, að í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir því, að heimildum til beinna verðákvarðana sé beitt, nema þegar samkeppni er takmörkuð eða ekki nægilega virk til þess að tryggja sanngjarnt verðlag eða þegar horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar. Hins vegar er hitt aðalatriði frv., ákvæði þess um samkeppnishömlur, algert nýmæli í íslenzkri löggjöf. Í frv. er verðgæzluskrifstofunni gert skylt að hafa eftirlit með einokunarfyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum, sem eru mikils ráðandi á markaðinum, og ákvörðunum, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Með þetta eftirlit eiga að fara þrír menn í verðgæzluráði, formaðurinn og þeir tveir fulltrúar, sem skipaðir eru af Hæstarétti. Þessir þremenningar geta krafizt þess, að til verðgæzluskrifstofunnar sé tilkynnt um einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Skal í tilkynningunni greina, hverjir séu eigendur fyrirtækisins, hvaða vörur eða þjónustu fyrirtækið framleiðir eða selur, svo og verðákvarðanir fyrirtækisins, viðskiptaskilmála og ákvarðanir um samkeppnishömlur. Einnig skal tilkynna verðgæzluskrifstofunni, ef þremenningarnir krefjast þess, alla samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, er varða verð, framleiðslu, sölu eða flutninga á öllu landinu og í einstökum landshlutum. Í tilkynningunni skal greina samninginn eða samþykktina orðrétt, nöfn og heimilisföng á þeim fyrirtækjum, sem samningurinn

eða samþykktin nær til, svo og verðafslátt af viðskiptaskilmálum um samkeppnishömlur, sem ákveðið er í samningnum eða samþykktinni.

Í frv. eru einnig ákvæði um, að samningar og samþykktir, sem séu tilkynningarskyldar, en hafa ekki verið tilkynntar, séu ógildar og njóti ekki verndar fyrir dómstólum. Þremenningarnir geta ákveðið, að verð og álagning, sem ákveðin hafa verið af einokunarfyrirtækjum eða markaðsráðandi fyrirtækjum eða með samningum eða samþykktum, megi ekki hækka án leyfis verðgæzluráðsins. Í frv. er kveðið svo á, að samkeppnishömlur teljist skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi frá þjóðhagslegu sjónarmiði eða koma í veg fyrir beztu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu. Skaðleg áhrif geta verið fólgin í ósanngjörnu verði, álagningu eða viðskiptaskilmálum, ósanngjarnri takmörkun á frelsi til atvinnurekstrar eða ósanngjörnum mismun á viðskiptakjörum. Skýr ákvæði eru um, að óheimilt sé að ákveða, samþykkja eða semja um ófrávíkjanlegt lágmarksverð eða álagningu, er gilda skuli við endursölu á næsta sölustað. Þá eru í frv. skýlaus ákvæði um, að þremenningarnir geti skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu til annars fyrirtækis, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti. Sala gegn óvenjulegum skilmálum jafngildir sölusynjun. Slík ákvæði hefur skort í gildandi lög og hefur það haft óheppileg áhrif.

Ákvæði þessa frv. til l. um verðgæzlu og samkeppnishömlur eru sniðin eftir hliðstæðri löggjöf á Norðurlöndum og þá fyrst og fremst í Danmörku. Á árunum eftir að síðari heimsstyrjöldinni lauk var svo að segja hvarvetna í nálægum löndum að því stefnt að afnema þau beinu verðlagsákvæði, sem víðast hvar höfðu verið sett á styrjaldarárunum, samtíða því sem afnumin voru höft á viðskiptum og frjálsræði aukið í utanríkisverzlun og gjaldeyrisviðskiptum. Afnám haftanna var ekki hafið hér fyrr en í byrjun þess áratugs, sem nú er líða. Nú eru þau hins vegar horfin að mestu. Ísland er aftur á móti eina landið, sem haldið hefur beinu verðlagseftirliti í því formi, að opinber n. ákveður hámarks- eða lágmarksverð á flestum vörum, sem á markaði eru. Frá þessu fyrirkomulagi hefur yfirleitt verið horfið í nálægum löndum og megináherzla lögð á það af opinberri hálfu að tryggja sem frjálsasta samkeppni og koma í veg fyrir hvers konar samkeppnishömlur. Ákvæði um slíkt hafa aldrei verið í gildi hér á landi. Hér er því við ýmsa erfiðleika að etja í þessum efnum, auk þess sem íslenzki markaðurinn er óvenju smár og þröngur, svo að auðveldara kann að reynast að koma við samkeppnishömlum, þótt smæð markaðarins og fámennið geri á hinn bóginn auðveldara að komast að slíku og hafa eftirlit með því. Með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum, sem fyrir hendi eru hér á landi, hefur meiri hl. n., sem þetta frv. hefur samið, reynzt þeirrar skoðunar, að rétt sé, að opinber aðili, verðgæzluráð, hafi áfram allar sömu heimildir og nú eru í gildi til ákvörðunar á hámarksverði og hámarksálagningu og til verðstöðvunar á vissum sviðum í vissan tíma, ef samkeppni reynist takmörkuð. Hins vegar er það skoðun meiri hl., að stefna eigi að því, að engin takmörkun sé á samkeppni, og eigi þá smám saman að afnema þessar reglur, sem nú gilda um hámarksverð og/eða hámarksálagningu, en slíkar reglur gilda yfirleitt ekki í nálægum löndum.

Ljóst er, að þar eð engin reynsla er hér varðandi eftirlit með samkeppni, einokunarfyrirtækjum og hringamyndun, þá þarf nokkurn tíma til þess að koma þessari nýskipan á. Í n. voru skoðanir skiptar um það, hversu langur þessi undirbúningstími þyrfti að vera. Í frv. segir, að l. öðlist gildi einu ári eftir, að þau eru staðfest, og falla þá gildandi lög um hliðstæð efni úr gildi. Allir nm. voru sammála um, að nokkurn tíma þyrfti til þess að undirbúa framkvæmd þessa lagabálks, einkum að því er varðaði ákvæðin um samkeppnishömlur. Töldu sumir, að l. gætu tekið gildi 6 mánuðum eftir, að þau hlytu staðfestingu — aðrir, að rétt væri, að þau tækju gildi einu ári eftir staðfestingu og enn aðrir, að þau tækju gildi tveimur árum eftir að hafa hlotið samþykki, enda væri þá fullnægt ákveðnum skilyrðum um væntanlega framkvæmd laganna. Ef þetta lagafrv. verður samþ., fælist fyrst um sinn í því fyrst og fremst stefnuyfirlýsing um það, hvernig háttað skuli opinberu eftirliti með verðlagi hér á landi og hvernig reynt skuli að tryggja sem lægst vöruverð með heilbrigðri samkeppni. Valdssvið núverandi verðlagsnefnda helzt óbreytt í eitt ár frá samþykkt frv. eða frá gildistöku laganna. Sá tími yrði notaður til þess að undirbúa nýtt eftirlit með samkeppnishömlum. Þegar l. tækju gildi eftir 1 ár, yrðu engar sjálfkrafa breytingar á þeim verðlagsákvæðum, sem þá giltu. Hins vegar hefði hið nýja verðgæzluráð þá heimild til að gera hverja þá breytingu á gildandi verðlagsákvæðum, sem því sýndist. Í grundvallaratriðum er ekki gerð breyting á skipan verðgæzluráðs frá því, sem nú gildir um skipan verðlagsnefndar. Í henni eiga sæti 7 menn, 3 fulltrúar neytenda og 3 fulltrúar framleiðenda og seljenda auk ráðuneytisstjórans í viðskmrn., sem er hlutlaus oddamaður. Í verðgæzluráði munu eiga sæti 9 menn, 3 fulltrúar neytenda, 3 fulltrúar framleiðenda og seljenda og 3 hlutlausir aðilar, 2 tilnefndir af Hæstarétti og einn af viðskmrh. Sams konar jafnvægi mundi því haldast milli fulltrúa neytenda annars vegar og fulltrúa seljenda og framleiðenda hins vegar og nú á sér stað í verðlagsnefnd og almennt samkomulag varð um á síðasta þingi. En gildandi lagaákvæði um skipun verðlagsnefndar voru samþ. shlj. á Alþ. Ef verðgæzluráð telur, að reglur þær, sem settar yrðu, til að koma í veg fyrir samkeppnishömlur og tryggja heilbrigða samkeppni, séu ekki nægilegar til að tryggja sanngjarnt verðlag, þá getur verðgæzlunefndin haldið þeim verðlagsákvæðum, sem í gildi eru, þegar hún tekur til starfa. Ef hún telur hins vegar reglurnar um samkeppnishömlur og eftirlit með þeim tryggja nægilega heilbrigða samkeppni, getur hún ákveðið að afnema gildandi reglur um hámarksálagningu eða hámarksverð. Geri hún það, má fastlega gera ráð fyrir, að hún geri það smám saman, þannig að reynsla fáist af samkeppninni í reynd og áhrifum hennar á verðmyndunina.

Þannig var farið að í flestum nálægum löndum. Reynslan af því hefur yfirleitt verið talin góð. Samkeppni samfara eftirliti með samkeppnishömlum hefur ekki síður verið talin tryggja neytendum hagstæðara verðlag en reglur um hámarksálagningu eða hámarksverð. Ekkert þeirra landa, sem á sínum tíma hurfu frá hliðstæðu kerfi og því, sem enn er haldið við lýði hér á landi, hefur horfið aftur til þess. Í fjölmörgum löndum hefur um skeið verið kveðið á um verðstöðvun eða settar reglur, sem banna hækkun álagningar. Í engu nálægu landi eru hins vegar enn í gildi hliðstæð lög og hliðstæðar reglur þeim, sem hér gilda enn um verðlagsmál.

Með samþykkt þessa frv. yrði mikilvægu sviði opinberrar stjórnsýslu tvímælalaust þokað í framfaraátt, og skipan mála hér gerð líkari því, sem tíðkast í nálægum löndum, en þau eru yfirleitt í hópi þeirra landa veraldar, þar sem skipan efnahagsmála þykir skynsamlegust og frjálslegust. Hér er hins vegar um vandmeðfarin mál að ræða. Þess vegna hefur niðurstaðan orðið sú, að ætla góðan tíma til undirbúnings réttri skipan og gera ráð fyrir víðtækum heimildum til handa opinberum aðila til verðákvarðana, ef reynslan af nýmælinu um eftirlit með einokunarfyrirtækjum og samkeppnistakmörkum reynist ekki bera nægilegan árangur. En lengur en orðið er geta Íslendingar ekki dregið að koma málum á þessu mikilvæga sviði í svipað horf og nú tíðkast hjá nálægum þjóðum.

Að svo mæltu legg ég til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr., að lokinni þessari umr., og til hv. allshn.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að bíða eftir því, að viðskmrh. komi.

Já, herra forseti. Mér finnst nú hæstv. viðskmrh. vera orðinn einkennilega orðvar og orðspar. Hann kom hér með skrifaða ræðu um þetta mál. Sú ræða var ekki ýkja löng og ekki til fullkominnar skýringar á því máli, sem hér liggur fyrir. En það mál, sem hér er um að tefla, er óneitanlega talsvert stórt og getur haft allverulega þýðingu og afleiðingar í okkar verðlagsþróun og efnahagsstarfsemi. En ég skil það, að hæstv. ráðh. reyni að fara gætilega, eftir að hann hefur orðið að standa í því að undanförnu að taka aftur ýmis sín fyrri ummæli, afneita ýmsum sínum fyrri ummælum og koma fram með skýringar á þeim.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er allmikið að umfangi. Því fylgir að vísu allýtarleg grg., en sá galli er á því, að þetta frv. er alveg nýlega lagt hér fram, og það hefur vitaskuld ekki unnizt tími til þess að lesa það nægilega eða kynna sér það til nokkurrar hlítar. Þess vegna virðist þetta nokkur óþarfi að ætla að knýja það fram hér á síðasta degi þingsins. Þó að það sé að vísu svo, að það fari til n. og verði athugað þar, þá væri ástæða til þess, að það væri athugað betur áður og menn fengju a. m. k. tíma til að lesa það, áður en 1. umr. fer hér fram. Og því meiri ástæða væri til þess, sem ég saknaði ýmissa atriða í framsöguræðu hæstv. ráðh. Ég saknaði þess t. d., að hann gerði grein fyrir afstöðu Alþfl. til verðlagsmála og verðlagseftirlits bæði fyrr og síðar. En ég held, að ég fari rétt með það, að þau málefni hafa löngum verið nokkurt hugðarefni hjá Alþfl. og ef ég man rétt hefur hæstv. viðskmrh. hér á hinu háa Alþ. oftar en einu sinni flutt æði skeleggar ræður um þau mál. Því miður hefur mér ekki unnizt tími til þess nú að leita þær uppi, og mér eru ekki tilvitnanir tiltækar í því sambandi, en þær eru margar til og þess verður freistað á síðari stigum málsins að rifja þær upp. En einn aðalgallinn á þessu máli, sem hér er lagt fram, og það, sem gerir það ógeðfellt, er það, að það siglir í raun og veru undir fölsku flaggi. Það er verið að láta líta svo út, að það eigi að halda hér áfram verðlagseftirliti og verðgæzlu, en meiningin er sú, og raunveruleikinn er sá, að með þessu frv. er verið að afnema verðlagseftirlit, og þess vegna hefði verið skemmtilegra og meiri manndómur að því, að menn hefðu í því efni komið til dyranna eins og þeir eru klæddir, og sagt það hreint út, en ekki verið að klæða málið í það dulargervi, sem hér er gert. En þó að þetta mál sé vafið í talsverðar umbúðir og frv. sjálft sé flókið, óskýrt og teygjanlegt, þá er það þó ekki vafamál, þegar það er skoðað niður í kjölinn, að það, sem vakir fyrir höfundum þessa máls, er það að afnema verðlagseftirlit í raun og veru. En þetta er látið líta svo út, að í stað verðlagseftirlits eigi að taka hér upp varnir gegn samkeppnishömlum, og um þær er sérstakur kafli í frv. En áður en ég kem að þeim kafla, þá vil ég finna þessum orðum mínum stað með því að vitna í 7. gr. þessa frv. En þar segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar samkeppni er takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægilega virk til að tryggja sanngjarnt verðlag, eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðgæzluráð ákveðið“ o. s. frv.

M. ö. o. — það á aðeins að koma til aðgerða í sambandi við ákvarðanir á verðlagi, þegar þannig stendur á, sem í þessari gr. segir, að samkeppni sé ekki nægilega virk. Nú verður ekki farið í grafgötur með það, að það er yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., að hér skuli vera það, sem kölluð er frjáls verzlun, þ. e. a. s., hér eigi að vera frjáls samkeppni ráðandi og ríkjandi. Og sú stefna er vissulega í samræmi við þann anda, sem býr að baki þess bandalags, sem ætlunin er að tengjast innan skamms. Það er því alveg augljóst, að hæstv. ríkisstj. hlýtur að gera ráð fyrir því, og hún hlýtur að ætla sér að stefna að því, að hér verði samkeppni, og að hér verði ótakmörkuð samkeppni, og að hér verði ekki settar samkeppnishömlur. Þetta er sú stefna, sem ríkisstj. ætlar að stefna að, og þar af leiðandi hlýtur hún að gera sér það ljóst, að samkv. þeirri stefnu eiga ekki að vera fyrir hendi þau skilyrði, sem hún ætlast til, að þurfi að vera til þess að til raunverulegrar verðgæzlu geti komið. Það er því enginn vafi á því, að ætlunin er að hafa aðeins verðlagseftirlit eða verðgæzlu, eins og þeir kalla, hér framvegis til að sýnast, en ekki til þess, að hennar gæti í reyndinni.

Þegar litið er á IV. kaflann og þau ákvæði, sem hann hefur að geyma, verður þetta, sem áður var sagt, enn ljósara, — þ. e. þegar litið er á þær

reglur, sem eiga að gilda því til varnar, að hér verði settar samkeppnishömlur. Ég verð satt að segja að taka það fram, að mér finnst sá kafli ákaflega einkennilegur og nánast sagt barnalegur, því að hann hefst á því, að þau fyrirtæki, sem kynnu að gera með sér samkomulag um einhverjar sameiginlegar verðákvarðanir, eða, eins og hér segir, samninga eða samþykktir um samkeppnishömlur — þau fyrirtæki eiga að vera svo elskuleg að senda verðgæzluskrifstofunni eftirrit af þessum samningi. Já, það þarf víst ekki að efast um það, að þau eru ekki að fara neitt leynt með það, þó að þau geri svona samkomulag sín í milli. Það þarf ekki að efast um það, að þau sendi verðgæzluskrifstofunni slíka samninga. Það liggur svo sem auðvitað í augum uppi. Ég hef satt að segja sjaldan séð barnalegri lagaákvæði heldur en þetta. (**Gripið fram í:** Það verður ekkert smáræði, sem þeir fá sent inn.) Nei, það verður ekki mikið. Þetta minnir svona einna helzt á þá hugsjónastefnu, sem einu sinni var ríkjandi í þjóðaréttinum, að það ætti að afnema allt leynilegt diplomati, en það lifir víst svona dálítið enn þá, þrátt fyrir slíkar yfirlýsingar.

Nei, ég er hræddur um það, að fyrirtæki kunni nú að gera (**Menntmrh.:** Hefur þm. lesið greinina rétt?) Ég sagði það nú, hæstv. ráðh., áðan, að mér hefði nú ekki unnizt nægur tími til þess að lesa þetta og ég veit, að hæstv. ráðh. tekur það til greina, þó að mér verði það þá á að fara ekki nægilega rækilega með það. En hins vegar er þetta rétt, sem ég var að segja. Að vísu getur sjálfsagt líka nefndin haft frumkvæði um það að ganga eftir þessum samningum, ef henni þykir ástæða til þess. En ég held, að það sé ákaflega vægilega — svo að ég taki nú vægilega til orða — kveðið á í þessu frv. um skyldur nefndarinnar til þess að hafa eftirlit með og kynna sér, hvort gerðir hafi verið einhverjir samningar eða samtök um samkeppnishömlur.

Nei, aðalreglan er sem sagt sú, að verðgæzluskrifstofan á að vera róleg og verðgæzlunefndin á að bíða eftir því, að þau samtök, sem kynnu að gera með sér samninga eða samkomulag um verðsamkeppnishömlur, sendi það til skrifstofunnar. Og ef nú fyrirtækin skyldu vera svo væn að gera þetta, þá á ekki að fara neitt hart í sakirnar og bið ég þá hæstv. viðskmrh. aftur afsökunar, ef ég hef kannske ekki lesið þetta nægilega vel, en það, sem ég hef komizt að við mjög fljótlegan yfirlestur, er þetta: Ef þetta kemur nú fyrir, þá á verðgæzlan ekki að skerast í það af neinni hörku. Nei, hún á að taka upp samninga við þessi fyrirtæki og reyna að fá þau með góðu til að láta af þessari fyrirætlan sinni að vera að beita svona samkeppnishömlum. Ég held, að ég hafi lesið þetta rétt. Það stendur hérna í 16. gr., hæstv. ráðh.: „Skal hún þá fela verðgæzluskrifstofunni að reyna með samningum að binda enda á þau". Og ef fyrirtækin vilja nú ekki sinna þessum tilmælum gæzlunefndarinnar um að láta af fyrirætlunum sínum og það tekst ekki að koma á samningum á milli þessara aðila um það efni, hvað á þá að gera? Ja, það veit náttúrlega hæstv. viðskmrh., því að hann hefur lesið frv. vel. Mér sýnist það standa hér, að þá á að senda viðskmrh. skýrslu um málið. Það segir ekkert, hvað hæstv. viðskmrh. á að gera af því tilefni. Mér sýnist þess vegna þetta frv. vera talsvert óljóst og óákveðið og efa ég þó ekki, að í því sé margt annað, sem ég hef ekki komið auga á við fljótlegan yfirlestur, sem athuga þyrfti betur heldur en gert hefur verið.

Það er sem sagt engum blöðum um það að fletta, að mergur þessa máls er sá, að það er stefnt að því með þessu frv. að afnema raunverulegt verðlagseftirlit og halda uppi aðeins skrifstofu svona sem sýndarmennsku, en ekki ætlast til þess, að hún geri neitt verulegt gagn í þessum efnum. Þetta hefði átt að kannast við, og þannig hefði átt að flytja málið. Það hefði út af fyrir sig verið alveg frambærilegt og frambærileg leið vegna þess, að það er ekkert athugavert við það, þó að skoðanir séu skiptar um það, hvort verðlagseftirlit sé heppilegt, og hvort því eigi að halda uppi eða ekki. Það er vitað mál, að um það eru skiptar skoðanir og það má færa rök bæði með því og á móti. Verðlagseftirlit getur haft sína kosti, og það getur haft sína annmarka. (Gripið fram í.) Já, ég veit nú, að ég er kominn út á hálan ís, því að eins og nú háttar til hér á hv. Alþ., þá má ekki tala um mál þannig að færa fram rök með og á móti. Það verður að hafa einstefnuakstur. Það má aldrei viðurkenna neitt hjá andstæðingnum, aldrei viðurkenna neitt í máli, sem hann hefur flutt. Það verður að gæta þess að halda sig á einstefnuakstursslínunni skv. kenningu hæstv. viðskmrh. Ég verð að vísu að segja, að sú kenning kemur úr hörðustu átt vegna þess, að þessi hæstv. ráðh. hefur að undanförnu þótzt vilja beita sér fyrir heiðarlegum málflutningi og hefur hvað eftir annað séð ástæðu til þess, m. a. í útvarpsumr., að sýnast í því efni og telja sig halda uppi eitthvað betri málflutningi heldur en aðrir menn, og hefur þótzt gera sér far um það að vanda málflutning sinn umfram aðra menn. Samt sem áður hefur þessi hæstv. ráðh. séð ástæðu til þess að brigzla mér um stefnuleysi, af því að ég hef í mínum málflutningi haft þennan háttinn á — að segja kost og löst á máli. Ég held að hæstv. ráðh. hafi farið óvarlega í því efni. Það er nefnilega svo, að þeir eiga aldrei að byrja grjótkast, sem í glerhúsi búa. En hæstv. ráðh. hefur m. a. verið að reyna að slá sér upp með fyndni á minn kostnað, m. a. í alþjóðaráheyrn og augsýn. Það er nú saklaust, og honum er það ekki of gott. Að vísu var það galli, að fyndnin skyldi vera fengin með láns- og leigukjörum hjá Morgunblaðinu, en til þess ráðs verða menn nú að grípa, ef þeir eru ekki ríkari í andanum en svo, að þeir geti ekki skapað fyndnina sjálfir. Ég viðurkenni það, að mér verður það á, eins og öðrum, að segja ýmislegt, sem út úr má snúa. En sá munur er á mér og hæstv. viðskmrh., að ég stend við allar mínar ræður — ég þori að kannast við þær. Ég stend við öll mín orð — ég stend við öll mín já og nei, og það er meira en hæstv. viðskmrh. getur sagt.

Hann eyddi miklum ræðutíma hér í gærkvöldi í það að afsaka, afneita og taka aftur orð, sem hann hefur sagt. Hann eyddi miklum tíma í það að ræða um þau fleygu orð, sem hann sagði við eitt hátíðlegt tækifæri uppi í Þjóðminjasafni, að

bezta ráðið til þess að tryggja sjálfstæði þjóðar væri að fórna sjálfstæði hennar. (**Menntmrh.**: Churchill sagði þetta, en ekki ég.) Já, ég kem að því. Hæstv. ráðh. reyndi ýmsar krókaleiðir til þess að afneita þessum ummælum sínum. Hann skaut sér á bak við Churchill. Má vera, að Churchill hafi sagt þetta eða eitthvað þessu líkt. Ég hef ekki kynnt mér það. En eitt er víst. Hæstv. viðskmrh. á alltaf þýðingarréttinn að þessu. Hæstv. viðskmrh. reyndi einnig að afsaka þessi ummæli þannig, að hann hefði ekki meint neitt með þeim eða meint allt annað með þeim en hann sagði. Það er þetta, sem skilur á milli okkar viðskmrh., að hann þorir ekki að standa við þau orð, sem hann hefur sagt. Og það mætti reyndar nefna margt fleira til dæmis um það, að honum hefur verið gjarnt að taka aftur þau orð, sem hann hefur áður sagt, og hann hefur viljað hverfa frá þeim ummælum, sem hann hefur áður sagt. Það hefur einmitt átt sér stað í sambandi við verðlagsmálin, og þess vegna á þessi pistill heima hér. En eins og ég sagði áðan, hefur mér ekki unnizt tími til þess núna að fletta upp á fyrri ræðum hæstv. viðskmrh. um þessi málefni, en það verður tækifæri til þess að gera það síðar.

Nei, það er í mínum augum bara aumingjaskapur að vilja ekki standa við það, sem maður hefur sagt, og eiginlega er ég hissa á hæstv. viðskmrh. að vilja sverja fyrir þessi fleygu orð, því að þetta eru þau orð, sem sennilega munu lengst halda nafni hans á lofti, og þetta eru þau orð hans, sem allir muna eftir.

En svo að ég haldi mig við þetta mál, sem hér liggur fyrir, þá er spurningin þessi, — hvort það er rétt að afnema verðlagseftirlit eða draga úr því, ef menn vilja heldur hafa það, eins og hér er gert ráð fyrir. Það er að vísu svo, að það má sitthvað segja um verðlagseftirlitið, og ég get ekki sagt það, að ég sé sérstakur talsmaður verðlagseftirlits. Ég hef takmarkaða trú á gildi þess á venjulegum tímum. En það er samt enginn vafi á því, að þegar sérstaklega stendur á, á verðlagseftirlit fullan rétt á sér, og það hefur verið viðurkennt hér á landi. Það hefur verið hér verðlagseftirlit, ja, allar götur a. m. k. frá því í heimsstyrjöldinni síðari og reyndar fyrr, og það hefur verið talið eðlilegt og sjálfsagt. Auðvitað er það eðlilegt og sjálfsagt að halda uppi verðlagseftirliti, þegar takmarkað framboð er á vörunni. Hins vegar má segja það, að þegar nægilegt framboð er af vörum, geti verið minni ástæða til verðlagseftirlits af því, að samkeppnin muni þá halda verðlaginu nokkuð í skefjum — og þá muni ekki vera þörf á verðlagseftirliti. Og það má segja það, að það sé stefnt að því nú með þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið og boðuð hefur verið, að hér verði nægilegt framboð af vörum, svo að af þeim ástæðum mætti að vísu orða það, hvort það væru þá ekki skilyrði nú fyrir afnámi á verðlagseftirliti. Að vísu er það rétt, eins og hæstv. viðskmrh. hefur einhvern tíma sagt í einni ágætri ræðu, sem hann flutti, að fólkinu hérna yrði ekki mikið gagn að því að sjá stásslegar vörur í búðargluggum, ef það hefði enga peninga til þess að kaupa þær vörur fyrir. En það er einmitt þannig ástatt nú, að lífskjör fólksins, lífskjör alls almennings hér á landi eru einmitt þág um þessar mundir. Ég býst við því, að það stæði í okkur báðum, hæstv. viðskmrh. og mér að reikna það út, hvernig fjölskylda, sem hefur venjulegar daglaunatekjur, fari að því að láta enda ná saman. Ég treysti mér ekki til þess að reikna það út. Ég veit ekki, hvernig hún fer að því að komast af. Ég segi það alveg hreint, eins og það er. Og það eru æðimargir, sem búa við þau lífskjör nú hér á landi. Kaupgeta almennings er vissulega mjög takmörkuð nú um þessar mundir, og þess vegna er það lífsatriði fyrir almenning, að honum sé tryggt og það séu gerðar allar þær ráðstafanir, sem hægt er að gera til þess, að hann fái lífsnauðsynjar sínar með því lægsta verði, sem hugsanlegt er, og að því á verðlagseftirlit þó að miða. En samtímis því, sem lífskjörin nú eru hér á þessa lund, er verið að breyta um stefnu í tekjuöflunaraðferðum ríkisins. Um leið og felldir eru niður tollar, sem hafa verið misjafnir á ýmsum vörum, hærri á hátollavörum, sem almenningur hefur orðið að neita sér um og hefur ekki haft ráð á að kaupa, þá er verið í staðinn að setja skatt, jafnan á allar vörur, brýnustu lífsnauðsynjar jafnt sem aðrar. Og um leið og þetta á að koma í staðinn fyrir þessar mismunandi tolltekjur, þá er tækifærið notað til þess að bæta í baggann svona hartnær helmingi meiru en svarar til tollalækkunarinnar. Þetta á almenningur að borga. Þetta eigum við öll að borga. Og þegar þannig stendur á, og um leið og þetta er gert, er ég ákveðinn andstæðingur þess, að horfið sé frá verðlagseftirliti. Ég tel það þvert á móti helga siðferðilega skyldu stjórnarvaldanna að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að halda verðlaginu í skefjun. Og það eru fleiri en ég, sem líta þannig á.

Þetta frv. er samið af nefnd og í þeirri nefnd áttu sæti fulltrúar stétta og stjórnmálaflokka. Og það er athyglisvert, að allir fulltrúar launþegasamtakanna í þessari nefnd, fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands, fulltrúi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, eru andvígir þessu frv. Og ég verð að segja það, að þegar þannig stendur á, eins og ég var lítillega að lýsa, þá er ástæða til þess að hlusta á það, hvað launastéttirnar og fulltrúar þeirra segja um mál sem þetta. Og það er ekki stórmannlegt, eftir og um leið og þær ráðstafanir hafa verið gerðar og á að gera varðandi tekjuöflunarleiðirnar, sem ég var að lýsa, að rétta slíkan löðrung að launastéttunum eins og þennan. En það er alveg auðsætt á því, sem þessir fulltrúar þessara launastétta láta fara frá sér í sínu áliti, sem fylgir með þessu frv., að þeir finna þannig til og þeir líta þannig á. Og það eru ekki aðeins fulltrúar þessara launamanna, sem þannig líta á, heldur er sá fulltrúi, sem Alþfl. tilnefndi í þessa n., einnig þeirrar skoðunar. Sá fulltrúi lifir sjálfsagt í gamla tímanum og hefur ekki haft við að snúast með straumnum. Hann er enn á gömlu línu Alþfl. í þessu efni, og hann er alveg andvígur þessu frv.

Ég er tilbúinn að hætta að tala hvenær sem er, ef menn eru á því, að deildarfundi hér eigi að ljúka. (Gripið fram í.) Fresta? Já, nei, þá er ég

ekki alveg eins reiðubúinn til þess, því að ég er yfirleitt ekki fyrir krókaleiðir. (Gripið fram í.) Fullt málfrelsi? Já, já. Það er fullt málfrelsi. En það er alveg bersýnilegt af því, sem ég sagði, að hvað sem öðru líður, eru skoðanir skiptar um þetta mál í Alþfl. Nú hlustaði ég í gærkvöldi með athygli á hæstv. viðskmrh., og í umr., sem þá fóru fram, bar m. a. þjóðaratkv. á góma. Hæstv. viðskmrh. fór að gera þar grein fyrir því, hvers vegna hann hefði verið með þjóðaratkv., m. a. um NATO-samninginn á sínum tíma. Og rök hans voru þau, að hann hefði verið með þjóðaratkv. um þann samning á sínum tíma, af því að það hefði verið vitað, að skoðanir hefðu verið skiptar um hann í flokkunum. Nú liggur það fyrir samkv. þessu plaggi hér og því, sem hæstv. viðskmrh. hefur hér talað, að skoðanir eru skiptar í Alþfl. um þetta mál. Nú er þetta mál, sem ekkert væri úr vegi að bera undir allan almenning. Ég efa það ekki, að ef það kæmi fram till. um það að leita álits almennings á þessu máli og bera það undir þjóðaratkv., þá mundi hæstv. viðskmrh. vera trúr sinni fyrri afstöðu og halda fast við hana. Hann mundi ekki breyta til frá því, sem áður var. Hann mundi vera á sömu línu og áður. Hann mundi vera sjálfum sér samkvæmur og vera með þjóðaratkv. — með till. um að vísa þessu máli til þjóðarinnar sjálfrar.

Eins og ég hef sagt þá er ég, eins og á stendur, persónulega andvígur þessu frv. En jafnframt vil ég taka fram, að það geta bæði verið annmarkar og kostir fylgjandi verðlagseftirliti, og vissulega er það svo, að það eru viss vandkvæði á því og vissir annmarkar að framkvæma verðlagseftirlitið. Og sjálfsagt er það svo, að það má benda á ýmislegt í framkvæmd þessara mála að undanförnu, framkvæmd verðlagseftirlitsins, sem betur hefði mátt fara. Ég er ekki svo kunnugur þeim málum, að ég þori að kveða neinn dóm upp um það. En ég hef þó heyrt það, að þar hefur sitthvað verið að fundið. En úr þeim annmörkum, sem verið hafa á framkvæmdinni, er sjálfsagt hægt að bæta, ef vilji er til. Og það er einmitt það, sem mér sýnist vera þörf á að gera í þessum efnum, eins og nú er. Ástandið er þannig, kaupgeta almennings er það lítil, lífskjörin eru það bág, að það er fyllsta ástæða til þess að beita öllum tiltækum ráðum til þess að halda verðlagi í skefjum. Ég vænti þess, að þeir verði margir Alþýðuflokksmennirnir, sem taka undir þau orð með mér, og ég vil endurtaka það, að það er náttúrlega ekki nóg, þó að einhver fámennur hópur komi sér saman um að gera breytingar hér á, heldur er ástæða til þess að kanna hug þjóðarinnar til máls sem þessa og spyrja að því, hvað þjóðin vill. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að ef Alþýðuflokksfólkið væri spurt þá mundi það ekki vilja, að verðlagseftirlit væri afnumið, hvorki beinlínis né á þann dulbúna hátt, sem hér er gert. Þetta mál verður að sjálfsögðu tækifæri til að ræða síðar, og ég veit það, að sitthvað í þessu frv. má lagfæra, og það má e. t. v. breyta því á þann veg, að það verði eða geti orðið virk verðgæzla samkv. því. En það er ekki eins og þetta frv. er nú úr garði gert.

Ég vænti þess, að hæstv. viðskmrh. hafi haft gott af þeim orðum, sem ég hef hér sagt, og að hann taki þau til hugleiðingar, með því að ég geri ekki ráð fyrir því, að hann uni sér við þann skemmtilestur, sem hæstv. forsrh. hefur boðað, að við aðrir þm. ættum að hafa við höndina yfir jólin. En hæstv. forsrh. fórust orð á mjög athyglisverðan hátt nýlega í Sþ., og þau ummæli hans þóttu svo athyglisverð, að Morgunblaðið sá ástæðu til þess að birta þau í ramma á öftustu síðu. En hæstv. forsrh. lét þess getið, að ef þm. vildu hafa þann skemmtilestur yfir jólin, sem söluskattsfrv. og tollskrá væri, væri þeim það ekki of gott fyrir sér. Út úr öllu má nú snúa. Og einhverjum gæti dottið í hug að skilja þessi orð á þá lund, að það, sem hæstv. forsrh. væri efst í hug við álagningu milljóna hundraða á allan almenning í landinu, væri það, hvort skjölin, sem um það fjölluðu, væru skemmtilestur eða ekki. En ég býst við því, að fólkið í landinu, sem á að bera byrðarnar, því muni nú verða annað í hug og annað ofar í hug en það, hvort þessi skjöl, sem hér er um að tefla, eru svo mikill skemmtilestur fyrir okkur þm. eða ekki. Nú, ég veit það, að hæstv. ráðh. — hæstv. forsrh. hefur nú ekki meint þetta á þennan veg. En ég nefni nú þetta sem dæmi, að það má oft skilja ummæli á ýmsa vegu og eftir því, hvernig menn vilja leggja út af þeim.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta mál, en vil lýsa þeirri skoðun minni, að hér séu alveg óþörf vinnubrögð höfð við. Það er engin þörf á því að lögfesta þetta mál með skjótum hætti, enda verður það ekki lögfest, þó að það fari nú til nefndar, og ég geri varla ráð fyrir því, að þó að það fari til nefndar, gefist nm. mikill tími aflögu yfir jólin frá þeim skemmtilestri, sem þeim er fyrirhugaður, til þess að fjalla um mál sem þetta. Þess vegna held ég, að það væri enginn skaði skeður, þó að þetta mál biði alveg, og þó að það hefði ekki verið tekið til 1. umr. hér á þessum fundi. Ég fór fram á það við hæstv. forseta og hæstv. viðskmrh., að sá háttur væri á hafður, að þetta mál væri ekki tekið til 1. umr. nú, vegna þess að það var vitað, að tíminn var takmarkaður. Það var vitað, að þm. hafði ekki gefizt kostur á að kynna sér málið og lesa það í gegn. Þessir báðir tveir hæstv. aðilar tóku þessari málaleitan vel. Mér er ánægja að því að viðurkenna það. En það strandaði á hæstv. forsrh., að þessi sjálfsagða málaleitan væri tekin til greina. Þetta var ekki málaleitun mín eins, heldur voru það aðrir þm. úr stjórnarandstöðunni yfirleitt, sem höfðu farið fram á það sama. Það er rétt, að þetta komi fram, og það er rétt, að þingtíðindin geymi þessa sögu, og að sökin sé þess, sem hana ber, en leggist ekki á þá ágætu menn, hæstv. forseta og hæstv. viðskmrh., sem báðir tóku þessu vinsamlega. Og þó að ég hafi nú svona talað sitt af hverju til hæstv. viðskmrh., er það allt af góðu gert og ekki sagt til þess að særa hann á neinn hátt, heldur til þess, að ég vildi gjarnan sjá hann komast í betri félagsskap framvegis en jafnvel hjá Churchill, og ég tala nú ekki um það fóstbræðralag, sem hann nú er í.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er nú kannske ekki vinsælt að fara að halda langar ræður hérna, enda er óvíst, að það verði mjög langt, sem ég

segi um þetta mál. En ég vil taka það fram, ef einhver skyldi halda annað, að það er alveg reiðilaust af minni hálfu, þó að þdm. fari heim til sín af þingi, því að ég tel ekki neina þörf á því, að hér séu svo margir viðstaddir, að hægt sé að afgreiða þetta mál til nefndar. Þannig að ef mönnum skyldi leiðast undir þessum orðum, sem ég segi hér, þá sem sagt taka þeir bara pjönkur sínar.

Ég verð að segja það fyrst, að ég varð eiginlega nokkuð undrandi, þegar ég sá þetta frv. hér á borðinu, og var þó ekki með öllu ókunnugt um það, að eitthvert slíkt frv. væri á döfinni, og hafði reyndar séð aðalinnihald þess fyrir alllöngu síðan. Út af fyrir sig hefði maður ekkert verið undrandi, þó að Sjálfstfl., ef hann hefði verið einn í ríkisstj., hefði borið slíkt frv. fram, vegna þess að hann hefur verið, svo lengi sem ég man a. m. k., fylgjandi frjálsri verzlun, sem hann kallar svo, þ. e. a. s. andvígur öllum hömlum og bönnum í sambandi við verðlag meðal annars og hefur verið prinsípielt á móti verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum, svo lengi sem ég man. En Sjálfstfl. er nú ekki einn í ríkisstj. Þar er einnig annar flokkur, Alþfl., og það hefur verið hans stefnumál, líklega jafnlengi, að verðlagseftirlit geti hætt og verðlagsákvörðun skyldi vera beitt, þegar þörf væri á. En nú ber svo við, að einmitt hæstv. ráðh. þess flokks og sá, sem valdamestur er þar í flokki, flytur þetta mál. Þetta út af fyrir sig er undrunarefni. Einnig það, að svo mikið skuli liggja á þessu máli, sem þó á ekki að taka gildi fyrr en eftir eitt ár, frá staðfestingu að vísu, að það skuli þurfa að halda þingheimi hér gersamlega að ástæðulausu bara til þess að geta komið þessu máli til nefndar nú fyrir jólin, þó að vitað sé, að n. starfi auðvitað ekki fyrr en þing kemur saman aftur. Ég verð að segja, að það ber ekki vott um mikinn samkomulagsvilja um störf þingsins, að ekki skyldi hafa verið orðið við óskum mínum og hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar, um að þetta mál yrði látið liggja í láginni, þangað til þing kæmi saman að nýju. En það eru einhverjir, sem eru órólegir yfir því, að það verði kannske frekar í marz en í febrúar á næsta ári, sem öllum verðlagshömlum verði létt af hér í landi og kaupsýslustéttin getur skammtað sér sinn hlut sjálf.

Það sem ég hef nú nefnt, er þó kannske ekki aðalundrunarefnið fyrir venjulegt fólk, heldur það, að svona frv. skuli vera borið fram í því ástandi, sem nú er í íslenzku þjóðfélagi, og nefni ég þá það fyrst, sem allir vita, að raunlaun, a. m. k. verkamanna og annars láglaunafólks, hafa verið skert um 20—25% á s. l. tveimur árum og laun hafa sjaldan verið lægri um áratugi. Það er vissulega rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að það er öllum — vil ég segja — orðin óleysanleg ráðgáta, hvernig verkamenn og aðrir, sem hliðstæð laun hafa, fara að því að komast af með sinar tekjur. Og það væri vissulega fróðlegt, ef hæstv. ráðh., sem því miður er nú horfinn af vettvangi — þó að ég telji það algerlega óviðeigandi — að hann gerði einhverja grein fyrir því, hvernig láglaunamenn eiga að þola öllu meiri álögur en þeir nú þurfa að bera, með þeim launum, sem þeir hafa. Og það opinbera, ríkisvaldið, sem nú flytur þetta frv., hefur átt drjúgan þátt í, að laun hafa svo mjög skerzt, að ekki sé meira sagt. Þetta er enn fremur flutt við þau skilyrði, að atvinnuleysi er útbreitt í landinu, 2 þús. atvinnulausir núna eins og sakir standa og þó raunar sennilega fleiri, og það að sjálfsögðu er ekki svo lítil skerðing á kaupmætti alls almennings. Þetta er gert við þau skilyrði, þegar að mínu viti a. m. k. okkur ríður meira á því en jafnvel nokkru sinni áður að hemla verðbólguskriðuna, sem hefur geisað að undanförnu og þó aldrei freklegar en síðasta áratuginn, þegar að okkur er lífsnauðsyn að treysta gjaldmiðilinn og tryggja sem stöðugast verðlag í landinu, og síðast en ekki sízt, að okkur er á því mikil nauðsyn að tryggja frið á íslenzkum vinnumarkaði. Og þetta er gert við þau skilyrði, að verkalýðssamtökin og launamenn búa við þau samningsákvæði, sem þeir hafa neyðzt til að fallast á, að hver einasta verðhækkun, sem verður í landinu, skerði laun þeirra og afkomumöguleika enn þá meira en orðið er. Það mun vera talið, að núverandi ákvæði um verðlagsbætur á laun svari til þess, að menn fái bætta líklega 7/10—8/10, sennilega nærri 7/10 af þeim verðhækkunum, sem verða, þannig að hver einasta hækkun, hvort sem hún er smá eða stór, heggur enn þá skarð í þá möguleika, sem menn hafa til þess að komast af með sín laun. Og kannske síðast en ekki sízt — þetta er gert við þau skilyrði, að engin stétt á Íslandi, svo að ég muni, engin starfsstétt, ekki a. m. k. það stór, að hún geti nefnzt því nafni, getur skammtað sjálfri sér kjörin, sem hún býr við. Bændur verða að hlíta gerðardómi um sín raunverulegu launakjör. Opinberir starfsmenn eru einnig háðir gerðardómi um sín laun. Útvegsmenn verða að sæta því verði, sem gildandi er á mörkuðum, og það skammtar þeim kjörin. Iðnaðurinn verður að keppa við erlendan iðnað, og þannig má lengi telja. Nú, almennir launamenn, verkafólk, verður svo að semja, oft við hinar erfiðustu aðstæður, við atvinnurekendur um sín kjör og fá sjaldnast fram nema lítið brot af því, sem þeir vilja og þurfa. En nú er sem sagt talinn tími til þess, við þessar aðstæður, sem ég hef stuttlega lýst, að gera eina stéttina að forréttindastétt og heimila henni að skammta sér hlut, taka sinn hlut af þjóðartekjunum, áður en aðrar stéttir fá sitt, með þeim hætti, sem ég nú hef lýst. Verzlunarstéttin á að verða sú nútíma aðalsmannastétt, sem engan þarf að spyrja um það, hvaða hlut hún ætlar sér af þjóðartekjunum, meðan allar aðrar atvinnustéttir og starfsstéttir verða að lúta öðrum lögmálum og ráða ekki nema að mjög takmörkuðu leyti og sumar að engu leyti, hvað þær fá í sinn hlut.

Ég skal að vísu játa það, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v., að ég hef ekki sett mig eins vel inn í þetta frv. og vera bæri. Ég átti ekki von á því, að það yrði tekið til umræðu fyrr en ég heyrði því hreyft í morgun, og minn undirbúningur undir mína ræðu var þess vegna ekki langur. Ég hafði hálftíma til þess að líta enn þá yfir þetta, og ég felldi því sjálfsagt margt niður, sem ég teldi ástæðu til, að kæmi fram strax við þessa umr. En ég tel það engum vafa undirorpið, og mín niðurstaða er nákvæmlega sú sama og þessa

hv. síðasta ræðumanns, að þetta frv. er ekkert annað en miklar og sums staðar nokkuð skrautlegar umbúðir utan um það aðalatriði að fá að fella allt verðlagseftirlit niður í landinu. Það var engin þörf á því, þó að ástæða hefði þótt til þess að setja hér sérstök lög um samkeppnishömlur, að blanda því saman við núverandi lög um verðlagningu — verðlagsmál. Það eru tvö óskyld mál, og ég man ekki betur, en þegar þetta mál var flutt hér fyrst á þingi af einum varaþm. Alþfl., að þá fjallaði það eingöngu um samkeppnishömlur. En nú er sem sagt tækifærið notað, þegar slík lög eru sett. Ég kem að vísu að því síðar, hvaða þýðingu ég tel, að þau hafi. Ég held, að þau séu minna en þýðingarlaus út af fyrir sig, en látum það vera. Það var algerlega ástæðulaust að blanda þessum tveimur málum algerlega saman. Og núverandi verðlagslöggjöf hefði getað staðizt að öllu leyti, þó að slík löggjöf hefði verið sett.

Ég sé ekki betur en strax 7. gr. um verðákvarðanir taki af allan vafa um það, að það er meining l. og tilgangur að hindra með hverjum tiltækilegum hætti, að nokkrar verðlagsákvarðanir verði settar. Og á verðlagseftirlit eða almenna verðgæzlu er ekki minnzt í þessum lögum og virðist alls ekki vera meiningin, að neitt slíkt eftirlit eigi sér stað. Þó að það sé kannske hins vegar ekki bannað, að verðgæzluskrifstofan og verðgæzluráðið hafi eitthvað slíkt með höndum, er það engin skylda samkv. nokkrum bókstaf í þessu lagafrv. Það er sagt, og það er til þess að fela sannleikann í málinu, — að það megi setja hámarksverð eða hámarksálagningu, og í öðru lagi fyrirskipa gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum og samþykkja verðstöðvun á vissum sviðum, allt að 6 mánuði í senn, og setja reglur um flokkun, sundurgreiningu og því um líkt á vörum, sem nauðsynlegar þykja vegna ákvörðunar verðs eða álagningar. Þetta má gera, en skilyrðin fyrir þessu eru svo mikil og teygjanleg, að það virðist vera alveg augljóst, að það sé meiningin, að þessu sé aðeins beitt í alveg einstæðum tilvikum. Það er sagt, að þessu megi beita, þegar samkeppni er ekki nægilega virk til að tryggja sanngjarnt verðlag. Ja, hver getur nú eiginlega verið dómarinn um þetta, hvenær samkeppni er nægilega virk til þess að tryggja sanngjarnt verðlag? Ég veit ekki einu sinni, hvað væri sanngjarnt verðlag. Og hitt er þó enn þá óljósara, hvað við er átt með því, að samkeppni sé nægilega virk. Það getur að vísu verið augljóst, svo augljóst, að engum blandist hugur um, að samkeppnin geti verið það virk, að ekki sé ástæða til verðlagsákvæða, og það hefur undir núverandi löggjöf verið gefið meira og minna frjálst af verðlagningu, vegna þess að allir voru sannfærðir um, að samkeppnin tryggði slíka hluti. Og það eru mörg dæmi til þess núna á síðustu tveimur árum, eftir að verkalýðshreyfingin fór að hafa nokkur afskipti af þessum málum, að slíkt hefur verið gert heimilt. Og meira að segja við fulltrúar Alþýðusambandsins og B. S. R. B. í verðlagsnefndinni höfum í mjög þýðingarmiklum tilvikum haft frumkvæði að því, að slíkt væri gert. En í langsamlega flestum tilfellum er hér um að ræða hluti, sem er svo erfitt um að segja, að ég tel eiginlega engan fullkomlega dómbæran um það, að segja til um, hvenær samkeppnin er nægilega virk til þess að tryggja sanngjarnt verðlag. Þar kemur svo margt til í okkar smáa þjóðfélagi, sem ég kannske ræði svolítið betur síðar.

Í l. eru síðan alls konar frekari varnaglar við því, að þessum ákvæðum sé beitt. Og að öðru leyti sýnist mér svo kaflinn um verðákvarðanir vera ákaflega lítils virði í þá átt að gefa nokkrar heimildir og náttúrlega ekki undir neinum kringumstæðum neinar fyrirskipanir um það, að verðákvörðun skuli beitt, hvernig sem á stendur, jafnvel þó að samkeppnishömlur séu sannaðar á menn, einokunarstarfsemi og hvers konar þvílíkar athafnir. Þá er það fyrsta boðorðið, að þá á að leita samkomulags, og ef það tekst ekki, á að senda ráðherra skýrslu. Og eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, segir síðan ekkert, hvað ráðh. eigi að gera með þessa skýrslu. Hann á bara að fá skýrsluna. Það sýnir, að þar er málið stoppað. Ég verð að vísu að játa, að ég hef ekki lesið alla þessa löngu grg. En mér sýnist það vera tilgangur l., þó að hann kunni að vera óljós, með því að lesa sjálft frv. yfir, þá verði hann algerlega ljós, ef menn lesa grg. fyrir frv., því að þar er ekki farið dult með það, hver tilgangurinn er, og hvert stefna skuli í þessum efnum. Og ég held, að það þurfi líka ekkert frekar að athuga í þessu efni en þann ákafa, sem er í kaupsýslustéttinni fyrir því, að þetta frv. nái fram að ganga. Hún stendur vissulega á bak við hæstv. ríkisstj. í þessu, og manni er sagt, að það sé búið að lofa verzlunarstéttinni þessum l. í svo mörgum kokkteilpartíum og í svo mörgum hádegisverðarboðum, að öllu lengur verði ekki undan þessu vikizt. Það er þess vegna, sem við stöndum hér og gerum Alþingi — ja, hlægilegt, vil ég segja, með því að þm. séu látnir bíða eftir því, að þetta mál komi til nefndar, heimfúsa og jafnvel bíðandi eftir.... (Gripið fram í.) — ja, maður gæti efazt um það, a. m. k., að það þætti þá ekki nægilega gott með kokkteilum að endurtaka loforðin, sem manni er sagt, að hafi verið gefin og eru í raun og veru eina skynsamlega skýringin á því, að þetta frv. skuli vera hér á ferðinni með þessum hætti, sem það nú er.

Svo að ég sleppi því í bili a. m. k. að fara nánar út í einstakar greinar frv., þá held ég, að það sé næst lagi að athuga það ofurlítið, hvaða afleiðingar þetta frv. hefur. Og maður skyldi nú ætla að hæstv. ríkisstj. hefði gert sér einhverja grein fyrir því, og vissulega sýnist manni það lýsa svolitlum ótta við afleiðingar málsins, að hún vill hafa ársfrest á, hún vill ekki láta öll ósköpin skella yfir í einu, hækkun á söluskattinum og þá nýju flóðbylgju verðhækkana, sem mun leiða af samþykkt þessa frv. En það tel ég engan vafa á, og ég segi það af nokkurri reynslu, því að ég hef óhjákvæmilega kynnzt þessu máli ofurlítið í þau tvö ár, sem ég hef átt sæti í verðlagsnefnd, að hér er ekki um neinar smáupphæðir að tefla. Hér er um að tefla, ekki tugi heldur hundruð milljóna kr. meira eða minna til verzlunarstéttarinnar á hverju ári, sem eru tekin beint úr vösum launamanna og neytenda, sem hafa engan afgang, eins og nú er. Það veit eng-

inn um það. Þetta frv. er frv. um það, að taka hundruð millj. kr. úr vösum láglaunamanna og neytenda í landinu og stinga þeim í vasa kaupsýslumanna og það mætti rekja afleiðingar af því lengur, því að eftir þessu verður vissulega tekið.

Það má segja, að verðlagseftirlitið og starf verðlagsnefndar núna s. l. 21 ár hafi ekki verið mjög áberandi fyrir allan almenning, og það hafi ekki legið svo ljóst fyrir, hvaða árangur hefur orðið fyrir launamenn og neytendur í landinu af störfum nefndarinnar. En þetta stafar auðvitað af því, að engin verðlagsnefnd og engin verðlagsákvæði geta hindrað verðbólgu og gengisfellingu. Við það ræður engin verðlagsnefnd og ekki heldur þessi, sem nú hefur setið. Þó er enginn vafi á því, að verðlagsnefnd hefur á þessu tímabili eftir að hert var á ákvæðunum með samkomulagi við verkalýðssamtökin seinni hluta ársins 1967, að þó að það hafi ekki skilað sér í lækkuðu vöruverði, þá er jafnvíst, að af þessu hefur orðið stórfelldur árangur og kjör alls almennings væru stórum lakari, ef þessi störf hefðu ekki verið unnin og þessi ákvæði, sem það starf byggðist á, ekki verið til.

Við höfum líka reynsluna af því, á tímabilinu frá 1962—3, þegar farið var verulega að slaka á verðlagsákvæðunum og mikill hluti af vörutegundum var gefinn frjáls, og þangað til breyting varð á með samkomulaginu við verkalýðssamtökin 1967, hvernig það frelsi var notað, hvernig reynslan var af því, og þá getum við fyrst gert okkur grein fyrir því, hvað nú muni gerast, þegar þau verðlagsákvæði verða úr sögunni. Ég hafði því miður ekki tíma til að grafa upp gögn um þetta. Ég mun gera það á síðari stigum málsins, en ég minni aðeins á það nú, að glöggar skýrslur verðlagseftirlitsins sönnuðu það, að heildsöluálagning hafði í mörgum tilfellum hækkað um allt að 300% á þeim vörutegundum, sem gefnar voru frjálsar, og í smásölunni var álagningarkúrvan stöðugt stigandi, myndaði sennilega svona 45 gráðu horn. Það hefur kannske ekki verið farið ákaflega geyst af stað, þegar frelsi var gefið með ákveðna vörutegund, ekki fyrstu mánuðina, jafnvel ekki nokkra fyrstu mánuðina, jafnvel ekki fyrsta hálfa árið, en síðan var jafnt og sígandi bætt við á hverju ári. Það virtist engan veginn vera komið að lokum þeirrar hækkunar, sem kaupmenn höfðu ætlað sér og öll þróunin stefndi að, og þetta var í raun og veru ákaflega eðlilegt. Þegar menn vissu það, að álagningin var frjáls á verulegum hluta vörutegunda, þá þutu verzlanirnar upp í þessum greinum. Með þeim árangri að þær tóku auðvitað markaðinn hver af annarri og þurftu meiri álagningu. Það er ekki þar með sagt, að hver og einn einasti kaupsýslumaður hafi verið í þessum viðskiptum, en hitt er jafn víst, að verðlagsákvæðin höfðu haft það í för með sér, að þeir höfðu haldið útþenslu verzlunarinnar í nokkrum skefjum og haldið verðlaginu niðri, og ég tel hvort tveggja hafa verið af því góða.

Það er svo um verðlagsmálin að segja að á þessum síðustu tveimur árum, sem verkalýðshreyfingin hefur haft afskipti af þessu, hafa þau ekki verið meiri heldur en svo, að hæstv. viðskmrh. raunverulega, þ. e. a. s. fulltrúi hans, sem ég held að hafi aldrei aðhafzt neitt í verðlagsn., sem máli skiptir, öðru vísi en í samráði við hann, þar í raun og veru ábyrgð á öllum verðlagsákvörðunum sem oddamaður. Hann greiddi að vísu oft atkv. með okkur og tók tillit til okkar í neytendahópnum. Fyrir það á hann fullkomna viðurkenningu, en ég held samt, að þarna hafi verið sá hemill, sem hafi átt að tryggja það, auðvitað, að ekki yrði farið of illa með verzlunarstéttina. Ég tel það líka langan veg frá, að þó að álagning væri lækkuð og henni væri haldið niðri á þessu tímabili, þá yrði farið illa með verzlunarstéttina, enda vissulega ekki tilgangur verðlagsnefndar að knésetja hana. Hún þarf vissulega að lifa eins og aðrir í þessu landi og er okkur augljós nauðsyn. En sem dæmi um það, að ekki muni vera afskaplega þrengt að verzlunarstéttinni nefni ég, að stórar verzlanir hér í Reykjavík eins og t. d. Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hafa núna í heilt ár getað gefið 10% afslátt af öllum sínum vörum frá því verði, sem kaupsýslustéttinni er almennt gert að hafa á sínum vörum, og núna fyrir jólin hef ég orðið þess var, að tugir verzlana og það sennilega margir tugir útbýta um borgina þúsundum af kortum, þar sem fólki er boðið upp á 10% afslátt af öllum viðskiptum fram að jólum. Þetta sýnist mér ekki benda til þess, sem hefur verið haldið fram af hálfu kaupsýslustéttarinnar, að hún hafi verið beitt slíkum þrælatökum, að líf hennar, eða jafnvel eðlileg efnahagsþróun í landinu, mundi undir því komin, að verðlagsákvæði séu afnumin einmitt núna, enda held ég, að því fari ákaflega fjarri.

Eins og kemur greinilega fram í grg. fulltrúa Alþýðusambands Íslands, B. S. R. B. og fleiri, sem er birt sem fylgiskjal með þessu máli, þá er núverandi verðlagslöggjöf þannig háttað, að raunverulega geta stjórnarvöld á hverjum tíma haft þau afskipti, lítil eða mikil af verðlagsmálum, sem þau telja nauðsynleg, enda hafa þau verið með mjög mismunandi hætti, eftir því sem efnahagsástandið hefur sagt til meðal þjóðarinnar. Beiting verðlagsákvæða er ekki skyldug eftir þessum lögum. Ef núverandi hæstv. ríkisstj. og núverandi hæstv. viðskmrh. þykja mál horfa svo, að ekki sé ástæða til þess að beita opinberum afskiptum af verðlagsmynduninni — álagningu kaupsýslustéttarinnar — þá getur hann látið svo vera. Hann hefur úrslitavaldið um það, bæði sem ráðh. og sem hafandi oddaaðstöðu í verðlagsnefnd. Og ég held einmitt, að að þessu leyti sé núverandi löggjöf heppileg, því að vissulega getur efnahagsástand breytzt, margt getur breytzt þannig hjá okkur, að það sé ekki nein ástæða til þess að fylgja alltaf stöðugt einhverri algerlega ósveigjanlegri stefnu í þessum málum. Ég held þvert á móti, að það eigi ekki að gera það, og ég tel líka, að verðlagsnefnd hafi núna síðustu tvö árin alls ekki fylgt slíkri stefnu. Hún hefur líka tekið fullt tillit til þess að undanförnu, þegar einstakar atvinnugreinar hafa átt í sérstökum erfiðleikum. Ég nefni t. d., að meðal þess fyrsta, sem þessi verðlagsn. stóð að, var að gefa frjálsa útselda vinnu í málmiðnaði, sem þá átti mjög í vök að verjast. Við stóðum einnig að því, full-

trúar Alþýðusambandsins og B. S. R. B., að á öllum iðnvarningi, sem framleiddur er í landinu og býr við fulla erlenda samkeppni, þar væri um frjálst verðlag að ræða frá verksmiðjudyrum. Á hinn bóginn höfum við svo haft ákvæði á heildsölunni og smásölunni, en sjálf iðnaðarframleiðslan, sem sannarlega var í fullri keppni við erlendan iðnvarning, hefur verið algerlega frjáls allan þennan tíma. Og mér finnst þetta benda til þeirrar þröngsýni og þess ósveigjanleika, sem í raun og veru gæti verið eina gilda ástæðan fyrir því, að þessum l. yrði breytt núna og þau afnumin.

Við höfum sem sagt verið í verðlagsnefnd, ekkert síður launþegafulltrúarnir heldur en aðrir, alveg opnir fyrir því, að þar sem raunverulega væri um að ræða virka samkeppni, þá væri ekki ástæða til þess að hafa verðlagsákvæði í gildi. Og ég hef þegar nefnt dæmi um það, og við höfum líka tekið fullt tillit til þess, þegar um það hefur verið að ræða, að einstakar greinar hafa sannanlega átt í erfiðleikum, enda hafa allar ákvarðanir verðlagsnefndar verið, a. m. k. síðan ég fór að hafa þar kynni, byggðar á gögnum frá fyrirtækjunum sjálfum og engu öðru, þ. e. a. s., þegar þau gögn fást, en á því er misbrestur. Mörg fyrirtæki, og þar á meðal stórfyrirtæki í landinu, neita að láta verðlagsstjóra í té nokkur gögn um starfsemi sína, og það bendir óneitanlega til þess, að ekki sé of hart að þeim gengið, því að ef svo væri, væri enginn hlutur auðveldari en að þau fengju endurskoðun sinna mála með því að leggja reikningana á borðið. M. a. hafa sum oliufélögin, ein stærstu fyrirtæki í landinu, þverskallazt frá upphafi við að láta nokkur gögn frá sinni starfsemi koma í ljós. Og þó á um þetta að ríkja fullkomin leynd um hluti, sem leynilega fara í sambandi við það, sem fyrirtæki gefa upp til verðlagsnefndar og verðlagsstjóra.

Ég tel þess vegna, að það geti út af fyrir sig verið rétt stefna og alls ekki ósamrýmanleg núverandi l. um verðlagsmál, að þar sem alveg augljóslega er um virka samkeppni að ræða, þar sé ekki þörf á verðlagsákvæðum. Ég er þeirrar skoðunar, en það þarf ekki neina slíka breytingu að gera á þeim l., eins og hér er verið að gera, til þess að gera það, því að það er í gildi. En við búum hér alveg örugglega við alveg sérstakar aðstæður, sem gera samkeppni á ákaflega mörgum sviðum miklu óvirkari og í mörgum tilfellum algerlega óvirka, þó að samkeppni eigi að kallast, og eigum þess vegna í engu neinn samanburð að þessu leyti við aðrar þjóðir. Það þýðir þess vegna ekkert að koma til okkar með danska þýðingu á einokunarlögunum, sem mönnum ber nú eiginlega saman um í Danmörku, að hafi haft alveg sáralítið gildi, og segja, að þetta sé alveg til fyrirmyndar fyrir okkur. Málið er ekki svoleiðis. Við búum við allt önnur skilyrði en Danir. Það er svo aftur útúrdúr úr málinu og skiptir þó kannske einhverju, að Danir hafa hvað ofan í annað orðið að grípa til alveg sérstakra aðgerða við hliðina á sínum lögum og ýmist beita verðlagshöftum um lengri eða skemmri tíma eða algerri verðstöðvun. Og þetta hafa fleiri lönd orðið að gera, sem ekki hafa neina fasta löggjöf um þessi mál, eins og t. d. V-Þýzkaland alveg núna nýlega. Þar varð að grípa til verðstöðvunar til þess að forðast efnahagslegt öngþveiti.

Það er þess vegna ákaflega langt frá því, sem hæstv. viðskmrh. var að reyna að halda hér fram, að verðlagsákvæði og verðstöðvun og annað slíkt og því um líkt væri bara búin saga í V-Evrópu. Þetta eru hlutir, sem gripið er til á hverju einasta ári af fleiri eða færri ríkjum. Og það er einmitt slík stefna, sem er alveg fullkomlega samrýmanleg okkar núverandi verðlagslöggjöf, þótt sjálfsagt megi ýmislegt að henni finna.

Og hvernig skyldi nú standa á því, að við höfum þarna allt aðra aðstöðu en aðrar og stærri þjóðir? Ég held að a. m. k. sumar ástæðurnar liggi þar alveg í augum uppi. Það er fyrst og fremst vegna þess — ég nefni sem eina ástæðuna þá — að smæð markaðarins er slík, að ráðandi fyrirtæki um verðlag verða oftast mjög fá, og í sumum tilfellum er þar aðeins um eitt fyrirtæki að ræða, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki nein skynsemi í því að hafa mörg fyrirtæki, sem starfa í sömu greininni miðað við okkar markað. Það þarf ekki að nefna nein sérstök dæmi um þetta, þau eru svo augljós. Svo er það annað, að landið er strjálbýlt og mörg byggðarlög eru fámenn. Jafnvel það getur skapað einstökum fyrirtækjum algera einokunaraðstöðu. Það er kannske ljótt að segja það, en ég nefni bara ýmis sjávarþorp, þar sem aðeins er ein verzlun starfandi — eitt kaupfélag. Ef ekkert verðlagseftirlit er, hver á þá að hindra það, að ibúar á þessum stöðum búi við annað og hærra verðlag en gerist annars staðar? Meira að segja hér í höfuðborginni eru fjarlægðir orðnar svo miklar, að neytendur, heimilin, sem verða að kaupa daglegar nauðsynjar sínar, hreinlætisvörur og matvæli, þar sem um enga virka samkeppni er að ræða í mörgum hverfum, einfaldlega vegna þess að fólk kemst ekki nema í næstu verzlun. Við skulum segja, að Breiðhyltingar fréttu af einhverri ódýrri verzlun í Vesturbænum, þar sem kaupa mætti eitthvað af ódýrri vöru. Þá mundu þeir einfaldlega ekki geta gert það, og þessi samkeppni yrði þess vegna ekki virk. Það er alveg sérstök ástæða til að minnast á þetta atriði í Reykjavík, vegna þess að hér hefur verið ráðandi stefna hjá borgaryfirvöldum að mismuna alveg stórkostlega í sambandi við úthlutanir lóða í hverju nýju hverfi, sem eru ætlaðar fyrir verzlanir. Og hverjir skyldu hafa fengið þær? Skyldu það vera almannasamtökin, sem eiga KRON? Ég veit ekki, hvort Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis hefur fengið eina eða enga lóð, frá því að það hóf starfsemi sína. Kaupmennirnir hafa verið látnir sitja að öllum lóðum. Og skyldu þeir svo ekki reka virka samkeppni sín á milli, kaupmennirnir, á matvörunni og hreinlætisvörunni, á þessum vörum, sem fólk þarf að kaupa? Jú, þeir reka svo virka samkeppni, að þeir dreifa út a. m. k. mánaðarlega fjölrituðu plaggi frá Kaupmannasamtökunum, þar sem skráð er, á hvaða verði vörurnar skuli seldar. Að vísu er stimpillinn sjaldnast á því — Kaupmannasamtökin — þó mun það hafa verið til, en þessi sönnunargögn eru fyrir hendi. Og þar eru ekkert frekar þær vörur, sem eru undir verðlagseftirliti, en hinar, sem eru það ekki. Ég segi: þetta er ekki virk

samkeppni, en þessi lög, sem hér á að fara að samþykkja, tryggja ekkert í þessu efni. Kaupmannasamtökin hér í Reykjavík geta haldið áfram að koma fram sem einn einokunarhringur gagnvart neytendum eftir sem áður. Þau munu ekki verða fyrst til að tilkynna sig hjá verðgæzlustjóra sem einokunarfyrirtæki, eins og svo hlægilega er komizt að orði hér í 12. gr., að tilkynna skal til verðgæzlustjóra samkvæmt kröfu þriggja manna nefndar, samanber 4. gr., einokunarfyrirtæki, markaðsráðandi fyrirtæki og ákvarðanir, sem þau hafa tekið um samkeppnishömlur. Jú, það er sýnilegt, hvernig þetta á að gerast. Þriggja manna nefnd auglýsir, að nú skuli þeir frá ákveðnum tíma tilkynna sig, sem hafa með höndum einokunarstarfsemi, og skyldi Sigurður Magnússon ekki verða fyrsti maðurinn, sem kemur með tilkynningu um, hvernig Kaupmannasamtökin beita sinni aðstöðu og sínum samtökum?

Það er nú út af fyrir sig, og aðeins útúrdúr frá því, sem ég er nú að segja, að prófarkalestur á þessu frv. og fskj. þess er þannig, að það koma algerar meiningarleysur út úr fleiri gr. og enginn getur skilið, hvað um er ræða, eins og þeir geta gengið úr skugga um, sem nenna að leggja það á sig að lesa þetta frá orði til orðs. Það er svo líka auðsætt, svo maður haldi nú áfram að tala um ástæðurnar fyrir því, að við getum ekki búið hér við sams konar ákvæði og aðrar stærri þjóðir, að þar kemur ekki aðeins til smæð markaðarins, heldur það, sem einnig leiðir af því, fæð bæði framleiðenda og innflytjenda í tilteknum greinum. Þetta skapar auðvitað alveg sérstakar aðstæður fyrir einokunarákvörðun á markaðsverðinu. Við höfum svo sem dæmi fyrir okkur um þetta. Hvernig er það með vátryggingarfélögin, þegar hér er leitað tilboða um vátryggingar á ákveðnum hlut? Upp á eyri, sama tilboðið frá öllum fyrirtækjum. Eða olíufélögin, eða verktakafirmu í ýmsum greinum? Við höfum hér líka mörg fyrirtæki, sem eru algerlega einráð á markaðnum þannig að þar sé eina vörutegundin, sem enginn annar framleiðir. Vitanlega er það einokunarfyrirtæki, og það er ekki nein glóra í því, að annar háttur sé á hafður heldur en sá, að með framleiðslu slíks fyrirtækis sé eftirlit og það sé beitt verðlagsákvæðum.

Ég minntist á verzlanirnar í smærri byggðarlögunum, sem oft á tíðum minna frekar á selstöðuverzlanir en nútíma verzlanir og gætu algerlega haft verðlag í viðkomandi byggðarlagi, a. m. k. á mörgum vörum, fullkomlega í hendi sér. Hér er líka á það að líta, að hér höfum við svo léleg neytendasamtök, að engu tali tekur — svo léleg, að þegar neytendur eiga að vera að tilnefna fulltrúa til að gæta hagsmuna sinna, sérstaklega í stjórnsýslukerfinu, þá eru ekki Neytendasamtökin valin. Nei, ekki aldeilis, heldur er það Kvenfélagasamband Íslands, sem ég veit ekki til að hafi neitt með þessi mál að gera. En það hefur kannske þótt auðveldara, að fá formann Kvenfélagasambands Íslands til þess að samþykkja þetta frv. og trúa því, að með því væri tryggt samkeppnishæft verðlag á nauðsynjum, eins og hún gerir ráð fyrir í sínum fyrirvara með frv. og samþykkir það í því trausti, að þetta ágæta system muni tryggja hóflegt verðlag á öllum nauðsynjavörum. Það heldur hún, að sé fengið með ákvörðun 21. og 22. gr., sem fjalla um verðmerkingar og annað slíkt. Það hefði kannske verið ofurlítið erfiðara að telja fulltrúa almennilegra neytendasamtaka trú um það, að þetta væri svona. En þetta er aðeins eitt af því furðulega um þetta frv., að gengið er fram hjá neytendasamtökum og kvenréttindafélag tekið í staðinn.

Nei, ég held, að það sé mála sannast og reynslan hafi kennt okkur það, að það geti engin lög önnur en verðlagsákvæði og hömlur á verðlagi og verðlagseftirlit hindrað óeðlilega aðstöðu til verðlagsmyndunar, þ. e. a. s. verðlagsmyndunar, sem ekki er þá langt fyrir ofan og utan það, sem vel skipulögð og hagkvæmt rekin fyrirtæki þurfa. Ég tel það svo alveg víst, að reynslan verði sú sama núna, þegar verðlagsákvæðin verða afnumin, að það byrjar auðvitað sú hræðsla í verzluninni, sem blómstraði hér meðan verðlagsákvæðin voru frjáls að verulegu leyti. Það verða fleiri og fleiri, sem leita í þá einu starfsgrein í landinu, þar sem menn geta skammtað sér hlutina sjálfir og þurfa ekki að sækja undir neina aðra. En ég held, að það sé ekki það, sem við þurfum fyrst og fremst. Ég held að við hefðum heldur átt að reyna að beina fjármagni okkar og vinnuafli að framleiðslunni, að aukinni gjaldeyrisöflun, að aukinni tekjuöflun fyrir þjóðfélagið heldur en þá þjónustugrein, sem hér er um að ræða. Og þá er ég ekkert að gera lítið úr henni. En ég held, að okkur sé allra sízt þörf á því núna að gera sérstakar ráðstafanir til þess að beina takmörkuðu fjármagni þjóðarinnar í stórauknum mæli í verzlun. Ég held að vandinn liggi ekki þar.

Það er augljóst af því, sem ég hefi nú sagt, að samþykkt á þessu frv. þýðir stórkostlega verðhækkunaröldu, sem jafnaðist svona á við meðalgengisfellingu. Það þætti mér ekki ólíklegt. Ég hef þá tekið vitlaust eftir flestum hlutum, sem ég hef orðið áskynja í sambandi við afskipti mín af þessum málum, ef svo verður ekki. Hér verður um gerbreytta verðmyndun að ræða í landinu, þegar þessi lög hafa tekið gildi, og ef þeim verður beitt, eins og öll stefnan er og grg. ber enn þá ljósar með sér heldur en sjálf frumvarpsákvæðin.

Þegar þess er gætt, sem ég sagði hér frá áðan, að fyrir hverja einustu verðhækkun, sem verður í landinu, koma ekki bætur til launamanna nema að takmörkuðum hluta og allar hækkanir, smáar sem stórar, skerða stöðugt raunveruleg launakjör, þá má auðvitað kalla fram gagnráðstafanir af hálfu verkalýðssamtakanna. Ég tel ekki sennilegt, þó að ég hafi ekkert umboð til þess að fullyrða það, að verkalýðssamtökin eða Alþýðusambandið hafi neinn áhuga fyrir því að taka þátt í þeim skripaleik, sem verður leikinn í þessu svokallaða verðgæzluráði, sem lagt er til að verði myndað. Ég hef ekki trú á því, enda held ég, að það fari bezt á því, að þau stjórnvöld, sem að þessu frv. standa og hafa búið til þessa yfirskrift, hafi allan veg og vanda af því, sem á eftir fer. Eða heldur t. d. hæstv. viðskmrh., að það sé líklegt, þegar sú ráðstöfun er gerð fyrir atbeina stjórnarvalda að afhenda verzlunarstéttinni algert

sjálfdæmi um sinn hlut — hvaða hlut hún eigi að bera af þjóðartekjunum — að þá muni verkalýðshreyfingin og launamenn sætta sig við það, að þessi ákvörðun skerði kjör þeirra í sífellu, ekki aðeins í eitt skipti fyrir öll, heldur stöðugt, vegna þess, að reynslan hefur orðið sú, að álagningin fer hækkandi ár frá ári, ef ekkert er að gert. Þannig hefur það gerzt hjá okkur, og þannig mun það áfram gerast. Ef þetta verður látið viðgangast, þá sé ég ekki, að það gæti verið nokkur ástæða, hvorki veik eða sterk, fyrir því, að verkalýðshreyfingin gefi eftir eyri af sinni vísitölu, hvorki þeim 7—8 stigum, sem hún er búin að gefa algerlega eftir, né heldur af því, sem eftir á að gerast. En núgildandi ákvæði eru, eins og við höfum komizt að orði, eins konar sjálfvirkt kauplækkunarkerfi, meðan verðlagsmyndunin í landinu er slík, sem hún er, og meðan verðlagið heldur stöðugt áfram að hækka. Þarna er auðvitað ekki til nokkur skapaður hlutur af hugsanlegum aðgerðum ríkisstj. til þess að láta skerast svo í odda, að minnisstætt verði, eins og slíkt mál, sem hér er borið fram.

Ég held, að jafnvel hæstv. ráðh. hljóti að vera það ljóst, að svo erfið sem sambúðin kann að verða á vinnumarkaðinum á næstunni, þá sé hér hreinlega hellt olíu á eldinn, þó að ríkisstj., af ótta við almenningsálitið, hafi kosið að fara hér svolítið hægar í sakirnar heldur en annars er hennar vandi, þegar svona mál ber á góma, — að láta líða eitt ár, frá því að l. verði samþykkt. Það verði sagt á meðan: — auðvitað, þetta er ekki svo hættulegt, þetta breytir ekki svo miklu frá því, sem nú er, það má jú, setja verðlagsákvæði, ef mönnum þykir það henta, o. s. frv. Þetta verður sagt í ár, sagt þetta ár, sem líður, þangað til l. eiga að taka gildi, en ég held að a. m. k. forystu verkalýðssamtakanna sé hér algerlega ljóst, hvað um er að tefla, og það fari ekki hjá því, að hún hljóti að muna eftir því í vor, þegar kemur til samninga í maímánuði, ef þetta frv. er þá orðið að lögum.

Ríkisstj. þarf heldur ekkert að kvarta um það, að hún hafi ekki fengið sínar aðvaranir um þetta efni. Alþýðusambandið átti fulltrúa í þessari nefnd, sem skipuð var til þess að undirbúa þetta frv., og áður en hann gekk frá afstöðu sinni og undirritaði sinn fyrirvara ásamt öðrum, var málið lagt fyrir Alþýðusambandsstjórn, sem samþykkti einróma að mótmæla þessu frv. og taldi algerlega óhæft, eins og nú stæðu sakir, að það yrði samþykkt. Ríkisstj. var þess vegna fullkunnugt um þetta, áður en hún lagði frv. fram, enda er ekkert um það að villast, að frá afstöðu fulltrúa launþegasamtakanna er greinilega skýrt hér í fylgiskjölum í grg. frv. Það er fulltrúi Alþýðusambandsins, sem er andvígur þessum nýju lögum. Það er fulltrúi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það er sá embættismaður, sem bezt er kunnugur þessum málum, og eftir því, sem ég bezt veit, algerlega óumdeildur sem algert autoritet í þessum málum, og frábærlega samvizkusamur embættismaður, og verðlagsstjóri. Hann er algerlega á móti þessu og telur þessi nýju lög einskis virði. Síðan koma fulltrúar stjórnmálaflokkanna — fulltrúi Alþýðubandalagsins, og það sem kannske meira er, fulltrúi Alþýðuflokksins. Hann er einnig andvígur frv. og skrifar undir þá almennu grg., sem minni hl. stóð að.

Og nú kemst ég ekki hjá því að spyrja hæstv. ráðh. Er þetta frv. bara fyrir ríkisstj., eða er það frv. flokkanna, sem að ríkisstj. standa? Hefur verið ákveðið bara í ríkisstj. að henda þessu frv. hér inn og ætla að knýja það fram, eða hefur það verið borið undir flokkana? Ég þykist hafa fullgóðar heimildir fyrir því, að þetta mál hefur aldrei verið borið undir miðstjórn Alþfl. þar sem hæstv. viðskmrh. er þó formaður. Ég veit þess vegna ekki, hvaða stofnun það er í Alþfl., sem hefur gerbreytt um stefnu, a. m. k. frá síðasta þingi, því að þá man ég ekki betur en það væri í stjórnmálaályktun þess þings tekið skýrt fram, að Alþfl. legði á það höfuðáherzlu, að fullkomnu verðlagseftirliti og verðlagsákvæðum yrði haldið áfram. Og það er líka öllum ljóst, að eitt af því, sem Alþfl. hefur gert vel í þessari ríkisstj., það er að hafa í tré við Sjálfstfl. í þessu máli. Það vissu allir, þegar þessir tveir flokkar mynduðu sína ríkisstj., að þeir voru á öndverðum meiði um þetta. Sjálfstfl. fylgjandi algeru afnámi allra verðlagshafta, en Alþýðuflokksmenn hins vegar fylgjandi því, að verðlagseftirlit og verðlagsákvæði væru í gildi. Vissulega er almenningi í landinu það ljóst, að það verðlagseftirlit, sem verið hefur, og þau verðlagsákvæði, sem hafa verið í gildi, það hefur verið Alþfl. að þakka sem stjórnarflokki. Ef stefna Sjálfstfl. hefði ráðið þar, þá hefðu engin verðlagsákvæði eða verðlagshöft verið allan þennan tíma. Þetta er mönnum alveg ljóst. En þess vegna hljóta menn nú að reka upp stór augu, þegar Alþfl. er nú einnig horfinn úr þessu víginu og flytur hér fyrir Sjálfstfl. þetta frv. eftir skipun hans, og mér þykir nærri víst, að hæstv. ráðh. geri þetta án þess að hafa borið það undir sinn flokk, sem hann veit, hvað kostar. Ég veit það a. m. k., að Alþýðuflokksmenn í miðstjórn Alþýðusambandsins voru ekki á neitt annarri skoðun en við hinir um þetta efni. Og ég held, að þeir séu allir miðstjórnarmenn í Alþýðuflokknum líka. Síðan bætist það við, að mjög trúlegt er a. m. k. að fulltrúi Framsfl. í nefndinni, Tómas Árnason, lögfræðingur, hefði einnig verið í andstöðu og skrifað undir minni hluta álit, ef hann hefði ekki verið staddur í annarri heimsálfu, þegar gengið var frá þessum málum. Ég hafði áður heyrt, að það væri talið líklegt, að hans afstaða væri þannig, en ég er algerlega sannfærður um það, eftir að formaður Framsfl. hefur haldið hér ræðu og lýst því yfir, að hann sé algerlega mótfallinn afnámi verðlagsákvæða og verðlagseftirlits, eins og nú standa sakir. Ég fagna vissulega þessari yfirlýsingu, því að ég tel hana mikils virði, og vissulega miklu ánægjulegri stefnubreytingu heldur en þá stefnubreytingu, ef um stefnubreytingu er að ræða, sem hefur átt sér stað hjá Alþfl. í þessu máli.

Mér sýnist þá allt fara að benda til þess, að raunverulega standi Sjálfstfl. einn uppi í þessu máli, ásamt þá ráðh. Alþfl., því að ég trúi því ekki enn þá, fyrr en ég tek á því, að þetta sé orðið stefnumál Alþfl. — að afnema verðlagsákvæðin og verðlagseftirlitið — þess flokks, sem

þrátt fyrir allt hefur þó sannarlega staðið á verðinum í þessu máli í heilan áratug í ríkisstj.

Ég vil svo segja það, að fyrir tveimur árum, þegar ríkisstj. féllst á það að gera samning við verkalýðssamtökin um skipun verðlagsmálanna, þá var það að vísu aðeins um skamman tíma, sem síðan hefur verið framlengdur. Þá sýndi ríkisstj. vissulega nokkra dirfsku gagnvart kaupsýslustéttinni — ég vil segja alveg óvænta — og hún hafði áreiðanlega álitsauka af því, þegar mönnum var orðið það ljóst, að sjálfur formaður Sjálfstfl. varð að standa í harðri orrahríð í hádegisverðarboðum og kokkteilum, því að annars staðar gerast ekki orðið hlutirnir — ekki hjá þessari stétt manna, og viðskmrh. veit það sömuleiðis. Þá er ég ekki í nokkrum vafa um það, að út af fyrir sig hafði ríkisstj. sóma af því að geta sýnt það, að hún væri sjálfstæð gagnvart þessari stétt, því að flestir höfðu vænzt þess, að hún yrði í öllum tilfellum hrein undirlægja hennar, og hafði raunar reynzt það um skeið, þegar þarna var komið sögu. Nú virðast þeir vera farnir að halda, eftir allar ræðurnar, sem þeir hafa heyrt í hádegisverðarboðunum, að þetta sé satt hjá verzlunarstéttinni, að það sé hún, sem sé orðin hin kúgaða stétt á Íslandi. Það séu ekki launamennirnir — þeir geti borgað hærri álagningu til verzlunarstéttarinnar. Það séu ekki bændurnir eða fiskimennirnir eða útgerðarmennirnir, sem eigi erfitt. Nei, þeir virðast vera farnir að trúa því og meira að segja ráðh. Alþfl., að það sé verzlunarstéttin, sem við þurfum að kenna í brjósti um. En eins og ég sagði áðan, þá hefur það ekki verið. Prælatökin hafa ekki verið harðari en það hjá verðlagsn. undanfarin 2 ár, að allur fjöldi kaupsýslumanna, sem reka sín fyrirtæki af skynsemi og ráðdeild, býður viðskiptamönnum upp á 10% afslátt — sumir árlangt, sumir til skemmri tíma. Og nú virðist enginn heildsali þurfa á 300% álagningu að halda, eða 300% hækkun á álagningu að halda eins og átti sér stað áður.

Nei, ég sagði hér í upphafi máls míns, sem er nú eiginlega orðið nokkru lengra en ég hafði ætlað, því alveg af ráðnum hug hef ég ekki hugsað mér að dvelja hér í ræðustólnum, þannig að a. m. k. mín eins vegna geti þm. ekki farið í jólaleyfið — en ég sagði það í upphafi, að mér hafi verið þetta frv. nokkurt undrunarefni, þó að ég hafi vitað um undirbúninginn og efni þess að verulegu leyti, áður en það kom hér fram. En það sem vekur þó mesta undrun mína, er afstaða Alþfl. Ég batt við það vonir og trúði því í lengstu lög, að Alþfl. mundi stöðva þetta mál. Og ég trúi því raunar enn, að Alþfl. muni gera það, þrátt fyrir það þó að hæstv. viðskmrh., formaður flokksins hafi hlaupið út undan sér í vafalausri óþökk flokksbræðra sinna og gerzt talsmaður þessa máls hér á hv. Alþ. En ég vil aðeins segja það að lokum, eða undir lok máls míns, að ég held, að þetta mál eigi eftir að verða hæstv. ríkisstj. dýrkeypt, ef það gengur fram. Þetta eru engar hótanir, en ég vísa aðeins til þess, sem ég hef áður sagt um þetta efni. En það er kannske ekki það versta, þó að það verði ríkisstj. dýrkeypt. Ég held, að afleiðingarnar verði háskalegar á margvíslegan hátt, en ekki til bóta á nokkru sviði. Í þessu tilviki sé öllu að tapa, en ekkert að vinna, og ég endurtek það, að eftir því verðum við að muna, þegar næst verður tekið til samninga, ef þetta frv. verður látið ganga fram á þessu þingi, því að við í verkalýðshreyfingunni gerum okkur alveg fulla grein fyrir þýðingu þess, þó að það sé vafið inn í þennan blómvönd, sem reynt er hér að gera.

Það er að lokum aðeins eitt atriði, sem ég kemst ekki hjá að ræða aðeins og spyrja um, áður en ég lýk máli mínu. Þegar við í verkalýðshreyfingunni gerðum samkomulag við ríkisstj. 1967, þá var einnig gefin út yfirlýsing af hæstv. viðskmrh. — því miður hef ég ekki þá yfirlýsingu hér í fórum mínum — um það, að allt skipulag verzlunarinnar yrði endurskoðað. Það yrði sett nefnd manna til þess að endurskoða allt skipulag verzlunarinnar í landinu í þeim tilgangi að gera hana á fjölmarga vegu hagkvæmari, ekki aðeins fyrir neytendur, heldur fyrir þjóðfélagið í heild. Og það var minnzt þar á alveg ákveðna hluti, sem ég hefði talið, að hefðu verið ákaflega mikils virði og hefðu getað létt okkur þrounina frá því verðlagsákvarðanakerfi, sem við höfum búið við. Það var bundið fastmælum, að þessi nefnd ætti að vera fljót að starfa, og maður talar aðeins um nokkra mánuði. En svo mikið er víst, að nokkrir mánuðir hafa liðið og nú hafa þeir orðið alveg full tvö ár, síðan þessi nefnd var skipuð, og mig er satt að segja farið að lengja eftir árangrinum af starfi þessarar nefndar. Ég held a. m. k., að það hefði staðið nær ráðh. að standa við þau loforð, sem hann og ríkisstj. gaf í sambandi við þessa allsherjarendurskoðun á verzlunarmálunum, að þetta álit hefði komið fram á undan þessu frv. — helzt á undan því, en þó a. m. k. ekki seinna en samtímis því. Það má vel vera, að út úr því starfi, ef vel hefði verið unnið, hefðu getað komið þeir hlutir, sem hefðu gert verðlagsákvæði og verðlagseftirlit óþarfara á ýmsum sviðum en það nú er. En af þessu máli hef ég ekki heyrt, a. m. k. ekki í heilt ár, og ég vildi þess vegna vænta þess, að hæstv. ráðh. gerði grein fyrir því, hvað líður störfum þessarar nefndar, og hvaða árangurs er þar að vænta. Á hvaða leiðir er líklegt, að þar verði bent til þess að gera verzlunina þjóðhagslega hagkvæmari og jafnframt hagkvæmari fyrir neytendur? Hér í grg. er svo saga nefndarinnar rakin, og þar segir einhvers staðar, að frá því á síðari hluta árs 1967 og þangað til á þessu ári, hafi orðið hlé á störfum hennar vegna sérstakra aðstæðna í efnahagsmálum, sem skapazt hafi. Nú, við vitum nú ósköp vel — ég ætla ekki að fara að orðlengja það — hverjar þessar sérstöku aðstæður hafa verið. Þessar sérstöku aðstæður hafa verið þeir erfiðleikar, sem fólk hefur átt við að glíma — þessi stórkostlega kjaraskerðing, sem allur almenningur hefur þurft að þola. En hvað hefur breytzt svona skyndilega núna, frá því á árinu 1967? Hafa kjörin hjá fólki batnað þannig, að það eigi nú að geta borið meiri álögur í formi hækkaðrar álagningar en áður, eða hefur hagur ríkissjóðs og hagur þjóðarbúsins batnað það mikið, að nú sé hægt að segja við eina stétt: gjörðu svo vel, taktu það, sem þér sýnist? Hefur þrounin verið í þessa átt að dómi hæstv. ráðh. núna á þessu

tímabili? Ég held, að hafi verið sérstakar aðstæður 1967 til þess að setja á verðlagsákvæði og hafa hemil á verðlagi, þá séu þessar ástæður til í miklu ríkari mæli nú, en þær voru þá. En ef svo er ekki, þá vil ég fá það upplýst hjá hæstv. ráðh. hvað það er, sem hefur breytzt á þessu tímabili og gerir það nú sjáanlega tímabært eftir eitt ár að afnema verðlagsákvæði og verðlagseftirlit í landinu.

Svo hef ég óskað eftir því við hæstv. forseta, að hann gefi kaffihlé. Ég hef verið bundinn á fundi, fyrst hér og síðan á Sþ., og ég krefst þess, að farið sé að þinglögum og við fáum hlé til þess að drekka kaffi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að segja nokkur orð um þetta frv., sem hér er til 1. umr., og sérstaklega þó um málsmeðferðina. Satt að segja, er mér óskiljanlegt með öllu það ofurkapp, sem lagt er á að ræða þetta mál hér í dag, eins og ástatt er um þingstörfin og ástæðulaust er að rekja, þar sem nú er búið að boða þingfrestun kl. 6, þ. e. a. s. eftir klst., áður en 1. umr. um þetta mál er þó enn lokið. Sérstaklega er mér þessi málsmeðferð undrunarefni, þegar lesin er og yfirveguð saga þessa máls, eins og hún kemur fram á því þskj. 204, sem hér hefur verið lagt fram.

Í aths. með lagafrv. segir, að frv. þetta sé samið af nefnd, sem skipuð var af viðskmrh. samkv. ákvörðun ríkisstj. í febrúar 1967. Þessi nefnd hefur þannig verið 3 ár, og 2 mán. skemur þó, að koma sér saman um þennan frv.-flutning. Í þessari nefnd, sem skipuð var í febrúar 1967, áttu sæti 20 menn, en samstaðan í henni um það mál, sem hér er flutt, er þó ekki meiri en svo, að 5 nm. eru algerlega andvígir frv.-flutningnum, en 15 standa að drögum að frv. um verðgæzlu og eftirlit með samkeppnishömlum ásamt grg., sem hér fylgir, eins og segir í aths. En samstaða þeirra er þó ekki meiri en það, að af þessum 15 mönnum skrifa 6 undir álitið með fyrirvara. Niðurstaðan er því sú, að af þeim 20 mönnum, sem skipaðir voru í áðurgreinda nefnd, eru 11, sem ekki eru ánægðir með frv. eins og það er núna. Þessir menn eru búnir að starfa að þessu máli í 3 ár, meira og minna, og niðurstaðan er þó ekki heillegri en sú, sem ég var hér að gera grein fyrir. Er þá líklegt, að alþm., sem fengu frv. fyrir 2 dögum, séu undir það búnir að ræða það efnislega og taka afstöðu til þess við 1. umr., eftir að hafa haft aðeins 2 daga til þess að kynna sér málið — tvo daga, sem hafa verið þeir annríkustu, sem Alþ. hefur búið við, a. m. k. að þessu sinni og raunar um langt skeið áður? Ég leyfi mér að efast um það. Þetta óðagot er þeim mun óskiljanlegra, sem það er ákveðið af þeim, sem málið flytja, hæstv. ríkisstj., að það skuli vera 12 mán. frestur á því að koma málinu til framkvæmda. Okkur er sagt, að hæstv. forsrh. hafi lagt slíkt ofurkapp á það, að þetta mál yrði afgr. til n., að hann hafi jafnvel borið ráðum þann hæstv. ráðh., sem flytur þetta mál þó hér.

Ég skal engum getum að því leiða, hvað ráði þessum vinnubrögðum, en ég verð að segja, að mér finnst þau ákaflega furðuleg og raunar ósæmandi. Þegar haft er í huga, að nefnd, sem skipuð var í málið, er 3 ár að gera sér grein fyrir því, og kemst ekki að sameiginlegri niðurstöðu, eins og ég hef gert grein fyrir, þá má það öllum ljóst vera, að hér er um að ræða mjög viðkvæmt mál og vandasamt. Þessi verðlagsmál hafa áður verið rædd lítillega hér á hv. Alþ. Það var í maímánuði s. l., sem fsp. var borin fram um verðlagsmálin til hæstv. viðskmrh. og spunnust af því tilefni nokkrar umræður. Ég tók lítillega þátt í þessum umræðum og leitaðist þá við að benda á, að verðlagsákvæði þau, sem í gildi hafa verið nú um langt skeið, væru ekki örugg trygging fyrir lægsta vöruverði, og ég hef ekki breytt um þá skoðun. Ég nefndi þá dæmi um það, hvernig hlutfallsleg álagning, eins og verið hefur viðhöfð hér um langt skeið, gæti í mörgum tilfellum stuðlað að því að draga úr áhuga kaupsýslustéttarinnar á því að gera hagstæð innkaup. Það hefur ekki verið metið sem skyldi að mínum dómi, þegar innflytjendur og aðrir verzlunarmenn hafa komizt að hagkvæmum kaupum, að þá hefur álagning þeirra verið minni, vegna þeirra ákvæða, sem gilt hafa, og afrakstur þeirra lakari heldur en ef þeir seldu dýrari vörur. Þetta tel ég óneitanlega mikinn galla.

Fleiri dæmi hef ég áður nefnt og skal rifja upp þessu til stuðnings. Ég minntist hér, við þá umr., sem ég var að geta um áðan, á dæmi úr smásölu um sölu á kartöflumjöli. Þó hér sé talað um kartöflumjöl þá gildir það ekki eingöngu um það, heldur um alla kornvöru, sykur og margar þess háttar vörur. Ég gerði ráð fyrir því annars vegar, að verzlunin keypti 50 kg. sekk af kartöflumjöli og vigtaði það upp sjálf og legði í það þá vinnu, sem til þarf. Dæmið lítur þá þannig út, að innkaupsverð á kg. er 15 kr. og 8 aurar, smásöluálagningin, sem í þessu tilviki er 27%, gerir 4,08 kr., söluskattur 1,44 kr. Og útsöluverðið þar með 20,60 kr. Gert er ráð fyrir því, að poki, sem verzlunin þarf að leggja til, kosti 40 aura, þannig að verzlunin fær þá fyrir að vigta upp og selja kartöflumjölið í þessum umbúðum 3,68 kr. Þetta er það, sem verzlunin fær fyrir að inna þessa þjónustu af hendi sjálf — að vigta það upp. En svo getur verzlunin farið öðru vísi að. Hún getur farið þannig að að kaupa kartöflumjölið í sömu sendingu í eins kg. pokum, sem aðrir aðilar hafa pakkað. Þá lítur dæmið öðru vísi út. Innkaupsverðið á kg. er 21,90 kr., smásöluálagning, að vísu lægri, 22%, en hún gerir samt 4,80 kr., það er 72 aurum meira en í hinu dæminu, og söluskatturinn verður 2 kr. Þá er útsöluverð þessarar vöru 28,70 kr. Í þessu tilviki fær verzlunin 4,80 kr. fyrir að selja hvert kg., en viðskiptavinurinn þarf að greiða 8,10 kr. meira fyrir hvert kg. Ég held, að hér sé um gallaða framkvæmd að ræða og það sé full ástæða til þess, að þessi mál séu öll athuguð. Ekki bara til þess að bæta hag verzlunarinnar, heldur einnig til þess, að neytendur geti í sumum tilvikum, eins og þeim, sem ég var hér að minnast á með aðeins örfáum orðum — ég ætla ekki að halda hér langa ræðu — að þeir geti bætt hag sinn. En hitt er algerlega ljóst, að launþegasamtökin í landinu líta svo á, að afnám verðgæzlunnar í sinni núverandi mynd mundi verka á þann hátt, að vöruverðið yrði hærra. Það kemur glöggt fram

í því séráliti, sem fulltrúar allra þessara samtaka í áður nefndri 20 manna nefnd láta frá sér fara, og ég vara við því, að meðan sá skilningur ríkir hjá launþegasamtökunum, að þessi frv.-flutningur og væntanleg lagasetning sé gerð til þess að bæta hag verzlunarinnar eingöngu og hljóti að leiða til óhagstæðari verðlagsmyndunar fyrir hinn almenna neytanda, þá er ákaflega varhugavert að breyta lögunum í þessa átt. Ég held því, að það, sem réttast sé að gera, sé að taka þessi mál öll — verzlunarmálin — til gaumgæfilegrar endurskoðunar og reyna í samvinnu við fulltrúa frá þessum stéttum að komast að því, hvaða fyrirkomulag það sé, sem geti sameinað þá kosti báða, eftir því sem mögulegt kann að vera, — að verzlunin geti búið við sæmilegan hlut og neytandinn fái vöruna við því hagstæðasta verði, sem undir þeim kringumstæðum er um að ræða.

Það er áreiðanlegt, að það er margt fleira en verzlunarálagningin, sem ræður vöruverðinu. Það er skipulagsleysi í allri verzlun. Það er óheft frelsi til þess að setja upp verzlunarholur, hvar sem vera skal — hvort sem það er í þéttbýli eða dreifbýli. Það eru allt of dýrar verzlunarbyggingar með tilheyrandi innréttingum. Það eru flutningsgjöld, sem í mörgum tilfellum eru mjög óhagstæð og áreiðanlega miklu hærri en þau þyrftu að vera. Það er leigukostnaður, geymslukostnaður, fyrir vörur, sem í mörgum tilfellum er óhæfilega hár. Það er ekki langt síðan mér var tjáð af einum kaupmanni, að það kostaði ámóta mikið að geyma vöruna í pakkhúsunum hjá Eimskip eins og að leigja dýrustu svituna á Hótel Sögu. Er nokkurt vit í þessu? Það held ég ekki.

Í þessu máli eru það mjög mörg atriði, sem til greina koma og áhrif hafa á þessi þýðingarmiklu mál, og ég undirstrika það, að það eitt að fella niður verðlagseftirlitið eins og hér er stefnt að, án þess að nokkuð annað komi í staðinn, það getur ekki verið lausn þessa máls.

Ég ætla ekki að gera frv. í einstökum atriðum að umtalsefni. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér það, og vona, að það verði ekki virt okkur þm. til hyskni við þingstörfin, þó við höfum ekki kynnt okkur þennan bálk á þeim 2 dögum, sem við höfum haft hann undir höndum, og unnið jafnframt við önnur þýðingarmikil mál. En það á að gefa okkur tíma til að skoða þessi mál. Ríkisstj. á ekki og má ekki knýja þetta mál fram í þessum búningi, sérstaklega þegar launþegasamtökin í landinu standa sem veggur gegn þessari lausn, og líta á það sem árás á hagsmuni sína. Þessi mál þarf að kynna miklu betur en gert hefur verið, og ég lýsi þar nokkurri sök á hendur verzlunarstéttinni, kaupmönnum og samvinnufélögum. Þessi mál hafa ekki verið kynnt almenningi. Það eru óteljandi mörg atriði, sem máli skipta, önnur en álagningin, sem geta orkað til hagstæðara vöruverðs, og það er skylda þessara manna að mínum dómi að kynna það fyrir fólkinu, svo að menn hafi rétta mynd af því viðfangsefni, sem hér er við að glíma.

Ég læt nægja að vísa til þess, sem aðrir hv. þm. hafa sagt um efnisatriði frv. Mér sýnist við fljótan yfirlestur, að þeir hafi ekkert ofsagt um það, að fyrir báðum efnisatriðum frv. sé ótryggilega séð, þó ekki sé nú meira sagt, þannig að mjög sé vafasamt, að þau nái tilgangi sínum. Hér var áðan rætt um það, að einokunaraðstaða gæti skapazt hjá aðilum, sem væru einir með verzlun á tilteknum stöðum, og sérstaklega tilnefnd kaupfélög í því sambandi. Ég vil taka það fram í þessu máli og segja það alveg hiklaust, að það verður ekki samvinnuverzlunin, sem gengur lengst í því að hækka vöruverðið, þó að frjálst verðlag verði sett á. Þvert á móti vil ég halda því fram, að það verði samvinnuverzlunin, ef hún býr við eðlileg skilyrði, sem ein, eða fyrst og fremst geti gefið nokkrar líkur fyrir því að eðlileg samkeppni geti ráðið hagstæðu vöruverði. Til þess voru samvinnufélögin stofnuð og að því hafa þau unnið, misjafnlega vel að vísu — það skal viðurkennt — en þann dag, sem þau sleppa því meginhlutverki sínu, gleyma því, eða geta ekki uppfyllt það, þá tel ég, að þau eigi ekki lengur neinn rétt á sér.

Ég skal ekki, herra forseti, tefja tíma þingdeildarmanna á lengri ræðu um þetta mál. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessum tveimur atriðum, annars vegar því, að ég tel þessa málsmeðferð gersamlega óhæfa, óskiljanlega og hreina móðgun við þm., og svo hinu, að í þessu máli eru mörg vandasöm atriði, sem vel þarf að skoða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, StG, AuA, AJ, JR.

BJ, EÁ, SGG, ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj greiddu ekki atkv.

4 þm. (BFB, KGuðj, ÞG, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Ed., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 204, n. 434, 449 og 451, 335).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. til l. um verðgæzlu og samkeppnishömlur, sem hér er til 2. umr., hefur legið fyrir allshn. til meðferðar. N. hélt marga fundi um þetta mál og ræddi það við ýmsa aðila, sem hlut eiga að máli. N. varð ekki sammála um afstöðu til frv. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. í aðalatriðum, en þó verði gerðar á því nokkrar breytingar. Við, sem skipum meiri hl. allshn., höfum lagt þessar brtt. fram á þskj. nr. 435. Skömmu áður en frv. þetta var lagt fyrir Alþ., var efni þess rætt í þingflokki Alþýðuflokksins. Þar komu fram skiptar skoðanir. Niðurstaða þingflokksins varð sú að gera ekki samþykkt um sameiginlega afstöðu til málsins, þannig að þm. flokksins gætu hver um sig án flokksfyrirmæla greitt atkv. með eða móti frv. í samræmi við persónulegar skoðanir sínar. Af þessu leiðir, að sú afstaða, sem ég hef tekið hér til þessa frv., er persónuleg afstaða mín, þó að ég að sjálfsögðu vænti þess, að sem flestir Alþýðuflokksmenn verði mér sammála, eftir að hafa kynnt sér efni

frv. vel og þá kosti, sem það hefur upp á að bjóða. Það styrkir mig svo í þeirri skoðun að styðja þetta mál, að frv. miðar að því að koma upp svipuðu verðlagskerfi og jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum hafa beitt sér fyrir.

Þegar gildi þessa frv. er metið, verður það fyrst og fremst að gerast að mínu áliti á þann hátt að bera það saman við gildandi verðlagslög frá 1960 og reyna að gera sér grein fyrir því, á hvorum staðnum sé boðið upp á betri úrræði. Verðlagslögin frá 1960 fela ekki í sér skyldu til íhlutunar um verðlagsmál. Hins vegar felst í þeim víðtæk og ótvíræð heimild fyrir stjórnvöld eða verðlagsnefnd til þess að setja fyrirmæli um hámarksverð og hámarksálagningu. Að hinu leytinu eru ekki í þessum l. neinar reglur um það, hvenær og hvernig þessari heimild skuli beitt. L. frá 1960 marka ekki neina stefnu í verðlagsmálum. Þessu er á annan hátt farið með frv. það, sem hér er til umr. En í 1. gr. þess segir, að l. hafi það markmið að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins og sanngjarnri skiptingu þjóðartekna með því að stuðla að þjóðfélagslega heppilegri verðlagsþróun og vinna gegn ósanngjörnu verði og viðskiptaháttum, svo og vinna gegn óbilgjörnum verzlunar- og samkeppnisháttum ásamt samkeppnishömlum, er hafi í för með sér skaðlegar afleiðingar fyrir neytendur, atvinnurekendur eða þjóðfélagið í heild. Þetta ákvæði 1. gr. frv. verður maður að hafa ríkt í huga við túlkun á frv.

Ég lít svo á, að allur þorri manna ætti að geta orðið sammála um þau markmið, sem þarna eru sett fram, en fremur megi deila um hitt, hvernig til muni takast með það að gera þessi markmið að veruleika. Frv. þetta byggir á grundvelli frjálsrar og virkrar samkeppni. Ýmsir hafa litið svo á, að ef frv. þetta verður að l., þá verði framleiðendum og seljendum í sjálfsvald sett, á hvaða verði og með hvaða álagningu þeir selji vörur sínar og þjónustu, og þar með muni allt verðlag í landinu stórhækka. Þetta er mesti misskilningur. Samkeppnin er ekki virk, nema hún sýni árangur fyrir neytandann, og geri hún það ekki, er um að ræða takmarkaða samkeppni eða ósanngjarna verðlagningu, er samkvæmt ákvæðum frv. á þá að bregðast þannig við að setja hámarksverð, hámarksálagningu eða verðstöðvun um tiltekinn tíma, ef önnur mildari ráð duga ekki. Það er einmitt kostur við þetta frv. að það eru settar fram margvíslegar reglur um það, hvernig við skuli brugðizt, ef verðlagsþróun reynist ósanngjörn gagnvart neytendum. En í gildandi l. eru engin slík ákvæði. Þar segir aðeins, að verðlagsstjóri skuli fylgjast með verðlagi í landinu.

Þeirri skoðun er mjög haldið á lofti, að þar sem kaupsýslustéttirnar styðji þetta frv., hljóti það að vera almenningi óhagstætt. Þessi röksemdafærsla er þó vægast sagt hæpin, þegar málið er athugað nánar. Í fyrsta lagi geta hagsmunir framleiðenda og neytenda farið saman, og með frv. er einmitt leitazt við að finna sameiginlegan hagsmunagrundvöll þessara aðila. Í annan stað hafa kaupsýslustéttirnar með stuðningi sínum við frv. viðurkennt, að frjálsri og virkri samkeppni verður ekki haldið uppi nema með sterku aðhaldi ríkisvaldsins, og þá viðurkenningu tel ég vissulega nokkurs virði. Á hinn bóginn efast ég um það, að allir framleiðendur og kaupsýslumenn hafi gert sér rétta grein fyrir því, hvað þetta frv. raunverulega boðar.

Núgildandi verðlagskerfi hefur verið fundið það til foráttu, að það hvetji menn ekki til nýjunga í verzlunarháttum, að það örvi ekki vöruseljendur til að gera hagstæð innkaup og auka hagkvæmni í rekstri. Þessi gagnrýni hygg ég, að hafi við rök að styðjast. Þetta verðlagskerfi hefur heldur ekki megnað að halda neytendunum vakandi. Þeir hafa yfirleitt gengið út frá því, að verðlagið væri víðast hvar það sama í verzlunum, og treyst í því efni á verðlagsyfirvöldin. Með því að taka upp virka samkeppni og reyna að örva hana eru meiri líkur á því, að neytendur vakni til vitundar um hagsmuni sína og skyldur. Ég tel, að ekkert verðlagskerfi geti orðið þjóðinni hagfellt, þegar til lengdar lætur, ef neytendur þekkja ekki sinn vitjunartíma. Í þessu sambandi þarf að hugleiða, hvort ekki sé tímabært að setja hér sérstaka löggjöf um neytendamálefni.

Þegar kaupgjaldshækkanir hafa átt sér stað, hefur verðlag á vörum og þjónustu, sem verðlagsákvæðin eru látin taka til, hækkað svo að segja sjálfkrafa með samþykki verðlagsyfirvalda. Þetta er að vissu leyti eðlilegt, þar eð launakostnaður framleiðenda og seljenda hefur hækkað. Reynslan sýnir, að það er torvelt að láta framleiðendur og seljendur taka á sig hækkuð launaútgjöld, en frekar sé ég þó von til þess, að svo megi skipa málum á grundvelli þeirrar virku samkeppni, sem frv. þetta leggur grundvöll að.

Í núgildandi verðlagslöggjöf er ekki að finna neina löggjöf um samkeppnishömlur. Í frv. er hins vegar sérstakur kafli um þetta efni, og er þar um markverð nýmæli að ræða. Í þessum kafla segir m. a., að verðgæzluskrifstofan skuli hafa eftirlit með einokunarfyrirtækjum og markaðsráðandi fyrirtækjum, og að samninga og samþykktir um samkeppnishömlur skuli tilkynna til verðgæzluskrifstofunnar eftir kröfu þriggja manna nefndar, er fer með ákvörðunarvald í þessum málum samkvæmt þessum kafla. Enn fremur segir þar, að samkeppnishömlur teljist skaðlegar, þegar þær hafa ósanngjörn áhrif á verðmyndun og atvinnustarfsemi frá þjóðfélagslegu sjónarmiði eða komi í veg fyrir beztu hagnýtingu í framleiðslu, vörudreifingu og þjónustu. Þriggja manna nefndin og verðgæzluráð hafa svo samkvæmt frv. heimild til að grípa til róttækra gagnráðstafana til að taka fyrir hin skaðlegu áhrif af samkeppnishömlunum. Ég skal að vísu játa það, að sumt í þessum kafla finnst mér nokkuð fræðilegt og ekki alls kostar í takt við raunveruleikann. T. d. hef ég ekki trú á því, að það takist að jafnaði að sanna á fyrirtæki samninga og samþykktir um samkeppnishömlur, en það kemur ekki að sök, því það er fyrst og fremst verðlagningin hjá fyrirtækjunum, sem leiðir í ljós, hvort um takmarkanir á samkeppni er að ræða eða ósanngjarna verðlagningu, og sé svo, eru nægar heimildir fyrir hendi til að grípa í taumana.

Í frv. felst það nýmæli, að Hæstiréttur skal

skipa 2 menn í þriggja manna nefnd og verðgæzluráð, er hafi þekkingu á atvinnu- og viðskiptamálum og kunnáttu í lögfræði og hagfræði. Með þessum hætti koma til fagleg og hlutlaus sjónarmið um úrlausn verðlagsmála, og er það tvímælalaust ávinningur.

Ýmiss konar nýmæli eru einnig í frv., sem hafa það markmið að tryggja rétt neytenda og einstakra atvinnufyrirtækja gegn óbilgjörnum viðskiptaháttum. Skal ég hér minnast á nokkur þeirra: Samkvæmt 1. málsgr. 9. gr. frv., getur verðgæzluskrifstofan sett reglur um verðjöfnun í því skyni að tryggja stöðugt verð. Samkvæmt 1. málsgr. 20. gr. getur þriggja manna nefndin skyldað fyrirtæki til að selja nánar tilgreinda vöru eða þjónustu til annars fyrirtækis, ef synjun um sölu telst skaðleg fyrir samkeppnishætti. Samkvæmt 22. gr. frv. á verðgæzluráð að vinna að því að setja reglur um að tilgreina á umbúðum magn vörutegunda. En í þessu efni hefur innlendum framleiðsluvörum hingað til verið mjög áfátt. Einnig getur verðgæzluráð, samkvæmt 22. gr., gefið fyrirmæli um það, að á umbúðir séu skráðar nánari upplýsingar um efni og eiginleika vörunnar, sem er líka mikilvægt ákvæði. Og samkvæmt 30. gr. frv. skal hraða eftir föngum meðferð mála vegna brota á lögunum, og héraðsdómarar skulu án tafar tilkynna verðgæzluskrifstofunni málalok, og einnig skulu þeir sjá um, að dómarnir séu birtir almenningi, en þetta ákvæði tel ég mjög þýðingarmikið.

Í 2. gr. frv. eru reglur um gildissvið laganna. Þar segir, að lögin taki til hvers konar atvinnustarfsemi á sviði framleiðslu, verzlunar og þjónustu, án tillits til þess, hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum. Ennfremur segir í gr., að l. taki ekki til launa fyrir vinnu í annarra þjónustu, né til húsaleigu. L. ná heldur ekki til útflutnings né til verðlagningar, sem ákveðin er með sérstökum l. Þau taka því ekki til landbúnaðarafurða, né heldur til lyfjasölu og sölu á áfengi og tóbaki. Í niðurlagi 2. gr. segir svo, að ríkisstj. setji nánari reglur um skiptingu verksviðs og valds milli viðkomandi aðila, að því er varðar atvinnustarfsemi, sem hlítir sérstakri löggjöf.

Það gefur auga leið, að skipt verður um verðgæzlukerfi, ef frv. þetta verður samþykkt. Nytsemi verðlagslaga verður ekki metin út frá bókstafnum einum saman, heldur er þar mikið undir framkvæmdinni komið. Af þeim sökum er það æskilegt, að skipting frá gamla kerfinu yfir í hið nýja kerfi geti gerzt þannig, að þar verði ekki um of snögg umskipti að ræða, heldur stig af stigi og með alllöngum fyrirvara, svo að verðgæzluskrifstofunni gefist tóm til þess að undirbúa sig undir það að geta framkvæmt nýja kerfið, sem leggur verðlagsyfirvöldunum ýmsar nýjar skyldur á herðar og felur þeim vandasamara verkefni en áður. Þessum sjónarmiðum eru gerð skil í 31. gr. frv. og í ákvæðum til brb. Samkv. 31. gr. öðlast l. ekki gildi fyrr en einu ári eftir, að þau verða staðfest. En samkvæmt brb.-ákvæðinu skulu samþykktir um hámarksálagningu og hámarksverð halda áfram gildi sínu eftir gildistöku l., unz verðgæzluráð hefur tekið afstöðu til þeirra. Þessar reglur eru nauðsynlegar til þess að nýja kerfið geti, ef til kemur, hlotið nægilegan undirbúnings- og aðlögunartíma.

Þetta frv. um verðgæzlu og samkeppnishömlur hefur hlotið langan og rækilegan undirbúning. Um það hafa fjallað sérfræðingar, svo og fulltrúar margs konar samtaka. Og sérstaklega vil ég benda á, að fulltrúar neytendasamtakanna, Kvenfélagasambands Íslands og samvinnuhreyfingarinnar hafa mælt með frv.

Þá vil ég að lyktum leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þeim brtt. við frv., sem meiri hl. allsh. flytur á þskj. 435. 1. brtt. er á þá lund, að orðið „hagnaður“ í a-lið 1. gr. frv. falli niður. Þessi till. er gerð með tilvísun til fyrirvara Hjartar Torfasonar sem kemur fram í grg. með frv. Það er á bls. 36, en hann segir svo með leyfi forseta:

„Í því sambandi vil ég geta þess, að ég tel orðinu „hagnaði“ í a-lið 1. gr. í raun og veru ofaukið, og sé það fremur til lýta en hitt. Þar sem um ósanngjarnan hagnað er að ræða, mun hann annað hvort stafa af ósanngjörnu verði eða ósanngjörnum viðskiptaháttum, nema hvort tveggja sé. Mundi það ekki breyta efni frv. að mínum dómi, þótt orðið væri fellt brott.“

Önnur brtt. á þskj. 435 er við 10. gr. frv. En í henni segir svo: „Verðákvarðanir samkvæmt 7. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt.“ Síðan er þetta nánar greint í 2. málsgr. 10. gr. Brtt. felur einkum tvennt í sér: Í fyrsta lagi er ekki vitnað til 7. gr. í heild í brtt., heldur eingöngu til 1. og 2. töluliðar 7. gr., þ. e. a. s. þar sem settir eru fram skilmálar um hámarksverð eða hámarksálagningu og gerð verðútreikninga. Hins vegar lítum við, sem flytjum þessa brtt., svo á, að ef verðstöðvun þarf að gera á vissum sviðum allt að 6 mánuði í senn, samanber 3. tölulið 7. gr. frv., þá sé ekki hægt að setja slíka verðstöðvun sem bráðabirgðaúrræði — að þá sé ekki hægt að setja hana á þeim grundvelli, sem lagður er í 10. gr. frv. um verðákvarðanir. Þess vegna er 10. gr. hér, eins og lagt er til, að hún verði samkvæmt brtt., takmörkuð við 1. og 2. tölul. 7. gr. Í 2. mgr. 10. gr., eins og hún er í frv., segir, að verð og álagningu megi ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar á framleiðslu vörunnar og sölu. Þessu er breytt hér í brtt. okkar á þann hátt fyrst og fremst, að felld eru út orðin „sanngjarnan hreinan hagnað“, en í staðinn koma „vextir af eigin fjármagni“. Þegar aðrar stéttir þurfa að sæta því, að þeirra hlutur sé reiknaður út af opinberum aðilum eða sérstökum aðilum, sem um það fjalla, eins og t. d. við skulum segja bændastéttin, bátaeigendur og hraðfrystihúsaeigendur, þegar verðlagsráð sjávarútvegsins situr á rökstólum, þá er yfirleitt ekki í þessum tilvikum gengið út frá því, að aðilarnir fái í sinn hlut sanngjarnan hreinan hagnað, heldur vexti af eigin fjármagni, og lengra sé ekki sanngjarnt að ganga hér í þessu tilviki, enda má auðvitað lengi um það deila, hver eigi

að vera sanngjarn hreinn hagnaður, menn geti vel við unað, ef þeir fá vexti af eigin fjármagni. Með því er auðvitað átt við hér, að framleiðendur fái þessa vexti af eigin fjármagni, hvort sem þetta fjármagn liggur í fasteignum, lausafé eða peningum og alveg án tillits til þess, hvernig fyrirtækin eru, í hvaða formi þau eru rekin, hvort þetta eru samvinnufélög, hlutafélag, sameignarfélög eða einkafyrirtæki.

Ég bendi á það, að 10. gr. er ein af grundvallargreinum þessa frv., vegna þess að í niðurlagi 18. gr. frv. segir: „Mat á því, hvort verð og álagning er ósanngjörn, skal byggt á ákvæðum 10. gr.“ Þetta eru þá þær breytingar, sem við leggjum til við 10. gr. — þessar tvennar, sem ég hef hér lýst.

Þá kemur næst 3. brtt. við 11. gr., en í 11. gr. segir, að verðgæzluskrifstofan geti í því skyni að efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun, rannsakað verð og álagningarhætti á einstökum vörum og birt grg. og sérstakar tilkynningar þar um. Hér er hert á þessu og sagt: „skal gera þetta“, og enn fremur er því bætt við, að sérstaka áherzlu beri að leggja á brýnustu lífsnauðsynjar í þessu sambandi, að með þeim verði fylgzt alveg sérstaklega og grg. birtar um þær.

Þá er 4. brtt. á þessu þskj. Hún er við 12. gr. frv., síðari málsl. 1. mgr. 12. gr., en þar segir í frv.: „Eftirlitið tekur og til samninga og samþykkta um samkeppnishömlur“. En samkv. brtt. okkar á þessi málsl. að hljóða þannig: „Eftirlitið tekur einnig til samninga og samþykkta fyrirtækja um samkeppnishömlur, svo og til þess, ef ósanngjörn verðlagning eða álagning gefur til kynna, að samkeppnishömlur eigi sér stað í reynd“. Þarna er maður fyrst og fremst með það í huga, að samkeppnishömlur geta átt sér stað í verki, þó að ekki sé hægt að leiða sannanir að því, að beinir samningar hafi átt sér stað eða samþykktir verið gerðar, heldur sé um það þegjandi samkomulag eða eitthvað slíkt, sem hafi átt sér stað. Það verði fyrst og fremst að athuga sjálfa verðlagninguna, það sé hún, sem í raun og veru ráði miklu um það, hvort það séu samkeppnishömlur eða takmörkun á samkeppni fyrir hendi.

Þá kemur 5. brtt., sem er við 16. gr. frv., og er á þá lund, að aftan við 16. gr., 3. mgr., bætist orðin: „en heimilt er verðgæzluráði að beita ákvæðum 7. gr. án frumkvæðis þriggja manna nefndar“. Þegar frv. var rætt í allshn., komu fram þær raddir, að ákvæðum 7. gr. væri e. t. v. ekki hægt að beita í vissum tilvikum af verðgæzluráði, nema um það kæmi fram krafa frá þriggja manna n. Að vísu kemur það nú nokkuð ljóst fram í grg., að þetta er ekki rétt skilið, en til þess að taka af allan vafa um það, að verðgæzluráð gæti gert þetta á eigin spýtur, þá er þessi brtt. sett hér fram.

Þá er síðasta brtt. á þskj. 435, en hún er við 1. mgr. 22. gr. Í þessari gr. frv. segir, að verðgæzluráð skuli stefna að því í samráði við hlutaðeigandi samtök að setja reglur, en hér er þetta orðað nokkuð ákveðnara og sagt að það skuli setja þessar reglur í samráði við hlutaðeigandi samtök.

Ég hef þá lýst þeim brtt., sem meiri hl. allshn. hefur lagt fram við frv., en að öðru leyti styður meiri hl. n. þetta frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þeim brtt., sem ég hef lýst.

Frsm. 1. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir til afgreiðslu um verðgæzlu og samkeppnishömlur, eins og það heitir, hefur verið til meðferðar í allshn. þessarar hv. d. nú um nokkurt skeið. Þegar til afgreiðslu n. kom á málinu, reyndist n. ekki eiga samstöðu um afgreiðslu þess. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum tilteknum breytingum, eins og hv. dm. hafa nú heyrt frsm. meiri hl. n. mæla fyrir hér úr þessum ræðustóli. Að vísu blandaðist nú hjá honum inn í þau meðmæli nokkuð um heimilisástandið í hans flokki, og þó að hann segði þar ekki mjög mikið, þá má ætla, að þau orð séu ekki alveg mælt að ástæðulausu, enda hefur það komið fram í málgagni flokksins, að ekki munu allir flokksmenn vera ánægðir með þessa upprennandi löggjöf, sem hér er á ferðinni. En að öðru leyti ætla ég ekki að blanda mér frekar í það mál.

Við, sem minni hl. n. skipum, höfum heldur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og má þó frekar telja, að þar sé um að ræða ágreining um málsmeðferð, heldur en það hafi nokkru sinni komið fram, að við séum í rauninni ósammála um afstöðu til málsins. Ég hefði talið rétt, að þessi hv. þd. tæki efnislega afstöðu til málsins, og hef lagt til, að frv. verði fellt, en þeir hv. framsóknarmenn leggja til, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá, einkum sökum þess, að það sé ekki tímabært að afgreiða það nú. En efnislega vildi ég fara örfáum orðum um álit mitt á þessu frv.

Ég tel, að ef frv. yrði að lögum og kæmi til framkvæmda, mundi það þýða í fyrsta lagi afnám verðlagseftirlitsins í landinu. Menn geta haft mismunandi skoðanir á verðlagseftirlitinu, en mitt mat er þó það, að það hafi í mörgum tilvikum verkað sem hemill á skefjalausar verðhækkanir, sem annars mundu orðið hafa. Í viðbót eða í beinu framhaldi af því, að verðlagseftirlitið hefur gegnt sínu hlutverki — hvort það hefur gert það fullkomlega, eins og til var ætlazt eða ekki, um það má deila, tel ég að það hafi haldið niðri vöruverði í landinu. Rökrétt afleiðing af því, að það yrði lagt niður, væri þá sú, að vöruverðið mundi hækka — ekki bara af því, að það sé árvisst, að það haldi áfram verðhækkanir af sama toga og við höfum búið við í stærstum mæli vegna gengisfellinga íslenzkrar krónu, heldur líka vegna þess, að álagning verzlana á vöruverð mundi verða meiri, og að því er ég hlýt að ætla, í mörgum tilvikum algerlega óhófleg. Við höfum séð dæmi um það, og verðlagseftirlitið hefur fengizt við mál af því tagi, og þau sýna ljóslega, að sú er tilhneiging kaupsýslustéttarinnar að fara upp yfir allt velsæmi í álagningu á vörum.

Í þriðja lagi mundi samþykkt þessa frv. með þeim afleiðingum í framkvæmd, sem það hlyti að hafa, *gefa einni stétt landsmanna*, þ. e. a. s. kaupsýslustéttinni í rauninni sjálfdæmi um kjör sín, en það er allt annað en aðrar stéttir landsmanna búa við. Ég veit það og viðurkenni að sjálfsögðu, að frv. gerir ráð fyrir því, að settar

verði nokkrar hömlur gegn því að hringar eða samsteypur geti haldið uppi óeðlilegu verði, og ég vil á engan hátt gera lítið úr þessu ákvæði frv. Ég tel það til kosta þess. En engu að síður tel ég kostina vera svo smávægilega í samanburði við ágallana, að ég met það þannig, að þeir séu þar hnepptir inn í allt annað mál til þess að reyna að fleyta fram og fá hylli Alþ. eða fá stuðning Alþ. við verðlagsákvæðin, þ. e. a. s. við það að leggja niður verðlagseftirlitið. Ég tel, að ef stjórnarvöldunum hefði verið einhver teljandi alvara í því að vilja koma fram eftirliti með áhrifum hringavalds, þá hefði það verið flutt sem sérstakt mál og ekki í sambandi við annað mál, sem er í rauninni annars eðlis.

Þær brtt., sem meiri hl. n. flytur hér, tel ég flestar horfa til bóta, og gæti út af fyrir sig léð flestum þeirra stuðning. En ekki breytir það því, að eftir sem áður álít ég, að frv. horfi til hins verra. Það væri skaði fyrir íslenzkt þjóðfélag að taka upp þá hætti, sem frv. gerir ráð fyrir, miðað við hitt að halda hinum, sem nú eru í gildi, og þess vegna legg ég til, að frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við hv. 11. þm. Reykv. höfum í allshn. ekki getað orðið samferða öðrum. Við höfum gefið út nál. á þskj. 451, og mun ég nú rekja aðeins okkar afstöðu til þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Eins og fram hefur komið hér áður í umr., eru engin bein fyrirmæli í núgildandi verðlagslögum um íhlutun af hálfu ríkisvaldsins um verðlagsmál. Hins vegar er í þeim l. heimild til handa verðlagsnefnd að hafa áhrif á þróun verðlags í landinu, þegar því er að skipta. Og sá sérstaki háttur, sem hafður hefur verið á um skipan verðlagsnefndar, hefur átt að tryggja aðilum markaðsins sanngjarna og eðlilega úrlausn hverju sinni. Þess er ekki að dyljast, að af hálfu verzlunar hefur á undanförnum árum gætt talsverðrar óánægju í garð framkvæmdar verðlagslaga, og verzlunin hefur talið sig ekki bera óskarðan hlut frá borði. Þeir, sem ég og við í 2. minni hl. höfum talað við um þessi mál og fjalla um verzlun, hafa nánast verið á einu máli um það, að verðlagsákvarðanir af hálfu verðlagsnefndar eða verðlagsstjóra hafi æði oft verið handahófskenndar og ósanngjarnar og ekki sjaldan að þeirra áliti verið gengið framhjá ákvæðum verðlagslaga, hvernig haga skuli verðlagsákvörðun, þegar hún er í höndum opinberra stjórnvalda, og er þá átt við ákvæði 3. gr. verðlagslaganna — og að verðlagsnefnd hafi ekki tekið tillit til rökstuddra reikninga og annarra slíkra gagna, sem umboðsmenn verzlunar hafa lagt á borð fyrir verðlagsnefnd og verðlagsstjóra — því hafi verið ýtt til hliðar eða ekki nægur gaumur gefinn. Þannig að þessar ásakanir, sem þannig hafa borizt á hendur verðlagsyfirvöldunum, hafa verið á þessa lund, eina aðallega, að framkvæmdin hafi farið úrskeiðis oft á tíðum og allt of oft.

Tvö eru höfuðatriði núgildandi verðlagslöggjafar að mér skilst. Í fyrra lagi, að þegar þörf er talin þess að taka ákvörðun um hámarksverðlag, beri að hafa mið af þörf þeirra fyrirtækja, sem búa við skipulegan og hagkvæman rekstur. Og í annan stað, að stjórnvöldum beri að veita almenningi á hverri tíð þá sjálfsögðu vernd, að eigi sé hömlulaust verðlag, og þess vegna sé þessum yfirvöldum fengin heimild til íhlutunar. Og víst er um það, að svo viðkvæm, sem þessi mál eru, þá þarf við framkvæmdina að beita hinni ýtrustu varúð, og þeir menn, sem um fjalla, að hafa fyllstu þekkingu á verzlunarháttum öllum við beitingu hlutlægs mats á hagsmunum beggja markaðsaðila og gæta hinnar fyllstu sanngirni á báða bóga.

Margir fulltrúar eða umboðsmenn verzlunar munu telja sér nokkurn hag af því frv., ef að lögum verður, sem hér er um að ræða. Ég skal ekki segja um það, hversu þetta frv. er í stórum dráttum á þá lund, en það er engan veginn nægilega ljóst, hverjar verkanir þess kynnu að verða, þegar til framkvæmda kemur. En hv. frsm. meiri hl. allshn. taldi nú ekki líklegt, að neytendur yrðu fyrir neinum sérstökum verðlagshækkunum af völdum framkvæmdar á þessari löggjöf, ef til kæmi. Og í annan stað mundi verzlunin ekki njóta þeirra kjara eða viðbótarálagningar á verð, eins og þeir myndu nú gera ráð fyrir. Og hvers konar apparat er nú það, sem getur komið hlutunum þannig fyrir? Það er hin svokallaða virka samkeppni. Hún á að geta verkað með þessum hætti, að því er manni helzt skilst. En við spyrjum nú, hvers vegna á ekki að halda almennu vöruverðlagi innan hólflegra marka, þegar svo mörgu öðru, sem hefur ekki síður gildi innan þjóðfélagsins, er haldið í býsna römmum skorðum? Það má segja t. d., að kaup að ýmsu leyti sé búið nokkuð þröngum stakki. Enn fremur má segja það sama og er augljósara um verðlag landbúnaðarvara, og fleira mætti fram telja, þannig að það ætti ekki að vera óeðlilegt, þó að visst aðhald og verulegt aðhald yrði af þjóðfélagsins hálfu — af stjórnenda hálfu í sambandi við vöruverð almennt um allt þjóðfélagið.

Svo má geta þess, að á undanförnum árum höfum við upplifað hverja gengisfellinguna á fætur annarri, sem hefur að sjálfsögðu skapað verðbólgu, síaukna dýrtíð. Hins vegar hefur kaupgeta alls almennings farið hröðum skrefum minnkandi, þannig að þegar svo er ástatt, þá þarf að mínu áliti að halda verðlagi í nauðsynlegum skorðum. Sífelldar gengisbreytingar og stórlega hvikult vöruverð og ekki síst í innkaupum til landsins gerir það að verkum, að það verður að hafa hóflegt eftirlit með þessum hlutum, það verður ekki hjá því komizt. Það er allt annað, ef ríkir stöðugt gengi í landinu og markaðurinn yfirleitt er rólegur, þá gæti komið til þess að rýmka allverulega, þó að um frjálsa samkeppni hjá okkur, eins og á stendur, geti alls ekki orðið að ræða. En þessum rólega markaði er ekki til að dreifa af þeim ástæðum, sem ég hef þegar aðeins drepið á.

Þess vegna er það skoðun okkar í 2. minni hl., að eigi þurfi að ganga til slíkrar verðlagslöggjafar, eins og hér er um að ræða, það sé vel hægt að yfirveguðu ráði, ef einhver vilji og full alvara er til staðar, að breyta gildandi verðlagslögum þannig, að bæta mætti, svo að viðunandi væri, úr framkvæmdinni. Ég vil geta þess, að í séráliti fulltrúa Alþýðusambands Íslands, Banda-

lags starfsmanna ríkis og bæja, Alþb. og Alþfl. er lítillega vikið að þeirri gagnrýni, sem ríkt hefur í garð verðlagsyfirvaldanna og þar gengið inn á það eða viðurkennt, að starfshættir í verðlagsmálum, eins og þeir hafa tíðkazt undanfarið, séu allt annað en fullkomnir og engan veginn gallalausir. Við skulum nú ekki halda því fram, að það sé hægt að framkvæma svo verðlagslöggjöf, að ekki megi þar á finna galla. En lengi má bæta og þessir fulltrúar, sem ég nefndi, eru eftir því, sem ætla má, ekki ófúsir þess, eins og málum er komið núna, að sníða af þá helztu agnúa, sem kunna að vera á framkvæmd löggjafar þeirrar, sem nú gildir. Eins og háttar í þjóðfélaginu og ég hef lítillega lýst, þá teljum við ekki ástæðu til þess að afgreiða það lagafrv., sem hér liggur fyrir.

Þá vil ég taka annað atriði aðeins til yfirvegunar. Í grg. frv. segir m. a., að nefndin, sem hafði undirbúning frv. á hendi, hafi ekki tekið afstöðu til þess, hvenær l. tækju gildi. Mun því ríkisstj. hafa tekið af skarið í því efni og niðurstaða hennar orðið sú, sem segir í 31. gr. frv., þ. e. a. s. að frv., ef að lögum yrði, tæki gildi 12 mánuðum eða einu ári, eftir að löggjöfin hefur verið samþ. á Alþ. Meðal annarra ástæðna fyrir þessu undarlega ákvæði er talin vera sú, að nýmælið í IV. kafla frv., þ. e. a. s. um samkeppnishömlur, sé svo vandasamt í meðförum og þurfi svo langan aðdraganda í undirbúningi, áður en farið verður að framkvæma ákvæðin, að ekki sé hægt að búast við því, að á skemmri tíma en einu ári sé hægt að undirbúa jarðveginn þannig úti á markaðinum, að ákvæðin geti orðið tekin til framkvæmda. En auðvitað fer ekki hjá því, að okkur mörgum detti það fyrst í hug, að stjórnarflokkarnir séu með þessum óvenjulega hætti að skjóta sér undan framkvæmdum svo lengi, sem þeir telja sér þess kost.

Tvennar kosningar myndu þá líða framhjá, áður en til framkvæmda kemur. Sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara á næsta sumri, og reglulegar alþingiskosningar á árinu 1971. Þetta segir sína sögu eða gefur undir fótinn með það, að það megi skýra þetta undarlega ákvæði. Og svo má geta þess, að fram undan eru alveg á næstunni harðvítug átök um kaup og kjör, sem velflestar launastéttir í okkar þjóðfélagi munu eiga beinan eða óbeinan þátt að. Og þá er spurningin þessi: Er stjórnarflokkunum öllu hentugra að geyma framkvæmdirnar fram yfir þann tíma, sem næstur er, og alla leiðina fram á síðari hluta árs 1971? En alls yfir má þykja eðlilegt, að okkur mörgum þyki kenna nokkurrar sýndarmennsku með framlagningu frv. nú, þegar þannig er alls yfir umhorfs í þjóðfélaginu, og framkvæmdin á að geymast svo lengi, sem ætlað er og ákvæðin í 31. gr. frv. segja til um. En hvað segja nú umboðsmenn kaupmannasamtaka í nál. m. a. Þeir segja um gildistökuákvæðin:

„Afstaða okkar byggist á því, að við treystum því, að málið hljóti fullnaðarafgreiðslu á yfirstandandi Alþ.“, þ. e. a. s. því, sem nú situr, „og að gildistaka þess geti átt sér stað eigi síðar en að 6 mánuðum liðnum frá áramótunum 1969—1970“. Og undir þessa yfirlýsingu rita fulltrúar frá Félagi stórkaupmanna, frá Verzlunarráði Íslands og frá Kaupmannasamtökunum, þannig að þeir myndu ekki telja óeðlilegt, þó að frv., ef að lögum yrði, tæki gildi miðað við 1. júlí á þessu ári. Nú ættu þeir að vita gerst um, hversu langan umþóttunartíma þetta mál ætti að taka, a. m. k. að því er varðar verzlunina. Nú er ég ekki að segja það, að þeir hafi einskorðað full tök á því, hvern undirbúning þessi framkvæmd ætti að hafa, en þetta álit þessara fulltrúa bendir ótvírætt til þess, að þeir telji ekki þörf svo langs umþóttunartíma.

Um frv. vil ég aðeins segja þetta að lokum, að eins og getið var um, þá mun það aðallega vera þýðing úr hluta af danskri löggjöf, sem fjallar um slíkt efni, og það sýnir sig í frv. sjálfu, að það á við allt aðrar aðstæður heldur en ríkja hérna hjá okkur. Úrslitaáhrif um efni frv. sýnist hafa haft erlendur sérfræðingur, og hvað sem öðru líður og segja má um frv., þá er það auðsætt, að nokkur ákvæði og jafnvel mörg eru nokkuð torskilin, og hefur verið bent á það, m. a. af hv. frsm. meiri hl. allshn., og önnur beinlínis annarleg, fyrst og fremst vegna þess að þau eiga við aðrar þjóðfélagsaðstæður.

En eins og ég hef aðeins minnzt á áður, þá er það skoðun okkar í 2. minni hl., að eigi sé þörf, eins og nú háttar í efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, að tefla fram slíkri lagasmíð sem þessari, og því síður, þar sem ætla má, að á grundvelli núgildandi verðlagslöggjafar megi lagfæra að miklu leyti þá galla, sem kunna að hafa verið á framkvæmdinni og eru. Og með skírskotun til þessa höfum við leyft okkur að bera fram rökst. dagskrá, þannig að málsmeðferð verði við svo búið lokið í þessari hv. deild. Og ég leyfi mér að lesa upp niðurstöðuna:

„Þar sem ætla má, að koma megi verðlagsmálum í viðunandi horf með breytingu á framkvæmd gildandi verðlagslaga, sem nokkurri gagnrýni hefur sætt, og þar sem álíta verður næsta óeðlilegt að samþykkja á þessu þingi frv. þetta, sem ekki er ætlað að öðlast lagagildi fyrr en á síðari hluta árs 1971, þ. e. eftir næstu reglulegar alþingiskosningar, telur d. ekki rétt að halda áfram meðferð málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá“.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Af því að ég hef átt nokkurn þátt í undirbúningi þess frv., sem hér liggur fyrir, eins og raunar er getið um í grg. frv. og vart hefur orðið, ekki sízt í þeim framsöguræðum minni hl., sem hér hafa verið fluttar, töluverðs misskilnings á því, hvað í frv. felst, þá tel ég rétt að segja hér nokkur orð.

Það má út af fyrir sig um það deila, hve árangursríkt tæki verðlagseftirlit sé til þess að halda verðlagi í skefjum. En þá hlið málsins mun ég þó ekki ræða hér sérstaklega. Ég er í hópi þeirra, sem hafa á því takmarkaða trú. En hvað sem því líður, geta þær aðstæður verið fyrir hendi, að nauðsynlegt sé að beita verðlagsákvæðum, og sjálfsagt, að til sé á hverjum tíma löggjöf, sem heimili stjórnvöldum að beita þeim, þegar nánar tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Slík löggjöf hefur líka lengst af verið í gildi hér á landi í einni eða annarri mynd allt síðan á heimsstyrjaldarárunum fyrri.

Hér er um það að ræða að setja ný ákvæði um þessi efni, sem að dómi okkar stuðningsmanna frv. samsvara betur kröfum tímans en núgildandi löggjöf. Verðlagsákvæðum hefur, sem kunnugt er, einkum verið beitt í því skyni að halda dreifingarkostnaði í skefjum, og því einkum tekið til verzlunarinnar, en í minna mæli til framleiðslustarfseminnar í þrengri merkingu þess orðs. Eins og fram kemur í grg. fyrir frv. og hér hefur verið getið í framsöguræðum þeim, sem fluttar hafa verið, er frv. sniðið eftir gildandi löggjöf um þessi efni á hinum Norðurlöndunum, sér í lagi dönsku löggjöfinni. En slík löggjöf hefur á hinum Norðurlöndunum leyst af hólmi eldri löggjöf frá stríðsárunum og fyrstu árunum eftir stríðið, sem var svipuð og núgildandi löggjöf hér á landi. Þessi löggjöf eins og raunar kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., var sett í þessum löndum á valdaárum jafnaðarmanna þar. Og hvað sem um jafnaðarmennina á Norðurlöndunum má að öðru leyti segja, — vafalaust má þeim ýmislegt til foráttu finna eins og öðrum, sem við stjórnmál fást, og ég hef aldrei verið neinn sálufélagi þeirra —, þá held ég, að flestir sanngjarnir menn mundu nú vera sammála um það, að mjög má telja með ólíkindum, að fyrir þeim hafi vakað með slíkri löggjöf að tryggja kaupmönnum sem hæsta álagningu. Sannleikurinn er sá, að hin eldri löggjöf í þessum löndum og sú, sem nú er í gildi hér á landi, var miðuð við það ástand, sem var á tímum vöruskorts og annarra vandamála í sambandi við vörudreifingu á stríðstímum og fyrst eftir stríðið. En með auknu vöruframboði og samkeppni með þeim möguleikum, sem það skapar, þá verður þörf fyrir löggjöf um þessi efni, þar sem ekki er einblínt á þær samkeppnishömlur einar, sem stafa af höftum og vöruskorti, heldur eru einnig sköpuð skilyrði fyrir opinberri íhlutun um þessi efni á breiðum grundvelli í samræmi við hagsmuni neytenda, því að auðvitað eru það hagsmunir neytenda, sem vörudreifingin á að þjóna. Hana ber ekki að skoða sem atvinnubótavinnu fyrir kaupmenn, kaupfélagsstjóra og starfsfólk þeirra. Það sjónarmið hygg ég, að allur þorri fólksins hljóti að fallast á.

Það hefur undanfarna áratugi jafnvel mikið verið talað um nauðsyn þess að halda í skefjum milliliðagróða, eins og það hefur verið kallað, og vaxandi dreifingarkostnaður í hlutfalli við þjóðartekjur hefur verið talinn vottur um óheilbrigða efnahagsþróun. Nú er það svo, að hinn tiltölulegi vöxtur dreifingarkostnaðarins, sem er staðreynd, sem enginn getur neitað, er afleiðing hinnar almennu þróunar þjóðfélagsins, aukinnar sérhæfingar og betri efnahags, því að það er nú einu sinni þannig, að tækniframfara sem lækka framleiðslukostnaðinn, getur ekki gætt eins mikið í þjónustustarfsemi, eins og í verzluninni, og t. d. í iðnaði, sjávarútvegi og samgöngum, og af þessu leiðir það fyrirbrigði, sem einmitt sérstaklega hefur gætt í hinum háþróuðu löndum, að hlutdeild dreifingarkostnaðarins í verðmæti þjóðarframleiðslunnar fer vaxandi. Þetta dregur auðvitað síður en svo úr nauðsyn þess að halda dreifingarkostnaði í skefjum, heldur þvert á móti eykur hana. En fyrir hinu má ekki loka augunum, að verzlunin á hlutverki að gegna í þjóðarbúskapnum, og einmitt af þeim ástæðum, sem nefndar hafa verið, fer þýðing hennar vaxandi. Það skiptir því miklu máli, að sá stakkur, sem verzluninni er sniðinn með löggjöf og öðrum opinberum aðgerðum, geri henni kleift að gegna þessu hlutverki á sem hagkvæmastan hátt fyrir neytendur, en sé ekki beinlínis fjötur um fót heilbrigðri þróun þessara mála. En löggjöf eins og sú, sem nú er í gildi hér á landi og byggist á forsendum, sem ekki eru lengur fyrir hendi, þjónar ekki því hlutverki. Það verður að byggja upp eitthvað nýtt, og frv. það, sem hér liggur fyrir, ef samþ. verður, verður að mínu áliti spor í rétta átt, þannig að í stað þess að einblína á innflutningshöft sem einu samkeppnishömlurnar, þá er hér samkv. þessu frv. um að ræða miklu víðtækari heimildir til þess að vinna gegn samkeppnishömlum og halda þannig verðlagi í skefjum en felast í þeirri löggjöf, sem nú er í gildi.

Ég hygg einmitt, að þær deilur, sem um þetta mál hafa orðið, stafi að verulegu leyti af því, að sú skoðun virðist vera útbreidd, að samkeppnishömlur og innflutningshöft séu það sama. Og mig grunar, að það hafi legið m. a. að baki afstöðu hv. frsm. 1. minni hl. allshn., hv. 6. þm. Sunnl., að hann leggi þann skilning í frv., að samkeppnishömlur þýði innflutningshöft, þannig að ef innflutningshöft séu ekki lengur við lýði, þá þýði það afnám allra verðlagsákvæða. Á öðrum grundvelli á ég bágt með að skilja þá niðurstöðu hans, að í samþykkt þessa frv. liggi það, að öll verðlagsákvæði verði afnumin. Og e. t. v. er það svo um stuðning og áhuga margra kaupsýslumanna fyrir því, að þetta frv. verði samþ., að þeir telja einnig, að samkeppnishömlur séu innflutningshöft, og þar sem innflutningshöft séu ekki lengur við lýði, þá felist í frv., að öll verðlagsákvæði eigi að afnema. Ég vil þó taka það fram, að þetta á ekki við þá fulltrúa kaupsýslumanna, bæði einkaverzlunar og Sambands ísl. samvinnufélaga, sem sæti áttu í þeirri nefnd, sem undirbjó frv., og mættu m. a. á fundum allshn. Þeir hafa sett sig vel inn í þetta mál og gera sér fyllilega ljóst, hve feitt er á stykkinu. En því miður hygg ég, að eins og þessi misskilningur er útbreiddur í launþegasamtökunum, þá eigi það sama einnig við um marga þeirra atvinnurekenda, sem við verðlagsákvæðin búa.

En einmitt vegna þess, að þetta frv. er sniðið eftir dönsku löggjöfinni í þessum efnum, þá má fullyrða, að þegar talað er þar um samkeppnishömlur, þá sé það alls ekki og jafnvel sízt af öllu innflutningshöft sem höfð eru í huga, því að um langt skeið hefur það verið talinn sjálfsagður hlutur í Danmörku, að hverjir svo sem þar færu með völd, þá yrði alls ekki til innflutningshafta gripið. Það eru því ábyggilega allt aðrar samkeppnishömlur en innflutningshöftin, sem frv. hefur í huga. Og auðvitað eru verðlagsákvæði ekki einhlít til þess að hamla gegn verðbólgu. Þar þurfa að koma til aðrar og áhrifameiri ráðstafanir. Það er alveg rétt í sérálíti Þrastar Ólafssonar, hagfræðings, sem birt er sem fskj. með þessu frv., að grundvallarskilyrði þess, að slík löggjöf komi að notum er, að það takist að stöðva verðbólguþróunina. Þetta

er ég honum alveg sammála um, og tel það meira að segja hafa mikla þýðingu að gera sér þetta ljóst. Hins vegar er ég honum ósammála um margt annað, en það fer ég ekki út í á þessum vettvangi, enda er þessi stéttarbróðir minn ekki hér til að svara fyrir sig, svo að ég sleppi því. Auðvitað þarf að vera vissum skilyrðum fullnægt í efnahagsmálum almennt til þess að þessi löggjöf eigi við. Ef verðbólgan verður óstöðvandi, verður til lengdar óframkvæmanlegt að halda hér uppi frjálsum innflutningi og frjálsum viðskiptum að öðru leyti, svo að þá verður þessi löggjöf gerð óvirk. Þá mundi sjálfkrafa síga í sama farið og áður. Undir þeim kringumstæðum eru fullar heimildir í þessari löggjöf eins og núgildandi löggjöf til þess að beita þá verðlagsákvæðum, jafnvel ótakmarkað.

En þá kemur að þeirri spurningu, sem sérstök ástæða er til að svara í tilefni af framsöguræðum hv. minni hl. Það má spyrja sem svo: En getur þá ekki verið þörf verðlagsákvæða, jafnvel þó að um virka samkeppni sé að ræða? Eða hvað felst með öðrum orðum í því, að samkeppni sé virk? Vera má, að um þetta séu mismunandi skoðanir, og hugtök eins og samkeppni, virk samkeppni o. s. frv., má vissulega skilgreina á fleiri en einn veg. En ég svara þessari spurningu neitandi, því að í frjálsri samkeppni, samkv. þeim skilningi, sem ég legg í það hugtak, þá á neytandinn að fá vöruna á kostnaðarverði. Sé um fullkomlega frjálsa samkeppni að ræða, þá þýðir hún það, að framleiðandinn fær kostnaðarverð fyrir vöru sína eða þjónustu, hvorki meira né minna. Í því kostnaðarverði felst auðvitað sanngjörn þóknun til hans sjálfs fyrir sína vinnu, vextir af fjármagni, sem hann hefur lagt í atvinnureksturinn, sanngjörn áhættuþóknun o. s. frv. En ef skilyrði fullkomlega frjálsrar samkeppni eru fyrir hendi, þá á ekki að vera möguleiki á því að taka meira en kostnaðarverð fyrir vöruna. Að slíkt sé hægt, a. m. k. til lengdar, er þá einvörðungu í skjóli þess, að einhver sérstaða sé fyrir hendi, en þá er samkeppnin ekki frjáls. Þær hömlur, sem samkv. þessari löggjöf eru settar fyrir því, að verðlagsákvæðum megi breyta — nefnilega að svo megi ekki vera, þegar um virka samkeppni sé að ræða — eru því að mínu áliti nákvæmlega sams konar og þær hömlur, sem á þessu eru samkv. gildandi lögum. Þetta er aðeins orðað á annan veg. Í núgildandi l. er það orðað þannig, að verðlagsákvæði verði að vera það rúm, að þau samsvari kostnaðinum hjá vel reknum fyrirtækjum, tæknilega og fjárhagslega, eins og það er orðað. Hér er í rauninni um það sama að ræða, aðeins orðað á annan hátt, þannig að í því efni breytir það í rauninni engu, hvort þessi nýja löggjöf verður samþ. eða sú gamla væri áfram. En gildi nýju löggjafarinnar er að mínu áliti í því fólgið, að verðlagsyfirvöld fá með þessu frv. víðtækari heimildir en þau áður höfðu til þess að vinna gegn samkeppnishömlum og tryggja neytendunum vöruna á kostnaðarverði. Það var að mínu áliti alveg réttilega að orði komizt hjá hæstv. viðskmrh. í framsögu hans fyrir þessu frv. fyrir jólin, að það væri stefnuyfirlýsing, sem fyrst og fremst í frv. felst eða m. ö. o. rammi fyrir starfsemi verðlagsyfirvalda. Og auðvitað er það í sjálfu sér rétt, að það, sem úrslitaþýðingu hefur varðandi það, hvort þessum málum er skynsamlega skipað, er ekki, hvernig þessi rammi er, heldur verður það framkvæmdin. Þar með er ekki sagt, að það sé ekki mikilvægt atriði í þessu sambandi, að þessi lagastakkur sé skynsamlega sniðinn, og ég álít, að samþykkt hinnar nýju löggjafar mundi verða til verulegra bóta í því efni.

Ég hafði nú, herra forseti, ekki hugsað mér að orðlengja meira um þetta, en vil aðeins segja að lokum, að hvað sem öllu öðru líður, þá furðar mig á þeirri afstöðu hv. framsóknarmanna að vilja vísa frv. frá, helzt á þeim grundvelli, að þar sem gert sé ráð fyrir því, að það þurfi ár til þess að undirbúa þessa löggjöf, þá liggi ekkert á að samþykkja. Það virðist svo, sem þeir standi í þeirri meiningu, að það væri hægt að láta þetta koma til framkvæmda tafarlaust. Satt að segja finnst mér, að þetta beri vott um, að þeir mætu og ágætu menn, sem hér eiga hlut að máli, hafi ekki kynnt sér þetta mál, eins og æskilegt hefði verið. Hér er verið að taka upp algerlega nýtt fyrirkomulag, og það fer aldrei hjá því, að það hlýtur að taka töluverðan tíma að þjálfa starfslið til þess að framkvæma það. Er ekki tímabært fyrir alvöru að leggja út í þá þjálfun, fyrr en vitað er, hvort frv. finnur náð fyrir augum Alþ. eða ekki. En um það er allt í óvissu, eins og hér hefur komið fram. Ég hefði betur getað skilið það að vissu leyti, að frv. hefði verið gagnrýnt á þeim grundvelli, að þessi tími væri ekki nógu langur, en sú afstaða að telja, að hægt sé að samþykkja slíka löggjöf sem þessa og láta hana koma til framkvæmda alveg fyrirvaralaust, hún finnst mér fráleit.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 61. fundi í Ed., 23. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 451 felld með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, TÁ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, EÁ, GilsG.

nei: StG, SvG, AuA, AJ, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, JR.

1 þm. (KGuðj) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég er andvígur því frv., sem hér er til umr. og afgreiðslu, en ég er jafnframt andvígur þeirri dagskrártill., sem hér liggur fyrir, þar sem ég óska að taka efnislega afstöðu til málsins sjálfs, og segi þess vegna nei.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Enda þótt ég telji, að önnur og veigameiri rök séu gegn samþykkt þessa máls heldur en fram koma í forsendum hinnar rökstuddu dagskrár, þá segi ég já.

Brtt. 435,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, felld með 10:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, AJ, JR.
nei: ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, EggÞ, EÁ, GilsG, KGuðj, ÓlJ, TÁ.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Tómas Árnason: Herra forseti. Með skírskotun til *siendurtekinna gengisfellinga, magnaðrar* verðbólguþróunar, horfa á átökum í kjaramálum og óbreyttrar stjórnarstefnu, segi ég nei.

Frv. þar með fallið.

2. Sveitarstjórnarlög.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 frá 29. marz 1961 [18. mál] (þmfrv., A. 18).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í 92. gr. sveitarstjórnarl. frá 29. marz 1961 er kveðið á um, hvert sé hlutverk sýslufélaga. En sýslunefndir eiga að sjá um, að þetta hlutverk sé rækt. M. a. segir í greininni, að sýslufélag skuli annast stjórn allra sveitarstjórnarmála, er varða sýsluna í heild, svo og gera till. um hvað eina, er verða má sýslunni til gagns. Þegar litið er til þessa ákvæðis 92. gr. sveitarstjórnarl., svo og annarra ákvæða sömu gr., og jafnframt haft í huga, að sýslun. láta oft til sín taka þýðingarmikil héraðsmálefni svo sem skólamál, vegamál, heilbrigðismál og raforkumál, þá liggur það í hlutarins eðli, að gerðir sýslunefnda snerta iðulega hagsmuni hvers einasta mannsbarns innan sýslufélagsins. Út frá þessu sjónarmiði hlýtur það að teljast fyllsta sanngirni og réttlætismál, að réttur kjósenda til að velja fulltrúa í sýslun. og hafa þar áhrif sé sem jafnastur, en í þessum efnum hefur ætíð gætt stórfellds misræmis eftir því, hvar menn hafa búið í hreppi.

Að því er ég bezt veit, mun sú regla hafa gilt, frá því sýslun. voru settar á stofn, að hver hreppur hefur valið einn fulltrúa í sýslun., alveg án tillits til þess, hvort hreppurinn var fámennur eða fjölmennur, og þessi regla gildir enn samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarl. Í þessu felst að mínum dómi misrétti, sem hefur farið vaxandi á síðustu áratugum, vegna þeirrar þróunar, að sífellt fjölgar þeim hreppum, sem eru annars vegar mjög fámennir og hins vegar mjög fjölmennir. Þessu til stuðnings má benda á tölur. Árið 1960 voru einungis 6 hreppar á öllu landinu með færri en 100 íbúa, nú eru þeir 41. Árið 1920 náði enginn hreppur á landinu íbúatölunni 2000, en nú eru 3 hreppar með yfir 2000 íbúa.

Í grg. með frv. því, sem hér er til umr., get ég þess að finna megi fjölmörg dæmi um, að minni hluti sýslubúa eigi meirihluta í sýslunefnd. Þegar ég fór að athuga þetta betur, þá komst ég að því, mér til mikillar undrunar, að í hverri einustu sýslu landsins er það minni hluti sýslubúa, sem stendur að baki meiri hluta hinna kjörnu fulltrúa sýslunnar. Það er mjög algengt, að um það bil þriðjungur sýslubúa eigi meiri hluta í sýslunefnd, og í einstökum sýslufélögum er misræmið enn geigvænlegra, t. d. eiga 18% af íbúum Snæfellsnessýslu meiri hlutann í sýslunefndinni, en í Árnessýslu er það 21% af íbúunum, sem standa að baki meiri hlutanum í sýslunefnd. Þessar tölur sýna svo glöggt, sem unnt er, að ekki er lengur hægt að una við það fyrirkomulag, að fjölmenn hreppsfélög eigi einungis einn fulltrúa í sýslunefnd.

Af ástæðum þeim, sem hér að framan voru raktar, þá hef ég leyft mér að flytja frv. það á þskj. 18 til breytingar á sveitarstjórnarl., sem hér er til 1. umr. Meginefni frv. er það, að hreppar með yfir 400 íbúum skuli kjósa 2 fulltrúa í sýslunefnd. Í þessu felst mikil leiðrétting, þó að hún sé ekki fullnægjandi. Það er auðvitað matsatriði, við hvaða íbúamörk eigi að fjölga sýslunefndarmönnum eins hreppsfélags úr einum í tvo, en ef miðað er við 400 íbúa, eins og frv. gerir ráð fyrir, þýðir það, að alls 41 hreppur fær 2 sýslunefndarmenn, eða sem næst 5. hver hreppur á landinu.

Spyrja má, hvort ekki sé unnt að ná svipuðu markmiði og frv. þetta stefnir að með öðrum hætti og þá einkum með því að sameina fámennustu hreppana nágrannahreppunum og gera fjölmennustu kauptúnahreppana að kaupstöðum. Því er til að svara, að sameining einstakra hreppsfélaga, sem hér hefur verið rædd við umr. um annað mál — sameining hinna einstöku hreppsfélaga út um hinar dreifðu byggðir landsins tekur óhjákvæmilega mjög langan tíma. Þar eru mörg ljón á veginum. Það hefur líka ýmsa annmarka í för með sér að gera fjölmennustu kauptúnin að kaupstöðum, t. d. veikir það sýslufélögin, og ekki er heldur vitað til þess, að áhugi sé til staðar í viðkomandi kauptúnahreppum fyrir slíkum breytingum.

Sannleikurinn er sá, að misréttið innan sýslufélaganna er svo stórfellt, að það veitir ekki af að berjast gegn því á tvennum vígstöðvum. Verði á hinn bóginn í framtíðinni um róttækar breytingar á sveitarstjórnarskipan landsins að ræða, þarf, þegar þar að kemur, að taka sveitarstjórnarlögin í heild til endurskoðunar og þar með einnig þau ákvæði, sem hér er lagt til að gera breyt. á. Hitt er svo annað mál, að þetta frv., ef að lögum verður, getur í vissum tilvikum greitt fyrir sameiningu sveitarfélaga, einkum ef tveir hreppar eru sameinaðir, sem hvor um sig hefur undir 400 íbúa, en hafa samanlagt meira en 400 íbúa.

Menn kunna að velta því fyrir sér, hvernig á því standi, að þessu máli hafi ekki verið hreyft fyrr og engar kröfur komið fram frá hinum fjölmennari hreppsfélögum um fleiri fulltrúa í sýslunefnd. E. t. v. felst skýringin í því, að oddvitar sýslunefndanna, sýslumennirnir, eru hlutlausir embættismenn, sem leggja sig fram um að ná samkomulagi um afgreiðslur mála innan sýslunefndanna. Deilur og ágreiningsefni séu því miklu fátíðari á þessum vettvangi heldur en

innan hreppsnefnda og bæjarstjórna. Auk þess komi sýslunefndirnar sjaldan saman og séu almennt álitnar valdalitlar stofnanir. Taki því naumast að vera að deila um hlutföll valda og áhrifa innan þeirra.

Þessar skýringar, sem ég hef heyrt fram bornar, geta þó að mínum dómi ekki réttlætt það að láta þetta mál kyrrt liggja. Lögum samkvæmt geta sýslunefndirnar haft mikil völd, og gerðir þeirra geta verið afdrifaríkar um þýðingarmikil hagsmunamál sýslubúa, og jafnvel þótt menn skoði sýslunefndirnar sem veigalitlar stofnanir, réttlætir það ekki, að þessar nefndir séu kosnar á ranglátan hátt.

Ég hef hér að framan gert grein fyrir aðalefni frv., sem fram kemur í 1. gr. þess. Í 2. gr. frv. felst sú breyt. ein, að vitnað er til 15.—19. gr. sveitarstjórnarl. í stað 16.—19. gr., en 15. gr. sveitarstjórnarl., sem fjallar um skilyrði fyrir hlutbundnum og óhlutbundnum kosningum, á vel við um sýslunefndarkosningar samkv. 1. gr. frv.

Í sambandi við flutning þessa frv. vil ég minna á, að sýslunefndarkosningar eiga að fara fram næsta vor. Njóti þetta frv. meiri hluta fylgis á Alþ., sem ég vissulega vonast eftir, er nauðsynlegt að samþykkja það í tæka tíð, svo kosningareglur frv. geti gilt í sýslunefndarkosningunum að vori.

Í grg. með frv. þessu eru birtar tölur, er varpa ljósi á hinn gífurlega mismun á íbúafjölda hreppa innan sömu sýslu. Það er víða hægt að finna hrepp, sem er 10 sinnum fjölmennari en annar hreppur í sömu sýslu. Jafnvel má finna dæmi þess, að einn hreppur sé allt að því 100 sinnum fjölmennari en annar. Þessar staðreyndir ættu að leiða í ljós, að þær umbætur, sem frv. þetta gerir ráð fyrir, eru í raun réttri algert lágmark.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Ed., 20. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 18, n. 179 og 232).

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er flutt af hv. þm. Jóni Þorsteinssyni og er til breytingar á sveitarstjórnarlögum. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp efni frv., eins og það liggur hérna fyrir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í sýslunefnd eiga sæti auk sýslumanns, sem er oddviti nefndarinnar, sýslunefndarmenn, sem kosnir eru í hverju sveitarfélagi innan sýslufélagsins. Í sveitarfélögum með 400 íbúum eða færri skal kjósa einn sýslunefndarmann, en í sveitarfélögum með yfir 400 íbúa skal kjósa tvo sýslunefndarmenn.“

Svo sem kunnugt er og í grg. frv. segir, hefur sú regla gilt um langa hríð og að líkindum allt frá upphafi, er sýslunefndir voru stofnaðar, að hver hreppur innan sýslufélags kýs einn fulltrúa í sýslunefnd án tillits til þess, hversu margir íbúar eru innan hreppsfélagsins. Um afgreiðslu frv. hefur ekki náðst samstaða í heilbr.- og félmn. Minni hl. skilar sérstöku áliti, en við, 4 þm. í meiri hl., höfum gefið út nál. á þskj. 232.

Mál þetta var sent til umsagnar sýslumönnum og enn fremur Sambandi ísl. sveitarfélaga. Umsagnir bárust frá 9 sýslumönnum, svo og stjórn sambandsins. 5 sýslumanna eru andvígir þessu frv., 2 sýnast helzt aðhyllast þá stefnu, að hætt verði að kjósa sýslunefndarmenn, en oddvitar hreppsfélaga verði sjálfkjörnir fulltrúar í sýslunefnd. Loks telja 2 sýslumannanna, að eðlilegt og nauðsynlegt sé að samþykkja frv. óbreytt. Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga telur frv. ekki þess eðlis, að efni þess skipti neinu höfuðmáli. Miklu fremur og eðlilegra væri, að hreppsnefndaroddvitar væru sjálfkjörnir fulltrúar sinna hreppsfélaga í sýslunefnd. Og enn fremur segir í umsögn sambandsins, að hún telji brýna nauðsyn bera til, að hafizt verði handa um endurskoðun á skiptingu landsins í sýslur.

Það er ljóst af umsögnum, að þorri þeirra, sem um hafa verið spurðir, telur frv. engan vanda leysa. Það skipti miklu fremur máli, að tekin verði til athugunar staða og málefni sýslunefnda í heild, þannig að verkefnaskipan innan sýslunefnda, þ. e. a. s. verkefni sýslunefnda og allt þeirra starf og öll aðstaða, verði tekin til yfirvegunar innan stjórnkerfisins. Við nm. höfum hvergi séð það, að sérstakar óskir hafi legið fyrir frá sýslufélögum, sýslunefndum eða hreppsnefndum um að breyta um þetta kjörskipulag, sem gilt hefur. Og við vitum heldur ekki dæmi þess, að sýslunefndarmenn frá sveitarfélögum, sem hafa íbúa yfir 400, hafi látið í ljós óánægju eða kvartað yfir ranglæti í sinn garð eða sveitarfélagsins í afgreiðslu mála innan sýslunefnda, sem rekja mætti til ákvæða laga um kjör sýslunefnda. En að sjálfsögðu kunna þó að finnast þess dæmi, þó að við nm. vitum ekki um það.

Hins vegar má geta þess, að það eru margir, sem bera ugg í brjósti út af dvínandi áhrifum hinna fámennari sveitarfélaga, áhrifum þeirra á skiptingu efnahagslegra og félagslegra gæða innan stjórnarumdæma. Það er mál út af fyrir sig. Þá teljum við nm., að viðmiðunin í frv. um 400 íbúa án frekari rökstuðnings bendi ekki til þess, að þetta mál hafi verið íhugað svo sem bæri, og fjölgi þá aðeins um einn fulltrúa í sýslunefnd í hinum stærri hreppsfélögum. Við teljum, að slík kjörregla væri engan veginn knýjandi réttarbót, eins og á stendur. Teljum við því, að með þessari breytingu væri í raun og veru stutt skref stigið í réttlætisátt og til að fullnægja því réttlæti, sem á kann að skorta í þessu efni. Ef á annað borð þarf að hreyfa ákvæðum um kjör sýslunefnda, þá teljum við, eins og ég hef áður drepið á, nm. í meiri hl., að það sé full nauðsyn að taka til rannsóknar ákvæði um sýslunefndir og þá m. a. kjörreglur. Það er t. d. mjög eftirtektarverð sú till., sem fram kemur í umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að hreppsnefndaroddvitar séu sjálfkjörnir í sýslunefnd.

Það eru full rök til þess a. m. k., að oddvitar eiga að hafa að öðru jöfnu bezta þekkingu á málefnum sveitarfélagsins, og það er yfirleitt um þau málefni, sem sýslunefndir fjalla fyrst og fremst. Þess vegna teljum við, eins og á stendur, að ekki sé rétt að grípa á þessu eina atriði, og án þess að frekari rannsókn hafi farið fram á öðrum ákvæðum laga um sýslunefndir. Við álítum ekki rétt að samþykkja frv. eins og það liggur fyrir, og leggjum því til, að frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er á dagskrá, fjallar um breytingu á sveitarstjórnarlögunum og er þess efnis í grundvallaratriðum, að fjölga sýslunefndarmönnum í hinum fjölmennari hreppsfélögum úr 1 í 2, og er miðað við í frv. markið 400 íbúa, þ. e. a. s., að í sveitarfélögum með 400 íbúa og færri skuli kjósa 1 sýslunefndarmann, en í sveitarfélögum með yfir 400 íbúa skuli kjósa tvo sýslunefndarmenn. Þessu frv. var vísað til heilbr.- og félmn. N. sendi frv. til umsagnar til stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga og einnig til allra sýslumanna landsins. Umsagnir bárust frá flestum sýslumönnum, þó ekki öllum, og enn fremur frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga. Ég skal nú leyfa mér að rekja hér örlítið þessar umsagnir, því að ég tel, að hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn., sem hér talaði áðan, hafi ekki alls kostar túlkað rétt þau úrslit, sem komu fram í umsögnum sýslumanna.

Þá tek ég hér fyrst umsögn sýslumannsins í Barðastrandarsýslu. Ég vil leyfa mér með leyfi forseta að lesa hér það, sem ég tel máli skipta úr þessum umsögnum og það, sem er meginniðurstaðan. En í umsögn sýslumanns Barðastrandarsýslu segir svo:

„Sú regla, sem nú gildir, að í hverjum hreppi skuli kosinn einn sýslunefndarmaður án tillits til íbúafjölda, á tvímælalaust ekki við lengur nema e. t. v. í einstaka sýslufélögum, enda þótt þessi skipan mála hafi yfirleitt átt vel við, áður en þéttbýlismyndun í kauptúnahreppum varð jafnmikil og raun hefur orðið á hin síðari árin. Ég tel því nauðsynlegt að breyta þessari skipan í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir.“

Þannig fer það ekki á milli mála, að þessi sýslumaður er frv. fylgjandi.

Þá er hér umsögn sýslumannsins í Þingeyjarsýslu:

„Ég tel nauðsynlegt, að tekið sé verulegt tillit til landssvæða í sambandi við ákvörðun fulltrúatölu og nauðsynlegt að fámennir landshlutar haldi sem lengst áhrifum sínum á umræðugrundvelli þjóðmálanna. Engu að síður tel ég viðeigandi, að mjög fjölmennir hreppar fái fleiri en einn fulltrúa í sýslunefnd, og mætti gjarnan miða við það, að hreppar fengju þar einn fulltrúa fyrir hvert byrjað þúsund í mannfjölda.“

Um þessa umsögn má segja, að hún sé fremur jákvæð og viðurkenni, að það sé eðlilegt, að hinir fjölmennari hreppar hafi fleiri sýslunefndarmenn, þó að sýslumaður vilji draga mörkin þarna ofar og miða við 1000 íbúa.

Þá kem ég að umsögn sýslumannsins í Árnessýslu, en hann segir:

„Hvorki oddvitar né aðrir hreppsstjórnarmenn né heldur sýslunefndarmenn hinna stærri hreppa með yfir 400 íbúa hafa nokkru sinni mér vitanlega látið í ljós óánægju yfir núverandi reglum um kosningu sýslunefndarmanna né talið áhrif hinna smærri hreppa skaðlega mikil um úrlausn mála sýslunnar. Þvert á móti gætir viðurkenningar á því, að hin smærri og jafnframt afskekktari sveitarfélög eru mjög afskipt um áhrif á skiptingu félagslegra gæða. Ég held, að þetta frv. geti ekki verið flutt fyrir óskir fyrirsvarsmanna sveitarfélaga, og vona, að það verði ekki samþykkt án þess, að fyrir liggi upplýsingar um afstöðu hreppsnefnda og sýslunefnda yfirleitt. Ég efast ekki um, að sýslunefnd Árnessýslu verði frv. mótfallin, ef hún fær tækifæri til að fjalla um það. Ég hef leitt tal að frv. við ýmsa hreppstjórnarmenn úr héraðinu, en engan fundið, sem því væri meðmæltur.“

Þessi umsögn er tvímælalaust andstæð frv.

Þá kem ég næst að umsögn sýslumannsins í Suður-Múlasýslu. Hann segir svo:

„Ég leyfi mér að mæla með þeim anda, sem fram kemur í frv. og eins og málum er háttað, að markið 400 íbúar sé allt of lágt. Ég hef verið samþykkur því, að markið væri sett í 700 íbúa, þ. e. að í sveitarfélögum með fleiri en 700 íbúa skuli kjósa 2 sýslunefndarmenn. Enn fremur vil ég nota tækifærið og koma því á framfæri við hina hv. n., að ég hef verið því fylgjandi, að sveitarstjórnarl. verði breytt á þá leið, að oddvitar og sveitarstjórar væru sjálfkjörnir sýslunefndarmenn.“

Þessi umsögn er jákvæð frv.

Þá kemur umsögn sýslumanns Ísafjarðarsýslu. Hún er stutt og laggóð og segir svo:

„Mér virðist breytingin sanngjörn og eðlileg og er henni samþykkur.“

Þá kem ég næst að umsögn sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Hann segir svo:

„Það væri e. t. v. athugandi, hvort ekki væri rétt að hætta að kjósa sérstaka sýslunefndarmenn, en láta oddvita viðkomandi hreppa vera sjálfkjörna í sýslunefnd og þá aðeins viðbótarfulltrúa, ef fleiri eru í hreppi en 500 manns.“

Þá segir hann enn fremur:

„Ég vil að lokum geta þess, að ég sendi öllum sýslunefndarmönnum bréf út af þessu frv. og spurðist fyrir um álit þeirra. Jafnframt tjáði ég þeim mína skoðun á málinu, sem sett var fram hér að framan og benti þeim á, að ég mundi líta svo á, að þeir samþykktu mína skoðun, ef mér hefði ekki borizt svar fyrir mánaðamót. Flestir þeirra létu hjá líða að svara nokkrum svörum. Sumir voru jákvæðir, aðrir töldu sig ekki hafa kannað þetta mál nægilega og vildu hafa frjálsar hendur og til voru þeir, sem voru algerlega á móti.“

Sem sagt, nokkuð skiptar skoðanir eru um þetta mál innan sýslunefndarinnar.

En í upphafi þessarar umsagnar segir sýslumaðurinn:

„Ég vil taka fram í upphafi, að efnislega er ég samþykkur frv., en hefði þó kosið, að ákvæðin væru lítið eitt öðru vísi orðuð, eitthvað í þá átt, að hreppur með 500 manns skuli kjósa 2 menn í sýslunefnd, hreppur með 1500 manns 3, hreppur með 3000 menn 4.“

Þannig er sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu frv. meðmæltur.

Þá kemur umsögn sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu:

„Hér í sýslu," segir hann, „er fjölmennasti hreppurinn, Dalvíkurhreppur, með 1026 íbúa, og nokkrir hreppar eru með 300—400 íbúa. Fámennustu hrepparnir eru Öxnadalshreppur og Grímseyjarhreppur með 87 íbúa hvor. Ég tel mjög óeðlilegt, að áhrif sýslubúa á úrlausn þeirra mála, sem lögð eru fyrir sýslunefndir, séu misjöfn eftir því, hvar þeir eru búsettir, og tel, að þetta þurfi að leiðrétta. Hins vegar er ég frekar andvígur því að fjölga í sýslunefnd og tel, að sameining hreppa, jafnvel með lagaboði, enda ósennilegt, að um nokkra sameiningu sveitarfélaga verði að ræða með öðrum hætti, sé eðlilegri leið til leiðréttingar á þessu misræmi. Sé sú leið talin ófær, er sjálfsagt ekki um annað að ræða en fjölga í sýslunefndum, eins og frv. gerir ráð fyrir."

Sem sagt, niðurstaða sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu er sú, að ef menn telja ekki fært að sameina sveitarfélög með lagaboði, þá sé eðlilegt að samþykkja þetta frv.

Þá kemur umsögn sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hún er svofelld:

„Eigi verður mótmælt þeim röksemdum, sem fram koma í grg. frv., að áhrif sýslubúa á úrlausn málefna, sem sýslunefnd fjallar um, hafi verið misjafnlega mikil eftir búsetu, enda er íbúafjöldi þeirra ærið misjafn. Má því segja, að réttmætt væri, að fjölmennustu hrepparnir fengju aukna hlutdeild í stjórn sýslumála. Hins vegar er á það að líta, að nú stendur yfir athugun á því að sameina hreppa í stærri heildir, og vinnur nefnd að því verkefni, sem mun hafa gefið hinu háa Alþingi skýrslu um störf sín, og virðist æskilegt að sjá, hvernig þeim málum reiðir af, áður en Alþ. samþykkir lagabreytingu í framangreinda átt."

Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er því þeim sjónarmiðum hlynntur, sem fram koma í frv., en telur réttara að bíða og sjá, hvernig sameiningarmálunum reiðir af.

Þá kem ég að umsögn sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu:

„Ekki minnist ég þess að hafa nokkru sinni heyrt fundið að þeirri skipan, sem gilt hefur í þessum efnum, þrátt fyrir náin kynni af störfum sýslunefnda um margra ára skeið. Sýslufundir fjalla um margþætt mál. Þau eru yfirleitt afgreidd með bezta samkomulagi. Örsjaldan skerst verulega í odda. Fulltrúar hreppanna, sýslunefndarmenn, eru allir jafnir, hvort sem þeir hafa fleiri eða færri kjósendur að baki, og það vita þeir og finna. Ég hygg, að það sé einmitt slík lýðræðiskennd, sem gert hefur slíka skipan mála farsæla og langlífa. Auk þess viðurkenna flestir, að fámenn sveitarfélög eiga á margan hátt í vök að verjast fram yfir þau, sem fjölsetnari eru. Hitt er svo annað mál, að nú er unnið að athugun á sameiningu sveitarfélaga, svo sem kunnugt er. Mun slík sameining víða eiga rétt á sér, þar sem hún miðar að því að létta lífsbaráttu þeirra fáu og smáu og auka hagræði af jöfnun byggðanna. Með hliðsjón af þessum fáu orðum tel ég ekki ástæðu til að stuðla að þeirri breytingu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir."

Ég hef þá lesið hér og kynnt það helzta í umsögnum þeirra sýslumanna, sem spurðir voru um álit sitt á frv. og ég túlka þessar umsagnir þannig, að tvímælalaust meiri hl. sýslumanna styðji þau sjónarmið, sem í frv. koma fram. Hitt er eftirtektarvert, að það eru einkum tveir sýslumenn, sem eru frv. andvígir. Það eru sýslumaður Árnessýslu og sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en það er einmitt í þessum tveimur sýslum, sem þetta misrétti, sem frv. er ætlað að bæta úr, er mest, því að í Snæfellsnessýslu er það þannig, að þar hafa 18% af íbúum sýslunnar meiri hl. í sýslunefnd, eða meiri hluti fulltrúa er kosinn þar af 18% íbúanna. Og í Árnessýslu er þetta 21% sýslubúa, sem eiga meiri hl. í sýslunefnd.

En það er út af fyrir sig rétt, sem fram hefur komið, bæði þarna í umsögnum sumra sýslumanna og einnig hjá hv. frsm. meiri hl., að það hefur lítið sem ekkert borið á því, að fjölmennari hreppsfélög kvörtuðu undan þessu misrétti og þau hefðu viljað fá úrlausn og réttarbót, ef svo má að orði komast. E. t. v. er það af þeim ástæðum, sem ég greindi hér í minni framsöguræðu. Menn hafa litið svo á, að þessar sýslunefndir væru ekki svo valdamiklar stofnanir, að það tæki því að vera að gera þar kröfur um meiri áhrif eða jafnari réttarstöðu sýslubúa. En mér finnst, að þetta séu ekki nein fullnægjandi rök til þess að hafna frv., því að vitanlega eiga menn að berjast gegn ranglætinu, þó að þeir, sem það verða að þola, kvarti ekki undan því. Og það, sem gerir þessa leiðréttingu brýnni en áður fyrr, er auðvitað sú byggðaþróun, sem hefur orðið í landinu á þá lund, að það fjölgar sífellt þeim hreppsfélögum, sem eru mjög fámenn, og hins vegar þeim, sem eru mjög fjölmenn. Ef maður lítur nokkra áratugi aftur í tímann, þá var miklu minna misræmi í íbúafjöldanum í hinum einstöku hreppsfélögum. Ég vil líka benda á í sambandi við það, sem hér hefur komið fram í þessum umsögnum og reyndar líka frá hv. frummælanda meiri hl., að með þessu sé á einhvern hátt verið að ganga á hlut hinna fámennustu hreppsfélaga innan sýslnanna, gera þeirra rétt minni og jafnvel hafa þau útundan, þá er sú hugsun auðvitað ekki á bak við þetta frv. Ég lít svo á, að í fjöldamörgum tilfellum, þegar sýslunefndir eru að afgreiða mál, þá eru þær ekki fyrst og fremst að afgreiða eitthvert mál, sem snertir sérstaklega hagsmuni eins hrepps kannske gegn hagsmunum annars innan sýslunnar, heldur er verið að afgreiða þar mál, sem snerta alla sýslubúa jafnt, og þá tel ég það auðvitað eðlilegt, að þeir menn, sem skipa sýslunefndirnar og taka afstöðu og ráða úrlausn þeirra mála, séu valdir þannig, að hver sýslubúi hafi sem jöfnust áhrif á val þessara fulltrúa sinna.

Þá kem ég að umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga um þetta frv., sem ég vil leyfa mér að lesa hér með leyfi forseta:

„Í sambandi við efni frv., er fjallar um kjör til sýslunefnda, vill stjórn sambandsins vekja athygli á því, að hún telur brýna nauðsyn bera til þess, að hafizt verði handa um endurskoðun á

skiptingu landsins í stjórnarumdæmi. Um nokkurt skeið hefur slík athugun staðið yfir varðandi sveitarfélögin, en e. t. v. er ekki síður ástæða til þess að endurskoða skiptingu landsins í sýslur, en sú skipting er, eins og alkunna er, víða fráleit við nútíma aðstæður. Stjórn sambandsins telur, að ákvæði frv. skipti ekki neinu höfuðmáli, en ef sýslurnar haldist áfram sem sveitarfélagasambönd og umdæmi, væri á margan hátt eðlilegra, að a. m. k. oddvitar hinna einstöku hreppsnefnda yrðu sjálfkjörnir fulltrúar hreppa sinna í sýslunefnd og með því yrðu tryggð þau tengsl milli hreppsstjórna og sýslunefnda, sem stjórn Sambandsins telur, að vera þurfi, en því miður hefur víða skort vegna þess, að sýslunefndarmenn eru kosnir sérstaklega, og hefur því tilviljun ráðið, hvort þeir hafa átt sæti í hreppsnefnd eða ekki. Þetta tilkynnist hv. þdn. hér með."

Það má segja, að niðurstaðan af þessari umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sé sú, að hún taki ekki beina afstöðu til frv. Hún er hlutlaus og segir, að ákvæði frv. skipti ekki neinu höfuðmáli. En ég tel rétt að fara nokkrum orðum um þessa umsögn.

Það er alveg augljóst, að forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga vilja gjörbreytingu á skipan sveitarstjórnarmála, ekki aðeins á skipan hreppsfélaga og sveitarfélaga, heldur líka á skipan sýsluumdæma. Þeir stefna að því, eins og reyndar kemur að nokkru leyti fram í frv. um sameiningu sveitarfélaga, að hér á landi verði eingöngu fá og stór hreppsfélög, hrepparnir helzt ekki minni en svona 800—1000 íbúa, og þegar sú skipan hreppanna sé komin á, sé kominn tími til að endurskoða sýsluskipunina þar á eftir. Það er þess vegna í sjálfu sér kannske ekkert óeðlilegt fyrir menn, sem hafa svona byltingarkenndar og róttækar hugmyndir, að þeir kæri sig ekkert um svona lagfæringu, telji það frekar verða til þess að tefja fyrir þeirri róttæku breytingu, sem þeir sjálfir stefna að. Hitt er svo annað mál, og það verða menn að meta, hvort það séu einhverjar raunhæfar forsendur fyrir þessum skoðunum og stefnumörkun ráðamanna Sambands ísl. sveitarfélaga um það, að þessi skipan mála, sem þeir stefna að, komist nokkurn tíma á í allra næstu framtíð.

Í nál. hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. segir svo, að það sýni bezt, hversu snöggsoðið frv. sé, að sveitarfélög með 401 íbúa eða fleiri skuli hafa 2 fulltrúa í sýslunefnd, en hin, sem færri íbúa hafa, 1 fulltrúa. „Viðmiðunin 400 íbúar án frekari rökstuðnings og fjölgun um 1 fulltrúa í fjölmennari sveitarfélögum er kjörregla, sem að okkar áliti er engan veginn knýjandi réttarbót, eins og háttar."

Nú er það auðvitað svo, að þegar einhver mörk eru sett, hvort sem þau eru sett við töluna 400 eða einhvers staðar annars staðar, þá getur alltaf talan 1 ráðið úrslitum, þ. e. a. s. hvort það eru 400 eða 401, hvort það eru 700 eða 701, hjá því er aldrei hægt að komast, þegar mörk eru sett. Þegar ég ákvað að setja töluna 400 í frv., hafði ég fyrst og fremst í huga íbúafjöldann í hreppsfélögum í landinu. Ég var með fyrir framan mig skrá yfir öll hreppsfélög í landinu og íbúafjölda þeirra, og þar kom fram, þegar ég athugaði þá skrá, að það voru 41 hreppsfélög, sem hafa yfir 400 íbúa, af eitthvað rúmum 200 hreppsfélögum, þannig að það er um fimmti hluti. Ég hafði það m. a. til hliðsjónar. Hitt tók ég fram í minni framsöguræðu, að vitanlega er alltaf álitamál, hvar á að setja svona mörk. En það álitamál má ekki valda því, að þarna verði engin breyting, engin mörk sett, heldur standi gamla reglan áfram. Það getur auðvitað verið matsatriði. Í mínum augum er 400—500 nálægt lagi. Hitt er annað mál, að þetta er matsatriði, og það komu ekki fram neinar till. frá þeim, sem skipuðu meiri hl. n. og standa að nál. um að breyta þessari tölu. Ég geri ráð fyrir, að við höfum jafnan verið til viðtals um það, ef það strandaði fyrst og fremst á því. Þá virðist þarna, eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hl., líka vera gagnrýnt, að þarna er bara miðað við 400. Síðan er þeim ekki fjölgað í 3, þó að íbúarnir verði 1000 eða 1500. Vissulega er það athugunarefni, hvort á að hafa þetta svona einfalt, enda taldi ég þessa leiðréttingu hér við 1. umr. málsins vera lágmark. En ég tel þó miklu betur að farið að stíga stutt skref en láta það ógert að stíga nokkurt skref í réttlætisátt.

Hér er líka sagt í þessu nál., að þeir, sem höfðu tjáð sig, telji frv. engan vanda leysa. — Það má auðvitað kalla þetta vanda frekar en að leiðrétta ranglæti, þó að það verði kannske ekki leiðrétt að fullu. En sumir af þeim, sem tjáðu sig um frv. og voru því frekar andvígir eða höfðu eitthvað út á það að setja — þeir höfðu aftur önnur vandamál að hugsa um. Það var annað, sem lá þeim meir á hjarta, og þeir sögðu: „Það er eitthvað annað, sem við þurfum að breyta í þessum lögum."

Nú tel ég, að þó að þetta frv. yrði samþ., mundi það alls ekki trufla á nokkurn hátt endurskoðun á sveitarstjórnarskipan eða sýsluskipan í landinu, og meira að segja, hvað varðar sameiningu sveitarfélaga, mundi samþykkt þessa frv. í einstökum tilfellum frekar greiða fyrir henni en hið gagnstæða. En ég tel ekki eðlilegt eða sanngjarnt að vísa þessu frv. frá á þeim forsendum, að öll þessi mál þurfi heildarathugunar við. Þetta mál er ákaflega einfalt. Það er hægt að leysa þetta sérstaka spursmál alveg óháð öllu því, sem hugsanlega kemur á eftir, enda er það trú mín, að þær hugmyndir, sem nú eru uppi um sameiningu sveitarfélaga og breytta umdæmaskipan landsins, eigi allar mjög langt í land, og þess vegna veit enginn, hvenær slíkar breytingar munu taka gildi. Það verður ekki fyrr en eftir fjölda ára. En það er full ástæða til þess að leiðrétta þetta, sem hér er ætlað að bæta úr strax, og í raun og veru er mjög auðvelt að framkvæma þessa leiðréttingu án þess að bíða eftir nokkru öðru, sem sé óskyldara. Niðurstaða okkar, sem þennan minni hl. skipum í heilbr.- og félmn., er, eins og fram kemur í nál. okkar á þskj. 179, sú að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. tókst, svo sem vita mátti, þar eð hann er talinn allgóður málflutn-

ingsmaður, að gera þokkalega grein fyrir frv. sínu og máli sínu, en hins vegar fannst mér hann seilast nokkuð langt til raka fyrir frv. í bréfi sumra sýslumanna. Ég satt að segja vildi ekki í minni frumræðu leggja það á hv. þdm. að fara að lesa upp þessi bréf, en efni þeirra er mun lengra en frsm. minni hl. las upp, og væri ekki ófróðlegt að lesa nokkur niðurlög þessara bréfa, en ég tel vart ástæðu til þess. Það, sem við segjum í okkar nál. um afstöðu sýslumannanna til þessa frv., hefur alls ekki verið hrakið þrátt fyrir þennan upplestur frsm. minni hl. á bréfum frá sýslumönnunum.

En það, sem skiptir máli, höfuðmáli, að okkar áliti er það, að málefni sýslunefnda þurfa öll að takast fyrir og enn fremur, hvernig haga skuli kjöri til sýslunefnda, ekki sízt þegar farið verður að hrófla við sýsluumdæmum, sem nú má vera, að verði fyrr en síðar. Við í meiri hl. teljum ekki svo brýna nauðsyn að ganga til þessarar breytingar, þegar þannig stendur á, að innan tíðar geta legið fyrir fullrannsökuð málefni sýslunefndanna, þar á meðal kjörbréf til sýslunefndar. Ég veit ekki, hvað hefur knúið hv. flm. til þess að leggja þetta frv. sérstaklega fram núna og krefjast þess, að þetta verði afgreitt án frekari athugunar og sambands við önnur málefni sýslunefnda.

Ég skil það ákaflega vel, að hann sæki sitt mál fast, og það er ákaflega eðlilegt. En það versta við þessar umsagnir er það, að þær koma ekki frá sýslunefndunum. Það hefur engin sýslunefnd í landinu fengið þetta mál til athugunar. Það væri náttúrlega í raun og veru langeðlilegast, að þær fengju á sínum sýslufundum á *næsta vori tækifæri* að taka þetta mál til yfirvegunar og fá það þar formlega afgreitt. Þess vegna sýnist mér allt bera að sama brunni um það, að það sé engin ástæða til þess að samþykkja þetta frv. núna. Það geti ósköp vel beðið. Þessi ákvæði um kjör í sýslunefndir hafa verið það lengi í gildi, að ég hygg, að það mundi engan, a. m. k. mjög fáa saka, þó að þau héldu svolitið lengur sínu gildi, meðan verið væri að athuga nánar um þessi mál.

Ég tel svo ekki ástæðu af minni hálfu að fjalla frekar um þetta. Þetta mál liggur ákaflega ljóst fyrir öllum hv. þdm., en ég ítreka það, að við í meiri hl. leggjum til, að frv. verði, eins og nú háttar og ástæður eru allar, felllt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., en mér þykir þó rétt eftir þær umr., sem hér hafa orðið, að koma fram með þær hugleiðingar, sem með mér hafa orðið, við skoðun þessa máls.

Þegar ég sá þetta frv. fyrst fyrir mér hér í þingi, þá kom mér það nokkuð mikið á óvart, að það skyldi hér koma fyrir till. um breytingu á málefnum sýslunefnda, og þó væri þar aðeins fjallað um þá hluti, sem ég, eftir 35 ára setu í sýslunefnd, hafði aldrei orðið var við, að væri neinn vandi við að fást. Hins vegar er mér það ljóst og hef orðið þess iðulega var á þessu árabili, sem ég hef átt sæti í sýslunefnd, að þar er við annan vanda að fást, stórlegan, sem er tekjuþörf sýslufélaganna. Það má segja það, að nú hin síðari ár hafi nokkuð verið breytt um starfshætti á sýslufundum frá því, sem áður var, og hafa ýmis málefni verið tekin úr höndum sýslunefndanna, sem tóku þar iðulega nokkuð mikinn tíma og voru á sínum tíma allmikil átakamál milli sveitarfélaganna. Þar á ég sérstaklega við vegamálin, sem nú eru að mestu horfin úr höndum nefndanna, en falla að verulegu leyti núna undir Vegagerð ríkisins og er stjórnað af henni að mestu leyti.

Eins og högum er háttað, eru tekjustofnar sýslufélaganna engir í raun og veru, aðrir en þeir, sem sýslufélögin fá með niðurjöfnun á sín hreppsfélög. Og þau verkefni, sem sýslunefndirnar aðallega starfa að á þessum tímum og *skipta sínum tekjum til, munu víða vera í* fyrsta lagi til heilbrigðismálefna, eins og sjúkrahúsa og elliheimila og slíks, svo og fræðslumála. Misjafnlega mikið er það þó, sem til þeirra gengur frá sýslufélögunum, en ef ég miða við það sýslufélag, sem ég er kunnugastur í, þá ganga þeir fjármunir mest til húsmæðraskóla, iðnskóla og tónlistarskóla. Þá eru það lögreglumálefni og embætti byggingarfulltrúa. Þetta eru höfuðþættir þeirra mála, sem sýslan hefur afskipti af nú og leggur fjármagn til.

Það vill svo til, að þessi málefni öll, ef þau eru í nokkru lagi, munu fyrst og fremst verða til þess að verða tekjuaukandi fyrir þau sveitarfélögin, sem stærri eru, vegna þess að þessar stofnanir, sem ég hef hér rætt um, og þeir starfsmenn, sem ég hef einnig minnzt á, eiga búsetu fyrst og fremst í stærri sveitarfélögum. Þar með er þessi starfræksla orðin tekjuaukandi fyrir stærri sveitarfélögin.

Það er rétt, sem hér hefur verið bent á, að það er mesta misræmi, sem verður milli íbúanna, á bak við fulltrúa í sýslunefnd Árnessýslu, þar sem Selvogshreppur var með 26 íbúa, en Selfosshreppur 2405 íbúa. Það er þess vegna mjög eðlilegt, að á það sé bent, að þetta sé mjög óeðlileg skipting. En um leið og þetta er skoðað, hygg ég, að menn ættu að setja sig í spor þeirra manna, sem búa í þessum minnstu og fámennustu hreppum og huga að því, hvort þeir óskuðu frekar eftir því að vera stórt atkv. á bak við sýslunefndarmann úr Selvogi eða smærra atkv. á bak við sýslunefndarmann á Selfossi.

Frsm. minni hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Mér kom það eitt í hug við þessa umr., hvort ekki væri hægt að leita einhverra fordæma, þar sem um fulltrúaval væri að ræða, sem mætti bera saman við þá skipan, sem ég hef leitazt við að koma á sýslunefndakjör með þessu frv. Meðan gamla kjördæmaskipanin var við lýði, voru sýslurnar í landinu sérstök kjördæmi, og þessar sýslur voru ýmist einmennings- eða tvímenningskjördæmi. Ég held, að menn hafi yfirleitt verið sammála um það, eins og reyndar var, að hinar fjölmennari sýslur væru tvímenningskjördæmi en hinar fámennari einmenningskjördæmi, þó að byggðaþróun síðan *hafi kannske eitthvað raskað* því, en þannig hygg ég, að þetta hafi verið sett í upphafi. Skiptir þar engu eða litlu um það að vísu, hvort í tvímenningskjördæmi ættu að vera hlutfallskosningar eða ekki. En ég hygg, að öllum

hafi komið saman um það, að það væri eðlilegt, að fjölmennari sýslur hefðu tvo þm. og hinar fámennari einn, og það er í raun og veru alveg hliðstæða við þetta, sem hér er verið að gera.

Nú verður það auðvitað svo eftir þessu frv., að hin fámennari hreppsfélög hafa verulega meiri áhrif í sýslunefndunum, þó að þarna fari fram nauðsynlegar lágmarksleiðréttingar að mínum dómi. En mér finnst ekki hægt að líta á þetta, eins og t. d. er talað um kjördæmaskipun landsins og sagt, að í höfuðborginni eigi að vera fleiri kjósendur á bak við hvern þm., en aftur færri úti í dreifbýlinu. Mér finnst ekki hægt að líta á sýslur á sama hátt, t. d. að Selfoss hafi einhverja höfuðborgaraðstöðu í Árnessýslu eða eitthvað slíkt. Þetta eru nú nefndir, sem koma ekki saman nema einu sinni á ári, enda er það, eins og ég sagði áðan, grundvallaratriðið, að sýslunefndirnar eru yfirleitt að leysa hagsmunamál sýslubúa í heild. Þær eru ekki endilega að leysa ágreiningsmál á milli hreppsfélaga eða þar sem hagsmunir hreppsfélaganna togast mikið á, heldur eru þær að leysa vandamál sýslubúa í heild, og eftir sveitarstjórnarlögunum verður maður að segja, að hvert það mál, sem snertir hagsmuni sýslubúa, sé málefni sýslunefnda.

Þá vil ég víkja hér að lokum að því, sem segir hér í þessu niðurlagi nál. meiri hl. Þar segir, að „ef á annað borð telst nauðsynlegt að hreyfa við ákvæðum laga um sýslunefndir, fer að okkar hyggju bezt á því, að þau verði tekin til rækilegrar endurskoðunar í heild.“ Mér finnst, að þetta deilumál hér snúist öðrum þræði um það, hvort þm. eigi að eigin frumkvæði og á sjálfstæðan hátt að beita sér fyrir breytingum á löggjöfinni. Menn hafa kvartað undan því og stundum með réttu, að Alþingi væri að verða afgreiðslustofnun fyrir alls konar sérfræðinga, en þm. hefðu sjálfir tiltölulega lítið frumkvæði. Og það ber líka mikið á því, þegar þm. vilja sjálfir breyta einhverjum l., þá flytja þeir ekki frv., þá flytja þeir þáltill. í Sþ. um það, að þessi og þessi lög verði tekin til endurskoðunar. Stundum er löggjöfin svo margþætt, og það svo margt, sem þm. vill breyta, að þetta er kannske æskilegt, en í öðrum tilfellum er þetta alveg óþarft. Reyndar má segja, að það sé ósköp eðlilegt, að einstakir þm. hafi beint frumkvæði um það að breyta landslögum, þegar þeim býður svo við að horfa, og það eigi ekki alltaf að vísa þessum tilraunum á bug með því, að þetta þurfi allt rækilegri endurskoðunar við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓB, SvG, AuA, BJ, JÁH, JÞ, JR.

nei: ÞÞ, StG, AJ, ÁB, BGuðbj, BFB, KTh, GilsG.

4 þm. (KGuðj, ÓlJ, EggÞ, JónÁ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Axel Jónsson: Ég er fylgjandi því, að l. um sýslunefndir og kosningar sýslunefnda verði tekin til endurskoðunar, en tel, að þær breytingar, sem hér eru lagðar til varðandi þessi mál, leysi ekki vanda og bendi sérstaklega á í því sambandi, að það ákv., sem er nú í sveitarstjórnarl. um fjölda í sveitarfélögum til að hafa sérstök réttindi, er miðað við 500 manns. Ég sé því ekki, hvers vegna hér er tekin fyrir talan 400. Ég tel, að þessi mál þurfi miklu ýtarlegri athugun við, heldur en verið hefur gert fram að þessu, og segi þar af leiðandi nei.

Frv. þar með fallið.

3. Heimild handa Kvennaskólanum til að brautskrá stúdenta.

Á 11. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta [70. mál] (þmfrv., A. 78).

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á s. l. vori flutti menntmn. þessarar hv. deildar samkvæmt ósk menntmrn. frv. um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta. Málið hlaut góðar viðtökur í d., en sökum þess, hve áliðið var orðið, náði það ekki endanlegri afgreiðslu.

Í byrjun þessa þings skrifaði menntmrn. n. og óskaði, að hún flytti frv. á nýjan leik. Að þessu sinni varð n. ekki sammála um að endurflytja frv., og er það því flutt af meiri hl. menntmn.

Mál þetta var allmikið rætt á s. l. vori, og sé ég því ekki ástæðu til að rifja upp efnisatriði þess eða fjalla um þau, en vil aðeins fylgja frv. úr hlaði með þessum orðum um formsatriði þess og leggja til, herra forseti, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 19. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., 20. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 78, n. 205 og 206).

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Þar sem þetta mál hefur áður legið hér fyrir d. og var rætt mjög ýtarlega á síðasta þingi, sé ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það. N. hefur að þessu sinni rætt málið mikið á 4 fundum. Hún hefur leitað álits stjórnar Kvennaskólans, og meiri hl. hennar hefur komizt

að þeirri niðurstöðu, að æskilegt væri að veita Kvennaskólanum þessi umbeðnu réttindi.

Það hefur verið þróunin á undanförnum árum, að fleiri og fleiri menntaskólar hafa bætzt í hópinn, og er það ekki nema góðra gjalda vert, því að vafalaust eru flestir þeirrar skoðunar, að stúdentsmenntun sé almennt góð. Það hefur þegar fengizt nokkur reynsla af þessum nýju skólum, bæði af Verzlunarskólanum og Kennaraskólanum og raunar fleiri skólum, og eftir því, sem frekast er vitað, hefur sú reynsla verið góð. En til þess að skóli geti fullnægt kröfum, sem gera verður til skóla, sem útskrifa stúdenta, þarf hann að hafa á að skipa hæfu kennaraliði og sæmilegum húsakosti. Eftir þessu hafa forráðamenn skólans verið inntir og þeir talið hvort tveggja fullnægjandi, a. m. k. fyrst um sinn. N. hefur klofnað í málinu, og minni hl. skilar hér séráliti, en meiri hl. stendur að þessu frv. og óskar eftir, að það verði samþ. óbreytt.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þessi hv. d. hefur tvívegis samþ. fyrir sitt leyti nýtt frv. um skipan menntaskólanáms á Íslandi. Í 4. gr. þess frv. er skráð meginregla, sem höfundar frv. hafa talið grundvallaratriði að því er varðar menntaskólanám, og meginreglan er ósköp einföld. Hún er svohljóðandi: „Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.“ En þegar frv. til l. um menntaskóla kom til umr. í menntmn. á síðasta þingi, þá kom það fram þegar á fyrsta fundi, að ætlunin myndi vera að brjóta þessa meginreglu þegar í stað. Það var um það talað, að hæstv. menntmrh. mundi telja ákvæði 5. gr. menntaskólafrv. fullnægjandi til þess, að hann gæti veitt Kvennaskólanum heimild til þess að brautskrá stúdenta, þó að þar sé ekki um að ræða jafnan rétt fyrir pilta og stúlkur. Þessi undanþágugrein í menntaskólafrv. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Setja má á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknum ákvæðum þessara l., enda fullnægi þeir þeim skilyrðum sem l. setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla.“

Menntmn. taldi í fyrra, að það væri öldungis óeðlilegt að veita Kvennaskólanum réttindi samkvæmt þessari gr., og n. sneri sér til hæstv. menntmrh. og vakti athygli hans á þessu. Taldi n., að ef til ætti að koma, að Kvennaskólinn fengi þessi réttindi, þyrfti að flytja um það sérstakt frv., þannig að Alþ. tæki um það ákvörðun sem sérstakt mál. Þetta leiddi til þess, að hæstv. menntmrh. bað menntmn. að flytja sérstakt frv. um þessi réttindi til handa Kvennaskólanum. Þetta frv. var samið á vegum hæstv. ráðh., en þegar n. barst það, brá svo undarlega við, að því fylgdi engin efnisleg grg. Þar var enginn rökstuðningur fyrir því, að þetta væri skynsamleg ákvörðun. Engin grein var gerð fyrir því, hvernig þetta mál væri hugsað í Kvennaskólanum, eða hverjar aðrar afleiðingar væru af þessari ákvörðun. Það var rekið mikið eftir þessu frv. í fyrra í þessari hv. d., og gafst ákaflega naumur tími til þess að athuga það, en það kom raunar í ljós, að þessi eftirrekstur hafði þann einn tilgang, að hægt væri að svæfa málið á sama stigi og sjálft menntaskólafrv. í Ed.

Í haust, þegar þing kom saman, endurtók það sig, að hæstv. ráðh. bað menntmn. Nd. að flytja þetta frv. á nýjan leik. Ég lýsti þá yfir því á fundi hjá n., að ég sæi ekki ástæðu til þess að standa að flutningi slíks frv., þar sem ég hefði þegar lýst yfir því, að ég væri andvígur þessu frv. Ég spurði þar um það, hvernig á því stæði, að n. væri ár eftir ár beðin að flytja þetta frv., hvers vegna væri þetta ekki flutt sem venjulegt stjórnarfrv., eins og eðlilegt hefði verið, — stjórnarfrv., sem fylgt hefði ýtarleg grg. sérfróðra manna um nauðsyn þessara framkvæmda. Ég fékk engin svör við þessu. Ég spurði að því í n., hvort ástæðan væri e. t. v. sú, að um þetta mál væri ágreiningur innan hæstv. ríkisstj. og þess vegna væri ekki unnt að flytja málið sem stjórnarfrv. Ég fékk ekki svör við því heldur. En mér þætti fróðlegt, ef einhver hæstv. ráðh. vildi gefa vitneskju um þessi atriði hér, því að mér finnast þetta vera mjög undarleg vinnubrögð af hálfu hæstv. ríkisstj. að láta n. flytja þetta mál þannig aftur og aftur og gera ekki málefnalega grein fyrir nauðsyn þess. Síðan urðu málalokin þau, að meiri hl. n. hefur flutt þetta frv., og á sama hátt og í fyrra fylgir því engin grg., eða aðeins fimm línur og í þeim stendur ekkert efnislegt.

Hins vegar kemur það fram í sjálfu menntaskólafrv., að n., sem það frv. samdi, fékk í hendur nokkra grg. um þetta mál. Hún ræddi þetta mál mjög ýtarlega, og hún komst að ákveðinni niðurstöðu um það. Meiri hl. n., þ. e. a s. skólastjórar allra menntaskóla á Íslandi, skólastjóri Kennaraskólans og þáverandi rektor Háskóla Íslands lögðust allir gegn því, að Kvennaskólinn fengi þessi réttindi. Ég hef prentað álit þessara höfunda menntaskólafrv., sem fylgiskjal með nál. mínu og vænti þess, að allir hv. þm. hafi lesið það. Meginrök þeirra eru þau, að þeir telja að þessi ákvörðun brjóti í bága við þær meginreglur, að menntaskólar séu samskólar, og að þeir verði aðskildir frá gagnfræðastiginu.

Í annan stað benda þeir á, að sérstakur bekkur fyrir stúdentsnám í Kvennaskólanum myndi ekki gera kleift að framkvæma meginhugmynd menntaskólafrv. um valfrelsi. Þeir benda einnig á, að skólastærðin mundi gera það mjög erfitt að koma upp föstum og samstæðum kennarahópi — þarna yrði að mestu um að ræða stundakennara, og það gæti ekki orðið eins mikil festa í slíku skólastarfi og æskilegt væri.

Ég tel, að okkur beri að gefa þessum röksemdum skólamannanna sérstakan gaum, einmitt vegna þess að við erum að vinna að því — og ég vænti þess, að það verði gert á þessu þingi — að gerbreyta öllu skólakerfinu á menntaskólastiginu. Og þegar við framkvæmum slíka breytingu, verðum við að vita, hvað við erum að gera. Einstakar ákvarðanir okkar í skólamálum verða þá að vera í samræmi við sjálfa heildarstefnuna.

Ég tel, að einmitt þetta atriði — að marka heildarstefnuna og fylgja henni eftir — ætti að vera mönnum sérstaklega ríkt í huga í sambandi við skólamálin um þessar mundir. Einmitt á síðasta ári keyrði stjórnleysið í skólamálum algerlega um þverbak. Vandamálin hrönnuðust upp, án þess að hæstv. menntmrh. og félagar hans

hefðu gert sér nokkra raunhæfa grein fyrir þeim fyrirfram, og stjórnarvöldin hröktust hreinlega undan vandamálunum. Ég vil minna á nokkra atburði, sem gerðust á þessu sviði. T. d. skipaði hæstv. menntmrh. allt í einu sérstaka n. til þess að leggja á ráðin um nýjar námsleiðir að loknu landsprófi eða gagnfræðaprófi, og n., sem í þetta var sett, var falið að ljúka verki sínu á rúmum mánuði. Nú eru slík vinnubrögð að sjálfsögðu alger fásinna, og ástæðan til þess, að n. lauk þessu verkefni engu að síður, var auðvitað sú, að menn höfðu lengi verið að hugsa um þessi mál og höfðu myndað sér skoðanir um þau. Engu að síður hafi hlotizt vandræði nú þegar af þessum skjótu ákvörðunum. Nú er uppi deila, eins og kunnugt er, milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarstjórna hins vegar um kostnað af þessum nýju námsleiðum. Þá deilu hefði auðvitað verið hægt að leysa, ef að þessu hefði verið unnið með einhverri fyrirhyggju, en þegar hlutirnir eru gerðir í slíku bráðræði, hljótast ævinlega vandkvæði af.

Ég vil minna á það, hvernig hæstv. menntmrh. stofnaði hér í Reykjavík nýjan menntaskóla í algeru fumi vegna þess, að honum vitraðist allt í einu sú staðreynd, að það yrði ekki rúm fyrir alla þá, sem ættu rétt á menntaskólanámi í Reykjavík. Og þá lá svo mikið á, að það gafst ekki einu sinni tími til að ráða sérstakan skólastjóra og sérstaka kennara handa þessum nýja menntaskóla. Síðan gerðist það, að hæstv. ráðh. var tekinn sérstaklega til bæna á Vestfjörðum og hreinlega knúinn til að gefa þar loforð, sem hann var búinn að draga við sig í mörg ár þar á undan.

Ég þarf ekki að rifja upp atburði þá, sem gerzt hafa í Háskóla Íslands. Stöðug átök út af því, að þar er ekki aðstaða til þess að veita þá kennslu, sem á að veita; hringlandaháttinn í sambandi við læknadeildina, fram og til baka, vegna þess að hæstv. ráðh. gerði sér ekki ljóst nógu snemma, hvert þróunin stefndi. Þar er ástandið þannig, eins og rektor Háskólans hefur nýlega skýrt frá, að hann telur ástandið í húsnæðismálum slíkt, að þar sé hreinlega um að ræða heilsuspillandi húsnæði fyrir suma af þeim, sem þar stunda nám.

Ég held, að það sé algerlega ljóst, að stjórnleysi af þessu tagi verður að linna. Við verðum að marka heildarstefnu í skólamálum og fylgja henni eftir og haga einstökum ákvörðunum í samræmi við hana. Og þetta á auðvitað við um nýja menntaskólakerfið. Nýja menntaskólakerfið er annað og miklu meira en lagasetning. L. eru einvörðungu rammi, sem síðan þarf að fylla út í. Þar verður samning reglugerðar ákaflega mikilvæg, en við skulum einnig gera okkur það ljóst, að þessu nýja kerfi fylgir mikill tilkostnaður, ef það á að ná tilgangi sínum. Nýja kerfið gerir ráð fyrir stórbættri starfsaðstöðu í skólunum og mjög auknum tækjabúnaði. Og ef á að framkvæma þessi lög í verki á næstu árum, þá verður að gera áætlanir um þessar framkvæmdir.

Mér er því spurn: Hverjar eru heildaráætlanir hæstv. ríkisstj. um framkvæmdir í skólamálum, bæði með tilliti til þess, sem gera þarf í menntaskólamálum, á lægri skólastigum og á háskólastiginu, að ógleymdri þeirri stóraukningu í iðn- og tæknimenntun, sem hlýtur að vera fram undan, ef mönnum er nokkur alvara með að iðnþróa Ísland?

Við þurfum að hafa vitneskju um þessi atriði, og gera okkur síðan grein fyrir því, hvernig áformin um stúdentsdeild við Kvennaskólann falla við þessar áætlanir, því þetta frv. um heimild handa Kvennaskólanum til þess að brautskrá stúdenta er einnig annað og meira en að veita formleg réttindi á blaði. Einnig það dregur dilk á eftir sér. Hvernig er t. d. háttað þeim húsakosti, sem nú er talað um að sé nægilegur til þess að bæta við slíkri deild a. m. k. í nokkur ár. Ástandið í þessum skóla hefur verið þannig, að á haustin hefur verið hægt að hleypa inn í hann um 60 nemendum. Það hafa verið valdir úr þeir, sem hæstu einkunn hafa. Það hafa verið einn þriðji og allt niður í einn fjórði af þeim, sem sótt hafa. Þarna hefur sem sagt verið um að ræða mikil húsnæðisvandræði. En auk þrengslanna er sjálft skólahúsið óhæft með öllu. Skólastjóri Kvennaskólans og formaður skólanefndar lýstu ástandinu svo í bréfi til hæstv. menntmrh. haustið 1967, þegar farið var fram á fjárveitingu til nýs húsnæðis handa Kvennaskólanum, með leyfi hæstv. forseta:

„Skólahúsið við Fríkirkjuveg er eign Kvennaskólans ásamt lóð. Skólahús þetta var byggt árið 1909. Það er eðlilega fyrir löngu orðið alls ófullnægjandi fyrir starfsemi skólans. Í húsinu er timburloft. Sumar kennslustofurnar eru undir súð. Langt er frá, að þessi húsakynni fullnægi einföldustu skilyrðum til nútíma skólastarfs og heilbrigðishátta.“

Sem sagt skólastjórinn og formaður skólan. lýsa yfir því, að það sé langt í frá að húsakynnin fullnægi einföldustu skilyrðum til nútíma skólastarfs og heilbrigðishátta. Þannig var ástandið, og inn í þetta hús er nú talað um að bæta við nýrri deild, sem brautskrái stúdenta. Ég held, að það sé algerlega augljóst mál, að þarna er ekki um að ræða réttar upplýsingar til Alþ. Þetta getur ekki staðizt. Afleiðing af þessu frv. verður auðvitað sú, að það verður að byggja nýtt skólahús, sem kosta mun tugi milljóna kr. Þegar sótt var haustið 1967, var rætt um, að nýtt skólahús mundi kosta 16 millj. Síðan hafa orðið tvær gengislækkanir og varla of mælt, að sams konar hús mundi nú kosta 30—40 millj. Eigi að bæta þarna við sérstakri stúdentsdeild, þ. e. a. s. að auka starfsemi skólans sem þessu nemur, þá verður vafalaust um að ræða mun stærra hús, og því spyr ég enn: Falla þessi áform um að byggja nýtt og stórt hús handa Kvennaskólanum í Reykjavík inn í framkvæmdaáætlun hæstv. ríkisstj. um það, sem gera þarf í menntamálum næstu árin? Ég vil í þessu sambandi minna á, að viðhorfin frá því í fyrra hafa einnig breytzt. Í fyrra var þetta frv. m. a. rökstutt með því, að við mundum á næstunni þurfa á fleiri menntaskólum í Reykjavík að halda, og að þessi kvennamenntaskóli mundi þá bæta úr almennri þörf, en síðan hefur bætzt við nýr menntaskóli í Reykjavík, þannig að ekki er fyrirsjáanlegur húsnæðisskortur fyrir menntaskólanám í Reykjavík á næstunni, þegar búið er að ljúka þeim verkefnum, sem verið er að vinna að í Hamrahlíðarskóla. En samt á að byggja nýtt skólahús handa

Kvennaskólanum með þeirri röksemd, að þar eigi að koma upp sérstakri menntaskólanámsdeild. En þeir peningar, sem í þetta fara, verða að sjálfsögðu ekki notaðir í annað. Ég vil biðja menn að hugleiða það, hverju á þá að fresta á móti.

Menn hafa í sambandi við þetta mál skírskotað nokkuð til tilfinninga og sagt, að Kvennaskólinn sé merkur skóli, sem verðskuldi stuðning og viðurkenningu. Sízt skal ég hafa á móti því, að Kvennaskólinn á sér mjög merka sögu. Hann var stofnaður til þess að styðja sérstaklega jafnréttisbaráttu kvenna, á meðan konur höfðu ekki jafnrétti til náms á Íslandi. En það formlega jafnrétti hafa konur nú haft í rúma 6 áratugi. Og sá formlegi réttur hefur óðum verið að breytast í raunverulegan rétt á undanförnum áratugum. Nú fæ ég ekki séð, að það sé um að ræða neinar formlegar torfærur fyrir stúlkur umfram pilta í sjálfu skólakerfinu. Torfærurnar eru í þjóðfélaginu sjálfu, en ekki í skólakerfinu. Og einmitt þess vegna brýtur þessi hugmynd um Kvennaskólann — að honum verði breytt í menntaskóla að nokkru leyti — í rauninni í bága við upphaflegan tilgang með stofnun Kvennaskólans, því þessi hugmynd er fyrst og fremst rökstudd með því, að staða kvenna í þjóðfélaginu sé slík og verði slík, að þeim hæfi sérstök tegund af stúdentsmenntun. Þetta kemur mjög greinilega fram í þeirri einu grg., sem ég hef séð um stuðning við þessa málaleitan Kvennaskólans. Það er grg. Birgis Thorlacius, sem prentuð er sem fskj. með menntaskólafrv. Þar færir hann fram þessi rök fyrir því að styðja beiðni Kvennaskólans, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt því sé iðulega haldið fram, að stúlkum henti annað nám betur heldur en stúdentsmenntun, af því að svo fáar þeirra ljúki háskólaprófi, þá má ekki vanmeta þau áhrif, sem vel menntuð húsmóðir hefur á heimili sitt og umhverfi og því betri almenna menntun, sem menn fá, því betri skilyrði eiga menn að hafa til fyllra og ánægjulegra lífs. Ef Kvennaskólinn í Reykjavík fengi réttindi til þess að brautskrá stúdenta, myndi námsefni hans, þegar fram líða stundir, vafalaust verða þannig, að auk þess að veita þá menntun, sem krafizt er til inngöngu í háskóla hér og erlendis, yrði áherzla lögð á námsgreinar, sem sérstaklega væru við hæfi kvenna."

Þarna er sem sé um að ræða aðalrökstuðninginn fyrir því, að Kvennaskólinn fái réttindi til þess að útskrifa stúdenta. Það á að hafa sérstakan skóla, þar sem námsefnið sé við hæfi kvenna og sé við það miðað, að velmenntuð húsmóðir geti haft góð áhrif á heimili sitt og umhverfi. Þessi hugmynd byggist sem sé á því, að áfram haldist það ástand, að konur skipi óæðri bekk í þjóðfélaginu en karlar, að þær taki ekki eins mikinn þátt í sameiginlegum verkefnum þjóðfélagsins, að þær láti sér að verulegu leyti nægja að starfa á heimilum sínum. Og þess vegna þurfi sérstakan skóla, sem miðaður sé við þessar þarfir. En þetta er hugmynd, sem gengur að sjálfsögðu í berhögg við alla jafnréttisbaráttu kvenna. Þetta frv. er ekki stuðningur við réttindabaráttu kvenna, heldur þvert á móti. Þetta er afturhaldssjónarmið.

Við vitum allir, að starfsvettvangur kvenna í þjóðfélaginu hefur verið að breytast mjög á undanförnum áratugum, og ég held, að það sé ekkert vafamál, að þróunin verður sú, að þessar breytingar munu halda áfram, að jafnrétti karla og kvenna til starfa haldi áfram að aukast. Til þess þarf vissulega margar þjóðfélagslegar breytingar enn þá, svo að konur eigi þess kost að nota sem bezt hæfileika sína og þekkingu. En þær breytingar verður að framkvæma, og þær verða alveg tvímælalaust framkvæmdar á næstu áratugum. Breyting á skólakerfinu, sem miðast við allt önnur sjónarmið, er algerlega röng og stríðir gegn þessari réttindabaráttu kvenna.

Ég hygg, að þetta mál — jafnrétti karla og kvenna — sé mikið félagslegt stórmál, og að við þurfum að horfast í augu við það, að þótt verulegur árangur hafi náðst að undanförnu, þá hrekkur hann engan veginn til. Við þurfum ekki annað en líta í kringum okkur hér í þessum sal. Hér situr engin kona okkar á meðal, enda þótt konur séu helmingur þjóðfélagsins. Svipuðu máli gegnir um sveitarstjórnir, þátttaka kvenna í þeim er ákaflega lítil. Og þetta stafar ekki af mismunandi hæfileikum, heldur er þjóðfélagsleg aðstaða kvenna til að taka þátt í slíkum málum ekki nægilega góð. Þær hafa ekki haft raunverulegt jafnrétti. Og slíkt hið sama er að segja um atvinnulífið. Á flestum sviðum er að vísu sagt í orði kveðnu, að greidd séu sömu laun fyrir sömu vinnu. En fram hjá þessu er farið á blygðunarlausan hátt, með því t. d. að kalla störf kvenna öðrum nöfnum en störf karla, og greiða þeim síðan lægri laun. Þess vegna er mikið ógert í baráttunni fyrir því að breyta sjálfri gerð þjóðfélagsins þannig, að konur geti notið raunverulegs jafnréttis. En skólaskipan, sem felur það í sér að festa í sessi það ranglæti, sem nú tíðkast, stríðir gegn hagsmunum kvenna. Ég held, að það sé ástæða til þess að leggja á þetta nokkra áherzlu, vegna þess að ég hef orðið var við það, að sumir þm. virðast ímynda sér, að þeir séu að sýna konum einhvern sérstakan stuðning með því að fylgja þessu frv. Hið gagnstæða er raunin.

Það hefur raunar komið æ skýrar í ljós að undanförnu, að konur eru þess síður en svo fýsandi, að þetta frv. verði samþ., og ekki heldur þeir, sem mest hugsa nú um menntaskólanám, nemendur menntaskólanna, sem lýst hafa fullri andstöðu við þetta frv., og skólastjórar þeirra allra, eins og ég skýrði frá hér áðan. Á s. l. sumri kom út ársrit Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní. Þar var sérstök grein um þetta frv. eftir Öddu Báru Sigfúsdóttur og var þar tekin mjög eindregin afstaða gegn frv. í þessu málgagni Kvenréttindafélagsins.

Ég vil með leyfi hæstv. forseta lesa örstuttan kafla úr þessari grein Öddu Báru Sigfúsdóttur. Þar segir svo:

„Í yfirlýsingu annars minni hl. nefndarinnar er talið mikilvægt, að til sé menntaskóli í landinu, sem lokar ekki algerlega augunum fyrir þeirri staðreynd, að flestar stúlkur, sem stúdentsprófi ljúka, eiga fyrir sér að verða mæður og húsmæður. Einnig er minnzt á, að væntanlegur stúlknastúdentaskóli muni ráða bót á stórri vanrækslusynd menntaskólanna, sem fyrir eru, að því er varðar hinar sérstöku menntunarþarfir

kvenna. Minni hl. mennirnir sjá konuna greinilega fyrst og fremst innan veggja heimilisins. En sé hún þar ekki, skín í hana við ritvélina í einhverri undirtyllustöðu. Og víst er það, að sérstakur menntaskóli fyrir konur mun fremur stuðla að óbreyttri stöðu kvenna í þjóðfélaginu, viðhalda þeirri stöðu, sem við kvenréttindakonur erum ekki ánægðar með og viljum breyta. Ég viðurkenni ekki, að til eigi að vera sérstakar námsgreinar við hæfi kvenna í menntaskólum og kannast ekki við neinar vanrækslusyndir þeirra skóla, sem bitna fremur á stúlkum en öðrum nemendum. Hér er ef til vill átt við vélritun, saumaskap og matseld. Sé svo, er því til að svara, að vélritun eiga menn að vera búnir að læra, þegar að menntaskólastiginu kemur. En hin hversdagslegu heimilisstörf má læra á námskeiðum eða í heimahúsum, og það kemur ekki menntaskólanámi við. Það er aftur á móti rétt, að menntaskólarnir taka ekki tillit til þess, að flestar stúlkur verða mæður. En þeir taka ekki heldur tillit til þess, að flestir piltar verða feður. Þetta mættu þeir þó hvort tveggja gera með því að kenna sálar- og uppeldisfræði og það einmitt í samskóla. Einnig mættu menntaskólarnir taka tillit til þess, að allir verða nemendur þeirra fólk, sem lifir í samfélagi við annað fólk, og það mætti gjarnan auka á skilning þeirra á því samfélagi með bættri kennslu í þjóðfélagsfræðum auk þeirrar siðfræði, sem samskipti manna ættu að grundvallast á.

Kvennaskólinn í Reykjavík er gömul og merk stofnun, og sjálfsagt er kominn tími til að breyta henni á einhvern hátt. Ég veit, að skólastjóri hans er mikilhæf kona og hefur ekki síður náð árangri sem kennari drengja en sem kennari stúlkna. Ég vildi mjög gjarnan sjá hana sem rektor menntaskóla. Og hví þá ekki að breyta Kvennaskólanum í Reykjavík í almennan menntaskóla, sem bæði piltar og stúlkur ættu jafnan aðgang að?"

Þannig komst Adda Bára Sigfúsdóttir að orði í ársriti Kvenréttindafélags Íslands í sumar. Nú fyrir nokkrum vikum barst okkur þm. í hendur tölublað af tímaritinu Garmi, sem út er gefið af félagi stúdenta í heimspekideild Háskóla Íslands. Í þessu tímariti var þetta mál tekið alveg sérstaklega fyrir og lýst mikilli andstöðu við þetta frv. í flestum greinum. Einna fróðlegast þótti mér, að þar eru birt viðtöl við stúlkur, sem sumar voru útskrifaðar úr Kvennaskólanum, en aðrar voru þar við nám, og þær spurðar um afstöðu sína til þessa frv. Og þar kom í ljós, að þessar Kvennaskólastúlkur voru allar ýmist andvígar frv. eða þær lýstu yfir því, að þær hefðu ekki viljað stunda stúdentsnám við slíka skóla. Ég vil taka hér eitt dæmi. Stúlka, sem heitir María Gunnlaugsdóttir og stundar nám við Háskóla Íslands núna, kemst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég held, að það hafi hvergi komið fram hjá fylgismönnum kvennaskólafrv. svonefnda, hvort kannað hefur verið til nokkurrar hlítar, hvort stúlkur, sem hyggja á menntaskólanám, vilji sitja í kvennamenntaskóla eða ekki. Það er þó höfuðatriði að athuga fyrst, hvort grundvöllur sé fyrir slíkum skóla, áður en málið er borið fram á þingi. Mig grunar nefnilega, að þær stúlkur séu teljandi á fingrum annarrar handar, sem vilja stunda nám við kvennamenntaskóla, meðan völ er á öðru. Kvennamenntaskólar, sem þekkjast víðs vegar erlendis, eru úreltir og eru afturgöngur þess miðaldahugsunarháttar, að setja beri það vandræðakvenfólk, sem leita vill æðri menntunar, á einhverja sérbása, þar sem það getur dundað við greinar, sem hæfa því, og þar sem það truflar sem minnst gáfaða kynið."

Fimm stúlkur úr skólanum sjálfum eru spurðar, þær eru ekki nafngreindar af eðlilegum ástæðum, en lýsa því allar yfir, að þær mundu ekki vilja stunda nám við slíka deild.

Ég tel þessi viðhorf kvenna vera ákaflega athyglisverð og ég get bætt því við, að mjög margar konur hafa komið að máli við mig í sambandi við þetta mál, einmitt til þess að lýsa því yfir, að þær séu algerlega andvígar þessu frv. og þær telji, að það gangi í berhögg við réttindabaráttu kvenna. Af þessum ástæðum er ég andvígur þessu frv. Ég tel, að sú breyt., sem í því felst, miði í öfuga átt, og ég legg til, að frv. verði fellt.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þetta mál var rætt dálítið hér í fyrra. Ég man ekki, hvort ég talaði þá, enda skiptir það ekki máli. En þar fyrir vildi ég segja nokkur orð um það.

Ég álít, að skólamál okkar séu ekki nógu vel skipulögð, en það er mjög áríðandi, að það verði gert sem fyrst. Það gefur auga leið, að ef skólarnir eru hæfilega stórir — ég skal ekki fullyrða, hvað stórir er æskilegt, að þeir séu — að þá eru þeir ódýrari í rekstri fyrir þjóðfélagsheildina, og þá er auðveldara að fá hæfari kennara þar, þannig að frá hagfræðilegu sjónarmiði er það á allan hátt betra, að þetta sé skipulagt. Það er ekki endilega aðalatriðið, hvar þeir séu staðsettir, því að samgöngur eru orðnar það góðar og ekki það mikill kostnaður að færa sig til. Aðalatriðið er, að skólarnir séu góðir og stærð þeirra sé hæfileg, þá er hægt að hafa meira kennaraval. Aðalatriðið er, að þeir séu reknir á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðfélagið. Ég er sannfærður um, að ef þetta væri gert, þá yrði hægt að komast af með minna fé til menntunar í landinu og ná betri árangri.

Það hefur verið að veltast hér í þinginu í tvö ár, held ég, frv. um menntaskóla. Ég hef nú ekki haft neina sérstaka trú á því, að menntmrh. okkar hæstv. kæmi fram með viturlegri frv. en aðrir menn, síður en svo, en þetta frv. líkaði mér vel. Það gladdi mig að lesa þetta frv., því a. m. k. eitthvað af þeim, sem stóðu að því, skilur, að þörf er á að breyta menntaskólamálum okkar, og hafa viðsýni til þess að skýra frá skoðun sinni í því efni. En það er einkennilegt, að þegar þarna kemur gott og viturlegt frv., þá dregst úr hömlu að samþykkja það. En ef einhver vitlaus frv. koma í þingið, þá eru þau hespuð í gegn á tiltölulega fáum dögum.

Viðvíkjandi menntaskólunum þá er það þannig, að frá því menn hafa lokið barnaskólaprófi og þangað til þeir taka stúdentspróf, þurfa þeir að eyða 7 árum. Þeir vinna e. t. v. fyrir einhverju af því, sem námið kostar, að sumrinu. En það eyðast 7 góð ár fyrir þeim til þess að ná þessu

blessaða stúdentsprófi, og þegar þeir eru búnir að ljúka því, hvar standa þeir? Í raun og veru kunna þeir ekkert nema hrafl í nokkrum tungumálum, þeir hafa lesið eitthvað í mannkynssögu og landafræði og náttúrufræði, en þeir eru ekki fullfærir í nokkru tungumáli. Það má deila um það, hvort við ættum að breyta skólakerfi okkar þannig, að árin verði færri og námstíminn lengri á ári og það er mjög athugandi, þegar erfitt verður fyrir nemendur að fá vinnu að sumrinu, hvort ekki ætti að gera það. Ég hygg að það sé í ýmsum öðrum löndum, en undir öllum kringumstæðum ættum við að gera námið hagkvæmara og hafa frjálst val um námsgreinar. Hvaða vit er í því að vera að grauta í fimm eða sex tungumálum og læra öll illa? Væri ekki nær að taka eitthvert stórmálið, t. d. eitt Norðurlandamálið og eitthvert stórmál og hafa þar frjálst val, og jafnvel að skylda nemendur til þess að vera eitthvað í þessum löndum til þess að læra að tala það til þess að þeir væru dálítið færir í því máli? Þeir gætu þá, ef þeir þyrftu, farið síðar til þess lands til þess að ljúka háskólanámi, ef þeir óskuðu eftir eða þyrftu að læra eitthvað, sem ekki væri kennt hér við Háskólann.

Það er eðlilegt að þetta sé á frumstigi hjá okkur, og skólamálin séu í deiglunni. Þeir, sem hafa stjórnað skólamálum okkar, eru flestir lærðir í þessum gömlu skólum, sem voru dálítið miðaldalegir. — Ég hef gaman af sögu, hef lesið talsvert í henni — það var þannig með prestana okkar hér áður fyrr. En guðfræði var eiginlega það eina, sem kennt var hér. Menn fóru á Skálholtsskóla, Hólaskóla og síðan Bessastaðaskóla, og aðalnámið var latína. Þetta voru stórgreindir menn. Og þeir gátu talað latínu. Ég hef lesið ferðabækur, og þessir ferðamenn hittu presta, sem gátu talað latínu, en þeir skildu ekkert í ensku. Jón Vídalín gat ort á latínu, en tæknikunnátta Íslendinga var engin. Aðalmenntunin var latínulærdómur, sem var algerlega óhagnýt. Það hefur víst fram á þennan dag verið lögð dálítil áherzla á það í máladeild menntaskóla að læra latínu. Það er ekkert nema gott um það að segja, latína er merkilegt mál. En þetta er bara ekki hagnýtt, og við megum ekki eyða allt of miklum tíma í það nám.

Ég held, að við þurfum að gera menntaskólana hagnýtari, en stytta námið. Þegar þessir blessaðir menn koma eftir 10—20 ára nám úr skólum, eins og læknarnir t. d., þá eru þetta slitnir menn. Sannleikurinn er sá, að við höfum alveg nóg af stúdentum í okkar landi. Við höfum of mikið af hagfræðingum og of mikið af lögfræðingum, og það er grátlegt að sjá þessa menn, sem eru greindir og hafa mikla starfsorku, búnir að eyða milli 10—20 árum í skólum og eru svo eiginlega ekki til neins nýtir, nema þá að verða óbreyttir rukkarar eða semja einhverjar vitlausar ályktanir í hagfræði, sem koma þjóðfélaginu á hausinn.

Einn af göllum núverandi kjördæmaskipunar er sá, að ef einhver þingmaður kemur með eitthvert frv. um eitthvað, sem hinir halda, að hann geti unnið einhver atkv. á, þá geysast hinir fram án tillits til þess hvort vit er í málinu eða ekki, og fara jafnvel í kröfum fram fyrir þann, sem kom með frv. upphaflega, til þess að vera vissir um, að hann hafi ekki nein atkv. af sér með því móti. Þetta er hættulegur hlutur.

Líklegt væri, og ég satt að segja álít það sé mjög sennilegt, að hæstv. menntmrh. okkar hafi töluvert vit á skólamálum. Sjálfur var hann afburða námsmaður í skóla, og við vitum, að hann á ákaflega létt með að tala, en ég hef þar fyrir mjög litla trú á gáfum hans viðvíkjandi því, sem snertir atvinnulíf og fjármál. Og það er ekki neinn ljóður á ráði manns, þó að hann hafi ekki hæfileika í allar áttir. Það hefur enginn. Þannig væri hægt að ætlast til, að hann hafi mikið vit á skólamálum, og ég verð að segja það, að s. l. sumar virtist mér hann verða fyrir ósanngjörnum árásum út af skólamálum. Raunar efast ég ekki um, að það voru prófessorarnir í Háskólanum, sem fóru fram á, að takmörkuð væri tala læknanema, og eins var með Kennaraskólann. Aðsóknin var þar orðin meiri en þeir gátu raunverulega annað. Í sjálfu sér var ekkert við það að athuga. Það má deila um, hvernig á að haga þeim takmörkunum. Hitt gefur auga leið, að það er ekki endalaust hægt fyrir kennarana, hvort sem það eru prófessorar eða kennarar við aðra skóla, að taka við óendanlega mörgum nemendum. Það er ekki verjanlegt, ef kennsluskilyrði eru ekki fyrir hendi. Vitanlega höfðu prófessorarnir alveg rétt fyrir sér í því, að það voru ekki skilyrði til þess að taka óendanlega marga nemendur í skólann, og það er ekki verjandi að taka það marga menn, að ekki sé hægt að kenna þeim sómasamlega. Hitt getur svo komið til mála, að það þurfi að breyta húsaskipan og kennaraliði, þannig að það sé hægt að taka fleiri.

En viðvíkjandi læknunum, þá höfum við kennt nógu mörgum læknum, en þeir vilja bara ekki vinna, þar sem þörfin er fyrir þá. Ég skal ekki dæma um í hverju þetta liggur. E. t. v. liggur það að einhverju leyti í því, og ég hef heyrt raddir um það, að það sé að einhverju leyti Háskólanum að kenna, að þar hafi verið miðað of mikið við sérfræðinám, en ekki við hina almennu lækna. En staðreyndin er, að þrátt fyrir hve mörgum læknum er kennt, þá hlaupa þeir til Bandaríkjanna og Svíþjóðar, eða húka hér í Reykjavík, en út á landsbyggðina er ekki nema takmarkaður hluti þeirra, sem treystir sér að fara, þrátt fyrir að þeir hafi geysileg laun. Þarna er hugsunarháttur, sem þarf að uppræta. En hvers vegna ættum við að vera að kosta miklu fleiri lækna heldur en við höfum þörf fyrir? Hvað eigum við að vera að kosta lækna fyrir Svía? Þeir geta kennt sínum læknum sjálfir.

Það er eitt atriði enn viðvíkjandi Háskólanum. Það er verið að deila um, að það sé ekki nógu fjölbreytt námið, en er nokkur ástæða til þess að setja upp sérstaka deild, ef við þurfum ekki nema 5—6 menn í einhverju fagi? Er ekki ódýrara að kosta þá að öllu leyti í öðrum löndum, en setja það vitanlega að skilyrði, að þeir komi heim aftur og vinni hér, heldur en að setja upp sérstaka námsdeild? Við erum smáþjóð með 200 þús. manna íbúatölu, og hvernig í ósköpunum eigum við að keppa við háskóla, sem hafa milljónir á bak við sig? Og það er hreint ekki nein hagfræði í því. Annað er það, að við þurfum

ekkert að efast um, að þessir menn geta fengið meiri viðsýni og á vissan hátt meiri menntun að læra í skólum hjá stórþjóðum. Við skulum ekkert vera að gera okkur of stóra.

Það hefur legið allmikil krítík t. d. á Iðnskólanum hér. Ég efast ekki um, að hún hefur við rök að styðjast. Ég var á fundi einu sinni, þar sem iðnskólanemar voru, og þeir voru að segja sögur af því, hvernig kennararnir mættu í tímunum og hvernig kennslu væri hagað og ýmislegt fleira. Ég er ekki dómbær á þetta að öllu leyti, hvað rétt er í þessu, en ég efast ekki um það, að við erum ekki það tæknilega menntaðir, að við höfum nægilega góða aðstöðu til að kenna iðnnemum, hvorki tæknilega og jafnvel ekki að öðru leyti heldur. Eftir því, sem við þróumst í iðnaðarmálunum, þá ættum við að vera hæfari til þess, og vitanlega þurfum við að láta þessa menn, sem eiga að kenna iðnnemunum, menntast í löndum, sem eru iðnþróuð, til þess að þeir geti kennt þeim, sem heima fyrir eru. Og við getum aldrei orðið iðnþróuð þjóð nema hafa opin augun og reyna að læra allt, sem við getum, af öðrum. Við getum séð, hvernig Japanir fóru að, þeir hafa alltaf verið að læra. Þeirra iðnaður og þeirra söluaðferðir byggðust á því, að þeir reyndu að læra af þeim, sem voru lengra komnir en þeir sjálfir. Við verðum að hafa augun opin fyrir því, að ennþá erum við ekki tæknilega þróuð þjóð í iðnaðarmálum. Við stöndum tiltölulega framar í landbúnaði og fiskveiðum.

Þetta er að vissu leyti útúrdúr. Ég áleit af menntaskólafrv. og einnig af framkomu hæstv. menntmrh., að í hjarta sínu væri hann ekki fylgjandi menntaskóla á Ísafirði. Ég hef talað hér áður um Menntaskólann þar. Ég hef minnzt áður á það mál, og ég væri ekkert hikandi að vera með því máli, ef ég áliti það Ísfirðingum til góðs. En ég álít þennan skóla hættulegan fyrir Ísafjörð. Sannleikurinn er sá, að raunverulega þyrftum við okkar mestu afburðamenn fyrir skipstjóra á fiskiskipin okkar, svo þurfum við þá í iðnað og landbúnað, en eigum ekki að gera þá að lögfræðingum eða hagfræðingum eða viðskiptafræðingum. Sitja hér í nokkur ár í Háskólanum að læra viðskiptafræði og vera þó allra manna vitlausastir í öllum viðskiptum, þegar þeir útskrifast. Geta ekki einu sinni haft hestakaup af viti, þegar þeir koma þaðan. Maður, sem hefur þá eiginleika að hafa bisnesvit, þarf ekki að vera í neinum skóla. Ekki fór Vilhjálmur Þór í viðskiptaskóla. Hann var gerður hér hálf útlægur af landinu, af því að hann hafði vit á fjármálum, en það var ekki nema eðlilegt.

Jæja, en þannig er nú þetta. Það er ekki hægt að gera stirðan og latan klár að reiðhesti, og það er ekki hægt að gera mann, sem er óhneigður fyrir viðskiptamál, að neinu sénii í þeim málum. Þetta er meðfæddur eiginleiki, og menn þurfa ekki að sitja á skólum í mörg ár til að læra þetta, ef þeim er það eiginlegt. Það er ekki hægt að gera mann, sem er óhneigður fyrir að vera læknir, að góðum lækni. Þetta þarf að vera í eðli mannsins. Það er ekki hægt að gera bjána að góðum bónda, þó að hann sé í 4—5 ár á búnaðarskóla. Hann er jafn vitlaus eftir sem áður. Það er hlutur sem hann getur ekki lært.

Menntaskóli á Ísafirði verður til þess, að allir, sem eitthvað geta lært, reyna að verða stúdentar, svo fara þeir í háskóla, annað hvort hér í Reykjavík eða til fjarlægra landa, og koma aldrei aftur. Þannig að Ísfirðingar fara að hafa meðalmenn og þar fyrir neðan fyrir skipstjóra, í staðinn fyrir að undanfarið hafa þeir haft afburðamenn yfirleitt, og á því hefur Ísafjörður lifað. Og á því hafa Vestfirðingar lifað. Þetta hefur verið afburðafólk að dugnaði og þreki, og þegar farið er að tína úrvalið úr og hitt er skilið eftir, þá er það stórhættulegt fyrir byggðarlagið.

Ég hafði gaman af að lesa Skagamannasögu. Þar er talað um Björn Ólsen. Hann ólst upp á Vindhæli hjá Ólafi föður sínum, og hann, faðir hans, hafði mikla trú á honum, þó að hann væri lítill og greppleitur, og það hann einu sinni að vera formann. Þá var Björn um fermingu eða innan við fermingu, en faðir hans fór ekki í þann róður. Svo gerði vont veður, en drengurinn klaraði sig og kom í land, en karl var lagztur í rúmið og var búinn að breiða yfir höfuð. Hann hélt, að þeir mundu drukkna, en þá rölti hann niður að sjó og sagði drengnum að héðan af skyldi hann vera formaður á bátnum. En þessi maður var mesti afburðaformaður við Húnaflóa um margra ára bil, og faðir hans var það einnig, þannig að þegar hinir skipstjórarnir sáu, að hann lagði af stað heim, þá fóru allir á eftir, því hann var svo veðurglöggur.

Það eru einmitt svona menn, sem við þurfum. Við þurfum ekki að halda, að þjóðinni nýtist bezt miklir hæfileikamenn hér til að vera rukkarar á lögfræðiskrifstofu eða viðskiptafræðingar uppi í Seðlabanka. Við þurfum að fá gáfumennina okkar og þrekmennina sem stjórnendur. Við þurfum að fá þá í atvinnulífið og sannarlega veitir ekki af þeim til að endurskipuleggja iðnaðinn. Það er ekki nóg að gera þá að stúdentum og láta þá dunda í 5—10 ár í einhverjum háskóla. Á því gerum við þá að mannleysum og aumingjum. Þannig að þegar þið eruð að basla við að koma þessum skóla upp á Ísafirði, þá eruð þið að gera Ísafirði meira illt en þið getið ímyndað ykkur.

Við þurfum vitanlega að hafa stúdenta, en við eigum að láta miðlungsmenn í það. Við eigum að gera þá að sýslumönnum og lögfræðingum. Það yrði þá ekki tekið svo ákaflega hart á því, þó að þeir dæmi vitlausa dóma, sýslumennirnir okkar. En við þurfum afburðamenn til að vinna, til að bera aðalbyrðar þjóðfélagsins. En þetta þarf að skipuleggja og við þurfum að rífa okkur upp úr þessum kotungssjónarmiðum og þessari hreppapólitík. Við þurfum að skipuleggja skólakerfið betur og framkvæma það á sem allra hagkvæmastan hátt fyrir þjóðarheildina og fyrir fólkið sjálft um leið. Í sannleika sagt eru þessi útgjöld orðin of þung. Alger martröð miðað við þau litlu laun, sem alþýða manna hefur hér í landi. Fólkið er blátt áfram pínt, að ég tala nú ekki um þessa innheimtu hér í höfuðborginni, því að það er sama, hve snauður maður er. Þó að hann eigi ekki nema stólgarm, þá er tekið lögtak. Það þekkjum við ekki úti á landinu.

En viðvíkjandi þessum blessuðum Kvennaskóla, þá er það um hann að segja, að ef við gerðum

einhverri persónu greiða með því að samþykkja frumvarpið, þá væri álitamál hvort við ættum ekki að samþykkja það. En þið skuluð ekki ímynda ykkur, að kvenfólkið hafi áhuga fyrir þessu. Nei, það er þveröfugt. Við getum ekki gert stelpunum meiri ógreiða heldur en fara að hafa einhverja kynferðisskóla, þar sem þær fá ekki að vera með strákunum, því sannleikurinn er sá, að kvenfólki hálfleiðist að vera þarna einu. Og þeirra lífsgleði snýst um það að vera einhvers staðar í námunda við karlmennina. Keppa við okkur, og sannleikurinn er sá að kvenfólk hefur ávinning af því á vissum sviðum. Nei, við gerum því engan greiða. Það er vafalaust, að skólaráði Kvennaskólans er þetta eitthvert metnaðarmál með þennan blessaða Kvennaskóla. En hvar eiga þá takmörkin að vera? Hverju má neita? Geta ekki fleiri kvennaskólar komið og beðið um að fá að útskrifa stúdenta? Geta ekki bændaskólarnir komið og beðið um það? Kvennaskólar eiga að kenna matreiðslu og saumaskap alveg eins og bændaskólar eiga að kenna bændunum að hirða kindur og bera á túnin sín. Hvar eiga takmörkin að vera? Geta svo ekki gagnfræðaskólar út um land komið og beðið um að fá að útskrifa stúdenta? Hvar eiga takmörkin að vera? Er ekki viturlegra að reyna að skipuleggja þetta af einhverju viti í byrjun og vera svo ekki að svara svona naggi. Ég held að það sé skynsamlegra. En það er ekki neinn greiði við stúlkurnar að samþykkja þetta frumvarp. Þær fá aðeins lakari menntun og leiðinlegri skólaveru með því að hafa þarna einhliða menntaskóla fyrir konur.

Þeir viðsýnni og yngri eru að taka við og allt er breytingum háð. Þessi blessaða latínumenntun, sem prestarnir okkar höfðu hér áður fyrr — ég ætla ekki að fara að gera lítið úr henni, en hagnýt var hún ekki. Íslendingum hefði verið nær að reyna að haga menntun sinni á annan hátt og kynna sér verkmenninguna betur, en vera ekki eins og steinaldarmenn, þegar kom fram á síðari hluta 19. aldar, eins og við vorum. En það þýðir ekki að tala um það. Þrátt fyrir það, gerðu þó þessir sveitaprestar okkar að ýmsu leyti gagn. Þeir eiga heiðurinn af því, að þeir hjálpuðu unglingunum og einmitt þeim mönnum, sem voru frumkvöðlar að því, að við fórum að rétta úr kútnum á síðari hluta 19. aldar og jafnvel um miðja 19. öld. Þeir hjálpuðu þeim af stað. Þeir kenndu þeim undir skóla og þeir hvöttu þá til náms. Þetta voru afburða námsmenn, og þetta getum við alltaf virt við okkar gömlu presta. Við eigum þeim að þakka að ýmsir efnilegir menn fóru í skóla fyrir aldamótin. Það voru prestarnir, sem hvöttu þá til dáða og hjálpuðu þeim í byrjun. Prestarnir áttu mikinn þátt í að kenna unglingum lestur og skrift og viðhalda þó þessari litlu menntun, sem var í okkar dreifðu byggðum.

En þessir tímar eru liðnir, og nú skulum við taka raunhæft á hlutunum, vera vaxnir upp úr allri hreppapólitík og metingi, líta aðeins á aðalatriðin. Þá þurfum við að skipuleggja okkar menntunarmál og gera þau hagnýtari og frjálsari heldur en þau hafa verið, og við eigum að styðja þær hugmyndir, sem koma fram í menntaskólafrv., sem liggur hér fyrir í þinginu, að hafa meira og frjálsara val um námsgreinar, gera nemendurna ekki of þreytta, áður en þeir fara út í lífið, með gagnslausum lærdómi, heldur að gera menntunina hagnýtari en hún hefur verið. Ég ætla að vera á móti þessu frv. vegna þess, að það er fáum þægð í því og verður engum til gagns, þó að það yrði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, JSk, JP, MB, MÁM, EKJ, PS, SI, SE, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BK, BBen, BGuðm, EmJ, EystJ, FÞ, GuðlG, GunnG, HS, HV, IngJ, SB.

nei: JónasÁ, LJós, MK, SP, BP, BrS, GeirG, GíslG, IG.

5 þm. (SV, BF, EðS, GÞG, JóhH) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 23:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22:4 atkv.

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 2. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 78, 252).

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég hefði hug á því við þessa síðustu umr. um málið í Nd. Alþ. að beina nokkrum spurningum til hæstv. menntmrh. Þetta mál hefur verið allmikið rætt hér á þessu þingi og í fyrra, en hæstv. ráðh. hefur ekki tekið neinn þátt í þessum umr., og tel ég, að honum sé skylt að gera grein fyrir afstöðu sinni til þessa máls, áður en meðferð þess lýkur hér í Nd. Alþ. Þetta frv. er, sem kunnugt er, ekki flutt af hæstv. ríkisstj., heldur er það flutt samkvæmt beiðni hæstv. menntmrh. Ástæðan til þess, að það er ekki flutt sem stjórnarfrv., er sú, að um málið er ágreiningur innan hæstv. ríkisstj. Það var ekki samstaða um að flytja málið sem stjórnarfrv. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh., að hann greini frá því í hverju þessi ágreiningur er fólginn því að afstaða þm. getur farið eftir því, hvernig þau mál standa innan ríkisstj. sjálfrar. Ég vil einnig vekja athygli á því atriði, að enda þótt hæstv. ráðh. hafi samið þetta frv. eða látið semja það, og beðið síðan um að frv. væri flutt, þá hefur ekki fylgt því nein efnisleg grg. Það er engan rökstuðning að finna í grg. með frv., hvorki í ár né á síðasta þingi.

Ég tel, að hæstv. ráðh. beri skylda til að gera okkur rökstudda grein fyrir því, af hverju þessi breyting sé nauðsynleg og skynsamleg, eins og hann virðist telja. Þetta frv. er flutt í því formi, að í því er fólgin heimild til hæstv. ráðh. Það er ekki ákvörðun um að taka upp menntadeild í Kvennaskólanum, heldur er hæstv. ráðh. gefin heimild til þess að taka upp þá nýbreytni. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort og hvenær hann hugsi sér að nota þessa heimild, ef frv. verður samþ. Þetta þurfum við að vita vegna þess, að í ákvörðun eins og þessari er meira fólgið en það eitt að samþykkja þetta frv. og þau ákvæði, sem í því eru.

Það er alkunna, að húsnæði Kvennaskólans er gersamlega óhæft. Þegar 1967 skrifaði skólastjóri Kvennaskólans og formaður skólastjórnar hæstv. menntmrh. bréf, þar sem athygli var vakin á því, að það væri langt frá því, að húsakynni skólans fullnægðu einföldustu skilyrðum til nútíma skólastarfs og heilbrigðishátta. Og þá var farið fram á fjárveitingu til þess að byggja nýtt hús. Þá var um það talað, að slíkt hús mundi kosta um 16 millj., en síðan hafa orðið tvær gengislækkanir, og auk þess hefur síðan komið til þessi hugmynd að stofna sérstaka menntadeild við skólann. Þannig að hús, sem nú þyrfti að reisa á þessum forsendum, mundi vafalaust kosta 30—40 millj. kr.

Nú er það alkunna, að hæstv. menntmrh. hefur oft sagt, að hann hafi skort fé til nytsamlegra framkvæmda í menntamálum, og það er alkunna, að á næstunni þarf að vinna þar mjög mikil verk, m. a. þarf Háskóli Íslands á mjög miklu fé að halda, og það hefur verið rætt um, og raunar ákveðið hér á þingi, að stofna menntaskóla úti um land, á Vestfjörðum og Austurlandi. Ég er anzi hræddur um, að hæstv. ráðh. muni ekki hafa nægilegt fjármagn til allra þeirra verkefna, sem að kalla. En er það þá ætlun hans að verja 30—40 millj. kr. til þess að byggja nýjan menntaskóla í Reykjavík á næstu árum? Það hefur verið greint frá því, að menntadeildin eigi aðeins að rúmast í því húsi, sem skólinn hefur núna, um tveggja ára skeið, og ef slíkur skóli á að vera kominn upp eftir 2 ár, verður að hefjast handa um byggingu hans mjög fljótlega. Og ég spyr aftur: Er það ætlun hæstv. ráðh. að verja 30—40 millj. kr. af því fé, sem ætlað er til skólabygginga í þessu skyni? Og raunar væri fróðlegast, ef hæstv. ráðh. vildi gera almenna grein fyrir viðhorfi sínu til þessara mála.

Á undanförnum árum hafa verið miklar umræður annars staðar á Norðurlöndum um skipulag skóla. Þar hefur verið unnið að því að leggja niður sérskóla, sem störfuðu samkvæmt gamalli hefð. Mér er kunnugt, að sósíaldemókratar á Norðurlöndum hafa beitt sér mjög fyrir því, að þessir sérskólar, þar sem nemendur eru valdir eftir kynferði, verði lagðir niður, m. a. hefur forsrh. Svía, Palme, beitt sér mjög í þessu máli. Nú skilst mér, að hæstv. menntmrh. telji sig vera sósíaldemókrata. Og ég hefði haldið, að hann hefði frjálslynda afstöðu til skólamála, þannig að mér þætti mjög forvitnilegt, ef hann vildi einnig greina frá þeim almennu rökum, sem hann hefur fyrir því að beita sér fyrir þessu máli.

Ég minntist áðan á það, hvað menntaskólahús handa Kvennaskólanum mundi kosta. Og ég held, að sú hlið málsins ætti að vera okkur nokkuð ofarlega í huga einmitt vegna þess, sem gera þarf í menntamálum á næstunni. Menntaskólafrv., sem hér liggur fyrir og vonandi verður samþ. á þessu þingi, leiðir til þess, að við verðum að verja stórauknu fé til menntaskólanna almennt, því að samkvæmt hinu nýja kerfi þarf aukið húsnæði og aukinn útbúnað í skólanum. Við getum aldrei unnið þetta verk, ef við gerum ekki einhverja áætlun um framkvæmdir á þessu sviði.

Á síðasta ári kom mjög greinilega í ljós, hvað af því getur hlotizt, ef hæstv. menntmrh. gerir sér ekki grein fyrir þeirri þróun, sem er í skólamálum. Ástandið komst í harðan hnút á mörgum sviðum, eins og menn muna, og hæstv. ráðh. varð að grípa til skyndiráðstafana, sem hann hafði ekki gert sér neina grein fyrir áður, eins og t. d., þegar hann stofnaði nýjan menntaskóla við Tjörnina í einu vetfangi og með svo miklum hraða, að hann hafði ekki ráðrúm til þess að ráða skólastjóra og kennara til þess skóla. Og sami asinn kom fram, þegar ákveðið var á örstuttum tíma að taka upp nýtt nám í gagnfræðaskólum í framhaldi af landsprófi og gagnfræðaprófi, sem er alveg ágæt hugmynd, en hefur goldið þess að ráðizt var í hana með svona miklum asa. M. a. hefur verið greint frá því að ekki hafi verið til nauðsynlegar kennslubækur til þessarar kennslu hér í Reykjavík. Allir vita, hvernig ástatt er í Háskólanum, að þar varð hæstv. ráðh. á síðasta ári að snúast marga hringi vegna vandamála í læknadeildinni, ýmist að samþykkja reglugerð eða biðja um, að reglugerð yrði ekki framkvæmd, o. s. frv.

Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að læra af þessu, og hann ætti ekki að beita sér fyrir því, að teknar séu ákvarðanir út í bláinn, eins og verið er að gera með till. um menntadeild við Kvennaskólann, heldur verður hann að gera einhverja heildaráætlun um það, sem nauðsynlegt er að gera í skólamálum á næstunni. Þetta er þeim mun brýnni nauðsyn, sem við erum eftirbátar annarra á mörgum sviðum skólamála og það er eitt alvarlegasta vandamálið í þjóðfélaginu nú, hvað þar er víða illa skipulagt og illa unnið.

Ég vænti þess einnig, að hæstv. ráðh. greini hér frá því, hvers vegna hann snýst gegn áliti færustu og þekktustu skólamanna landsins, því allir menntaskólastjórar á Íslandi, fyrrverandi rektor Háskólans og skólastjóri Kennaraskólans hafa lagzt gegn þessu frv. Mér hefur oft skilizt á þessum hæstv. ráðh., að hann vildi taka mikið tillit til sérfræðinga og að hann teldi, að sérfræðileg rök ættu að hafa mikinn þunga. Því þætti mér forvitnilegt að heyra, hvers vegna hann hafnar rökum þessara reyndu og traustu skólamanna.

Almenn rök fyrir nauðsyn þessarar ráðabreytni hef ég engin heyrt, önnur en þessi sögulegu rök, sem mikið er hampað, að þetta sé svo gamall skóli og góður skóli, að hann eigi þetta skilið af þeim ástæðum. Auðvitað hafa rök af þessu tagi ekkert gildi. Hér á Íslandi eru margir skólar gamlir og góðir, t. d. er ekki ýkja langt þangað til Flensborgarskólinn í Hafnarfirði á aldarafmæli, ekki síður en Kvennaskólinn. Það getur vel komið upp sú hugmynd að Flensborgarskólinn fái heimild til þess að brautskrá stúdenta. En ég mundi aldrei taka afstöðu til þeirrar hugmyndar vegna þess, að skólinn er 100 ára gamall. Ég mundi taka afstöðu til þess út frá því, hvort þörf væri fyrir slíkan skóla í menntunarkerfi okkar, eins og það er núna, hvort það sé nútímaleg nauðsyn, en ekki eitthvert þakklæti fyrir 100 ára störf. Það eru til margir fleiri skólar en Kvennaskólinn, sem hafa á að skipa ágætum kennurum og prýðilegum skólastjórum, en það eru engin rök, að vegna þess að kennarar séu

góðir eða skólastjóri sé góður beri að stofna menntaskóla. Slík rök eru algerlega út í bláinn.

Þegar ég varð þess var við 2. umr. um þetta mál, að mikill meiri hl. í þessari hv. þd. virtist fylgjandi frv., og líkur á því, að ætlunin væri að samþykkja það, flutti ég brtt. Brtt. er sú, að Kvennaskólinn fái þessi réttindi, sem um er beðið, en þó á þann hátt, að stofnuð verði menntadeild með sérstöku nafni og hún verði opin fyrir stúlkur og pilta. Þ. e. a. s., að þarna verði gefin heimild til þess að stofna venjulegan menntaskóla, sem fellur að hinu almenna kerfi og fylgir þeirri grundvallarreglu, að ekki sé skipað niður í skólann eftir kynferði, heldur einvörðungu eftir áhuga og hæfileikum. Ef þm. vilja, að þessi skóli haldi áfram á þann hátt, sem þeir tala um, þá væri þetta lausn á þeim vanda. Þá gæti skólinn starfað áfram, en félli hins vegar að hinu almenna kerfi og væri miðaður við það nútímalega sjónarmið, að piltar og stúlkur eigi að stunda nám saman. Ég vil beina því til manna, hvort þessi till. mín gæti ekki verið lausn á þeim deilum, sem spunnizt hafa kringum þetta mál.

Ég skal svo ekki í þessari ræðu endurtaka röksemdir, sem ég hef áður flutt, þar sem ég hef bent á, hve tengt þetta mál er mjög mikilvægum þjóðfélagslegum vandamálum — annars vegar stöðu kvenna og karla í þjóðfélaginu og hins vegar þróuninni í skólamálum. Þessi rök mun ég ekki endurtaka að þessu sinni, en vera má, að ég geri þau atriði að umtalsefni, þegar hæstv. menntmrh. er búinn að svara þeim fsp., sem ég hef til hans beint.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mig langar til þess að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli með örfáum orðum.

Frv. fjallar um, að Kvennaskólinn í Reykjavík fái heimild til þess að útskrifa stúdenta. Á hinn bóginn hefur skólinn fram að þessu og á raunar áfram að vera einkaskóli, og hefur hann verið felldur sem einkaskóli inn í gagnfræðaskólakerfið, þannig að hann hefur heimild til þess að útskrifa gagnfræðinga og einnig landsprófsfólk. Í mínum augum er þessi heimild ekkert prinsipmál og engin stefnubreyting í skólamálum. Ég lít svo á, að það sé aðeins stigmunur en ekki eðlismunur á því að leyfa einkaskóla eins og Kvennaskólanum að útskrifa gagnfræðinga og landsprófsfólk, og því að leyfa sama skóla að hafa stúlkur 3 árum lengur í kennslu og útskrifa þær sem stúdenta.

Kvennaskólinn hefur um langa hríð verið alger undantekning í skólakerfinu. Ég held að það megi segja, að hann sé í raun og veru eini skólinn, sem með réttu má kalla sérskóla fyrir konur. Mér finnst skynsamlegt að leyfa þessum skóla, sem hingað til hefur verið leyft að starfa og studdur á þennan hátt sem undantekning, að færa starf sitt í nýtízkulegra horf með því fá heimild til að útskrifa stúdenta. Ég held, að sú menntun, sem með því er látin í té í skólanum, sé í rauninni ekkert tiltölulega meiri nú en gagnfræðamenntun var á sínum tíma, miðað við það, sem fjöldinn allur gat veitt sér þá og svo nú. Þess vegna sé þetta skynsamlegt og hér sé eingöngu um stigmun að ræða. Í mínum huga er það mjög þýðingarmikið að greiða fyrir því, að sem flestir geti tekið stúdentspróf, og mér finnst að með því að leyfa Kvennaskólanum þetta, muni þarna opnast leið fyrir nokkrar stúlkur til þess að geta náð stúdentsprófi með hagfelldum hætti, og þá greiðir þetta fyrir í heild. Þó að segja megi, að hér sé í raun og veru um smámál að ræða, þar sem þetta yrðu aðeins fáar stúlkur, þá gengur það þó að mínu viti í rétta átt.

Ég vil leggja áherzlu á, að hér er um einkaskóla að ræða, og þó að þessi heimild verði samþ., og þó að hún verði notuð, þá ber ríkinu engin skylda til þess að byggja yfir Kvennaskólann. Það er málefni skólans, sem verður að leysa á sínum tíma, og ég sé ekki að heildarkostnaður við stúdentsmenntun í Reykjavík muni vaxa, þó að þessi skóli fái þessa heimild, allra sízt heildarkostnaður ríkisins, því að ég geri ráð fyrir, að á bak við Kvennaskólann standi öfl, sem mundu ganga fram í því að útvega fjármuni til þessarar einkastofnunar í skólakerfinu og þá til bygginga. Þess vegna legg ég ekki mikið upp úr því, sem sumir halda fram í sambandi við þetta mál, að með því að samþykkja þetta frv., þá sé verið að stöðva aðrar bráðnauðsynlegar framkvæmdir ríkisins í menntaskólamálum. Ég lít ekki þannig á. Ég hef þvert á móti litið þannig á, að þarna opnaðist möguleiki fyrir því, að nokkrar stúlkur gætu fengið stúdentsmenntun, án þess að ríkið þyrfti að leggja jafn mikið til þess að þær fengju hana og kosta þarf til vegna annarra. Ég held því, að menn hafi mjög misskilið þessa hlið á málinu, því að mér hefur skilizt, að ýmsir mæli á móti því á þeim grundvelli, að með þessu sé verið að binda ríkinu einhverja skelfilega bagga umfram það, sem það þyrfti ella að taka á sig.

Ég legg áherzlu á, að ég er ekki með fylgi mínu við þetta mál að hverfa frá samskólastefnu, hverfa frá því að piltar og stúlkur yfirleitt eigi að vera saman í skólum, enda er nýbúið að samþykkja hér í hv. d. nýja menntaskólalöggjöf, þar sem þessi stefna er mótuð áfram, þ. e. sama stefna og fylgt hefur verið með þessari einu undantekningu á gagnfræðastiginu í Kvennaskólanum. Ég lít þannig á, að það þurfi enga sérkennslu fyrir konur á gagnfræðastiginu, og heldur ekki til stúdentsprófa. Ég vil taka þetta alveg skýrt fram. Ég fylgi ekki þessu máli á þeim grundvelli, að það þurfi að kenna konum eitt eða neitt sérstaklega í menntaskólum eða gagnfræðaskólum. Ég álít, að það eigi yfirleitt að kenna báðum kynjum saman og það sama. Fylgi mitt við frv. er byggt á allt öðru, eins og ég þegar hef greint lauslega frá.

Það er mjög athyglisvert, hvað þetta frv. hefur vakið mikla athygli, og ég held, að það sé skynsamlegt að gefa því gaum. Umræður þær, sem orðið hafa út af þessu frv., eru að mínu viti mjög athyglisverðar og á ýmsan hátt vafalaust tímabærar. Þó að það hefði ekki þurft að skeyta þær umr. við þetta mál, þá er samt skynsamlegt að gera sér grein fyrir því, að þetta mál hefur snert ýmsa mjög með sérstökum hætti — einmitt þetta mál. Andstaðan við málið er sem sé flutt á þann hátt, að það eigi ekki að koma til greina, að nokkurs staðar í þjóðfélaginu eigi sér stað aðskilnaður kynjanna. Það eigi á öllum sviðum að

kveða niður þann gamla draug, að konur séu þjóðfélagslega svo sérstaklega settar, að réttlátt sé eða eðlilegt að skipa þeim sér í sveit, og sízt af öllu að sérsveitir kvenna eigi ekki að hafa sömu stöðu að öllu leyti og karlar. Þetta hefur dregizt mjög inn í þessar umr., og þetta er málefni, sem áreiðanlega þarf að ræða talsvert mikið um, að vísu ekki endilega í sambandi við þetta mál. En að því leyti, sem þessar umr. um Kvennaskólann hafa nálgazt þetta, finnst mér vera mjög mikill ávinningur að þeim.

Það er engin tilviljun, að þetta mál vekur svo mikinn áhuga meðal kvenna, og rétt að menn geri sér alveg grein fyrir því. Ég tel, að það stafi af því, að konur eru yfirleitt óánægðar með stöðu sína og áhrif í þjóðfélaginu. Og ég verð að segja, að mér finnst það ekkert undarlegt. Það er t. d. mjög athyglisvert, að eftir meira en hálfrar aldar kosningajafnrétti karla og kvenna, er aðeins ein kona á Alþ. Og eitthvað svipað er ástatt víða utan Alþingis, þar sem örlagaríkar ákvarðanir eru teknar í þjóðfélaginu. Ég hygg, að það sé þetta, sem býr í undirvitundinni, þegar ýmsar konur tala um þetta mál sem verulegt prinsippmál, og að það sé spor aftur á bak að hafa sérskóla fyrir konur.

Fyrst ég er kominn hér og farinn að ræða þetta, þá langar mig til þess að segja, að ég er þeirrar skoðunar eftir langa reynslu af félagsmálavinnu og pólitískri vinnu, að ástæðan til þess, hvernig þessi mál standa varðandi þátttöku kvenna í örlagaríkum ákvörðunum og á þýðingarmiklum þjóðfélagssamkomum eins og Alþ., sé fyrst og fremst sú, að konurnar einangra sig of mikið sjálfar í félagslegri vinnu. Ég segi alveg hiklaust eftir mína löngu reynslu í þessu, að það hefur fátt valdið mér meiri vonbrigðum en það, hve fáar konur taka þátt í almennu pólitísku félagsstarfi, og hve fáar konur ganga fram fyrir skjöldu í pólitískri baráttu. Samt eru margar konur hamhleypur í félagsmálastarfi. Það er staðreynd, en þær starfa flestar í félögum með takmörkuð verksvið og fjöldinn allur af konunum í félögum, sem einungis eru ætluð konum. Að mínu viti ná konur aldrei réttri hlutdeild í þjóðlífinu með þessu móti — aldrei — og þá allra sízt í þeim ákvörðunum, sem venjulega varða mestu, þ. e. a. s. þeim pólitísku. Það er ekki hægt með þessu móti. Konur verða að gera sér grein fyrir þessu og breyta eftir því og taka upp algerlega nýjar aðferðir að mínum dómi. Og þá fyrst og fremst í vinnu sinni í stjórnmálaflokkunum. Flokkarnir verða að vera til, hvort sem fólki líkar það betur eða verr. Lýðræðið og þingræðið byggist á því, og við verðum að gera okkur grein fyrir því, að engum dettur lengur í hug að velja sér pólitískt sálufélag eftir kynferði. Hvaða manni dytti t. d. í hug, að við þessir 59 karlar hér á Alþingi ættum að vera í pólitísku sálufélagi, allir, en eina konan hér, þ. e. a. s. Auður Auðuns, ætti að vera ein á báti? Þetta væri auðvitað alger fjarstæða. Þetta væri samt bara ýkt mynd af því gamla kerfi, sem við búum í raun réttri enn við að sumu leyti í þessum efnum.

Það er þýðingarmest af öllu að mínu viti, að konurnar geri sér grein fyrir því, að karlmennirnir koma þessum málum aldrei í lag fyrir þær, og þeir hreinlega geta það ekki. Það er alls ekki á þeirra valdi. Flokksleiðtogar t. d., sem auðvitað vilja fá konurnar til þess að berjast fyrir þeim málstað, sem þeir eru oddvitar fyrir, þeir geta það ekki, þeim er það um megn. Það er alveg út í hött, og þjónar engum skynsamlegum tilgangi og allra sízt, að konum sé gerður greiði með því að kenna stjórnmálamönnum, þ. e. karlmönnum í stjórnmálum um þetta ástand, og þetta sé körlum upp til hópa að kenna. Þótt þeir karlar séu að sjálfsögðu til, sem með eigingirni sinni eða þröngsýni torvelda konum sínum þátttöku í opinberu lífi, þá sjáum við það samt á mikilli þátttöku kvenna í öðrum félögum en stjórnmálafélögum að þetta er ekki aðalástæðan.

Leiðin er því sú að mínu viti, að konurnar rjúfi sjálfar einangrun sína í félags- og þjóðfélagsmálum með því að taka upp störf og baráttu með karlmönnum og eins og karlmenn, og taki áhugamál sín — því þær hafa mörg sérstök áhugamál, sem eftir eðli málsins sækja meira á þær að leysa en karla, og sem þær þekkja betur — taki þessi áhugamál með sér inn í þetta almenna starf. Taki þau með sér inn í þetta almenna þjóðmálastarf, en fáist ekki eins mikið og hingað til við þessi málefni sér í lagi. Auðvitað kostar öll pólitísk barátta gífurlegar fórnir og gífurlegt erfiði. Hún kostar t. d. oft það að fórna heimilislífi og öðru slíku. Hún veldur óskaplegum vandkvæðum á heimilum og gerir þá kröfu til karla, að þeir taki þátt í því engu síður en konur að hugsa um heimilin á meðan konan berst úti við. En þetta er nú þegar gert, því að sumar konur taka gífurlega mikinn þátt í félagsmálastarfi, en vinnutilhögun kvenna er að mínu áliti röng, þær einangra sig of mikið, og það er höfuðástæðan fyrir því, hversu lítið gengur fram á við í þessu. Og ég segi enn, að konum er enginn greiði gerður með því að taka undir söng, að þeim séu allar leiðir lokaðar af karlmönnum. Þeim er enginn greiði gerður með slíku, því það er ekki rétt. Leiðirnar eru opnar, ef réttum starfsaðferðum er beitt og konur nota réttindi sín skynsamlega.

Ég gat ekki stillt mig um að minnast á þennan þátt, því að það er áreiðanlegt, að það eru hugsanir af þessu tagi, sem koma upp í sambandi við Kvennaskólamálið, og í sambandi við stöðu konunnar fyrr og nú, og hvernig gengur í þeim málum. Fjöldinn allur af konum, ekki sízt ungu konurnar, finnur það, að þessi mál eru í meira og minna ólestri. Ég held þess vegna, að það sé skynsamlegt að nota einmitt þetta mál til þess að benda á þessi atriði, en hitt vil ég líka segja, að það er náttúrlega ástæða til að gleðjast yfir því, að vandamál kvenna eru ekki eins illkynjuð og þau áður voru, þegar það er orðið eitt af því versta, sem getur komið fyrir þær að sumra þeirra dómi, að Kvennaskólinn fái heimild til þess að útskrifa stúdenta í stað þess að verða að láta sér nægja að útskrifa gagnfræðinga eins og áður.

Ég hygg, að þetta mál hafi orðið svo mjög að umræðuefni vegna þess, að það minnir á stöðu kvenna almennt og það kemur upp þessi hugsun, að konur vilji alls ekki, að það sé litið á þær í einu eða neinu sem sérstakt fyrirbrigði, sem eigi að ætla annan vettvang félagslega séð en körlum

og ekki í skólum heldur, og það er skoðun, sem ég tek alveg fullkomlega undir. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að benda á hin sérstöku félagslegu vandamál kvenna, og hvar ég held, að vandinn liggi, og að hann leysist aldrei nema með breyttum vinnuaðferðum af hendi kvennanna sjálfra og það einmitt á þennan hátt — að einangrun þeirra í félagsstarfinu verði látin hverfa sem allra mest.

Ég endurtek svo ekki það, sem ég hef áður sagt um þetta mál sjálft. Ég fylgi þessu máli, eins og ég tók fram í upphafi þessara orða. Ég fylgi því ekki sem prinsippmáli heldur vil ég veita Kvennaskólanum, sem nú hefur réttindi til þess að útskrifa gagnfræðinga og landsprófsfólk, ný réttindi, eins og ég orðaði það á öðrum stað, í samræmi við tíðarandann til þess að halda áfram að starfa. En mér finnst að þeir, sem ekki vilja það, ættu í raun og veru að taka þá upp hreinskilnislega baráttu fyrir því að leggja Kvennaskólann niður, að banna hann, því það væri rökrétt frá þeirra sjónarmiði séð. Það er ekki hægt að samþ. brtt., sem hér liggur fyrir frá hv. þm., Magnúsi Kjartanssyni. Hann vill að vísu leyfa skólanum að starfa áfram eins og hann starfar nú, en gera það að skilyrði fyrir því, að skólinn fái heimild til þess að útskrifa stúdenta, að karlar fái þar aðgang eins og konur. Hann vill sem sagt ekki leyfa sérskóla lengra áleiðis en til enda gagnfræðastigsins. Ég vil leggja áherzlu á, að eins og sést á þessu m. a., er hér um stigmun að ræða, en ekki stefnumun.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal svara fáeinum fyrirspurnum, sem hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, beindi til mín í ræðu sinni áðan. Hann spurði, hvers vegna þetta frv. væri ekki stjórnarfrv. Ríkisstj. var á sínum tíma í fyrra, þegar málið var fyrst flutt, á einu máli um, að ekki væri rétt, að frv. um þetta efni yrði stjórnarfrv., vegna þess að málið hafði verið rætt í stjórnarflokkunum báðum, og þar kom í ljós, að um það var ágreiningur í báðum flokkunum. Og raunar ekki aðeins í stjórnarflokkunum báðum, heldur í öllum þingflokkunum. Þetta var að vísu áður en Alþb. klofnaði og kann vel að vera, að sá flokkur, sem nú kallar sig Alþb., standi einhuga gegn því, en hinn nýi flokkur, Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sé einhuga með því. Um það veit ég ekki með vissu, en hitt vissi ég í fyrra, að Framsfl., sem var og er hinn sami og þá var — í honum var ágreiningur um málið og innan Alþb., sem þá var, var líka ágreiningur um málið. M. ö. o.: allir þingflokkarnir voru klofnir í afstöðu sinni til málsins, þegar það var fyrst lagt hér fram, og með hliðsjón af þessu voru allir ráðh. á einu máli um, að ekki væri rétt að flytja þetta sem stjórnarfrv.

Þm. spurði, hvenær ráðh. mundi nota heimildina, sem í frv. felst, ef það verður að lögum. Því verður til að svara, að ef Alþ. samþykkir þetta frv., mundi ég nota heimildina strax í sumar, þannig að menntadeildin gæti tekið til starfa næsta haust. En rétt er að taka það fram, að ég mundi setja það skilyrði fyrir því, að heimildina mætti nota, að ekki færri en 15 nemendur yrðu í hinum nýja bekk. Þetta er hliðstætt því, sem gilt hefur í meira en áratug um 1. bekk menntaskóla við Gagnfræðaskólann á Ísafirði. Tel ég í alla staði eðlilegt, að hliðstætt ákvæði verði sett.

Þá vék hv. þm. nokkrum gagnrýnisorðum að því, sem hann kallar hraðann, það má mikið vera, ef hann sagði ekki óðagoti, sem á hefði verið haft við stofnun Menntaskólans við Tjörnina og hinar nýju gagnfræðadeildir á s. l. hausti. Hér er um misskilning að ræða, að um nokkurn óeðlilegan hraða hafi verið að ræða, og er raunar ekki venjulegt, að gagnrýni sé borin fram fyrir of mikinn hraða við framkvæmdir í menntamálum, enda þykist ég vita, að hv. þm. hafi átt við það, að honum hafi fundizt illa að málinu staðið. Það hafi verið það, sem fólst í orðum hans, að um undirbúningsleysi hafi verið að ræða. Í þessu sambandi vildi ég aðeins minna á, að hér sem annars staðar hefur undanfarinn áratug verið við mikinn vanda að etja í skólamálum. Hann hefur verið meiri hér á landi en í öllum öðrum nálægum löndum, einfaldlega vegna þess að hér hefur hvort tveggja gerzt samtímis, að um mjög mikla hlutfallslega stækkun árganga ungs fólks hefur verið að ræða hér á landi og samtímis því hefur farið mjög hækkandi hlutfallstala þeirra unglinga, sem æskt hafa framhaldsnáms. Í öðrum nálægum löndum hefur sú bylgja fjölgunar á unglingsskeiði farið minnkandi, en þar eins og hér hefur verið um það að ræða á undanförnum árum, að hlutfall þess ungs fólks, sem leitað hefur framhaldsmenntunar, hefur farið mjög hækkandi af hverjum árgangi. Vandinn í skólamálum nálægra landa á ekki lengur á síðari árum rót sína að rekja til þess, að árgangar unglinga fari þar stækkandi, eins og hér á sér enn stað, heldur fyrst og fremst hins, sem einnig á sér stað hér, að æ fleiri unglingar hlutfallslega úr hverjum árgangi æskja framhaldsmenntunar. Ég held, að óhætt sé að fullyrða, og skal ekki ræða það við þetta tækifæri — ég skal með ánægju gera það við annað eðlilegra tækifæri, en þetta frv. er til umr. um þetta mál — að það er mjög hægur vandi að sýna fram á, að hér hefur verið brugðizt mjög myndarlega við þessum vanda. Og ég hika ekki við að segja myndarlegar en í flestum ef ekki öllum nálægum löndum. Kemur þetta fram í því hvoru tveggja, að hér hefur orðið hlutfallslega meiri aukning á framlögum til skólamála, bæði til byggingar skóla og reksturs skóla en í nokkru öðru landi í V-Evrópu, ef tekin eru s. l. 10—15 ár. Og það er líka mjög auðvelt að sýna fram á það, að gagngerðari endurskoðun hefur farið fram bæði á löggjöf og framkvæmd skólarekstrar hér en í flestum ef ekki öllum nálægum löndum. Hvort tveggja þetta ber vott um það, að við hinum mikla vanda, sem hér hefur verið við að etja eins og í nálægum löndum, hefur verið snúizt bæði nógu tímanlega og af fullum myndarskap hér á landi. Það er engin ný bóla nú á þessum tímum, að rætt sé af hita og áhuga um skólamál. Það er eitt af táknum þeirra tíma, sem við nú lifum, að menn hafa gert sér í æ vaxandi mæli grein fyrir mikilvægi skólanna sem þjóðfélagsstofnana, og í kjölfar batnandi efnahags og vax-

andi menntunaráhuga hefur hvarvetna farið mikil endurskoðunaralda, sums staðar mjög byltingarkennd, um skólamál nálægra landa. Hér hefur þessa, ég segi sem betur fer, ekki orðið vart, þannig að nokkur trafali hafi af hlotizt. Mjög víða meðal hinna beztu menningarþjóða hefur alvarlegur trafali hlotizt af þeim óróa, sem hefur orðið í skólum og varðandi skólamál. En það er ánægja að geta sagt það, að hér hefur slíkt ekki átt sér stað, og skýringin er auðvitað sú, að hér hefur á undanförnum 10—15 árum á hverju einasta ári verið unnið að endurbótum á einhverjum stigum skólakerfisins, og ár frá ári hafa fjárveitingar til skólamála tekið svo stórum breytingum til hækkunar, að Íslendingar eru nú í hópi þeirra þjóða í V-Evrópu, sem verja hlutfallslega mestum hluta þjóðartekna sinna til skólamála. Þetta er auðsannað með tilvitnun í opinberar skýrslur alþjóðastofnana.

Örfá orð vildi ég segja um Menntaskólann við Tjörnina. Það er alger misskilningur, og ég tel, að þeir, sem að þeim undirbúningi unnu, eigi allt annað skilið en að þau vinnubrögð séu kennd við flaustur eða óðagot. Það hafði lengi rækilega verið unnið að endurskipulagningu á hagnýtingu skólahúsnæðis í Reykjavík. Um langt skeið fóru fram vandasamir samningar á milli borgaryfirvalda í Reykjavík og menntmrn. um endurskipulagningu á hagnýtingu á skólahúsnæði í Reykjavík, og ég sé ástæðu enn einu sinni til að láta í ljós þakklæti til Reykjavíkurborgar fyrir þann skilning og fyrir þann að ýmsu leyti stórhug, sem hún sýndi við meðferð þess máls. En samningar um svo vandasamt mál hljóta auðvitað að taka verulegan tíma, og það er rétt, að það var ekki fyrr en á s. l. sumri, sem niðurstaða samninganna lá ljós fyrir — að Reykjavíkurborg gerði menntmrn. kost á því að taka á leigu eitt af beztu og elztu skólahúsum borgarinnar, barnaskólann við Tjörnina, til menntaskólahalds. En húsið var tilbúið á alveg réttum tíma, og það, hvað samningarnir tóku langan tíma, varð að engu leyti til þess að tefja fyrir því, að skólinn gæti hafizt á eðlilegum tíma, og hefur hann starfað með miklum ágætum það, sem af er þessu skólaári.

Það hefur áður verið vikið að því í blöðum með gagnrýnisorðum, að ég skuli ekki hafa skipað nýjan rektor við þennan skóla þegar á s. l. hausti, heldur falið stjórn hans rektor Menntaskólans í Reykjavík. Ég held, að ég hafi áður gefið opinbera skýringu á því, hvers vegna ég taldi þessa ráðstöfun réttmæta og skynsamlega, en ekki mun ég hafa gert það hér á Alþ., svo það er bezt, að ég fari um það örfáum orðum. Við stofnun nýs menntaskóla í Reykjavík, Menntaskólans við Tjörnina, var um það tvennt að velja varðandi skipun hans að flytja í hann einn bekk t. d. úr öllum bekkjardeildum Menntaskólans í Reykjavík, en það var húsnæði hans, sem var orðið of lítið — m. ö. o. að hafa þegar á fyrsta ári fullskipaðan menntaskóla við Tjörnina — alla fjóra bekki menntaskólastigsins. Ef þetta hefði orðið niðurstaðan, hefði ég talið sjálfsagt að skipa skólanum nýjan rektor þegar við upphaf skólaársins. Hins vegar var það skoðun rektora menntaskólanna, sem ég ráðgaðist um þetta við, og ýmissa kennara menntaskólanna tveggja hér í Reykjavík, að á þessu væru mjög mikil vandkvæði. Og þeirra einróma meðmæli voru með því að hefja þetta nýja skólahald eingöngu með því að starfrækja þriðjabekkjardeildir, þ. e. a. s. fyrstabekkjardeildir í menntaskóla, og þannig hefur Menntaskólinn við Tjörnina starfað á þessu fyrsta starfsári. Með hliðsjón af þessu taldi ég rétt, að þar sem hér er í raun og veru um fyrsta fjórða hluta af fullgildum menntaskóla að ræða, að því er námsefni snertir, að fela stjórn þessa nýja skóla reyndum skólamanni, sem ég treysti fullkomlega og allir treysta fullkomlega til þess að fylgja nýjum skóla fyrstu sporin, fyrst þau eru stigin með þessum hætti. Og þess vegna gerði ég það, sem ég gerði og hef raunar ekki orðið var við, að þessi ráðstöfun hafi verið gagnrýnd af nokkrum skólamanni, hvorki af hálfu nokkurs skólastjóra menntaskólanna, né af hálfu nokkurra kennara þeirra, né af hálfu nokkurra foreldra, allra síst þeirra unglinga, sem í Menntaskólanum við Tjörnina eru. Ég tel fyrstu sporin þar hafa verið stigin með hinum mestu ágætum.

Þá ræddi hv. þm. einnig um gagnfræðanámið nýja og gat þess, að komið hefði fyrir, að ekki hefðu allar kennslubækur verið til fullgerðar, þegar starfsemi skólans var hafin á s. l. hausti. Það mun rétt vera, að ekki hafi tekizt að ljúka fullkomlega öllum þeim gífurlega undirbúningi, sem það hlaut að kosta að hefja alveg nýjar námsleiðir í gagnfræðaskólum í framhaldi af gagnfræðaprófi og landsprófi, eins og hér var gert. En þetta mál hafði verið mjög rækilega og vandlega undirbúið í mörg ár af skólarannsóknum menntmrn. Og nefnd hafði starfað að því að gera till. um þetta nýja nám og aðrir sérfræðingar að því að semja námsskrá. Þessu verki öllu saman var lokið í tæka tíð, þannig að á þessu þurfti ekki að standa. Hins vegar mun það rétt, að sérfræðingarnir, sem falin hafði verið samning nýrra bóka — því geysimargar nýjar bækur hafa verið samdar til notkunar í þessu námi — þeir höfðu ekki fullkomlega lokið sínu starfi, þegar þessir skólar hófu nám sitt í haust. Þegar við höfum hliðsjón af því, hversu mikill skortur er á góðum mannafla til þess að vinna vandasöm verk hér í okkar litla þjóðfélagi, þá held ég, að ekki sé ástæða til þess með sanngirni að gagnrýna það, þó að fyrir komi, að ekki geti allir menn, sem falin eru tiltekin verk, lokið þeim nákvæmlega í þeirri viku, sem upphaflega var til ætlazt eða mælzt.

Þá spurði hv. þm., hvers vegna ég í afstöðu minni til þessa máls hafi hafnað rökum þeirra skólamanna, sem skipuðu meiri hl. menntaskólan., en þeir mæltu gegn þessari hugmynd, sem hér er um að ræða, en tveir menn í minni hl. mæltu hins vegar með þessu. Um þetta vildi ég segja, að ég geri mér fulla grein fyrir því, að á þessu máli eins og raunar öllum málum eru tvær hliðar, og ég skil vel rök meiri hl. menntaskólan. gegn því að veita Kvennaskólanum rétt til þess að brautskrá stúdenta. Ég tel hins vegar ekki rétt, að ég standi gegn því, að ný námsleið opnist á menntaskólastiginu. Ég hef ekki, né heldur ríkisstj., beitt mér fyrir þessu máli, en ég greiddi

atkv. með því í fyrra og mun greiða atkv. með því aftur núna.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hafði nú ekki hugsað mér að blanda mér í þær miklu deilur, sem hér hafa farið fram um eitt megin efnisatriði þessa frv., sem hér liggur fyrir, en það er um það, hvort heimila skuli Kvennaskólanum í Reykjavík að starfrækja með nokkuð sérstökum hætti menntaskóladeild — þ. e. a. s. að gera þá almennu breytingu frá þeirri reglu, sem í gildi hefur verið, að þar verði komið upp sérskólaformi fyrir menntaskólanám í stað þess, að hingað til hefur menntaskólanámið verið í formi samskóla. Eins og ég hef sagt, þá ætla ég mér ekki að taka hér ýkja mikinn þátt í deilu um þetta atriði, en vil þó hins vegar lýsa því yfir, að það er min skoðun, að það sé rétt að halda við þá stefnu, sem upp hefur verið tekin í þessum efnum — að menntaskólastigið verði samskólastig og það verði ekki farið að hverfa að því gamla fyrirkomulagi að skipta þessu eftir kynjum og hafa sérstaka kvennamenntaskóla og þá sennilega afleiðingu af því síðar meir, að það verði sérstakir karlamenntaskólar. Ég er algerlega á móti þeirri stefnu. En ekki meira um það.

Það er annað atriði varðandi þetta mál, sem er þess valdandi, að ég hef kvatt mér hér hljóðs. Fyrir rétt u. þ. b. ári síðan, hygg ég, að það hafi verið, sem hæstv. menntmrh. gaf mjög ótvíræða yfirlýsingu um það, að það væri ákveðin stefna að standa þannig að menntaskólamálum í landinu, að fyrst yrði reynt að ljúka við mikilsverðar framkvæmdir í menntaskólamálum á Akureyri, Laugarvatni og hér í Reykjavík, en síðan væri ákveðið, að næstu menntaskólarnir í röðinni yrðu menntaskólar á Austfjörðum og á Vesturlandi. Það kom einnig fram í sambandi við þessa yfirlýsingu, að leitað hafði verið eftir því m. a. hér frá fjölbýlissvæðum á Suð-Vesturlandi, einkum á Reykjanesi, að þeir vildu gjarnan koma upp menntaskóla hjá sér, en ráðh. kveðst hafa sagt alveg skýrt og greinilega, að um það yrði ekki að ræða, fyrr en þessum áföngum yrði lokið, þ. e. a. s. byggingaframkvæmdum á þeim stöðum, þar sem framkvæmdir höfðu þegar verið ákveðnar, og síðan næstu áföngum, sem væri að byggja menntaskóla á Vestfjörðum og Austurlandi.

Ég tel, að frá þessari yfirlýsingu og þeim loforðum, sem gefin voru í þessum efnum, m. a. Austfirðingum, hafi verið vikið. Í fyrsta lagi, þegar ákveðið var að bæta við einum menntaskólanum enn hér í Reykjavík, Menntaskólanum við Tjörnina, en þá var svo komið, að raunverulega voru orðnir 5 menntaskólar í Reykjavík. Þá var það sérstaklega undirstrikað, m. a. af hæstv. menntmrh., að nú væri orðið þannig ástatt í þessum málum, að telja mætti alveg víst, að hægt væri að taka við í þá menntaskóla, sem þegar væru komnir á fót, fleiri nemendum en mundu sækja um pláss í þessum skólum. En nú er sem sagt komin fram till. um það að bæta við einum menntaskólanum enn hér í Reykjavík og hafa hann þann 6. í röðinni hér. Ég efast ekkert um það, að verði þetta frv. samþ., þá hlýtur að leiða af því, að það þarf að ráðast í auknar byggingar, auknar framkvæmdir, til þess að hér geti verið um viðunandi húsnæði að ræða fyrir nýja menntaskóladeild.

Við vitum, að það er enn ekki búið að ljúka fyllilega þeim áföngum, sem unnið hefur verið að í menntaskólamálum við hina eldri menntaskóla. En eitt veit ég mæta vel, og það er það, að það er enn ekki búið að taka neina ákvörðun um það, hvernig skuli háttað framkvæmd í menntaskólamálum á Austurlandi. Fjárveitingin til framkvæmdar í þeim efnum er enn ónóg, og það þykir enn ekki fært að standa við það loforð, sem þar hefur verið gefið, um framkvæmdir í menntaskólamálum þar. Ég tel, að það geti enginn vafi verið á því, að það sé vandræðalaust orðið, eins og nú er komið, fyrir ungmenni hér í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu að fá setu í menntaskóla í þeim 5 menntaskólum, sem hér eru komnir, vegna rúms í skólunum. Og ég get því ekki séð annað en að þær stúlkur, sem hugsanlega mundu fá setu í þessari nýju menntaskóladeild, ættu allan kost á því að ganga í menntaskóla hér í sínu heimabyggðarlagi og hafa góða aðstöðu til þess að stunda hér menntaskólanám, án þess að bætt sé hér við einum menntaskólanum enn. Hinu verður hins vegar ekki neitað, að aðstaða ungmenna á Austurlandi t. d. er ekki jafn góð til þess að stunda menntaskólanám.

Ég verð að segja það, að í þessum efnum undrast ég það mjög, að þm. af Austurlandi, sem setu eiga hér í þessari hv. d., skuli þegar hafa greitt hér atkv. með því að bæta þessum menntaskóla við hér í Reykjavík, miðað við það, hvernig ástatt er um framkvæmd á þeim loforðum, sem Austfirðingar hafa fengið í þessum efnum. Ég undrast það mjög. Ég sætti mig hins vegar ekki við það, að þannig sé staðið að loforðum í þessum málum, og það er ein af ástæðunum til þess, að ég get ekki greitt þessu frv. atkv. Hér er flutt till. til breyt. á þessu frv. af hv. 6. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, um það að heimila piltum einnig aðgang að þessari nýju menntaskóladeild við Kvennaskólann. Út af fyrir sig þá get ég samþ. þessa till., því að ég tel, að hún sé þó til lagfæringar á þessu máli. En ég lýsi því alveg hiklaust yfir, að þó að sú till. yrði samþ., þá mundi ég verða á móti þessu frv. eftir sem áður af þeim ástæðum, sem ég hef hér m. a. greint.

Í þessum efnum þykir mér einnig ástæða til þess að minnast á það, að mér finnst einkennilegur áhugi kominn upp, m. a. hér á Alþ., um menntaskólamál. Menn tala hér um menntaskóla, rétt eins og að menntaskólar séu einu skólarnir, sem umtalsverðir séu í landinu. Það þarf ekki minna en 6 tegundir — eða 6 skóla á þessu námsstigi í Reykjavík eftir því, sem helzt er að álykta af því, sem fram hefur komið í ræðum manna. Ég fyrir mitt leyti vil gjarnan stuðla að því, að sem flestir unglingar í landinu geti þreytt stúdentspróf. Ég hef ekki á móti því. En ég álít, að við verðum að reyna að gera okkur grein fyrir því, að það eru til fleiri námsbrautir en aðeins menntaskólabrautin ein, sem við eigum að hugsa um að skapa þannig skilyrði, að þar geti þróazt eðlileg kennsla og farið fram eðlilegt nám. Ég vil t. d. benda á það, að ekki erum við lengra á

veg komnir en svo, að hér er um einn tækniskóla að ræða, sem á þó í mjög miklum erfiðleikum. Iðnfræðslunámið er allt í upplausn hjá okkur, og því miður hefur svo farið, að eftir síðustu breytingar á iðnfræðslulögunum hefur í rauninni sótt í hið lakara horf með fræðslu í þeim málaflokki. Alþingi hefur gert ályktun um það hvað eftir annað, að það þurfi að koma upp fiskiðnskóla í landinu. Það hefur ekki orðið neitt úr framkvæmdum, auðvitað því alltaf borið við, að það skorti fjármagn. En það skortir aldrei fjármagn, ef um það er að ræða að bæta við einum viðbótarmenntaskóla í Reykjavík.

Eins og ég sagði, búa heil landssvæði eins og t. d. Austurland og Vestfirðir, við mjög erfið skilyrði til þess að koma unglingum þar um slóðir til menntaskólanáms. Það er ósköp eðlilegt, að fólk í þeim landshlutum berjist fyrir því að koma þar upp menntaskóla, einum í hverjum fjórðungi. En ég skil ekki í rauninni þann hugsunargang, sem á bak við það stendur, að berjast fyrir því að hlaða hér svo að segja menntaskóla ofan á menntaskóla í Reykjavík.

Ég vildi, að þetta sjónarmið kæmi hér fram, vegna þess að þó að ég sé á móti því meginprinsippi, sem hér er deilt um í sambandi við þetta frv., þá vil ég þó ekki gera það að neinu aðalatriði. Hitt er fyrir mér aðalatriði málsins, að ég tel það óeðlilegt og ég tel það svik við gefin loforð um niðurröðun á framkvæmdum í landinu í sambandi við byggingu menntaskóla að standa þannig að málinu, sem hér er gert ráð fyrir. Og af því verð ég m. a. á móti þessu frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal vera frekar stuttorður um þetta mál. Ég tel ákaflega eðlilegt, að það fái afgreiðslu út úr þessari hv. d. núna, áður en þingið gerir hlé á störfum sínum. Það hefur verið á það minnt hérna, hvernig þetta mál er flutt nú. Hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, gerði það að umræðuefni og þótti það skrýtið, að frv. skyldi ekki vera flutt af ríkisstj., heldur á þann veg, sem það var gert, bæði í fyrra og nú. Það var flutt af hv. menntmn. Það er eitt, sem mér finnst skrýtið, og það er það, að hv. þm. Magnús Kjartansson var meðal flm. frv. í fyrra, fyrir ári síðan. Hann átti þá og á sæti í menntmn. Alþ. og var einn af flm. frv., þegar það var leitt hér inn á Alþ. í fyrra, eins og þskj. bera með sér. Við meðferð málsins á þinginu í fyrra kom hins vegar í ljós, að hann notaði þann rétt, sem hann og aðrir nm. áskildu sér, að fylgja eða flytja brtt. við málið, og hann reyndist svo að vera, þegar til stykkisins kom, andvígur málinu, og gerðist svo ekki flm. að málinu núna í byrjun þessa þings, en meiri hl. n. stóð við sína fyrri afstöðu og flutti málið á ný.

Um fjölgun menntaskólanna skal ég vera fáorður. Ég játa það fyllilega, að það væri kannske miklu brýnni þörf á því að huga að fleiri þáttum íslenzkra menntamála heldur en fjölgun menntaskóla, þó að menntaskólar séu vissulega gildur þáttur í skólakerfi þjóðarinnar. Og þar er mikið verk að vinna, sem ekki á að þurfa neitt að setja til hliðar eða láta gjalda þess, þó að eðlilegum kröfum sé sinnt í menntaskólamálunum. Það var ungað út einum menntaskóla í Reykjavík á liðnu ári þarna við Tjörnina. Ég álít, að það hefði verið skynsamlegra að staðsetja þann skóla annars staðar á Reykjavíkursvæðinu, t. d. annað hvort á Kópavogs- eða Hafnarfjarðarsvæðinu. En það er staðsetningaratriði, og ég geri ráð fyrir, að það geti alveg verið opið til athugunar enn, þó að skólanum hafi verið valið þarna bráðabirgðahúsnæði, sem fáanlegt var hérna við Tjörnina, og hann hafi byrjað starfsemi sína þar. En það er leiguhúsnæði, sem er ekki til frambúðar, og ég vildi vænta þess, að það sjónarmið yrði tekið til athugunar um staðsetningu þess skóla, hvort hann væri ekki betur settur á Hafnarfjarðar- eða Kópavogssvæði. Og get ég þá ekki neitað því, að sem söguleg rök varðandi það mál, þó að það séu ekki aðalrök, kemur mér hinn gamli og virti Flensborgarskóli í hug.

Þá vil ég taka það fram, sem varla á að þurfa, að það er mér ekkert undrunarefni, þó að hæstv. ríkisstj. hafi strax í fyrra gert sér það ljóst, að þetta mál gat eðli sínu samkv. ekki verið flokksmál. Það hlaut að vera augljóst öllum mönnum, að menn gátu haft á þessu mismunandi skoðanir í sama flokki, og þannig var það í öllum flokkunum og er sennilega í öllum flokkunum. Það var því ákaflega eðlilegur flutningsmáti að biðja þn. með fulltrúa úr öllum flokkum að flytja þetta mál, sem var gert. Ég er því ekkert undrandi á því, þó að því væri hagað þannig.

Þá vil ég minna á það næst sem meginatriði í málinu, að hér er ekki verið að raska samskólakerfinu á Íslandi. Samskólakerfið er yfirgnæfandi í okkar skólakerfi neðan frá og upp úr. Barnaskólarnir samskólar, gagnfræðaskólarnir yfirleitt samskólar, menntaskólarnir samskólar. Að vísu eru starfandi um 20 skólar í landinu, sem í reynd eru annað hvort fyrir karla eða konur. Í þeim skólum eru þúsundir af ungu fólki, sem stundar ýmiss konar nám, í þjónustu atvinnulífs og þjónustustarfa aðallega, og veit ég ekki til, að það hafi nokkur þjóðarógæfa af slíku skólahaldi stafað. Það verð ég að segja. Á gagnfræðaskólastiginu hefur svo verið til ein undantekning. En til þess að staðfesta reglu, þarf undantekningu. Undantekning staðfestir regluna, segja menn, og þessi eina undantekning er Kvennaskólinn í Reykjavík. Og hann hefur starfað, eins og alkunnugt er, á gagnfræðaskólastiginu. Það er ætlunin, að þessi undantekning fái að vera við lýði á menntaskólastiginu, og hvað er eðlilegra, þegar við gerum okkur það ljóst, að kröfurnar um stúdentspróf, stúdentsmenntun, eru nú orðnar eins almennar og algildar og kröfurnar um gagnfræðamenntun voru fyrir 20—30 árum. Þegar það var almenn menntunarkrafa, þá kom bylgja, sem leiddi af sér byggingu fjölmargra gagnfræðaskóla samkv. gagnfræðaskálöggjöfinni 1930 og héraðsskólanna í sveitunum. Gagnfræðapróf og gagnfræðamenntun var þá almenn menntunarkrafa þjóðarinnar. Núna er það almennt álitið, að stúdentsmenntun eigi að vera sá almenni menntunargrundvöllur, sem ungir menn og ungar stúlkur eigi aðgang að eftir sinni vild og getu eftir því, sem hæfileikar og vilji standa til. Og ég álít, að hæstv. menntmrh. og ríkisstj. hafi að þessu leyti aðeins verið að svara

breyttum kröfum tímans, þegar þeir hafa fjölgað menntaskólunum svo sem gert hefur verið á undanförnum árum. Það var fyrir þessu, sem andstaðan við menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum féll. Það var ekki hægt að standa á móti málunum lengur. En afturhaldssemin hafði prýðilega enzt í 20 ár til þess að berjast á móti þessum sjálfsögðu kröfum um menntaskóla úti á landsbyggðinni. En hún er að láta undan hinum almennu kröfum í þjóðfélaginu um að jafna aðstöðu fólks til menntunar, þeirrar almennu menntunar, sem þá var krafizt, þ. e. a. s. stúdentsprófs. Og hvernig standa þá málin. Ég tók eftir því, að hv. 4. þm. Austf. barmaði sér yfir því, hann fullyrti það, að hann yrði á móti þessu máli af því, að það væri ýmislegt vangert í skólamálum Austfirðinga á menntaskólastiginu. Ég spyr nú: Eru Austfirðingar búnir að koma sér saman um skólastað? (Gripið fram í.) Er búið að ákveða það? (Gripið fram í.) Nú, já. Svo mikið er víst, að það er búið að heita því, að menntaskólamál Vestfirðinga, sem fylgdust alltaf að með Austfirðingamálinu, að það verði hafizt handa við þau á komandi hausti og menntaskólinn þar hefji störf með þeirri deild, sem Gagnfræðaskólinn á Ísafirði hefur fengið að starfrækja um langt skeið og annarri deild í viðbót. Það mál tel ég því vel komið í höfn, og svo mikið er víst, að það er búið að lögbjóða menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Hvernig standa þá menntaskólamálin núna? Þau standa þannig, að það eru þrír menntaskólar í Reykjavík — almenni menntaskólinn við Lækjargötu, Hamrahlíðarskólinn og svo nýi skólinn við Tjörnina — og tveir skólar, sem hafa rétt til þess að hafa menntadeildir í sambandi við starfsemi sína, Verzlunarskólinn og Kennaraskólinn. Þannig stendur það. En úti á landsbyggðinni eru lögfestir sem menntaskólar, Akureyrarskólinn, það er rétt að telja hann fyrst, Akureyrarskólinn, Laugarvatnsskólinn, Ísafjarðarskólinn og Austfjarðaskólinn. Þannig eru lög í landinu núna — fjórir skólar utan Reykjavíkursvæðisins og þrír menntaskólar á Reykjavíkursvæðinu og tveir skólar, sem hafa menntadeildir, Kennaraskólinn og Verzlunarskólinn. Á Reykjavíkursvæðinu er meira en helmingur þjóðarinnar. Mér sýnist því, að það sé nokkuð eðlileg skipan á þessum málum, eins og þau standa nú samkv. lögum. Og það er loks svo komið við lögfestingu Austfjarða- og Vestfjarðaskólans, að það er vafasamt, að það halli nokkuð á landsbyggðina, þegar þessi loforð hafa verið efnd, þegar þessi lagaákvæði hafa komizt í framkvæmd.

Það hefur verið sagt, að það sé óeðlilegt að hverfa frá skólakerfinu frá 1946, sem gerir ráð fyrir því, að menntaskólarnir hafi ekki gagnfræðadeildir. Það að tengja þannig saman gagnfræðadeild og lærdómsdeild í sama skóla sé óeðlilegt og hafi verið óeðlilegt síðan almenna skólalöggjöfin var sett 1946. En þetta er ekki nýmæli nú með Kvennaskólann. Eins og ég var að enda við að nefna, þá eru slíkar framhaldsmenntadeildir við tvo skóla í Reykjavík, Verzlunarskólann og Kennaraskóla Íslands. Hér er því aðeins um það að ræða að ekki er brotin braut, ekki heldur að þessu leyti, heldur aðeins þriðja tilfellinu bætt við, þar sem lærdómsdeild kemur í sambandi við annan skóla eins og við þá tvo, sem fyrir eru. Og ef mig misminnir ekki mikið, þá var það nú enginn afturhaldsraftur, sem sat á menntamálaráðherrastóli 1946, þegar nýja skólalöggjöfin þá var sett. Það var páfi kommúnismans á Íslandi, Brynjólfur Bjarnason. Og við skulum halda það, að hann hafi ekki verið að fara inn á neinar villigötur í kynferðislegum fasisma. Það vil ég a. m. k. vona. Hann staðfesti þá reglu, að Kvennaskólinn mætti starfa á gagnfræðaskólastiginu sem sérskóli, og hann hefur haft þann rétt síðan. Er það ekki óttalegt þetta, að hugsa sér það, að stúlkurnar í Kvennaskólanum og úr öðrum skólum, sem kynnu að vilja stunda nám í sérskóla, eigi að sitja þarna við bóknám 5 stundir á dag út af fyrir sig án þess að hafa samneyti við pilta? Er það ekki óttaleg misþyrming á eðli manneskjunnar? Ég held ekki. Ég held, að menn geti starfað að hvaða starfi sem er — og nám er starf — án þess að bíða tjón á sál eða líkama, þó að vinnuflokkar karla séu út af fyrir sig, hvort sem það er á vinnustað eða í skóla, eða konur út af fyrir sig, og ekki skipti mjög miklu máli, hvort vinnustaðurinn er blandaður eða ekki. Ef litið er ofstækislaust á málið, þá er það svona. Það er ekki stórmál.

En nú skulum við segja, að andstæðingum kvennaskólamálsins takist að fella það. Hvað gerist þá? Það sama og gerzt hefur hingað til, að stúlkurnar úr Kvennaskólanum, sem halda áfram námi, fara til menntaskólanáms í einhvern af menntaskólunum, sennilegt að margar þeirra fari hérna í hinn almenna, gamla menntaskóla við Lækjargötu. Og hvað þá? Þá verða þær settar þar í kvennabekki, sama ógæfan vofir yfir þeim, þær verða að vera sér í kennslustundum, 5—6 stundir á dag. Þetta er staðreynd. Síðasta Menntaskólaskýrslan í Reykjavík, fyrir árið 1968—1969, sýnir það, að þar eru kvennadeildir og piltadeildir. Breytingin er engin. Sama hörmungin með stúlkurnar, ef Kvennaskólanum verður synjað um það að brautskrá stúdenta, og það er eingöngu þetta, að þær eru nokkur hundruð metra hérna lengra upp með Lækjargötunni, ef Kvennaskólinn öðlast þessi réttindi, sem hann biður um, en annars verða þær hérna í hinum almenna, gamla menntaskóla í kvennabekk.

Já, það er alveg furðulegt, hvernig neikvæðum ofstækisöflum hefur tekizt að blása þetta smámál upp í stórmál. En þeim verður drjúgt að verki, þegar þau eru látin ein um hituna, sem allt of oft er gert. Þar að auki sé ég ekkert samræmi í því, því að það er staðreynd, að Gagnfræðaskólinn á Akureyri þokaði sínu máli fram um menntaskóla Norðurlands að hefja kennslu, frá heimild til kennslu á lærdómsdeildarstigi og varð síðan að senda sína stúdenta fyrstu frá sér undir próf, undir dóm hér í Menntaskólanum í Reykjavík. En síðan fékk hann löggjöfina í gegn og menntaskóli Norðurlands reis af grunni og varð eitt nýtt vígi íslenzkrar menningar.

Á sama hátt hófst baráttan á Laugarvatni. Þar var fyrst og fremst barizt fyrir því að fá rétt til þess, að menntaskólakennsla færi þar fram í tengslum við Laugarvatnsskólann, og að síðustu var fullnaðarsigur unninn, löggjöf sett um

Menntaskólann á Laugarvatni og nákvæmlega sama sagan á Ísafirði. Þar var hafizt handa um kennslu á menntaskólastigi við gagnfræðaskólann þar og síðan barizt fyrir málinu, þangað til þróun tímans hafði lyft undir það og átt sinn drjúga þátt í að bjarga því í höfn. Þessir skólar hafa allir fengið aðstöðu til þess að fylgja sínum nemendum eftir og síðan hefur verið sett löggjöf um sjálfstæðan menntaskóla á þessum stöðum, sem ég hef nefnt. Að deildir séu við aðra skóla, fyrir því eru fordæmi líka, þar sem bæði er Verzlunarskólinn og Kennaraskólinn, svo að menntadeildir eru líka við skóla, eins og hér er verið að fara fram á við Kvennaskólann. Allar þær stúlkur, sem vilja fara í sérskóla, eiga þess vissulega rétt, því að þær geta valið um alla þá menntaskóla í landinu, sem fyrir eru og allir eru samskólar. Ekki er því gert á hluta þeirra. En er þá þröngt fyrir dyrum um námsval pilta með því að samþykkja þetta frv.? Ég sé það ekki heldur. Ég veit ekki annað en þeir eigi aðgang að samskólum alveg eftir sinni vild og bætti lítið úr, þó að einum litlum skóla með 30—40 nemendum væri bætt þar við þeirra valkosti.

Ég tók eftir því, að hæstv. menntmrh. sagði áðan: „Ég taldi ekki rétt, að ég og ríkisstj. stæðum gegn því, að ný námsleið opnaðist á menntaskólastiginu.“ Þetta tel ég nokkuð eðlilegt, en ég bæti við og segi: Ég tel ekki eðlilegt, að Alþingi Íslendinga standi gegn því, að ný námsleið opnist á menntaskólastiginu.

Það er upplýst, að Kvennaskólinn í Reykjavík hefur aðstöðu til þess að láta þessa umbeðnu kennslu fara fram í sínum húsakynnum fyrstu tvö árin. Á þessum tveimur árum sker reynslan algerlega úr um það, hvort menntadeild við Kvennaskólann fær aðsókn eða ekki. Ef þessi tvö ár skera úr á þann hátt, að deildin fái fullnægjandi aðsókn, þá kemur auðvitað að því að byggja yfir þann menntaskóla. En er það nokkur sérstakur kostnaður umfram það, sem aðrar lausnir málsins leiða af sér? Mundi ekki verða að byggja frá grunni yfir hvern þann nýjan menntaskóla, sem heimilaður væri? Ég held það. Ég held, að það sé mikið atriði í málinu. Við, sem erum samskólamenn, teljum, að það sé eðlilegt, að þeir, sem vilja heldur sérskóla, hafi einn möguleika, og hér er ekki verið að opna neinar nýjar leiðir, heldur að heimila framhaldsréttindi, sem fyrir eru hjá hinum starfandi skóla.

Ég tel það þröngsýni en ekki víðsýni að vilja ekki heimila neinn sérskóla í landinu á menntaskólastiginu, eins og verið hefur og góð reynsla fengizt af á gagnfræðaskólastiginu. Þar er ekki umturnað neinu í okkar skólakerfi, og það er ekki verið að fara fram á það að skerða réttindi nokkurs einstaklings né nokkurs skóla í landinu með þessu frv. Ég tel því einsætt, að Alþ. á ekki að loka þeirri leið, sem hér er farið fram á. Það á að samþykkja þetta frv. og heimila þannig einn sérskóla í landinu á menntaskólastiginu, eins og verið hefur um áratugi á gagnfræðaskólastiginu. Till. Magnúsar Kjartanssonar er eingöngu fram borin til þess að synja um óskir Kvennaskólans og stjórnenda hans um að fá að brautskrá stúdenta og hafa menntaskóladeild fyrir stúlkur. Það tel ég ekki rétt, því að ég mundi telja, að það eigi að svara játandi, en ekki að loka þeim leiðum, sem það opnar.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Mér þykir rétt að gera hér grein fyrir skoðun minni í þessu máli, þar sem ég er einn af þeim fáu, sem greiddu atkv. gegn samþykkt þessa frv. hér í d., og vera kann, að einhverjir líti svo á, ef ég þegi hér með öllu, að ég sé hins vegar að öllu leyti samþykkur þeim rökstuðningi, sem hv. 6. þm. Reykv. og 4. þm. Austf. hafa borið hér fram, en svo er alls ekki. Ádeilur þeirra á menntamál og þá sérstaklega menntmrh. tel ég yfirleitt úr lausu lofti gripnar, en ég fer ekki að verja hann hér, því að hvorugur nefndra þm. er að mínu áliti annarrar handar maður hans í þeim málum. En ástæður þess, að ég greiði atkv. gegn þessu máli, eru þessar, sem ég hér skal nú telja.

Mér er tjáð og hef af því góðar spurnir, að Kvennaskólinn í Reykjavík sé góður skóli og hafi gegnt miklu og góðu hlutverki. Eigi hann að verða menntaskóli, þýðir það, að annað hvort getur hann ekki tekið nemendur í svo miklum mæli sem verið hefur til þess náms, sem hann hefur veitt stúlkunum fram til þessa, ellegar það verður að stækka hann verulega, þ. e. a. s. auka við hann byggingar, og hér er tekið fram, að kostnað menntadeildar eigi að greiða úr ríkissj. Þ. e. a. s. kostnaður ríkisins af þessum skóla mundi vaxa verulega. Að minni hyggju er ekki eins mikil þörf fyrir nýjan menntaskóla hér í Reykjavík eins og menntaskóla annars staðar. Ég tel stofnun menntaskóla þurfa að sitja fyrir bæði á Vestfjörðum, Austfjörðum og, eins og hér kom fram áðan, í Hafnarfirði eða Kópavogi. Vel mætti nefna það, að sá skóli væri staðsettur t. d. mitt á milli, í Garðahreppi, þannig að nemendur úr Hafnarfirði og Kópavogi gætu losnað við þann mikla kostnað, sem þeir hafa af því að sækja menntaskóla inn til Reykjavíkur.

Sem sagt, það er ekki mín skoðun, að það sé nein goðgá, að konur sitji í sérstökum skóla allt til stúdentsprófs, eins og hér kom fram áðan, að það væru einhverjir andstæðingar gegn því, að konurnar sætu í sérskóla svo lengi og biðu af því sálarlegt og líkamlegt tjón. Það er ekki mín skoðun. En ég tel, að aðrir skólar, aðrir menntaskólar, eigi að sitja fyrir, vera á undan þeim, sem hér er verið að ræða um, og ríkið verði að taka þetta í réttri röð, láta þá skóla ganga á undan, sem meiri þörf er á. Það tel ég, að gildi um þá skóla, er ég nefndi áðan. Ég nefni fyrst Ísafjörð, Austfirði og svo þéttbýlið hér sunnan við Reykjavík. Allt þetta tel ég, að eigi að ganga á undan og ríkið geti ekki vegna þess mikla kostnaðar, sem af þessu öllu saman er, látið allt þetta ganga fram í einu. Það verður að hafa einhverja röð á því, og hér er farið öfugt í röðina.

Mig langar, fyrst ég er á annað borð kominn hér, að benda á eitt atriði, sem alls ekki hefur komið hér fram. Það er það, sem við, sem búum utan þess, sem kallað er almennt þéttbýlissvæði, verðum kannske meira vör við heldur en aðrir íbúar landsins — að fyrir foreldra, sem verða að senda börn sín í skóla utan úr sveitum, utan úr þorpum, utan úr smærri kaupstöðum, þá er það mjög mikilsvert, að við þessa menntaskóla,

sem börnin fara í, séu góðar heimavistir. Það eru mörg dæmi þess, að þegar verður að senda unglinga, sem aldrei hafa farið fyrr að heiman, í framhaldsskóla, og þau eru vistuð kannske á góðu heimili, að þá er allt í lagi, en í vist kannske á ekkert sérstaklega góðu heimili getur allt farið úrskeiðis, eða sem oftast er, að þau taka sér bara herbergi einhvers staðar í bænum. Enginn er þeim þá verulega til eftirlits og lestur og annað fer úr skorðum. Þess vegna held ég, að heimavistir og heimavistarmenntaskólar séu of fáir hér á landi. Þeir eru aðeins tveir, á Akureyri og Laugarvatni, og það væri mikilsvert að fá sem fyrst heimavistarmenntaskóla á Ísafirði, á Egilsstöðum líklega helzt fyrir austan, til þess að bæta úr þessum vanda, sem ég bendi hér á.

En ég endurtek það, að ég er ekki á móti kvennaskólafrv., vegna þess að mér sýnist — þau rök, sem aðallega hafa verið flutt gegn frv., mikilvæg. Það er röðin, sem ég tel, að ekki sé rétt í þessu máli.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Umr. um þetta mál hafa nú staðið nær allan venjulegan fundartíma hv. d., og ég skal ekki lengja þær, segja aðeins örfá orð. Ég stend raunar aðallega upp til þess að taka undir þau orð, sem féllu í ræðu hv. 1. þm. Austf. hér áðan. Ég er honum svo sannarlega sammála um það, að það er skaði fyrir þjóðlíf okkar allt, hversu fáar konur taka þátt í þeim málum, sem venjulega eru nefnd þjóðmál. Ég mundi telja, að hv. Alþ. væri miklu betur skipað, ef hér ættu sæti fleiri konur, og felst þó enginn broddur í þessum orðum mínum til minna ágætu þingbræðra, sem allir eru hæfileikamenn miklir.

Ég var staddur á sveitarstjórnaráðstefnu, sem var haldin hér í Reykjavík á vegum Sjálfstæðisflokksins í gær og fyrradag. Þar komu fram þær upplýsingar, að í bæjarstjórnum og sveitarstjórnum í landinu munu sitja á 12. hundrað manns, ég man ekki töluna nákvæmlega. En af öllum þessum mannfjölda munu eiga sæti í bæjar- og sveitarstjórnum rúmlega 30 konur. Þetta tel ég ekki vera góða þróun í þjóðlífi okkar. Undir störf sveitarstjórna heyra ýmiss konar félagsmál, og með allri virðingu fyrir okkur karlmönnunum, þá er það mín skoðun, að konur séu okkur hæfari til þess að starfa að slíkum málum í flestum tilfellum.

Því hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál, að ég og aðrir þeir, sem hafa greitt því atkv. hér í þingsölum, hafi gert það vegna áróðurs, að við höfum legið undir áróðri reykvíska kvenna og að við styðjum málið vegna kunningsskapar okkar við þær. Þetta er ekki rétt, hvað mig snertir, því þó ég þekki margar konur hér í Reykjavík, þá hafa þær ekki beitt mig neinum áróðri í þessu máli. Stuðningur minn í málinu er einfaldur og fljótsagður, og fljótskýrður. Hann er einfaldlega sá. að ég sé hér opnast leið til þess, að fleiri ungmenni en ella njóti stúdentsmenntunar og verði stúdentar, því að það er skoðun mín, að sem flest ungmenni, sem hafa til þess getu og vilja, eigi að njóta stúdentsmenntunar. Ég tek undir það, sem hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að það er ekki orðinn svo mikill stigsmunur á stúdentsmenntun í dag og á gagnfræðanámi, t. d. þegar ég var að alast upp. Þetta er einföld afstaða mín í þessu máli, og á þessu byggist stuðningur minn við það.

Ég veit ósköp vel, að það eru til þeir menn, sem halda því fram, að það sé orðið allt of margt um stúdenta í okkar þjóðfélagi — allt of margt af fólki, sem nýtur þessarar menntunar. Það kom fram hér við 1. umr. um þetta mál, og þá sagði jafnvel einn hv. þm., að það ætti raunar ekki að leyfa öðrum en miðlungsmönnum að stunda stúdentsnám og verða stúdentar. Ég er alveg á öndverðum meiði við þennan hv. þm. Ég vil leyfa öllum að njóta stúdentsmenntunar, eins og ég sagði, sem hafa á því vilja og getu, og þegar það liggur fyrir, að skóli, velmetinn skóli, hefur kennarakrafta til þess að sinna þessu verkefni að kenna undir stúdentspróf, þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess að amast við því. Ég skal taka það fram, að ég er hlynntur því, að aðalreglan skuli vera sú, að skólar okkar skuli vera samskólar. En það er, eins og hv. 9. þm. Reykv. sagði, engin regla til án undantekningar og hefur aldrei verið og mun aldrei verða.

Það hefur orðið talsverður hávaði í þjóðlífi okkar út af þessu máli nú að undanförnu og er þó raunar einkennilegt, þegar við minnumst þess, að þegar þetta mál var hér á dagskrá á þinginu í fyrra heyrðist hvorki stuna né hósti gegn því. Því miður verð ég að halda því fram, að a. m. k. einhver hluti af þeim hávaða, sem orðið hefur um málið nú, sé sprottinn undan rifjum þeirra afla í þjóðfélagi okkar, sem kæra sig ekkert um það, að við lifum í friðsömu þjóðfélagi.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., 2. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. flutti í dag merka ræðu, sem ég get tekið undir á ýmsan hátt. Hann ræddi þar sérstaklega um stöðu kvenna í þjóðfélaginu og benti á, að því færi enn þá mjög fjarri, að konur fengju að njóta starfsorku sinnar og hæfileika til jafns við karla og til þyrfti margvíslegar breytingar í þjóðfélaginu, þar á meðal breytingar á vinnutilhögun á heimilum, til þess að tryggja fullt raunverulegt jafnrétti. Ég hef minnzt á þessi atriði áður í ræðum í sambandi við þetta mál, gerði það raunar strax í fyrra, en mér fundust sjónarmið þessa hv. þm. í þessu efni vera mjög skynsamleg. Hins vegar brutu þessi ummæli gersamlega í bága við afstöðu hans til kvennaskólamálsins, því að öll hin almennu rök þm. snerust gegn því tiltekna dæmi. Ég þykist vita, hvað hefur komið fyrir þennan hv. þm. Þessi hv. þm. hefur lýst stuðningi við kvennaskólafrv. að óathuguðu máli í upphafi, en síðan hefur hann farið að velta þessu vandamáli fyrir sér, eins og hann hefur gert með mörg fróðleg mál seinustu árin. Ég hef oft heyrt þennan hv. þm. flytja ágætar ræður af því tagi. Hann hefur farið að velta þessu vandamáli fyrir sér og komizt þar nákvæmlega að þessari niðurstöðu, að það verði að gera ráðstafanir til þess að tryggja konum rétt í þjóðfélaginu, rétt til jafns við karla. En

þó hann komist að þessari almennu niðurstöðu. þá er þrjózkan það mikil frá fornu fari, að hann breytir ekki afstöðu sinni til þessa tiltekna máls. Ég held að það væri skynsamlegt fyrir þennan ágæta þm., sem hefur á ýmsan hátt verið að endurskoða viðhorf sín til mála seinustu árin, að endurskoða þetta einnig — að það sé engin óvirðing í því að breyta um afstöðu til máls að betur athuguðu máli. Ég held að það hefði verið réttara og í meira samhengi við málflutning þm., ef hann hefði breytt um afstöðu til kvennaskólamálsins.

Hv. þm. sagðist vilja greiða fyrir því, að sem flestir gætu tekið stúdentspróf. Þess vegna væri hann fylgjandi þessu, og Kvennaskólinn væri undantekning í kerfinu. Það er e. t. v. ómaksins vert að rifja það upp, hvers vegna sá skóli var stofnaður á sínum tíma. Hann var stofnaður vegna þess, að stúlkur höfðu ekki rétt til að stunda nám í framhaldsskólum á Íslandi til jafns við pilta. Bæði konur og karlar risu upp gegn þessu ranglæti með því að stofna þennan skóla, sem átti að gefa konum rétt á því að afla sér þeirrar menntunar, sem þeim var neitað um í skólakerfinu, eins og það var þá. Þetta var skóli, sem var stofnaður til þess að berjast fyrir jafnrétti karla og kvenna til menntunar. Árið 1911 eru svo sett sérstök lög, sem kveða svo á, að stúlkur eigi að hafa sama rétt og piltar til inngöngu í öllum skólum á Íslandi undantekningarlaust og sama rétt til námsstyrkja einnig. Það tók langan tíma að þessi lagasetning yrði að raunveruleika, en hún er orðin það núna að því er varðar menntaskólana. Hlutföllin á milli stúlkna og pilta í menntaskólunum eru ákaflega lík og hlutföllin á milli kynjanna í þessum aldursflokki. Það er alls ekki um það að ræða, að það sé nein fyrirstaða á því, að stúlkur geti stundað nám til jafns við pilta, og þess vegna er ekki verið að opna neina nýja leið, eins og hv. 1. þm. Austf. sagði. Þessi skóli er leifar af baráttu, sem hafin var fyrir næstum því öld, og sem leidd hefur verið til sigurs, og þegar nú er talað um að láta þennan skóla hafa réttindi til að útskrifa kvenstúdenta, sem eiga, að því er lýst hefur verið yfir af hvatamönnum frv., að geta stundað námsgreinar sem séu sérstaklega „við hæfi kvenna," og skólahaldið á að miðast við það hlutskipti, að það haldist, að miklu færri stúlkur en piltar ljúki háskólaprófi og stúlkur taki miklu minni þátt í umsvifum þjóðfélagsins, þá horfir slíkur skóli í þveröfuga átt við tilgang Kvennaskólans. Og það er það, sem menn skulu muna.

Það er þetta, sem er ástæðan fyrir því, að þetta mál hefur vakið svo mikið umtal utan þingsalanna, ekki síst hjá ungum konum. Það er mjög vaxandi afstaða hjá ungum konum, ekki síst þeim sem öðlazt hafa menntun, að þær sætta sig ekki lengur við það misrétti, sem nú er í þjóðfélaginu milli karla og kvenna. Þess vegna eru þær sérstaklega viðkvæmar fyrir hugmyndum af þessu tagi, og þess vegna hafa þær risið jafn rösklega upp eins og þær hafa gert.

Hv. 1. þm. Austf. kom með þá einkennilegu kenningu, að ríkissjóður þyrfti ekki að leggja fram fjármuni til þess að byggja skólahús fyrir Kvennaskólann. Ég veit ekki til þess, að þessi hv. þm. hafi fært nein rök fyrir þessari staðhæfingu. Hitt veit ég, að skólanefnd Kvennaskólans hefur undanfarin ár sótt um fjármuni til Alþ. til þess að byggja við skóla sinn. Og á því er ekki nokkur vafi, að það mun skólinn gera, ef hann þarf á stærra húsnæði að halda vegna menntadeildar. Þetta var eitt af þeim atriðum, sem ég spurði hæstv. menntmrh. um. Ég spurði hann að því, hvar hann ætlaði að taka þá fjármuni, sem þyrfti til þess að koma upp nýju skólahúsi, og hvaða verkefni hann ætlaði að láta sitja á hakanum á móti. Þessu svaraði hæstv. ráðh. ekki í ræðu sinni áðan, en samt er þetta ákaflega veigamikið atriði vegna þess, að við höfum því miður ekki ótakmarkaða fjármuni, og ef ráðizt verður í þessa byggingu þarna, þá bitnar það á öðrum verkefnum — það gefur auga leið.

Hæstv. menntmrh. kvaðst mundu nota þessa heimild strax í sumar, ef þetta mál yrði samþ. hér á þingi. Hann gaf þá skýringu á því fyrirkomulagi, sem hann hefur í tillöguflutningi sínum, að hér væri ekki um að ræða flokksmál — það væri ágreiningur um þetta mál innan allra flokka, og þess vegna hefði ríkisstj. ekki getað flutt það sem stjórnarfrv. Ég hygg, að fyrir því séu ákaflega mörg fordæmi, að flutt séu stjórnarfrv., þó ekki sé um þau full samstaða heldur innan þeirra flokka, sem að ríkisstj. standa. Raunar er það staðreynd að einn flokkur á Íslandi hefur talið ástæðu til að gera þetta að flokksmáli. Það var samþ. á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, að stefnt skyldi að því að gefa Kvennaskólanum rétt til þess að brautskrá stúdenta. Þar með var þetta gert að flokksmáli hjá Sjálfstæðisflokknum. Það er nú til marks um það, hvílíkt ofurkapp fámennur en sterkur hópur hefur lagt á þetta mál. Það hefur verið togað í enda, hvar sem hægt hefur verið, og reynt að nota kerfið til þess að koma þessu á, hvað svo sem mönnum fyndist um málið.

Ég vék í ræðum mínum fyrr í dag nokkuð að almennum atriðum í sambandi við menntamál, sem hæstv. ráðh. svaraði að nokkru. Ég ætla ekki að fara út í almennar umr. af því tagi, en ég minntist á þessi atriði aðeins vegna þess, að ég taldi, að hæstv. ráðh. hefði þegar af því ærna reynslu, hvað það getur verið háskalegt að gera sér ekki almennilega grein fyrir því, hvar vandamálin eru, og hvernig þarf að leysa þau. Sá vandi, sem hæstv. ráðh. komst í á síðasta ári, stafaði af því, að hæstv. ráðh. gerði sér ekki grein fyrir, að hlutirnir voru að komast í algert óefni, fyrr en vandinn brann á honum sjálfum. Hæstv. ráðh. vissi það ekki, þegar seinasta þing var sent heim, að það yrðu svo margir, sem sæktu um menntaskólanám í vetur, að skólarnir myndu springa utan af þeim. Og það var þá fyrst, þegar ráðh. auðnaðist að afla þeirrar vitneskju, að hann ákvað í hendingskasti, að nú skyldi stofnaður nýr menntaskóli við Tjörnina. Auðvitað er það rangt hjá hæstv. ráðh. að það sé eðlilegur háttur að skipa ekki sérstakan skólastjóra strax við slíkan skóla. Þegar stofnaður er nýr skóli, þá er það mjög skynsamlegt að ráða skólastjóra löngu áður en skólinn er settur á laggirnar, svo hann hafi tíma til þess að skipuleggja skólastarf og þær nýjungar, sem hann kann að hafa áhuga á

að koma þar í kring. Slíkt var ekki gert, vegna þess að það var ekki tími til þess.

Mér þótti hæstv. ráðh. vera býsna ánægður með sjálfan sig. Hann taldi, að við vandamálum skólamálanna hefði verið brugðizt mjög myndarlega, eins og hann sagði, og myndarlegar en annars staðar. Ég hef lesið talsvert annað mat í málgögnum Sjálfstæðisflokksins, sem hafa ráðizt alveg sérstaklega á ástandið í skólamálum og talið þennan hæstv. ráðh. hafa framið þar miklar og alvarlegar vanrækslusyndir. Þannig að ekki virðist vera alveg full samstaða í stjórnarliðinu um þetta mikla hól, sem hæstv. ráðh. bar á sjálfan sig, en vera má að hann hafi valið sér það hlutskipti vegna þess, að hann hefur ekki átt von á því, að aðrir mundu gera það.

Hv. 4. þm. Austf. vék að brtt. þeirri, sem ég hef flutt þess efnis, að menntadeild, ef stofnuð yrði við þennan skóla, yrði hliðstæð við aðra menntaskóla, opin piltum og stúlkum. Hv. þm. kvaðst vera sammála þessari hugsun í sjálfu sér, en hann mundi engu að síður greiða atkv. gegn frv. þó þetta yrði samþ., vegna þess að hann teldi önnur verkefni vera miklu nærtækari, þar á meðal skóla á Austfjörðum. Þetta viðhorf skil ég ákaflega vel. Ég skil það ákaflega vel, að Vestfirðingar og Austfirðingar eru fyrir löngu orðnir langeygir eftir framkvæmdum á loforðum. Ef þessi brtt. mín yrði samþ., þá felst það í henni, að þarna yrði stofnaður skóli, sem væri hliðstæður öðrum menntaskólum. Þetta er aðeins í heimildarformi, og þá yrði sú framkvæmd felld að heildarframkvæmdinni. Ég hef satt að segja ekki trú á því, að hæstv. menntmrh. myndi hagnýta sér þá heimild þegar í stað, jafnvel þó hann fengi hana. En hitt er alveg rétt hjá hv. 4. þm. Austf., að eftir að Menntaskólinn við Tjörnina var stofnaður, þá eru önnur verkefni nærtækari í menntaskólamálum heldur en að stofna nýjan menntaskóla í Reykjavík, það er alveg augljóst mál.

Hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, flutti hér nokkuð sérstæða ræðu í dag. Seinustu árin hefur umræðutónninn á Alþ. breytzt dálítið. Menn flytja orðið málefnalegri ræður en tíðkaðist áður, og menn reyna að færa rök fyrir máli sínu. Það er að verða undantekning að hlusta á ræðumennsku eins og þá, sem hv. þm., Hannibal Valdimarsson, ástundaði með því að skella fram einhverjum yfirborðslegum staðhæfingum. Menn telja það yfirleitt orðið fyrir neðan virðingu sína að halda ræður á þennan hátt. En þau málefnaatriði, sem fram komu hjá þessum hv. þm., voru þau að vilja gera þetta mál eitthvað hliðstætt baráttunni fyrir því að auka almennan aðgang að menntaskólum á Íslandi. Sú barátta hefur verið háð lengi. Hún hefur verið hörð og erfið. Það hefur þurft að berjast mikið fyrir því, og það er mikið ógert á því sviði, en þetta mál er engin hliðstæða við það. Það er einnig rangt að telja þetta einhverja hliðstæðu við menntadeildirnar í Verzlunarskólanum og Kennaraskólanum. Ástæðan fyrir því, að stofnaðar voru menntaskóladeildir við þá skóla, voru þrengslin í Menntaskólanum í Reykjavík. Fólk undi því ekki lengur, hvað erfitt var að komast inn í þann skóla, og hvað aðgangurinn var takmarkaður að honum. Það var í sjálfu sér ekkert skynsamlegt að taka upp menntadeild við Verzlunarskóla og Kennaraskóla, en það var brugðið á það ráð út af þessum vanda. Það var ástæðan, en ekki sú, að það væri talið skynsamlegt, að þessir skólar hefðu þessi réttindi, enda veit ég ekki betur, en að nú sé um það rætt að breyta Kennaraskólanum þannig að fella þetta niður og gera stúdentspróf að inngönguskilyrði í Kennaraskólann, eða a. m. k. minnir mig, að hæstv. menntmrh. hafi um þetta rætt. Það er mjög eðlilegt, að menntaskólanám fari fram í sérstökum skólum, sem til þess eru stofnaðir að veita það nám. Og það er vottur um óeðlilegt ástand, þegar verið er að veita óskyldum skólum réttindi af þessu tagi. Það er vandræðalausn og ekki til neinnar fyrirmyndar.

Ég spurði hæstv. ráðh. að því í dag, hver væru almennt rök hans fyrir því að veita Kvennaskólanum þessa heimild. Svör hans voru eiginlega eingöngu þau, að hann vildi ekki loka fyrir beiðni um slíkt, fyrst hún hefði komið fram. En í sambandi við þetta mál hafa komið fram mjög athyglisverð rök. Mér fannst það t. d. mjög athyglisverður rökstuðningur, sem fylgdi undirskriftalista, sem lagður var hér á borð þm. fyrir nokkrum dögum. Þær undirskriftir hófust á því, að nokkrar ungar konur, sem hafa hitzt og talazt við um þjóðfélagsmál, ákváðu að senda Alþ. mótmæli gegn þeirri hugmynd að veita Kvennaskólanum þessi réttindi og tóku að safna undirskriftum í sínum hóp. Þegar þetta kvisaðist, urðu ákaflega margir til að vilja skrifa upp á þessi skjöl, svoleiðis að fjöldinn varð miklu meiri en þær höfðu ímyndað sér. Í grg. sem fylgir þessum undirskriftum, eru mjög skýrar röksemdir, og ég vil leyfa mér með leyfi hæstv. forseta að lesa þær hér, til þess að þær verði skráðar í þingtíðindi ásamt þessum umr., sem hér hafa farið fram. Bréfið sem fylgir er svohljóðandi:

„Við undirritaðar leyfum okkur hér með að skora á hv. Alþ. að samþykkja ekki frv. það, sem lagt var fram á 89. löggjafarþingi á þskj. nr. 670 um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Grg.: Í fylgiskjali VI. b með frv. til l. um menntaskóla, sem er sérálit minni hl. menntaskólanefndar, segir m. a.: „Ef Kvennaskólinn í Reykjavík fengi réttindi til að brautskrá stúdenta, myndi námsefni hans, þegar fram liðu stundir, vafalaust verða þannig, að auk þess að veita þá menntun, sem krafizt er til inngöngu í háskóla hér og erlendis, yrði lögð áherzla á námsgreinar, sem sérstaklega væru við hæfi kvenna.“ Ennfremur stendur síðar í sama fskj.: „Verði Kvennaskólinn í Reykjavík efldur og gerður að stúdentaskóla, er að nokkru ráðin bót á stórri vanrækslusynd menntaskólanna, sem fyrir eru, að því er varðar hinar sérstöku menntunarþarfir kvenna.“

Ef hv. nm. með orðunum „námsgreinar við hæfi kvenna“ og „sérstakar menntunarþarfir kvenna“ eiga við það, að kenna þurfi konum sérstaklega þau störf, sem skapast við stofnun heimilis, svo sem almenn heimilisstörf, þjónustustörf og uppeldi barna, leyfum við okkur að benda á eftirfarandi atriði:

1) Skólakerfið má ekki að okkar mati miða uppeldi drengja og stúlkna við það, að aðeins annað kynið inni af höndum þau störf, sem skapast við stofnun heimilis, og binda kynið þannig í viðjar gamalla hefða og fordóma.

2) Farsælast er að piltar og stúlkur séu alin upp sem jafningjar, njóti raunverulegra jafnra réttinda og möguleika, séu samábyrg í lífinu og byggi lífsafkomu sína á eigin námi og starfi.

3) Stefna ber að því, að nám og starf hvers einstaklings miðist við eigin ósk og vilja, en ekki við kynbundnar venjur.

4) Íslenzkum konum var með lögum árið 1911 veittur lagalegur réttur til að stunda nám í öllum menntastofnunum landsins. Hins vegar er piltum nú og með frv. þessu meinaður aðgangur að vissri menntastofnun. Samrýmist þetta tæplega jafnréttis- og frelsishugsjónum nútímans.

5) Samkv. íslenzkum fræðslulögum og reglugerð menntaskólanna eiga þeir að vera samskólar. Í skýrslu frá UNESCO 1969 um rannsóknir um samskóla og sérskóla í 103 löndum kemur greinilega í ljós, að þróunin stefnir hraðbyri í þá átt, að skólar verði almennt samskólar með blönduðum bekkjum og hnigi til þess mikilvæg uppeldis- og þjóðfélagsleg rök. Þar er og lögð áherzla á, að samskólar og blandaðir bekkir séu eitt af grundvallaratriðum þess, að piltar og stúlkur njóti jafnrar aðstöðu til menntunar og vísindastarfa.

6) Fjölskyldan er í eðli sínu frumeining þjóðfélagsins og ber þjóðfélagi og ríki að vernda hana, sbr. 16. gr. í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Heill fjölskyldunnar byggist á gagnkvæmum skilningi og samábyrgð tveggja einstaklinga, karls og konu. Því fyrr, sem grundvöllurinn að slíkri samvinnu er lagður með uppeldi og menntun, því betra. Við teljum, að tilmæli Kvennaskólans í Reykjavík um réttindi til að brautskrá stúdenta, sé ekki spor í þessa átt nema þá og því aðeins, að ytri aðstaða skólans breytist og piltum verði veitt innganga í skólann.“

Þetta finnst mér vera ákaflega skýr rök. Og eins og menn hafa tekið eftir, þá er undir þetta skrifað af stórum hópi, ungum menntakonum og ákaflega miklum fjölda kennara. Einmitt af því fólki, sem þekkir þetta vandamál af eigin raun, og sem hefur þess vegna langmesta dómgreind. Ég tel, að okkur beri skylda til að hlýða á þessar röksemdir.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara nokkrum orðum um tilraunir hv. þm. Hannibals Valdimarssonar til þess að gefa það í skyn, bæði hér á þingi og utan þings, að ég hafi beitt mér fyrir árás á Kvennaskólann og innrás á Alþ., að ég sé einhver atvinnuofstækismaður að skipuleggja ungt fólk til slíkra hluta. Þetta er svo mikið blaður, að það er erfitt að standa hér og ræða staðhæfingar af þessu tagi. Ég held, að þm. viti almennt ákaflega vel um þá ókyrrð, sem er í mörgum þjóðfélögum um þessar mundir — ókyrrð ungs fólks. Hún er einnig til hér á Íslandi. En það er alger barnaskapur, ef einhver ímyndar sér, að þessi ókyrrð sé búin til af einhverjum einstaklingum. Það er hún ekki, og ef menn vilja skilja fyrirbæri af þessu tagi, þá verða þeir að líta á þau af meiri alvöru og meira raunsæi heldur en þetta. Þetta mál hefur kveikt sérstaklega í ungu fólki. Það er alveg rétt. En það er þetta unga fólk, sem kemur viðhorfum sínum á framfæri á dálítið stillingarlausan hátt, stundum. Það er alveg sjálfsagt að brýna stillingu fyrir ungu fólki, en við skulum varast að búa okkur til einhverja feiknalega hneykslun eða halda svívirðingarræðu um ungt fólk, eins og þessi hv. þm. hefur gert aftur og aftur síðustu dagana. Það er ekki leiðin til þess að koma á eðlilegum tengslum milli kynslóðanna, og það er ekki leiðin til að koma í veg fyrir óróa í þjóðfélaginu, heldur þvert á móti. Með málflutningi eins og þeim, sem hv. þm., Hannibal Valdimarsson, hefur uppi gagnvart ungu fólki, þá er verið að magna ungt fólk til þess að sýna vaxandi óróa í þjóðfélaginu. Ef einhverjir úr eldri hópi bera ábyrgð á slíkum atburðum, þá eru það menn, sem stunda málflutning af þessu tagi.

Björn Pálsson: Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt. Ég vildi taka það skýrt fram, að ástæðan fyrir því, að ég greiði atkv. á móti þessu frv., er ekki vegna þess, að ég sé á móti því, að þessar ungu stúlkur séu án pilta í þessum skóla, ef þær óska eftir því, því fer fjarri. Ég er einfaldlega á móti því af því að ég álít, að við eigum að skipuleggja okkar skólamál, en ekki hlaupa eftir því, þó einhver gagnfræðaskóli óski eftir því, vegna þess að hann eigi afmæli, eða kennslukonurnar óski eftir því af metnaðarástæðum fyrir skólans hönd eða sjálfra sín, að honum sé heimilað að útskrifa stúdenta.

Ég álít, að við þurfum að taka allt skólakerfið frá grunni og skipuleggja það. Það væri eðlilegast með menntaskólana, að þar væri farið eftir tillögum rektora þeirra menntaskóla, sem nú eru, og þeir væru menntmrh. til aðstoðar. Sama er að segja um aðra skóla. Það er þannig með iðnskólana og gagnfræðaskólana. Vafalaust gæti þeim verið haganlegar fyrir komið. Það eru fáir nemendur í mörgum þeirra. Væri ekki eðlilegra að hafa þá stærri, og ef við ætlum að hafa þá stærri, þá þarf að byggja heimavistir, eins og hér var tekið fram áðan. Ég efast um, að það sé dýrara fyrir foreldrana að kosta börn sín í heimavistir, heldur en þurfa að fæða þau hér í Reykjavík. Þegar verið er að fjasa um þetta, hvað það sé dýrt fyrir foreldra að senda börn sín í skóla fjarri heimilum sínum, þá er það alls ekki tilfinnanlega dýrt, ef ríkisvaldið sér fyrir viðráðanlegum heimavistum. Ég hef sjálfur reynslu í þessu efni. Þannig er með fleiri skóla.

Vitanlega þarf að skipuleggja kennaramenntunina, en ekki hrúga í Kennaraskólann mikið fleiri nemendum en mögulegt er að sjá um sæmilega kennslu handa. Barnaskólana þarf að skipuleggja betur og landsprófsskólana. Það þarf að hafa þá færri og fullkomnari. Ég get bara bent á dæmi, það er í V-Húnavatnssýslu. Þar er einn hreppur, sem fer fram á að reisa barnaskóla, hinir byggja félagsskóla í Miðfirði. Og þessi hreppur er svo klofinn um málið, að um helmingur hreppsbúa vill ekki láta börnin sín í hinn væntanlega skóla. Hann á að kosta fleiri milljónir, börnin á milli 10—20. Hvaða vit er í slíku?

Þetta er aðeins lítið dæmi. Við höfum ekki efni á þessu.

Hæstv. menntmrh. var að tala um, að við eyddum fleiri prósentum af ríkistekjum en aðrir til menntamála. Ég vil draga í efa, að það sé betri menntun hér á landi. Það er aðeins það, að við höfum lakari skipulagningu á okkar skólum. Það er þetta, sem er ástæðan fyrir því, að ég greiði atkv. á móti þessum skóla.

Það kom hér fram hjá einum hv. ræðumanni, að ég hefði sagt, að það ættu ekki nema miðlungsmenn að verða stúdentar. Þetta er ekki rétt með farið. Ég var ekki að tala um það, ég var að tala um hitt, að margt af okkar greindustu mönnum, a. m. k. á bóklega sviðinu, verða stúdentar, halda svo áfram við háskólanám, verða viðskiptafræðingar, lögfræðingar, hagfræðingar o. s. frv., eða fara til annarra landa og koma aldrei í sitt byggðarlag aftur. Mér finnst þjóðin ekki hafa efni á að eyða þessum góðu kröftum í þessi störf, þau séu ekki svo þýðingarmikil. Og ég hef bent á það, að við þurfum t. d. afburðamenn til þess að verða skipstjórar á fiskiskipunum. Ég hef sjálfur ofurlítið kynnzt þessu og veit, að það þarf meira til en að vera greindur til þess að verða hæfur skipstjóri, það þarf afburða stjórnunarhæfileika og andlegt þrek, og ég benti á, að í iðnaðinum þurfum við afburðamenn, á viðskiptasviðinu líka, og ekki gerir til þó við fáum hæfileikabændur. Við þurfum nefnilega að nota okkar starfskrafta af hagsýni. Þjóðin hefur ekki efni á öðru. Og það er þetta, sem gerir, að ég sé eftir þessum mönnum í Háskólann, sem hanga svo hér hálf iðjulausir á skrifstofunum, en það er allt í lagi, þó að þeir verði stúdentar. Við þurfum aðeins að gera okkar stúdentsmenntun hagnýtari, láta þá ekki verða of þreytta og ekki eyða orkunni í óhagnýt efni. Það er þetta, sem ég var að tala um, og það er í raun og veru hryggilegt, að það eru heil héruð, sem eru í vandræðum, sérstaklega eru það ýmsar sjávarbyggðir, með að fá hæfa menn til stjórnsýslu, því það skiptir miklu, hvernig fyrirtækjum er stjórnað. Það er þetta, sem ég hef hvað eftir annað bent á hér í ræðum mínum. Það er ekki hægt að horfa á það að ná í stúdentshúfu og dunda eitt eða tvö ár í háskóla. Menn læra furðu lítið til á því. Við getum litið til okkar snjöllustu viðskiptamanna. Ég held, að þeir hafi aldrei farið á viðskiptaháskóla. Tökum Ásbjörn Ólafsson og Sigfús heitinn Bjarnason. Hæfileikarnir þurfa að vera í eðlinu.

Viðvíkjandi því, að það kosti ríkið ekkert að breyta Kvennaskólanum í menntaskóla, þá tek ég það ekki alvarlega. Það er talað um, að þetta sé einkaskóli. Ég held, að hann hljóti sama styrk frá ríkinu eins og aðrir skólar. Hvernig á að breyta þessum skóla í menntaskóla? Ætla þeir að kenna í kringum veggina? Hver ætlar að kosta bygginguna? Hver ætlar að greiða laun kennaranna, sem eiga að kenna þarna, og annan skólakostnað? Vitanlega kemur þetta allt á ríkið. Ég vil, að það sé athugað af hæfustu mönnum, hvað marga menntaskóla við þurfum, og hvar þeir eiga að vera staðsettir. Að það sé ákveðið og svo sé ekkert verið að sinna neinum keipum um það frekar. Hvar á að stinga við fótunum, ef við komum nú t. d., þm. úr Norðurl. vestra, og biðjum um að einhver skóli í okkar kjördæmi, sem hefur landsprófsdeild, fái að útskrifa stúdenta? Hvernig í ósköpunum getið þið neitað því þá? (Gripið fram í: Eigið þið ekki kvennaskóla?) Hann er nú bara húsmæðraskóli, og þær taka ekki landspróf þar. En hvernig í ósköpunum ætlið þið að fara að neita því? Hvar ætlið þið að stinga við fótunum? Hann getur átt 20 ára afmæli, 30 ára afmæli, 50 ára afmæli. Jú, það má til að gleðja blessaða kennarana og skólastjórann. Hvar ætlið þið að stinga við fótum? Við þurfum að athuga hvað við erum að gera. Það er ekki af því, að okkur sé neitt í nöp við þennan skóla, forstöðukonuna eða ungu stúlkurnar, það er svo fjarri því. Við verðum bara að hafa samræmi í gerðum okkar, þær séu byggðar á einhverri skynsemi fjárhagslega og frá hagnýtu sjónarmiði.

Viðvíkjandi því, að kvenfólkið sé óánægt hjá okkur og við förum illa með það, þá er ég því ekki alveg sammála. Kona er kona og karlmaður er karlmaður. Kona er með konueðli, og við erum með karlmannseðli. Við fæðum ekki af okkur börn og höfum ekki jafn mikið móðureðli. Lesið þið bækur Rómverjanna gömlu. Þeir dáðust að Germönum fyrir það, hve þeir voru góðir heimilisfeður. Þeir létu ekki konur sínar ganga í verstu verkin. Það hefur alltaf einkennt hinn germanska kynstofn að bera virðingu fyrir heimili sínu og konum, mikið meira en hjá svertingjum og slövum. Hvers vegna eru það karlmenn, sem eru úti á sjónum? Það er af því, að við álítum það okkar hlutverk, konan á að matreiða, sauma og hugsa um börnin.

Það má vera, ef helmingurinn í þessari deild væru konur, að það væri ánægjulegt fyrir hinn hlutann, þessa 20 karlmenn, sem þá væru. Þeir hafa talað mjög mikið um þetta, hv. 2. þm. Norðurl. v. og 1. þm. Austf. Ég skil ekki annað en að þeir hafi brennandi áhuga á því að koma konum á þing, sem ég hef raunar ekki orðið var við, fyrr en þeir sáu frúrnar þarna uppi á svölunum. Ég skil ekki annað en þeir sendi konur sínar næst á þing, og við njótum þá ánægjunnar að hafa þær, og sitji sjálfir heima við sauma og matreiðslu. Mér þætti það lang líklegast.

Ég held, að við Íslendingar eða yfirleitt hinn germanski kynflokkur þurfi ekki að bera kinnroða yfir því, að við förum illa með okkar konur. Og viðvíkjandi kosningarrétti, að þær fengju hann svolitið seinna en karlmenn hér á landi, þá er bara ekki svo ýkja langt síðan karlmenn fóru yfirleitt að fá kosningarrétt. Meira að segja hjá Bretum, sem voru á undan öllum öðrum. Það voru ekki nema lordar og landeigendur, sem fengu þar að kjósa lengi vel. Og það leið ekki svo langt frá því, að karlmenn fengu yfirleitt kosningarrétt á Íslandi, og þangað til þeir veittu konunum það. Þannig að ég vil ekki samþykkja það, að við höfum löngun til að kúga þær.

Við þurfum að athuga, hvað við erum að gera, með því að verða við tilmælum, ef einhver er svo hæfur skólastjóri, að hann þurfi endilega að vera skólastjóri menntaskóla. Þá væri ekki útilokað, að veita honum embætti við einhvern af þessum menntaskólum, sem á að fara að stofna,

t. d. á Ísafirði eða hérna við Tjörnina og víðar sjálfsagt. Við þurfum að hafa eitthvert samræmi í þessu. Það þýðir ekki að hugsa bara um daginn í dag. Við þurfum að hugsa um framtíðina líka.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Það er nokkuð langt, síðan ég kvaddi mér hljóðs, og eru nú víst síðustu forvöð að leggja hér orð í belg, því að mér sýnist það vera ætlun þeirra, sem hér stjórna verkum, að ljúka þessu máli hér í d. í kvöld. Skil ég þó ekki, að það geti orðið til neins tjóns, að menn hefðu geymt þetta mál fram yfir þinghléið og athugað það nokkru nánar.

Ég hef ekki tekið til máls fyrr um þetta frv., en hins vegar hef ég hlýtt á margar ræður, bæði hér innan þings og utan. Ég vil nú aðeins með fáum orðum gera grein fyrir þeirri afstöðu, sem ég tók til málsins við 2. umr. og mun hafa einnig við atkvgr. nú.

Ég ætla ekki að rekja hér sögu þeirra atburða, sem gerðust á öldinni, sem leið, og ekki heldur ræða hér um stofnun Kvennaskólans í Reykjavík á 8. tug aldarinnar. Það hefur verið nokkuð vikið að henni hér áður. Ég hygg, að kennslan í þessum skóla hafi verið með ýmsu móti, en þegar kom fram á þessa öld eða í kringum 1920, þá var þar um tvenns konar kennslu að ræða — annars vegar um almenna kennslu, sem svipaði til gagnfræðaskóla, og hins vegar svokallaða hússtjórnardeild, sem einnig var í Kvennaskólahúsinu, og voru þær stúlkur, sem í henni voru, í heimavist í skólanum. Þessi hússtjórnardeild hefur fyrir nokkuð löngu verið lögð niður, en nú síðustu áratugina hefur Kvennaskólinn starfað sem einn af gagnfræðaskólum Reykjavíkurborgar með 3 bekkjum, sem veittu miðskólapróf eða landspróf, auk 4. bekkjar, eins og í öðrum gagnfræðaskólum. Reksturskostnaður þessa skóla er greiddur af bæ og ríki eins og annarra gagnfræðaskóla og einnig viðhald skólahússins, og kennarar eru settir eða skipaðir af menntmrh. En húsið sjálft og lóðin, sem því tilheyrir, og eitthvað af sjóðum skólans mun vera í eigu sérstakrar stofnunar eða félags og ekki vera greidd leiga fyrir húsið. Þetta hefur mér verið tjáð af fræðsluyfirvöldum, að þannig væri þessu háttað.

Nú hefur Kvennaskólinn farið fram á það, eða það hefur verið farið fram á það af hálfu Kvennaskólans, að hann fengi að bæta við sig fjögurra bekkja menntaskóla án deildarskiptingar á svipaðan hátt og menntaskólinn í Reykjavík áður var, áður en honum var skipt í máladeild og stærðfræðideild. Ég geri ráð fyrir því, að það sé stjórn þessa Kvennaskólafélags, sem hefur farið fram á þetta, eða kennararnir við skólann, og að það sé því kannske ekki rétt af mér að segja, að það sé skólinn, sem hafi borið fram þessa ósk, því að það hefur komið fram síðar, að a. m. k. æði mikill hluti af nemendum skólans, að mér hefur verið sagt, sé ekki þessa fýsandi. Kvennaskólinn hefur verið talinn góður gagnfræðaskóli, og aðsókn að honum hefur verið það mikil, að mér skilst, að árlega hafi verið vísað nokkuð mörgum umsækjendum frá skólavist. Það bendir í raun og veru ekki til þess, að þar sé húsrými afgangs til þess að starfrækja þar menntaskóla. Mér sýnist, að ef á að samþykkja þetta frv. um að veita Kvennaskólanum slíkt leyfi, sem hér greinir, þá hrökkvi það nú skammt að veita leyfið, það þurfi meira til en leyfið að starfrækja menntaskóla. Það þarf líka stofnkostnað og reksturskostnað til þess, og hér stendur í 3. gr., að kostnaður við menntadeild Kvennaskólans greiðist úr ríkissjóði. Ég fæ því ekki annað séð, en að þarna sé um að ræða að stofna á ríkis kostnað nýjan menntaskóla í tengslum við Kvennaskólann, og þá er gert ráð fyrir, að þessi menntaskóli verði fyrir konur eingöngu. Nú er ég ekkert sérfróður í uppeldismálum, og ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvort þörf sé á, að konur stundi almennt nám, eins og gagnfræðanám og menntaskólanám, í sérstökum skólum. Ég hef heyrt ýmislegt sagt um þetta með og á móti. En það sýnist mér þó, að ef þörf er talin á sérskólum fyrir ungar konur í almennum fræðum, eins og hér er um að ræða, þá sé sú þörf meiri fyrir ungar konur á gagnfræðastigi heldur en á menntaskólastigi. Og þess vegna ætti, ef það skyldi nú koma fram, eins og vikið er hér að í bréfi frá Kvennaskólanum, að þarna sé eitthvert húsrúm afgangs, skólinn heldur að nota það til þess að veita inngöngu þeim ungu stúlkum um fermingaraldur, sem nú sækja um skólann, heldur en að fara að óska eftir því að hafa þar menntaskóladeild. Það er nú þeirra mál, sem að því standa, út af fyrir sig, afstaðan til þeirra, sem um skólann sækja og fá þar ekki inngöngu. En hitt er mál ríkisins, hvort rétt sé að setja þarna á stofn eftir ósk þessara aðila sérstakan menntaskóla fyrir konur á þessum stað. Mér sýnist það ákaflega hæpið, að við hér á Alþ. förum að taka ákvörðun um að leggja fé til þess. Ég held, að það sé meiri þörf á að auka skólahúsnæði annars staðar og verja ríkisfé til þess.

Hér í Reykjavík hygg ég, að af svokölluðum framhaldsskólum þá sé húsnæðisskortur einna mestur í Kennaraskólanum, sem nú er einnig orðinn stúdentaskóli. Það er alkunna um hvílík vandræði þar er að ræða, því aðsókn að þessum skóla hefur margfaldazt og öllum verið leyfð innganga, sem um hafa sótt og fullnægt hafa inntökuskilyrðum. Ég hef það fyrir satt, að skólinn sé vistaður á ýmsum stöðum í bænum, sums staðar í mjög lélegu húsnæði, og jafnvel sé það svo um suma bekki þar, að þeir eigi ekki þess kost að sækja skóla nema annan hvern dag eða svo. Það eru náttúrlega hrein vandræði, því verður ekki neitað. Einnig er það auðvitað svo, eins og hér var drepið á í ræðu í dag, að húsnæði hins upprennandi tækniskóla hér í Reykjavík mun vera mjög ófullnægjandi ennþá, því miður, og tækjakostur hans, og í l. um tækniskóla hefur verið gert ráð fyrir því, að annar tækniskóli verði stofnaður á Akureyri. Af hálfu ríkisins hefur ekkert verið gert ennþá til þess að koma því í framkvæmd. Þar er að vísu starfandi undirbúningsdeild, en enginn reglulegur tækniskóli ennþá, ekki einu sinni fyrsta árs skóli. Og ríkið hefur ekkert gert í þá átt að byggja yfir þessa stofnun þar.

Ég þarf ekki að endurtaka það, sem hér hefur verið sagt um þá löggjöf, sem sett hefur verið

um menntaskóla bæði á Vestfjörðum og Austurlandi. Þetta er enn þá pappírslöggjöf, og hefur ekkert fé verið lagt fram eða varla teljandi til þess að framkvæma hana. Við munum það dável, síðan verið var að afgreiða fjárl. í vetur, hvernig ástatt er um skólahúsnæði víða á landinu, bæði um barnaskóla og framhaldsskóla. Það er mjög fjarri því, að það takist að verða við þeim óskum um bráðnauðsynlegar framkvæmdir, sem víða eru uppi.

Þetta hafði ég í huga, sem ég nú hef rætt, þegar ég ákvað að greiða atkv. gegn þessu frv. við 2. umr. Ég skal játa það, að ég hef einnig hlýtt með athygli á það, sem áhugasamir menn hafa sagt um samskóla og sérskóla, en ég skal ekki ræða um það hér sérstaklega. En ég endurtek það, að ég held, að það sé misráðið af þeim ágætu konum, sem hafa verið í kvennaskóla hér í Reykjavík, að leggja kapp á það að fara að reka menntaskóla í þessu takmarkaða húsnæði, sem þar er, og ef um eitthvert afgangshúsnæði væri að ræða, þá væri réttara að nota það til að fullnægja eftirspurn þeirri, sem nú er eftir kvennaskólavist fyrir ungar stúlkur, en vera ekki að vísa þeim frá til þess að stofna menntaskóla. Ég held, að það sé misráðið með allri virðingu fyrir þeim mætu konum, sem þarna eiga hlut að máli.

Ég hef heyrt menn segja það, að af sögulegum ástæðum ætti að veita þessu máli brautargengi, *vegna þess að Kvennaskólinn væri merk stofnun* og ætti senn aldarafmæli. Ekki skal ég draga úr gildi sögulegra minninga á neinn hátt, en þegar verið er að bera þetta saman, t. d. við barátttuna, sem háð var fyrir menntaskóla á Akureyri, fyrir rúmum 40 árum, þá held ég, að þar sé ekki um sambærilega hluti að ræða. Ég var þá sem ungur maður einn af þeim, sem höfðu mikinn áhuga á því máli, og satt að segja held ég, að í Gagnfræðaskólanum á Akureyri, sem þá var, hafi allir verið einhuga, bæði kennarar og nemendur að óska eftir menntaskóla á Norðurlandi. Það var þannig þá, að gagnfræðaskólinn, sem var arftaki Möðruvallaskóla, var þriggja bekkja skóli og gagnfræðingar þaðan höfðu rétt til inngöngu í 4. bekk Menntaskólans í Reykjavík. En það er víst alveg áreiðanlegt, að ef við hefðum átt á Akureyri menntaskóla í næsta húsi við Gagnfræðaskólann okkar gamla, þá hefðum við ekki farið að leggja áherzlu á þessa ósk. Þar er ólíku saman að jafna. Nú eru hér tveir menntaskólar svo að segja saman í Reykjavík, og þetta yrði sá þriðji, ef til þessa kæmi. Ég held, að ef stofnaðir eru nýir menntaskólar, eigi þeir að vera miðaðir við eitthvert ákveðið svæði, sem þeir eigi að þjóna.

Ég skal ekki hafa þessa ræðu lengri, en mér þótti rétt, að það kæmi fram, hver er meginástæðan fyrir því, að ég vil ekki að svo stöddu samþykkja þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53. fundi í Nd., 3. febr., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 252 felld með 25:7 atkv.

Frv. samþ. með 29:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SI, SE, SvJ, VH, ÞÞ, ÁÞ, BGr, BF, BK, ÞG, BGuðm, EmJ, EystJ,FÞ, GuðlG, GunnG, GÞG, HS, HV, IngJ, JóhH, JK, JSk, JP, MB, MÁM, PJ, SB.

nei: SV, SP, BrS, EðS, GeirG, GíslG, IG, JónasÁ, LJós, MK.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég tel, að önnur verkefni séu meira aðkallandi í fræðslumálum þjóðarinnar en að fjölga menntaskólum í Reykjavík eins og sakir standa, og segi því nei.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég tel Kvennaskólann í Reykjavík að vísu alls góðs maklegan, en stofnun menntadeildar við skólann er þess háttar mál, sem ég vil ekki bera ábyrgð á. Í fyrsta lagi, er það nægilegt verkefni í bili að byggja upp þá menntaskóla, sem þegar starfa og ákveðið hefur verið að setja á stofn, m. a. á Austfjörðum og Vestfjörðum. Menntadeild við Kvennaskólann getur tafið fyrir eðlilegri uppbyggingu annarra nýrra skóla, jafnvel sérskóla. Og í þriðja lagi, hér er um þess háttar fordildar- og kappsmál að ræða, sem Alþ. á ekki að sinna. Þm. segir því nei.

Frv. afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til menntmn. með 18 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78, n. 614 og 654).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., heimilar að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur og rétt til þess að brautskrá stúdenta. Þessu frv. var að lokinni 1. umr. hér í hv. d., sem fór mjög friðsamlega fram, því ég man ekki eftir, að neinn tæki til máls, vísað til menntmn. Menntmn. hefur síðan rætt þetta mál á nokkrum fundum. Hún náði ekki samstöðu um afstöðu til málsins, og klofnaði n. Við, sem skipum meiri. hl. n., höfum skilað sérstöku nál. á þskj. 654, þar sem við lýsum afstöðu okkar til málsins og leggjum til, að frv. verði fellt, og greinum þar frá, hvaða rök við færum fram þeirri skoðun okkar til stuðnings. Í þessu nál. eru talin upp 6 atriði, sem einkum valda því, að við erum andvígir þessu frv., og leggjum til, að það verði fellt, eins og áður segir. Skal ég nú gera þessum atriðum nokkru ýtarlegri skil heldur en í sjálfu nál. er gert.

Það er í fyrsta lagi, að með frv. er vikið til hliðar grundvallarreglu fræðslulöggjafarinnar um aðskilnað gagnfræðaskóla og menntaskóla og hlyti slíkt fordæmi, ef leyft yrði, að draga al-

varlegan dilk á eftir sér. Þegar fræðslulöggjöfinni var breytt árið 1946, að mig minnir, þá var gerður reki að því fljótlega þar á eftir að leggja niður gagnfræðadeildir, sem þá voru til við menntaskóla, og menntaskólarnir færðir í það form að vera fjögurra vetra skólar og gagnfræðanám og menntaskólanám algjörlega aðskilið. Ef þetta frv. yrði samþ., mætti því búast við kröfum frá mörgum hinna stærri gagnfræðaskóla í landinu um það, að þeir fengju sama rétt og Kvennaskólinn, sem erfitt yrði þá að standa í gegn. Með því móti væri í raun og veru allt menntaskólakerfið næstum því hrunið til grunna, eða það yrðu þá allt of margir skólar, sem hefðu rétt til þess að brautskrá stúdenta, og það kerfi, sem við búum við, væri þá eiginlega liðið undir lok.

Í annan stað er það skoðun okkar, sem að meiri hl. álitinu stöndum, að menntaskólarnir eigi að vera samskólar ungs fólks af báðum kynjum. Ef þetta frv. yrði samþ., þá væri þar einmitt vikið til hliðar annarri grundvallarreglu skólalöggjafarinnar, sem sé þeirri, að menntaskólarnir eigi að vera samskólar fólks af báðum kynjum. Reyndar eru nú á þessu þingi nýsamþ. l. um menntaskóla, og í 4. gr. þeirra l., sem er ákaflega stutt og laggóð, segir einfaldlega: „Skólarnir eru jafnt fyrir pilta og stúlkur.“ Það verður ekki séð, að það sé nein ástæða nú til þess um einn skóla að fara að víkja frá þessari grundvallarreglu um menntaskólanám, sem Alþ. hefur nýlega samþ. og það samhlj. að ég hygg.

Í þriðja lagi hlyti menntadeild við Kvennaskólann að verða of fámenn, a. m. k. fyrstu árin, til þess að um eðlilegt valfrelsi nemenda yrði að ræða. Eftir því, sem mér er bezt kunnugt, mun fyrirhugað, ef þetta frumvarp yrði samþykkt, að bara væri ein bekkjardeild í hverjum bekk þessarar menntadeildar í Kvennaskólanum, þannig að það yrði, að mér skilst, ekki um neitt valfrelsi að ræða. Nú er það engan veginn víst, að þær stúlkur, sem taka landspróf í Kvennaskólanum og hyggja á stúdentsnám, vildu allar stunda þess konar nám, er hugsanleg menntadeild Kvennaskólans byði upp á. Það er líka talið af skólafróðum mönnum, að menntaskóli þurfi að vera af einhverri tiltekinni lágmarksstærð og með nokkur hundruð nemendum í menntadeild. Þetta skilyrði væri ljóslega ekki hægt að uppfylla, ef Kvennaskólinn fengi að stofnsetja menntadeild hjá sér.

Þá hafa heyrzt þær raddir, að við eigum að gefa kost á því að stunda stúdentsnám og taka stúdentspróf með því að stofna fleiri skóla, eða leyfa fleiri skólum að brautskrá stúdenta eins og t. d. Kvennaskólanum í Reykjavík, þá sé unnið að því, að gefa fleirum kost á stúdentsmenntun en áður, og um það er ekki nema gott eitt að segja. Þetta hygg ég að fái ekki staðizt, að því er Kvennaskólann varðar, því ég get naumast hugsað mér það, þó að þetta frv. verði fellt, þá hafi það þær afleiðingar, að einhverjar ungar stúlkur, sem hygðust nema undir stúdentspróf og færu í menntadeild, misstu af þeim sökum af möguleikum á námi, vegna þess að hér eru margir menntaskólar í Reykjavík og einn menntaskóli nýstofnaður á síðasta ári, sem hefði nægjanlegt rúm fyrir þetta unga fólk. Þess vegna geta þau rök ekki legið til þess að styðja þetta frv., að með því sé stuðlað að því, að einhverjar stúlkur öðlist möguleika til menntaskólanáms, sem annars ættu þess ekki kost.

Þá hefur nú nýlega farið fram athugun af hálfu byggingardeildar menntamálaráðuneytisins á þessu skólahúsnæði, sem Kvennaskólinn býr nú við, og samkvæmt þeirri athugun kemur í ljós, að þetta húsnæði er alveg ófullnægjandi til þess, að þar sé hægt að reka menntaskóla. Þessi athugun, sem framkvæmd var af hálfu byggingardeildar menntmrn., hún er undirrituð 15. þ. m. Þetta er stutt grg., og með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa hana, en hún hljóðar þannig:

„Forstöðumaður byggingardeildar menntmrn., Guðmundur Þór Pálsson, arkitekt, hefur að beiðni rn. gert áætlun um húsnæðisþörf Kvennaskólans í Reykjavík, er miði við, að skólinn fái réttindi til að brautskrá stúdenta. Helztu niðurstöður þeirrar áætlunar fara hér á eftir:

Stærð gamla skólahússins er 952 ferm., en nauðsynleg stærð skólahúss þyrfti að vera, samkv. normum, 2048 ferm., og er þá miðað við, að skólinn verði 8 bekkjardeildir eða samtals 200—240 nemendur. Ef gamla húsið verður notað, má reikna með ca. 10% afföllum á brúttórými þess, 952 ÷ 92 = 860 ferm., og þyrfti þá að byggja 1188 ferm. Kostnaður samkv. vísitölu yrði 24 millj. 770 þús. Ef að því yrði hins vegar horfið að byggja nýtt skólahús samkv. fyrrgreindum normum, yrði kostnaður samkv. sömu vísitölu kr. 41 millj. og 500 þús. fyrir utan leikfimissal með kennslutækjum og frágang lóðar.

Samkv. upplýsingum skipulagsstjóra Reykjavíkur hefur skipulagsnefnd tekið þá afstöðu, að hugsanlegt sé að leyfa viðbyggingu bak við núverandi skólahús, en þó alls ekki þannig, að skólinn veitti viðtöku fleiri nemendum en nú eru í skólanum. Það er álit byggingardeildar, að betur muni borga sig að selja gamla húsið og lóðina og byggja nýjan skóla annars staðar. Byggingardeild byggir þessa skoðun sína á, að kennslustofur í gamla húsinu séu mjög litlar og af ýmsum óheppilegum stærðum, að snyrtingar í gamla húsinu séu of litlar og mjög illa staðsettar, að lóðin sé alls ekki heppileg, miðað við að nemendum skólans fjölgi, og ekki sízt með tilliti til að á aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir, að Fríkirkjuvegurinn verði mikil umferðaræð, sem eðlilega hefur truflandi áhrif á kennslu í húsinu. Þá er og á það að benda, að ekki mun vera hægt að sjá fyrir nægum bílastæðum.“

Þetta var álit forstöðumanns byggingardeildar menntmrn., sem ég las hér. En samkv. því telur hann sýnilegt, að gamla skólahúsið sé of lítið og þyrfti nær að tvöfalda það að stærð, til þess að í skólahúsinu yrði sami nemendafjöldi og verið hefur, þ. e. a. s. 8 bekkjardeildir með samtals 200—240 nemendum. Ef ætti nú að fara að troða inn í þetta skólahús menntadeild og þar með nýjum bekkjum, þá hlyti það óhjákvæmilega að leiða til þess, að það gengi út yfir aðra starfsemi skólans, þannig að þá hlyti að fækka til muna í gagnfræðadeild skólans, og væri þá gagnfræðadeildin jafnvel orðin það fámenn, að það væri

spurning, hvort það væri raunverulega eðlilegt að reka þar sjálfstæða gagnfræðadeild. Það er reyndar, eins og þarna kemur fram, alveg ljóst, að miðað við núverandi rekstur skólans og núverandi nemendafjölda er skólahúsið of lítið og þarf á viðbyggingu og endurbótum að halda. Það virðist þess vegna, ef ætti að stofna þarna menntadeild, ekki vera unnt að gera ráð fyrir öðru, ef horft er eitthvað fram í tímann, en það yrði óhjákvæmilega að byggja nýtt skólahús, skólahús, sem kostaði marga tugi millj. kr. Og þess vegna mundi það verða æríð fjárfrekt, þegar fram í sækir, að samþykkja þetta frv. og reka menntadeild við Kvennaskólann í Reykjavík.

Þá er í framhaldi af þessu ljóst, að við þetta allt yrði mjög mikill kostnaður, og teljum við, sem að þessu nál. stöndum, að þeim fjármunum yrði betur varið á öðrum vettvangi í þágu menntaskólastigsins. Eins og allir vita, hafa verið stofnaðir nýir menntaskólar í Reykjavík nýlega eða á allra síðustu árum og sá nýjasti getur bætt við sig nemendum, hann er rétt á byrjunarstigi. Auk þess eru svo eðlilegar kröfur frá landsbyggðinni um að fá þar byggða menntaskóla, og telja ýmsir, að fjárveitingar þangað hafi verið af skornum skammti. Það gefur því alveg auga leið, að ef ætti að fara að bæta enn nýjum menntaskóla við í Reykjavík, menntaskóla, sem yrði sennilega mjög dýr í rekstri vegna fámennis og vegna þess, að hann skortir algerlega húsnæði til frambúðar, þá yrði það, eins og áður segir, mjög kostnaðarsamt og þeim fjármunum yrði betur varið annars staðar.

Með nál. um þetta mál, sem er nál. frá minni hl. menntmn. í Nd., er prentað sérstakt fskj. á þskj. 206, sem er umsögn meiri hl. menntaskólanefndar um þetta mál, en í þessari nefnd áttu sæti rektorar og skólameistarar menntaskólanna og háskólarektor. Nokkrum atriðum, sem þar eru talin upp, hef ég reyndar gert grein fyrir hér, þau hafa komið fram í nál. okkar. Þar falla skoðanir okkar í meiri hl. menntmn. saman við þær skoðanir, sem koma fram á þessu skjali, en það er sérstaklega eitt atriði í niðurlagi þess, sem ég vildi gera hér að umtalsefni, en þar segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Með tilliti til merkrar sögu Kvennaskólans er eðlilegt, að hann leiti að hlutverki, er sé stærra og betra og í samræmi við kröfur tímans um menntun kvenna en það hlutverk, sem hann nú gegnir sem almennur gagnfræðaskóli. Hins vegar virðist nefndinni, að í þeirri leit hafi forráðamenn skólans bundið sig um of við núverandi tilhögun þeirra menntaskóla, sem fyrir eru í landinu. Það skal skýrt fram tekið, að allir nm. eru sammála um að styrkja beri Kvennaskólann til þess að gegna því hlutverki sem bezt að efla menntun kvenna til munns og handa og vinna á ný brautryðjendastarf í þeim efnum. Í landinu er vaxandi þörf á vel menntuðum konum til margvíslegra starfa, sem háskólamenntun er ekki bezti undirbúningur undir, þótt þau krefjist mikillar almennrar menntunar og verulegrar sérmenntunar.“

Ég vil alveg sérstaklega undirstrika þessi ummæli skólameistaranna, að Kvennaskólinn í Reykjavík getur leitað sér nýrra verkefna á öðrum vettvangi en gert er með þessu frv., og það eru hygg ég allir sammála um það, að Kvennaskólinn í Reykjavík hafi getið sér gott orð, þetta sé merkur skóli. En jafnvel slíkt dugir ekki til þess að veita skólanum rétt til þess að brautskrá stúdenta, því að sömu sögu er um marga aðra skóla að segja, sem ekki fá þeirri kröfu sinnt. En fyrir utan það, að þeir menn, sem bezt til þekkja, og þar á ég sérstaklega við rektora og skólameistara menntaskólanna, hafa fært fram góð og gild rök gegn þessu frv., þá liggur auk þess fyrir samþykkt frá Landssambandi menntaskólanema, sem mótmælir samþykkt þessa frv., og reyndar er mér heldur ekki kunnugt um það, að jafnvel stúlkurnar í Kvennaskólanum hafi mikinn áhuga á brautargengi þessa máls. Ég ítreka svo þá niðurstöðu meiri hl. menntmn., sem ég hef mælt hér fyrir, að við leggjum til, að þetta frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur einkum af hálfu andstæðinga þess verið rætt á þeim grundvelli, að það eitt væri um að ræða að koma á fót menntadeild, sem ekki væri frábrugðin þeim, sem starfandi eru við aðra menntaskóla, að öðru leyti en því að vera einvörðungu fyrir konur. Ef ræða á málið á þeim grundvelli, skil ég vel þá gagnrýni, sem fram hefur komið, og þá mundi ég alls ekki vera í hópi stuðningsmanna málsins. En það er alls ekki um þetta að ræða, og á því hef ég fengið fulla staðfestingu í viðræðum við þær konur, sem einkum hafa barizt fyrir þessu máli. Þær hafa sagt, að hlutverk Kvennaskólans ætti framvegis að vera það sama og ávallt hefði verið — að veita undirbúning undir störf, sem æskilegt væri að öðrum fremur væru stunduð af konum innan heimilis og utan. En vaxandi kröfur til undirbúningsmenntunar undir flest þessara starfa leiddu til þess, að menntun sú, sem Kvennaskólinn hefði getað veitt til þessa, væri ófullnægjandi. Ef Kvennaskólinn fær réttindi til þess að útskrifa stúdenta, þá væri um að ræða sérskóla með slíkum réttindum, sem legði áherzlu á undirbúning undir störf, sem telja má, að konur séu hæfari til að gegna en karlar, og væri þá um hliðstæðu að ræða við Verzlunarskólann og Kennaraskólann, sem eru sérskólar, sem þegar hafa öðlazt slík réttindi. Það er því að mínu áliti kjarni málsins, hvort til séu störf í þjóðfélaginu, sem konur séu betur til fallnar að stunda en karlar, og hvort ástæða sé til þess að veita sérstaka undirbúningsmenntun undir þau. Við, sem að minni hl. álitinu stöndum, teljum, að svo sé, þannig að samþykkt þessa frv. sé í fullu samræmi við þá stefnu í menntamálum, sem nú er að ryðja sér til rúms — að opna nýjar námsleiðir og leggja áherzlu á meiri sérhæfingu en verið hefur þegar á menntaskólastigi.

Hv. frsm. meiri hl. vitnaði í lok ræðu sinnar í umsögn frá nokkrum skólastjórum menntaskólanna, þar sem þeir komust þannig að orði, að Kvennaskólinn ætti að leita sér annarra verkefna en þeirra að útskrifa stúdenta. Nú má á það benda, að í flestum löndum hefur þróunin gengið mjög í þá átt, að stúdentum hefur fjölgað. Ég tel mig hafa fyrir því áreiðanlegar heimildir, að

gert er ráð fyrir því, að í Bandaríkjunum verði menntun samsvarandi stúdentsprófi orðin svo almenn eftir fá ár, að hún mundi ná til um 50% af hverjum árgangi, sem taki stúdentspróf í landinu sem heild, en um 75% í hinum stærri borgum. Nú gefur það auðvitað auga leið, að það er ekki þörf fyrir svona margt fólk í langskólanám, en stefnan, sú rétta að mínu áliti, er þá einmitt sú, að opna nýjar námsleiðir, þar sem um styttra nám er að ræða en háskólanám almennt er nú, en gert er þá ráð fyrir því, að til undirbúnings undir slíkt sérnám á hinum ýmsu sviðum þurfi stúdentspróf.

Eins og ég sagði, tel ég það kjarna málsins, hvort gert er ráð fyrir því, að til séu störf, sem konur séu betur fallnar til að stunda en karlar, og hvort þau þurfi undirbúningsmenntunar, sem hliðstæð sé við stúdentspróf. Þau rök hafa verið borin fram gegn þessu frv., að það skapi misrétti milli kynja, og sé því spor aftur á bak í menningarmálum þjóðarinnar. Allt slíkt er að okkar áliti, sem að minni hl. nál. stöndum, úr lausu lofti gripið, því að eitt er það að skapa konum og körlum jafnréttisaðstöðu til þess að njóta hæfileika sinna, og það held ég, að sé skoðun okkar, sem þetta frv. styðjum, ekki síður en annarra, að það sé sjálfsagt mannréttindamál. En annað er það að halda því fram, að enginn munur sé á hæfni karla og kvenna til að stunda tiltekin störf. Að halda slíku fram, kemur að mínu áliti í bága við áþreifanlegar og augljósar staðreyndir. Það eru annars vegar til störf, svo sem þau er krefjast mikilla líkamskrafta, sem karlar eru betur færir um að stunda en konur, en það eru líka til störf, og það er það, sem hér skiptir máli, sem konur eru að mínu áliti miklu hæfari til að gegna en karlar. Mikilvægust þeirra eru uppeldi og umönnun yngstu kynslóðarinnar innan heimilis og utan, en einnig má nefna hjúkrunarstörf og vafalaust ýmislegt fleira. Mér kæmi það einkennilega fyrir sjónir, ef því væri haldið fram, að karlar væru jafnhæfir konum til barnfóstrunar og barnauppeldis, a. m. k. hinna yngri. Ég man, að ég heyrði kennara minn danskan, prófessor í hagfræði, einu sinni segja, að ef lærðir prófessorar ættu að fara að fóstra ungbörn, þá mundi ungbarnadauðinn vaxa gífurlega, og það jafnvel þó að viðkomandi væru prófessorar í læknisfræði. Þó nokkrir áratugir séu, síðan þessi orð voru viðhöfð, þá held ég, að þau standi óhögguð enn, hvað sem verða kann á næstu öldum. Um það skal ég ekki segja. Og varðandi hjúkrunarstörf, þá eru að vísu til störf á því sviði, svo sem að bera sjúklinga á milli rúma, gæzla óðra manna á geðveikrahælum o. s. frv., sem eru karlmannsstörf, en það held ég, að breyti engu um það, að konur hafi meiri hæfileika til þess að stunda hjúkrunarstörf en karlar.

Við, sem að minni hl. álitinu stöndum, teljum, að hér sé um störf að ræða, sem í senn séu mjög mikilvæg bæði fyrir velferð einstaklinga og þjóðarheildar og geri þær kröfur til undirbúningsmenntunar, að ekki beri að horfa í nokkurn kostnað við það, að til hennar sé vandað. Mundi samþykkt þessa frv. að okkar áliti geta orðið mikilvægt spor í þá átt.

Þess verður mjög vart í áróðrinum gegn þessu máli, að inn í það blandast á óheppilegan hátt annað, nefnilega það, að störf þau, sem hér um ræðir hafa verið og eru enn vanmetin af hálfu þjóðfélagsins, þannig að þau eru ekki launuð, sem vert væri, með tilliti til mikilvægis þeirra. Af því er svo dregin sú ályktun, að hér sé um eins konar óæðri störf í þjóðfélaginu að ræða, sem karlmenn eigi að taka á sig til jafns við konur, og þannig skuli skapa kynjunum jafnréttisaðstöðu. Ég hef nú í fyrsta lagi ekki trú á því, að sú leið mundi vera framkvæmanleg. Að vísu kemur það fyrir, að við karlmennirnir sýnum það endrum og eins í verki, að við viljum vera góðir eiginmenn með því að þvo upp, elda hafragraut, hita kaffi og jafnvel bía ungbarni, en ég held, að erfitt sé að fá okkur flesta til þess að tolla við slíkt, enda er það ekki heppilegasta lausnin, ef störfin eru mikilvæg þjóðfélagslega séð og konur betur hæfar til að stunda þau en karlar. Við hv. 11. þm. Reykv., sem báðir stöndum að þessu nál. og höfum báðir um langt skeið gegnt formennsku í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þekkjum það manna bezt, að um vanmat á þeim störfum, sem konur einkum stunda, hefur verið að ræða og er enn, og höfum við báðir að því unnið eftir föngum að bæta þar úr, þó segja megi ef til vill, að afrekaskrá okkar í því efni sé ekki eins stór og við hefðum óskað. En það er annarra að dæma þar um. En nokkuð hefur þó áunnizt á þeim vettvangi, og báðir erum við áreiðanlega til viðtals um frekari úrbætur í því efni. Það er líka — að okkar áliti — sú leið, sem fara ber í þessu efni, og samþykkt þessa frv. mundi einmitt fela í sér þá viðurkenningu löggjafarvaldsins á mikilvægi þessara starfa, sem gæti auðveldað mjög að bæta úr því vanmati á störfunum og launamisrétti, sem enn er við lýði.

Þá vil ég á grundvelli þess, sem sagt hefur verið, víkja nokkuð að rökum þeim, sem fram hafa komið gegn þessu frv. í ræðu hv. frsm. og áliti meiri hl. Það er vitnað þar í fræðslulögin frá 1946, m. a. það sjónarmið í þeim l., að aðgreina beri gagnfræðanám og menntaskólanám, þannig að það sé ekki stundað við sama skólann. Þó að fræðslulögin frá 1946 væru á sínum tíma mikið spor í framfaraátt, þá ber þess þó að gæta, að mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim aldarfjórðungi, sem síðan er liðinn, og stefnan í skólamálum hefur verulega breytzt í mikilvægum atriðum frá því, sem þá var. E. t. v. er það einna mikilvægasta í þessu efni, sem þetta mál snertir, það, að fyrir um það bil aldarfjórðungi virtist stefnan yfirleitt vera sú að samræma stúdentsprófið sem allra mest, þannig að allir nemendur, sem lykju stúdentsprófi, hefðu nokkurn veginn sömu menntun. Sú eina skipting, sem þá var til innan menntaskólanna, var skiptingin í stærðfræðideild og máladeild, sem fyrst mun hafa komið til sögunnar í kringum 1920. Við því var að vísu ekki haggað. En þó man ég, að kringum 1930 var svo komið, að búið var að leggja niður alla stærðfræði í máladeild og hins vegar latínu í stærðfræðideild. Um þetta leyti var aftur horfið að því að taka upp stærðfræði í máladeild, og latínu í stærðfræðideild, sem tvímælalaust var einmitt spor í samræmi við þá stefnu, sem þá

var ríkjandi, að stúdentsmenntun ætti að vera almenn menntun, eins og það var kallað, sem væri sú sama fyrir alla. Nú aftur á móti á síðustu árum hefur þróunin gengið í gagnstæða átt, að það hefur verið lögð áherzla á meiri sérhæfingu einmitt á menntaskólastiginu, og er enn mikið um það rætt, og vafalaust kemur það til framkvæmda, áður en langt um líður, og er raunar þegar komið til framkvæmda, að fleiri og meira sérhæfðar deildir innan menntaskólanna verði stofnaðar. Einmitt með tilliti til þessa teljum við, sem að minni hl. álitinu stöndum, að samþykkt frv. sé í fullu samræmi við hina almennu stefnu í þessum málum. Af þessu leiðir, að sú röksemd, sem fram kemur hjá skólastjórunum og í áliti meiri hl., að menntadeild við Kvennaskólann hlyti að verða of fámenn til þess, að um eðlilegt valfrelsi nemenda yrði að ræða, eins og það er orðað, á ekki við. Ef litið er á þetta sem sérskóla, hliðstæðan öðrum sérskólum, sem þegar hafa fengið réttindi til þess að útskrifa stúdenta, þá á þetta auðvitað ekki við. Auk þess má hér bæta því við, að í grg. fyrir fræðslul. var skýrt tekið fram, eftir því sem ég bezt veit, að Kvennaskólinn væri ekki sambærilegur við almenna gagnfræðaskóla. Þess má einnig geta í þessu sambandi, að innan Verzlunarskólans, sem á stríðsárunum fékk réttindi til þess að útskrifa stúdenta, er stundað gagnfræðanám og hefur alltaf verið og ekki verið við því amazt. Það er að vísu með nokkuð sérstæðum hætti. Og Verzlunarskólinn er að því leyti enn frábrugðnari hinu almenna kerfi en Kvennaskólinn mundi nokkurn tíma verða, að það þarf ekki landspróf til að setjast í menntadeild Verzlunarskólans, en ekki hefur verið um annað talað, en að landspróf þyrfti að taka til að setjast í væntanlega menntadeild Kvennaskólans, sem er auðvitað í fullu samræmi við hið almenna skólakerfi.

En ef viðurkennt er, eins og ég hef sagt, að til séu störf, sem þurfi sérstakrar undirbúningsmenntunar og séu einkum við hæfi kvenna, þá er eðlilegt, að frá báðum þessum meginreglum sé vikið. Hitt er svo annað mál, að þó að þessari menntadeild væri komið á fót, þá mundi það auðvitað ekki þýða það, að allar stúlkur, sem hygðust taka stúdentspróf, þyrftu endilega að stunda nám þar. Það mundu fyrst og fremst verða þær, sem hefðu áhuga fyrir þessum störfum, sem ég hef minnzt á. Ef konur hugsa sér að verða t. d. veðurfræðingar eða verkfræðingar, og vissulega eru konur hlutgengar á því sviði, þá mundu viðkomandi auðvitað fara í stærðfræðideildir menntaskólanna, sem eðli málsins samkvæmt verða sameiginlegar fyrir karla og konur, eins og verið hefur.

Þá vék hv. frsm. meiri hl. að kostnaðarhlið þessa máls. Nú skal ég játa, að hana hef ég ekki kynnt mér ofan í kjölinn. Á því má aðeins vekja athygli, að kostnaður við framkvæmd þessa, verður auðvitað, eins og hvað snertir öll önnur slík heimildarlög, háð ákvörðunum fjárveitingarvaldsins hverju sinni. Í öðru lagi má á það benda, eins og raunar kom fram í ræðu hv. frsm. meiri hl., að það er nauðsyn að byggja yfir Kvennaskólann og starfsemi hans hvort sem er. Það hefur verið nauðsynlegt vegna mikillar aðsóknar að grípa til verulegra aðgangstakmarkana, þannig að ef hugsunin er ekki beinlínis sú að leggja Kvennaskólann niður, heldur að gera honum kleift að fullnægja eftirspurninni, þá þyrfti byggingu hvort sem væri. En hitt verður þá auðvitað sérstakt matsatriði, sem ég treysti mér ekki til að fara út í, hvort verður minni kostnaður við þá byggingu, sem nauðsynleg er undir öllum kringumstæðum, eða þá, sem miðuð er við það hlutverk Kvennaskólanum til handa, sem hér er gert ráð fyrir. En undir öllum kringumstæðum hlyti sú tala að vera til mikilla muna lægri en sú áætlun, sem gerð hefur verið. Annars verður þetta auðvitað á valdi fjárveitingavaldsins hverju sinni. Af því að hv. frsm. minntist á landsbyggðina í þessu sambandi, þá ber að taka það fram, að margar stúlkur utan af landi sækja Kvennaskólann.

Að lokum, þó að það sé e. t. v. of mikil fjarstæða til þess, að rétt sé að minnast á það, þá hefur sú skoðun komið fram, að ef þetta frv. yrði samþykkt, þá væri hætta á of miklu konuríki hér á Íslandi, því að karlmennirnir hefðu kúgað konurnar áður, þá mundi með því að samþykkja þetta frumvarp, þessu verða snúið við. Við, sem að minni hl. nál. stöndum getum ekki séð, að neinar slíkar röksemdir eigi rétt á sér. Við erum líka allir karlmenn, og hver er sjálfum sér næstur, eins og þar stendur, enda sjáum við ekki, að neitt sé tekið frá karlmönnunum með því að stofna til þessa skóla. En ef hann er miðaður við þau störf, sem konur teljast hæfari til að stunda en karlar, þá er eðlilegt að binda aðgang að honum við konur. Hér er ekki um neins konar misrétti að ræða. Það er alveg hliðstætt því, að flugfélögin munu varla taka við fimmtugum mönnum á þjálfunarskóla undir flugmennsku eða jafnrosknum konum á námskeið fyrir flugfreyjur. Það mætti þá alveg eins segja, að það væri verið með slíku að mismuna kynslóðum o. s. frv.

Herra forseti. Samkv. því, sem ég hef sagt, leggur minni hl. menntmn. til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera mikið að umtalsefni þessa skemmtilegu ræðu hv. frsm. minni hl. menntmn., enda geri ég ráð fyrir, að talsmaður meiri hl. hennar muni gera henni full skil. Einhvern veginn fannst mér, þegar ég hlustaði á þessa ræðu, að þarna væri rödd frá fyrri öld að tala, en ekki frá þeim tíma, sem við nú lifum, og er það vissulega dálítið undrunarefni, að merkur skólamaður og góður mæli svo forneskjulegu máli, sem hann mælti hér að mörgu leyti. Hann sagði m. a., að þetta frv., sem hér er á ferðinni, væri í fullu samræmi við stefnuna í menntamálum okkar, þó að hann viti eins vel og við allir aðrir hv. dm., að það er ekki aðeins gagnstætt öllum lögum, sem um menntunarmál fjalla hér á landi, heldur öllum nútímaskoðunum um menntunarþarfir karla og kvenna, en stefnan er yfirleitt byggð á því og almennar skoðanir manna á því, að menntunarþarfir karla og kvenna séu hinar sömu. Hitt leiðir svo auðvitað af sjálfu sér, að hver og einn

velur sér námsbrautir eftir hæfileikum sínum og áhugamálum. Ég held líka, að það sé ekki nein hætta á því, að þó að þetta frv. verði fellt, leiði það til þess, að það verði þrýst á hv. þm. að fara að passa börn eða gerast sjúkraliði. Ég held, að þó að við treystum honum til flestra góðra hluta, þá mundum við ekki gera það, því að af því gæti hlotizt slys, vegna þess að prófessorar eru menn gleymnir og kynnu að vanrækja nauðsynlegustu hluti.

Það er sagt af þessum hv. ræðumanni, að hér sé ekki um að ræða neitt misrétti milli kynja. Alveg með sama hætti mætti halda því fram, að það væri ekkert misrétti á milli kynþáttanna t. d. í Bandaríkjunum, þó að hvítir og svartir menn fengju ekki að ganga í sama skóla, aðeins ef það væri hægt að vísa negrunum á einhvern sérskóla. Málið hefur ekki staðið um það, heldur hefur staðið um það barátta árum og áratugum, jafnvel öldum saman, að þessir menn hefðu jafnrétti til þess að sitja í sömu skólastofunni og njóta sömu kennslunnar. Sýnist mér því þessi röksemd hv. þm. algerlega út í hött og ósæmandi fyrir hann að bera hana fram.

Annars var það ekki mín meining að fara hér í miklar deilur um þetta mál, en ég hef talið rétt af ýmsum ástæðum að gera í örstuttu máli grein fyrir mínum skoðunum á því og á hverju andstaða mín við þetta frv. byggist. Það er orðið mönnum æði kunnugt, að þetta mál hefur verið bæði sótt og varið af miklu ofurkappi eða var a. m. k. um nokkurt skeið, líkt og hér væri um mál að ræða, sem yrði nánast eitthvert úrslitamál í öllum menntunarmálum þjóðarinnar. Það mun ýmsum finnast fleirum en mér, að allur sá gauragangur, sem viðhafður hefur verið í sambandi við — ég vil segja bæði fylgi og andstöðu við málið — hafi ekki verið í neinu samræmi við stærð þess, þó að ég hins vegar engan veginn vilji gera lítið úr því. En eins og oft vill verða, sem betur fer, hefur fyrirgangurinn nú hjaðnað, og er það vissulega vel, að þessi hv. þd. ætti nú að geta truflunarlaust afgreitt þetta mál, þegar það er á lokastigi. Og frá mínum bæjardyrum séð á að leiða þetta mál til lykta í samræmi við þau augljósu markmið, sem ber að stefna að í skólamálum almennt, og viðurkennda stefnu, að því er áhrærir gerð skólanna.

Er þar þá fyrst til að taka, að hérlendis sem í öðrum menningarlöndum hefur fyrir hálfri öld eða jafnvel enn lengri tíma verið sagt skilið við sérskóla eftir kynjum og samskólar hlotið endanlega og fullkomna viðurkenningu á grundvelli allrar ríkjandi þekkingar á sálrænum og félagslegum áhrifum samskóla og sérskóla. Enda þótt menn hafni vafalaust slíkum öfgum, sem komið hafa fram í sambandi við þetta mál, eins og þeim t. d., að lítill sérskóli kvenna á menntaskólastigi leiði af sér kynferðislegan fasisma, sem er mér að vísu hugtak, sem er nokkuð óskiljanlegt, eða einhvern annan slíkan voða, þá hljóta menn að viðurkenna, að löggjöf um sérskóla eftir kynjum kemur algerlega þvert á alla viðtekna og viðurkennda stefnu í þessum efnum og er andstæð allri vísindalegri grundvallarþekkingu manna í uppeldisfræðum. Um þetta held ég, að verði ekki deilt. Ég held þess vegna, að þegar af þessari ástæðu beri að hafna þessu frv., þar sem m. a. enginn fær fyrir séð fullkomlega, hvert slíkt frávik frá meginstefnunni og viðurkenndum sjónarmiðum kynni að leiða.

Í orði er viðurkennt markmið, að sem flestir geti á æskualdri valið sér námsleið við hæfi sitt og þarfir þjóðfélagsins og menntun þegnanna verði fullnægt á öllum sviðum, svo að sem fæstir fari á mis við æskilega og nauðsynlega menntun vegna aðstöðumunar, t. d. fjárhagslega eða vegna þess, hvar þeir eru í sveit settir. Kaldur veruleikinn er hins vegar sá, að við erum víðs fjarri öllum þessum markmiðum, og meira að segja vafamál, að við höfum ekki verið að fjarlægjast þau á allra síðustu tímum, því að segja má, að hvar sem gripið sé niður í skólakerfinu, blasi við margvíslegir þverbrestir, sem brýn þörf er á að bæta. Nú í dag, aldarfjórðungi eftir að gildandi fræðslulög voru mótuð, er lögboðinni skólaskyldu ekki haldið uppi víða úti um byggðir landsins vegna skorts á skólum og skólahúsnæði, fjárskorts og kennaraskorts. Í heilum landsfjórðungi, og þar á ég við Austfirðingafjórðung, eru aðeins starfandi tveir gagnfræðaskólar, sem ekki rúma nema tæplega ¼ hluta þeirra nemenda, sem eiga rétt á gagnfræðanámi. ¾ hlutar ungmenna í þessum landsfjórðungi fara þess vegna á mis við óhjákvæmilegustu almenna menntun vegna vanrækslu hins opinbera, og stór hluti þeirra á engan kost á að ljúka skyldunámi barna- og unglingafræðslunnar heldur. Í þessum landsfjórðungi er heldur enginn menntaskóli, eða vísir að honum annar en lítilfjörleg fjárhæð á fjárl. og löggjöf, sem enginn veit, hvenær eða hvort framkvæmd verður.

En það er miklu víðar, sem vanrækslusyndir þeirra, sem haldið hafa um stjórnvöl skólamálanna blasa við. Eða hver hv. þdm. — þ. e. a. s. kannske annarra en Reykvíkinga — þekkir ekki til þess, hve alvarlega skórinn kreppir víða að vegna skorts á skólum og allri aðstöðu til nauðsynlegustu menntunar ungmenna. Við þessi vandkvæði öll bætast svo þeir erfiðleikar, sem stafa af fjárhagslegum aðstöðumun og setja mörgu ungmenni í landinu óyfirstíganlega hindrun yfir þveran veg til náms.

Skólamál höfuðborgarinnar þurfa sjálfsagt sinnar athugunar við og þau má auðvitað ekki vanrækja, en furðu gegnir, að þar skuli þykja mest aðakallandi af ýmsum, að þurfi að löggilda sjötta skólann til þess að útskrifa þaðan stúdenta og hinn þriðja við sömu götuna með nokkura metra millibili. Enda hef ég ekki heyrt þess getið, að nú orðið a. m. k., þó að áður fyrr hafi það verið, sé ekki greið leið allra reykvískra ungmenna, sem rétt hafa til að fá skólavist á menntaskólastiginu. Hér er þess vegna engin þörf eða rök fyrir þeim tugmilljónakostnaði, sem til yrði stofnað með óhjákvæmilegri stækkun Kvennaskólans og síðan með auknum rekstrarkostnaði, sem hvorugt mundi þó lækka kostnað við aðra stúdentaskóla hér í höfuðborginni, a. m. k. um ófyrirsjáanlega framtíð. En inn á þetta kom frsm. hv. meiri hl. mjög greinilega. Meðan þær staðreyndir blasa við m. a., að ekki er séð fyrir kostnaði, sem mun að lágmarki nema um 140 millj. kr., til þess að koma upp menntaskóla

á Austurlandi og hæstv. ráðh. menntamála hefur enn ekki einu sinni tekið á sig þá rögg í því máli að ákveða honum stað, svo að frumundirbúningur geti hafizt að því nauðsynjamáli landsfjórðungsins, og önnur stig skólavistar eru í fullkomnu óefni þar og víða annars staðar, meðan menntaskólamál Vestfirðinga eru á algeru frumstigi, væri það aðeins frá fjárhagssjónarmiði hreint glapræði, og ég vil segja hneyksli, að efna til algerlega óþarfra útgjalda til stúdentadeildar Kvennaskóla að fyrirmynd 19. aldar fyrirkomulags.

Í umr. um þetta nú orðið fræga kvennaskólamál hefur margt verið sagt þeim skóla, sem um er rætt, til lofs og dýrðar, en einnig mörg gagnrýni komið fram. Ég ætla mér ekki að gera mig að neinum dómara í því efni og skortir líka til þess alla þekkingu, enda skiptir lof eða last um skólann og rekstur hans hér engu höfuðmáli. Hin einföldu rök málsins eru þau í fyrsta lagi, að allar hugmyndir um hann sem sérstakan stúdentaskóla eru byggðar á forneskjuhugmyndum um uppeldismál, sem öll menningarsamfélög hafa kastað fyrir borð fyrir löngu síðan. Og í öðru lagi, að lögfesting hans hefur mikinn kostnað — sennilega milljónatugi strax í byrjun og síðan áframhaldandi í för með sér— fjárfúlgur, sem betur væru komnar til þess að bæta úr einhverjum þeim fjölmörgu vanrækslusyndum, sem við blasa í skólamálum þjóðarinnar. Af framangreindum ástæðum er ég algerlega andvígur þessu frv. og fagna því, að meiri hl. hv. menntmn. leggur til, að það verði fellt.

Kristján Thorlacius: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr. um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta, hefur verið mikið rætt bæði á mannfundum og manna á milli og þá gjarnan sem stefnumál um, hvort menntaskólar almennt eigi að vera samskólar eða sérskólar. Í mínum huga er hér ekki um það að ræða, að með þessu frv. sé mörkuð sú stefna, að almennt skuli teknir upp sérskólar á menntaskólastiginu. Fylgi mitt við þetta frv. táknar ekki samþykki við sérskóla pilta og stúlkna almennt, en Kvennaskólinn í Reykjavík á sér langa og merka sögu, og það er álit skólamanna, að eðlilegt sé, að hann leiti að hlutverki, er sé stærra og í betra samræmi við kröfur tímans um menntun kvenna en það hlutverk, sem hann nú gegnir sem almennur gagnfræðaskóli. Með því að samþykkja, að hann brautskrái stúdenta, er verið að opna nýja námsleið á menntaskólastigi fyrir konur. En því fer fjarri, að verið sé að þvinga nokkra konu í þennan sérstaka skóla eða loka nokkrum menntunarleiðum fyrir konum. Og ég vil benda þeim á, sem vex það í augum, að þessi undantekning um sérskóla verði gerð frá almennu reglunni, að slík sérregla er í gildi að því er varðar Kvennaskólann sem gagnfræðaskóla. Aðrir gagnfræðaskólar landsins eru samskólar. Kvennaskólinn í Reykjavík er undantekning frá reglunni.

Mér virðist andstaðan gegn þessu frv. vera mjög í ætt við þau viðbrögð, sem ávallt hafa verið, þegar stofna hefur átt nýjan menntaskóla hér á landi. Andstaða gegn slíku hefur oft verið ótrúlega hörð, og mörgum, sem utan við þær deilur hafa staðið, með öllu óskiljanleg.

Í nál. meiri hl. menntmn. eru taldar upp röksemdir gegn frv. Meiri hl. n. segir fyrstu ástæðu fyrir afstöðu sinni vera þá, að vikið sé til hliðar grundvallarreglu fræðslulöggjafarinnar um aðskilnað gagnfræðaskóla og menntaskóla, og ef slíkt yrði leyft, hlyti það að draga dilk á eftir sér. Það virðist ástæðulaust að ætla, að þetta feli í sér neina hættu og fyrir þessu eru fordæmi. Menntaskólinn á Akureyri hafði um skeið gagnfræðadeild, eftir að gildandi fræðslulög voru sett, og er mér ekki kunnugt um, að það hafi dregið neinn dilk á eftir sér. Verzlunarskóli Íslands er að þessu leyti með enn þá meiri sérstöðu, en við þann skóla er unnt að ljúka stúdentsprófi án þess að taka landspróf og virðist ekki heldur hafa komið að sök.

Önnur röksemd meiri hl. n. gegn frv. er, að menntaskólar eigi að vera samskólar ungs fólks af báðum kynjum. En eins og ég tók fram áðan, er þegar fyrir hendi undantekning frá þessari höfuðreglu á gagnfræðaskólastiginu, einmitt að því er varðar Kvennaskólann sjálfan. Auk þess eru í okkar skólakerfi margir sérskólar. Má þar benda á Húsmæðrakennaraskóla, Hjúkrunarskóla Íslands, bændaskólana og húsmæðraskólana. Að vísu eru dæmi þess um t. d. Hjúkrunarskólann, að einn og einn piltur stundi þar nám, og í bændaskólunum hafa örfáar stúlkur stundað nám. Samt mega þessir skólar heita sérskólar í reynd. Því er haldið fram, að ekki megi miða uppeldi drengja og stúlkna við það, að aðeins annað kynið inni af höndum þau störf, sem skapast við stofnun heimilis. Ég er alveg sammála því, að hjón eigi að hjálpast sem mest að um heimilishaldið og barnauppeldið. Um þetta er ég þeirrar skoðunar, að æskileg sé enn meiri samvinna hjóna á heimilinu og um stjórn þess en nú er. Karlmennirnir þurfa að leggja þar fram meiri skerf en verið hefur, en mín skoðun er sú, að öllum sé fyrir beztu að konan haldi áfram sínu forystuhlutverki á heimilinu og um barnauppeldið.

Þau rök önnur, sem einkum hafa verið fram borin af andstæðingum þessa máls, eru, að annað sé nærtækara í skólamálum en kosta til þess að gera Kvennaskólann að nokkru að menntaskóla. Einnig hefur sú mótbára komið fram, að ekki beri að fjölga stúdentum, þar sem Háskólinn rúmi ekki alla þá, sem útskrifast úr menntaskóla og vilji stunda háskólanám hér heima. Á undanförnum árum hafa þrengsli verið mjög mikil í menntaskólunum, svo að til stórvandræða horfir. Að vísu hefur verið bætt nokkuð hér úr með því að stofna til menntaskólahalds í gömlu timburhúsi, sem áður var notað fyrir Miðbæjarskólann. Samt sem áður vantar enn viðunandi aðstöðu fyrir menntaskólakennslu, og hvar sem slík aðstaða verður sköpuð, mun hún kosta fjármuni. Því lít ég svo á, að að því er varðar kostnaðarhliðina, breyti þetta ekki svo miklu, hvort aukið verður við menntaskólakennsluna á þann hátt að samþykkja þetta frv. eða með öðrum hætti. Sú röksemd, að Háskólinn sé ekki fær um að taka við auknum stúdentafjölda á að mínu áliti ekki að hafa áhrif á þetta mál.

Höfuðatriði þessa máls er frá minu sjónarmiði, að merk og traust menntastofnun biður um samþykki til þess að veita konum fleiri valkosti en nú eru í stúdentanámi. Hér verður um val að ræða, en enga þvingun. Stúdentspróf er tvímælalaust eftirsóttur menntunaráfangi, og ber þá ekki sízt að líta á þá aðstöðu til að hefja sérnám, sem það skapar strax eða síðar á ævinni. Stúdentsprófið er auk þess viðurkennt sem trygging fyrir góðri almennri menntun. Æ fleiri af ungu fólki stefna að því að taka stúdentspróf, og er það vel. Réttindi Kvennaskólans til að brautskrá stúdenta myndu í þessu efni eingöngu hafa jákvæð áhrif í þá átt, að fleiri stúlkur lykju stúdentsprófi.

Menn minnast þess, að þetta frv. hefur verið mikið rætt á s. l. vetri. Andstæðingar þess hafa sent hv. Alþ. áskorun um að samþykkja ekki frv. Undir það skjal hafa skrifað 467 konur og karlar. Hinn hópurinn er þannig miklu stærri, sem hefur sent hv. Alþ. eindregna áskorun um að samþykkja frv. Undir slíka áskorun hafa skrifað 2372 konur og karlar. Af þeim umr., sem fram hafa farið undanfarið um þetta mál, hef ég ekki látið sannfærast um þær hættur, sem í því eiga að felast að samþykkja þetta frv. Þvert á móti sýnist mér, að samþykkt frv. færi íslenzkum konum aukna möguleika til menntunar, og sé ég ekkert nema gott við það. Sú er ástæðan fyrir því, að ég mun fylgja þessu máli.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru nokkur atriði, sem hér hafa komið fram í ræðum meðmælenda frv., sem ég vil víkja frekar að. Fyrst vil ég varpa fram þeirri spurningu, til hvers ungt fólk fer í menntaskólanám og tekur stúdentspróf. Ég held, að einn megintilgangur þess með því sé að undirbúa sig undir háskólanám — að stúdentsprófið sé áfangi á þeirra menntunarbraut til að halda áfram og stunda nám í háskóla. Þetta er þó ekki einhlítt. Það eru auðvitað til ýmsir menn, sem hætta námi við stúdentspróf og fara ekki lengra, en aðalreglan er þó, að menn halda áfram, ef fært er og taka háskólapróf. Þess vegna má fyrst og fremst líta á stúdentsmenntun og stúdentsprófið sem undirbúning að háskólamenntun. Nú virðist mér, sem formælandi minni hl. ætli þessum stúlkum, sem yrðu stúdentar frá væntanlegri menntadeild Kvennaskólans í Reykjavík ekki aðallega að fara inn á þessa braut — að þær gerðust háskólaborgarar og héldu áfram í háskóla — heldur eigi menntadeildin þarna að verða undirbúningsmenntun undir ýmiss konar kvenleg störf í þjóðfélaginu — ýmiss konar störf, sem miklu fremur séu stunduð af konum en körlum. Í því nál. minni hl. er minnzt á hjúkrunarskóla, húsmæðraskóla, fóstruskóla o. s. frv. Nú er það að vísu þannig, að í þessum skólum, sem ég hef hér talið upp, er alls ekki gerð krafa um það sem inntökuskilyrði, að menn hafi stúdentspróf, heldur mundi sjálfsagt stúlka með landspróf eða gagnfræðapróf frá Kvennaskólanum komast í þessa skóla, eins og nú er. Ég hygg, að það verði æði langt í land, að farið verði að gera þær kröfur til þessara skóla, sem hér eru nefndir, að inntökuskilyrði í þá verði stúdentspróf.

Út frá forsendum frummælenda hv. minni hl., þá finnst mér í raun og veru alveg með sömu rökum megi segja, að það eru fjölda mörg störf í þjóðfélaginu, sem kallast nær eingöngu eða aðallega störf karlmanna, og það er þá alveg með sama rétti hægt að setja á stofn menntadeild fyrir pilta eingöngu, sem ætti þá að undirbúa þá í að fara í skóla, þar sem menn læra upp á störf, sem karlmenn stunda sérstaklega, eins og að fara í vélskóla, stýrimannaskóla eða eitthvað þess háttar. Sannleikurinn er sá, eins og allir vita, að það fer sífellt í vöxt, að bæði karlar og konur, eða piltar og stúlkur, stunda nám í þessum skólum, sem hér hafa verið nefndir, t. d. er það farið að tíðkast að karlmenn stundi hjúkrunarnám og verði hjúkrunarmenn, og ef stúlkurnar sem ætla sér að verða hjúkrunarkonur, ættu að koma inn í Hjúkrunarskólann sem stúdentar frá Kvennaskólanum, hvaðan eiga þá blessaðir piltarnir að koma, sem ætla sér að verða hjúkrunarmenn, einmitt þegar þessi tilhneiging er svo vaxandi í þjóðfélaginu, að karlar og konur stundi sams konar störf, jafnvel störf, sem annað kynið stundaði aðallega áður? Úr því að við höfum komizt af allan þennan tíma án þess að hafa sérmenntaskóla fyrir konur, þá ættum við því fremur að geta verið laus við það nú á tímum. Og þess vegna má segja, að samþykkt þessa frv. yrði í raun og veru spor aftur á bak og spor út úr nútímanum.

Hér hefur verið rætt um réttindi Kvennaskólans, og að hann hafi t. d. eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. að því leyti verið sérskóli, að gagnfræðadeild hans sé eingöngu fyrir konur. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að Kvennaskólinn er sérskóli, eins og hann er í dag — fyrst og fremst á þann hátt, að það eru eingöngu stúlkur, sem læra þar. En af því leiðir ekki, að hann eigi að feta lengra á braut þessara frávika með því að gera hann einnig að sérstökum menntaskóla fyrir stúlkur — síður en svo. Reyndar má segja, að hann byggi þar á gamalli hefð að vera sérskóli, og forréttindi Kvennaskólans í dag eru líka þau, sem ég hygg, að hann hafi umfram alla aðra skóla í landinu, að hann fær að velja nemendur eftir einkunnum og taka þá, sem beztum árangri hafa náð í hinum ýmsu skólum Reykjavíkurborgar, eða hér í Reykjavík og nágrenni. Og eftir því, sem ég bezt veit — ég þekki þetta að vísu ekki nógu vel — þá er Kvennaskólinn í fyrsta lagi skyldunámsskóli að því leyti, að þar eru tekin tvö ár af skyldunámi. Hann hefur landsprófsdeild, og svo hefur hann tvö ár í viðbót fram yfir skyldunámið eins og venjulegur gagnfræðaskóli. Og svo á að fara að demba ofan á þetta menntadeild.

Það var minnzt hér á Menntaskólann á Akureyri. Hann fékk undanþágu í nokkur ár frá lögunum, en hann var látinn hlíta þeim. Hann fékk ekki að hafa gagnfræðadeild ásamt menntadeildinni, þó að kannske skólinn þar hefði viljað það, af því að það var brot á lögunum og af því að það á að halda uppi fræðslulöggjöfinni. Menn geta deilt um það, hvernig fræðslulöggjöfin eigi að vera, en það á að halda henni uppi, og það

var þess vegna réttilega gert að halda henni uppi á Akureyri. Alveg eins á Kvennaskólinn að hlíta fræðslulöggjöfinni, og það á ekki að fara að gera hér undanþágu á fræðslulöggjöfinni og honum einum til handa, því eins og segir í nál. okkar, myndi það draga dilk á eftir sér. Hvernig ætti þá að neita, við skulum segja Menntaskólanum á Akureyri, ef hann heimtaði gagnfræðadeild, eða hvernig ætti að neita Flensborgarskólanum um það að fá rétt til þess að brautskrá stúdenta og hafa menntadeild, ef þetta yrði samþykkt? Ég sé ekki, hvernig staðið yrði gegn því með góðu móti. Það hefur líka verið vitnað hér til Verzlunarskólans. Hann er sérskóli, en þar eru þó kynin ekki skilin að. Hann er að því leyti frábrugðinn, að því er ég bezt veit, að þar er ekki landsprófsdeild, heldur er tekið sérstakt inntökupróf í Verzlunarskólann. Ég segi það sem mína persónulegu skoðun, að ég er algerlega á móti því, að fleiri sérskólar — þá á ég ekki bara við Kvennaskólann sérstaklega, heldur alla aðra, sem kæmu til greina, fái rétt til þess að brautskrá stúdenta heldur en þegar er, þar sem eru Kennaraskólinn og Verzlunarskólinn. Ég raunar efast um, að það hafi verið rétt stefna í upphafi að leyfa það, þó að menn hafi sjálfsagt skiptar skoðanir á því.

Þá vitnaði hér formælandi minni hl. í stúdentspróf í Bandaríkjunum, en stúdentsprófið í Bandaríkjunum og stúdentsprófið á Íslandi eru ekki sambærileg, því menn taka stúdentspróf í Bandaríkjunum yngri, sennilega 2 árum yngri en hér á Íslandi, þannig að t. d. prósenttölur um það eru ekki sambærilegar.

Ég undirstrika svo þau rök, sem fram hafa komið í okkar nál. Ég get aðeins bætt því við að lokum, að minnast á kostnaðinn fyrir utan það, að það er ekkert pláss fyrir þessa menntadeild í þessu skólahúsi, sem nú er, og það þyrfti auðvitað að byggja miklu stærra. Ef engin menntadeild verður stofnuð, þá nægir þarna væntanlega viðbygging. En ef menntadeild yrði hins vegar stofnuð, þá kæmi fljótlega að því, að það þyrfti að byggja nýtt skólahús, miklu stærra og auðvitað myndi verða mikill kostnaður því samfara, og það er alltaf, hvað sem stofnkostnaðinum líður, mjög dýrt að reka fámennan og lítinn menntaskóla, og sérstaklega hygg ég, að kennslukraftarnir myndu nýtast illa. Það yrðu margir stundakennarar, sem eðlilegt er, þar sem skólinn yrði svo fámennur, að hann myndi þess vegna verða miklu kostnaðarsamari. Ég tel, að það séu þegar fyrir hendi nægilega margir menntaskólar í Reykjavík og það þurfi að beina því fjármagni, sem á menntaskólastigið er ætlað, annað á næstu árum.

Auður Auðuns: Herra forseti. Í nál. meiri hl. menntmn. á þskj. 654 eru í 6 liðum færð rök fyrir því, að við, sem meiri hl. skipum, erum andvíg þessu frv. um heimild handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta. Ég geri ráð fyrir að við, sem meiri hl. skipum, leggjum e. t. v. misjafnlega ríka áherzlu á einstaka liði, bótt allir ráði þeir um andstöðu okkar við frv. Í mínum huga eru það meginrök gegn frv., að með því er horfið frá þeirri stefnu, sem hér hefur ríkt, og sem nýlega hefur verið lögfest, að menntaskólar skuli vera samskólar — þeir skuli vera bæði fyrir pilta og stúlkur. Í jafnréttisbaráttu kvenna hefur krafan um menntunarjafnrétti einmitt verið ein meginuppistaðan. Aðskilnaður kynjanna á sama menntastigi, þ. e. a. s. á menntaskólastigi, með sérskóla fyrir stúlkur, þar sem lögð er áherzla á eitthvað, sem ég trúi, að í dag sé nefnt „sérstakar menntunarþarfir kvenna“, er undirstrikun á hefðbundnum skoðunum um verkaskiptingu kynjanna í þjóðfélaginu, sem hefur á margvíslegan hátt orðið konunni fjötur um fót í sókn hennar til jafnréttis og bættrar aðstöðu. Þetta gerir unga konan í dag sér fyllilega ljóst. Enda er andstaðan við þetta frv. áberandi rík í þeirra hópi.

Ég minnist þess, að einhvern tíma fyrir áratugum síðan kom upp sú hugmynd að gera Kvennaskólann í Reykjavík að menntaskóla og þá á þann hátt — sem er frábrugðið því, sem þetta frv. gerir ráð fyrir — að hann skyldi vera menntaskóli fyrir konur eða stúlkur, og svo skyldi vera annar fyrir pilta, og væri þar ekki um neitt val að ræða. Ég hef sjálfsagt verið búin að steingleyma því, að þessari hugmynd hafi nokkurn tíma skotið upp, ef mér væri ekki enn töluvert fersk í minni sú gremja, sem varð í kvenstúdentafélaginu út af þessari till. Ég held, að við kvenstúdentar höfum þá allar sem einn maður verið þeirrar skoðunar, að bæði væri rangt að aðskilja stúlkur og pilta í menntaskólunum og hitt, að það var uggurinn um, að í þessum kvennamenntaskóla, ef til kæmi, yrði farið að leggja aðaláherzluna á vissar greinar, sem í dag yrðu líklega kallaðar „sérstakar menntunarþarfir kvenna“.

Eins og ég sagði áðan, þá er andstaðan gegn þessu frv. mjög sterk, einmitt meðal ungu kvennanna. Um ungu mennina, sem hafa að vísu af miklum móði stutt þeirra málstað, myndi ég vilja segja, að ég vona, að það endist svo, að þegar þau eru síðar meir komin út í lífið, eigi þeir eftir að viðurkenna stúlkurnar sem jafnoka sína og geri það ekki einungis í orði, heldur einnig á borði.

Það hefur verið á það bent, að sérskólafyrirkomulagið sé alls staðar á undanhaldi. Hér á hins vegar að ganga á móti straumnum — á móti þróuninni. Fyrir utan það, að samskólar skapa nákvæmlega jafna menntunaraðstöðu, þá hafa þeir það mikla gildi að mínu viti, að það er stórkostlegt atriði fyrir ungt fólk einmitt á þessum aldri, þegar það er mjög að mótast, að hafa tækifæri til þess, og þá er það tækifæri mikils virði einmitt innan skóla, að kynnast viðhorfum hvers annars. Þetta er fólk, sem, þegar úr skólanum kemur, á eftir að fara út í lífið, starfa þar saman hlið við hlið, og þá tel ég, að það sé nauðsynlegur undirbúningur þess, að það starf fari fram af skilningi, að þetta unga fólk hafi fengið að sitja saman í skóla og blandað þar geði.

Eins og ég sagði, þá eru það ekki meginrök mín gegn frv., að með því yrði horfið frá samskólastefnunni, að því er þennan skóla varðar. Hins vegar legg ég ekki eins mikið upp úr því, sem talið er í 1. lið í nál., það er sem sé aðskiln-

aður gagnfræðastigs og menntaskóla, þó ég geti tekið undir það, að rétt sé að halda sér við ákvæði laganna þar að lútandi. En ef það á á annað borð að fara að veita gagnfræðaskóla rétt til þess að útskrifa stúdenta, þá væri auðvitað vitið meira að velja stærri skóla. Kvennaskólinn er minnsti gagnfræðaskólinn í Reykjavík. Stærri skóli myndi þó gefa einhvern möguleika á valfrelsi og fjölbreytni í námi og að framkvæma það þá með hóflegum tilkostnaði, sem ekki er til staðar í litlum skóla eins og Kvennaskólanum. Það hefur verið talað um að það yrði að vera þar ein deild í bekk. Við skulum segja að í henni væru 15—20 stúlkur. Svo eiga að vera valgreinar, einhverjar greinar, sem yrðu miðaðar við hinar „sérlegu menntunarþarfir kvenna", eins og það er orðað, og það mundi að sjálfsögðu vera eitthvað mismunandi hvaða greinar stúlkurnar kysu sér sem valgreinar. Þá yrði þetta bútað niður í kennslu fyrir kannske 5—6 stúlkur, og ég vil nú vitna til þess, sem aðrir hafa hér sagt um allt það, sem að kallar í okkar skólakerfi, og hvort ekki væri betur varið peningum á annan hátt. Um þessar greinar, sem eiga að vera sérstaklega við hæfi stúlkna, verð ég að taka undir það, sem hefur komið fram bæði í ræðum og skrifum, að ég sé ekki, að það sé ein einasta þeirra, sem ætti að útiloka pilta.

Það hafa verið færð rök fyrir því, að Kvennaskólanum yrðu veitt þessi réttindi, og það hefur verið tengt mjög við 100 ára afmæli skólans, sem nú er ekki langt fram undan. Það er sagt, að skólinn eigi sér merka sögu, og rétt er það. Í dag er hann þó — við skulum horfast í augu við hlutina eins og þeir eru — einn af gagnfræðaskólunum í Reykjavík með þá sérstöðu, að þar eru eingöngu stúlkur. Það hefur verið fært sem rök fyrir þessu, að hann væri góður skóli. Ekki dettur mér í hug að mæla því í móti, og enginn, held ég, að efist um það, að skólinn nýtur hinnar ágætustu stjórnar. En við skulum horfa á hitt líka, að það væri hægt að gera hvern einasta gagnfræðaskóla með góða stjórn, og sem betur fer hafa þeir það fleiri, að úrvalsskóla, ef hann fengi að velja inn nemendur eftir einkunnum. Og þegar við tölum um, að það sé góður skóli, þá getur maður velt því fyrir sér, hvernig eigi að meta það, hvað sé góður skóli. Ég endurtek aftur, að ég álít að Kvennaskólinn sé mjög góður skóli. Mér koma í hug orð eins ágæts skólamanns hér í Reykjavík, þar sem hann bendir á það, að ef það eigi að meta gæði skóla, þá sé sanngjarnast og eðlilegast að meta þau eftir því, hvað skólanum tekst að vinna úr þeim efnivið, sem honum er fenginn í hendur. Ég býst við, að sá ágæti kennari hafi haft í huga þá kennara, sem taka að sér að skila áleiðis þeim nemendum, sem minnst hafa fengið veganestið frá forsjónarinnar hendi. Það er líka eðlilegt, þegar skólarnir hafa þá sérstöðu, sem Kvennaskólinn hefur, að til hans veljast góðir kennarar, annað væri óeðlilegt, og enda mun kennaralið þar vera prýðisgott. En ég verð að segja, þegar við höfum, eins og hér hefur verið á minnt, í sömu götu alveg á næstu grösum, menntaskóla, sem geta tekið við þeim stúlkum úr Kvennaskólanum, sem vilja leggja inn á þá braut að stunda menntaskólanám, hvaða vit er þá í því að vera að stofna menntadeild við þennan litla gagnfræðaskóla með ærnum tilkostnaði og með takmörkuðu vali á sérgreinum, bara vegna þess að þessi skóli gegndi á sínum tíma sérstæðu hlutverki í þjóðfélaginu og verður bráðum hundrað ára gamall?

Ég verð að segja það, að ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með ræðu frsm. hv. minni hl. menntmn. Hans ræða hné öll að því að rökstyðja það, að þessi skóli ætti að fá tækifæri til þess að mennta konur til starfa, sem þær eru hæfari til en karlar, og þarna fannst mér gamla grýlan skjóta upp kollinum, skoðanirnar um hefðbundna verkaskiptingu. Hann sagði, að þetta frv. væri í fullu samræmi við þá stefnu, sem nú ryður sér til rúms, að veita sem fjölbreyttasta menntun, en þetta frv. gengur bara þvert á þá stefnu. Það mætti gjarnan taka upp kennslu í þeim greinum, sem hafa verið orðaðar, og allt er það nú samt heldur óljóst í sambandi við fyrirhugaða menntadeild við Kvennaskólann. Það yrði áreiðanlega ávinningur að taka upp kennslu í þeim greinum, en það á bara að gera það í öðrum skólum, en ekki þessum litla skóla með sárafáum nemendum í menntadeild, og þar sem eingöngu stúlkur hafa tækifæri til að stunda námið.

Hv. frsm. minni hl. talaði þannig, að það var helzt að skilja, að það þyrfti að gefa ungum stúlkum í menntaskólum tækifæri til að búa sig undir að fóstra börn og hjúkra sjúkum. Ég skal um þetta bara vísa til þess, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði áðan, að stúlka fer ekki í menntaskóla til þess að búa sig undir að fóstra ungbörn eða að hjúkra sjúkum. Hún fer þangað til að skapa sér möguleika til að standa jafnfætis piltunum um menntun og aðstöðu, þegar út í lífið kemur.

Þá talaði hv. þm. um það, að þetta frv. miðaði að því, að betur yrðu metin þau störf, sem sérstaklega eru talin kvenmannsstörf. Þetta finnst mér sagt algerlega út í hött. Ég held, að þessi störf, og það er rétt hjá hv. þm., séu núna vanmetin. En ég held, að bezta ráðið til þess, að þau yrðu metin að verðleikum, væri það, að konurnar gætu haslað sér völl sem jafnokar og jafnmenntaðar karlmönnunum utan heimilanna. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við þá þróun í þjóðfélaginu, að konan leitar í æ ríkari mæli út fyrir heimilið. Hún er að verða æ meiri þátttakandi í athafnalífinu utan veggja heimilisins og það hlýtur óhjákvæmilega að leiða til annarrar verkaskiptingar en nú tíðkast inni á heimilunum sjálfum og á milli hjónanna.

Það er reyndar búið að skrifa svo margt og segja um þetta frv., að það er að bera í bakkafullan lækinn að bæta þar einhverju við, enda er það, sem maður segir, kannske upprifjan á því, sem áður hefur verið sagt. En það kom fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv., að Kvennaskólinn hefði þegar sérstöðu að því leyti, að hann væri gagnfræðaskóli, sem væri eingöngu fyrir stúlkur, sérskóli, og hann vildi halda út strikið með það og leyfa þar einnig menntadeild. Ég minnist þess, ég held að ég muni það áreiðanlega rétt, að hafa lesið í blöðunum, að einhverjir mennta- og stúdentahópar erlendis hafi sent áskorun um það,

að Kvennaskólinn yrði lagður niður sem sérskóli og piltum veitt þar innganga. Ég held, að mörgum hafi kannske fundizt þetta fjarstæða, a. m. k. mundi ég ekki telja mig reiðubúna til þess að leggja það til, en einmitt af því tilefni, þá fór ég að hugleiða þetta mál, og ég setti dæmið þannig upp fyrir mér, að ekki væri til neinn kvennaskóli í Reykjavík eða á Íslandi og svo kæmi einhver fram með þá hugmynd, að nú þyrftum við endilega að fá kvennaskóla. Ég efast ekki um, að það væri hugmynd, sem mundi þykja fráleit. Við erum það bundin vananum og um leið sögunni og þar með sögu menntastofnana, að það villir stundum um fyrir okkur, þegar við eigum að taka upp mál og dæma um það. Um Kvennaskólann vil ég segja það, að hann er alls góðs maklegur og sannarlega mætti gera þeim ágæta skóla eitthvað til heiðurs á 100 ára afmæli hans. En hinu er ég algerlega andvíg, að þess afmælis sé minnzt með því að stíga spor aftur á bak í okkar skólamálum.

Frsm. minni hl. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e., sem hér talaði áðan, komst svo að orði, að þær skoðanir, sem ég hefði haldið fram, væru gamaldags, jafnvel rödd frá fyrri öld. Það er nú ódýru verði keypt að slá slíku fram, og má vera að sumum kunni að þykja slíkt fyndið, en ég átti ákaflega erfitt með að henda reiður á röksemdunum, sem hann færði fram fyrir slíku. Það var þá helzt sú, að hann líkti samþ. þessa frv. við það, þegar negrar og hvítir menn eru aðgreindir í skólum Bandaríkjanna. Þar er þó sá meginmunur á, að þegar maður ber saman negra og hvíta menn, þá er það á hleypidómum einum byggt, að þeir hafi mismunandi hæfileika til þess að stunda mismunandi störf. Ef það væri hins vegar þannig, að það mætti færa rök að því, að það væru viss störf í þjóðfélaginu, sem betur væru stunduð af hvítum mönnum en svörtum og svo öfugt, þá gæti vel komið til greina að hafa sérskóla fyrir menn til undirbúnings þeirra starfa, en svo er auðvitað ekki.

Að öðru leyti finnst mér, að flest af því, sem hv. andstæðingar þessa frv. hafa sagt um þessi mál, sé að því leyti utan við kjarna málsins, að sú skoðun hefur alls ekki komið fram hjá þeim, að þeir neituðu því, að til væru störf í þjóðfélaginu, sem konur væru betur fallnar til að stunda en karlar. Ef engin slík störf eru til, þá er óeðlilegt að hafa nokkrar skólastofnanir, jafnvel að hafa kvennaskóla í sinni núverandi mynd, sem eingöngu væru annars vegar fyrir konur og hins vegar fyrir karla. Mér virtist, að hv. þm. væri raunar þeirrar skoðunar, a. m. k. hvað snertir barngæzlu, þá væru a. m. k. prófessorar ekki vel til þess fallnir að stunda hana. Þeir væru stundum gleymnir. Það er fínn máti að setja það á, sem maður hefur áður heyrt, að prófessorar séu stundum utan við sig, og satt að segja get ég alveg fallizt á það með hv. þm., að ég hef á hvorugum okkar álit sem barnfóstrum og tel það ekki neitt þjóðfélagslegt óréttlæti, þó að ég búist ekki við því, að við yrðum teknir í Fóstruskólann, ef við sæktum um það.

Hv. 3. landsk. þm. sagði, og það var að nokkru leyti rétt, að það, sem fyrir okkur vekti, sem mæltum með þessu frv., væri ekki fyrst og fremst það, að um undirbúning undir háskólamenntun væri að ræða. Það er alveg rétt, a. m. k. eins og sakir standa, að það eru sérskólar, sem ástæða væri til, að konur með þá undirbúningsmenntun, sem Kvennaskólinn veitir nú og kann að veita síðar, leituðu til, en eins og Háskólinn er núna, hefur hann mjög lítið upp á að bjóða í þeim efnum. Hins vegar tel ég líklegt, að síðar meir, á sama hátt eins og er í amerískum háskólum og víða erlendis, kynni Háskólinn að hafa upp á ýmsar slíkar greinar að bjóða, sem ætla má, að konur væru jafnvel hæfari til að stunda en karlar. Það má nefna t. d. híbýlaskipulag, heimilishagfræði og ýmsar fleiri greinar, sem skotið hafa upp kollinum í seinni tíð.

Hv. 3. landsk. þm. minntist á það, að ef ástæða væri til þess að sérmennta konur með tilliti til þeirra starfa, sem æskilegt sé, að þær stundi, þá mætti koma upp alveg sams konar hliðstæðum skóla fyrir karlmenn. Við þetta hef ég aðeins það að athuga, að þau störf — og óneitanlega eru þau til eins og ég nefndi í framsöguræðu minni — þar sem karlmenn hafa yfirburði, eru þau, þar sem þarf sérstaklega líkamskrafta, og ég veit ekki, hvort það er hlutverk skóla að þjálfa undir það. Hitt er svo annað mál, að á lægri skólastigum en á menntaskólastigi gæti vel komið til greina undirbúningsmenntun undir störf, sem maður veit, að fyrst og fremst og jafnvel einvörðungu eru stunduð af körlum. Mér þætti t. d. ekki óeðlilegt, að innan verknámsdeildar gagnfræðastigsins yrði komið á fót deildum, sem væru sérstaklega miðaðar við það að búa menn undir sjómannaskóla, vélskóla o. s. frv. Ég veit ekki um þessa skóla, hvort konum er bannaður aðgangur að þeim. Ég hef aldrei heyrt um það getið, að kona hafi farið í Vélskólann eða Sjómannaskólann og vera má, að ef um þetta væri sótt myndu viðkomandi skólayfirvöld frekar ýta þeim frá slíku á þeim grundvelli, að það kynnu að vera sjómennirnir meira en sjómennskan, sem heilladi þá viðkomandi, sem út af fyrir sig er ekki nema gott eitt um að segja. En a. m. k. í raun er sú menntun, sem hér er um að ræða, eingöngu sótt af karlmönnum. Og ég sé ekkert því til fyrirstöðu, að um sérstakan undirbúning á einhverjum skólastigum undir það gæti verið að ræða. Það finnst mér mjög í samræmi við þróun tímans. Annars vil ég taka það fram, hafi það ekki nógu skýrt komið fram í framsöguræðu minni, að ég er alveg á sömu skoðun og hv. 11. þm. Reykv. um það, að aðalreglan í okkar skólamálum eigi að vera sú, að um samskóla sé að ræða. Með þorrann af þeim störfum, sem stunduð eru í þjóðfélaginu, er það þannig, að konur og karlar hafa jafna hæfileika til þess að stunda þau, og þá er eðlilegt, að um samskóla sé að ræða.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að konur færu ekki í menntaskóla með það fyrir augum að ganga í Hjúkrunarskólann, Fóstruskólann o. s. frv., heldur til þess að öðlast jafnrétti við karlmenn. Auðvitað verður það þannig, og býst ég við, að það hljóti að vera þannig í framtíðinni, því að æskilegt má telja, að sem flestar konur verði

stúdentar, og allur þorrinn af þeim mundi stefna að öðrum störfum en þessum. Hins vegar hefur mér verið tjáð, að að því stefni — ég veit ekki, hvort það er orðið þegar, að bæði Hjúkrunarskólinn og Fóstruskólinn muni gera það að inntökuskilyrði, að viðkomandi hafi stúdentspróf, svo að ef það er rétt, þá finnst mér að þetta sé ekki alveg rétt. En hitt er auðvitað ekki nema eðlilegt, að meginþorrinn af þeim konum, sem tekur stúdentspróf, gerir það í öðrum tilgangi.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði líka, og í því er vissulega sannleikskjarni, að hin hefðbundna verkaskipting milli kvenna og karla hefði leitt til þess, — ég man nú ekki, hvernig hún orðaði það, en ég held, að með meininguna sé rétt farið, — að konur hefðu verið undirokaðar og þeim skipað á eins konar óæðri bekk. Ég veit nú út af fyrir sig ekki, hvort þetta er vegna verkaskiptingar, sem átt hefur sér stað, heldur blátt áfram vegna þess, að karlarnir, sem hinn sterkari aðili, hafa ekki unnað konunum fyllilega réttar síns. Það er ég hræddur um, að hefði átt sér stað alveg óháð verkaskiptingunni. En eins og ég sagði í framsöguræðu minni, þá er aðalspurningin þessi: Er þessi verkaskipting eðlileg eða ekki? Eru til störf, sem æskilegt má telja frá sjónarmiði þjóðfélagsins, að frekar séu stunduð af konum en körlum, af því að þær séu til þess hæfari? Ef þessu er neitað, þá er auðvitað enginn grundvöllur fyrir slíkum sérskólum. Ef því hins vegar er játað — og athyglisvert er, að enginn af andmælendum þessa frv. hefur beinlínis haldið fram þeirri skoðun, að þessi störf væru ekki til — er það álit mitt, að leiðréttingin eigi ekki að vera á þann hátt, að konur hætti að stunda þessi störf og karlmennirnir fari í þau, þótt þeir séu til þess miklu miður hæfari, heldur að þau verði metin svo sem rétt er, þannig að launakjör og annað, sem leiðir af þessum störfum, sé í fullu samræmi við mikilvægi þeirra. Það tel ég hina réttu leið í þessu efni.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en af því að vissir þættir þessara mála, skólamálanna, snerta mitt embætti, tel ég rétt að segja hér aðeins nokkur orð um mína skoðun á þessu máli. Að sjálfsögðu erum við öll sammála um það hér í hv. d. og á Alþ. yfirleitt, að Kvennaskólinn í Reykjavík sé einn hinn merkasti skóli á sínu sviði, ef ekki sá merkasti, og ég hygg, að það, sem hafi ráðið afstöðu ýmissa manna til þess að vilja veita þessum skóla stúdentsréttindi stafi af því, að þeir hafi viljað veita skólanum viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Út af fyrir sig er þetta sjónarmið, sem er hægt að virða, og af þeim sökum er það afsakanlegt, þó að menn hafi viljað taka jákvæða afstöðu með þessum hætti til umsóknar skólans. En ég verð samt að segja það, að mér finnst hér vera um það veigamikið atriði að ræða, að það sé ekki alveg einfalt mál að verðlauna tiltekinn skóla, hvað góður sem hann er, á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, það þurfi að skoða málið á breiðari grundvelli og megi ekki láta of mikla tilfinningasemi ráða í því efni.

Ég skal hér ekki fara út í þá sálma, hvaða sérhæfileika karlar og konur hafa til ýmissa starfa í þjóðfélaginu. Það skiptir ekki öllu máli. Það, sem skiptir máli hér, er það, hvers eðlis skólakerfi okkar er, og í annan stað, hvort með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir að fara inn á, sé verið að þjóna þeim tilgangi að ná betri árangri með því kerfi heldur en nú er eða ekki. Það er ómótmælanleg staðreynd, að menntaskólanám er almennt nám, sem ekki er fólgið í sérhæfingu. Það er að vísu farið að deila menntaskólanámi nú niður í nokkrar valgreinar, þannig að það má segja, að það sé farið að sérhæfast meira en áður var, en það er þó ein grundvallarregla, sem fylgt hefur verið í skólakerfinu til þessa, og það er það, að menntaskólarnir skuli vera samskólar og þeir skuli vera skólar út af fyrir sig, ekki tengdir öðrum skólum. Það eru að vísu til undantekningar í þessu efni, þar sem eru Kennaraskólinn og Verzlunarskólinn. Í þann tíð, þegar þeim skólum voru veitt stúdentsprófsréttindi, voru erfiðleikar að veita aðstöðu öllu námsfólki, sem vildi fara í menntaskóla, að það ætti kost á að njóta þeirrar fræðslu, og því farið inn á þá braut að veita þessum skólum réttindi. Nú er þessu alls ekki þann veg farið. Og það eru mörg ár síðan það voru lögð ákveðin plön eða áætlanir gerðar um það, hvernig ætti að byggja upp menntaskóla í landinu til þess að fullnægja þörf þess fólks, sem vildi stunda menntaskólanám. Það er að vísu svo, að þessir tveir skólar hafa réttindi til þess að útskrifa stúdenta. Það er að vísu stefnt að því nú, að Kennaraskólinn breytist. Það er of snemmt að tala um, með hverjum hætti það verður, en hann verður jafnvel skóli, sem stúdentspróf yrði inntökuskilyrði í, þannig að það er þá eftir aðeins einn skóli, Verzlunarskólinn, sem hefur þessi réttindi. Og sá skóli er almennur skóli. En ég mundi telja engu að síður, að það væri mjög mikið álitamál, hvort það er æskilegt, að menntadeild sé við hann tengd. Það er mál út af fyrir sig, sem ekki er hér til umræðu og ég skal ekki fara inn á. Hitt er alveg ljóst mál, að ef á að fara inn á þá braut að veita gagnfræðaskólum almennt og hér er um gagnfræðaskóla að ræða, Kvennaskólann í Reykjavík, rétt til þess að útskrifa stúdenta, þá er farið inn á nýja braut, sem er auðvitað alveg ófyrirsjáanlegt, hvaða afleiðingar kann að hafa, og það eru margir gagnfræðaskólar í landinu, sem eru vissulega góðir skólar, sem gætu gert kröfu í þessu efni, þannig að ég held, að það yrði erfitt að standa á því, að hér sé um svo sérstætt mál að ræða, að af þeim sökum væri hægt að standa gegn óskum annars staðar frá.

Nú er hins vegar rétt að taka það fram, að hver þróunin verður í þessum efnum, er ekki gott að segja um, vegna þess að það er farið að taka upp framhaldsdeildir við gagnfræðaskólana. Og það kann vel að vera, að það mætti taka upp með sama hætti framhaldsdeild við Kvennaskólann í Reykjavík eins og aðra gagnfræðaskóla. Hvernig þessar deildir þróast, er enn þá ekki nægileg reynsla fengin af til þess að segja neitt ákveðið um. Það er nýlega búið að setja þessum deildum verksvið og marka þá stefnu, sem þær eigi að fara, og þau réttindi, sem nemendur úr

þeim geti fengið í framhaldsskólum, en engu að síður er þó enn fastmótuð sú stefna að byggja upp menntaskólana sem sérskóla, og sú menntaskólalöggjöf, sem nýlega hefur verið samþykkt hér á Alþ., byggist á þessari grundvallarhugsun. Ég held, að það sé jafnframt alveg ljóst, að það sé uppi sú hugmynd hjá mönnum, að það sé rétt að dreifa þessum skólum um landið. Það hafa þegar komið fram till. um það að byggja skóla á Vestfjörðum og Austurlandi, og má segja, að fullur skilningur hafi verið á því hér á Alþ., að þróunin stefndi í þá átt. Það kann að vera nauðsynlegt og er nauðsynlegt að efna til byggingar fleiri menntaskóla hér í Reykjavík. En ég held, að það eitt sé alveg ljóst, að það er glórulaus fásinna að byggja þrjá menntaskóla hlið við hlið hér við Tjörnina í Reykjavík. Það væri þá nær að byggja menntaskóla hér suður í Reykjaneskjördæmi, í Hafnarfirði eða annars staðar, þannig að skólarnir væru ekki hver ofan í öðrum. Þetta skapar ekki aðeins vandamál að því leyti, að nemendur þurfi úr ótalmörgum áttum að koma hér á einn stað í stað þess að eiga styttra að sækja í skóla, heldur hefur það komið í ljós, að þetta skapar félagsleg vandamál innan skólanna, sem hafa mismunandi aðstöðu, og það er á engan hátt heppilegt. Það held ég, að reynslan hafi sannað.

Það hefur í nokkur ár verið unnið, eins og ég sagði, kerfisbundið að því með sérstökum fjárveitingum og áætlanagerð að byggja upp skólana. Hamrahlíðarskólinn hefur hér verið byggður upp á tiltölulega mjög fáum árum með stóráföngum. Skólarnir úti á landi, Menntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Laugarvatni hafa einnig verið byggðir upp eftir sérstökum áætlunum, sem um það hafa verið gerðar, og nú síðast hefur verið settur á laggirnar nýr menntaskóli hér við Tjörnina í Reykjavík. Sá menntaskóli getur enn þá tekið á móti fjölda nemenda, þó að það verði innan tíðar að hefjast handa um það að skoða, hvar eigi að byggja hér enn nýjan skóla til þess að taka við því fólki, sem kemur á menntaskólastigið á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Þegar þetta kvennaskólamál kom til meðferðar, þótti mönnum það kannske meinlausara mál en það er í fljótu bragði. Út af fyrir sig erum við hér að raska grundvelli menntaskólalöggjafarinnar, og látum það vera. Það er menntamannanna og skólamannanna mál að fjalla um það. En ég kemst ekki hjá að benda á, að málið er undirbúið á þann hátt fyrir Alþ., og þannig leit það út, þegar ég hafði nokkur afskipti af því, áður en það var lagt fyrir þingið, að það væri hægt að koma við menntadeild hér við Kvennaskólann í Reykjavík án þess að þurfa að leggja út í neinar byggingar í því sambandi. Nú liggur það ljóst fyrir og menntmrn. hefur gert á því athugun, að þetta kemur ekki til neinna greina. Við stöndum andspænis því að verða, ef það á að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, að leggja út í byggingar, sem líklegt er, að kosti um 40 millj. kr. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að hafa áhrif á uppbyggingu menntaskóla í landinu almennt og draga þá úr því, að það sé hægt að gera þau átök, sem þarf annars staðar, á þessu sviði. Ég tel alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þessu, og hv. þdm. íhugi vendilega, að hér er farið inn á að taka á sig, auk þess að raska grundvelli menntaskólakerfisins, stórar fjárhagsskuldbindingar, sem af þessu frv. leiða og mundu valda því, að einhvers staðar annars staðar yrði að draga saman seglin. Ég tel enga von til þess, að það sé unnt að auka fjármagn til menntaskólabygginga á þann veg, að það verði hægt að fullnægja þeim þörfum, sem rísa við það, að Kvennaskólinn í Reykjavík verði menntaskóli.

Ég læt þessi orð mín nægja, herra forseti, vildi aðeins koma þessu á framfæri, af því að mér finnst það á vissan hátt snerta mitt verksvið einnig og mín skylda sé að benda á það, hvaða afleiðingar það hlyti að hafa fjárhagslega séð varðandi uppbyggingu menntaskóla í landinu almennt, að hér yrði stigið það skref að ákveða að gera umræddan skóla að menntaskóla. Það hlyti að leiða þegar af sér nauðsyn þess að hefja nýbyggingu fyrir skólann og valda því, að það drægi úr því, að það væri hægt að byggja upp menntaskóla bæði hér og annars staðar á landinu, eins og menn hljóta áreiðanlega að bera fyrir brjósti og eðlilegra er, að sé gert, heldur en að reisa þrjá menntaskóla hlið við hlið hér við Tjörnina í Reykjavík.

Ég endurtek það að lokum, að það má enginn skilja orð mín svo, að ég sé með þessu að gera lítið úr hlutverki Kvennaskólans í Reykjavík. Hann hefur sitt sérstæða hlutverk, það merkilega hlutverk, sem hann hefur sinnt um langan aldur með miklum sóma, og það ekki sízt nú á síðustu tíð. En ég held, að það sé ekki endilega hægt að segja, að það sé verið að auka veg skólans, þó að það sé verið að færa hann inn á allt annað svið, eins og hér er verið að gera, og megi heldur segja, að það sé verið að stíga á vissan hátt spor aftur á bak varðandi þennan skóla sem kvennaskóla, eins og hv. 2. þm. Reykv. sagði hér áðan í sinni ræðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. felld með 11:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvG, KTh, JónÁ, ÓB, ÓlJ, PÞ, JR.

nei: StG, AuA, BGuðbj, BFB, BJ, SEG, GilsG, JÁH, JÞ, KGuðj, MJ.

OA greiddi ekki atkv.

Einn þm. (ÁB) fjarstaddur.

Frv. þar með fallið.

Lagafrumvörp, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Framleiðsluráð landbúnaðarins.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. [23. mál] (þmfrv., A. 23).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Meira en tvo áratugi hefur verðlagsgrundvöllur búvöru og afurðaverð til bænda verið ákvarðað af svokallaðri sexmannanefnd, sem skipuð er 3 fulltrúum neytenda og 3 fulltrúum framleiðenda. Í þeim tilvikum, þegar sexmannanefnd hefur eigi náð samkomulagi, hefur málið gengið til sérstakrar yfirnefndar, þar sem bændur og neytendur hafa einnig átt aðild að, og þá til fullnaðarúrskurðar. Þetta verðskráningarkerfi hefur að vísu tekið breytingum síðustu tvo áratugina, en sá grundvöllur hefur ætíð staðið óhaggaður, að bændur og neytendur ættu hér hagsmuna að gæta og ættu um þetta mál að fjalla. Samstarf bænda og neytenda innan sexmannanefndar hefur að vísu stundum verið stirt og stundum skorizt í odda, en þrátt fyrir það hefur kerfið staðið af sér öll áföll. Þegar á heildina er litið, þá tel ég að þetta verðskráningarkerfi hafi reynzt vel og till., sem fram hafa komið, um aðrar leiðir til að leysa verðskráningarmál landbúnaðarins eru ekki til bóta að mínum dómi. Á hinn bóginn lít ég svo á, að verðskráningarkerfið þurfi ýmissa endurbóta við, án þess að grundvellinum sé raskað. Með það í huga flyt ég frv. það, sem hér er til umr. og er á þskj. nr. 23 og fjallar um breyt. á l. nr. 101 frá 8. des. 1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Í frv. eru eingöngu fólgnar breyt. á 2. kafla l., en það er einmitt sá kafli, sem fjallar um verðskráninguna. Þessar breyt. eru margvíslegar, en meginbreyt. eru: 1) Í stað sexmannanefndar komi sjömannanefnd. 2) Neytendasamtökin og Sjómannasamband Íslands skuli tilnefna neytendafulltrúa í stað Alþýðusambandsins og Sjómannafélags Reykjavíkur. 3) Fjárhæð útflutningsbóta á einstakar vörutegundir er takmörkuð við 200% uppbætur.

Eins og kunnugt er, eiga sæti í sexmannanefnd 3 fulltrúar neytenda. Sexmannanefnd ber því keim af tveim þriggjamannanefndum andstæðra hagsmunahópa, sem eiga að semja um málið og leysa þau. Í nefndina vantar, að mínum dómi, fulltrúa, sem er óbundinn af sjónarmiðum bænda og neytenda, mann, sem getur verið tengiliður milli þessara hagsmunahópa og stuðlað að sáttum og samkomulagi innan nefndarinnar. Þar eð sexmannanefnd er höfuðlaus her, ef svo má segja, þar sem enginn formaður er í nefndinni, álít ég tilvalið að slá tvær flugur í einu höggi með því að setja nefndinni óháðan formann og gera hana þar með að sjömannanefnd. Þennan formann ætla ég forsrh. að skipa og tel það vel við eiga, þar sem landbrh. á að gæta hagsmuna bænda og félmrh. hagsmuna neytenda, en forsrh. verður að hafa hagsmuni beggja jafnt í huga. Hlutverk formannsins verður að kveðja sjömannanefnd saman til funda, stýra fundum hennar og koma fram fyrir hönd hennar út á við og gagnvart ríkisvaldinu, en iðulega þarf að gera hliðarsamninga við ríkisvaldið til að skapa grundvöll fyrir samkomulag innan nefndarinnar. Síðast en ekki sízt verður það hlutverk formannsins að gegna eins konar sáttasemjarastarfi innan sjömannanefndarinnar. Af þessu leiðir, að í frv. er fellt niður ákvæði laga um sáttaumleitanir af hálfu sáttasemjara ríkisins, ef samkomulag tekst ekki með fulltrúum bænda og neytenda. Sáttastarf tekur að jafnaði langan tíma, og ef formanni sjömannan. tekst ekki að leysa það verkefni, eru engar líkur á, að sáttasemjara ríkisins takist það frekar á þeim skamma tíma, sem hann hefur til umráða samkvæmt gildandi ákvæðum framleiðsluráðsl., en þann tíma er ekki unnt að lengja vegna þess, hve skammur tími er til stefnu, frá því að öll gögn og úrtök geta verið tilbúin, unz verðlagsgrundvöllur þarf að liggja fyrir. Ég tel það einmitt kost við þetta frv., að samkvæmt því sparast sá tími, sem sáttasemjari ríkisins hefur haft málið til meðferðar, þótt skammur sé. Eftir gildandi reglum geta fulltrúar bænda fellt allar till. í sexmannan., ef þeir standa saman, þar sem þeir fara með 3 atkv. af 6 í n. Sama gildir auðvitað um fulltrúa neytenda. Það er ekki meiningin að breyta þessu, þótt fjölgi um

einn mann í n. Samkvæmt 3. málsgr. 1. gr. frv. telst till. samþ. í sjömannan., ef 4 nm. eða fleiri greiða henni atkv., þó með þeim fyrirvara, að till. fellur, ef allir fulltrúar framleiðenda eða allir fulltrúar neytenda greiða atkv. gegn henni. Formaðurinn getur því ekki tryggt framgang mála í n., með því að ganga í lið með fulltrúum annars aðilans gegn fulltrúum hins aðilans. Þessi regla á að vera formanninum, og reyndar öllum nm., hvöt til þess að ná jafnan sem víðtækustu samkomulagi innan nefndarinnar.

Fulltrúar neytenda í sexmannan. eru samkvæmt gildandi lagaákvæðum tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Með frv. er ekki gerð nein breyt. á tilnefningarrétti Landssambands iðnaðarmanna, en lagt til að í stað Sjómannafélags Reykjavíkur komi Sjómannasamband Íslands. Ætla má, að það hafi í upphafi verið fyrirætlan löggjafans, að einn neytendafulltrúinn væri fulltrúi sjómannastéttarinnar í landinu og rétt væri að fjölmennasta sjómannafélagið tilnefndi hann, þar sem landssamtök sjómanna voru þá ekki fyrir hendi. Nú er Sjómannasamband Íslands hins vegar til staðar og innan vébanda þess er Sjómannafélag Reykjavíkur, svo og fjöldi sjómannafélaga um allt land. Af þeim sökum fer vissulega betur á því, að Sjómannasamband Íslands leysi Sjómannafélag Reykjavíkur af hólmi sem tilnefningaraðila.

Þá er enn fremur lagt til í frv., að í stað Alþýðusambandsins komi Neytendasamtökin sem tilnefningaraðili. Þessi brtt. er nokkuð sérstaks eðlis, og með henni er alls ekki verið að taka Neytendasamtökin fram yfir Alþýðusambandið í þessum efnum, og að óbreyttum aðstæðum er heldur ekki verið að svipta Alþýðusambandið neinum rétti með þessu. Málið er þannig vaxið, að Alþýðusambandið hefur ekki notað tilnefningarrétt sinn í mörg ár og vill ekki nota hann. Meginástæðan mun vera sú, að Alþýðusambandið hefur tekið upp nýja stefnu í þessum málum á þá lund, að bændum beri að semja um verðlagningarmálin við ríkisvaldið en ekki neytendur. Vill Alþýðusambandið því ekkert skipta sér af verðlagningunni á grundvelli núverandi kerfis. Ég skal ekki gera þessa nýju stefnu að umræðuefni hér að fyrra bragði, en ég er henni andvígur, eins og frv. þetta ber með sér. Hins vegar verður að horfast í augu við þá staðreynd, að Alþýðusambandið fæst ekki til að skipa fulltrúa í nefndina. Þá verður að finna annan tilnefningaraðila í staðinn, er sé forsvarsaðili fyrir neytendur, og hvað er eðlilegra en velja Neytendasamtökin í það hlutverk? Hitt getur aldrei verið nema bráðabirgðaúrræði samkvæmt eðli málsins, að láta félmrh. tilnefna mann í stað Alþýðusambandsins, eins og viðgengizt hefur á undanförnum árum, þó að það sé að vísu fullgilt l. samkvæmt.

Í 2. málsgr. 12. gr. framleiðsluráðsl. segir, að tryggja skuli bændum greiðslu á þeim halla, sem þeir verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara, en þó skal greiðslan vegna þessarar tryggingar ekki vera hærri en sem svarar 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár miðað við það verð, sem framleiðendur fá greitt fyrir afurðir sínar.

Þriðja meginbreyt., sem frv. hefur að geyma er sú, að bæta nýju ákvæði aftan við þessa málsgrein á þá lund, að útflutningsuppbætur megi þó aldrei verða hærri en 200% á neina vörutegund miðað við fob. verð. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði tel ég það fráleitt að framleiða og flytja út landbúnaðarvörur, sem seljast fyrir minna en þriðjung af framleiðslukostnaðarverði. En á síðustu 10 árum hefur það alloft komið fyrir, að á einstakar vörutegundir, einkum mjólkurafurðir, hafi verið greiddar 300—400% útflutningsuppbætur, og er mál til komið að reisa einhverjar skorður við slíku.

Í 5. tölul. 2. gr. framleiðsluráðsl. er það talið eitt af aðalverkefnum Framleiðsluráðs landbúnaðarins að vinna að því að beina framleiðslu landbúnaðarins að þeim framleiðslugreinum, sem landbúnaðinum er hagfelldastur og samrýmast bezt þörfum þjóðarinnar á hverjum tíma. Ákvæði frv. um að takmarka útflutningsuppbætur á einstakar vörutegundir landbúnaðarafurða við 200% miðar einmitt að því að hvetja Framleiðsluráð landbúnaðarins til þess að inna þetta hlutverk sem bezt af hendi. Ef litið er á takmörkunarákvæði frv. eingöngu frá sjónarmiði bænda, þá skiptir þetta ákvæði litlu máli, þegar talsvert vantar á, að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar dugi til að bæta bændum hallann af búvöruinnflutningnum. Heildarfjárhæð uppbótanna mundi þá ekki skerðast. Öðru máli gegnir, þegar 10% duga, eða því sem næst, þá mundi takmörkunarregla frv. valda lækkun á heildarfjárhæð útflutningsuppbóta.

En er þetta skerðing á hagsmunum bænda, þegar málið er skoðað ofan í kjölinn? Sá möguleiki er fyrir hendi, að bændurnir ásamt vinnslustöðvunum gætu brugðizt þannig við, að breyta framleiðsluháttum og markaðsöflun á þann veg, að komizt yrði hjá því, að framleiða vörutegundir, sem þyrftu meira en 200% uppbætur. Þá hefðu bændurnir ekkert tjón beðið, en þjóðfélagið hefði grætt. En jafnvel þótt þetta tækist ekki, ættu bændurnir þann leik eftir að gera kröfu til, að útflutningsuppbótarskerðingin yrði bætt þeim upp með öðrum hætti.

Ég er þeirrar skoðunar, að verulegum hluta af þeim fjárhæðum, sem á undanförnum árum hefur verið varið úr ríkissjóði til þess að greiða útflutningsuppbætur á landbúnaðarvörur, hefði mátt verja á annan og miklu skynsamlegri veg í þágu bændastéttarinnar. Vissulega eru bændur verðlauna verðir að mínum dómi, ef þeir gætu sparað ríkinu verulegar fjárhæðir í greiðslu útflutningsuppbóta. Á meðan útflutningsuppbótarreglunum er ekki breytt, verður alltaf fyrir hendi rík tilhneiging til þess að framleiða svo mikið af landbúnaðarvörum, torseljanlegum á erlendum markaði, að hámarki útflutningsuppbóta verði náð, en af því leiðir svo hættuna á, að bændastéttin fari fram úr markinu og verði að bera tugmilljónahalla bótalaust á ári hverju, eins og reynslan hefur stundum sýnt.

Auk þeirra meginatriða, sem ég hef rakið hér að framan, eru í frv. fólgin nokkur nýmæli, sem stefna til endurbóta á verðskráningarkerfinu.

Samkvæmt 1. gr. frv. á að tilnefna varamenn í sjömannan. Þar sem n. hefur umfangsmiklu og mikilvægu hlutverki að gegna, tel ég nauðsyn á að koma í veg fyrir, að hún verði óvirk á stundum vegna forfalla eða fjarveru aðalmanns, og legg ég til í frv., að varamenn verið tilnefndir.

Þar sem verðlagstímabilið er nú 2 ár, tel ég eðlilegt, að sjömannan. verði tilnefnd til tveggja ára í senn, en sexmannan. er nú tilnefnd árlega. Þessi breyt. kemur fram í 1. gr. frv. Þá er í frv. lagt til, að tilnefningu ljúki fyrir 1. júlí, í stað inn fyrir 15. júlí, enda veitir ekki af, að menn irnir geti tekið tímanlega til starfa, þar sem verðlagsgrundvöllur þarf, ef vel á að vera, að liggja fyrir 1. september.

Í 2. málsgr. 4. gr. frv. eru settar fram reglur um það, á hvern hátt skuli leggja málið fyrir yfirnefnd. En þar segir, að fulltrúar framleiðenda og neytenda í sjömannan. skuli leggja ágreiningsefni sín skilmerkilega fyrir yfirnefnd. Þeir skuli setja kröfur sínar fram skriflega ásamt rökstuðningi, lýsa því, sem þeir eru sammála um, og því, sem á milli ber. Þessar reglur eru bornar fram til þess, að yfirn. megi öðlast sem gleggsta vitneskju um þau ágreiningsefni, sem hún á að skera úr um, og jafnframt til þess að koma í veg fyrir, að menn deili frammi fyrir yfirn. um kröfuliði, sem þeir voru sammála um innan sjömannan. Þá segir í lok þessarar málsgreinar, að yfirn. skuli kveða upp rökstuddan fullnaðarúrskurð eigi síðar en einum mánuði eftir, að ágreiningsefni er vísað til hennar. Ég tel nauðsynlegt að gefnu tilefni að mæla fyrir um tiltekinn hámarkstíma, sem yfirn. hefur til þess að fjalla um málið og kveða upp úrskurð. Einn mánuður ætti að duga í því efni.

Í 7. gr. framleiðsluráðsl. segir, að taka skuli inn í búvörugrundvöllinn verðlagsbreytingar reksturskostnaðar samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Þarna vantar alveg ákvæði um, hvenær eða hversu oft þetta skuli gert, og hefur það valdið deilum. Í 3. gr. frv. legg ég til, að slíkar verðlagsbreytingar skuli taka inn á 6 mánaða fresti frá 1. sept. að telja, ef fulltrúar framleiðenda eða neytenda gera kröfur til þess.

Svo sem ég hef áður drepið á, gildir verðlagsgrundvöllur nú í 2 ár, og samkvæmt 7. gr. framleiðsluráðsl. framlengist hann um 2 ár í senn til viðbótar, ef honum er ekki sagt upp fyrir tilskilinn tíma. Þetta framlengingarákvæði tel ég ekki alls kostar heppilegt, því að þetta mundi í reynd þýða, að grundvellinum yrði jafnan sagt upp, þar sem bæði fulltrúar neytenda og bænda yrðu ófúsir til þess að framlengja tveggja ára gamlan grundvöll um önnur tvö ár til viðbótar. Af þessum sökum hef ég í 3. gr. frv. breytt reglunum á þá lund, að verðlagsgrundvöllurinn, sem í upphafi gildir í tvö ár, framlengist um eitt ár í senn, ef honum er ekki sagt upp. Þessa breyt. tel ég líklega til þess að draga úr áhuga bænda og neytenda á uppsögn. Þetta ákvæði er hliðstætt reglunni í l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, en í þeim l. er svo fyrir mælt, að kjarasamningur eða kjaradómur gildi um tveggja ára skeið, en framlengist síðan um eitt ár, ef uppsagnarréttur er ekki notaður.

Í 5. gr. og 6. gr. frv. er lagt til, að í stað orðanna, „meiri hluti“, komi: nægur meiri hluti. Þetta er gert með hliðsjón af 3. málsgr. 1. gr. frv., en nægur meiri hluti er ekki fyrir hendi í sjömannan., þótt till. hljóti þar 4 atkv., ef allir 3 fulltrúar framleiðenda eða allir neytendafulltrúarnir greiða atkv. á móti henni.

Herra forseti. Hér að framan hef ég gert ákvæðum þessa frv. nokkur skil. Ég vænti þess, að frv. hljóti gaumgæfilega athugun í viðkomandi þingn. og aflað verði umsagnar um frv. hjá öllum þeim aðilum, sem hér eiga hagsmuna að gæta. Sýnist mönnum svo, að lokinni athugun, að rétt sé að gera breyt. á þessu frv., er ég fús til að skoða allt slíkt með velvilja, en ég hvarfla ekki frá þeim grundvallaratriðum annars vegar, að samstarf bænda og neytenda um verðskráningu búvöru haldi áfram og skipan þeirra mála verði bætt, og hins vegar að einhverjar skorður verði settar gegn ótakmörkuðum útflutningsuppbótum á einstökum vörutegundum innan landbúnaðarframleiðslunnar. Ég legg svo til, að frv. verði svo að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 3. landsk. þm. hefur gert grein fyrir frv., sem hann flytur um breyt. á l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu og fleira.

Ég veit ekki, hvort ég man það rétt, en ég held þó, að hæstv. landbrh. hafi frá því skýrt á Búnaðarþingi í fyrra eða við annað tækifæri, að hann hafi skipað sjö manna n. til þess að endurskoða l. um Framleiðsluráð landbúnaðarins með fleiru. Mig minnir enn fremur, að í þessari n. eigi sæti 3 hv. þm. í þessari deild. Það er hv. 3. landsk. þm., sem flytur þetta frv., og það er hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, og það er hv. 12. þm. Reykv., Ólafur Björnsson. Mig minnir, að allir þessir menn hafi verið skipaðir í þessa nefnd. Ef ég fer ekki rétt með þetta mál, þá upplýsist það enn fremur. Formaður þessarar nefndar mun hafa verið skipaður Jónas Haralz, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar með fleiru, eða núverandi bankastjóri. Enn fremur minnir mig, að eigi sæti í þessari nefnd formaður Stéttarsambands bænda, Gunnar Guðbjartsson og Einar Ólafsson, sem var þá stjórnarnefndarmaður hjá Stéttarsambandi bænda, og sömuleiðis Vilhjálmur Hjálmarsson, sem er í stjórn Stéttarsambands bænda og á einnig sæti á Alþ.

Nú langar mig til þess að spyrja hv. flm. að því, hvað þessi n. hefur gert. Er þetta frv. til komið vegna þess, að það hafi orðið ágreiningur í n., að hv. flm. hafi ekki fengið hljóð fyrir þessum till. í n. og hann flytji þetta mál þess vegna hér á hv. Alþ.? Þetta væri gott að vita strax við 1. umr. málsins, áður en það er frekar rætt, því að mér finnst einkennilegt, að þar sem hv. þm. á sæti í n., sem á að fjalla um þessa löggjöf í heild, skuli hann einsamall flytja þetta mál hér. Ekki svo að skilja, að ég sé í öllum atriðum á móti því frv., sem hér liggur fyrir, vegna þess að það er mín skoðun, að við bændur og aðrir, sem fjalla um málefni og verðlagningu á landbúnaðarafurðum, eigum að hugleiða þessi mál allýtarlega, og ekki sízt út frá þeim sjónarhóli, að það er vitað mál og margupplýst, að það er bænda-

stéttin, sem er langsamlega tekjulægsta stétt þjóðfélagsins. Því finnst mér, að við bændur eigum að hugleiða hvert það skref, sem stigið er til þess að endurskoða verðlagsgrundvöllinn, hvort það gæti orðið til þess að rétta hlut þeirra í þjóðfélaginu frá því, sem verið hefur, þó að mér finnist á annað borð í þessu frv. það koma fram, að þau atriði og þær till. geti orðið til þess að skerða hlut bændanna frá því, sem nú er, því að hér er farið fram á skerðingu á útflutningsprósentunni, eins og hún getur verið í vissum tilfellum. Þó að það séu ekki margar vörutegundir, sem hefur þurft að flytja út, sem hefur þurft á hærri útflutningsprósentu en 200%, þá mun hafa fyrirfundizt eitthvað, eins og hv. flm. gat um, á undanförnum árum, en ég hygg, að nú séu vart fluttar út þær vörur, sem þurfi 200%, hvað þá meira, vegna þess að það voru einkum mjólkurafurðir. En eins og vitað er, þá er mjólkurframleiðslan í landinu það lítil, að það jaðrar við það, að það verði ekki hægt í vetur að fá þá neyzlumjólk, sem neytendur þurfa. Því er það, eins og hv. flm. gat um, að þá verður að íhuga þetta mál vel og senda til umsagnar stjórnar Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins og heyra umsagnir bændastéttarinnar og þeirra, sem fara með þeirra mál, um þetta frv. En það, sem mér þykir einkennilegast er það, að hv. flm. skuli flytja einsamall þetta frv. nú og eiga sæti í þeirri n., sem á að endurskoða löggjöfina í heild. Það finnst mér benda til þess, að hann hafi ekki komið sínum málum fram í n., og því er æskilegt að fá það upplýst, hvað n. hefur starfað lengi, hverjar till. hún hefur gert, og hver ástæðan sé fyrir því, að hv. 3. landsk. flytur þetta frv. einn, en ekki einnig þeir hv. þm., sem hér eru og hefðu getað flutt frv. með honum, ef þeir hefðu verið honum sammála í þessum atriðum. En það mun vera komið eitt ár eða svo, síðan n. var skipuð, þannig að eitthvað hlýtur eftir hana að liggja, og það væri æskilegt að fá það þegar upplýst.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil svara hér þeim fsp., sem hv. 1. þm. Vesturl. beindi til mín. Ég vil í upphafi taka það fram, að þó að alþm. taki sæti í n. til þess að athuga eitthvert tiltekið mál, þá gerir hann það ekki með þeim skilyrðum eða á þeim forsendum, að hann sé á meðan hann situr í þessari n. sviptur rétti til þess að bera fram frv. eða till. um þessi mál á þingi. Hv. þm. spurði mig, hvort ég hefði ekki komið mínum sjónarmiðum fram þarna í n. og það væri af þeim sökum, sem ég flytti þetta frv. Á þetta hefur nú ákaflega lítið reynt. Maður hefur engin tækifæri haft til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri vegna þess, að þessi n. hefur haldið einn stuttan fund — ætli það hafi ekki verið svona klukkutíma fundur. Síðan hefur fundur aldrei verið boðaður, og ég sé ekki, að það sé til frambúðar, að formaður þessarar n., sem skipuð var, hafi nokkurn tíma til þess að sinna þessum málum. Ég hef satt að segja haft það ofarlega í huga að segja mig úr þessari n., því að ég tel alveg tilgangslaust að sitja í n., sem aldrei er kölluð saman.

Um skoðanir annarra þm. í þessari hv. d., sem eiga sæti í þessari n., er mér ekki kunnugt. Það var auðvitað, að á þessum stutta fundi voru málin ekki rædd það til hlítar, að menn væru kannske endilega búnir að koma sér niður á, hvað þeir vildu. En ég sá, eins og þessum málum var háttað, enga ástæðu til þess að fresta því að koma mínum sjónarmiðum beint fyrir þingið.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar upplýsingar, því að það var gott að fá þær fram, og þær eru m. a. til þess, að ég skil það betur, að hv. þm. flytur þetta frv., þar sem n. hefur í raun og veru ekkert starfað, því að ég held, að það hefði verið sterkur leikur hjá hv. þm. að koma sínum málefnum og sinni tillögugerð fram í n. og fá samkomulag um þær þar á breiðari grunni, ef slíkt hefði verið til staðar og n. starfað, heldur en að koma með þær í þingið án þess að bera þær undir n. áður. En ég vænti þess, að þessar till. fari til bændasamtakanna og þar gefist kostur á að ræða þær og íhuga þessi mál, því að eins og ég sagði áður, þá er það nauðsynlegt fyrir okkur bændur að íhuga hvert það spor, sem stigið er í verðlagsmálum, frá þeim sjónarhóli, að bændastéttin er tekjulægsta stétt þjóðfélagsins. Því er nauðsynlegt að íhuga það vel og reyna að bæta úr því frá því, sem verið hefur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 396).

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft þetta frv. til meðferðar, og leggur hún til, að frv. verði vísað til ríkisstj. með sérstöku tilliti til þess, að nú er starfandi stjórnskipuð n. til þess að *yfirfara og gera till.* um breytingar á þeim l., sem hér er lagt til, að breyting verði gerð á. Það sýndist einsætt, að fyrst svo stóð á, væri það eðlilegast, að þessi atriði, sem frv. þetta tekur til, yrðu athuguð um leið og önnur efnisatriði heildarlaganna. Landbn. var sammála um þetta, eins og sjá má á nál. og þskj. nr. 396, og leggur því til, að frv. verði vísað til ríkisstj., eins og ég sagði áður.

ATKVGR.
Till. frá landbn. á þskj. 396 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 12 shlj. atkv.

---

2. Atvinnuleysistryggingar (frv. GuðlG).

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 28. maí 1969, um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [79. mál] (þmfrv., A. 88).

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 88 frv. til l. um breytingar á l. um atvinnuleysistryggingar. Efnislega er frv. á þá leið, að atvinnuleysisstyrkjum verði frekar beint inn á þá braut, að þeir verði notaðir til þess að auka atvinnu og menn geti fengið greidd vinnulaun eftir þeim töxtum, sem gildandi eru, frekar en þurfa að taka styrki beint úr Atvinnuleysistryggingasjóði eftir þeim reglum, sem þar um gilda. Eins og bent er á í grg. með frv., þá hefur stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs vissulega á undanförnum árum notað það fjármagn, sem sjóðurinn hefur, til þess að byggja upp atvinnufyrirtæki bæði sveitarfélaga og einnig einstaklinga og þannig stuðlað að aukinni atvinnu í landinu. Ég tel, að þetta sé mjög eðlileg og sjálfsögð ráðstöfun á fé sjóðsins, og ber vissulega að viðurkenna þá stefnu. Hitt liggur einnig ljóst fyrir, að á undanförnum árum hefur það mjög aukizt, eftir að nýjar reglur um atvinnuleysisbætur voru settar, að styrkir eða heildargreiðslur í styrki úr sjóðnum hafa mjög hækkað og sennilega margfaldazt. Ég tel, að ef hægt er að finna leið til þess að nota fé sjóðsins í ríkara mæli en nú er þannig, að það verði til atvinnuaukningar frekar en styrkja, þá sé sjálfsagt, að það sé skoðað mjög vandlega.

Mér er það ljóst, að það getur að sjálfsögðu verið um fleiri leiðir að ræða en um er getið í frv., en ég ætlast til þess, að sú n., sem málið fær til meðferðar, skoði það og láti það þá koma fram í sínu nál., ef einhverjar aðrar leiðir eru taldar eðlilegri en þarna er lagt til.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég fékk, munu beinir styrkir úr Atvinnuleysistryggingasjóði hafa numið röskum 100 millj., eða um 103 millj. kr. þann 26. september s. l. Á ég þá við tímabilið frá áramótum til 26. september. Þetta er vissulega geysilega mikið fjármagn, og ef það væri hægt að nota það að einhverju leyti til atvinnuaukningar og atvinnuuppbyggingar til hagræðis fyrir hin ýmsu sveitarfélög í landinu, eins og þarna er bent á, þá mundi ég telja það betur farið. Eins og fram er tekið í frv. og að sjálfsögðu undirstrikað í grg., þá er gert ráð fyrir því, að til þeirra framkvæmda, sem þarna er lagt til að gerðar verði með fjármagni úr Atvinnuleysistryggingasjóði, komi ekki, nema um það sé beint samkomulag milli verkalýðsfélaga, atvinnurekenda og sveitarstjórna. Ég tel ekki, og hef ekki látið mér detta í hug, að slíku verði nokkurn tíma á komið, nema um þetta væri fullt samkomulag, því að vissulega eiga þeir aðilar, sem rétt eiga á bótum úr sjóðnum, fullan rétt á þeim samkv. gildandi l., og verður ekki framhjá því gengið, að því verði ráðstafað á annan hátt en l. segja fyrir um, nema samkomulag verði um það að opna einhvers konar heimild, eins og hér er lagt til, til frekari ráðstöfunar á fé sjóðsins heldur en nú gildir.

Ég tel, að efnislega sé málið það einfalt, að um það þurfi ekki frekari framsögu, en vildi leyfa mér að leggja til, að málinu yrði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Nd., 17. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 31 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 88, n. 405).

Frsm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft til athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir. Frv. barst n. og var sent til umsagnar þeirra aðila, sem n. taldi eðlilegt, að létu álit sitt í ljósi um málið, og bárust svör frá öllum þeim, sem það var sent. Það var í fyrsta lagi stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, stjórn Vinnuveitendasambands Íslands, stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og Alþýðusamband Íslands. Flestir eru þessir aðilar, sem um málið hafa fjallað, efnislega samþykkir frv., og vil ég með leyfi forseta lesa kafla úr umsögnum þeirra:

„Vinnuveitendasamband Íslands telur stefnu þá, sem í frv. felst, rétta, þ. e. að fremur sé, þegar því verður við komið, unnið fyrir þeim peningum við gagnlegar framkvæmdir, sem ella rynnu sem styrkur til atvinnuleysistrygginga. Á hinn bóginn leyfum vér oss að leggja til, að aðrir aðilar en sveitarfélögin gætu haft hagræði af þessari skipan, og yrði þá sú upphæð, sem sparast í styrki með auknum framkvæmdum, lánuð til langs tíma með lágum vöxtum þeim aðilum, sem uppfylla sett skilyrði."

Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga er mjög stutt og hljóðar þannig að efni til: Stjórn Sambandsins telur æskilegt að nýta mætti atvinnuleysistryggingabætur til atvinnuaukningar, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar telur stjórnin, að miklir örðugleikar kynnu að verða á framkvæmd ákvæðanna, ef að lögum yrði.

Alþýðusamband Íslands tekur einnig efnislega undir frv. og segir m. a.:

„Frv. var rætt á fundi miðstjórnar A. S. Í. þann 12. þessa mánaðar." — Þetta er dagsett 13. febrúar. „Þótt frumhugsun frv. sé geðfelld, þá töldum við miðstjórnarmenn framkvæmd geta orðið mjög torvelda."

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur ekki efnislega afstöðu til málsins, en bendir á, að l. um atvinnuleysistryggingar séu í endurskoðun hjá stjórnskipaðri n., og er einnig á þetta bent í umsögn Alþýðusambands Íslands, eins og fram kom í þeirra erindi.

Frv. var nokkuð ýtarlega rætt í heilbr.- og félmn., og ég hygg, að menn hafi reynt að gera sér grein fyrir, hvort framkvæmd málsins yrði jafnerfið og ýmsir aðilar höfðu talið, ef frv. yrði að l. Sem flm. þá tel ég, að ekkert þurfi að óttast um, að efni frv. yrði ekki með mjög eðlilegum hætti komið í framkvæmd til hagsbóta bæði fyrir þá aðila, sem atvinnuleysisstyrks eiga að njóta, og einnig fyrir sveitarfélögin, en þar

sem það liggur fyrir, að stjórnskipuð n. er að endurskoða l. um atvinnuleysistryggingar og ég hef haft samband við formann þeirrar n., þá tel ég eðlilegt, að farin sé sú leið, sem lagt er til í áliti heilbr.- og félmn., sem er einróma, en það er, að frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að hin stjórnskipaða n., sem vinnur að endurskoðun l. um atvinnuleysistryggingarnar, fái einnig þetta atriði til athugunar með sérstöku tilliti til þess, hvernig því mætti verða bezt fyrir komið í framkvæmd, ef á það yrði fallizt. Ég tel að aðalatriðið sé, að málið nái fram að ganga, og ég tel það eðlilegt og sjálfsagt, að sú n., sem nú fjallar um þetta mál — í henni eru þeir aðilar, sem ég tel að öllum þessum málum séu mjög gagnkunnugir — fái málið til athugunar og geri sínar till. og Alþ. fái málið á ný til athugunar, þegar hún hefur lokið störfum. Ef efni þessa frv. yrði tekið upp á ný eftir þá breytingu, sem væntanlega er talið nauðsynlegt að gera á umræddum l., þá myndi ég telja það mjög vel farið. En fari svo, að efni frv. yrði ekki tekið upp, þá gefst að sjálfsögðu tækifæri til þess að koma málinu inn á Alþ. hér á ný til frekari athugunar.

Herra forseti. Ég leyfi mér að benda á, að n. hefur einróma lagt til, að málinu verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, sem þar er tilgreint og fram kemur í nál.

ATKVGR.

Till. frá heilbr.- og félmn. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

---

3. Togaraútgerð ríkisins.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga [33. mál] (þmfrv., A. 33).

Á 5. og 6. fundi í Nd., 23. og 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Frv. það, sem við framsóknarmenn í þessari hv. d. flytjum á þskj. nr. 33, er að eðli til tvíþætt, annars vegar um Togarakaup ríkisins, en hins vegar um sérstakan stuðning við útgerð sveitarfélaga. Samkv. I. kafla frv. skal setja á stofn sérstakt fyrirtæki, Togaraútgerð ríkisins, er lúta skal sérstakri stjórn. Skal ríkissjóður leggja henni til tiltekið stofnfjárframlag, og ber ríkið einungis ábyrgð á skuldbindingum útgerðarinnar með þessu stofnframlagi. Útgerðin lætur byggja togara sína og önnur fiskiskip hér innanlands, eftir því sem unnt er. Meginmarkmið útgerðarinnar er að auka þjóðarframleiðsluna og gjaldeyristekjurnar, tryggja fiskiðnaðinum nægilegt hráefni allt árið, miðla hráefni eftir þörfum til hinna ýmsu fiskvinnslustöðva og stuðla þannig að atvinnuöryggi í landinu. Ég mun nú gera nokkru nánari grein fyrir ákvæðum frv. um þetta efni.

Í 1. gr. frv. er mælt, að sett skuli á stofn útgerð fiskiskipa undir nafninu Togaraútgerð ríkisins. Skal ríkissjóður leggja útgerðinni til 100 millj. kr. sem óafturkræft stofnfjárframlag, og er ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum útgerðarinnar takmörkuð við þetta stofnframlag, nema frekari heimildir til ábyrgðar séu veittar í lögum. Þykir mér rétt að undirstrika þetta alveg sérstaklega vegna þess, að sumir kynnu að hreyfa þeirri mótbáru gegn þessu máli, að hér væri verið að stofna til áhættusams reksturs fyrir ríkið. En með þessu ákvæði er hin fjárhagslega áhætta ríkissjóðs takmörkuð, eins og þar segir, og verður ekki frekari nema að því leyti til, sem veittar verði í lögum sérstakar heimildir til ábyrgðar. En það er gert ráð fyrir því, að Togaraútgerðinni sé auk framlags ríkissjóðs aflað nauðsynlegs fjármagns með lántöku, og er ríkisstj. í 2. gr. heimilað að ábyrgjast lán allt að 300 millj. kr., sem Togaraútgerð ríkisins tæki til þess að standa straum af kostnaði við byggingu skipaútgerðarinnar. Að sjálfsögðu er svo út frá því gengið, að Togaraútgerðin fái stofnlán úr opinberum sjóðum með sama hætti og aðrir aðilar, sem skip láta byggja. Þessi fjárframlög, sem þarna er talað um af hálfu ríkissjóðs, og sú ábyrgðarheimild, sem þarna er veitt, er fyrst og fremst hugsuð til þess að standa undir fjárþörfinni umfram stofnlán.

Í 3. gr. frv. segir, að Togaraútgerð ríkisins láti byggja togara eða önnur fiskiskip og ákveði stjórn útgerðarinnar fjölda þeirra, stærð og gerð að fengnu samþykki sjútvmrh. Skipin skal Togaraútgerðin láta byggja hér innanlands eftir því sem unnt er, og vil ég leyfa mér að leggja alveg sérstaka áherzlu á þetta atriði, að það á að vera reglan, að skip Togaraútgerðarinnar séu byggð í innlendum skipasmíðastöðvum nema alveg sérstakar ástæður standi því í vegi. Markmiðið með því að áskilja þetta er auðvitað að auka atvinnu og lyfta undir innlendar skipasmíðar. Hins vegar þýðir ekki annað en horfast í augu við það, að það kann að reynast í einstökum tilfellum ógerlegt að smíða skipin hér á landi, og geta þar komið til bæði fjárhagslegar og tæknilegar ástæður, en það á sem sagt ekki að vera nema í hreinum undantekningartilfellum.

Í 4. gr. segir, að útgerðin skuli halda skipum sínum til veiða í því skyni að hagnýta sem bezt fiskimiðin og stuðla með því að öflun hráefnis fyrir fiskiðnað landsmanna. Við ákvörðun um, hvar afla skuli landað, skal höfð hliðsjón af atvinnuástandi einstakra byggðarlaga, sem til greina koma. Er með þessu ákvæði lögð áherzla á miðlun hráefnisins til hinna ýmsu vinnslustöðva með tilliti til atvinnuástandsins á einstökum stöðum. En það er einmitt megintilgangurinn með ríkisútgerð togara, svo sem þegar hefur verið sagt, og liggur það sjónarmið einnig til grundvallar 5. gr. frv. En samkv. henni er stjórn Togaraútgerðarinnar heimilt að taka skip á leigu til bráðabirgða og gera út til hráefnisöflunar fyrir tiltekna staði.

Um stjórn útgerðarinnar eru ákvæði í 6. gr. frv. Stjórnin skal skipuð 7 mönnum. Af þeim kýs Alþ. 4, en 2 skulu tilnefndir af skipshöfnum á

skipum Togaraútgerðar ríkisins, og skal annar þeirra vera frá yfirmönnum, en hinn frá undirmönnum, en ráðh. skipar svo 7. manninn án tilnefningar, og er sá stjórnarmaður formaður. Það er gert ráð fyrir því, að ráðh. setji stjórninni erindisbréf og umboð stjórnarinnar skuli vera bundið við 4 ár. Stjórnin ræður sér síðan framkvæmdastjóra til þess að hafa á hendi daglega stjórn útgerðarinnar og setur honum erindisbréf. Til þess að skuldbinda útgerðina þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

Í 7. og 8. gr. frv. eru ákvæði um reikningsskil, endurskoðun, ráðstöfun rekstursafgangnaðar, ef honum skyldi verða til að dreifa, o. fl. Sé ég ekki ástæðu til að rekja þau. Hins vegar vil ég vekja sérstaka athygli á 9. gr. Hún er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Nú telur stjórn Togaraútgerðarinnar eigi lengur þörf á því, að hún geri út togara til hráefnisöflunar og atvinnumiðlunar, og er henni þá heimilt að fengnu samþ. sjútvmrh. að selja fiskverkunarstöðvum og félagssamtökum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarfélaga, togara sína. Enda skuldbindi kaupandi sig til að leggja upp afla hjá tilteknum fiskvinnslustöðvum. Þó skal Togaraútgerðin jafnan eiga og gera út a. m. k. 4 togara.“

Með þessu ákvæði er fiskvinnslustöðvunum sjálfum og útgerðarfélögum, sem sveitarfélög hafa forgöngu um að stofna, gefið færi á því að eignast togarana, þegar þessir aðilar telja sig umkomna að eiga og reka skipin, enda telji stjórn Togaraútgerðarinnar ekki lengur þörf á því, að hún geri togarana út til hráefnisöflunar og atvinnumiðlunar. Þó er sá varnagli sleginn, að Togaraútgerðin skal jafnan til öryggis hafa a. m. k. 4 togara á sínum snærum til þess að tryggja hráefnismiðlun og atvinnujöfnun. Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á það, að ef togararnir eru seldir með þeim hætti, sem þarna segir, verður kaupandi að skuldbinda sig til þess að leggja upp hráefni hjá tilteknum vinnslustöðvum. Þetta ákvæði er sett með reynslu í huga. Það hefur hér áður verið veitt fyrirgreiðsla úr opinberum sjóðum, æði oft við skipakaup, og það eru í ýmsum tilfellum einkaaðilar, sem þeirrar aðstöðu hafa notið. Þeir hafa e. t. v. gert skip sín út frá þeim stað, sem þau voru upphaflega keypt til, en því miður eru þess allmörg dæmi, að slík skip hafi síðar verið seld burtu og séu ekki lengur til staðar til að þjóna þeim tilgangi, sem upphaflega var ætlazt til og fyrirgreiðsla var veitt vegna. Með þessu ákvæði 9. gr. er einkaframtakinu veittur kostur á að leysa ríkisútgerðina af hólmi, ef það hefur bolmagn til og getur valdið því verkefni, sem ríkisútgerð togara er einkanlega sett á stofn til að leysa. En eins og sagt var, á þó ríkisútgerðin jafnan að hafa aðstöðu til að geta gripið inn í til hráefnismiðlunar og atvinnujöfnunar eftir því, sem þörf krefur, og þess vegna er gert ráð fyrir því, að hún eigi og geri jafnan út 4 togara í það minnsta.

Áður en ég kem að því að gera nánari grein fyrir þeim efnislegu rökum, sem liggja til grundvallar tillöguflutningi um Togaraútgerð ríkisins, ætla ég aðeins að víkja með nokkrum orðum að II. kafla þessa frv., enda má segja, að svipaðar ástæður liggi að baki honum og I. kaflanum um Togaraútgerð ríkisins. En II. kafli fjallar um sérstakan stuðning við útgerð sveitarfélaga. Í 10. gr. segir, að ríkisstj. sé heimilt að verja allt að 50 millj. kr. til kaupa á hlutafé í útgerðarfélögum, sem stofnuð eru fyrir forgöngu sveitarstjórna og með þátttöku sveitarfélaga í byggðarlögum, þar sem atvinna er ótrygg og fiskvinnslustöðvar skorti verkefni. Í engu slíku félagi skal hlutafjárframlag ríkisins nema meira en 40% alls hlutafjár, en ríki og sveitarfélög skulu samtals jafnan hafa meiri hluta hlutafjár í sínum höndum. Ástæðan fyrir þessum aðskilnaði er sú sama og ég drap á áðan, að þetta á að girða fyrir, að þau skip, sem keypt eru þannig til tiltekinna staða séu flutt burtu eða seld burtu. En það á að vera tryggt, að til slíks komi ekki, ef ríkið og sveitarfélagið á meiri hl. í hlutafélaginu.

Samkv. 11. gr. er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast eða taka nauðsynleg lán og endurlána þau útgerðarfélögum samkv. 10. gr. til þess að tryggja þeim það fé, sem þarf umfram lán, sem fást úr opinberum sjóðum, svo að það lánsfjármagn nái samtals 85% stofnkostnaðar.

Ástæðurnar, sem liggja til grundvallar flutningi þessa frv. eru fyrst og fremst þessar: Alvarlegar horfur í atvinnumálum, ónóg hráefnisöflun fyrir fiskvinnslustöðvarnar, þörfin á endurnýjun og aukningu togaraflotans og nauðsynin á auknum þjóðartekjum.

Ástandið í atvinnumálum er nú vægast sagt alvarlegt og horfurnar í þeim efnum eru öllum hugsandi mönnum áhyggjuefni. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að s. l. vetur varð hér stórkostlegt og almennt atvinnuleysi. Á nýliðnu sumri um háþjargræðistímann var einnig talsverður skortur á atvinnu á tilteknum stöðum, lengst af skráðir um eða stundum yfir 1000 manns atvinnulausir, þó að þeim hafi nú allra síðustu mánuðina nokkuð fækkað. Auk þess hafa svo margir leitað til annarra landa í atvinnuleit, og má í raun og veru bæta þeim við tölu atvinnulausra manna hér á landi, því að vitaskuld hafa þeir farið til útlanda í velflestum tilfellum, af því að hér var ekki atvinnu að fá. Eins og ég sagði, hefur skráðum atvinnuleysingjum nokkuð fækkað upp á síðkastið, en þá er um leið þess að gæta, að um sama leyti hefur hinn mikli fjöldi skólafólks horfið af vinnumarkaðinum og á það auðvitað sinn þátt í því, að skráðum atvinnuleysingjum hefur fækkað nú upp á síðkastið.

Horfurnar í atvinnumálum eru því miður mjög ískyggilegar að mínum dómi, og er ástæða til að óttast, að alvarlegt atvinnuleysi verði í vetur, nema sérstakar ráðstafanir séu gerðar til úrbóta og það þegar í stað. Þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar af opinberri hálfu eru að vísu góðra gjalda verðar, svo langt sem þær ná, en þær hafa ekki nægt til að vinna bug á atvinnuleysinu. Þar þarf meira til. Allt getur þetta að vísu farið betur en á horfist, og þá er vel. Þess munu allir óska. En við megum ekki bíða aðgerðalausir þess, sem verða vill. Við megum ekki treysta á neitt happdrætti eða stóla á neina strákalukku í þessu efni. Við verðum að snúast við vandanum af fyrirhyggju og með viðeigandi

úrræðum. Annað væri ófyrirgefanlegt andvaraleysi. Allir segjast vilja vinna gegn atvinnuleysi. Þess vegna er hin brennandi spurning sú, hvernig ráðstafanir eru skynsamlegastar til þess að vinna bug á atvinnuleysinu og tryggja atvinnuöryggi til frambúðar. Það er skoðun okkar flm. þessa frv., að þar komi fiskveiðar og fiskiðnaður í fremstu röð, þó að margt annað hljóti þar auðvitað einnig að koma til athugunar. Það eru atvinnugreinar, sem krefjast mikils mannafla. Aukning í fiskiðnaði skapar þegar í stað mikla atvinnu í mörgum kauptúnum og sjávarplássum, þar sem úrvinnsla fiskafurða er undirstaða atvinnulífsins. Séu fiskvinnslustöðvarnar í fullum gangi, er atvinnulífinu á þeim stöðum í flestum tilfellum sæmilega borgið.

Það er því höfuðatriði, að allar fiskvinnslustöðvar séu fullnýttar og úrvinnsla fiskafurða aukin og efld. Þar má vafalaust enn gera mikið, því að langt er frá því að fullvinnsla þessara afurða fari fram hér á landi, enn sem komið er, og eigum við sjálfsagt mikið ógert í því efni. Það þarf auðvitað að vinna að því að margfalda verðmæti með innlendri vinnu eftir því, sem kostur er, en meginforsenda þess er, að nægilegs hráefnis sé aflað. En víða skortir verulega á, að svo sé. Margar fiskvinnslustöðvar hefur skort hráefni og hefur þeim stundum af þeim sökum verið lokað eða þær gengið með takmörkuðum afköstum á ákveðnum tímabilum. Á þessu þarf að ráða bót. Það þarf að gera allt, sem unnt er, til að tryggja fiskvinnslustöðvum, hvar sem er á landinu, nægileg hráefni og vinna þannig að því að afkastageta þeirra nýtist sem bezt allt árið. Hvernig verður það bezt gert? Það er stór spurning. Togararnir eru langafkastamestu tækin til hráefnisöflunar. Með útgerð hæfilega margra og velbúinna togara er bezt tryggt, að hraðfrystihúsin og aðrar fiskvinnslustöðvar hafi jafnan nægileg verkefni. Vitaskuld á eftir sem áður að nota önnur fiskiskip eða smærri báta til veiða fyrir fiskvinnslustöðvarnar, og auðvitað þarf að athuga það, hvað bezt hentar í því efni á hverjum stað, og haga sér samkv. því. En séu ekki togarar fyrir hendi, er hætt við, að það verði alltaf meiri eða minni eyður í hráefnisöflunina og það fari ekki hjá því einkanlega á vissum árstíma. Þess vegna er aukin togaraútgerð nauðsynleg vegna þarfarinnar á því að tryggja fiskvinnslustöðvunum hráefni allt árið um kring.

En endurnýjun og aukning togaraflotans er einnig að öðru leyti aðkallandi nauðsyn. Togaraútgerðin hefur átt í erfiðleikum síðustu árin. Hún hefur barizt í bökkum. Togurunum hefur fækkað og nauðsynleg endurnýjun hefur ekki átt sér stað. Á s. l. áratug hefur t d. togurum fækkað hér um meira en helming, og nú eru ekki gerðir hér út nema um það bil 20 togarar, sem flestir eru orðnir gamlir og úreltir og flestir raunar alveg á síðasta snúning. Enginn nýr togari hefur verið keyptur til landsins síðan á árinu 1960. Það gefur auga leið, hver áhrif þessi þróun eða öllu heldur öfugþróun hefur haft á atvinnulífið í landinu. Hlutfall togarafisksins í heildaraflanum hefur lækkað um nær því helming á s. l. 10 árum. 1959 var togarafiskur rúm 40% af heildaraflanum, þar inni í er ekki talin síld, loðna, humar eða rækja, en s. l. ár, 1968, var hins vegar aðeins liðlega 20% togarafiskur. Þetta segir vitaskuld sína sögu, þó að mér detti ekki í hug að neita því, að þarna komi fleira til, svo sem eins og aukning annarra skipa.

Ef svo heldur fram, sem nú horfir, og ekkert verður gert til þess að endurnýja togaraflotann, þá virðist þess skammt að bíða, að togaraútgerð leggist niður á Íslandi. Það má fyrir margra hluta sakir aldrei verða. Hér þarf að vera togaraútgerð. Allt frá því að togaraútgerð hófst hér á landi skömmu eftir síðustu aldamót hefur hún verið veigamikill þáttur í atvinnulífinu, og oft hefur hún verið ein styrkasta stoð þess. Hún hefur verið afkastamesta útgerðin, og frá þjóðhagslegu sjónarmiði hefur hún a. m. k. oft verið að ýmsu leyti bezta útgerðin. Hún hefur löngum verið einna drýgst til öflunar gjaldeyris og var á sínum tíma undirstaða þeirra miklu efnahagslegu framfara, sem hér áttu sér stað. Í sögu togaraútgerðarinnar hafa þó auðvitað skipzt á skin og skúrir, en þó að á ýmsu hafi oltið, hafa lengst af verið gerðir hér út fleiri togarar en nú. Auðvitað voru þeir áður fyrr minni, svo talan segir ekki allt.

En togararnir, sem nú eru gerðir út, svara heldur ekki kröfum tímans, séu þeir bornir saman við nýjustu skip annarra þjóða. Hjá öðrum fiskveiðiþjóðum hafa miklar framfarir átt sér stað á síðustu árum í togaraútgerðinni, bæði að því er varðar smíði togaranna og allan búnað þeirra. En þar af er skemmst frá að segja, að eftir að Íslendingar eignuðust sinn fyrsta togara, þá fjölgaði þeim hér eiginlega undrafljótt, þannig að þegar árið 1915 voru togarar hér á landi orðnir 20 að tölu, eða höfðu þá þegar náð svipuðum fjölda og nú er gerður út hér á landi. 1917 kom afturkippur í togaraútgerðina, vegna þess að Íslendingar urðu þá að láta af hendi helming sinna togara til Bandamanna, en 1920 voru samt togarar strax orðnir 28 og 1925 voru þeir orðnir 47 að tölu. 1930 höfðu þeir að vísu fækkað niður í 41, árið 1939 voru togarar hér 37, og á árunum á milli 1930—1940 höfðu það sem sagt verið á milli 30—40 togarar, sem hér voru gerðir út. Þeim fækkar á styrjaldarárunum og eru ekki taldir vera nema 28 1945, en síðan voru svo eftir styrjöldina keyptir togarar, fyrst 33 og síðan 10, eða samtals 43 nýir togarar, þannig að eftir 1950 voru hér á milli 50—60 togarar. Nú er sem sagt talan orðin um það bil 20, og allt eru það gömul skip, að vísu misjafnlega gömul, en engin ný þó.

Togaraflotann þarf að endurnýja, við þurfum að eignast nýtízku togara og við þurfum að auka togaraflotann. Það væri engin ofrausn að gera ráð fyrir, að hér væru að minnsta kosti gerðir út 50 togarar, en núverandi togaraeigendum virðist, eins og sakir standa, vera um megn að endurnýja togaraflotann. Þeir sýnast ekki hafa getu til þess. Það sýnir reynslan, þar sem engir nýir togarar hafa verið keyptir eftir 1960. Þess er því ekki að vænta, að nein endurnýjun eða aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkisvaldið eigi þar verulegan hlut að máli og beiti sér fyrir útvegun skipanna. En við megum ekki bíða. Hið sameinaða þjóðfélagsafl verður því að

koma hér til sögu og leysa úr vandanum. Það á að láta byggja nokkra togara, sem svara kröfum tímans, og gera þá út, á meðan aðrir aðilar eru þess ekki umkomnir. Ríkisútgerð togara á, eins og ég hef þegar sagt, fyrst og fremst að tryggja fiskvinnslustöðvunum nægilegt hráefni allan ársins hring og auka þar með útflutningsframleiðsluna og gjaldeyristekjurnar. Þannig á einmitt almannavaldið að stuðla að atvinnuöryggi og atvinnujöfnun í landinu.

Við megum heldur ekki við því á neinn hátt, að togaraveiðar leggist niður. Við þurfum að hagnýta, eða geta hagnýtt fjarlæg fiskimið, sem önnur minni skip geta ekki stundað, því að ef við hagnýtum ekki þau mið, þá er víst, að þau verða hagnýtt af togurum annarra þjóða, og auðvitað eru togarar nauðsynlegir til þess, að viðhalda og varðveita og kenna þá reynslu, sem togarasjómenn hér hafa aflað sér, svo að unnt sé að kenna þá sjómennsku öðrum yngri mönnum. Við þurfum einnig togara að sjálfsögðu til þess að sigla með fisk til sölu á hagnýta markaði.

Eins og í grg. þessa frv. segir, erum við flm. þessa frv., ekki sérstakir talsmenn ríkisreksturs. Við teljum almennt heppilegra, að atvinnutækin séu í einkaeign og rekin af einstaklingum eða félögum. En þegar einkaaðila eða félagssamtök brestur bolmagn til að eignast og starfrækja nauðsynleg framleiðslutæki, er óhjákvæmilegt að grípa til ríkisreksturs a. m. k. um tíma. Þannig er nú að okkar dómi ástandið í málefnum togaraútgerðarinnar. Þess er alls ekki að vænta, að nein endurnýjun eða aukning togaraflotans eigi sér stað í bráð, nema ríkið beiti sér fyrir byggingu togara og útgerð þeirra, svo sem hér er gert ráð fyrir. En landsmenn mega vissulega ekki við því að missa þessi fengsælu framleiðslutæki, sem oft hafa verið styrkasta stoðin undir atvinnulífi þjóðarinnar, eins og sagt hefur verið. En auk þess er það svo, að ef að er gáð, þá er hér í raun og veru um að ræða stuðning við einkarekstur. Með Togaraútgerð ríkisins er fyrst og fremst stutt við bakið á fiskvinnslustöðvunum, en þær eru yfirleitt í einkaeign og einkarekstri. En þar hafa margir einmitt í sambandi við fiskvinnslustöðvarnar lagt í mikinn kostnað við byggingu dýrra mannvirkja og vélakaup.

Það er auðsætt, að rekstursaðstaða mannvirkja með miklum stofnkostnaði reynist erfið, þegar mikið skortir á, að þau séu fullnotuð. En með þeirri óbeinu aðstoð, sem hér er lagt til, að veitt sé, þá er einmitt stuðlað að því á hinn skilmerkasta hátt, að þessi stórvirku framleiðslutæki, fiskvinnslustöðvarnar, geti verið hagnýtt að fullu, og með þeim hætti skilað sínum eigendum sæmilegum arði og staðið undir þeim kostnaði, sem í þær hefur verið lagður.

Ég geng þess ekki dulinn, að í sambandi við þetta mál verður reynt að þyrla upp ýmiss konar moldviðri og hefur reyndar verið gert, þótt í litlu sé. Það verður sagt, að við framsóknarmenn séum orðnir ríkisreksturspostular og þjóðnýtingarmenn. Ég læt mér slíkt í léttu rúmi liggja. Ég held, að það sé ekki hægt að leysa vandamál atvinnulífs og efnahagsmála eftir neinni fyrirframákveðinni formúlu. Ég held, að þegar vandi steðjar að, verði hverju sinni að grípa til þeirra úrræða, sem aðstæður og þarfir krefjast, hvort sem það er ríkisrekstur, áætlunarbúskapur eða stuðningur í einu eða öðru formi við rekstur einstaklinga eða félaga. Frá mínu sjónarmiði er aðalatriðið nú fyrir landsmenn, fyrir alla þjóðina, að fá nýja togara og koma þeim í rekstur. Rekstursformið er ekkert höfuðatriði frá mínu sjónarmiði. Auk þess er hér ekki um neina þjóðnýtingu að ræða. Ríkinu er ekki áskilinn neinn einkaréttur. Engum einstaklingi er með þessu frv., þótt að lögum yrði, bannað að eignast eða gera út togara. Sú togaraútgerð ríkisins, sem hér er ráðgerð, er t. d. hliðstæð Síldarverksmiðjum ríkisins, en þar er ekki heldur um neina þjóðnýtingu að tefla. Það geta aðrir einkaaðilar eða félög átt og rekið síldarverksmiðjur, eins og mörg dæmi sanna. Reyndar er það svo, ef ég man rétt, í lögum um Síldarverksmiðjur ríkisins, að til þess að einstaklingar megi byggja síldarverksmiðjur þurfa þeir sérstakt leyfi frá ríkisstj., en hér er engu slíku til að dreifa. Þó að þetta frv. verði að lögum, þá þurfa menn vissulega ekki frekar en hingað til neitt leyfi til þess að láta byggja og gera út togara. Ég leyfi mér enn fremur að minna á það, að þegar nýsköpunartogararnir, sem svo hafa verið nefndir, voru keyptir til landsins var um helmingi þeirra ráðstafað til bæjarútgerða eða hlutafélaga með þátttöku bæjarfélaga. Þannig var t. d. ástatt árið 1951, að 18 togarar voru í eigu bæjarútgerða, 7 togarar voru í eigu og gerðir út af hlutafélögum, sem bæjarfélag átti hlutdeild í, og einn togari var þá eign ríkisins, eða samtals voru þá 26 togarar í opinberri eigu. En ég held, að það sé að eðli til ekki allur munur á því, hvort um er að ræða bæjarútgerð eða ríkisútgerð. Ég held, að þar sé ekki um stórkostlegan eðlismun að ræða. Þó að við flm. þessa frv. teljum, að nú eigi að grípa til ríkisútgerðar togara, er það skoðun okkar, eins og þegar hefur komið fram, að stefna eigi að því, að útgerð togara verði í framtíðinni fyrst og fremst í höndum félagssamtaka og einstaklinga, og þess vegna er í 9. gr. frv., sem áður hefur verið rakin, veitt heimild til þess að ráðstafa togurum ríkisútgerðar til einkaaðila að þeim skilyrðum fullnægðum, sem þar greinir. Um slíkt verður þó tæplega að ræða, nema aðstaða togaraútgerðar verði bætt frá því, sem nú er.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um annan kafla frv. fremur en gert hefur verið. Ég vil þó aðeins undirstrika það, sem í grg. segir um það efni, að á allmörgum stöðum eru heimamenn fyrir forgöngu sveitarstjórna að reyna að stofna samtök til skipakaupa. Slík viðleitni er viðurkenningarverð, en hún er því miður víðast hvar af fullkomnum vanefnum gerð. Þátttaka ríkisins í slíkum félögum getur verið ómetanlegur stuðningur og raunar ráðið úrslitum um það, hvort fyrirhuguð skipakaup takast. Með þeim hætti getur ríkið mjög ýtt undir framtak og sjálfsbjargarviðleitni heimamanna.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að vænta þess, að frv. þetta fái skjóta og góða afgreiðslu eða í öllu falli eðlilega afgreiðslu. En hvernig sem um það fer, þá vona ég það, og ég trúi því, að svo muni verða, að þetta frv., og

raunar annað frv., sem hér er á dagskrá á eftir, sem svipuð hugsun býr að baki að nokkru leyti, verði til þess að koma hreyfingu á þessi mál, frá þeirri kyrrstöðu, sem hefur ríkt um þau allt of lengi, þjóðfélaginu til stórkostlegs tjóns. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að óska eftir því, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 33, n. 508 og 588).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það mun hafa verið 28. október s. l., að framsaga var höfð af hálfu 1. flutningsmanns þessa frv. og því vísað til sjútvn. Þar hefur frv. verið síðan, og var leitað umsagnar, sem ég hef nú reyndar ekki við höndina, en þar var tekið undir þetta frv. að sumu leyti, og þó var önnur umsögn, sem lagðist á móti því, en mælti með öðru formi. Það er ekki nýtt, að menn hafa talið það forsendu fyrir togaraútgerð, og það hefur komið fram í umr. hér á undan, að ríkið stuðli að slíkri útgerð, það sé raunverulega ofviða einstaklingi, miðað við nútíma skip — og þá hafa menn í huga skuttogara — þau séu orðin það fjárfrek og stofnkostnaður það mikill, að ráðast í slík kaup án stuðnings frá ríkisvaldinu. Þetta sjónarmið virðist nú vera fyrir hendi í öllum stjórnmálaflokkum, og er það út af fyrir sig ánægjulegt.

Við höfum rætt þetta í n. og með tilvísun í frv., er borið var fram af hæstv. ríkisstjórn, og flutt hér af sjútvmrh., leggjum við í meiri hl. það til í nál. okkar, en það nál. er nr. 588, að þessu frv. verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar með tilvísun í frv. um kaup á sex skuttogurum.

Það hefur nú komið fram, að öðrum hv. deildarm. þykir þetta smátt tekið og munu áreiðanlega tala fyrir meiri aukningu hér á eftir, og er það gott út af fyrir sig. Það kom líka fram, að það myndi verða litið með velvilja á þá viðleitni ýmissa bæjarfélaga, að fá minni skip en 1000 tonna skip, hugsanlega af stærðinni 6—800 tonna, þó að það liggi ekki ákveðið fyrir enn þá. Með þetta í huga teljum við það rétt, að málinu sé vísað til hæstv. ríkisstj., því án stuðnings frá ríkisvaldinu verður ekki hafizt handa um stórfellda aukningu.

Hæstv. 5. þingm. Reykv. ásakaði mjög Alþfl. og ríkisstj. hér í gær og vildi kenna henni alla hluti varðandi það, að togaraútgerð hér á Íslandi hefði farið **hraðhrörnandi síðastliðinn áratug.** Hann orðaði ekki aflaminnkun í því sambandi. Hann orðaði ekki ýmsa aðra þætti, sem eru samverkandi í þessu efni, sem ekki er á valdi neinna einstakra aðila að ráða við. Þetta með ýmsu öðru hefur valdið því, að togaraútgerðin stendur höllum fæti. Uppgripaafli var á síld og ýmsu öðru, og sem dæmi um aflabreytingu hér á landi má nefna, að 1964 var aflamagn á bátaflotanum 234 þús. tonn, en 1967 129 þús. tonn. Það seig niður á við um 105 þús. tonn. Að vísu minnkaði togaraaflinn nokkuð, en þó hvergi nærri í líkingu við þetta, því togararnir gátu flutt sig til og farið á önnur mið, og það eru hin stóru rök fyrir eflingu togaraútgerðar hér á Íslandi, að togararnir geta flutt sig til og fiskað víðar. En það þarf meira til en það.

Ég ætla ekki að fara að lengja þessar umr. með því að munnhöggvast við hv. þm., en það er of einföld skýring, að það sé bara illvilji örfárra manna og stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar eða hæstv. ráðherra, sem eru orsök þess, að togaraútgerð á Íslandi á í vök að verjast. Slík staðreynd blasir við hvarvetna hjá öðrum þjóðum, og það má minnast þess, að Englendingar hafa orðið að veita sinni togaraútgerð sem nemur mörgum hundruðum millj. og nemur orðið milljörðum á þessum síðastliðnum áratug. Sama er að segja í Þýzkalandi, sama er að segja í Noregi. Þegar sjávarútvegur hér á Íslandi er undirstaða, þá getum við ekki flutt fjármagn til innan hans frá einni starfsgrein til annarrar svo miskunnarlaust, að það bitni ekki á þeirri grein, sem verður fyrir barðinu, ef illa tekst til um aflabrögð og fleira. Þetta er staðreynd, sem þýðir ekki að horfa fram hjá. Ég man eftir því, og það stendur í grg., að 1. flm. frv., formaður Framsfl., Ólafur Jóhannesson, lagði einmitt á það mikla áherzlu, og það er auðvitað rétt, og á það má sífellt minnast, að afkastageta togara er mikil, og þeir eru hreyfanlegir. Það er hið stóra gildi þeirra, að geta komið með afla langt að og ráðstafað eftir þörfum. Þess vegna á togaraútgerð rétt á sér, þó að við erfiðleika sé að etja.

Ég ætla ekki að hafa þennan formála lengri, en nál. okkar leggur til, að frv. verði vísað til hæstv. ríkisstjórnar.

Frsm. minni hl. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 33, hefur legið alllengi hjá sjútvn., og eins og frsm. meiri hl. sjútvn. gat um, þá höfðu borizt nokkrar umsagnir um þetta frv., sumar jákvæðar, aðrar neikvæðar. Það fer ekkert á milli mála, að togararnir eru afkastamestu atvinnutækin, sem við höfum haft til hráefnisöflunar í sjávarútvegi. Togarafloti Íslendinga hefur verið einn af hyrningarsteinum þeirra umbóta og framfara, sem orðið hafa hér á landi á síðustu áratugum. Með útgerð hæfilega margra togara er bezt hægt að tryggja það, að frystihús og aðrar vinnslustöðvar hafi jafnan nægilegt og gott hráefni. Frsm. meiri hl. gat um nokkur atriði í sambandi við þetta áðan og minntist á það, að togararnir væru óumdeilanlega afkastamestu tækin og hefðu möguleika á því að miðla afla eða hráefni til löndunar víðs vegar um landið. Þetta er einmitt eitt af þeim höfuðatriðum, sem við teljum vera til stuðnings þessu frv., að það verður tæplega unnt að komast hjá því, að togarar verði gerðir út. Hins vegar hefur það verið svo á undanförnum árum, að togara-

flotinn hefur dregizt mjög saman. Hann er orðinn gamall og úr sér genginn og flestir togararnir samsvara alls ekki kröfum tímans og eru þar af leiðandi mjög dýrir í rekstri.

Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að sett verði á stofn og starfrækt útgerð fiskiskipa og þá sérstaklega togara og verði afli skipanna lagður á land víðs vegar í fiskvinnslustöðvum. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin leggi fram 100 millj. kr. sem óafturkræft stofnfjárframlag í þessu skyni, enn fremur er gert ráð fyrir heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán allt að 300 millj. kr. til þess að standa straum af kostnaði við byggingu skipa útgerðarinnar.

Það hefur verið rætt töluvert um togara hér í þessari hv. d. undanfarna daga, og það er ekki ástæða til þess að endurtaka mikið af því, sem sagt hefur verið. Ég vil undirstrika það, að það er fyllsta nauðsyn á því, að ráðizt verði í það að endurnýja togaraflotann nú og ekki sé seinna vænna. Það má segja það, að það sé kannske gleðilegur vottur um það, að ríkisstjórnin hefur lagt fram frv. um kaup á sex skuttogurum. Þannig að það er þó að minnsta kosti komin hreyfing á þetta mál, og ber að virða það, sem gert er í því efni. Frv. þetta gerir einnig ráð fyrir því, að sérstaklega verði styrkt útgerð bæjar- og sveitarfélaga. Ég vil endurtaka það, að við, sem stöndum að þessu frv., erum engir sérstakir talsmenn ríkisútgerðar skipa yfirleitt eða ríkisafskipta, en það er óumflýjanleg nauðsyn, að þegar einstaklingar eða sveitar- og bæjarfélög geta ekki af eigin rammleik útvegað eða keypt þau atvinnutæki, sem nauðsynleg eru, verður ríkið að hlaupa undir bagga og leggja fram fjármuni til þess að þetta sé hægt. Þetta hefur verið gert og þetta verður óumflýjanlega að gera á komandi árum til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi víðs vegar um landið.

Ég vil endurtaka það, að það er að okkar áliti, óumflýjanleg nauðsyn, að togaraflotinn verði endurnýjaður og það verði efnt til togaraútgerðar á vegum ríkisins, ef ekki er annar kostur fyrir hendi. Við höfum lagt til í sambandi við annað frv., sem hér liggur frammi, eða um kaup á hinum margnefndu sex skuttogurum, að skipin yrðu fleiri, sem keypt yrðu. Þessum sex skuttogurum, sem um hefur verið að ræða, hefur verið ráðstafað, eða að minnsta kosti er talið, að búið sé að ráðstafa þeim! En þegar maður fer að hugleiða það, kemur í ljós, að það vantar marga staði úti á landi, eins og komið hefur fram í umr. möguleika til þess að kaupa minni skip, 400—500 eða 600—800 tonna, eftir því sem talið er henta á hverjum stað. Mér er kunnugt um það, að á Vestfjörðum er uppi hreyfing um að kaupa tvö skip. Á Norðurlandi hafa að minnsta kosti verið uppi raddir um það að kaupa 2 eða 3 skip og sama er að segja um Austurland. Þannig að yrði bætt 6 skipum við í frv., sem hér hefur legið fyrir, og skipin yrðu 12, sem heimilt væri að byggja, þá mundu sennilega strax fást kaupendur að þeim. En þetta var að vísu útúrdúr. Við leggjum sem sagt til, að frv. um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga verið samþykkt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Hv. frsm. minni hl. hefur nú flutt rök fyrir niðurstöðu okkar í minni hlutanum, að samþ. beri þetta frv., og hef ég þar ekki neinu við að bæta. En að gefnu tilefni frá hv. frsm. meiri hl. langar mig til að segja nokkur orð.

Ég vil þá fyrst undirstrika það, sem hann réttilega tók fram, að þetta frv. var fram borið og vísað til n. mjög snemma á þessu þingi og hefur verið til meðferðar í sjútvn. Ég vil leyfa mér að vona það, að þó að lyktir þess verði þær, að því verði vísað til ríkisstj., þá hafi framkoma þess og málflutningur um það orðið til þess að ýta undir framkvæmdir í þessu máli, og ég vil leyfa mér miðað við forsögu málsins að draga það í efa, að frv. hæstv. ríkisstj. hefði verið á ferðinni svo snemma, sem það þó er, að það tekst vonandi að afgreiða það á þessu þingi, ef þetta frv. hefði ekki komið fram.

Það atriði, sem ég ætlaði aðeins að víkja örfáum orðum að er þetta, að ég vil undirstrika það, að hér er ekki aðeins um að ræða Togaraútgerð ríkisins. Annar kafli þessa frv. fjallar um stuðning við útgerð sveitarfélaga og þeirra útgerðarfélaga, sem stofnuð eru að frumkvæði sveitarfélaga og sveitarfélög eiga hlut að. En það er kunnara en frá þurfi að segja, að víðs vegar um landið er þannig ástatt, að það hefur verið komið upp fiskvinnslustöðvum, sem eru undirstaða atvinnulífs á þeim stöðum. Til þess að sjá þessum fiskvinnslustöðvum fyrir hráefni þarf skip. Heimamenn hafa mjög víða lagt á sig miklar fórnir og lagt fram mikið fé miðað við sína getu til þess að afla þeirra skipa. En samt sem áður er mjög víða þannig ástatt, að það sem stendur atvinnulífi þessara staða í vegi, er einmitt það, að það vantar skip til þess að afla hráefnis fyrir þessar fiskvinnslustöðvar. Þar með er það alls ekki sagt, að það þurfi alls staðar að vera togarar, og það er víst, að það geta ekki verið og verða ekki alls staðar togarar, sem vinna þá þjónustu af hendi. Það þarf skip af ýmsum stærðum, og það er einmitt brennandi áhugi mjög víða á þessum stöðum fyrir því að eignast skip, og þau félagasamtök, sem að því standa, eru einmitt mjög víða stofnuð með þessum hætti, að það er sveitarfélagið eða kannske bæjarfélagið sums staðar, þar sem um svo stóra staði er að ræða, sem hefur átt frumkvæðið að því, að slík útgerðarfélög hafi verið stofnuð. Þessi útgerðarfélög hafa svo orðið að leita eftir fyrirgreiðslu ýmissa opinberra aðila og hafa að sjálfsögðu oft fengið hana. En samt sem áður þá er það skilyrði fyrir allri slíkri fyrirgreiðslu af opinberri hálfu og lánum úr Fiskveiðasjóði, að heimaaðilar hafi lagt fram tiltekið lágmarksstofnfé. Það er kannske ekki hátt miðað við þær tölur, sem mönnum eru tamar nú, en samt sem áður er það þetta stofnfé, sem oft er alger þröskuldur í vegi fyrir því, að hægt sé að fara af stað í þessum efnum. Þarna álít ég, að ríkisvaldið eigi með hægu og auðveldu móti að koma til móts við þessa aðila og taka nokkurn þátt í stofnun þessara félaga og leggja þannig nokkurt áhættufé fram í þessu skyni. Ég held, að miðað við þær tölur, — það fé, sem ríkið hefur handa á milli, þá sé ekki þarna um að ræða stórfé fyrir

ríkið, en það getur greitt mjög mikið fyrir stofnun þessara félaga. Mér finnst, að meiri hl. hv. sjútvn. hafi ekki litið nægilega á þetta atriði í þessu frv., sem er vissulega ekkert smáatriði. Og ég verð að segja, að því miður þá virtist það henda aðila, sem umsögn gaf um þetta frv. Við fengum umsagnir um það, eins og hv. frsm. meiri hl. gat um. Umsögnin frá Alþýðusambandi Íslands var mjög jákvæð, en umsögnin frá Farmanna og fiskimannasambandinu var því miður neikvæð, að því er virtist, þ. e. a. s. þeir góðu menn lýstu því yfir, að þeir væru andvígir ríkisútgerð togara. Þeir sögðu að vísu ekki, að þeir vildu heldur enga togara en ríkisútgerð, en það hefði þó kannske með ekki neitt sérstaklega alvarlegum útúrsnúningi mátt lesa það út úr þeirri umsögn, sem þeir sendu. Ég verð að segja, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með þá umsögn, af því að þessir aðilar hafa látið í ljós mikinn áhuga á togarakaupum, en það, sem ég varð þó fyrir enn meiri vonbrigðum með í sambandi við þá umsögn, var það, að þeir minntust ekki einu einasta orði á II. kafla þessa frv., stuðning við útgerð sveitarfélaga. Ég læt það nú vera og ætla ekki að hafa fleiri orð um það.

Þá kem ég að lokaatriðinu, og það er það, að ég varð fyrir enn þá meiri vonbrigðum með það, að hv. frsm. meiri hl. skyldi ekki gera þessu atriði nein skil. Ég hef nefnilega staðið í þeirri meiningu, að bæjarútgerðir hafi til þessa verið sérstök eftirlætisbörn Alþfl., hann hafi státað af því með réttu, að hann hafi átt drjúgan hlut að því að koma þeim á fót í bæjarfélögum, þar sem hann hefur haft áhrifaaðstöðu. Það er alveg rétt, að Alþfl. hefur gert það. Hann gerði það á Ísafirði og gerði það í Hafnarfirði og hann átti vafalaust þátt í því ásamt öðrum að hrinda af stað bæjarútgerð hér í Reykjavík. Mér hefur virzt, að það hafi verið frá því sagt í Alþýðublaðinu að undanförnu, að það hafi verið mikill áhugi fyrir því hjá ráðandi öflum í Reykjavík, að leggja þessa Bæjarútgerð Reykjavíkur niður, en Alþýðublaðið og Alþfl. hafi snúizt sérstaklega sterklega gegn slíku. Þess vegna gekk ég satt að segja út frá því sem gefnu, að Alþfl. mundi grípa fegins hendi þessa hugmynd, sem hér er sett fram, að ríkið styðji bæjarútgerðir eða útgerðarfélög, sem sveitarfélög standa að, en það er nú nánast formsatriði víðast hvar, hvort þetta eru hreinar bæjarútgerðir eða það form er valið, sem sumum þykir henta betur, að þetta sé hlutafélag að formi til, enda þótt sveitarfélagið sé þar meginásinn í. En hv. frsm. meiri hl. vék ekkert að þessu efni frv. og lét ekkert í ljós um það, hver afstaða Alþfl. væri til slíkra hugmynda, að ríkisvaldið gengi til móts við sveitarfélögin um það að styðja útgerð þeirra, og á því er ég náttúrlega mjög undrandi. Ég verð að segja það, að ég hefði skilið afstöðu meiri hl. betur, nefnilega þá, að vilja vísa þessu máli til ríkisstj., ef meiri hl. í þessari hv. d. hefði fallizt á þá tillögu okkar, að gefa ríkisstj. hæfilega rúma heimild til þess að vinna að þessum málum, en það fékkst meiri hl. ekki til að gera, þannig að það er einskorðað eftir þessu frv., sem við erum búnir að afgreiða, og sem við erum út af fyrir sig allir sammála um, hvað ríkisstj. getur gert. Hún getur ekki keypt nema 6 togara, og þess vegna er það þýðingarlaust í sjálfu sér að vísa þessu máli til ríkisstj., að því er togara varðar. En hitt er þó enn þá óeðlilegra að vísa því til ríkisstj. að athuga um framlag í útgerðarfélög sveitarfélaga, án þess að n. eða meiri hl. hennar taki í raun og veru nokkra efnislega afstöðu til þeirrar hugmyndar, sem þar kemur fram. Mér sýnist mikil nauðsyn á því, að talsmaður Alþfl. skýri þessa afstöðu. Er Alþfl. enn einu sinni að snúast? Er Alþfl. nú að hverfa frá þeirri stefnu, að það sé eðlilegt að samtök almannavaldsins, sveitarfélögin og bæjarfélögin, hafi forystu í atvinnuuppbyggingu þessara staða með þeim hætti, að sveitarfélagið beiti sér fyrir stofnun útgerðarfélaga, og er Alþfl. á móti því, að ríkisvaldið rétti þessum útgerðarfélögum örvandi hönd, með þeim hætti, sem hér er lagt til? Togarar eru stórir, og það virðist svo, sem þessi II. kafli hafi fallið í skuggann af þeim, en það eru til margir litlir staðir, sem ekki ráða við togara og ekki munu eignast togara. Þeir staðir eiga sín vandamál og þau vandamál þarf að leysa með þeim hætti, sem þeim hentar. Hvernig hugsar Alþfl. til þeirra staða? Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á afstöðu Sjálfstfl. vegna þess, að hann hefur nú einu sinni þessa kreddukenningu á sinni stefnuskrá, að ríkið megi helzt ekki koma nálægt atvinnurekstri, sem beinn þátttakandi, og þó að hann hafi gert þar ýmis frávik frá, þá virðist það gert með talsverðri tregðu. En á Alþfl. er ég satt að segja ákaflega undrandi, að hann skuli taka slíka afstöðu sem þessa til þessa máls. Eins og ég sagði áðan, þá er þarna ekki um neitt stórfé fyrir ríkissjóð að tefla, þó að það sé talað um 50 millj. kr. í þessu sambandi, en 50 millj. kr. gætu alveg riðið baggamuninn í þessu efni, þannig að það gæti einmitt verið, að á mörgum hinum smærri stöðum væri hægt að koma af stað útgerðarfélögum og koma við skipakaupum, ef það væri lagt fram framlag til slíks félags. Þetta vildi ég bara leyfa mér sérstaklega að undirstrika, að þetta frv. er ekki aðeins um Togaraútgerð ríkisins, heldur um stuðning við útgerð sveitarfélaga. Um leið og menn greiða atkv. um þetta frv., þá taka þeir ekki eingöngu afstöðu til fyrri hl. um togaraútgerðina, heldur einnig til síðari hlutans um stuðning ríkisins við útgerð sveitarfélaga.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég get lýst afstöðu minni og ég reikna með sömu afstöðu Alþfl. til bæjarútgerða og stuðnings við þær. Hann hefur verið jákvæður og er það áfram, en það er alveg skýlaust, og það kom fram í umr. um kaupin á 6 togurum og það mun einnig verða, verði kaup á minni skipum ákveðin — þá kom það skýlaust fram, að ríkisvaldið mun leggja fram það, sem talað er um sem lánsform. Það gera sér allir grein fyrir því, sem hugleiða málið, að þetta er með þeim kjörum og mun verða með þeim kjörum, að þetta verður framlag, þótt sett sé fram í lánsformi. Þetta er vaxtalaust lán og á að greiðast, þegar allt annað er gengið upp. Þetta er auðvitað stórkostlegur stuðningur af hálfu ríkisvaldsins við þá staði, sem vilja fara í út-

gerðir. En það er oft talað um það í því frv., sem við vitnum í sem rökstuðning til að vísa þessum málum, Togaraútgerð ríkisins og stuðningi við útgerð sveitarfélaga — það er vitnað í kaup á 6 togurum, og því hefur verið lýst hér yfir af hæstv. sjútvmrh., að litið verði með velvilja á þær beiðnir, sem koma frá bæjarfélögunum.

Það kann vel að vera, að það sé nauðsynlegt til að ýta við sumum bæjarfélögum að ota að þeim peningum. Það getur vel verið. En ég vil rifja hér aftur upp nokkra reynslu sumra bæjarfélaga af togaraútgerð, sem því miður fór halloka og Alþfl. streittist mjög lengi á sumum stöðum að halda þeim gangandi og var bæði gagnrýndur af Framsfl. og Sjálfstfl. fyrir þau verk, og fór halloka fyrir þá starfsemi. En engu að síður viljum við leggja því lið áfram, að ríkisvaldið stuðli að eflingu slíks útgerðarforms. En á það má minna, að mjög víða um land hafa menn sameinazt, tveir, þrír og fleiri um útgerð minni skipa, sem hefur gengið vel. Menn starfa að því sjálfir, og ég tel það alveg heilbrigt. Á mjög fáum stöðum í dag tel ég vera um bæjarútgerðir minni skipa að ræða — mjög fáum. En það er víða um myndarlega félagsútgerð að ræða. Sums staðar er bein félagsútgerð við frystihúsin, og allir vita, hvað ríkisvaldið hefur léð frystihúsum, og í gegnum frystihúsin hafa komið stórar fyrirgreiðslur til bátaútgerðarinnar. Spurningin er því, eftir hvaða farvegi stuðningurinn frá ríkisvaldinu hefur raunverulega farið til útgerðarinnar. Sá farvegur hefur verið með ýmsu móti. Það er atvinnuaukningarsjóður. Það er fjármagnið, sem veitt var í fyrra af hálfu atvinnumálan. ríkisins. Þetta er allt auðvitað opinber stuðningur. Hér í frv. er lögð til ákveðin leið. Það getur vel verið, að það sé nauðsynlegt að opna eina leið enn þá, en við látum það á vald hæstv. ríkisstj., sem er ekkert óvenjulegt. Það er algjör mistúlkun að segja, að við í Alþfl. leggjumst á móti því, að ríkisvaldið efli útgerð úti um land. Það hefur hvergi komið fram og það er mistúlkun á því, sem við erum að leggja til.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. sjútvn. á þskj. 588 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ., að viðhöfðu nafnakalli, með 10:8 atkv., og sögðu:

já: StG, SvG, AuA, EggÞ, JónÁ, JÁH, JÞ, MJ, ÓB, JR.

nei: ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj, KTh, GilsG, KGuðj.

2 þm. (AJ, BFB) fjarstaddir.

---

4. Togarakaup ríkisins.

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um togarakaup ríkisins [38. mál] (þmfrv., A. 38).

Á 6. og 7. fundi í Ed., 27. og 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Ed., 30. okt., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í grg. þess frv., sem hér er til umr., er fjallað nokkuð um það þjóðhagslega gildi, sem við flutningsmenn teljum, að togaraútgerð hafi haft á liðnum tímum fyrir okkur Íslendinga. Ég ætla ekki að endurtaka nema lítið af því, sem er birt í grg. um þessi efni, en vil aðeins minna á eftirfarandi atriði.

Með komu togara hingað á fyrsta áratug þessarar aldar, má í rauninni segja, að nútíminn og tæknin haldi innreið sína hér á landi. Að vísu urðu allveruleg þáttaskil seint á 19. öldinni með komu þilskipanna. Þá varð umtalsverð breyting og veruleg aukning í sjávarútvegi, en enn þá stórfelldari varð þó breytingin með tilkomu togaranna. Togararnir áttu á sínum tíma mjög verulegan hlut að eflingu hinna stærstu útgerðarbæja, ekki sízt Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en raunar fleiri útgerðarbæja, og er það engin undantekning meðal hinna stærstu nema þá Vestmannaeyjar. Það er óhætt að fullyrða, að þýsna snemma urðum við Íslendingar forystuþjóð á sviði togveiða og togaraútgerðar. Ég held, að það sé óumdeilt, að þegar togarinn Jón forseti, fyrsta skipið, sem Íslendingar létu smíða, kom hingað árið 1907, þá hafi það verið fullkomnasta togskip, sem byggt hafði verið í heiminum. Svo vel tókst til, að þeir menn, sem fengu þessi nýju tæki í hendur, reyndust með þeim hætti, bæði skipstjórar og skipverjar á íslenzkum togurum, að þeir báru af öðrum fiskimönnum. Ég minnist þess til að mynda sem ungur maður vestur á Önundarfirði, sem hefur lengi verið, ef svo má segja, lífhöfn togara, þegar þeir eru á veiðum í skammdeginu út af Vestfjörðum — þá minnist ég þess, að það var mjög eftirtakanlegt, vil ég segja, í vondum veðrum, hverrar þjóðar menn voru fyrstir að tínast inn á Önundarfjörð, og jafnan var venjan sú, að Íslendingarnir voru langsíðastir. Svo þegar illviðrinu fór að slota, þá voru Íslendingar venjulega hálfum eða einum degi á undan öðrum út á miðin. Þannig var og hefur löngum verið sókn Íslendinga á þessum togskipum, og var svo lengi, að saman fór góð skip og afbragðsáhafnir. Það var þannig lengi vel, að ungir og efnilegir menn, ekki sízt við sjávarsíðuna, og jafnvel ungir og myndarlegir sveitapiltar sóttust eftir því að komast í skiprúm á togurum, og það þótti hrein og bein manndómsvígsla að verða fullgildur togarasjómaður.

Þessi skip, elztu togskipin okkar, voru gerð hér út fram undir lok fyrri heimsstyrjaldar. Þessi skip voru okkur mjög mikilvæg á styrjaldarárunum fyrri, en þau voru svo langflest seld úr landi árið 1917, eins og kunnugt er, og mun það ekkert launungarmál, að í sambandi við þá miklu skipasölu, vorum við Íslendingar beittir pólitískum þvingunum. Síðan er togaraflotinn endurnýjaður á árunum 1918—1925, og aftur komumst við Íslendingar í fremstu röð, að því er varðar togaraútgerð. Skipin, a. m. k. sum þeirra, sem þá voru smíðuð ný handa okkur eftir fyrra stríðið, báru af skipum annarra þjóða,

og voru þá meðal hinna stærstu og tvímælalaust þau bezt útbúnu, sem þá þekktust, enda var árangurinn eftir því. En það var alkunna, að íslenzkir togarar þá, eftir fyrra stríð og milli styrjaldanna, fiskuðu að jafnaði 2—3 sinnum meira en togarar annarra þjóða. Ég held, að það sé ekki of fast að orði kveðið, að á kreppuárunum frá 1930 og fram til 1940 eða 1939, þegar við áttum einna erfiðast á sviði atvinnumála, hafi togararnir reynzt bjargvættir, þar sem þeir voru gerðir út. Þeir voru þá afar mikilvægir, og sýndu enn mikilvægi sitt á styrjaldarárunum síðari, þótt þá væru þeir flestir orðnir gamlir. Þeir lögðu þá ekki að litlu leyti grundvöll að því, að hægt var eftir styrjöldina að afla nýrra og stórvirkra atvinnutækja hingað til lands.

Þá fer fram eftir styrjöldina hin þriðja endurnýjun íslenzks togaraflota, þegar nýsköpunartogararnir svonefndu voru keyptir og komu hingað til lands á árunum 1946 og fram undir 1950. Þá skeður það í þriðja sinn, að Íslendingar komast í fremstu röð, að því er tekur til togaraútgerðar. Að vísu hefði e. t. v. mátt ganga að því verki með nokkru meiri framsýni að endurnýja skipin í það sinn. Það voru þá þegar uppi ýmsar hugmyndir um breytingar á skipagerð, sem síðar voru framkvæmdar, en fátt um það. Þó hygg ég, að nýsköpunartogararnir hafi verið með því allra fremsta á því sviði, sem til var, þegar þeir komu. En síðan fer heldur að halla undan fæti. Þó skal þess ekki látið ógetið, að á árunum 1958—1960 eru enn keyptir nokkrir togarar, síðast eru keyptir hingað til lands eða smíðaðir fyrir Íslendinga, ef ég man rétt, 5 togarar, sem komu hingað 1960. Það voru stór og myndarleg og góð skip, um 1000 brúttótonn að stærð, og það er enginn efi á því, að það eru einmitt þessi stærstu og yngstu skip, sem hafa staðið sig einna bezt nú síðasta áratug á þeim erfiðleikatímum, sem þá hafa yfir togaraútgerðina gengið. En eftir 1960 hefur enginn togari verið keyptur eða smíðaður fyrir okkur Íslendinga. Síðan hefur stöðugt sigið á ógæfuhliðina, eins og alkunnugt er, og ég þarf ekki að verja mörgum orðum til að lýsa. Hinum raunverulegu togurum hefur fækkað á tæpum áratug úr 48, sem þeir munu hafa orðið flestir, og í 20 eða tæplega það, sem nú munu gerðir út.

Ég skal ekki draga úr því á nokkurn hátt, að um alllangt skeið var, og hefur raunar verið allan síðasta áratug, býsna erfitt að gera út togara. Ástæðurnar eru margar, og skal ég í örstuttu máli rifja þær helzt upp. Þar var nokkuð lengi um að ræða mjög minnkandi afla frá því, sem verið hafði, en nú hefur afli togaranna vaxið töluvert frá því, sem hann var orðinn minnstur. Þá þrengdist og verulega um togara á íslenzkum miðum eftir útfærslu landhelginnar. Hin mikla og geigvænlega verðbólguþróun, sem hér hefur átt sér stað, hefur gert togurunum ekki síður en öðrum atvinnurekstri mjög torvelt um vik og átt sinn mikla þátt í erfiðleikum þeirra. En loks er þess að geta, sem að mínum dómi hefur ekki átt hvað minnstan þátt í erfiðleikum togaraútgerðar hér, en það er sú staðreynd, að flest skipin voru orðin gömul og dýr í rekstri.

Ég tel, að segja megi, að allir togararnir hafi verið eða séu nú orðnir gamlir og úreltir, aðrir en síðustu og stærstu togararnir, sem ég hygg, að enn megi nota um sinn. Mannahald þessara skipa er, eins og kunnugt er, afar mikið. Þar er ekki hægt að koma við þeirri vinnuhagræðingu, sem nú þykir sjálfsögð um borð í slíkum fiskiskipum. Þar er olíukostnaður mikill og ýmiss annar tilkostnaður, sem ég rek ekki nánar. Þetta allt hefur valdið því, að útgerðarmenn hafa verið mjög tregir til og beinlínis hræddir við að fara út í endurnýjun skipaflota síns. En ríkisvaldið, sem að mínum dómi og okkar Alþb.-manna hefði átt að eiga hér frumkvæði, hefur haldið að sér höndum.

Ég hygg, að það hafi verið ljóst nokkuð lengi, að ríkisvaldið varð að hafa forystu um að afla nýrra togara. Það varð að greiða fyrir því með ýmsum hætti, ekki sízt með hagstæðum lánum og jafnvel á ýmsan annan hátt, að Íslendingar gætu endurnýjað togaraflota sinn og keypt eða látið smíða nýtízku skuttogara, sem hentuðu við íslenzkar aðstæður. En þetta hefur ekki verið gert. Þetta hefur verið vanrækt. Það hefur ríkt sú kenning núv. hæstv. ríkisstj., að ríkisvaldið eigi ekki að hafa frumkvæði um neitt af því, sem tekur til atvinnurekstrar. Það eigi einkaframtakið að gera. Mér þykir óneitanlega leitt, að hæstv. sjútvmrh. skuli ekki sjá sér fært að vera við umr. um þetta mikilvæga mál, því að ég hefði gjarnan viljað ræða við hann og þá sérstaklega það ófremdarástand, sem ég tel að hafi ríkt í þessum málum, og það eindæma sleifarlag, sem hefur viðgengizt undir hans stjórn, að togaraflotinn skuli hafa verið látinn drafna svo niður sem raun hefur á orðið. Ég ætla ekki að kenna hæstv. sjútvmrh. einum eða jafnvel ekki fyrst og fremst um þetta. Ég tel, að ríkisstj. öll beri þar þunga og mikla ábyrgð og sé samábyrg um það, það sé hennar stefna, sem þarna hefur sýnt sig í verki, að ríkisvaldið mátti ekki og átti ekki að hafa forystu og einkaframtakið hefur ekki dugað. Afleiðingarnar af því, að togaraflotanum hefur hrakað þannig, að nú eru ekki gerð út einu sinni 20 skip á móti 48 í kringum 1960, eru mjög tilfinnanlegar og mér liggur við að segja geigvænlegar fyrir þau fjölmennu byggðarlög, sem treystu hvað mest á togaraútgerð, og sem togaraútgerð hafði átt sinn mikla þátt í að byggja upp. Þá á ég alveg sérstaklega við Reykjavík og Hafnarfjörð. Á þessum stöðum báðum var mjög lengi mjög blómleg togaraútgerð, en nú vantar litið á, a. m. k. í Hafnarfirði, að hún hafi með öllu þurrkazt út, og ég verð að segja það, ekki sízt þegar ég minnist þessarar sorgarsögu togaraútgerðar í Hafnarfirði, þá finnst mér það næsta ömurlegt, að allan þennan tíma, allan þennan mesta hörmungartíma togaraútgerðar hér á landi skuli það hafa verið Alþfl., sem átti ráðh. sjávarútvegsmála. Þetta er vissulega ömurlegt, ekki sízt með tilliti til fortíðar þessa flokks og jafnvel annars þess ráðh., sem hér átti hlut að máli, hæstv. fyrrv. sjútvmrh. Emils Jónssonar, að því er varðaði uppbyggingu togaraútgerðar í Hafnarfirði, og raunar átti Alþfl. víða góðan hlut að því, að togaraútgerð var byggð upp fyrr á tímum. Með

tilliti til þessarar fortíðar verð ég að segja það, að það er dálítið ömurlegt hlutskipti, sem hann hefur valið sér, að eiga að bera ábyrgð á sjávarútvegsmálunum á þessum niðurlægingartímum togaraútgerðarinnar og láta Sjálfstfl. leiða sig til þess að halda að sér höndum og horfa á það án þess að hafast nokkuð að, að togaraútgerðin drafnaði niður.

Það er orðið langt síðan allir hugsandi menn hefðu átt að vera búnir að sjá það, að þörf var opinberrar forystu, að því er snertir endurnýjun togaraflotans, að því er snertir það að koma þeim málum í sómasamlegt horf að hefjast handa um það að endurnýja skipaflotann og fá hingað fullkomin og góð skip, þau beztu, sem möguleikar væru á miðað við íslenzkar aðstæður. Nú er það alkunna, að það hefur orðið önnur þróun hjá ýmsum öðrum fiskveiðiþjóðum, bæði þeim, sem áður hafa stundað togaraútgerð, og einnig þeim, sem á síðari árum eða áratugum hafa tekið upp slíka útgerð. Þar hafa komið til sögunnar nýjar gerðir togara, sem í daglegu tali eru kallaðir skuttogarar, af því að það er eftirtektarverðasta breytingin, sem orðið hefur, að trollið er tekið inn á skut en ekki hliðum. En mjög margar aðrar breytingar hafa orðið á þessum togurum frá því, sem var t. a. m., þegar nýsköpunartogararnir okkar voru teiknaðir og smíðaðir fyrir nærri aldarfjórðungi. Ég ætla ekki að fara að telja upp þær breytingar. Ég þekki þær ekki nægilega til þess heldur, en mér er kunnnugt um, að meginbreytingarnar eru fólgnar í því, að nútíma togveiðiskip hafa miklu meiri sjálfvirkni um borð heldur en eldri skipin og geta þar af leiðandi sparað mikið mannahald. Það eru enn fremur mjög verulega bætt vinnuskilyrði og aðbúnaður frá því, sem áður var. Talið er, að líkur séu fyrir því, að þessi togskip af nýrri gerð geti fengið meiri afla, og ekki síst er það mikilsvert, að þar er mjög bætt aðstaða frá því, sem áður var, til að afla fyrsta flokks hráefnis, eða réttara sagt koma að landi með fyrsta flokks hráefni.

Þegar þetta mál er til umr. enn einu sinni, hvort við eigum að endurnýja togaraflota okkar og afla okkur skuttogara, þá get ég ekki látið vera að minnast þess, að sennilega er skuttogarahugmyndin íslenzk hugmynd í upphafi. Ég þori ekki að fullyrða þetta algerlega, en ég hef það fyrir satt, að það sé íslenzkur maður, Andrés Gunnarsson vélstjóri, síðar verkstjóri í vélaverkstæði Áburðarverksmiðjunnar hér, sem fyrstur manna kom fram með hugmyndina um þá gjörbreytingu á togbúnaði að smíða skipin þannig, að hægt væri að taka botnvörpuna inn á skut togara. Það er sannanlegt, að Andrés kom fram með þessa hugmynd sína árið 1945 og lét þá með töluverðum kostnaði gera líkan að um það bil 1000 tonna skuttogara, eins og hann hugsaði sér slíkt skip. Þessar hugmyndir og þetta líkan Andrésar vélstjóra kom fyrir togaranefnd, og teikningar voru lagðar fram fyrir togaranefndina, sem undirbjó smíði nýsköpunartogaranna svonefndu. Þessi nefnd mun hafa orðið neikvæð í afstöðunni til þessarar hugmyndar. Hún var einnig borin undir ýmsa togaraskipstjóra, sem þá voru kunnir aflamenn og reyndir við togveiðar, og skoðanir munu hafa verið ákaflega misjafnar. Sumir þeirra töldu, að þessi hugmynd gæti ekki staðizt, en aðrir voru aftur á móti jákvæðir og töldu, að þarna gæti verið um mjög mikilvæga breytingu að ræða til bóta frá því, sem áður var. Óneitanlega hefði verið skemmtilegt og æskilegt, að það hefði fengið að reyna fyrir um það bil aldarfjórðungi síðan, hvort hin íslenzka hugmynd um að breyta togurum á þennan hátt úr síðutogara í skuttogara hefði verið framkvæmanleg eða ekki. Því miður fór svo, að aldrei reyndi á þetta, og hugmyndin var sem sagt lögð til hliðar. Nokkrum árum síðar, ég þori ekki að fullyrða hversu mörgum, en ég held fáum árum síðar, mun skuttogarahugmyndin hafa komið fram hjá Bretum og varð þá brátt að veruleika, þótt allnokkrum og miklum breytingum hafi skuttogararnir eðlilega tekið síðan. Því hefur verið haldið fram í mín eyru, að það sé hægt að rekja slóð þessarar uppgötvunar þessara brezku hugvitsmanna til hugmyndar Andrésar Gunnarssonar, en það er a. m. k. vitað, að sú hugmynd var á sínum tíma töluvert rædd bæði meðal íslenzkra og enskra togaraskipstjóra, og hún mun einnig hafa verið borin undir verkfræðinga við brezkar skipasmíðastöðvar, sem þá voru að sögn ekki tilbúnir til þess að segja álit sitt á hugmyndinni. Ég veit ekki, hvort fullar sönnur verða færðar á þetta, en ég hef rætt við greinargóða menn, sem telja líklegt eða a. m. k. vel hugsanlegt, að þetta sé rétt, það sé íslenzkur maður, sem eigi hugmyndina að skuttogara. En þetta var nú að vísu hálfgerður útúrdúr, en þó þótti mér ekki úr vegi að minnast þessa, sem ég hef fyrir satt, að opinberlega hafi hugmyndin ekki komið fyrr fram en frá þessum íslenzka vélstjóra.

En hvað sem þessu líður, er það fyrir löngu orðið tímabært, að við eignumst skuttogara og það af fleiri en einni gerð og stærð. Vitanlega væri heppilegast og hefði verið heppilegast, að hér hefði átt sér stað jöfn og örugg þróun, þannig að endurnýjunin hefði getað dreifzt á nokkuð langan tíma. Við Alþb.-menn höfum flutt þáltill. og frv. um endurnýjun togaraflotans núna þing eftir þing, ég held mest allan eða allan þennan áratug. En málið hefur aldrei verið af hálfu opinberra aðila tekið neinum tökum nema þá hin allra síðustu ár hreinum vettlingatökum.

Fyrir um það bil 4 árum, ef ég man rétt, eða þegar hæstv. núv. sjútvmrh. var að hefja feril sinn í ráðherraembættinu, gaf hann fyrirheit um það, sem mörgum þótti ekki stórmannlegt, að tekinn yrði á leigu um nokkurt skeið skuttogari til þess að fá einhverja reynslu af útgerð slíks skips. Úr þessu varð ekkert, og gat þó varla verið um að ræða stórfelldan tilkostnað í þessu sambandi, en ég hygg, að hann hafi skýrt frá því, að einhverjir erfiðleikar hafi verið á því að fá slíkt skip leigt til skamms tíma. Þá þótti víst ekki fært að leggja í þann kostnað að leigja skipið til lengri tíma, hvað þá heldur að kaupa það, eitt einasta skip til reynslu. En svo líður tíminn og snemma árs 1967 virðist vera að koma dálítill skriður á þetta mál. Ég hef nú minnt á það fyrr og sé ekki ástæðu til þess að

gleyma því heldur nú, að þá um vorið áttu að fara fram og fóru fram alþingiskosningar, og við sumir settum þennan áhugavott hæstv. ríkisstj. dálítið í sambandi við það. En í marz- eða aprílmánuði 1967 skipaði hæstv. sjútvmrh. svonefnda skuttogaranefnd, þ. e. nefnd 7 manna, sem átti að framkvæma athugun á því, hverjar væru heppilegar gerðir, stærðir og útbúnaður skuttogara fyrir Íslendinga. Þessari nefndarskipan var allmjög hampað í kosningunum 1967, þar sem það þótti henta. Ég man svo langt, að það var töluvert um það talað, að nú væri af hálfu ríkisstj. hafinn undirbúningur að því, að endurnýjun togaraflotans gæti farið fram. Og ég man ekki betur en hæstv. sjútvmrh. léti þá á þinginu 1967 allvel af afrekum sínum í þessu efni og taldi vel að verki staðið. Þarna væru komnir 7 valinkunnir menn í nefnd, og ég dreg á engan hátt úr því, að nefndin var að ýmsu leyti prýðilega vel hæf til þess að fjalla um þessi mál, og svo virtist í upphafi sem hún tæki verkefni sitt alvarlega, eins og hún vitanlega hlaut að gera, ef einhver áhugi var á þessu máli hjá ráðamönnum á annað borð. Það mun hafa verið tiltölulega skömmu eftir að n. var skipuð, sem hún fór í ferðalag a. m. k. til Bretlands og jafnvel víðar til þess að skoða skuttogara og kynna sér þessi mál eftir föngum. Og sumarið 1967 mun það hafa verið, sem hæstv. sjútvmrh. skipaði til starfa með n. eina þrjá tæknilega ráðunauta, skipaverkfræðing, vélaverkfræðing og rafmagnsverkfræðing. Þarna virtist því vera unnið af alvöru og nokkru kappi að mikilvægu máli, sem allt of lengi hefði verið látið dankast, án þess að neitt væri að gert.

Haustið 1967, þegar n. hafði starfað sennilega um það bil 6 mánuði, þá átti hún viðræðufundi með starfandi skipstjórum og fleiri yfirmönnum á togaraflotanum. Þessir fundir munu hafa verið gagnlegir að flestu leyti og þar komið fram ýmsar þarfar ábendingar varðandi þessi mál, og haustið 1967, eftir rúmlega hálfs árs starf, virtist n. komin að niðurstöðu um hentuga stærð og gerð togara, og hún lét þá frá sér fara þær hugmyndir, að einna hentugust stærð væri 1000—1200 brúttósmálesta skuttogari með lestarrými fyrir allt að 400 lestir nettó. N. áætlaði, að slíkur togari þyrfti 24 manna áhöfn, en það er þó a. m. k. 6—8 mönnum minna heldur en er á gömlu togurunum, þótt þeir séu flestir eða allir minni en þessi skip áttu að vera. Nú virtist mega gera ráð fyrir því, að raunhæfar aðgerðir í þessu máli væru ekki langt undan, en það var öðru nær. Ég held, að það fari heldur fáum sögum af starfi þessarar ágætu n. þau tvö ár, sem liðin eru, síðan hún gaf út þessa tilkynningu sína haustið 1967, og ég ætlaði að spyrja hæstv. sjútvmrh. að því, og mun þá gera það við síðara tækifæri, þegar það gefst, fyrst hann er ekki viðstaddur umr. nú. Mér er tjáð, að n. hafi verið að láta ungan skipaverkfræðing teikna fyrir sig skuttogara. Ýmsum hefur að vísu þótt þetta að sumu leyti dálítið einkennileg vinnubrögð, þegar litið var á hvort tveggja, bæði reynslu annarra þjóða í skuttogarasmíð og þörfina á að hefjast skjótt handa um að kaupa eða láta smíða togara fyrir okkur Íslendinga. Að sumu leyti minnir þetta á þau vinnubrögð, að við Íslendingar létum einhvern ungan og efnilegan vélaverkfræðing fara að teikna nýja tegund bíla, sem við ætluðum að panta í Bretlandi eða annars staðar, en teldum, að við gætum ekki unað við neinar þær bílategundir, sem til eru á markaði. Flestir hefðu nú talið, að a. m. k. til að byrja með hefði verið einfaldast að velja einhverjar þær erlendar teikningar af skuttogurum, sem beztar og hentugastar þóttu eftir því, sem fróðustu menn hefðu þar um fjallað, og semja þá um þær breytingar á þessum teikningum eða þessum skipagerðum, sem æskilegar hefðu verið taldar miðað við íslenzkar aðstæður. Ég veit, að margir sjómenn hafa undrazt þessi vinnubrögð mjög og gagnrýnt þau í sínum hóp, þó að sú gagnrýni hafi e. t v. ekki nema að litlu leyti komið fram á opinberum vettvangi, og kunnur togaramaður fullyrti við mig nýlega, að svo mikið væri víst, að enginn vilji lita við þessari teikningu skuttogaranefndar. Um það get ég að sjálfsögðu ekki dæmt, og þetta kann að vera sleggjudómur, en hann er vitni um það, að margir ágætir menn, sem þekkja til þessara mála, telja, að þarna hafi verið um að ræða dálítið undarleg vinnubrögð. Og eitt er víst, að í þetta teikningamál hefur farið allt of langur tími. Við höfum glatað þarna tveimur árum. Mér dettur ekki í hug að kenna skuttogaranefnd um þessi dálítið undarlegu vinnubrögð. Ég veit, að það er húsbóndi hennar, hæstv. ríkisstj., sem á að svara til saka. Þetta er votturinn um áhuga hennar á endurnýjun togaraflotans. Það er ekki skuttogaranefndin, sem legið hefur á málinu í tvö ár. Það er hæstv. ríkisstj., sem hefur gert það og það dyggilega.

Á allra síðustu árum hefur, sem betur fer, orðið heldur bjartara framundan að því, er snertir togaraútgerð hér á landi. Það er um að ræða verulega breytingu til bóta að því, er varðar aflabrögð togaranna. Fiskverð hefur nú aftur farið töluvert hækkandi, og eru alveg sérstaklega góðir sölumöguleikar fyrir I. flokks fisk, sem er unninn úr I. flokks hráefni. Þar af leiðandi eru nú kröfurnar um vöruvöndun stöðugt vaxandi. Vænlegasta leiðin og fljótvirkasta til þess að bæta úr hráefnisskorti margra hinna stærstu hraðfrystihúsa og til þess þá um leið að koma í veg fyrir atvinnuleysi er alveg tvímælalaust, að við endurnýjum togaraflotann og það fyrr en síðar. Við flm. þessa frv. teljum, að nú megi ekki sofa lengur, nú megi ekki viðhafa lengur þau handarbakavinnubrögð, sem hæstv. ríkisstj. hefur viðhaft í þessu máli. Ríkið verður að hafa forystu um endurnýjun togaraflotans hvað svo sem aftur á móti líður rekstrarformunum, eftir að togararnir hafa verið keyptir. Það getur að okkar dómi verið um margvísleg rekstrarform að ræða. Þar getur verið um að ræða hæjarútgerðir, þar getur vissulega, og ekki hvað sízt, verið um að ræða útgerðarfélög, þar sem bæir og jafnvel ríkið sjálft væru stórir aðilar, þó að fleiri kæmu jafnvel til. Það geta verið venjuleg hlutafélög, og enn fremur gætu það vissulega verið einstaklingar, sem tækju að sér rekstur skipanna.

Í þessu frv. er ríkisstj. heimilað að láta smíða allt að 15 nútíma skuttogara. Ég skal játa það, að þetta er há tala og vissulega hefði verið betra

minna og jafnara, eins og þar stendur. Það hefði verið betra og eðlilegra á allan hátt, að þessi uppbygging togaraflotans hefði getað orðið hægari og á lengri tíma, en við verðum að athuga það, hve langan tíma þetta stórmál hefur verið forsómað, og þess vegna þarf nú að taka myndarlega til hendi. Í sambandi við þetta skal á það bent, að jafnvel þótt smíðaðir yrðu á tiltölulega skömmum tíma — það tekur nú alltaf sinn tíma — 15 skuttogarar og síðan 5 á ári, eins og við teljum lágmark fyrst um sinn, þá tæki það um það bil áratug að endurnýja togaraflotann á þann veg, að við stæðum álíka í því efni eins og við gerðum fyrir 9 árum eða um 1960. Þá er að sjálfsögðu reiknað með því, að þau skip, sem nú eru í rekstri og flest taka fast að eldast, gangi úr sér á þessu tímabili.

Við flm. höfum ekki talið rétt að hafa í frv. ákvæði um stærð og gerð þeirra togara, sem yrðu keyptir eða smíðaðir. Mér þykir hins vegar líklegt, að það yrði einkum um tvær stærðir að ræða, annars vegar fremur litla togara, sennilega um 500 brúttólestir, togara, sem geymdu fiskinn ísvarinn og lönduðu honum til vinnslu í hraðfrystihúsum. Hins vegar, og það er í samræmi við niðurstöður togaranefndar, þá væri um að ræða nokkuð stór skip, 1000—1200 rúmlestir. Skip af þessari stærðargráðu gætu sótt jöfnum höndum á togaramið hér við Ísland og á fjarlæg mið, og þau væru búin hraðfrystitækjum til heilfrystingar á fiski. En þó vil ég leggja áherzlu á það, að ég tel, að þessi stærð skipa ætti einnig fyrst og fremst að afla hráefnis til fullvinnslu hér í landinu. Loks væri óneitanlega æskilegt, ef hægt yrði og það heldur fyrr en síðar, að kaupa a. m. k. einn stóran og fullkominn verksmiðjutogara, togara, sem gæti fullunnið aflann um borð, þannig að við fengjum einnig reynslu af rekstri slíks skips.

Þetta allt, stærð skipanna og ýmiss konar útbúnaður, þarf vitanlega að athugast vandlega, og má nú ætla, að margt af því hafi þegar verið athugað af þeirri n., sem hefur starfað að þessum málum í bráðum 3 ár. En slík athugun má ekki verða til þess að tefja allt of lengi að hafizt sé handa um framkvæmdir í þessu efni.

Það þarf að sjálfsögðu enginn að vera í vafa um það, að endurnýjun togaraflotans kostar mikið fé, mjög mikið fé. Það fer að sjálfsögðu eftir stærð skipanna, hvað þarna væri um mikið fé að ræða til þess að láta smíða 15 skip, eins og gert er ráð fyrir eða heimildin segir til um í þessu frv. En ef þau skip skiptast nokkuð jafnt á þær skipastærðir, sem ég hef nú rætt aðallega um og gert ráð fyrir, að einkum yrði um að ræða, þá er hér vafalaust um að ræða fjármuni, sem nema hátt á annan milljarð kr. En sú er þó bót í máli, að skipasmíðastöðvar víða veita mjög hagkvæm og töluvert löng lán og það fyrir verulegum hluta smíðakostnaðar. En hitt yrði óneitanlega alveg sérstakt viðfangsefni og sérstakt vandamál vil ég segja að auðvelda innlendum skipasmíðastöðvum að smíða a. m. k. nokkurn hluta þessara skipa. Það væri óneitanlega æskilegt, ef hægt yrði að leysa það vandamál, og að mínum dómi þyrfti að athuga, hvort ekki væru færar leiðir í því sambandi. Það er nú til að mynda rætt um það, bæði leynt og ljóst, að e. t. v. eigum við kost á stórlánum til ýmissa framkvæmda, svo sem eins og til vegagerðar. Ef slík erlend lán eru fáanleg, og ef við þolum að bæta á okkur slíkum lánum, kæmi þá ekki sterklega til greina, að reynt yrði að afla erlendra lána til endurnýjunar bráðnauðsynlegra atvinnutækja — atvinnutækja, sem alveg örugglega myndu stórauka gjaldeyristekjur þjóðarinnar? Mér finnst það einhvern veginn heilbrigðara að taka lán til þess að treysta þannig grundvöll atvinnulífsins, á meðan hann er ótraustur, eins og hann óneitanlega er nú, heldur en til að mynda að taka stórt erlent lán til ýmissa annarra framkvæmda, þarflegra framkvæmda, sem ég vil þó segja, að komi í annarri röð á eftir atvinnulífinu.

Ég tel svo brýnt, að hafizt verði handa um endurnýjun togaraflotans, að á því megi ekki lengur verða nein teljandi bið. Hún er búin að verða allt of löng og allt of dýr. Við flm. þessa frv. teljum alveg óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið hafi frumkvæði um þessa endurnýjun og það greiði með ýmsum hætti fyrir því, að hún geti átt sér stað. Sá tími, sem það tekur að smíða skipin, yrði að sjálfsögðu að notast vel til þess að undirbúa hentug rekstrarform eða réttara sagt undirbúa það, að hin ýmsu rekstrarform geti tekið við skipunum. Jafnframt ber ríkisvaldinu að mínum dómi að kanna það, hvaða ráðstafanir e. t. v. er óhjákvæmilegt að gera til þess að auðvelda væntanlegum rekstraraðilum skuttogarakaup og rekstur hinna nýju skipa. Í því efni skiptir það að sjálfsögðu ákaflega miklu máli, að vextir og afborganir vegna þessara dýru skipakaupa leggist ekki með allt of miklum þunga á útgerðirnar fyrstu árin. Það er ljóst, að margir óttast, að smíðakostnaður skuttogara verði svo hár, að torvelt verði að reka þá hallalaust. Nú mundi það alveg vafalítið, ég vil segja vafalaust, vera slíkur þjóðhagslegur hagur að fá þessi skip í rekstur, a. m. k. ef þau uppfylla eðlilegar vonir manna um aflabrögð, aflagæði og atvinnuaukningu, sem af þessu mundi leiða, að það væri fyllilega réttmætt að veita verulegan stuðning af opinberri hálfu til þess að afla skipanna, ekki sízt fyrstu og væntanlega erfiðustu árin. Það yrði fyrst og fremst að gerast með hagstæðum lánakjörum, en þó kæmi að mínum dómi fyllilega til athugunar, að hið opinbera tæki að sér með einhverjum tilteknum og tilgreindum hætti að standa hreinlega undir hluta stofnkostnaðar.

Herra forseti. Margt mætti enn um þetta stórmál segja, en ég hef nú þegar orðið nokkuð langorður um málið og skal því láta staðar numið. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 589 og 603).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég tel óþarfa að hafa langan formála fyrir þessu nál., en það er þskj. 589 og kemur fram í því, að meiri hl. sjútvn. vill vísa frv. til hæstv. ríkisstj., og ég get leyft mér að vitna í þau rök, sem ég hafði hér áðan varðandi afgreiðslu 33. máls.

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég hafði ekki áttað mig á því fyrr en nokkuð seint, að þetta mál væri á dagskrá í dag og var þess vegna nokkuð síðbúinn með nál. minni hl., sem mér hafði verið falið að semja, en það er nú í prentun. Þar sem því hefur ekki verið útbýtt og það er stutt, þá ætla ég að leyfa mér að lesa það hér, en þetta nál. er undirritað af Ólafi Jóhannessyni, Bjarna Guðbjörnssyni og mér.

„N. hefur ekki orðið sammála um afgr. málsins. Meiri hl. vill vísa því til ríkisstj. með hliðsjón af fram komnu frv. um kaup á sex skuttogurum. Minni hl. n. telur það frv. með öllu ófullnægjandi, þar sem þar er einungis um að ræða heimild til ríkisstj. til að láta smíða 6 skuttogara alla af sömu stærð, 1000—1100 smálestir. Telur minni hl. nauðsynlegt, að hafinn verði undirbúningur að smíði fleiri skuttogara en þar um ræði og af öðrum stærðargráðum. Yrði með því móti komið til móts við óskir og fyrirætlanir útgerðarstaða víðs vegar um land, þar sem áhugi er á togaraútgerð til að bæta úr hráefnisskorti hraðfrystihúsa og treysta atvinnulíf þessara staða. Jafnframt telja undirritaðir rétt, að ráðstafanir verði gerðar af opinberri hálfu að gera innlendum skipasmíðastöðvum kleift að smíða nokkur hinna nýju togskipa. Með hliðsjón af framansögðu leggur minni hl. n. til, að frv. verði samþ."

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg orð um þetta mál, þar sem togaramálin hafa verið allrækilega rædd hér að undanförnu, en þó get ég ekki látið hjá líða, m. a. með hliðsjón af því, sem fram hefur komið í sambandi við það mál, sem rætt var hér næst á undan, um Togaraútgerð ríkisins, að fara um eitt atriði sérstaklega nokkrum orðum. Það er um það, hvernig afstaða hv. stjórnarsinna, bæði hæstv. sjútvmrh. og þá ekki síður hv. þm. Jóns Ármanns Héðinssonar, frsm. meiri hl., speglast í ræðum þeirra, í sambandi við öll þessi togaramál. Ég gat ekki heyrt annað, en meginhlutinn af ræðu hæstv. sjútvmrh., þegar hann mælti fyrir frv. sínu um 6 skuttogara, væri eins konar afsökun fyrir því að vera nú að koma fram með þetta mál. Hann varði megintíma sinnar ræðu til þess að sýna fram á það, að það hefði raunverulega enginn grundvöllur verið fyrir togaraútgerð á undanförnum árum og væri það tæplega enn, og ég held, að ég fari ekki mjög rangt með, að hin rökrétta ályktun ræðu hans hafi náttúrlega verið sú, að það væri ekkert vit í því að kaupa neina togara.

Það hefur komið fram bæði fyrr og síðar, að því er mér virðist, hjá hv. frsm. meiri hl. í þessum tveimur málum, sem hér hafa verið til umr. nú, að hann er ekki ákaflega hrifinn af þessum hlutum. Ég ætla ekki að vera ókurteis, og þess vegna dettur mér ekki í hug, að hann hafi sett upp hundshaus í sambandi við málið, en hitt vil ég segja, að ólundarsvipur hefur verið á honum, að því er varðar afgreiðslu þessara togaramála, einnig þess að kaupa 6 skuttogara. Þar held ég tvímælalaust, að áhuginn hafi verið ákaflega lítill, og hann er ekki mikill enn. Það er um að ræða einlægar afsakanir fyrir því að hafa nú á endanum orðið við því kvabbi hinna og þessara aðila, að keyptir verði skuttogarar. Það er þetta, sem speglast í öllum þessum ræðum þeirra hv. stjórnarsinna, sem ég hef hér nefnt a. m. k.

Því hefur verið sérstaklega borið við, að því er varðar skuttogara af minni gerðum en þessa 1100 tonna togara, sem nú hefur verið samþ. í þessari d. að heimila ríkisstj. að láta smíða, að það skorti rekstraráætlanir fyrir aðrar stærðir og gerðir togara. Ég verð að segja, að mér finnst þetta nokkuð furðuleg afsökun, þar sem það liggur fyrir, a. m. k. frá sumum þeim aðilum, sem sýnt hafa áhuga á togarakaupum af minni stærðum heldur en hæstv. ríkisstj. hefur nú ákveðið í sambandi við togarakaup, að rekstraráætlanir frá þeim, a. m. k. sumum, hafa legið fyrir lengi, og ég sé ekki, að það sé nein afsökun hjá hæstv. ríkisstj. eða hæstv. sjútvmrh. fyrir því, að hafa látið hjá líða að fela sínum trúnaðarmönnum og sérfræðingum að kanna þær rekstraráætlanir eða gera nýjar fyrir þessar minni gerðir togskipa.

Hæstv. ríkisstj. ætti að hafa verið það ljóst, að það eru uppi nokkuð mismunandi sjónarmið, að því er það snertir, hvernig á að byggja upp togaraflota landsmanna, og það liggur alveg ljóst fyrir, að það eru a. m. k. tvö sjónarmið, og að mínu viti verður að sinna þeim báðum. Annars vegar er um að ræða nokkuð stóra togara líkt og þá, sem þegar hefur verið lagt fram frv. um af hálfu hæstv. ríkisstj. að kaupa, en það eru hins vegar, eins og allir vita, skip, sem myndu í ýmsum tilfellum hafa tilhneigingu til þess að sigla með ísaðan fisk og selja hann á erlendum markaði. En víðs vegar úti um land er hins vegar uppi, eins og margoft hefur verið tekið fram, mjög verulegur og einlægur áhugi á því að geta keypt skuttogara, sem sérstaklega væru við það miðaðir að bæta úr hráefnisskorti hraðfrystihúsanna, og efla á þann hátt atvinnu á þeim stöðum, þar sem atvinna hefur ekki verið næg a. m. k. á sumum árstímum.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast aðeins á þau orðaskipti, sem hér fóru fram á milli hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. frsm. meiri hl. í þessum tveimur málum, Alþýðuflokksmannsins og sessunautar míns Jóns Ármanns Héðinssonar. Mér þótti það að vísu ánægjulegt, að hv. frsm. meiri hl. lýsti því yfir, að Alþfl. væri enn hlynntur bæjarútgerðum. Miðað við ýmislegt, sem fram hefur komið, þá er ég raunar nærri því hissa á þeirri yfirlýsingu, en ég tel ágætt, að hann sé a. m. k. þeirrar skoðunar, ég er ekki einu sinni viss um, að hann mæli þar fyrir hönd flokks síns. Hv. 1. þm. Norðurl. v. virtist vera eins og svolítið undrandi á því, ef Alþfl. hefði nú skipt um skoðun, einnig í þessu máli. Ég er

fyrir löngu hættur að verða neitt undrandi á þeim hlutum, sem þaðan koma í seinni tíð. Því miður er hæstv. menntmrh., formaður Alþfl., ekki hér staddur, en hér er nú varaformaður flokksins og einn ráðherra a. m. k., og í sambandi við það langar mig til þess að skýra þeim frá því, sem ég hef lengi ætlað að segja hæstv. menntmrh., að það hefur einhvern veginn borizt upp í hendur mér og ég á í fórum mínum drjúgt efni í tilvitnanakver eftir formann Alþfl., sem ég er að hugsa um að ganga frá, jafnvel til útgáfu fyrir næstu kosningar. Ég sé ekki betur, eftir því yfirliti, sem ég hef, en að í þessu tilvitnanakveri mundi vera um að ræða skeleggan og hressilegan rökstuðning, bæði með og móti svo að segja öllum þeim meginmálum, sem hafa skipt mönnum í flokka síðustu tuttugu til þrjátíu árin hér á þessu landi. Ég geri ráð fyrir því, að þetta verði allskemmtilegt kver, ef af verður að koma því á framfæri.

Af því að þessi mál hefur borið á góma, þá datt mér í hug, að ég hef haft hér að gamni mínu í tösku minni í nokkurn tíma álit eins ágæts Alþfl.-manns á sumum þeim stefnuskiptum eða veðrabrigðum, sem orðið hafa þar í flokki nú á hinum síðari tímum, og það sýnir, að það eru kannske ekki allir ánægðir með þá stefnu. Þetta er ágæt, skemmtileg grein, sem birtist í Alþýðublaðinu 11. marz s. l. eftir Njörð Njarðvík. Ég skal ekki sítera þá ágætu grein mjög mikið, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Formaður Alþfl. hefur varið stjórnarsamstarfið m. a. með því að segja, að stöðugt stjórnarfar sé mikils virði, en það fer vitanlega eftir því, hvers konar stjórnarfar er um að ræða, og áframhaldandi viðreisnarstjórn er ekkert keppikefli fyrir jafnaðarmenn, öðru nær. Alþfl. hefur í rauninni aðeins eitt mál á stefnuskrá sinni, að koma á lýðræðislegum sósíalisma, og ekkert er slíkum málstað hættulegra en stjórnarsamstarf við íhaldsflokk. Vera má, að hægt sé að hækka almannatryggingar um nokkur hundruð krónur í slíku samstarfi“ — það gengur nú dálítið erfiðlega stundum — „en það er hégómi, sem engan dregur, og engan veginn má kaupa því verði, að flokkurinn teygist æ lengra til hægri, unz hann verður frjálslyndur miðflokkur í stefnulausri afgreiðslu-ríkisstjórn, sem vill stjórna til þess eins að stjórna.“

Ég ætla ekki að lesa lengra úr þessari góðu grein, en vænti þess, að hv. sessunautur minn, Jón Árm. Héðinsson, hugleiði það, sem þar er sagt.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það er sýnilegt, að vorið kemur að sunnan og hefur vakið hv. 5. þm. Reykn. Hann hefur virzt vakna til kosningabaráttu, því hann hefur sett þann ham á sig hér í þessari ræðu og dillað honum og viðrað vel eins og hani á vordegi í sunnanáttinni. Það er ekkert nýtt, að þeir beri fram eina kippu af kaupum skuttogara, þeir Alþb.-menn og fyrrverandi sósíalistar hér á hv. Alþingi, eins og það væri bara að rétta fram höndina og „vær så god“. Þetta þekkir öll þjóðin, og menn kippa sér ekkert upp við svona skrum og galgopaskap. Hitt er svo annað mál, sem hann mætti sjálfur minnast á, hvers vegna þeir gáfust upp á sinni útgerð á vissum stöðum. Það vantaði þó ekki, að þeir ætluðu að vera fyrirmynd annarra manna, en lyppuðust niður, kannske vegna slæmrar stjórnarstefnu, það er víst eina skýringin. Aflamagn skiptir þá engu máli. Sölur á afurðum erlendis virðast ekki hafa skipt þá neinu máli. En það skiptir bara aðra þegna þjóðfélagsins nokkru máli, og þeir sem vilja vera ábyrgir og vilja standa við sínar gerðir, hugsa um, hvort útgerð eða önnur fyrirtæki geti verið rekin með tapi eða skilað einhverju, eða verið í sífelldu basli. Þess vegna hætti Neskaupstaður, af því að þeir gáfust upp á sinni togaraútgerð og völdu annað útgerðarform. Hvers vegna sagði Gísli Konráðsson, forstjóri Ú. A., hér í vetur í sjónvarpi, að erfiðleikarnir hefðu verið svo miklir, að um tíma hefði ekki verið nokkur grundvöllur fyrir togaraútgerð, bæði hér á Íslandi og annars staðar, vegna ytri aðstæðna, sem er ekki í mannlegu valdi að ráða neitt við. Það þýðir ekki að vera svo blindur, að menn loki augunum fyrir slíkum staðreyndum. Það, sem sennilega gefur hv. þm. og fleirum aukinn byr undir báða vængi núna, er aukinn afli. Það er sú gleðilega staðreynd, að það er aukinn afli hér á miðunum við Ísland og víða annars staðar, en um nokkurt árabil fór afli hraðminnkandi hér í N.-Atlantshafi, og það komu upp harðar raddir um það, að nauðsynlegt væri að setja á mjög mikla svæðafriðun. Við þekkjum tillögur um það að hafa kvótamagn, og þetta byggist á þeirri staðreynd, að menn voru hræddir um aflann, og togaraflotinn varð fyrir barðinu á aflaminnkun eins og bátaflotinn. Þess vegna er alveg út í hött að vera að kenna vissum persónum um sífellda neikvæða afstöðu til togara. En þeir, sem vilja vera ábyrgir gjörða sinna, hugsa um það, með hvaða hætti við getum rekið hér sjávarútveg, þannig að hann sé ekki til vandræða. En það hlutverk þekkja þm. í Alþb. alls ekki, og hv. þm. minnist aldrei á neitt slíkt. Það er alveg aukaatriði að þurfa að vera ábyrgur gerða sinna í hans flokki, það kemur a. m. k. hvergi fram.

Nei, það er ánægjulegt, að við getum litið betur fram á við varðandi möguleika togaraútgerðar. Ríkisvaldið hefur á undanförnum árum hjálpað togaraútgerðinni um tugi milljóna. Það sér enginn eftir því, en það er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd varðandi aðstoð við aðra í landinu. Við höfum ekki ótakmarkað fjármagn. Og af hverju fara ekki Norðmenn út í stórkostlega togaraútgerð, ein mesta siglingaþjóð í heimi? Hvað er því til fyrirstöðu? Ætli þeir hafi skynjað þá erfiðleika, sem fylgja togaraútgerð? Þetta er bláköld staðreynd. Hins vegar höfðu Þjóðverjar, Bretar, Frakkar, Belgíumenn og Hollendingar hafið mikla togaraútgerð, lentu í lægð, en eru með breyttu formi — og þá helzt verksmiðjuskipum — að rísa við aftur. Samt sem áður er það grjóthörð staðreynd, að allar þessar þjóðir hafa orðið að hjálpa sinni togaraútgerð, sem nemur samtals mörgum milljörðum, og þetta geta þeir flutt á milli án vandræða, þar sem togaraútgerðin þar er aðeins örlítill þáttur í heildarstarfsemi þjóðfélagsins. Það er hægt fyrir

þennan ágæta þm., ef hann vill hafa starf af öðru heldur en að gefa út tilvitnanir eftir formann míns flokks, að gerast togaraútgerðarmaður og verða forstjóri slíks útgerðarfyrirtækis, því togarar eru víða til sölu erlendis með góðum kjörum. Sjálfsagt gæti hann fengið ríkisábyrgð hér eins og aðrir, og sýni hann nú sína getu í verki og áhuga.

Nei, það er ágætt að hafa hérna smáframboðsfund í Reykjaneskjördæmi á hv. Alþ. Það er skemmtilegt og viss tilbreyting í aflahrotunni. En bæði muna Keflvíkingar eftir togaranum, sem þar var, og Neskaupstaðarmenn og Vestmanneyingar og Ísfirðingar. Þeir gáfust upp vegna þess, að þessir menn vildu vera ábyrgir og standa skil á sínum skuldum, sem þó tókst illa, og ríkissjóður varð að taka þær á sig. Mér var á sínum tíma falið af hæstv. þáverandi fjmrh. að fara í gegnum uppgjör hjá Útgerðarfélagi Ísfirðinga með Ásbergi Sigurðssyni, sem þá var framkvæmdastjóri, og einum þm. í hv. Ed. Sú niðurstaða var hörmuleg, hreint hörmuleg. Þeir gáfust upp vegna ytri aðstæðna og sátu þó nálægt miðunum.

Nei, ég og Alþfl. viljum leggja þessari útgerð ákveðið lið, en við göngum ekki fram hjá þeirri staðreynd, að hún hefur átt í erfiðleikum, og það kostar ákveðið framlag af fjármagni, sem við höfum ekki ótakmarkað.

Við viljum vera það ábyrgir, að það sé sjálfsagt að hjálpa til við togaraútgerð, en við viljum líka líta á aðra þætti þjóðfélagsins, sem starfa eðlilega og á heilbrigðan hátt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. er þekktur sem ágætur rithöfundur og útgefandi, og ég hlakka vissulega til þess, þegar hann fer að gefa út þennan pésa, sem hann boðaði hér, þar sem í verða ýmiss konar tilvitnanir í ræður form. Alþfl., og ég vil tilkynna þessum hv. þm., að ég vil gerast áskrifandi að þessum pésa. En ég hefði lagt til, að hann hefði samt þarna nokkurn eftirmála. Hann gæti tekið nokkrar tilvitnanir úr Frjálsri þjóð 1953 og þar á eftir, þegar þessi hv. þm. var mjög framarlega þar í flokki og skrifaði ýmislegt sjálfur, og þar var ýmislegt um hann skrifað, sem væri ástæða til þess að halda á lofti núna. Ég hefði því ráðlagt honum að hafa pésann nokkru þykkari og taka eitthvað með, sem þar stóð. En þó að þessum hv. þm. finnist, að form. Alþfl. sé fullviðsýnn í ýmsum málum, þá veit ég ekki annað en að það hafi alltaf legið ljóst fyrir hjá þjóðinni, hvar hann hafi verið í flokki, og hvaða flokk hann hafi kosið. En svo er ekki með hv. 5. þm. Reykn. Það fékkst ekki gefið upp fyrir síðustu alþingiskosningar, hvaða lista hann ætlaði að kjósa í Reykjavík. Kannske hann gefi það upp í þessum pésa, sem hann ætlar að fara að gefa út?

Frsm. minni hl. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Það er ánægjulegt að ræða þessi málefni Alþfl. við þá tvo ágætu Alþýðuflokks-Jóna, sem eiga sæti í þessari hv. d., og við síðasta ræðumann, hv. 3. landsk., Jón Þorsteinsson, vil ég aðeins segja það, að ef af því verður, sem ég vona að verði öllu fremur eftir þessa ræðu hans, að ég gefi út pésann með hinum umtöluðu tilvitnunum, þá skal ég reyna að muna eftir að senda honum áritað eintak.

Hv. 5. landsk., Jóni Árm. Héðinssyni, virðist hafa sárnað eitthvað dálítið það, sem ég sagði um afstöðu hans í sambandi við öll þessi togaramál. En þegar leið á ræðu hans, gat ég ekki betur heyrt en að hann staðfesti algerlega þetta, sem ég var að halda fram hér áðan. Það hefur óneitanlega komið dálítið undarlega fyrir sjónir, að allar ræður þeirra hæstv. sjútvmrh. og þá alveg sérstaklega þessa hv. þm. um togaramálið, hafa beinzt að því fyrst og fremst að sýna fram á það, hversu gífurlegir erfiðleikar hafi verið og séu á útgerð togara, og í rauninni að sanna það, að það sé nánast ekki hægt og ekkert vit í því að gera út togara á þessu landi. Þetta ósamræmi — að vera þó að bera fram kaup á 6 skuttogurum og halda hinu fram, að það hafi ekki verið og sé nánast ekki neinn grundvöllur fyrir togaraútgerð — það er þetta, sem ég hef verið að víta.

Hv. þm. sagði hér áðan í fyrri ræðu sinni eitthvað á þá leið, að togaraútgerð hér í nálægum löndum, útgerð skuttogara, væri alls staðar rekin með bullandi tapi, og mér skilst, að hún væri alls staðar þjóðhagslega óhagkvæm. Hvers vegna hafa menn þá verið að fjölga þessum togurum? Ég ber ekkert á móti því, að togaraútgerð hefur gengið upp og ofan hér á landi. Það hefur verið þannig oft á tíðum að henni búið, og eins og ég sagði, hefur stjórnarfarið átt sinn ríka þátt í því fyrir utan aflabrögð, sem áraskipti og jafnvel tímabilaskipti eru að — það hefur verið þannig að þessari útgerð búið oft á tíðum, að hún hefur átt í erfiðleikum. Því neita ég ekki. En ég fullyrði, að hvernig sem útgerðin hefur komið út á pappírnum, þá hefur alltaf verið þjóðhagslegur hagur af togaraútgerð, frá því að hún var tekin upp hér á landi. En það kann að vera, að það, sem hv. þm. hafi sárnað í þeim orðum, sem ég sagði hér áðan sé það, að ég lét í það skína, sem ég taldi mig hafa fulla heimild til eftir orðum hans bæði fyrr og síðar um þessi mál, að hann væri nánast andvígur þessari endurnýjun togaraútgerðar, a. m. k. í eins stórum stíl og ríkisstj. hefur nú lagt til, þ. e. a. s. þessi ósköp, að kaupa sex skuttogara. Hann er alltaf að tala um alls konar vandræði í sambandi við það. Og ef til vill hefur honum sárnað, þegar ég benti á þetta, vegna þess að ég veit, að meðal togaramanna er sá skilningur lagður í málflutning hans hér á Alþ. og þá alveg sérstaklega ræður hans hér á dögunum, að það sé hans keppikefli, að hér verði einungis smábátar. Þeir tala jafnvel um, að hann sé orðinn talsmaður þess, að farið verði að taka upp árabátafyrirkomulagið gamla.

Frsm. meiri hl. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Það virðist vera vonlaust að rökræða við hv. 5. þm. Reykn. Hann virðist draga ýsur í staðinn fyrir að standa í aðgerð, og við slíka menn er ekki hægt að tala. Það kom aldrei fram hjá mér, og ég mun verja hvar sem vera skal, að það væri rétt að skipta togarakaupunum, sem fyrir dyrum stæðu, í fleiri gerðir heldur en þessir sex verða af. Ég tel það hiklaust rétt og

mælti með því, en hæstv. ríkisstj. lagði til, að það yrðu boðin út sex skip í einu. En ég skammast mín ekkert fyrir að segja það, að það væri rétt að bjóða út þrjú af þeim stærri og þrjú af þeim minni, og láta reynsluna síðan meta eða vera okkur til hjálpar, með hvaða hætti við skulum endurnýja togaraflota okkar áfram, eins og hæstv. þm. virðist vera að tala um. En að ætla að kaupa 15 stykki á einu bretti er út í hött, og það hlustar enginn á svoleiðis gaspur, enginn ábyrgur maður, ekki nokkur. Og það mun enginn maður gera, sem hefur vit á útgerð. En það er hægt að gaspra svona fyrir þá, sem ætla sér að lifa á því að safna tilvitnunum í aðra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. sjútvn. á þskj. 589 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 10:7 atkv.

5. Verkfall opinberra starfsmanna.

Á 42. fundi í Ed., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna [152. mál] (þmfrv., A. 274).

Á 46., 50., 51. og 52. fundi í Ed., 2. febr., 3., 5. og 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 10. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta mál er flutt af okkur Kristjáni Thorlaciusi, sem hér sat á þingi um skeið sem 11. þm. Reykv., og Birni Jónssyni, hv. 4. þm. Norðurl. e. Kristján Thorlacius, sem jafnframt er formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, er raunar 1. flm. frv., en með því að hann er nú horfinn af þingi, mæli ég hér fyrir því að mestu með hans orðum.

Frv. þetta er um afnám l. nr. 33 frá 1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Þessi lög leggja bann við verkföllum opinberra starfsmanna að viðlagðri refsingu, sektum eða fangelsisvist. Eins og nú er komið málum, er það algert misrétti að leggja bann við verkföllum opinberra starfsmanna. Þau lög, sem hér er lagt til að felld verði úr gildi, voru sett við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru, og síðan er hugsunarháttur manna í þessum efnum einnig gerbreyttur. Vissulega ber að beita verkföllum með varúð og gætni, og það er næsta lítil hætta á, að opinberir starfsmenn beiti sér fyrir harkalegum verkföllum öðrum mönnum fremur, þótt þeir fái verkfallsrétt. Við flm. frv. teljum það eðlilegt, að ef frv. verður að lögum, verði jafnframt lögfest sérstök ákvæði í samráði við samtök opinberra starfsmanna um samningsrétt þeirra, er starfa við öryggisþjónustu í víðri merkingu þess orðs, og er þetta í samræmi við yfirlýsta stefnu samtaka opinberra starfsmanna.

Aðdragandinn að setningu l. frá 1915, er banna verkföll opinberra starfsmanna, var sá, að starfsmenn Landsímans áttu í kjaradeilu við stjórnarvöldin. Var þá gripið til þess að setja lög, sem bönnuðu verkfall opinberra starfsmanna. Síðan þessi lög voru sett, hefur margt í okkar þjóðfélagi þróazt til annarrar áttar en þá var fyrir séð. Verkalýðsbaráttan var á þeim tíma í mótun, og hörð andstaða var gegn verkföllum almennt. Eins og vel er kunnugt, voru hörðustu átök verkalýðsfélaganna við vinnuveitendur einmitt um sjálfan verkfallsréttinn. Nú er komið á 4. tug ára, síðan lög um stéttarfélög og vinnudeilur voru sett, þar sem verkfallsréttur verkalýðsfélaga var viðurkenndur og settar ákveðnar reglur til að fara eftir í kjaradeilum og verkföllum.

Það er ekki æskilegt, að sú þróun eigi sér stað, að ýmsir hópar opinberra starfsmanna, sem nógu sterkir eru stéttarlega til þess, taki sér verkfallsrétt, án þess að lagareglur gildi um meðferð hans. Slík þróun er þó raunverulega hafin, þar sem segja má, að t. d. læknastéttin hafi í reynd tekið sér verkfallsrétt, og svipuðu máli gegnir í fleiri starfsgreinum. Síðan Bandalag starfsmanna ríkis og bæja var stofnað 1942, hefur það barizt fyrir því, að opinberum starfsmönnum verði veittur samningsréttur og verkfallsréttur til jafns við aðrar launastéttir í landinu. Segja má, að þegar eftir stofnun bandalagsins hafi það verið viðurkennt sem viðræðuaðili fyrir hönd opinberra starfsmanna um kjaramál. Í launalögum frá 1945 var svofellt ákvæði:

„Við samning reglugerða samkv. 1. þessum, svo og endurskoðun þeirra, skal gefa Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja kost á að fylgjast með og fjalla fyrir hönd félaga sinna um ágreiningsatriði þau, sem upp kunna að koma.“

Næsta skrefið, sem ríkisvaldið steig í þessum málum, var svo það, að sett var á laggirnar nefnd á árinu 1958, skipuð fulltrúum ríkisins og BSRB. Nefnd þessi skyldi fylgjast með launabreytingum hjá starfsmönnum á frjálsa vinnumarkaðinum og gera till. um breytingar á kjörum opinberra starfsmanna, þegar henni sýndist ástæða til. En þrátt fyrir miklar úrbætur frá því, að opinberir starfsmenn höfðu engin heildarsamtök til að berjast fyrir sínum kjörum, varð reyndin sú, að kjör þeirra voru í ósamræmi við launakjör á frjálsa vinnumarkaðinum, þar sem fullur samningsréttur gilti. Á árinu 1962 var ástandið orðið svo slæmt í þessum efnum, að segja mátti, að það væri orðið óviðunandi fyrir báða aðila, bæði fyrir starfsmennina og ríki og sveitarfélög. Á þessum tíma var misræmið orðið svo mikið á kjörum opinberra starfsmanna annars vegar og annarra stétta hins vegar, að flótti var hafinn úr opinberum störfum. Nefnd hafði verið skipuð á árinu 1959, til þess að athuga um samningsrétt opinberra starfsmanna. Þessi nefnd skilaði áliti í nóvember 1961, en varð ekki sammála. Fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja í n. lögðu til, að opinberir starfsmenn

fengju verkfallsrétt með svipuðum hætti og ákveðið var í Noregi með l. frá 1958. En fulltrúar ríkisins í n. vildu ekki samþykkja verkfallsrétt í neinni mynd. Snemma árs 1962 höfðu kennarar við barnaskóla og gagnfræðaskóla sagt upp störfum sínum, aðallega til þess að herða á kröfunum um bætt kjör, en hugðust ella taka upp önnur störf, ef ekki næðist árangur eða ef ekki næðust fram betri kjör. Munu hafa legið fyrir skriflegar uppsagnir frá um 90% allra kennaranna. Varð þetta til þess að herða á því, að eitthvað raunhæft væri gert til þess að bæta úr því ófremdarástandi, sem skapazt hafði vegna úreltra kjara opinberra starfsmanna, sem voru í engu samræmi við kjör annarra stétta í þjóðfélaginu. Upp úr þessu komu lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og gilda þau enn.

Kjarasamningal. frá 1962 veittu opinberum starfsmönnum, bæði ríkisstarfsmönnum og starfsmönnum hjá bæjarfélögum, samningsrétt án verkfallsréttar, og enn er þessum starfsmönnum bannað að gera verkfall að viðlagðri refsingu. Samkv. l. frá 1962 er samningstímabilið 2 ár, en ef almennar og verulegar breytingar verða á launakjörum annarra stétta á samningstímabilinu, getur hvor aðili um sig, samtökin eða ríkið og bæjarfélögin, óskað endurskoðunar á samningi. Ákveðin er sáttameðferð í kjaradeilum á sama hátt og hjá öðrum stéttarfélögum, og ákvæði er um, að *félagsdómur gildi einnig um* úrskurð í ágreiningsmálum um skilning á samningi og brot á lögum eða samningi. Opinberir starfsmenn hafa ekkert við þetta að athuga og telja það eðlilegt. En ef samningar ekki takast, *skal gerðardómur skera úr ágreiningi*, og það er einmitt þetta ákvæði ásamt verkfallsbanninu, sem hefur verið opinberum starfsmönnum þungt í skauti, og fullyrða má, að það sé ekki heldur heppilegt að skipa kjörum opinberra starfsmanna með þessum hætti.

Áður en frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna var lagt fyrir Alþ. á árinu 1962, var leitað álits stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það var álit stjórnarinnar, að slík lagasetning væri skref fram á við og væri þess verð að reyna þetta fyrirkomulag. Samþykkti bandalagsstjórnin svofellda ályktun um málið, þegar verið var að leggja síðustu hönd á samningu frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna:

„Enda þótt ríkisstj. hafi ekki fallizt á, að opinberir starfsmenn fái fullan samningsrétt til jafns við aðra launþega, eins og bandalagsstjórnin hefur barizt fyrir í samræmi við stefnu bandalagsins, telur stjórnin, að bandalagið hafi með frv. þessu náð svo mikilsverðum áfanga, að fulltrúum þess beri að samþykkja það, þó að hún viðurkenni ekki réttmæti þess, að kjör launþega séu ákveðin með lögskipuðum gerðardómi. Jafnframt telur stjórn BSRB sjálfsagt, að unnið verði áfram að því lokamarki, að opinberir starfsmenn njóti sama samningsréttar og aðrir launþegar búa við."

Fyrstu heildarsamningar samkv. hinum nýju lögum áttu að taka gildi 1. júlí 1963. Samningar tókust í fyrsta skipti að nokkru, þ. e. a. s. um skipun starfsmanna í launaflokka, en kjaradómur úrskurðaði um launaupphæðir og vinnutímaákvæði, yfirvinnukaup o. fl. Þegar á heildina er litið, þótti fyrsta framkvæmd kjarasamningalaganna takast allvel og lofa góðu um það fyrirkomulag, sem hér var tekið upp. En framkvæmdin eftir það hefur orðið til mikilla vonbrigða fyrir opinbera starfsmenn og samtök þeirra, þannig að meiri samstaða ríkir nú en nokkru sinni meðal opinberra starfsmanna um að berjast fyrir fullum samningsrétti til handa samtökunum, þ. e. sama samningsrétti og önnur stéttarfélög hafa samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur frá árinu 1938. En eins og fyrr er sagt, hefur það verið stefna samtaka opinberra starfsmanna frá stofnun bandalagsins að vinna að því, að opinberir starfsmenn fengju verkfallsrétt. Um þetta hafa verið samþykktar ályktanir á mörgum þingum samtakanna, og nú hefur áhuginn fyrir þessu máli margfaldazt. Það er margyfirlýst stefna samtaka opinberra starfsmanna, að þess verði gætt með sérstökum ákvæðum, að verkfallsréttur, sem þeim verði veittur, stofni ekki öryggisþjónustu þjóðfélagsins í hættu. Um þetta er einnig rætt í grg. fyrir því frv., sem hér er til umr.

Það hefur sýnt sig við framkvæmd kjarasamningalaganna, að höfuðókosturinn við ríkjandi fyrirkomulag er tilhneiging ríkisvaldsins og forsvarsmanna sveitarfélaga til að vilja fremur *skjóta ágreiningsmálum til dómstóla* í stað þess að semja um þau. Ég hygg, að þetta eigi ekki bara við um ágreining í kjaramálum, heldur ágreining um fjárkröfur á hendur ríki og sveitarfélögum yfirleitt. Af þessum ástæðum verður að telja, að *kjarasamningalögin verði aldrei mikið annað* í framkvæmd en réttur til viðræðna við stjórnvöldin um kjaramál og réttur til málflutnings fyrir gerðardómi. Slíkt fyrirkomulag telja samtök opinberra starfsmanna ófullnægjandi. Þau voru frá byrjun uggandi vegna gerðardómslaganna, eins og fram kemur í ályktun stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja frá 1962, sem áður hefur komið fram hér í þessari framsöguræðu.

Mikið af íslenzkri löggjöf hefur mótazt af löggjöf annarra Norðurlandaþjóða, og það sýnist eðlilegt, að litið sé til þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað hjá frændþjóðum okkar um samningsrétt opinberra starfsmanna. Árið 1933 voru í Noregi fyrst sett lög um samningsrétt opinberra starfsmanna. Með þeim lögum var viðurkenndum samtökum opinberra starfsmanna veittur réttur til þess að krefjast þess, að upp væru teknir samningar að nýju um kaup og kjör. Ekki var þó hér um verulega gagnkvæma kjarasamninga að ræða. Ríkisvaldið ákvað eftir sem áður einhliða launakjörin. Virðist hér um svipaða aðstöðu að ræða og opinberir starfsmann fengu hér á landi 1945, eins og greint var frá hér áðan. Var talið í Noregi, meðan lög þessi giltu, að ríkisstarfsmenn hefðu möguleika á hópuppsögnum á störfum sínum með löglegum fyrirvara, en gætu ekki gert verkfall. Árið 1958 voru sett ný lög í Noregi um samningsrétt opinberra starfsmanna. Samkv. þeim l. bar ríkisvaldinu og samtökum ríkisstarfsmanna gagnkvæm skylda til þess að taka upp samninga um kaup og kjör samkv. kröfum frá hvorum að-

ilanum. Með þessum l. var ríkisstarfsmönnum í Noregi veittur verkfallsréttur, þó með undantekningum um öryggisþjónustu og tiltekna embættismenn. Einnig er sá fyrirvari um verkfallsréttinn, að heimilt er að skylda starfsmenn til að gegna störfum sínum í 3 mánuði, ef talið er, að brottför þeirra úr starfi stofni í hættu mikilvægum þáttum þjóðarhagsmunanna.

Í Svíþjóð var opinberum starfsmönnum veittur verkfallsréttur með l. um ríkisstarfsmenn, er tóku gildi 1966, og l. um starfsmenn sveitarfélaga og fleira, er tóku gildi sama ár. Í l. um ríkisstarfsmenn segir, að þau taki ekki til ráðh., hæstaréttardómara né þeirra, sem setu eiga í stjórnardómi. Þau taka ekki heldur til þeirra, er gegna prestsembættum. Þá segir, að um starfskjör í þeim stöðum, sem lögin taka til, fari eftir ákvæðum samninga, og í l. segir, að ef vinnudeila rísi um ráðningar eða starfskjör ríkisstarfsmanns, sem ákveða má í samningi, sé heimilt að láta koma til verkfalls eða verkbanns, en að því er verkföll varðar, eru þau einungis leyfð á vegum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sams konar ákvæði um samningsrétt og verkfallsrétt og hér hefur verið lýst, eru í l. um starfsmenn sveitarfélaga o. fl.

Í Finnlandi munu engin lög vera um verkföll opinberra starfsmanna, en samtök starfsmanna líta svo á, að þau séu heimil. Á síðustu árum hafa opinberir starfsmenn þar í landi gert verkföll, og má þar nefna verkfall, er hjúkrunarkonur efndu til, en þær munu flestar vera í þjónustu sveitarfélaga í Finnlandi.

Í Danmörku eru ekki heldur nein lög um verkföll opinberra starfsmanna. Samtök starfsmannanna telja sig þó hafa þennan rétt. Þar kom á s. l. sumri til verkfalls háskólamenntaðra manna, m. a. háttsettra manna í rn. Samningar tókust í þessari kjaradeilu, og engar ákærur urðu.

Síðan l. um bann við verkföllum opinberra starfsmanna voru sett hér 1915, hafa orðið í landinu stórfelldar breytingar. Á þeim tíma voru örfáir starfsmenn í þjónustu ríkis og bæja. Nú starfa hjá ríki og bæjarfélögum 8—9 þús. starfsmenn. Af þessum hópi eru nálægt 7 þús. í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Um flesta þessa starfsmenn gildir það, að engin ástæða er frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að þeir búi við annan og minni rétt en almennir launþegar að því, er tekur til samningsréttar og verkfallsréttar. Um hina, sem gegna öryggisþjónustu, telja samtök opinberra starfsmanna rétt að setja sérstök ákvæði, er tryggi, að öryggisþjónustan sé ekki sett í hættu. Við flm. lítum á frv. þetta sem stefnumarkandi mál um það, hvort starfsmenn hins opinbera eigi að hafa samningsrétt með svipuðum hætti og aðrir launþegar í landinu eða ekki. Okkur er það ljóst, að samhliða samþykkt þessa frv. yrði að taka afstöðu til ýmissa annarra hluta, svo sem að ákveða nánar, hvaða störf skuli teljast til öryggisþjónustu, og fleira. En ástæðulaust virðist að finna þau atriði sérstaklega út, fyrr en sýnt verður, hverjar undirtektir mál þetta fær hér á Alþingi.

Herra forseti. Ég leyfi mér að lokum að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Ed., 12. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Vegna þess að ég hef nú dálítið undanfarna tvo áratugi komið við sögu samtaka opinberra starfsmanna, þá þykir mér hlýða með fáeinum orðum að lýsa afstöðu minni til þessa máls, sem hér liggur fyrir. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er nú nær 30 ára gamalt, og ég held, að ég hafi setið á öllum þingum þess nema einu eða tveimur. Á flestum þessum þingum hafa verið bornar fram till. um það og áskoranir til Alþ. og ríkisstj. að afnema l. frá 1915, um bann við verkfalli opinberra starfsmanna, og ég dreg enga dul á það, að í flest ef ekki öll þau skipti, sem ég hef átt sæti á þeim þingum, sem um þetta mál hafa fjallað, þá hef ég rétt upp höndina með slíkri till. Nú er það auðvitað svo, að menn hafa rétt til þess að skipta um skoðun. En ég vil bæta því við, að grundvallarviðhorf mín til þessara mála eru óbreytt frá því, sem þá var.

Ég vil benda á tvö atriði því til stuðnings, að óeðlilegt sé, að þessi lög gildi í óbreyttri mynd frá því, sem verið hefur. Í fyrsta lagi, eins og frsm. fyrir þessu frv., hv. 6. þm. Sunnl., réttilega tók fram, að lög þessi eru nú orðin meira en hálfrar aldar gömul og eru frá tíma, þegar hugsunarháttur í þessum efnum var töluvert annar heldur en hann er nú. Hins vegar höfum við vinnulöggjöfina frá 1938, og það er athyglisvert, ef maður ber saman þessa tvenns konar löggjöf og miðar þar við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, að hvað snertir opinbera starfsmenn, þá er í gildi hér á landi miklu viðtækara bann við vinnustöðvunum þeirra heldur en þekkist annars staðar á Norðurlöndunum. Þar hafa opinberir starfsmenn meiri eða minni verkfallsrétt, að vísu takmarkaðan, en hér er þetta bann alveg undantekningarlaust. Ef maður hins vegar ber hina almennu vinnulöggjöf saman við það, sem er á hinum Norðurlöndunum, þá er hún yfirleitt rýmri heldur en þar tíðkast, og virðist, sem það sjónarmið liggi í miklu ríkara mæli að baki hinni almennu íslenzku vinnulöggjöf, að það beri að setja sem minnstar hindranir fyrir því, að til vinnustöðvana sé boðað. En þetta er yfirleitt, eftir því sem ég þekki til, þrengra á hinum Norðurlöndunum, þó að ég reki það ekki nánar.

Annað meginatriðið í þessu efni frá mínu sjónarmiði er, að það er ekki vafi á því, að þetta verkfallsbann opinberra starfsmanna hefur verið misnotað, þannig að oft á tíðum hefur það átt sinn þátt í því, að launakjör opinberra starfsmanna hafa dregizt aftur úr miðað við aðrar sambærilegar launastéttir. Hv. 6. þm. Sunnl. nefndi ýmis dæmi um það í sinni framsöguræðu, en við það get ég m. a. bætt því frá minni eigin reynslu, að um það bil, sem ég fyrir rúmum 20 árum síðan gerðist formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja — en þeirri stöðu gegndi ég nærfellt áratug — en það var árið 1948, þá stóð þetta tafl þannig, að árið 1945 höfðu að vísu verið samþ. launalög, sem veittu opinberum starfsmönnum töluverðar kjarabætur miðað við það, sem áður hafði verið, og hafa þau laun, sem

þeim voru þá ákveðin, fyrst og fremst verið miðuð við hinn almenna vinnumarkað. En á þriggja ára tímabilinu frá 1945—1948 voru ekki minna en þrjár almennar grunnkaupshækkanir á vinnumarkaðinum, og sú fjórða var þá yfirvofandi, eins og reynslan leiddi líka í ljós árið 1949. Að vísu nutu opinberir starfsmenn vísitöluuppbóta eftir svipuðum reglum og áður, en á þessu tímabili var þeim það ekki til svo mikillar ánægju, því að vísitalan var yfirleitt fest á þessum tíma. En þarna voru orðnar þrjár grunnkaupshækkanir, og sú fjórða í aðsigi, án þess að opinberir starfsmenn hefðu þá fengið nokkrar réttarbætur í þessu efni. Á næstu 1—2 árum fengu opinberir starfsmenn að vísu nokkra réttingu mála sinna, en fljótlega vildi síga í sama horfið og áður var, að þeir drógust aftur úr. Á þessi tvö atriði má í fyrsta lagi benda.

Í öðru lagi er það auðvitað auðsætt, að þó menn séu sammála um það, og það kemur fram í grg. fyrir þessu frv., að það er flm. ljóst, að ýmsar takmarkanir verður að setja verkfallsrétti opinberra starfsmanna, sem ekki gilda almennt, þá verður þó að gera sér ljóst, að verkfallsbönnin geta aldrei skapað hvorki almenningi né stjórnvöldum fullkomið öryggi í þessum efnum. Verði óánægjan með launakjör nægilega útbreidd, þá er ekki hægt að koma í veg fyrir það, að farið verði í kringum verkfallsbannið með því að stofna til heildaruppsagna, eins og oftar en einu sinni hefur skeð hjá ríkinu. Nú má vel vera, að lagalega séð sé slíkt ekki löglegt, þannig að þarna sé verið að fara í kringum lög og megi þá lögsækja þá, sem tekið hafa í slíku þátt. En þetta hefur nú skeð oftar en einu sinni. Læknar, kennarar og ýmsir fleiri eru þar dæmi um, og þekki ég þess engin dæmi, að hafizt hafi verið handa um það að draga menn á þessum grundvelli fyrir lög og dóm, enda óframkvæmanlegt, ef samtökin eru nægilega víðtæk. Fyrir getur það komið, að það sé ekki farin svo viðamikil leið eins og sú, að allir segi upp störfum sínum. Einhverjir hv. þdm. minnast þess e. t. v., að fyrir nokkrum árum var þess getið í blöðum, að 600 lögregluþjónar í Stokkhólmi, sem óánægðir voru með launakjör sín, fengu allir kvef sama daginn og forfölluðust frá störfum, og var þó ekki kunnugt um, að neitt kvef eða inflúensa væri að ganga þar í borg á þessum tíma. Nú er það vafalaust þannig í Svíþjóð, eins og annars staðar í siðmenningarlöndum, að hvað sem verkfallsrétti líður, þá er lögreglunni óheimilt að stofna til vinnustöðvana, en ekki fara sögur af því, að neinn þessara lögregluþjóna hafi verið dreginn fyrir lög og dóm á þessum grundvelli.

Þetta allt ber að hafa hugfast, og ég er fyllilega sammála flm. þessa frv. um það, að þessi lög frá 1915 séu nú úrelt. Hitt er svo annað mál, að ég teldi það nálgast að vera óábyrga afstöðu af hv. Alþ. að samþykkja niðurfall þessara l. án þess að gera sér grein fyrir því, hvað kemur í staðinn, og á þeim grundvelli mun ég ekki treystast til að styðja þetta frv. í þeirri mynd, sem það er borið fram. Það kemur og ljóslega fram í grg. fyrir frv., að hv. flm. hugsa sér ekki, enda hefur það aldrei mér vitanlega, hvað sem öllu öðru líður, verið krafa opinberra starfsmanna, að þeir fengju algerlega ótakmarkaðan verkfallsrétt. Störf þeirra eru þess eðlis, að slíkt kemur ekki til greina. En þá finnst mér, að jafnhliða því, að sett væru lög um þetta, yrði að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum málum ætti þá að skipa á nýjum grundvelli. Það er að vísu talað um það í grg. fyrir frv., að jafnhliða þurfi að setja lög í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, sem komi í veg fyrir það, að mikilvægasta öryggisþjónustan verði felld niður o. s. frv. En hvernig þeim málum verður skipað, verður að liggja fyrir um leið og tekin er afstaða til máls eins og þessa.

Í öðru lagi koma spurningar um það, hvaða merkingu á að leggja í það, ef l. eru felld niður. Þýðir það, að opinberir starfsmenn fái þá ótakmarkaðan verkfallsrétt, og hvað skeður þá með l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem ekki er gert ráð fyrir í þessum l., að falli niður? Gildi þau áfram, þá takmarka þau út af fyrir sig — þó að það sé e. t. v. túlkunaratriði — rétt opinberra starfsmanna til þess að gera verkföll. Sé þannig litið á, að slíkt bann sé í gildi með þeim l., mundi ekki vera svo ýkja mikið unnið við það að mínu áliti að afnema l. um verkfallsbann frá 1915. Þessi mál þarf að taka upp til endurskoðunar og nýskipunar í heild, þannig að tryggt sé, að opinberir starfsmenn búi við svipaðan rétt eða svipaða möguleika og aðrir til þess að tryggja sér kjör, sem á hverjum tíma eru í samræmi við önnur laun í þjóðfélaginu og getu þjóðarbúsins. En það er auðvitað miklu stærra mál en svo, að það verði leyst með því einu að afnema verkfallsbannlögin frá 1915.

Auðvitað var það bætt réttarstaða út af fyrir sig, þegar l. um kjarasamninga frá 1962 tóku gildi, og fólst það út af fyrir sig ekki svo mjög í því, að opinberir starfsmenn fengju með þeim l. samningsrétt, eins og það hefur verið kallað, því að þó að sá samningsréttur eða réttur til viðræðna við ríkisvaldið væri ekki nema að takmörkuðu leyti löghelgaður fram að þeim tíma, þá hafði það nú verið þannig um alllangt skeið, að ákvarðanir um launamálin voru ekki teknar nema í samráði við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Slíkur viðræðuréttur hafði raunverulega verið viðurkenndur og verið fyrir hendi, þannig að í hvert skipti, sem ný launalög höfðu verið undirbúin, voru skipaðar til þess nefndir, þar sem bandalagið átti að jafnaði jafnmarga fulltrúa eins og ríkisstj. En réttarbótin með l. frá 1962 fólst í því, að ef samkomulag náðist ekki í þeim n., sem undirbúa áttu launalög, þá var það ríkisvaldið eða vinnuveitandi hins opinbera, sem einhliða ákvað þá kjörin. En með lögunum er þessu skotið til gerðardóms, sem á að vera hlutlaus og óháður. Það er ekki vafi á því, að fyrsti kjaradómur, sem felldur var, þýddi mjög verulegar hagsbætur fyrir opinbera starfsmenn. En síðan hefur á ýmsu gengið í samskiptum kjaradóms og opinberra starfsmanna, sem ég fer ekki út í hér. En svo mikið er víst, eins og kom raunar fram í framsöguræðu hv. 6. þm. Sunnl., að því fer fjarri, að nein óblandin ánægja sé hjá opinberum starfsmönnum með starfsemi kjaradóms, svo að öll þau mál þurfa endurskoðunar við.

En á því má vekja athygli, að þó opinberir starfsmenn hafi vissulega oft með réttu kvartað um það, að launakjör þeirra hafi dregizt aftur úr því, sem gildir annars staðar í þjóðfélaginu, — ég get ekki stillt mig um, að það komi hér fram, vegna þess að þar er um mjög þýðingarmikið atriði að ræða — þá er þetta ekki einvörðungu skilningsleysi stjórnvalda á gildi þessara starfa að kenna, þó að slíks skilningsleysis hafi vitanlega oft gætt. Þar er líka annað ljón á veginum, eins og mjög skýrt kom fram einmitt eftir kjarasamningana 1963, en það eru þær hugmyndir, sem almenningur hefur um það, hver séu hin réttu launahlutföll. Strax eftir að kjaradómur var fallinn, var efnt til mjög viðtækra vinnudeilna á hinum almenna launamarkaði. — Það væri ekki ástæða til þess að nefna þetta og rifja upp í sambandi við umr. um launakjör opinberra starfsmanna, ef þessar launadeilur, sem risu seinni part ársins 1963, hefðu verið alveg óháðar kjaradómi. Ef verkalýðurinn hefði þá sagt: Afkoma atvinnulífsins er það góð, að það er á þeim grundvelli möguleiki á kjarabótum eða: Við getum ekki lifað á launum o. s. frv. — En rökstuðningurinn var ekki þessi, heldur var það blátt áfram þannig, að þær kröfur, sem þá voru gerðar, voru einvörðungu miðaðar við þær kauphækkanir, sem opinberir starfsmenn höfðu fengið. Sú skoðun kom fram hjá Alþýðusambandi Íslands og félögum þess yfirleitt, að það hefði verið fullt launajafnvægi fyrir kjaradóm, og verkalýðsstéttirnar ættu sjálfsagðan rétt á jafnmikilli launahækkun og opinberir starfsmenn höfðu fengið, m. ö. o. þessi launahlutföll máttu ekki breytast að dómi þessara aðila. Hið almenna kaupgjald hækkaði að vísu ekki nema um hluta af því, sem kaup opinberra starfsmanna hafði þá hækkað, svo að hlutfallið breyttist þrátt fyrir allt opinberum starfsmönnum í vil. Síðan fóru opinberir starfsmenn fram á það, að þeir fengju samsvarandi launahækkun og orðið hefði á hinum almenna vinnumarkaði, því að telja mætti víst, að kjaradómur hefði miðað við launin, eins og þau voru á hinum almenna launamarkaði, þegar hann kvað upp sinn úrskurð. Það fékkst að vísu ekki, og vakti allmikla óánægju meðal opinberra starfsmanna.

Ég tel einmitt mjög þýðingarmikið, þegar þessi mál eru til umr., að vekja athygli á því, að það væri ekki nóg jafnvel þó að fullur skilningur væri á þörfum og sanngjörnum kröfum opinberra starfsmanna í þessum efnum, að ríkisvaldið félli ist á það. Almenningsálitið í landinu verður líka að vera því hagstætt, og á meðan því skilyrði er ekki fullnægt, verða allar þær leiðréttingar, sem opinberir starfsmenn fá á sínum launahlutföllum, aðeins um stundarsakir. Ég álít mjög þýðingarmikið, að einmitt þetta atriði komi fram, og vilji einhver hv. dm. véfengja það, sem ég hef nú sagt, sem mér kæmi raunar á óvart, ef væri, þá vil ég vísa þeim og hinum sama t. d. til Alþingistíðinda frá þessum tíma, þegar frv. um nokkurra vikna frestun á vinnustöðvunum var til umr., og raunar til þess, sem sagt var í dagblöðum og annars staðar á opinberum vettvangi um þetta leyti. Þar kom það alveg skýrt fram, að kröfurnar voru fyrst og fremst byggðar á samanburði við það, hvað opinberir starfsmenn höfðu fengið. Annað bar lítt eða ekki á góma í því sambandi.

Að lokum vil ég svo aðeins segja það til að fyrirbyggja allan misskilning, að þó að ég sé þannig sammála flm. þessa frv. um það, að löggjöfin frá 1915 sé úrelt og hana beri fyrr en seinna að afnema, þá felst ekki í því sú skoðun, að verkföll séu hin æskilegasta leið til þess að leysa ágreining um kaup og kjör. Og einmitt í því sambandi má benda á það, að samanburður við Norðurlönd í þessum efnum verður meira eða minna hæpinn. Að vísu er það svo á hinum Norðurlöndunum, eins og ég þegar hef sagt og hv. 6. þm. Sunnl. gerði einmitt allýtarlega grein fyrir, að verkfallsréttur opinberra starfsmanna þar er allmiklu rýmri en hér. En þá ber að hafa það hugfast, að Norðurlandabúar eru komnir lengra áleiðis heldur en við í því að nota leiðir, sem betur samsvara kröfum tímans en verkfallsleiðin til þess að leysa vinnudeilur. En það, sem ég á við með því, eru þeir allsherjarsamningar, sem gerðir eru venjulega þar til tveggja eða þriggja ára á milli samtaka vinnuveitenda og samtaka launþega með meiri eða minni aðstoð ríkisvaldsins. En þessir samningar eru byggðir á mjög ýtarlegum upplýsingum um möguleikana, sem fyrir hendi eru á hverjum tíma til þess að hækka kaupgjald, án þess að það þurfi að koma fram í samsvarandi hækkun vöruverðs, þannig að launþegarnir séu látnir greiða sér sjálfir þær kjarabætur, sem þeir fá, sem allt of mikið hefur kveðið að og kveður enn að hér á landi. Þessir samningar takast að jafnaði, og svo hefur verið um langt skeið, án þess að til vinnustöðvana hafi komið. Þetta þýðir ekki það, að vinnustöðvanir séu bannaðar eða réttur launþeganna til að stofna til vinnustöðvunar hafi að nokkru leyti verið skertur. Þetta vopn er bara ekki notað nærri því eins mikið þar og hér. Auðvitað skeður það endrum og eins að til verkfalla komi. Venjulega eru það fámennir hópar, en að það komi fyrir ár eftir ár, að skemmri eða lengri allsherjarvinnustöðvun eigi sér stað, eins og hér, það þekkist yfirleitt ekki þar.

Vinnustöðvanir hafa marga og augljósa ágalla sem tæki til þess að leysa þessi mál. Þær eru dýrar, bæði fyrir þjóðfélagsheildina og þá, sem í þeim standa, og þar að auki er það fráleitur mælikvarði á gildi hinna mismunandi starfa, hve mikið öngþveiti viðkomandi kynnu að geta skapað með því að segja upp störfum sínum eða stofna til vinnustöðvana. Við vitum — án þess að ég nefni nú um það dæmi, en allir vita, hvað ég er að fara í því efni — að ef við tökum t. d. langskólagengna menn hér á landi, þá er orðið mjög gífurlegt misræmi í launakjörum þeirra, þannig að vissir aðilar, sem eru taldir ómissandi, hafa fengið kjör, sem eru ósambærilega miklu betri við þau, sem aðrir, sem hafa alveg hliðstæða menntun og e. t. v. hliðstæða ábyrgð í störfum, njóta, annað hvort af því að þeir hafa ekki getað eða viljað fara þá leið, því að það er nú einu sinni þannig með verkfallsréttinn, að hann er mjög misjafnlega biturt vopn í hendi hinna einstöku starfshópa. Í höndum sumra starfshópa er þetta vissulega það biturt vopn,

að til stórvandræða horfir, ef vinnustöðvanir þeirra standa lengi. Og aðrir geta stofnað til langvarandi vinnustöðvana, án þess að þjóðarbúskapurinn haggist við það. Það skeði t. d. fyrir nokkrum árum í Danmörku, að prentarar voru hálft ár samfleytt í verkfalli, og er ekki vitað til þess, að þjóðarbúskapur Dana hafi beðið neitt afhroð vegna þess. Þar með er síður en svo verið að segja, að fyrir þjóðfélagið geti störf prentaranna ekki haft alveg jafnmikið gildi eins og margra annarra. Undir mörgum kringumstæðum er það mjög ósanngjarnt að launakjörin eða launahlutföllin fari fyrst og fremst eftir þessu. Þetta er auðvitað eitt af fleiri sjónarmiðum, sem taka ber til athugunar, þegar launahlutföll eru ákveðin, en að gera það einhlítt er fjarri öllu lagi. Um það vænti ég, að hv. dm. yfirleitt séu sammála. En hér er um að ræða stærri og flóknari vandamál en svo, að þau verði hægt að leysa í sambandi við þær umr. og afgreiðslu þessa máls, og læt ég því staðar numið að sinni.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þó að hv. síðasti ræðumaður hafi ekki beinlínis heitið þessu frv. liðsinni í sinni ræðu, þá var ég um flesta hluti, sem hann hér bar fram, sammála honum, enda er maðurinn þekktur að því að vera sanngjarn og bera ekki fram neinar fjarstæður eða hávaðahróp, sem ekki eiga sér stað.

Hann bendir réttilega á það, að það sé ekki nóg að afnema þau lög frá 1915, sem banna verkföll opinberra starfsmanna. Þó að þau lög séu úrelt og hljóti að falla fyrr eða síðar, þá þurfi að gera fleira en það eitt að fella þau. Ég er honum sammála um þetta, og tók það reyndar fram í minni framsöguræðu, að ég liti á undirtektirnar við þetta frv. sem stefnumarkandi atriði um það, hvort gera ætti ráðstafanir til þess að setja t. d. reglur um það, hvað skyldi teljast öryggisþjónusta o. s. frv. — finna út ýmsa hluti, sem þyrfti að gera, ef þetta frv. ætti að verða að lögum, en menn leggja ógjarnan vinnu í að gera nema því aðeins, að þeir hafi hugmyndir um það, að afnám þessara nefndra l. frá 1915 hafi hljómgrunn og sé líklegt til þess að verða samþ.

Þetta frv. fer að sjálfsögðu til n. eins og önnur frv., sem Alþ. afgreiðir. Ég hef lagt til, að þetta frv. verði sent til allshn. og þar verði um það fjallað. Ég hygg, að ég megi fullyrða það fyrir munn okkar flm. allra, að það gæti verið fullt samkomulag við okkur um breytingar, eins og t. d. þá breytingu á 2. gr. frv., sem segir, að l. þessi öðlist þegar gildi, að ætla því einhvern undirbúningstíma, þannig að það öðlist ekki gildi strax við samþ., heldur t. d. um næstu áramót. Gætu þá stjórnvöldin og samtök opinberra starfsmanna unnið að því að gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þættu á því tímabili. Þó ég nefni þessi tímamörk, þá er það auðvitað ekki þar með sagt, að þau séu þau einu, sem til greina koma, en þetta á eftir að ræðast í n., og ef það yrði allshn., eins og ég hef lagt til, þá eigum við hv. síðasti ræðumaður og ég báðir sæti í þeirri n. og gætum rætt það frekar þar.

Flest af þeim rökum, sem hann færði hér fyrir því, að ekki væri æskilegt að leysa deilur með verkföllum, sízt af öllu með allsherjarverkföllum, er ég honum alveg sammála um og mörg fleiri atriði, sem hann hér tilnefndi. Hitt er augljóst, að ef almennum mönnum í landinu er trúandi fyrir verkfallsrétti, þá ætti opinberum starfsmönnum ekki síður að vera trúandi fyrir honum. Það er að vísu alveg rétt, að þeir fara með ýmsa mikilvæga pósta, og þó að það sé mikilvæg hefð að skamma ríkið fyrir eitt og annað í daglegu máli, þá hafa þeir auðvitað fundið það allra manna bezt, sem hafa fengið sitt þjóðfélag hrunið í rúst, að það er enginn gamanleikur, þegar opinber þjónusta hverfur úr sögunni. Við skulum hugsa okkur t. d. Þjóðverja eftir síðasta stríð, þegar þeirra þjóðfélag hrundi til grunna að heita mátti. Öll opinber þjónusta lagðist niður, og sú þjóð var sannarlega ekki öfundsverð af því ástandi. Sem betur fór stóð það ekki lengi, því að þeir voru býsna fljótir að koma upp a. m. k. vísi að opinberri þjónustu að nýju og því þjóðfélagi, sem er með þeim fullkomnari, sem við vitum deili á. Þar af leiðandi er ég alveg sammála síðasta ræðumanni um það, að það er ákaflega óæskilegt, að opinber þjónusta leggist niður í stórum mæli. Það veldur hreinu öngþveiti, og ég er sammála honum um það, að það er ekki nema eðlilegt, að þjóðfélagið reyni að tryggja sig fyrir því, að til slíkra stóráfalla komi ekki, enda þótt við séum líka sammála um það, að það er óeðlilegt að banna opinberum starfsmönnum, einum starfsstétta landsins, verkföll, enda hefur árangurinn á sumum tímabilum augljóslega verið sá, að þeir hafa búið við kjör, sem ekki voru sambærileg við kjör þeirra, sem verkfallsréttinn höfðu.

Ég vænti þess sem sagt, eftir að hafa heyrt undirtektir þessa mæta manns, sem hér talaði á undan mér, að menn geti rætt málið hitalaust eða a. m. k. ofstopalaust og fundið út, að gera þarf breytingar á þessum gömlu gildandi l. og fikra sig eitthvað nær því að geta komið þessum málum í nútíma horf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 274, n. 587 og 600).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í frv. því, sem hér er til umr., felst það að fella skuli úr gildi lög nr. 33 frá 1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Þessi lög banna opinberum starfsmönnum sem kunnugt er, að gera verkföll að viðlögðum refsingum. Þessi lög eru orðin meira en hálfrar aldar gömul, og þess vegna er vitanlega ekki úr vegi, að athuga, hvort ekki þurfi að breyta þeim og endurskoða þau eða hugsanlega að fella þau alveg úr gildi. Samkvæmt þessum l. eru allströng viðurlög við því, ef opinberir starfsmenn gera verkföll, það er hægt að dæma þá í sektir og jafnvel fangelsi, og

það er hægt að dæma fleiri en þá, sem gera slík verkföll. Það er einnig hægt að dæma þá, sem hafa stuðlað að því eða hvatt til þess, að slík verkföll væru gerð, þó að þeir séu ekki beinir aðilar að verkfallinu.

Ef þetta er nú borið saman við ákvæði l. um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938, þá eru viðurlög þar önnur. Þarna er auðvitað sá grundvallarmunur á í fyrsta lagi, að verkföll hjá opinberum starfsmönnum eru bönnuð, en hjá verkalýðsfélögum og samtökum atvinnurekenda eru vinnustöðvanir og verkföll heimiluð samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur. En þó geta samkvæmt þeim l. átt sér stað ólögmæt verkföll, þ. e. a. s. verkföll, sem er staðið þannig að, að ekki er farið eftir reglum l. En samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur eru viðurlögin við ólögmætu verkfalli allt önnur og miklu vægari heldur en samkv. l. frá 1915, og þau eru fyrst og fremst skaðabætur. Það er að vísu hægt að dæma í sektir, en þær sektir eru ekki aðfararhæfar. Verkfallsmál eða mál út af ólögmætu verkfalli samkv. l. um stéttarfélög og vinnudeilur yrði rekið fyrir félagsdómi, en mál út af ólögmætu verkfalli opinberra starfsmanna samkv. l. frá 1915 yrði rekið sem sakamál. Það er rétt, að menn geri sér grein fyrir þessu, ef þeir líta þannig á, að opinberir starfsmenn eigi ekki að gera verkföll eða a. m. k. í vissum tilvikum séu þau bönnuð, þá séu viðurlögin of ströng og maður getur sagt of gamaldags samkv. þessum l. frá 1915. En það, sem hv. flm. þessa frv. meina nú, er ekki fyrst og fremst það að athuga það að breyta þessum viðurlögum, heldur vilja þeir, að opinberir starfsmenn fái verkfallsrétt eins og aðrir launþegar í þjóðfélaginu. Og það má telja þetta fyrsta sporið í þá átt að afnema þessi lög og jafnvel stórt spor í þá átt.

Þegar afstaða er tekin til þessa frv., verða menn því fyrst og fremst að gera sér grein fyrir því, og það er aðalspurningin, hvort á að heimila opinberum starfsmönnum að gera verkföll eða ekki. Flm. þessa frv. vilja það eindregið. Aftur á móti teljum við, sem skipum meiri hl. í þeirri n., sem fékk þetta frv. til meðferðar, þ. e. a. s. allshn., ekki tímabært að taka afstöðu til þessarar mikilvægu spurningar að svo stöddu. Við teljum, að það þurfi að athuga ýmsa hluti gaumgæfilega og komast að niðurstöðu um þá, áður en svo mikilvæg ákvörðun er tekin sem sú, hvort veita beri opinberum starfsmönnum verkfallsrétt eða ekki. Og þau atriði, sem við viljum sérstaklega láta kanna, koma fram og eru talin upp í nál. okkar á þskj. 587.

Fyrsta atriðið er það, hvort ríkir þjóðfélagshagsmunir séu í húfi, ef verkfallsréttur verði veittur. Það er nú augljóst mál, að margvíslegir, mikilvægir þjóðfélagshagsmunir verða skertir, ef verkfallsréttur verður veittur opinberum starfsmönnum. Ef maður tæki nokkur dæmi, við skulum segja, ef starfsmenn Pósts og síma færu í verkfall, skapaði það auðvitað mjög mikil óþægindi. Ef t. d. starfsmenn stjórnarráðsins færu í verkfall og fleiri slíkir, þá gæti maður spurt, hvort það hefði ekki þær afleiðingar í för með sér, að landið yrði stjórnlaust. Maður heyrir það iðulega af fregnum erlendis frá, að þar eru vissir hópar opinberra starfsmanna í verkföllum og þar skapast mikið öngþveiti, jafnvel þannig að viðkomandi ríkisstj. verður að láta herinn grípa í taumana. Hér höfum við sem betur fer engan her, og ég held, að engum detti það í hug að fara að stofna til hersveita til þess að geta bætt úr slíku neyðarástandi. En spurningin um það, hvað miklir hagsmunir séu í húfi, er auðvitað nátengd því í fyrsta lagi, hvort verkfallsréttur verður veittur og í öðru lagi og ekki síður, hversu víðtækur þessi verkfallsréttur á að verða. Nú skilst mér, að flm. þessa frv. séu þeirrar skoðunar, að vissir hópar opinberra starfsmanna eigi ekki að hafa verkfallsrétt eða njóta ekki þess réttar að fullu, t d. starfslið alls konar öryggisgæzlu. Ég veit ekki, hvernig þeir hugsa sér þetta, og hvort þeir hafa markað endanlega stefnu um það enn þá. Það er auðvitað hægt að taka mörg fleiri dæmi, við skulum segja starfslið sjúkrahúsa, lækna, starfslið raforkuvera o. s. frv. o. s. frv. Hin opinbera þjónusta er svo brýn, og hún er svo þýðingarmikil, að jafnvel verkfall örfárra manna úr hópi starfsmanna hennar mundi geta skapað alvarlegt öngþveiti. En þetta teljum við, sem skipum meiri hl., að þurfi allt að athuga vel og þá um leið, hvernig þessi verkfallsréttur ætti að takmarkast, ef hann ætti að veita.

Þá er annað atriði, sem við teljum að líka þurfi að skoða vel, og ég tel mjög mikilvægt. Það er, hvort launabarátta opinberra starfsmanna hafi eftir gildistöku laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna 1962 borið minni árangur en launabarátta verkalýðsfélaga, er njóta verkfallsréttar. Ég geri ráð fyrir því, að ýmsir, sem nokkuð þekkja til þessara mála, hafi nokkuð ákveðnar skoðanir á því, hvernig þessu sé háttað. Eftir því, sem ég þekki til þessara mála, þá held ég, að kjarabarátta opinberra starfsmanna á þessu árabili hafi alls ekki borið minni árangur heldur en annarra launþega í landinu, en hins vegar verður vissulega að taka tillit til, að 1962 var almennt viðurkennt, að opinberir starfsmenn væru á eftir, svo að maður getur sagt, að það væri út af fyrir sig eðlilegt, að þeir ættu að hafa náð eitthvað meiri árangri en aðrar launastéttir. En engu að síður er þetta mál, sem þarf að kanna vel og ég mundi segja, að væri eitt af undirstöðuatriðunum, því að ef það sýndi sig, að launabarátta opinberra starfsmanna undir núverandi kerfi með samningsrétti, en án verkfallsréttar, sem svo endar í kjaradómi, eins og kunnugt er — ef hún bæri jafngóðan árangur og launabarátta annarra stétta í þjóðfélaginu, þá getur maður sagt, að það væri minni ástæða til þess að veita þeim verkfallsrétt en ella. Ef aftur hið gagnstæða kemur í ljós, að þeir dragast alltaf aftur úr, þá er auðvitað mjög mikil ástæða til þess að athuga, hvort ekki þurfi að styrkja réttarstöðu þeirra með verkfallsrétti.

Þá er eitt atriði enn, sem þarf að athuga í sambandi við þetta, og það er, hvort veita skuli ríkinu og sveitarfélögunum verkbannsrétt, ef opinberum starfsmönnum verður heimilað að gera verkföll, en eins og kunnugt er, er réttur vinnustöðvana samkv. vinnulöggjöfinni á hinum almenna vinnumarkaði gagnkvæmur, þannig að

verkalýðsfélög geta gert verkföll og samtök atvinnurekenda geta sett á verkbönn. Því þarf að skoðast, hvort rétturinn ætti þá einnig á þessum vettvangi að vera gagnkvæmur, ef til kæmi.

Þá er í þessu sambandi einnig að líta á, hvernig skipan þessara mála sé hjá okkar nágrannaþjóðum og hvernig hún hafi gefizt. Þar er sums staðar verkfallsréttur, en annars staðar ekki.

Enn eitt atriði, sem ég vil láta athuga eða bíða eftir niðurstöðu um, er, hvernig fer um endurskoðun þá, sem nú stendur yfir á l. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38 frá 1954. Það, hvernig breytingar verða á þeirri löggjöf eða réttarstöðu opinberra starfsmanna verður breytt, kann að hafa áhrif á það, hvort veita beri þeim verkfallsrétt eða ekki eða með hverjum hætti. Eins og nú er og lengi hefur verið, hafa opinberir starfsmenn eiginlega haft æviráðningu, ef þeir fá starf hjá ríkinu eða sveitarfélögum, a. m. k. meðan þörf er á því starfi og það ekki lagt niður. Ein af þeim spurningum, sem hlýtur að vakna í sambandi við þessa endurskoðun er, hvort þessu eigi eitthvað að breyta, þannig að réttarstaða þeirra verði t. d. eitthvað svipaðri réttarstöðu almennra launþega, sem vinna hjá atvinnufyrirtækjum á hinum frjálsa vinnumarkaði.

Þá ber líka að skoða það, eða reyndar að komast að niðurstöðu um það eitthvað fram í tímann, hvort samningsréttur ríkisstarfsmanna verði áfram á hendi heildarsamtaka þeirra, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, eins og hefur verið frá 1962, eða hvort samningsréttinum verði dreift á fleiri aðila. Eins og öllum er kunnugt, hafa háskólamenntaðir menn, sem eru opinberir starfsmenn, gert mjög ákveðnar kröfur um það, að Bandalag háskólamanna fái samningsrétt við ríkið fyrir háskólamenntaða menn, sem starfa hjá ríkinu, og að samningsréttur Bandalags starfsmanna ríkis og bæja verði skertur að sama skapi. Undir þessar kröfur hefur að vísu ekki mikið verið tekið enn þá á opinberum vettvangi, hvað sem verða kann, en á þetta er lögð mikil áherzla af háskólaborgurum. Það er mikilvægt atriði í sambandi við hugsanlegan verkfallsrétt opinberra starfsmanna að mínum dómi, hvort samningsréttur verður á hendi eins aðila, sem fer með alla samninga og hefur alla opinbera starfsmenn innan sinna vébanda, eða hvort honum verður dreift á fleiri samtök. Ég segi, að þeim mun varhugaverðara væri að veita verkfallsréttinn, því fleiri aðilar, sem hefðu samningsréttinn á hendi. Ég er ekki talsmaður þess, að þessi samningsréttur verði klofinn. Ég vil hafa hann á hendi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og ég óttast það, að ef út af þeirri reglu verði brugðið, þannig að háskólamenn fái samningsrétt, þá muni fleiri hópar fara í kjölfarið og heimta samningsrétt fyrir sig. Og reyndar finnst mér, að ef það ætti að fara að kljúfa þetta niður í fleiri aðila, sem semdu við ríkið, þá sé það ekki eðlilegt að taka háskólaborgara sérstaklega, því að ég skil ekki, hvernig þeir eiga sérstaka samstöðu í kjaramálum, þó að þeir hafi lært í sama skóla eða sambærilegum menntastofnunum, heldur ætti að fara eftir allt öðrum reglum. Reyndar er þetta töluvert vandasamt mál og mikið alvörumál, því að ef ég man rétt, sagði hæstv. 11. þm. Reykv., sem er nú forseti Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, hér í ræðu í vetur, að sín persónulega skoðun væri sú, að sérhvert félag innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ætti að fá sjálfstæðan samningsrétt gagnvart ríkinu. En við, sem skipum meiri hl. allshn. lítum svo á, að það sé mikilvægt að vita, áður en ákvörðun um verkfallsrétt verður tekin, hvernig samningsrétti verður háttað til frambúðar, hvort sú skipun, sem nú er, telst til frambúðar, eða hvort taka eigi upp einhverja aðra.

Við, sem skipum meiri hl. n., viljum svo í trausti þess, að framangreind athugun, sem ég hef hér rakið, í hverju ætti að felast, fari fram, að henni verði kappsamlega unnið og ríkisstj. hafi þar forgöngu um — í trausti þess, að svo verði gert, leggjum við til, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Kristján Thorlacius): Herra forseti. N. varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. vill vísa því til ríkisstj., en minni hl. n., Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson og ég, leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem ég skal koma að síðar.

Þetta frv. er um afnám l. frá 1915 um bann við verkföllum opinberra starfsmanna. Eins og nú er komið málum, verður það að teljast algert misrétti að leggja bann við verkföllum opinberra starfsmanna. Með vinnulöggjöfinni, sem sett var á árinu 1938, var viðurkenndur verkfallsréttur annarra launþega hér á landi, og um þann rétt gilda síðan reglur, sem þau lög ákveða. Þau lög, sem frv. gerir ráð fyrir, að felld verði úr gildi, voru sett við allt aðrar þjóðfélagsaðstæður en nú eru. Einnig er hugsunarháttur manna í þessum efnum gjörbreyttur frá því, sem þá var. Við nútíma aðstæður fer þýðing starfa fyrir þjóðfélagið ekki eftir því, hvort starfið er unnið á vegum ríkis eða bæjarfélaga eða á vegum félaga einstaklinga. Sannleikurinn er sá, að ýmis störf í þjóðfélaginu, bæði hjá hinu opinbera og einkaaðilum, eru þannig vaxin, að tjón getur af hlotizt, ef vinna er stöðvuð um lengri tíma. Þessi staðreynd hefur verið viðurkennd af þeim stéttarfélögum, sem framkvæma verkfallsréttinn, og í framkvæmd er framfylgt óskráðum lögum, sem gilt hafa um slík störf í verkföllum, og þó að í vinnulöggjöfinni gildi ekki neinar sérreglur um þau störf, sem viðkvæmust eru að þessu leyti, þá hefur þetta ekki komið að sök. Til þess að girða fyrir, að tjón hljótist af verkföllum þeirra opinberra starfsmanna, sem sinna öryggisþjónustu í víðri merkingu þess orðs, gera flm. frv. ráð fyrir, að ef frv. verður að lögum, verði jafnframt lögfest sérstök ákvæði í samráði við samtök opinberra starfsmanna um samningsrétt þessara starfsmanna. Er þetta í samræmi við yfirlýsta stefnu samtaka opinberra starfsmanna.

Þegar lög um bann við verkföllum opinberra starfsmanna voru sett á árinu 1915, var verkalýðsbaráttan í mótun. Þá var hörð andstaða gegn verkföllum almennt, og átökin snerust þá einmitt fyrst og fremst um sjálfan verkfallsréttinn. Ef dregið verður lengi að setja löggjöf, er heim-

ili verkföll opinberra starfsmanna, gæti svo farið, að einstakir hópar opinberra starfsmanna tækju sér þennan rétt. Ég tel æskilegra, að ekki þurfi að koma til slíks frekar en orðið er, heldur verði sett frjálslynd löggjöf um þetta efni á sama hátt og gert hefur verið hjá frændþjóðum okkar í Noregi og Svíþjóð. Á það verður að líta, að þróunin í þá átt, að einstakar stéttir opinberra starfsmanna taki sér verkfallsrétt þrátt fyrir bann í lögum er þegar hafin. Segja má, að læknastéttin hafi í reynd tekið sér verkfallsrétt, og svipuðu máli gegnir í fleiri starfsgreinum.

Eins og nú er ástatt er ríkjandi mjög mikil óánægja hjá opinberum starfsmönnum með launakjörin, og það sannarlega ekki að ástæðulausu. Menn telja, að sú skipan, sem lögfest var 1962, að kjaradómur úrskurði launakjör opinberra starfsmanna, ef samningar takast ekki, hafi gefið miður góða raun. Ástandið var orðið þannig, áður en kjarasamningalögin voru sett 1962, að alveg var komið að því að sjóða upp úr. Ef þá hefði ekki verið sett löggjöfin um samningsrétt opinberra starfsmanna er óhætt að fullyrða, að uppsagnir hefðu hafizt í stórum stíl hjá hinu opinbera. Til stuðnings þessu vil ég benda á, að á þeim tíma lágu fyrir skriflegar uppsagnir frá um 90% af kennurum við barnaskóla og gagnfræðaskóla, og hefðu þær uppsagnir vafalaust verið lagðar fram, ef ekki hefði verið komið til móts við opinbera starfsmenn með setningu l. um kjarasamninga. Launakjörin voru verulega lagfærð í fyrstu kjarasamningunum 1963, en sú lagfæring entist ekki nema skamma hríð, og síðustu árin hefur sigið mjög á ógæfuhlið í kjaramálum opinberra starfsmanna. Áður en frv. um kjarasamninga opinberra starfsmanna var lagt fyrir Alþ. á árinu 1962, var leitað álits stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Það var álit stjórnarinnar, að slík lagasetning væri skref fram á við og væri þess verð að reyna þetta fyrirkomulag. Jafnframt var lögð áherzla á, að samtökin viðurkenndu ekki réttmæti þess, að kjör launþega væru ákveðin með lögskipuðum gerðardómi. Var og talið sjálfsagt og því lýst yfir við ríkisstj. í sambandi við undirbúning málsins, að unnið yrði áfram að því lokamarki, að opinberir starfsmenn njóti sama samningsréttar og aðrir launþegar búa við.

Eins og ég gat um, þótti fyrsta framkvæmd kjarasamningalaganna frá 1962 takast allvel og lofa góðu um það fyrirkomulag, sem þar var upp tekið. En framkvæmdin eftir það hefur valdið miklum vonbrigðum hjá opinberum starfsmönnum. Standa menn nú fastar saman en nokkru sinni um þá réttmætu kröfu, að opinberir starfsmenn fái sama samningsrétt og aðrar stéttir. Það hefur sýnt sig, að í framkvæmd eru kjarasamningalögin ekki mikið annað en réttur til málflutnings fyrir gerðardómi eða kjaradómi, eins og hann er nefndur í kjarasamningal. Þetta stafar einkum af þeirri tilhneigingu ríkisvaldsins og forsvarsmanna sveitarfélaga að vilja fremur skjóta ágreiningsmálum til dómstóla en semja um þau. Þess vegna telja samtök opinberra starfsmanna núverandi fyrirkomulag ófullnægjandi og raunar með öllu óviðunandi. Samtökin voru frá byrjun uggandi vegna dómsákvæðanna, og reynslan hefur sýnt, að sá ótti var engan veginn ástæðulaus.

Mér finnst full ástæða til, að í þessu máli sé litið til þeirrar þróunar, sem orðið hefur hjá frændum okkar á Norðurlöndum. Árið 1958 voru sett lög í Noregi um samningsrétt opinberra starfsmanna. Samkv. þeim lögum er opinberum starfsmönnum þar í landi veittur verkfallsréttur, þó með undantekningum — um öryggisþjónustu og tiltekna embættismenn. Einnig er sá fyrirvari um verkfallsréttinn, að heimilt er að skylda starfsmenn til að gegna störfum sínum í þrjá mánuði, ef talið er, að brottför þeirra úr starfi stofni í hættu mikilvægum þáttum þjóðarhagsmuna. Í Svíþjóð var opinberum starfsmönnum veittur verkfallsréttur með l. á árinu 1966. Hvorki í Finnlandi né Danmörku munu vera nein lög, sem banna verkföll opinberra starfsmanna. Í þessum löndum telja samtök opinberra starfsmanna sig hafa verkfallsrétt, og í báðum löndunum hafa hópar starfsmanna gert verkföll á undanförnum árum án þess, að ákærur hafi átt sér stað.

Síðan l. um bann við verkföllum opinberra starfsmanna voru sett 1915, hafa orðið stórfelldar þjóðfélagsbreytingar. Á þeim tíma voru örfáir starfsmenn í þjónustu ríkis og bæjarfélaga. Nú starfa hjá ríki og bæjum milli 8 og 9 þús. starfsmenn. Af þessum hópi eru um 7 þús. í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Um flesta þessa starfsmenn gildir það, að engin ástæða er til frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að þeir búi við aðrar reglur en aðrir launþegar, að því er tekur til samningsréttar og verkfallsréttar.

Eins og tekið var fram við 1. umr. þessa máls, lita flm. frv. á það sem stefnumarkandi mál um það, hvort starfsmenn hins opinbera eigi að hafa samningsrétt með svipuðum hætti og aðrir launþegar í landinu eða ekki. Okkur er það ljóst, að ef þetta frv. verður að l., þarf að ákveða nánar, hvaða störf skuli teljast til öryggisþjónustu, og hvaða reglur um þau gilda. Við gerðum ráð fyrir, að þau atriði yrðu rædd samhliða þessu frv. í n. Nú höfum við flutt brtt. um, að l. öðlist gildi um næstu áramót, til þess að tími vinnist á næsta þingi til þess, ef frv. verður að l., að setja lagaákvæði um þau sérstöku atriði, sem þarf að setja reglur um, svo sem ég vék að áðan.

Meiri hl. allshn. vill vísa þessu máli til ríkisstj., og rökin fyrir þeirri till. eru þau, að áður en ákvörðun verður um það tekin, að veita opinberum starfsmönnum verkfallsrétt, þurfi að kanna tiltekin atriði, sem upp eru talin í áliti meiri hl. n.

Við, sem minni hl. skipum í n., erum sammála meiri hl. um, að hér er um stórt mál að ræða. En málið er ekki nýtt og hefur allmikið verið rætt á undanförnum árum. Að minnsta kosti tveir af þeim hv. þm., sem skipa meiri hl. n., eru þaulkunnugir þessu máli, annar þeirra, hv. 12. þm. Reykv., sem fyrrv. form. BSRB um margra ára skeið og hinn, hv. 3. landsk. þm., frsm. meiri hl., var um nokkur ár einn aðalsamningamaður ríkisins um kjaramál opinberra starfsmanna og hefur því fylgzt náið með þessum málum og gangi þeirra. Það hefði því vel mátt gera þær athuganir, sem um er rætt í áliti meiri hl. n., í

þingn. En ef svo skyldi fara móti von okkar, sem stöndum að áliti minni hl., að málinu verði vísað til ríkisstj., er þess að vænta, að sú athugun, sem gert er ráð fyrir í áliti meiri hl. n., verði látin fram fara hið allra fyrsta, og ég vil leyfa mér að vænta þess, að þessi athugun verði látin fara fram, þannig að málið geti af hálfu hæstv. ríkisstj. komið á ný fyrir næsta þing.

Sú afstaða meiri hl. n., að vísa þessu máli til ríkisstj. með þeim röksemdum, sem í nál. greinir, er út af fyrir sig fagnaðarefni. Þar með er málið ekki í þetta skipti svæft í n., og auknar líkur fyrir því, að það verði ekki fellt. Þetta sýnir, að þróunin gengur í þá átt, að menn telja ekki stætt á því öllu lengur að synja opinberum starfsmönnum um sama samningsrétt í kjaramálum og aðrir hafa búið við í marga áratugi.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en við í minni hl. allshn. leggjum sem sagt til, að frv. verði samþ. með þeirri breytingu, sem grein hefur verið gerð fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá meiri hl. allshn. á þskj. 587 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JónÁ, JÞ, MJ, ÓB, StG, SvG, AuA, OA, SEG, JR.

nei: KGuðj, ÓlJ, PÞ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, KTh, GilsG.

Einn þm. (JÁH) fjarstaddur.

6. Skattfrelsi heiðursverðlauna.

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um skattfrelsi heiðursverðlauna [74. mál] (þmfrv., A. 83).

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Á síðasta þingi voru samþ. lög um skattfrelsi Sonningsverðlauna. Halldór Laxness hafði, sem kunnugt er, fengið verðlaun úr svokölluðum Sonningssjóði, sem tengdur er Kaupmannahafnarháskóla, og mönnum þótti óeðlilegt, að verðlaun, er væru veitt sem viðurkenning fyrir ritstörf hans, yrðu metin eins og venjulegar tekjur. Afleiðingin varð sú, að það var flutt um það frv. hér á þingi, að Sonningsverðlaunin skyldu undanþegin tekjuskatti og útsvari. Þegar það frv. kom til umr. hér í Nd. Alþ., vakti ég athygli á því, að það væri óeðlileg aðferð að binda þetta við Sonningsverðlaunin ein saman. Upp mundu koma fjölmörg hliðstæð dæmi, verðlaunaveitingar til Íslendinga án umsóknar þeirra fyrir unnin afrek í bókmenntum á fleiri sviðum, og um þetta þyrfti að setja almenna reglu, sem tæki til hliðstæðra verðlauna. Þetta sjónarmið hlaut stuðning ýmissa aðila. Mér er kunnugt um það, að Bandalag ísl. listamanna kom þessu sama sjónarmiði á framfæri við þá n., sem um málið fjallaði, og hér í umr. á þingi skýrði frsm. n. frá því, að n. hefði efnislega verið inni á þessu sjónarmiði, en hefði ekki treyst sér til þess að finna skilgreiningu, sem hún teldi, að dygði til þess að afmarka þessar undanþágur. Þetta er ástæðan til þess, að ég flyt hér frv. til l. um almenna reglu í þessu efni — um skattfrelsi heiðursverðlauna, sem menn fá án umsóknar frá stofnunum innlendum og erlendum fyrir afrek á sviði lista og mennta, tækni og vísinda.

Orðalagið á þessu frv. er það sama og ég flutti í fyrra sem brtt. við frv. um Sonningsverðlaun. Nú má vel vera, að mönnum finnist, að annað orðalag væri skýrara eða betra eða afmarkaði málið betur, og ég vil ítreka það, sem ég sagði hér í fyrra, að ég væri fús til samvinnu um það að umorða tillögugreinina. En ég held, að sjálf hugsunin, sem í þessu felst, geri það óhjákvæmilegt, að Alþ. taki tillit til hennar. Með afgreiðslunni á l. um Sonningsverðlaun finnst mér, að Alþ. hafi tekið þessa ákvörðun efnislega og verði að staðfesta hana sem almenna reglu. Í grg. fyrir frv. minnist ég á dæmi, sem varpar ljósi á þetta. Í haust fékk Magnús Már Lárusson prófessor, rektor Háskóla Íslands, heiðursverðlaun frá vestur-þýzkum aðila, heiðursverðlaun fyrir þau fræðistörf, sem hann hefur unnið um langt skeið, og sem eru mjög merk, eins og allir vita. Þessi viðurkenning til háskólarektors er jafnframt viðurkenning til íslenzkra fræða og hlýtur að vera Íslendingum almennt fagnaðarefni. Ég fæ ekki séð nokkur rök fyrir því, að önnur regla eigi að gilda um þessi heiðursverðlaun en heiðursverðlaunin, sem Halldór Laxness fékk svo maklega í fyrra. Dæmi af þessu tagi væri hægt að nefna mörg fleiri, og þau verða áreiðanlega mun fleiri á næstu árum. T. d. má minna á það, að í sambandi við Norðurlandaráð hafa verið stofnaðir miklir sjóðir, sem veita viðurkenningar af þessu tagi, og það er fjarska líklegt, að Íslendingar fái þar stöku sinnum viðurkenningu á sama hátt og aðrir, þannig að um þetta verður óhjákvæmilega að vera regla.

Ég vil minna á það einnig, að í lögum eru ákvæði um undanþágur, ef mönnum áskotnast fjármunir á óvenjulegan hátt. Þar á ég við ákvæði um það, að vinningar í happdrætti eru skattfrjálsir. Þar er það lukkan, sem sker úr um, hver vinninginn hreppir, en í þeim dæmum, sem ég nefni, eru það mjög ótvíræðir og óvenjulegir verðleikar, sem um er að ræða og ætti ekki að meta miður. Ég vil vænta þess, að hæstv. fjmrh., sem ég veit, að er nákvæmur í störfum, og vill hafa eðlilegt samræmi í lagasetningu, stuðli fyrir

sitt leyti að því, að löggjöf af þessu tagi verði sett á þessu þingi.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta frv. mikið að umtalsefni. Ég er sammála þeirri hugsun, sem felst að baki því og hv. flm. hér lýsti. Hitt er annað mál, að ég þori ekki á þessu stigi að gefa neina yfirlýsingu um það, hvort ég telji fyrir mitt leyti mögulegt að samþykkja frv. eins og það lítur út eða samþykkja almenn lög um þetta efni, og hvort hægt er að skilgreina það mál, sem við stefnum hér að, nægilega ljóst til þess, að það leiði ekki til vafaatriða eða vandræða eða til fordæma, sem kynnu að verða hæpin. Það má að vísu ekki hræðast það um of, ég skal fúslega játa það, þannig að það leiði a. m. k. ekki til þess, að menn ekki taki á viðfangsefninu. Ég tel sjálfsagt, að málið sé athugað rækilega án þess, eins og ég segi á þessu stigi, að geta lýst nokkurri afstöðu til málsins varðandi það, hvort hægt sé að setja um þetta almenna reglu eða ekki. En ég er hv. þm. sammála um það, að þau verðlaun, sem hann vék hér til, að Magnús Már Lárusson núv. háskólarektor hefði hlotið nú á þessu ári, þau séu algerlega samsvarandi þeim verðlaunum, sem Halldór Kiljan Laxness hlaut, og skal taka það fram, að það er ekki ætlunin, að þessi verðlaun verði skattlögð með hvaða hætti, sem það verður gert. Það er önnur saga, sem ég skal ekki segja á þessu stigi. En það hefur þegar verið ákveðið, að nauðsynlegra heimilda verði aflað, til þess að þessi verðlaun hljóti sömu meðferð og verðlaun Halldórs Kiljans.

Lagasetning getur orðið með mismunandi hætti, en það, sem ég átti við, er það, að efnislega hefur verið ákveðið af hálfu ríkisstj. að beita sér fyrir þessu, en hvort það verður með almennri lagasetningu eða sérstökum heimildum, sem hægt er einnig að afla með mismunandi hætti, það skal ég ekki alveg segja um á þessu stigi, en taldi rétt, af því að þess er sérstaklega getið í þessu frv. hér, að það kæmi fram, þegar við þessa umr. Að öðru leyti tel ég rétt, að málið fái meðferð í n. og það verði kannað, hvort hægt verði að finna leið til þess að skilgreina þessi atriði með þeim hætti, að þau verði ótvíræð og verði ekki of víðtæk. Það er það, sem er meginvandi málsins. Auðvitað verður reynt að þoka inn á það sem allra flestu. — Það þekkjum við allir. — Allir vilja gjarnan njóta skattfrelsis. Það er ekkert efamál, þannig að það getur orðið nokkuð vandasamt að finna almenn ákvæði í þessu efni. Það getur hins vegar ekki orkað tvímælis, þegar það er miðað við tiltekin verðlaun, eins og átti sér stað varðandi verðlaun Halldórs Kiljans. Þar sem það var fyrsta tilfellið af þessari tegund verðlauna, þá þótti ekki rétt að setja um það almenn ákvæði, þó að það geti vel verið, að það sé orðið tímabært nú, þegar fleiri tilfelli liggja fyrir. A. m. k. ætti að íhuga það í fullri alvöru, hvort réttara sé að hafa það form á eða veita með einhverjum hætti sérstakar heimildir hverju sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 15. fundi í Nd., 17. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjhn. með 35 shlj. atkv.

Á 78., 79., 81., 82. og 83. fundi í Nd., 20., 21., 24., og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 83, n. 585).

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur á þskj. 585, mælir fjhn. þessarar hv. d. öll með því, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. Frv. þetta fjallar um það, að heiðursverðlaun, sem menn fá án umsóknar, eins og þar stendur, frá stofnunum, innlendum eða erlendum, fyrir afrek á sviði lista og mennta, tækni og vísinda, skuli undanþegin tekjuskatti og útsvari frá árinu 1969. Nm. hafa fjallað um frv., og það er skoðun þeirra, að þetta mál sé töluvert viðameira en svo, að hægt sé að óathuguðu að setja slíka undanþágu í skattal. Þeir eru hins vegar þeirrar skoðunar með tilliti til þeirra nýlegra dæma, sem hv. alþm. allir þekkja, um eftirgjöf á skatti vegna heiðursverðlauna erlendis frá, og sú er skoðun þeirra, að það sé rétt, að þetta mál sé sérstaklega athugað og reynt að setja um það þá reglu, sem talin væri eðlileg, svo það þyrfti ekki í hvert skipti að leggja slíkt mál hér fyrir Alþ. — Það er eitt nýtt dæmi enn, sem við heyrum um nú, þar sem dr. Sigurður Þórarinsson hefur hlotið verðlaun í Sviþjóð.

Ég held, að það sé ekki ástæða til þess að fjölyrða meira um málið, en n. leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstj. og fjmrn. athugi, með hvaða hætti rétt sé að lögbinda undanþágu í þá átt, sem frv. gerir ráð fyrir, og leggi síðan niðurstöður sínar fyrir næsta Alþ. Endurskoðun skattal. fer nú fram, svoleiðis að ég held, að einmitt þessi athugun ætti að geta farið fram nú á sumri komanda og niðurstaða af því gæti legið fyrir Alþ., þegar það kemur saman á ný n. k. haust.

N. leggur til, að frv. með þeim rökstuðningi, sem fram kemur í nál. á þskj. 585, verði vísað til ríkisstj.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þetta litla frv. hefur tvívegis legið fyrir Alþ., og mér hefði fundizt þetta vandamál ekki stærra en svo, að það hefði ekki átt að vera ofverk hv. n. að komast að niðurstöðu um það, hvort það orðalag, sem ég er með, nægði, eða hvort þyrfti að breyta því. N. hefði getað fengið einhvern sérfróðan mann til þess að vinna það verk fyrir sig. Að þessu hefur samt ekki verið unnið þannig, en í staðinn lýsir n. yfir efnislegum stuðningi við frv., en leggur til, að hæstv. ríkisstj. verði falið að vinna verkið, þannig, að um þetta verði lögð endanleg till. fyrir næsta þing. Ég get í sjálfu sér fallizt á þá afgreiðslu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var hér til 1. umr., sagði ég nokkur orð af því tilefni. Það er rétt, sem hv. flm. segir, að það hefur áður legið hér fyrir þinginu. Reyndar hafa komið hér fram sérfrv. til þess að veita skattundanþágur í ákveðnum tilvikum, þar sem um verðlaunaveitingar til íslenzkra lista- og fræðimanna var að ræða. Ég vil taka það fram út af þessari till. hv. n. um afgreiðslu málsins, að ég er henni mjög ásáttur og get lýst því yfir hér, að ég álít, að þetta mál þurfi að fá jákvæða lausn og það þurfi að fastmóta reglu í þessu sambandi. Hins vegar er hér um nokkurt vandamál að ræða, hvernig sú regla á að vera, án þess að það leiði út í ógöngur, en ég vil sem sagt lýsa því yfir hér, að ég tel bæði rétt og skylt að taka þetta mál til afgreiðslu nú fyrir næsta þing og í þeirri endurskoðun skattalaganna, sem þá kemur fram, felist þá till. um lausn á þessum vanda.

ATKVGR.

Till. frá fjhn. á þskj. 585 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 27 shlj. atkv.

---

7. Fólkvangur á Álftanesi.

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um fólkvang á Álftanesi [37. mál] (þmfrv., A. 37).

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 37 hef ég ásamt nokkrum þm. hv. þd. leyft mér að flytja frv. til l. um fólkvang á Álftanesi. Frv. þetta var flutt á síðasta Alþ., en náði þá ekki fram að ganga. Það var flutt það seint og ekki tekið til umr. Efni þessa frv. er um, að skipulagning byggðar í Bessastaðahreppi í Gullbringusýslu og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, verði hagað þannig, að þar verði svæði fyrir fólkvang til útivistar fyrir almenning.

Nú á síðari árum hefur skipulag sveitarfélaga mjög aukizt í sambandi við byggð, og á þessu svæði, sem hér er átt við, er mesti þéttbýliskjarni landsins, og þess vegna hefur af eðlilegum ástæðum byggðaskipulagið þar verið meira en annars staðar. Þegar byggðin eykst, eins og raun ber vitni hér á þessu svæði, þá verður að hafa í huga, að svæðum sé haldið til haga fyrir það fólk, sem byggir hér í þéttbýlinu, þannig að það hafi tækifæri til útivistar. Það má segja, að með skipulagi Heiðmerkur hafi fyrst verið gert átak í sambandi við útivistarsvæði fyrir fólk hér á þéttbýlissvæðinu. Hins vegar sýnist flm., að hér við sjávarsíðuna séu nú síðustu forvöð til þess að tryggja það, að frá verði tekin svæði, sem hægt verði að nota til útivistar fyrir almenning. Þetta svæði, sem hér um ræðir í þessu frv., er Álftanesið, er, eins og þar segir, Bessastaðahreppur og hluti af Garðahreppi. Þetta svæði hefur ekki enn verið skipulagt í sambandi við íbúðahverfi, og þess vegna er nú einmitt tækifæri að tryggja, að það verði skipulagt þar byggingarsvæði með þeim hætti, að frá verði tekið útivistarsvæði fyrir almenning. Álftanesið er að mörgu leyti vel til þess fallið, hvað snertir samgöngur fyrir það fólk, sem byggir þéttbýliskjarnann. Í öðru lagi hefur það upp á ýmsa mjög góða kosti að bjóða, sem slíkt svæði þarf að hafa til þess að gera dvöl fólksins, sem þangað mundi vilja sækja, ánægjulega, en það er fagurt útsýni og umhverfi, fagrar og sérstæðar náttúrumyndanir og fjölbreytt jurta- og dýralíf. Það er í 1. gr. frv. einmitt gert ráð fyrir því, að þess verði gætt við skipulag þessa svæðis, að land eða landspildur, sem hafa upp á það að bjóða, sem ég nú gat um, verði einkanlega tekið frá til almenningsafnota.

Um leið og hér er varpað fram þessari hugmynd að gera Álftanesið að útivistarsvæði fyrir þéttbýliskjarnann hér, þá kemur annað meginefni frv. í 2. gr., en þar segir, að óheimilt sé að reisa eða gera í Bessastaðahreppi og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, opinber mannvirki, sem truflað geti skipulagninguna, sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. Hér er fyrst og fremst átt við það, að sú hugmynd, sem hefur verið uppi í sambandi við flugvallargerð á Álftanesi, verði ekki að raunveruleika, og er það einmitt annað markmið frv. að fyrirbyggja um leið, að slík mannvirki verði þarna reist. Það er öllum hv. þdm. kunnugt, að á undanförnum árum hafa átt sér stað umræður og athuganir á flugvallargerð hér í þéttbýlinu, og hafa þá augu manna einkum beinzt að Álftanesi vegna þess, að það er eini landshlutinn hér í þéttbýliskjarnanum, sem enn er óbyggður, og þess vegna fært að staðsetja þar flugvöll. Að vísu er það töluvert mikið landrými, þegar suður fyrir Hafnarfjörð kemur, en ýmsir, sem gerst telja sig þekkja til þessara mála hafa talið, að þægilegri aðstæður séu fyrir hendi á Álftanesi en þar suður frá. Það er skoðun mín, að ef úr þessu yrði, mundum við, þegar fram í sækti, mjög geta séð eftir að hafa ekki í tíma fyrirbyggt, að slík mannvirki yrðu byggð á þessu svæði, og til þess að það eigi sér ekki stað öðru vísi heldur en Alþ. taki um það ákvörðun, þá er frv. þetta flutt.

Það hefur starfað n. í flugvallarmálum. Sú n. hefur ekki náð samstöðu. Minni hl. hennar hefur lagt til, að á Álftanesi verði byggður flugvöllur, sem í senn geti þjónað innanlands- og utanlandsflugi. Hins vegar hefur meiri hl. þessarar n. lagt til, að aðeins verði tekið frá svæði á Álftanesi, þannig að hægt yrði að byggja þar flugvöll til innanlandsflugs. Í skipulagi Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir því, — ég held, að ég fari með rétt mál — að 1983 verði sá flugvöllur, sem er hér suður í mýrinni, horfinn og þar komið íbúðarhverfi í staðinn, og þess vegna þurfi yfirvöld að tryggja það, að einhvers staðar hér á næstu grösum verði byggður flugvöllur í stað þess, sem þar hyrfi. Við höfum hér suður

á Reykjanesi flugvöll, sem í senn að mínum dómi gæti þjónað innanlandsflugi í dag, og með þeim mjög svo góða vegi, sem byggður hefur verið þangað suður eftir, er hér ekki um langa vegalengd að ræða, og eftir því, sem árin líða, verður hún styttri, enda þótt hún sé ævinlega sami kílómetrafjöldi. Byggðin færist suður, og áður en varir verður ekki nema stutt á milli byggðarlaga, þannig að fjarlægðin, sem ýmsir setja fyrir sig í sambandi við Keflavíkurflugvöll sem innanlandsflugvöll, verður hverfandi. Það má og benda á það, að erlendis er víða uppi sú stefna að hverfa með flugvelli frá þéttbýli og koma þeim fjær auk þess, sem í framtíðinni verður tvímælalaust svo ör þróun í tækni flugmála, að til flugvalla þarf ekki nema tiltölulega lítið svæði. Það sýnir sig, að framfarirnar eru svo miklar, að ég held, að hér komi ekki til greina að neitt vandamál rísi.

Enn fremur er gert ráð fyrir því í þessu frv., að sá fólkvangur, sem hér yrði byggður, heyrði undir Náttúruverndarráð. Að sjálfsögðu er hægt að hafa alla framkvæmd á því eftir því, sem rétt væri talið. Hins vegar mundi hann þjóna fleira en einu byggðarlagi, og þess vegna þótti rétt að setja það inn í frv. með tilliti til þeirra ákvæða, sem í náttúruverndarlögunum eru, að þessi fólkvangur yrði undir stjórn Náttúruverndarráðs í stað þess að vera undir stjórn náttúruverndarnefndar einhvers sveitarfélagsins.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um frv. Það var flutt, eins og ég sagði, á síðasta þingi. Í sumar var sú hugmynd, sem hér um ræðir, m. a. tekin upp í borgarstjórn Reykjavíkur og bent þar á önnur svæði. Sjálfsagt er að skoða allar hugmyndir, sem fram koma í sambandi við þessi efni, en ég mundi halda, að jafnvel þó að við höfum falleg og góð svæði, sem eru mjög vel til þess fallin að vera útivistarsvæði fyrir fólk hér í þéttbýlinu, þá hafi Álftanesið upp á svo fjölmarga eiginleika að bjóða, að það megi ekki sleppa því að tryggja það, að það verði notað í framtíðinni til slíkra hluta. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, vil ég taka það skýrt fram, að það er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að ákveðinn hluti þessa svæðis verði skipulagður í sambandi við húsbyggingar, en séð verði svo um að halda frá mjög góðum og stórum svæðum til útivistar.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Um þessar mundir starfar n. að því að endurskoða löggjöf um náttúruvernd, og mun hún væntanlega skila áliti sínu, áður en margir mánuðir eru liðnir. Þessi endurskoðun er hluti af hreyfingu, sem nú er uppi í landinu, til mjög aukins áhuga á náttúruvernd. Náttúruvernd er víðtækt hugtak, sem spannar yfir margt. Hún á bæði við það að varðveita náttúru landsins eða dýralíf sem líkast því, er verið hefur, og gera náttúrunni kleift að þróast eftir sínum eigin lögmálum. Undir náttúruvernd má líka færa það, sem kallað er fólkvangur í núverandi löggjöf, sem er opið svæði, tekið frá til þess að gefa fólki í þéttbýli tækifæri til að komast út í græna náttúru án of mikillar fyrirhafnar.

Það er þegar orðið allmikið vandamál hér í höfuðborginni, hvert fólk getur farið í stuttar ferðir um helgar. Það er ástæða til þess að hugsa einmitt um það land, sem er nærri höfuðborginni, vegna þess að vinnandi fólk hefur oft takmarkaðan tíma um helgar og vill geta brugðið fljótt við, ef veðuraðstæður eru hentugar. Það er þegar farið að hugsa um ýmis svæði á Reykjanesi, jafnvel norður í Hvalfjarðarbotn og lengra í þá áttina og austur fyrir fjall eftir stöðum, sem munu verða hentugir sem útivistarsvæði fyrir fólkið á hinu stóra þéttbýlissvæði í kringum höfuðborgina næstu áratugi.

Á miðju því svæði, sem þegar er byggt, er Álftanes enn að verulegu leyti opið. Í skipulagi eða skipulagshugmyndum, sem fram hafa komið og hafa verið gefnar út í allstórri bók, er reiknað með því að setja á mitt Álftanesið eða grænasta hluta þess byggð með 4—5 þús. íbúum. Ég bið menn að ímynda sér, hvernig þetta svæði muni líta út eftir svo sem einn mannsaldur, annars vegar ef Keflavík væri tekin og sett niður á grænasta og fallegasta hluta Álftaness, sett niður á túnin á Eyvindarstöðum, Landakoti allt í kringum Bessastaði — eða hins vegar, hvernig nesið mundi líta út, ef við bærum gæfu til þess í dag að gera þetta ekki og skilja þennan græna blett eftir óbyggðan.

Álftanesið er að ýmsu leyti óvenjulegt. Fjörurnar þar eru mjög ríkar frá náttúrunnar hendi af hvers konar lífi, enda nú þegar eftirsóttar af fólki, sem þangað fer til þess að njóta útivistar. Ég er þeirrar skoðunar, að við ættum að stefna að því að varðveita eins mikið af þessu svæði og við getum og takmarka byggð á því eins og við getum.

Nú þegar hafa verið flutt til hús eða reist hús, sem lýta bæjarstæðið á Bessastöðum til stórra muna, þegar farin er leiðin út á nesið. Þetta eru ekki nema eitt eða tvö hús, sem hafa verið færð til frá hættulegum vegamótum, en fegurðarauki eru þau ekki, þvert á móti. Smádæmi sýna okkur, hversu fljótt geta orðið slys á þessu sviði. Ég held, að skylda okkar í dag sé að halda þannig á þessum málum, að við gefum næstu kynslóð tækifæri til að ráðstafa þessu svæði. Látum ekki þröng sjónarmið okkar í dag ráða því, hvað um þetta svæði verður, og sízt af öllu setja á það 4—5 þús. manna byggð, ekki sízt vegna þess, að það er mikið landrými í kringum okkur, sem hægt er að byggja á, og við þurfum ekki að kvarta um landþrengsli.

Ég hefði helzt viljað, að bændur á Álftanesi héldu áfram að búa, meðan þeir geta, en það yrðu settar verulegar takmarkanir á nýjar byggingar. Ef það kemur í ljós, að þeir verða fyrir beinu tjóni af þessu, þá verður að bæta þeim það. Ég hefði helzt viljað, að þegar þeir, sem búa þarna, treystu sér ekki lengur til þess að halda áfram búskapnum, þá verði jarðirnar keyptar af þeim og reynt að hagnýta þær sem bezt, halda túnunum og grænu svæðunum. Þarna gætu verið í framtíðinni húsdýragarðar fyrir börnin hér í þéttbýlinu, þar gætu jafnvel verið golfvellir, og sem allra minnst skert náttúruna

eins og hún er, sérstaklega við strendurnar og í hraununum. Ég tel, að sjónarmið okkar í þessum efnum eigi að mótast af því að gera ekki skyssur, heldur geyma nesið þangað til við höfum betri ráð og e. t. v. víðari sjóndeildarhring í þessum efnum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég álít, að þetta frv. sé mjög athyglisvert og leiði hugann að máli, sem sífellt er að verða stærra og stærra, en það er, að þrátt fyrir þéttbýlið geti þjóðin umgengizt landið. Þetta er að verða stórfellt vandamál einmitt hér í þéttbýlinu við Faxaflóa. Ekki sízt er að verða hættulegt, hvernig þróast hér í fjörum og á strandlengjum, því að segja má, að margar skemmtilegustu fjörurnar og mörg skemmtilegustu svæðin við ströndina séu að lokast. Sumpart vegna þess, hvernig umgengni er á þessum stöðum og sumpart fyrir það, hvernig sjórinn er að mengast.

Ég fullyrði, að mengun sjávar er nú þegar orðin stórkostlegt vandamál hér í grennd við Reykjavík. Það er t. d. að verða þannig á norðanverðu Seltjarnarnesi, að þar er varla komandi í nokkra fjöru lengur og það færist óðfluga í það horf, að óhugsandi sé umferð þar vegna þess, hvernig sorp er leitt út í sjóinn, og hvernig gengið er um fjörurnar á ýmsa lund. Það er ekki vafi á því, að heilbrigðislöggjöfin er brotin víða þarna, eins og nú er að farið. Það er þess vegna áreiðanlega fullkomlega tímabært mál, ekki aðeins að skoða þetta frv. vandlega, heldur að athuga, hvernig ástatt er í þessu efni hér við sjávarsíðuna í grennd við Reykjavík og þéttu byggðina við sunnanverðan Faxaflóa.

Ég vil benda mönnum á Seltjarnarnesið, og ég mundi telja stórkostlegt óhapp, ef það sama ætti eftir að koma fyrir í fjörunni við Seltjörnina sjálfa og nú er að gerast norðan á Seltjarnarnesinu. Ég álít, að það sé alveg lágmark hér á Seltjarnarnesi að friða svæðið frá Suðurnesi, þar sem lögreglan hefur sínar stöðvar, og norður fyrir Gróttu — umhverfi gömlu Seltjarnarinnar — því að þetta er Seltjörnin, víkin, sem þarna verður, er Seltjörnin, en ekki tjörnin, sem nú er inni í landinu. Hún heitir Bakkatjörn. Þetta svæði þyrfti alveg fortakslaust að friða og sömuleiðis svæðið umhverfis Bakkatjörnina. Þetta bendi ég þm. Reykn. á. Þeir ættu að gefa þessu gaum, ef yfirvöldin á þessum slóðum ekki taka sig fram um þetta.

Þá er Álftanesið. Ég hef áður hér á hv. Alþ. og annars staðar vakið athygli á vissum stöðum þar, sem þyrfti umfram alla muni að friða. Ég nefni ströndina fyrir norðan Gálgahraunið, sem er alveg sérstök í sinni röð, hún er svo sérkennileg og falleg. Hana þyrfti umfram allt að friða, og þannig er um fleiri fjörur á Álftanesinu og einstök svæði. Sjálfsagt er að athuga gaumgæfilega, hvað hægt væri að friða einmitt á Álftanesinu og þá sem allra mest.

Ég tel, að fram ætti að fara heildarskoðun á þessum málum, og ég álít, að byggðarlögin við sunnanverðan Faxaflóa ættu tafarlaust að taka upp samstarf og samvinnu sín á milli og skoða þessi mál í samhengi, því að það er ekki hægt að leysa þessi mál á vegum hvers byggðarlags um sig. Þau verða að hafa samstarf og samvinnu um þau.

Ég hef stundum minnt á ströndina fyrir neðan Korpúlfsstaði frá Eiði og inn í Blikastaðakró, en það er eitt svæðið, sem að mínu viti þarf endilega að friða, og svo áfram upp með Korpúlfsstaðaánni. Þannig mætti benda á fleira, þó að mér sé þetta efst í huga ásamt ýmsu af því, sem kemur í raun og veru undir ákvæði þessa frv. Auðvitað eru alls konar erfiðleikar, sem koma fram í þessu sambandi vegna þéttbýlisins, en þetta verður heldur aldrei leyst, nema menn þori að horfast í augu við þetta verkefni nú þegar.

Hv. þm., sem talaði fyrir frv., minntist lauslega á það, sem gerzt hefur í borgarstjórn Reykjavíkur í þessum málum. Ég vil einnig gera það að umtalsefni og lýsa sérstökum fögnuði mínum yfir því, að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið að beita sér fyrir samstarfi sveitarstjórnarmanna hér við sunnanverðan Faxaflóa um að friða og taka frá sem fólkvang og útivistarsvæði væna spildu, sem liggur þvert yfir Reykjanesið úr Elliðaárvogi og suður á Krýsuvíkurbjarg. Þetta er stórkostleg hugmynd, sem hefur verið samþ. í borgarstjórn Reykjavíkur, og álít ég, að sú samþykkt marki algerlega tímamót í þessum málum, en reki sig ekki að neinu leyti á þær hugmyndir, sem eru um friðanir annars staðar, t. d. í þessu frumvarpi. Það er sem sé ekki nóg, að þessi útivistargarður eða fólkvangur komist upp, þótt stórbrotið sé, heldur verður einnig að friða svæði við sjóinn.

Til þess að benda mönnum á, hvað er að gerast, ef menn bera gæfu til að framkvæma þá stórkostlegu hugmynd, sem hefur nú verið samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur, vil ég benda mönnum á, að þetta svæði þvert yfir Reykjanesið liggur um svokallaðan Elliðaárdal upp með Elliðaánum, síðan sennilega fyrir austan Elliðavatnið, um Hjallana, sem tengdir eru Heiðmörkinni og svo suður um Búrfell og Búrfellsgjá, Kaldársel, Undirhlíðar og þá suður að Kleifarvatninu og svo alla leið suður á Krýsuvíkurberg. Þetta yrði mikið svæði, ef menn bæru gæfu til að koma þessu í framkvæmd, þá mundi í þessum útivistargarði verða ein laxá, eitt fuglabjarg, tveir sprengigígar, sem eru stórfelld náttúrufyrirbrigði í Krýsuvík og ein eldborg af þess háttar gerð, að sennilega eru aðeins til þrjár slíkar á Íslandi, þ. e. a. s. Eldborgin austan við Krýsuvík. Þar að auki er þarna hinn ákjósanlegasti staður fyrir skógrækt í Undirhlíðunum. Þarna mundu verða tvö stöðuvötn í garðinum, annað þeirra svo stórt, Kleifarvatnið, að þar væri hægt að hafa bátahafnir, siglingasport og sjóskíðaferðir og alls konar starfrækslu. Þetta eru aðeins örfá orð um það, sem þarna væri hægt að gera. Komist þetta í framkvæmd, þá gæti engin höfuðborg í veröldinni boðið upp á nokkuð hliðstætt og Reykjavík í þessum garði, sem jafnframt yrði fyrir Hafnarfjörð, Kópavog, Garðahrepp, Keflavík og Grindavík og öll byggðarlög á Suðurnesjum.

Á þessu svæði er mjög margt af fallegustu blettunum, sem til eru í grennd við byggðirnar á Suðurnesjum. Mín skoðun er sú, að þetta svæði

ætti að vera mjög mismunandi breitt, sem næði alveg þvert yfir Reykjanesið. Ég tel, að það ætti t. d. að vera svo breitt, þegar suður eftir dregur, að inn í það kæmi Austurhálsinn (Sveifluháls-inn) og svo líka Vesturhálsinn, sem kallaður er, — og þá Trölladyngja, Höskuldarvellir og Selvellir. Þarna eru raunar fegurstu slóðirnar, sem hægt er að finna hér í grenndinni, og mjög auðvelt er að tengja þær inn á þetta svæði, því að það er ekki langt þangað vestur eftir og fellur afar vel inn í. Þá yrði svæðið langbreiðast þar.

Inn á svæðið ætti að leggja brautir frá öllum byggðarlögum við sunnanverðan Flóann, sem allra beinast. Það væri hægt að fara beint úr Kúagerði t. d. um Höskuldarvelli og inn á svæðið. Kúagerði er suður við Vatnsleysu, innst á Vatnsleysuströndinni. Þar væri hægt að fara beint inn á svæðið úr syðri byggðarlögunum. Úr Grindavík er nú þegar hægt að fara beint inn á svæðið úr Grindavík og úr Hafnarfirði um Kaldársel o. s. frv.

Við köllum þetta friðun, en þetta ætti ekki að vera friðun að því leyti til, að þarna verður að eiga sér stað ýmiss konar starfræksla, sem snertir það útilíf, sem þarna á að fara fram, og það er vafamál, hvort ætti að leggja nokkra áherzlu á að alfriða þetta svæði fyrir búpeningi. Þetta er friðun í þeirri merkingu, að allt verði sem líkast því, sem það er frá náttúrunnar hendi, og verði umferðarland og útivistarland. Það yrði að sjálfsögðu að leggja um þetta land hæfilega bílvegi, a. m. k. inn á svæðið á ýmsum stöðum eftir því, sem skynsamlegt þætti, og svo skemmtilega reiðvegi og gönguslóðir.

Ég er að segja frá þessu hér til þess að upplýsa um samhengi þessara mála, og af því að ég fæ tækifæri til þess að láta í ljósi ánægju mína yfir því, að þessi ákvörðun skuli hafa verið gerð í borgarstjórn Reykjavíkur og einmitt ákveðið þar að hafa samstarf við öll þessi byggðarlög um að koma þessari stórkostlegu hugmynd í framkvæmd. Og ég vildi segja þessi fáu orð nú og hér til að láta í ljósi þá skoðun, að þessi áætlun rekur sig ekki á nokkurn hátt á þá hugmynd, sem hér er verið að tala fyrir, sem sé að friða svæði einnig við sjóinn á Álftanesinu. Það þarf að gera þetta hvort tveggja umfram alla muni.

Það er sá stórkostlegi kostur á þessari áætlun, sem samþykkt hefur verið í borgarstjórn Reykjavíkur, að á öllu þessi svæði, sem ég var að segja frá, og sem liggur þvert yfir Reykjanesið fyrir ofan alla byggðina, hvorki meira né minna en úr Elliðaárvogi og á Krýsuvíkurberg, er í raun og veru ekkert, sem þarf að fjarlægja til þess að áætlunin geti orðið framkvæmd á fullkominn hátt. Það er ekkert annað sem þarf en að fara nú skynsamlega að varðandi þær nýju framkvæmdir, sem koma til greina á þessu landsvæði, og það, sem meira er: Ég hygg, að allt þetta land, sem þarna kemur til greina, sé í opinberri eigu, þannig að þessi hugmynd yrði svo ævintýralega ódýr í framkvæmd, að nálega ótrúlegt má telja, og það er enn tími til að framkvæma þetta á hagfelldasta hátt. Hér hefur því að mínum dómi verið ráð í tíma tekið.

Aftur á móti er það ljóst, að það eru ýmsir erfiðleikar á því að glíma við þessi mál inni í sjálfri þéttbyggðinni, við strendurnar. En samt sem áður er það mál, sem þarf að fást við, og ekki láta það hræða sig, þótt ýmsum örðugleikum sé að mæta. Og þarna rekur sig ekkert á, og það er mér mest í mun að komist á framfæri, svo að menn geri sér grein fyrir því, að þarna er ekki um áætlanir að ræða, sem rekast á. Alls ekki. Eins og menn vita, eru öll þessi mál, þ. e. a. s. náttúruvernd og þar undir ráðstafanir til þess að koma útivistarsvæðum skynsamlega fyrir, í heildarathugun hjá milliþinganefnd, og vonandi kemur að því, áður en mjög langt um líður, að sú n. geti skilað áliti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Á 81. og 82. fundi í Nd., 24. og 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 37, n. 656).

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Frv. þetta var lagt fram á síðasta Alþ., en hlaut þar ekki afgreiðslu. Meginefni frv. er, að skipulagningu byggðar í Bessastaðahreppi og þeim hluta Garðahrepps, sem næst liggur Bessastaðahreppi, skuli þannig hagað, að svæðið verði ætlað fyrir fólkvang til útivistar fyrir almenning og þar vitnað til l. nr. 48 frá 7. apríl 1956, um náttúruvernd.

Samkv. frv. því, sem hér er lagt fram, er Náttúruverndarráði ætlað að hafa umsjón með svæðinu, en kostnað við þessar framkvæmdir er ríkissjóði fyrirhugað að greiða. Engin grein er gerð fyrir hvorki stofnkostnaði við fólkvanginn né áætlun um kostnað af rekstri hans. Í frv. eru að mínu viti færð fram ýmis réttmæt rök fyrir nauðsyn á verndun útivistarsvæða fyrir almenning í þéttbýlinu, og þess er vissulega full nauðsyn, að þau mál séu nú tekin fastari tökum en verið hefur, og mörkuð ákveðnari stefna í þeim efnum til lengri tíma, og markmiðin þar sett hærra heldur en áður hefur verið gert, því að með hverju ári, sem líður, verður þetta meira aðkallandi vandamál eftir því, sem landsmönnum fjölgar, fleiri byggðakjarnar myndast, samgöngunetið þéttist, en að sama skapi fækkar þá svæðum ósnortinnar náttúru og afdrepa fyrir fólk til þess að njóta hollrar útivistar.

Skilningur flm. frv. á þessu vandamáli og hugarþel, sem að baki liggur, eru vissulega góðra gjalda verð og vottur vaxandi áhuga manna innan þings og utan fyrir náttúrufegurð landsins og þeim verðmætum, sem í henni felast. Engu að síður eru á þessu máli sem öðrum fleiri hliðar, og því taldi menntmn. hv. d. sér bera skyldu til þess að leita álits nokkurra aðila, sem hlut eiga að máli, bæði frá náttúruverndar- og hagsmunasjónarmiðum, því að slíkum málum er vænlegastur framgangur, ef hægt er að samræma sem flest sjónarmiðin, svo að ekki þurfi að koma til árekstra milli efnahagssjónarmiða og þeirra,

sem miða að verndun náttúru landsins, a. m. k. ekki að óþörfu. Því leitaði menntmn. álits viðkomandi aðila, sem vitað var, að hagsmuna áttu að gæta eða áhuga höfðu fyrir málinu. Umsagnir bárust m. a. frá hreppsnefndum Bessastaða- og Garðahrepps, oddvita og landeigendum Bessastaðahrepps, flugmálastjórn og Náttúruverndarráði, svo að nokkuð sé nefnt. Af umsögnum þeim, sem n. hafa borizt frá þessum aðilum, er greinilegt, að verulegur skoðanamunur er um afstöðu til málsins. Sumir leggja áherzlu á gildi landsins sem útivistarsvæðis og verndun landslagsins, aðrir á notagildi svæðisins til samgöngubóta, flugvallargerðar, enn aðrir á skipulagningu byggðar og yfirráðarétt sinn á löndum og lendum og ónæði af aukinni umferð á landi og í lofti.

Allt eru þetta sjónarmið, sem kunna að hafa meira og minna til síns máls. Menntmn. telur hins vegar fyrir sitt leyti mál þetta ekki nægilega kannað, svæðið ekki skilmerkilega afmarkað frá hendi flm. og þaðan af síður gerð grein fyrir kostnaði þeim, sem af lagasetningu þessari mundi óhjákvæmilega hljótast. Þess vegna er aðeins tekið fram, að ríkissjóði skuli bera að standa straum af þessari greiðslu.

Náttúruverndarmálin eru hér nú sem betur fer ofar á baugi en verið hefur, og er það raunar þróun, sem á sér stað um allan heim, þótt hægara hafi fram undið hér á landi en víðar annars staðar, sem í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt, því að fyrr og meir hefur kreppt að í þéttbýlli og iðnþróaðri löndum. Engu að síður eru vandamál þessi nú snögglega farin að knýja dyra einnig hjá okkur. Sú náttúruvakningaralda, sem nú fer um heiminn vegna náttúruverndarársins 1970, mun heldur ekki fara fram hjá Íslandi, vona ég.

Menntmn. d., eða þeir nm., sem mættir voru við afgreiðslu málsins, og n. í heild, geri ég ráð fyrir, hygg ég að sé almennt fylgjandi aukinni náttúruvernd hér á landi og hefur orðið sammála um að flytja nál., sem hér hefur verið lagt fram á þskj. 656.

Fyrir þetta þing hefur nú verið lagt frv. til náttúruverndar. Það er lagabálkur, sem mikil vinna hefur verið lögð í og okkur, sem það verk unnum, kemur ekki til hugar, að afgreiddur verði á einu þingi, en vildum þó sýna þinginu það, svo að alþm. gæfist tóm til þess að íhuga það til haustsins, svo að ekki yrði að neinu flanað, enda líklegt, að þar megi eitthvað betrumbæta. Þess vegna leggur n. til, að staldrað verði við í bili þarna á nesinu, þar til frv. hefur í einhverju formi verið komið í höfn, því að það verður ekki aftur tekið í ríki náttúrunnar, sem eitt sinn hefur verið spillt, jafnvel ekki, þó að í ærinn kostnað sé lagt. Þess vegna leggur n. samhljóða til, að málinu verði vísað til ríkisstj., svo að henni gefist ráðrúm til, ásamt viðkomandi sveitarstjórnum og kunnáttumönnum, að kanna málið til hlítar, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

Þó leyfi ég mér að lokum og ég held, að ég mæli þar fyrir munn nm. allra, að vænta þess, að frá verði tekið sem fyrst af ríkisstj. í samvinnu við heimamenn nokkurt landssvæði, fremur stærra en minna, og því haldið óbyggðu, unz endanleg stefna verður mörkuð í þessu máli.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Frsm. menntmn. hefur nú gert grein fyrir þeim sjónarmiðum, sem liggja til afgreiðslu n. á frv. til l., sem flutt er hér í hv. d. á þskj. 37 af mér ásamt nokkrum öðrum hv. þdm. Það sjónarmið, sem fyrst og fremst vakir fyrir flm. má greina í þrennt. Það er, að frá verði tekið svæði á Álftanesi, til þess að fólk, sem byggir þéttbýliskjarnann hér, fái tækifæri til útivistar. Í öðru lagi, að á þessu svæði verði sérstaklega vernduð náttúrufegurð, svo og það jurta- og dýralíf, sem þar er, og því verði ekki spillt með einum eða öðrum hætti. Og í þriðja lagi, að byggingar verði ekki leyfðar á þessu svæði til þess að koma í veg fyrir þann skaða, sem gæti af þeim hlotizt, og eins og hv. frsm. réttilega sagði, verður ekki aftur tekið til náttúrunnar það, sem einu sinni hefur verið eyðilagt. Flm. eru þeirrar skoðunar, að það land, sem hér um ræðir, hafi upp á sérstaka og óvenjulega möguleika að bjóða, og vildu þess vegna fyrst og fremst vekja athygli á málinu og koma í veg fyrir ýmsar þær fyrirætlanir, sem ýmsir hagsmunaaðilar hafa á prjónunum.

Hér hefur verið lagt fyrir Alþ. frv. til laga um náttúruvernd. Ég hef að örlitlu leyti kynnt mér það og sé, hvað þar er gert ráð fyrir, að Náttúruverndarráð geti aðhafzt einmitt í þeim tilfellum sem þessum. Ég get fyrir mitt leyti mjög vel fallizt á þá afgreiðslu málsins, sem hér er lögð til, þ. e. a. s. að Náttúruverndarráð taki þetta mál til gaumgæfilegrar athugunar og í samráði við þá aðila, sem þarna eiga hlut að máli, þ. e. a. s. hreppsnefndir Bessastaðahrepps og Garðahrepps, finni lausn á þeim vanda, sem hér er við að glíma, þ. e. a. s. að skapa útivistarsvæði og tryggja það, að náttúra landsins fái þarna að vera í friði, og á meðan þessi athugun fer fram, verði ekki ráðizt í nein meiri háttar mannvirki á Álftanesinu.

Ég undirstrika það, sem kemur fram í nál. frá hv. menntmn., að á meðan þessi athugun fer fram, fari ekki fram eða verði byggð nein meiri háttar mannvirki á þessu ákveðna svæði.

ATKVGR.

Till. frá menntmn. á þskj. 656 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 24 shlj. atkv.

8. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. PJ og PS).

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [102. mál] (þmfrv., A. 120).

Á 19. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Með frv. því, sem ég flyt hér ásamt hv. 10. þm. Reykv.,

um breyt. á l. um tekju- og eignarskatt er lagt til, að einstæðum mæðrum með barn eða börn á framfæri, sé veittur réttur til, að frá séu dregin 50% af tekjum þeirra, áður en skattgjald er á þær lagt. Er það til samræmis við rétt giftra kvenna, hvað þetta snertir, en þeim er með lögum heimilað, að frá séu dregin 50% af tekjum þeirra, áður en skattgjald er lagt á tekjur hjónanna, enda hafi konan ekki aflað tekna þessara hjá fyrirtæki, sem hjónin, annað hvort eða bæði eða ófjárráða börn þeirra, eiga eða reka að verulegu leyti. Sé um það að ræða, gilda önnur ákvæði.

Augljóst má telja, að einstæðum mæðrum sé ekki síður þörf á því en giftum konum að fá rétt til þessa frádráttar af tekjum sínum, áður en þær eru reiknaðar til skatts, því að miklum mun er aðstaða flestra þeirra lakari við að koma upp börnum sínum og sjá fyrir heimili sínu en hinna, sem í því efni njóta að miklu leyti forsjár eiginmannsins. Það er því skoðun okkar flm., að í l., eins og þau eru, felist misrétti, sem þörf sé á að leiðrétta. Þetta misrétti er e. t. v. gleggst að sýna fram á með því að taka dæmi, með líkum hætti og gert er í grg. frv.

Sé um að ræða gifta konu, sem á börn og vinnur utan heimilis og aflar með þeim hætti ásamt manni sínum tekna til sameiginlegra þarfa fjölskyldunnar, fær hún helming tekna sinna frádreginn á skattframtali þeirra hjóna. Ef maður hennar deyr og hún þarf þar með ein að annast framfærslu heimilisins, fær hún ekki lengur hinn fyrrnefnda frádrátt af tekjum sínum, heldur eru þær skattskyldar að fullu. Þetta augljósa misræmi mun að öllum líkindum komið inn í l. fyrir vangá. Þegar ákvæði um hinn fyrrnefnda frádrátt giftra kvenna voru tekin í lög, munu fyrst og fremst önnur atriði hafa verið höfð í huga en framfærslubyrðin. Má þar annars vegar nefna, að áður en sú breyting var gerð, verkuðu skattalög sem verulegur hemill á að fólk stofnaði til hjúskapar, ef bæði hjónaefnin unnu fyrir einhverjum tekjum að marki. Á hinn bóginn vildi brenna við, að örðugt væri að fá giftar konur til starfa utan heimilis, jafnvel þó að mikið lægi við, t. d. þegar svo stóð á að bjarga þurfti verðmætum í verstöðvum, ef aflahrotur gerði.

Nú er það ljóst, að framfærslubyrðin er einnig og ekki síður mikilsverður þáttur, og það er snertandi þann þáttinn, sem misrétti er í gildandi skattalögum milli giftra kvenna og einstæðra mæðra, misrétti, sem stefnt er að að bæta úr með flutningi þessa frv. Rétt er að gera sér nokkra grein fyrir þeirri aðstoð, sem einstæðar mæður hljóta samkv. l. um almannatryggingar. Eftir upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins er barnalífeyrir á hvert barn kr. 1573 á mánuði eða kr. 18.876 á ári. Mæðralaun eru með 1. barni kr. 315 á mánuði eða kr. 3.780 á ári. Mæðralaun hækka að vísu verulega með 2. barni eða í kr. 1.708 á mánuði og þar með í kr. 20.496 á ári og með þrem börnum eða fleiri í 3.416 á mánuði og kr. 40.992 á ári. Hér eru þó ekki taldar ekkjubætur, sem vara mjög takmarkaðan tíma; né heldur fjölskyldubætur, sem greiddar eru með öllum börnum.

Hér er vissulega um mikilsverða aðstoð að ræða, sem hinar einstæðu mæður hljóta, en það er eigi að síður einsætt, að slíkar fjárhæðir hrökkva skammt þeim og börnum þeirra til framfæris. Séu báðir þessir póstar dregnir saman, barnalífeyririnn og mæðralaunin, þá fær kona með 1 barn á framfæri samtals úr þeim liðum kr. 1.888 á mánuði eða kr. 22.656 á ári sér til styrktar. Það er því augljóst, að konur þessar þurfa að vinna fullan vinnudag og mun í mörgum tilfellum ekki af veita, nema í þeim einstöku tilvikum, sem um það er að ræða, að þær geti stuðzt við verulegar eignir, sem fágætt mun vera. Þá má enn vitna til þess, að í ýmsum tilvikum fylgir vinnu þessara kvenna utan heimilis aukinn kostnaður vegna gæzlu barna þeirra. Það er því í hæsta máta óréttmætt, að þær séu settar skör lægra um réttindi til frádráttar við álagningu skatta en stallsystur þeirra, sem giftar eru, og bæði hjónin vinna sameiginlega að öflun tekna til heimilisins. Hér er því um réttlætismál að ræða, sem ætla verður, að fái góðan byr hér á hv. Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að rökstyðja þetta mál öllu frekar. Aðeins skal á það drepið, að í frv. þessu er ekki gerður greinarmunur á því, hvernig teknanna er aflað, heldur gildi einu, hvort hinar einstæðu mæður afla tekna sinna hjá atvinnufyrirtækjum, sem þær sjálfar eða ófjárráða börn þeirra eiga að meira eða minna leyti eða með öðrum hætti. En eins og fyrr er að vikið, gilda önnur ákvæði um skattafrádrátt giftra kvenna, þegar svo stendur á. Ég fjölyrði þetta svo ekki frekar, en legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 701).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fjhn. hv. d. hefur athugað frv. þetta, sem fjallar um breytingar á l. um tekju- og eignarskatt og felur í sér heimild til einstæðra mæðra um sérstakan frádrátt á skattskyldum tekjum þeirra. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um mína afstöðu til þessa frv. Það var flutt af mér og hv. 10. þm. Reykv. snemma á þessu þingi. Ég lýsti minni afstöðu til þess hér fyrir fáum dögum við umr. um tekju- og eignarskattsfrv. ríkisstj., sem þá var til 2. umr., og komu fram í þeirri ræðu minni mín sjónarmið varðandi frv. En n. er sammála um það að leggja til, að því verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að það verði tekið til jákvæðrar afgreiðslu við þá endurskoðun skattal., sem í gangi er og ætlað er, að ljúki fyrir næsta reglulegt Alþingi. Rétt er að taka það fram, að 1 nm., hv. 4. þm. Austf., var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr n.

Með tilliti til þess, er ég ræddi um þetta frv.

hér fyrir fáum dögum, þá sé ég ekki ástæðu til þess að hafa um það fleiri orð og legg til fyrir hönd n., að því verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. frá fjhn. á þskj. 701 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23 shlj. atkv.

9. Læknalög.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á læknalögum, nr. 80 23. júní 1969 [54. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 8., 9., 10. og 11. fundi í Nd., 30. okt., 3., 4. og 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Meginefni þessa frv. er það, að ótakmarkað lækningaleyfi geti þeir einir fengið, sem gegnt hafa læknishéraði eða aðstoðarlæknisstarfi hjá héraðslækni allt að 6 mánuðum að loknu námi. Frv. er nauðvörn gegn þeim læknaskorti, sem nú hrjáir landsbyggðina utan Faxaflóasvæðisins. Kann sú læknavöntun að hljóma einkennilega, þegar í öðru orðinu er rætt um offjölgun í læknastéttinni. En staðreyndin er sú, að fjölmörg læknishéruð um Vestfirði, Norðurland og Austurland eru læknalaus og þangað hafa ekki fengizt læknar, þótt maður hafi gengið undir manns hönd til þess að fá úr þessu bætt. Margir ala þá von í brjósti, að svonefndar læknamiðstöðvar leysi þennan vanda, en öðrum er það mjög til efs, og víst er, að sú þróun gengur svo hægt fyrir sig, að ekki verður eftir henni beðið aðgerðalaust. Landsbyggðin er víða nánast skelfingu haldin af því öryggisleysi, sem læknaskorturinn þar veldur, en ofan á bætist ótrúlegur kostnaður við útvegun meðala, þótt til læknis náist t. d. um síma, ef enginn er í héraði til að afgreiða lyfseðla, sums staðar um hundruð km að fara í ófærð um vetur. Hér er ein ástæðan fyrir því, að margir strjálbýlisbúar taka með nokkru seinlæti áróðrinum fyrir ágæti læknamiðstöðva, þeim finnst hann bera keim af því, að hagsmunir læknanna sitji þar fyrir þjónustuhollustunni við þá, sem starfa þeirra þurfa að njóta, auk þess sem persónuleg kynni og tengsl við lækna manns, sem margir telja mikilsverð, tapist að mestu. Samt sem áður reikna flestir með því, að læknamiðstöðvar muni, áður en lýkur, leysa héraðslæknakerfið af hólmi, en sú breyting gengur svo seint fyrir sig, að ekki verður beðið úrbótalaust á meðan. Því er lögð hér til bráðabirgðalausn, sem komið getur að haldi fljótt og vel um sinn. Sama gildir um þá þáltill. að freista þess að fá erlenda lækna um sinn til að gegna héraðslæknisstörfum hérlendis, og vil ég nota tækifærið til að hvetja til að sú till. verði einnig samþ.

Til að sýna fram á, hve læknaleysið er tilfinnanlegt vandamál víða, tek ég hér dæmi úr Norðurl. e., þar sem ég þekki bezt til. Hygg ég þó, að sums staðar séu dæmi jafnvel verri, og mun þeim þá væntanlega lýst af þingbræðrum mínum, sem betur þekkja til þeirra. Í Norðurl. e. eru 8 læknishéruð, og eru skipaðir héraðslæknar í fjórum þeirra aðeins, en í einu að auki til bráðabirgða og alls óvíst um framhald. Er þar um Kópaskers- og Raufarhafnarlæknishéruð að ræða, en þar búa um 1200 manns. Það hefur verið óskipað svo árum skiptir, en læknar á faraldsfæti setið þar stopult sum sumur, en ella hefur orðið að leita læknis til Húsavíkur eða Reykjadals, og er það mikið langræði á vetrum og stundum ófært með öllu nema á snjóbíl. Ekki er vitað, að hér sé úrbóta að vænta á næstunni, nema læknir verður þar vísast í vetur, eins og áður er getið, en óbundið þó. Þá er Þórshafnarlæknishérað óskipað og hefur verið um 3—4 ára skeið, en héraðinu þjónað frá Vopnafirði, ef þar hefur þá verið læknir. Er þá yfir snjóþunga heiði að sækja á vetrum, og hefur Vegagerðin ekki viljað takast þær skuldbindingar á hendur að halda fjallvegi þessum færum einu sinni í viku hverri vetrarlangt. Við þetta öryggisleysi um læknisþjónustu búa um 900 manns á Þórshöfn og í Skeggjastaðahreppi og Þistilfirði, en ágætt íbúðarhús og góð aðstaða við algeng læknisstörf bíða læknis á Þórshöfn, sem enginn fæst. Þá er nú orðið læknislaust í Breiðumýrarlæknishéraði í Suður-Þingeyjarsýslu, en það er bæði víðlent og fjölmennt, og eru á því svæði fjölmennur héraðsskóli og kvennaskóli auk 3—4 barnaskóla. Mun héraðsbúum nú ætlað að sækja læknisþjónustu til Húsavíkur, og þó að það sé vandræðaminna en aðrir verða sums staðar að búa við, bregður þar öllum stórlega við, þar sem þeir höfðu úrvalshéraðslækni til skamms tíma.

Margir hafa leitt huga að því, hvað valdi tregðu lækna til að taka að sér læknishéruð til fastrar þjónustu. Sumir eru svo dómharðir að segja, að hinn ungi læknir í dag líti ekki á læknisstarfið sem líknarstarf, heldur álitlega leið til tekjuöflunar, ef vel sé á málum haldið og á góðum stað setið. Vera kann, að einhverjir í læknastétt hugsi svo, en ósanngjarnt er að dæma heila stétt eftir fáeinum einstaklingum. Ýmsir forsvarsmenn læknasamtakanna mikla í augum aðbúnaðarskort og lélega aðstöðu til læknisstarfa í héruðunum, en þó er hvort tveggja til í bezta lagi, þar sem læknar fást þó ekki. Enn er talað um einangrun héraðslækna og slæma aðstöðu til að mennta börn sín. Sumir eru sagðir mikla fyrir sér ábyrgðina gagnvart erfiðum sjúkdómstilfellum einir og óstuddir, en fyrr hefur margur læknirinn orðið að glíma við þá ábyrgð og ekki hopað af hólmi. En vafalaust eru orsakirnar fleiri en ein og fleiri en tvær, og mér kæmi ekki á óvart, að sú væri ekki veigaminnst, að héraðslæknisstarfið er nú svo bindandi, að nærri stappar héraðsfjötrum. Þeir verða að vera viðbúnir kalli allan sólarhringinn árið um kring. Um regluleg sumarfrí hefur ekki verið að ræða, né frí um sinn til náms og þekkingaröflunar, því að lækna til afleysingar hefur ekki verið hægt að fá, svo að ganga mætti að sem vísu. Hefur þannig aðstaða héraðslæknis stórspillzt frá fyrri tíð, þegar það var fastur liður í læknismenntun

hvers læknis að þjóna héraði í 3—4 mán. að loknu háskólanámi. Vil ég því leyfa mér að halda því fram, að við eigum að taka upp þá gömlu skipan, meðan við bíðum annarrar nýrrar, læknamiðstöðvanna, og slá þannig tvær flugur í einu höggi — bæta aðstöðu héraðslækna til fría og endurmenntunar og veita læknislausum héruðum þjónustu verðandi lækna, en fyrir því er gömul og ný reynsla, að slík læknisþjónusta hefur gefizt ágætlega. Æskilegast hefði verið, að læknasamtökin sjálf hefðu hér komið með skjótvirkar úrbætur, en fyrst svo hefur ekki orðið og fjölmörg læknishéruð eru læknislaus og engar horfur á skjótum umskiptum, nema eitthvað róttækt sé tekið til bragðs, er hér lagt til, eins og fyrr segir, að engir læknar fái ótakmarkað lækningaleyfi nema þeir, sem hafa áður gegnt læknishéraði eða verið aðstoðarlæknar héraðslæknis um allt að 6 mánaða skeið. Svo margir læknar útskrifast hér árlega, að þessi ráðstöfun ætti að gefa skjótvirka raun. Þyki lagabreyting þessi harðleikin og óþörf, þegar stundir líða, er hægurinn hjá að nema hana úr gildi, er hún hefur lokið sínu hlutverki og gert sitt gagn, en í dag er hún bráð nauðsyn, áður en enn meiri vandræði standa af læknaskorti úti í strjálbýlinu.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Jónas Árnason: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að segja fáein orð í sambandi við frv. það, sem hér er til umr., og það mikla vandamál, sem því er ætlað að ráða nokkra bót á.

Ég átti núna ekki alls fyrir löngu tal við héraðslækni nokkurn og spurði hann álits á meginákvæði þessa frv. Hann taldi það ótvírætt spor í rétta átt, og að sínum dómi væri reyndar engin goðgá, þótt gerður væri helmingi lengri skyldutími ungra lækna úti í héruðunum en hér er lagt til, þ. e. a. s. að hann yrði ekki aðeins 6 mán. heldur 12, eða heilt ár. Með þessu væri ekki ætlazt til annars en að hinir ungu læknar sýndu þjóð sinni sjálfsagða hollustu, veittu henni, eða þeim hluta hennar, sem úti í dreifbýlinu býr, hjálp í miklum erfiðleikum, og maður, sem væri að upplagi sannur læknir, gæti ekki brugðizt illa við slíku.

Þessi læknir, sem ég ræddi við og á að baki sér langa reynslu sem héraðslæknir, taldi, að það væri mjög hættulegt fyrir þjóð eins og okkur, sem búum í tiltölulega stóru og erfiðu landi, að ala lækna okkar, eins og hann sagði, eingöngu upp á sjúkrahúsunum hérna í Reykjavík, eins og nú hefur viðgengizt um langt skeið. Þetta veldur því, að þegar þessir ungu menn koma til starfa út í dreifbýlið, hrökkva þeir við. Það liggur við, að þeir fái hroll, segir þessi reyndi læknir, og þeir snúa við fyrsta tækifæri aftur í það skjól í þéttbýlinu, sem einhverra hluta vegna virðist orðið svo mörgum Íslendingum einna eftirsóknarverðast í lífinu. Og þarna er að finna eina helztu ástæðuna til þess, hve erfitt er að fá lækna til þess að setjast að úti á landsbyggðinni.

Ef þjálfun við störf í dreifbýlinu væri ófrávíkjanlegur þáttur í undirbúningi hinna ungu lækna undir lífsstarfið, væri mikil von til þess, að þeir fengjust frekar til þess að setjast að úti á landsbyggðinni. Þau nánu kynni, sem þeir fengju þar af mannlífinu sjálfu í öllum sínum margbreytileik, kynni, sem hætt er við að verði harla lítil á hinum stóru sjúkrahúsum höfuðstaðarins, þar sem sjúklingar greinast oft á tíðum í augum læknanna frekar eftir heiti þess sjúkdóms, sem að þeim gengur, heldur en af þeim persónum, sem þeir hafa að geyma — að dómi hins reynda læknis, hlytu þessi kynni að verða hverjum manni, eða a. m. k. hverjum þeim manni, sem að upplagi væri sannur læknir, mikils virði, vekja hjá honum áhuga og löngun til þess að viðhalda þessum kynnum, eða m. ö. o. að setjast að úti á landsbyggðinni, þrátt fyrir aðstöðumun og margvíslega erfiðleika, sem þar er við að etja fyrir lækna umfram það, sem gerist í skjóli þéttbýlisins.

Kennarastóll í almennum lækningum, taldi hann líka, þessi læknir, að væri spor í rétta átt. Það hefði reyndar verið fróðlegt að heyra, hvað því máli líður, en hæstv. menntmrh. er því miður ekki staddur í salnum. Stórt spor í rétta átt taldi hann líka vera þær læknamiðstöðvar, sem nú eru á döfinni og eiga að draga mjög úr erfiðleikum lækna úti á landsbyggðinni. En hann var mér sammála um það, þessi læknir, að kennarastóll í almennum læknavísindum og læknamiðstöðvar væru í sjálfu sér engin trygging fyrir því, að ungir læknar fengjust til að setjast að úti á landsbyggðinni. Til þess þyrfti jafnframt að verða hugarfarsbreyting hjá þessum læknum. Þeir þyrftu að læra að meta þá ánægju, þá lífsfyllingu, sem fengist af því að starfa úti á landsbyggðinni í nánum tengslum við fólkið sjálft, en ekki bara ópersónuleg sjúkdómsheiti. Þegar læknarnir hefðu lært þetta, þá myndu læknamiðstöðvarnar ná tilgangi sínum. Þá yrðu engin vandræði að fá unga lækna til að starfa við þær. Og það er einn höfuðkosturinn við þetta frv., sem hér er til umr., að meginákvæði þess felur í sér tilraun til þess að kenna ungum læknum þessa þýðingarmiklu lexíu.

Ég lýsi sem sé yfir eindregnum stuðningi við þetta frv.

Fyrir Alþ. liggja svo tvö önnur mál, sem einnig er ætlað eins og þessu að ráða nokkra bót á því öngþveiti, sem ríkir vegna læknaskortsins í heilbrigðismálum landsbyggðarinnar, þ. e. a. s. till. á þskj. 69 um bætta læknisþjónustu í strjálbýli og till. til bál. á þskj. 77 um endurskoðun læknaskipunarlaga. Ég held, að þessi síðari till. sé góðra gjalda verð, en ég get ekki, eins og hv. 1. flm. þessa frv., sem hér er til umr., mælt með hinni fyrrnefndu, þ. e. a. s. till. á þskj. 69 um læknisþjónustu í strjálbýli, þar sem gert er ráð fyrir, að „ríkisstj. athugi möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, og þá fyrst og fremst frá hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma læknisþjónustu í einstökum læknishéruðum hér á landi, sem nú eru læknislaus.“ Ég verð að segja um þessa till., að mér virðist hún ekki aðeins óraunhæf, heldur harla óviðkunnanleg, og mér kemur það

mjög á óvart, ég er satt að segja hissa á, að maður með jafn heilbrigt hugarfar og 1. þm. Vestf. skuli hafa gerzt 2. flm. hennar. Og í till. eða grg. þeirri, sem fylgir henni, felst líka svo alvarleg aðdróttun í garð læknastéttarinnar íslenzku, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Vitað er, að bæði í Noregi og Svíþjóð hafa læknar tekið að sér þjónustu í afskekktum héruðum um takmarkaðan tíma einungis í mannúðarskyni.“ Er það þá skoðun hv. flm., að slíka mannúð sé alls ekki að finna hér heima hjá okkur sjálfum, meðal okkar eigin lækna? Ef svo er, þá sýnist það vera spurning, hvort ekki væri rétt að breyta titlinum á þessari till. þeirra og láta hana heldur heita: „Till. til þál. um að flytja inn mannúð frá Noregi og Svíþjóð.“

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Það mun hafa verið á fyrsta þinginu, sem Alþ. hafði fjárveitingarvald, 1875, að gerð var bylting á einu sviði a. m. k. Það var í læknaskipunarmálum þjóðarinnar. Læknishéruðunum var fjölgað úr 8 og upp í 20, og auðvelt er að sjá, hversu mikil þjónustuaukning það hefur verið fyrir fólkið í landinu. Það þarf ekki að hugsa lengi um það, að þarna hefur verið á ferð sameinaður vilji, sem hefur byggzt á þörf fólksins, enda munu ekki hafa spunnizt miklar umr. um málið, þrátt fyrir sparnaðaranda þingsins, um að þetta skyldi gert. Það var stílað upp á eins læknis héruð á þessum árum, en síðan þetta gerðist eru liðin tæp hundrað ár og mörg vötn hafa til sjávar runnið og margt hefur breytzt, og kannske ekki hvað sízt, að hugarfarsbreyting hefur átt sér stað, bæði hjá þjóðinni sjálfri og eins hjá læknastéttinni sem broti af henni. Eins-læknis-héruðin, sem þá voru talin góð og gild, virðast nú hafa runnið sitt skeið, og bera m. a. breytingar, sem gerðar voru á læknaskipunarl. á Alþ. í fyrra vott um það, að löggjafarvaldið hefur tekið undir þá rödd læknastéttarinnar, að í framtíðinni verði áformað, að samstarfi tveggja lækna eða fleiri verði komið á sem víðast um land.

Læknamiðstöðvarnar eru í sjálfu sér ákaflega merkilegt fyrirbæri, og vonandi eiga þær eftir að komast á sem víðast um land, en þó ber að athuga það, að ekki er alls staðar hægt að koma við þeirri þjónustu, sem læknamiðstöðvarnar eru í rauninni hugsaðar fyrir. Í einangruðum byggðarlögum, þar sem e. t. v. er fátt fólk, er varla möguleiki fyrir hendi til þess að vera með tvo lækna. Það gerir fólksfæðin, en þörfin fyrir lækni er eftir sem áður brýn. Við vitum það einnig, að það er gert ráð fyrir talsverðum tilkostnaði í sambandi við læknamiðstöðvar, og við gerum ekki ráð fyrir því, að þær greiðslur fari fram á örfáum árum eða stuttu tímabili.

Þegar skoðuð er sú mynd, sem komið hefur fram í ræðum tveggja hv. síðustu ræðumanna, verður séð, að víða úti um land blasir við alger óáran í þessum efnum og ófremdarástand og öryggisleysi ríkir. Og þegar við skoðum jafnframt það dæmi, að læknamiðstöðvunum verður ekki komið á í öllu landinu á örskömmum tíma, þá hlýtur að vakna sú spurning hjá okkur, hvað hægt sé að gera í þeim byggðarlögum og læknishéruðum, sem í dag hafa engan lækni eða stopula læknisþjónustu, og sem ekki koma til með að njóta þjónustu frá læknamiðstöðvum á næstu árum. Þó svo, að ég álíti þetta frumvarp að vissu leyti neyðarúrræði og ólíkt skemmtilegra og ólíkt heillavænlegra hefði verið, að frumkvæði til breytinga hefði komið frá læknastéttinni sjálfri, þá tel ég samt, að frumvarpið geti orðið til þess að bæta nokkuð aðstöðu hinnar dreifðu byggðar í landinu og bæta úr hinni stopulu læknisþjónustu, ef það verður samþ. Þar af leiðandi hlýt ég að mæla með því, að svo verði gert. Ég geri ráð fyrir því, að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, hversu mikið ófremdarástand er um að ræða í þessum málum. Að rekja það aftur á bak að einhverjum ákveðnum punkti ætla ég mér ekki, enda er oft betra að vera ekki að sakast um orðinn hlut, heldur setjast niður og reyna að finna bætur á því ástandi, sem allir viðurkenna, að sé til ófremdar. Og það er einmitt vegna þess, sem ég hef reynt að sýna fram á, að læknamiðstöðvarnar munu ekki í framtíðinni þjóna allri landsbyggðinni, ekki í náinni framtíð. Ég hef líka reynt að sýna fram á það, að þar af leiði, að ýmsir hlutar landsins verði út undan með læknisþjónustu. Því hygg ég, að okkur sé nauðugur einn kostur — að taka 1. gr. læknaskipunarl. og reyndar fleiri greinar þessa lagabálks til gaumgæfilegrar endurskoðunar og það verði bezt gert í mþn., eins og við höfum reyndar borið hér fram í þáltill. — milliþn., sem skipuð sé mönnum frá flestum þeim ábyrgðarhornum, sem viðkoma læknisþjónustunni.

Ég mundi segja, að á Austurlandi væri ástandið komið í lágmark, hvað læknaþjónustu snertir. Ef við lítum á A.-Skaftafellssýsluna, þá þjónar þessari sýslu og suðurhluta S.-Múlasýslu einn einasti læknir. Þetta er að vísu karlmenni, en hann hlýtur að vera farinn að þreytast, og það orkar ekki tvímælis, að verði hann einn um að þjóna allri þessari sýslu og stórum hluta annarrar sýslu einhver ár í viðbót, þá hljóta þau mannlegu örlög að henda hann, að hann gefist upp, og ég er því miður ekki kominn til með að sjá ungu læknana í dag hoppa inn í hlutverkið hans Kjartans Árnasonar á Hornafirði. Hann er búinn að rækja það af dæmafárri samvizkusemi undanfarin ár, en hann er búinn að gera miklu meira en hægt er að ætlast til af einum manni. Djúpavogslæknishérað er til á pappírnum, en því þjónar enginn læknir. Þar er einungis myndarlegur læknisbústaður, en læknishéraðinu er skipt, hvað þjónustu snertir, á milli tveggja annarra lækna. Á Fáskrúðsfirði situr eldri læknir, þar vantar læknisbústað. Innan tíðar mun sá læknir hætta fyrir aldurs sakir, og við vitum ekkert, hver tekur þá við. Á Eskifirði, þ. e. í Eskifjarðar- og Reyðarfjarðarhéraði, höfðum við lengi vel mjög stöðuga læknisþjónustu og góða, en nú síðustu ár höfum við einungis haft kandídata. Þeir hafa reynzt misjafnlega vel eins og gengur með unga og lítt reynda menn, og mér þykir það dálítið einkennilegt, ef það er eins og sá, sem nú er læknir, hefur látið eftir sér hafa, að hann, kandídatinn, sé ráðinn til að þjóna þessu héraði sem héraðslæknir næstu tvö ár. Mér þykir það satt að segja mjög sérkennilegt, ef hægt er að ráða mann, sem ekki hefur

full réttindi til starfa svo langan tíma, og ef heilbrmrh. hefði verið hér í salnum, þá hefði ég gjarnan óskað upplýsinga um þetta frá honum, hvort þetta væri rétt.

Í Neskaupstað er enginn héraðslæknir, enda víkur nú svolítið öðru vísi við þar. Þar þyrfti vissulega að vera héraðslæknir, en þar eru hins vegar tveir læknar á myndarlegu sjúkrahúsi. Seyðfirðingar þurftu að grípa tannlækninn sinn og hafa notazt við hann með ágætum árangri undanfarin misseri. Hann lærði á sínum tíma líka læknisfræði, og þó að hann hefði ekki mikið stundað almenna læknisfræði undanfarin ár, þá hefur þessi ágæti maður dugað mæta vel. Fljótsdalshéraðið er allvel mannað, en þeir hafa líka Borgarfjörð, og þar er yfir erfiðan fjallveg að fara, sem þyrfti að halda eins vel opnum og hægt er á vetrum til þess að þetta litla og þróttmikla byggðarlag gæti fengið sem bezta þjónustu. Vopnafjarðarhérað er eitt af þessum héruðum, sem býr við sorgarsögu. Þar var gripið til þess ráðs með þennan lækni, sem nú er, að láta hann einnig þjóna Þórshafnarhéraði, og við vitum ekki betur, Austfirðingar, en hann sé einmitt að fara burt, vegna þess að hann treystir sér ekki til þess að þjóna þessum tveimur héruðum.

Ég ætla ekki að hafa þessa skýrslu um ástandið á Austurlandi lengri. Það sjá sjálfsagt allir, að ástandið er þar ekki betra en hv. flm. fyrir þessu frv. sýndi fram á úr sínu kjördæmi. Alls staðar þarf þetta úrbóta við, og ég trúi ekki öðru en Alþ. í dag sé jafn stórhuga á sína vísu og Alþ. var 1875. Í okkar kjördæmi, á Austurlandi, tengjum við miklar vonir við læknamiðstöðina, sem nú er að rísa upp á Egilsstöðum, og við munum þakka öllum þeim alþm. vel fyrir, sem hana styðja, því þar er virkilegt þjóðþrifamál á ferðinni. Mér vitanlega mun það verða fyrsta læknamiðstöð, sem reynt verður að hrinda í framkvæmd. Ég álít, að hér sé hreyft mjög þörfu máli. Það hefði verið æskilegt, að ekki hefði þurft að koma með það, en ástandið er þannig, að það verður ekki komizt fram hjá því. Þar af leiðandi mæli ég með því, að þetta verði samþ.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég vil með nokkrum orðum lýsa yfir stuðningi mínum við þetta frv., en þar er lagt til, að sú forsenda sé ófrávíkjanleg fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að þeir, er fá það, hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstarfi hjá héraðslækni í 6 mánuði. Það er vissulega tímabært, að þetta komi inn í lög, eins og gert er hér ráð fyrir, og vona ég, að þetta verði samþ. hér á hv. Alþ. Tveir hv. þm. úr Norðurl. e. og Austurl. hafa lýst ástandinu í heilbrigðismálum þessara tveggja kjördæma, og ég sé ástæðu til að rifja hér ofurlítið upp ástand og horfur í heilbrigðismálum í Norðurl. v. og þá sérstaklega í Skagafirði.

Þann 1. september s. l. sagði héraðslæknirinn á Hofsósi upp starfi. Hann hafði gegnt því um allmörg ár með prýði. Hann var skagfirzkrar ættar og hafa tengslin við Skagafjörð sjálfsagt dregið hann nokkuð föðurtúna til, en nú bauðst honum betra hérað, Borgarfjarðarhérað, og hann flutti þangað þann 1. september. Síðan hefur Hofsós og Austur-Skagafjörður verið læknislaus. Á þessu svæði búa nú 1100 manns og háttar þannig til, að þeir, sem þurfa að leita læknis, þurfa að fara annað hvort til Siglufjarðar eða Sauðárkróks. Að fara til Siglufjarðar er sæmilegt, þegar Strákagöng eru fær og vegurinn að þeim, en því miður er það ekki alltaf og nú, þegar þetta er talað, er vegurinn búinn að vera lokaður nokkra daga. Það má segja, að hægt sé að fara til Sauðárkróks. Oftast eru opnir vegir frá Austur-Skagafirði til Sauðárkróks. Þó er það ekki alltaf. Og þessum málum er nú þannig háttað, að ef Austur-Skagfirðingar þurfa á lækni að halda, þá er haft símasamband við lækni á þessum tveimur stöðum, sem ég nefndi. Ef það er ekki um stærri tilfelli að ræða, eru símaðir lyfseðlar annað hvort til Siglufjarðar eða Sauðárkróks, en þá þarf viðkomandi heimili, sem lyfin þarf að nota, að senda bifreiðir á þessa staði, ef ekki er hægt að koma því við að nota áætlunarferðir, sem ekki er alltaf. Þessu fylgir mikill kostnaður fyrir heimilin. Það sjá allir, að þetta er mjög óhagstætt. Þá hefur verið lýst yfir óánægju í Austur-Skagafirði yfir því, að næturssamband skuli ekki vera milli Landsímans á Hofsósi við símann á Sauðárkróki. Ég sé ekki ástæðu til að koma með þáltill. um, að úr þessu verði bætt, þar sem hæstv. heilbrmrh. er viðstaddur umræður þessar, en ég treysti því, að hann athugi þetta mál og hlutist til um, að úr þessu verði bætt, ekki aðeins í Austur-Skagafirði, heldur þar sem svo háttar til, að læknislaust er í héruðum, en væri þó nokkur bragarbót á því að hafa opið næturssamband.

Það er talandi tákn um ástandið í heilbrigðismálum, að á Hofsósi er ágætur læknisbústaður. Skagafjörður er dásemdarhérað og Hofsós vel í sveit settur. En engu að síður er útilokað í dag að fá þangað héraðslækni. Hér er ekki um afdalabyggðir að ræða. Þá skal geta þess, að læknirinn hefur leyfi til lyfjasölu, en það þýðir auknar tekjur. En allt ber að sama brunni. Það er útilokað að fá þangað lækni. Þá vil ég minna á, að fyrir nokkru var auglýst laus til umsóknar læknisstaða við sjúkrahúsið á Sauðárkróki eða fyrirhugaða læknamiðstöð, sem þar á að koma upp. Mér er ekki kunnugt, að nokkur læknir hafi sótt um þá stöðu. Þó er þarna um að ræða prýðilegan kaupstað, sem er í örum vexti. Þar eru miklir tekjumöguleikar, en það er eins og að tala fyrir daufum eyrum að óska eftir því, að læknir flytji í þessa ágætu byggð. Ástandið í þessum málum er vissulega alvarlegt, þó að það sé e. t. v. í mörgum kjördæmum verra heldur en í Norðurl. v., þar sem sjúkrahús er á Hvammstanga, prýðilegt héraðssjúkrahús á Blönduósi og hið myndarlegasta héraðssjúkrahús á Sauðárkróki.

Ég er eindreginn stuðningsmaður þessa frv. og vona, að það verði samþ.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Á 71., 72. og 75. fundi í Nd., 13., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 59, n. 521).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft frv. þetta um breyt. á læknal. til athugunar og leitað álits landlæknis, Læknafélags Íslands og stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga um málið. Læknafélag Íslands lagðist í umsögn sinni gegn frv., stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mælir eindregið með því, en landlæknir benti á nauðsynlega umorðun á frv., og er sú ábending tekin að fullu til greina í þeirri gerð frv., sem nú liggur hér fyrir.

N. varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Leggur meiri hl. hennar til, að það sé samþ., en sú breyt., sem þá yrði á gildandi læknal., er innifalin í 1. málsgr., þ. e. a. s. ótakmarkað lækningaleyfi binzt því skilyrði, að kandidatinn hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðað í læknisstarfi hjá héraðslækni í 6 mánuði, enda séu slík störf fyrir hendi og umsækjandi fær um að gegna þeim heilsu sinnar vegna.

Öllum er að sjálfsögðu ljóst, að hér er engin stórbót lögð til, en í þeim héruðum, sem læknaskorturinn þjakar víða um land, verður það að teljast ábyrgðarhluti að freista ekki svo að segja hverra ráða til úrbóta. Sem dæmi um skoðanir almennings, að hér sé þó ráða leitað, sem að einhverju leyti mættu að gagni koma, vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa bréf frá oddvitum sveitarfélaga í Þórshafnarlæknishéraði, dagsett 31. janúar s. l. til alþingismanna í Norðurl. e. og Austf., en það hljóðar svo:

„Við undirritaðir, oddvitar sveitarfélaga í Þórshafnarlæknishéraði, beinum þeim tilmælum hér með til alþm. Norðurl. e. og Austf., að þeir beiti sér fyrir því, að ráðinn verði læknir til starfa á Þórshöfn hið allra fyrsta.

Við leyfum okkur að benda á þá staðreynd, að sú málamyndaráðstöfun að láta Vopnafjarðarlækni þjóna Þórshafnarlæknishéraði er alls ekki forsvaranleg lausn á heilbrigðismálum læknishéraðsins. Enn fremur bendum við á, að við teljum raunhæfa lausn á læknamálum dreifbýlisins fólgna í frv., sem nú liggur fyrir á Alþ. um skylduþjónustu læknakandídata í héruðum, áður en þeir hljóta lækningaleyfi í landinu, og væntum vér þess, að það nái fram að ganga.“

Undir þetta rita fjórir oddvitar í Þórshafnarlæknishéraði.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, en það er sem sagt till. meiri hl. heilbr.- og félmn., að sú breyt., sem hér liggur fyrir um læknalög, verði samþ.

ATKVGR.
Brtt. 521, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 521, 2 (2. gr. falli niður) samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 592).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., 17. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 16 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 592, n. 668).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á þessu þingi hafa komið fram ýmsar till. varðandi læknavandamál strjálbýlisins. Tvær till. hafa komið fram í Sþ., og svo liggur hér fyrir frv. til l. um breyt. á læknal. Þetta er þmfrv., sem flutt var í Nd., og aðalefni þessa frv. er að skylda læknakandídata til þess að gegna læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að sex mánuði að námi loknu, eins og segir í 1. gr. frv., sem er breyt. við síðustu málsgr. 2. gr. læknal. nr. 80 frá 1969, en í þessu ákvæði læknal. er ráðh. heimilað að gera þennan sex mánaða starfstíma að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, en samkvæmt frv. væri ráðh. þetta skylt.

Í meðferð Nd. breyttist þetta frv. nokkuð, og eins og frv. liggur nú fyrir, er reglan sú, að þeir eigi rétt á ótakmörkuðu lækningaleyfi og heita læknar, er lokið hafi prófi við læknadeild Háskóla Íslands, framhaldsnámi á sjúkrahúsi eftir reglum, sem læknadeild setur og ráðh. staðfestir. Þetta er allt óbreytt frá gildandi l., en síðan kemur viðbótin: „og hafa gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni sex mánuði að námi loknu, enda séu slík störf fyrir hendi.“ Þó er í vissum tilvikum unnt að gefa undanþágu frá þessu, þannig að í grundvallaratriðum hefur þetta frv. ekki breytzt við meðferðina í Nd.

Þessu frv. var að lokinni 1. umr. hér í Ed. vísað til heilbr.- og félmn. N. barst í hendur áskorun frá Félagi læknanema, sem ég með leyfi forseta vil lesa hér:

„Stjórn Félags læknanema lýsir yfir óánægju sinni vegna afgreiðslu Nd. á frv. um lengingu héraðsskyldu læknakandídata í sex mánuði. Læknanemar telja þessa aðferð til þess að koma heilbrigðisþjónustu dreifbýlisins í viðunandi

form ranga og benda á eftirfarandi röksemdir máli sínu til stuðnings:

Flestir læknakandídatar og læknar, sem ráða sig til vinnu í héraði, eru þar í sex mánuði eða lengur, þannig að áður nefnt frv. mun síður en svo bæta úr núverandi ástandi. Ef svo skyldi fara, að þessi l. verði samþ., þá yrði það til að tefja enn frekar viðleitni til að samræma heilbrigðisþjónustu dreifbýlisins nútímakröfum um læknisþjónustu, þ. e. með stofnsetningu læknamiðstöðva.

Ætlunin með því að skylda læknakandídata til vinnu í héraði var í upphafi sú að veita þeim nauðsynlega þjálfun í almennum læknisstörfum. Nú er þriggja mánaða dvöl í héraði talin nægileg til þessa. Með samþ. ofangreindra l. á að gera tilraun til að leysa vandamál dreifbýlisins, hvað varðar læknisþjónustu, með því að skylda læknakandídata til sex mánaða dvalar í héraði. Frv. felur því í sér beina skerðingu á persónufrelsi læknakandídata. Er ekki vitað til þess að reynt sé að leysa önnur vandamál dreifbýlisins með því að lögskylda ákveðnar þjóðfélagsstéttir til að vinna utan þéttbýlis.

Stjórn Læknafélags Íslands hefur lagt fram ákveðnar till., sem stefna að því að leysa þessi vandamál í bráð. Telur stjórn Félags læknanema, að þær beri að kanna gaumgæfilega, áður en hlaupið er að samþ. ofangreinds lagafrv.

Í ljósi þess skorar stjórn Félags læknanema á þm. að afgreiða ekki áður nefnt frv. um lengingu héraðsskyldu læknakandídata sem lög frá Alþ."

Einnig barst heilbr.- og félmn. bréf frá stjórn Læknafélags Íslands, sem er dags. 18. apríl s. l. og ég vil einnig með leyfi forseta lesa hér:

Stjórn Læknafélags Íslands hefur lagt fram ítreka fyrri ábendingar þess efnis, að lögfesting sex mánaða starfsskyldu læknakandídata í dreifbýli sem skilyrði þess, að þeir hljóti ótakmarkað lækningaleyfi, er til þess fallin að torvelda framtíðarlausn á vandkvæðum læknisþjónustu dreifbýlisins. Heimild til að beita slíkum aðgerðum er til í lögum og hefur verið notuð um langt árabil án árangurs, og vísast í því sambandi til grg. Læknafélags Íslands, sem send var heilbr.- og félmn. Nd. Alþ. og dagsett 10. des. 1969.

Á fundi, sem haldinn var með formönnum svæðafélaga Læknafélags Íslands 18. apríl s. l., kom einnig fram sú skoðun, að lögbinding sex mánaða skylduvinnu kandídata í héraði, mundi hafa óheillavænleg áhrif á lausn læknisþjónustuvandamálsins í dreifbýlinu. Á þessum fundi kom fram hugmynd um bráðabirgðalausn þessa vanda, sem byggist að verulegu leyti á þeirri grundvallarreglu að láta framabraut ungra lækna liggja gegnum dreifbýlið með þeim hætti, að tilteknar nýjar náms- og rannsóknarstöður við Landspítalann verði tengdar störfum í dreifbýli.

Með tilliti til þess, að læknamiðstöðvar eru langtímaframkvæmdir, og einnig með hliðsjón af því, að alþm. hafa óskað eftir því, að Læknafélag Íslands komi fram með till. um bráðabirgðalausn læknisþjónustuvandamálsins, þá samþykkti áður nefndur læknafundur að senda Alþ. hugmynd þessa í formi till. til þál. ásamt grg., sem fylgir hér með.

Stjórn Læknafélags Íslands væntir þess, að afgreiðslu frv. um sex mánaða þjónustuskyldu læknakandídata verði frestað, en beinir jafnframt þeim tilmælum til heilbr.- og félmn. Ed. Alþ., að meðfylgjandi till. til þál. verði lögð fram sem þskj. á þessu þingi."

Eins og í þessu bréfi greinir, þá fylgdi með því till. til þál. um bráðabirgðalausn á þessu máli, ásamt grg., sem Læknafélagið óskar eftir, að verði borin fram á þessu þingi. Uppkast að till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að Landspítalinn taki upp víðtækari læknisþjónustu við dreifbýlið, en hingað til hefur verið. Í þessu skyni verði stofnaðar sérstakar stöður við ýmsar deildir Landspítalans, sem tengdar verði læknisþjónustu í dreifbýlinu."

Með þessari till., sem Læknafélagið leggur fram, fylgir svo allýtarleg grg., og segir í henni m. a. svo:

„Hægt er að hugsa sér, að hinar nýju stöður við Landspítalann verði tengdar þjónustu við dreifbýlið með ýmsu móti:

1. Læknar fái tilteknar stöður eftir tiltekna þjónustu á dreifbýlissvæðum.

2. Læknar fái tilteknar námsstöður við Landspítalann gegn því að skuldbinda sig til þjónustu í vissum dreifbýlishéruðum tiltekinn tíma.

3. Læknar séu ráðnir í tilteknar rannsóknarstöður við Landspítalann og skuldbindi sig þá til að sinna aðkallandi þjónustu í dreifbýlinu, ef slíka nauðsyn ber að höndum skyndilega.

Með því móti ætti að takast að rjúfa hina faglegu einangrun litlu og afskekktu læknishéraðanna og koma að nokkru leyti á þeirri æskilegu tilhögun, að framabraut ungra lækna liggi um dreifbýlið."

Heilbr.- og félmn. sá sér ekki fært svona á síðustu dögum þingsins að fara að beita sér fyrir því, að þessi till. yrði fram lögð sem þáltill., heldur valdi n. þá leið og varð um það sammála að gera till. um, að frv. þessu í heild verði vísað til ríkisstj. — En rétt er að geta þess, að skömmu eftir að heilbr.- og félmn. afgreiddi þetta frv. og tók afstöðu til þess, var afgr. í Sþ. þáltill. um endurskoðun læknaskipunarl. Ég vek athygli á því, að frv., sem hér um ræðir, er um breyt. á læknal., en þessi till. í Sþ. er um endurskoðun læknaskipunarl., sem nú hefur verið samþ., að vísu með breyt. frá því hún upphaflega var flutt, en þessi till., eins og hún var samþ., hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að fela heilbrmrh. að skipa nú þegar n. til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðislöggjafarinnar, sérstaklega um læknaskipan og sjúkrahús, með það fyrir augum, að komið verði á betri heilbrigðisþjónustu í landinu, m. a. með það fyrir augum, að læknar fáist til starfa í þeim héruðum, sem nú eru læknislaus. N. skal skipuð 5 mönnum: landlækni eða ráðuneytisstjóra heilbrmrn., er vera skal form. n., tveimur mönnum tilnefndum af Læknafélagi Íslands, og skulu þeir vera héraðslæknir og sjúkrahúslæknir; einum manni tilnefndum af læknadeild Háskóla Íslands og einum af Samb. ísl. sveitarfélaga. N. hefji þegar störf og skili sínum till. til úrbóta eigi síðar en 1. marz n. k."

Þetta var sú till., sem samþ. var í Sþ.

Eins og áður segir, þá var niðurstaðan af athugun heilbr.- og félmn. Ed. á þessu frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á læknal., sú, að leggja til, að frv. verði vísað til ríkisstj. og í niðurlagi nál. okkar segir:

„Heilbr.- og félmn. telur farsælast að reyna til þrautar að leysa þetta mál í samvinnu við læknastéttina, áður en til einhliða aðgerða er gripið. Í trausti þess, að heilbrigðisyfirvöld geri sitt ýtrasta í þessu efni, áður en Alþ. kemur saman að hausti, leggur n. til, að frv. verði vísað til ríkisstj.“

ATKVGR.

Till. frá heilbr.- og félmn. á þskj. 668 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 16 shlj. atkv.

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Framkvæmdasjóður Íslands.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 13. maí 1966, um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem hv. þdm. er kunnugt, er Framkvæmdasjóður Íslands arftaki Framkvæmdabanka Íslands. Í l. um Framkvæmdabanka Íslands hafði verið heimild um það, að bankinn mætti í vissum tilfellum aðstoða fyrirtæki með því að gerast beinn hluthafi í þeim. Það var að vísu alltaf gert ráð fyrir því, að það væri undantekningaratriði, er slíkt gerðist, en Alþ. hafði ekki talið það óeðlilegt á sínum tíma, að það ástand kynni að skapast, og með hliðsjón af hlutverki sjóðsins, að nauðsynlegt yrði — bæði vegna hagsmuna bankans og af öðrum þjóðfélagslegum ástæðum — að opna möguleika til að sjóðurinn gæti aðstoðað með beinum hlutafjárframlögum. Þetta ákvæði var ekki tekið upp í l. um Framkvæmdasjóð. Hins vegar hefur reynslan þegar sýnt, að það er mjög óhagkvæmt, að þetta heimildarákvæði sé þar ekki. Það hefur þegar komið fyrir, að Framkvæmdasjóður hefði talið **knýjandi nauðsyn** bera til að taka þátt í fyrirtæki í bili með þessum hætti, þ. e. a. s. að breyta hluta af sínum lánum vegna mikilvægs fyrirtækis í landinu, sem skuldaði sjóðnum eða Framkvæmdabankanum á sínum tíma allverulegar stofnfjárhæðir — veita þessu fyrirtæki aðstoð með því að breyta hluta af skuldum þessum í hlutafé, hvað sem síðar yrði. Fyrir þessu var í rauninni kannske næsta hæpin lagaheimild, er var byggð á því, að þetta var lán, sem veitt hafði verið á tímum Framkvæmdabankans. Þess vegna var talið gerlegt að gera þetta, þó að ekki væri bein lagaheimild fyrir hendi. Það sýnist hins vegar miklu eðlilegra, enda getur komið fyrir, að um slík tilfelli sé að ræða, þó að *ég taki það skýrt fram*, að hér hlýtur alltaf að verða að vera um alger undantekningarákvæði að ræða, þannig að ákvæði þetta verði túlkað mjög þröngt — þá þótti eðlilegt, að þessi heimild yrði einnig í l. um Framkvæmdasjóð Íslands. Það yrði þá á valdi stjórnar Framkvæmdasjóðsins, sem er þingkjörin stjórn, að ákveða um það hverju sinni, hvort fyrirtæki væri rekið af mikilvægri þjóðfélagslegri þýðingu eða hagsmunir sjóðsins þess eðlis af starfsemi þess, að það væri rétt að veita að einhverju leyti aðstoð í formi hlutafjár. Af þessum ástæðum er þetta frv. flutt, og eins og ég segi er í rauninni ekki um efnisbreytingu að ræða frá því, sem var varðandi Framkvæmdabankann. Hann hafði þessa heimild, en af einhverjum ástæðum hefur það fallið niður að veita Framkvæmdasjóðnum sambærilega heimild. Það er því lagt til, að þessi heimild verið veitt með þessu frv., sem hér liggur fyrir, og vænti ég, að hv. þdm. geti á það fallizt.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja frekar um málið nema tilefni gefist, en legg til, að frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. fjhn., sem að sjálfsögðu getur þá fengið nánari upplýsingar um einstök atriði, sem kynni að verða þörf að athuga nánar í sambandi við framkvæmd málsins, ef til kæmi, að hv. Alþ. vildi á það fallast.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. á þessu stigi um þetta frv. Það er ekki mikið að vöxtum eins og það kemur fyrir hér á þskj. Hins vegar hygg ég, að það megi ræða töluvert þetta mál og það geti skapað mjög víðtækt fordæmi að gefa stjórn Framkvæmdasjóðs slíka heimild, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, og þá verður mönnum á að spyrja: Geta ekki ýmsir aðrir stofnlánasjóðir atvinnuveganna óskað eftir að fá svipaða heimild sem þessa, og er þá ekki réttlátt, að þeir fái slíkar heimildir? Vil ég í því sambandi t. d. nefna Fiskveiðasjóð. Við getum nefnt stofnlánadeildina. Við getum jafnvel nefnt í þessu tilfelli Atvinnujöfnunarsjóð. Hann kemur í mörgum tilfellum með stofnlán til fyrirtækja, sem þurfa á endurskipulagningu að halda og eru þjóðþrifafyrirtæki. Ekki er rétt að fara nánar út í þessa sálma.

Mér þætti t. d. mjög vænt um að heyra álit hæstv. *fjmrh. á því hvað snertir* t. d. Atvinnujöfnunarsjóð, hvort hann teldi ekki eðlilegt, að þessara heimilda væri leitað þar líka í breytingu á l. um hann sem og aðra stofnlánasjóði. Ég vænti þess, að sú hv. n., sem fær þetta mál til

athugunar, athugi þetta mál mjög gaumgæfilega, því að ég tel, að hér geti verið um allvíðtækt fordæmi að ræða.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. seinasta ræðumanns, getur hér verið um mjög stórt og víðtækt mál að ræða — sem sagt það, hve langt skuli gengið í því að þjóðnýta einstök fyrirtæki að meira eða minna leyti. Hér er nefnilega opnuð heimild til þess, sem var reyndar í l. um Framkvæmdabanka á sínum tíma, að ríkisstofnun geti keypt hlutabréf í einstökum fyrirtækjum án þess að það sé nokkru nánar kveðið á um, hversu langt skuli gengið í þeim efnum. Ég get lýst því sem minni persónulegri skoðun, að ég tel að það geti átt við undir vissum kringumstæðum, að ríkið annist rekstur vissra fyrirtækja, eins og það gerir með Áburðarverksmiðjuna, Síldarverksmiðjur ríkisins og ýmis fleiri fyrirtæki, og einnig það, að ríkið geti verið meðeigandi að vissum fyrirtækjum, ef það þykir réttmætt. En mér finnst hins vegar, að hér sé um svo stór og veigamikil mál að ræða, að það sé mjög hæpið að leggja það á vald einstakra sjóða eða ríkisstofnana að ákveða, hve langt skuli gengið í þessum efnum hverju sinni. Það sé eðlilegast, að Alþ. sjálft fjalli um það og ákveði það, ef út á slíka braut er farið. Þess vegna tek ég undir það með hv. seinasta ræðumanni, að það þurfi að fara fram nokkuð ýtarleg athugun á því, með hvaða hætti þátttaka ríkisins eigi að vera í rekstri atvinnufyrirtækja, en það sé erfitt eða vafasamt að leggja það í vald einstakra sjóða eða sjóðsstjórna að ákveða, hve langt skuli gengið í þeim efnum.

Ég vildi í framhaldi af þessu beina fsp. til hæstv. ráðh.: Mér er ekki alveg ljóst, hvað átt er við í frv., þegar talað er um að veita Framkvæmdasjóði heimild til að breyta lánum í hlutafé. Eins og l. um Framkvæmdasjóð er nú háttað, er Framkvæmdasjóði ekki heimilt að veita lán nema til fjárveitingarsjóða eða fjárveitingarstofnana. Framkvæmdasjóður má ekki, eins og l. eru í dag, veita lán til einstakra fyrirtækja. Hitt er það, að Framkvæmdasjóður mun hafa tekið við ýmsum skuldum eða lánum, sem Framkvæmdabankinn á sínum tíma veitti einstökum fyrirtækjum. Ég vildi þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort hér sé eingöngu átt við þau lán, sem Framkvæmdabankinn hafi veitt og Framkvæmdasjóður hefur tekið við, eða hvort hér sé stefnt að miklu víðtækari heimild, þannig að það megi að einhverju leyti breyta þeim lánum, sem Framkvæmdasjóður hefur veitt fjárfestingarstofnunum, í hlutafé vissra fyrirtækja. En það sést ekki fullkomlega á orðalagi frv., eins og það er nú, við hvaða lán er átt, — hvort það er eingöngu átt við þau lán, sem Framkvæmdabankinn hefur veitt, ellegar hvort þetta á einnig að ná til þeirra lána, sem Framkvæmdasjóður hefur veitt fjárfestingarsjóðum, og þeir svo endurlánað til vissra fyrirtækja.

Þá er það sú heimild, sem hér er veitt, til að breyta lánum í hlutafé og leggja fram hlutafé. Hún er eingöngu bundin við endurskipulagning á fjárhag þjóðhagslega mikilvægra fyrirtækja. Manni sýnist, að samkv. þessu eigi hér eingöngu að vera um að ræða eldri fyrirtæki, sem af einhverjum ástæðum eiga í fjárhagslegum erfiðleikum, og þetta eigi að vera gert til þess að aðstoða þau í rekstrinum. Annars staðar er yfirleitt sá háttur á, þar sem eru slíkir sjóðir eða stofnanir eins og Framkvæmdasjóður og ríkið telur rétt að gerast aðili eða meðeigandi að fyrirtækjum, þá er það fyrst og fremst bundið við ný fyrirtæki en ekki gömul. Manni virðist, að þetta frv. beri þess merki, að hér sé fyrst og fremst um það að ræða að bjarga einhverjum gömlum fyrirtækjum, en ekki að eiga þátt í því, að ný fyrirtæki rísi á legg, þar sem einstaklingar treysta sér ekki til að hafa forystu um rekstrinn.

Hæstv. ráðh. minntist á það, að Framkvæmdasjóður hefði, þó að bein lagaheimild hefði ekki verið fyrir hendi, farið inn á þá braut, sem frv. gerir ráð fyrir við endurreisn vissra fyrirtækja eða viss fyrirtækis. Ég hefði áhuga á að vita, hvort hæstv. ráðh. gæti upplýst það, hvaða fyrirtæki væri hér um að ræða, og eins hvort þetta frv. væri kannske flutt vegna þess, að það væri í ráði að veita einhverjum öðrum fyrirtækjum slíka fyrirgreiðslu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni, en ég tek undir það aftur með hv. 4. þm. Vestf., að ég held, að hér sé um mál að ræða, sem þurfi vandlega athugun Alþ., áður en endanlega er frá því gengið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mig langar til þess að gefa hér upplýsingar um það, hvernig þessi mál voru hugsuð, þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður og hvernig þau ákvæði voru í Framkvæmdabankal., sem lutu að sumu leyti að þessu efni, sem hér er tekið til meðferðar í frv. Ég vil fyrst rifja það upp, að þegar Framkvæmdabankinn var settur á fót, lágu til þess þær ástæður, að lánafyrirgreiðsla var orðin geysilega mikil í fjmrn. Ráðuneytið var orðið eins konar fjárfestingarbanki, sem hafði forgöngu um lánsútveganir og ríkissjóður lánaði þau lán út aftur. Þetta var orðinn stórfelldur liður í búskapnum og það þótti ekki heppilegt að hafa þetta inni í ráðun. Í annan stað kom það til, að landið hafði eignazt svokallaðan Mótvirðissjóð, sem var æði mikið fjármagn, sem komið hafði inn vegna Marshallaðstoðarinnar og hafði verið lánað að nokkru út, en átti að sjálfsögðu að koma inn aftur. Þótti nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að þetta fé yrði ekki undir neinum kringumstæðum eyðslufé, heldur yrði notað til útlána aftur og aftur þannig, að það gæti verið hringrás til stuðnings framkvæmdum með þjóðinni. Það þótti þá ekki skynsamlegt að sameina í einum banka seðlaútgáfuna og milligöngu um fjárfestingarlánin og fjárfestingarstarfsemina, og því var það ráð tekið að setja upp Framkvæmdabankann. Jafnframt kom inn í þetta sérskoðun ýmissa, sem að þessu stóðu, að það ætti í raun og veru að vera til á vegum ríkisins einhver stofnun, sem hefði forystu í atvinnumálum, meiri en áður hafði verið. Framkvæmdabankanum var þess vegna ætlað eftir l. að hafa vissa forystu um frumkvæði ríkisins í atvinnulífinu og stuðning við að koma nýjum atvinnufyrir-

tækjum á fót, ekki aðeins með lánum, heldur var þar opnaður möguleiki til þess, að ríkið gæti átt hlut í nýjum atvinnufyrirtækjum. Það er orðað svo í Framkvæmdabankal.: að kaupa ný hlutabréf í fyrirtækjum, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum og arðvænleg að dómi bankastjórnarinnar. Og þó að það sé ekki fortakslaust, að þarna sé átt við ný hlutabréf, þá var allur rökstuðningurinn fyrir þessu sá, að hér var gert ráð fyrir, að þessi stofnun gæti átt hlut að því að koma af stað nýjum atvinnurekstri með þessu móti, með þessari þátttöku af opinberri hálfu. Til að skýra þetta betur vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa nokkrar málsgreinar úr Framkvæmdabankal., sem hljóða þannig:

„8. Að hafa samvinnu við einkaaðila, sem ráðast í arðvænlegar framkvæmdir og veita þeim fyrirgreiðslu.

9. Að annast rannsóknir í sambandi við fjárfestingarþörf atvinnuveganna.

10. Að greiða fyrir gagnlegum nýjungum í framkvæmdum og atvinnurekstri.

11. Að greiða fyrir atvinnuframkvæmdum á þeim stöðum, er skortir framleiðslutæki, en hafa skilyrði til framleiðslu."

Þetta var forystuhlutverk, sem Framkvæmdabankanum var ætlað að hafa fyrir ríkisvaldsins hönd, og í þessu skyni er svo í öðrum mgr. ákvæði um, að bankinn láni í þessu sambandi og kaupi skuldabréf, ef þannig stendur á.

Þetta var í Framkvæmdabankal. Ég vil lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég álít, að það sé tjón að því, að þessi ákvæði öll voru numin úr lögunum, þegar Framkvæmdasjóðurinn var settur upp og eiginlega settur inn í Seðlabankann, því að þangað var hann í raun og veru settur. Með stofnun Framkvæmdasjóðsins var þessi fjárfestingarlánastarfsemi sett inn í Seðlabankann. Það má um það deila, hvort það sé hyggilegt. Ég skal ekki fara út í það, en þá voru þessi ákvæði öll felld niður, öll ákvæði, sem lutu að því, að þarna gæti verið um nokkurn sérstakan stuðning að ræða annan en lán til að koma upp atvinnurekstri eða efna til þátttöku í atvinnurekstri, og eingöngu skilin eftir þau ákvæði, sem lutu að beinum lánum. Þetta fjármagn, sem var í Framkvæmdabankanum, var í raun og veru sett inn í Seðlabankann, og þar er það, því að stjórn Framkvæmdasjóðsins kemur örsjaldan saman og þá er aðeins lögð fyrir hana lánaáætlun í stórum dráttum, af Seðlabankastjórunum. Þetta er eins konar heildsölufyrirtæki, því lausaféð gengur nálega eingöngu til annarra lánasjóða.

Ég er fylgjandi því að ákvæði hliðstæð þeim, sem voru í Framkvæmdabankalöggjöfinni, séu sett í löggjöf á ný, en það þarf að skoða það vandlega, inn í hvaða löggjöf þau eiga að koma. Hvaða stofnun á að fá hliðstætt vald og Framkvæmdabankinn hafði til þess að greiða fyrir nýjungum í atvinnulífinu af hendi ríkisvaldsins? Það er mál, sem þarf að athuga. Þessu hefur öllu verið raskað, m. a. sjálfsagt með það sjónarmið í huga, að ríkið ætti alls ekki nálægt slíku að koma, og þessi heimild, sem hér er farið fram á að setja inn í Framkvæmdasjóðsl., er, að því er mér virðist, eingöngu hugsuð þannig, að hægt sé að breyta áður veittu láni í hlutafé, væntanlega til þess að greiða fyrir fyrirtæki, sem áður er komið í viðskipti. Þetta er í raun og veru allt annars eðlis en þau lagaákvæði, sem um þetta giltu í Framkvæmdabankalöggjöfinni. Ég er aðeins að benda á þetta, þó að það hefði mátt samkv. l. Framkvæmdabankans skilst mér, gera þetta, sem þarna er ráðgert. Þau ákvæði voru í raun og veru miklu viðtækari en manni skilst, að hér sé stungið upp á.

Ég hygg, að það sé skynsamlegt að nota þetta tækifæri, sem nú gefst, til þess að endurskoða þessi mál alveg frá rótum og gera sér grein fyrir því, hvort menn vilja, að ríkisvaldið geti haft frumkvæði af þeirri tegund, sem ráðgert var í Framkvæmdabankal., og þá hvaða stofnun á að fela slíkt. Ég fyrir mitt leyti vil, að ríkið hafi slíkar heimildir, en ég er ekki reiðubúinn til þess að lýsa því yfir núna, hvar ég teldi heppilegast, að sú starfræksla ætti sér stað. Það gæti að mínu viti mjög vel komið til mála, að sú atvinnumálastofnun ríkisins, sem framsóknarmenn hafa stungið upp á og lagt fram till. um, hefði slíkar heimildir. En það er fyrirkomulagsatriði, hvernig menn vilja haga því.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér kemur það á engan hátt á óvart, að hv. þm. geri þetta mál að umtalsefni og hjá þeim komi fram bæði mismunandi skoðanir á málinu og einnig viss varúð í sambandi við það, hvað af þessari lagabreytingu kann að leiða. Ég tek það skýrt fram, að sjálfur hef ég alveg gert mér grein fyrir þessum annmörkum, en eftir vandlega athugun var það skoðun ríkisstj., að það væri eðlilegast, að sú heimild, sem mér skilst nú — í rauninni hjá þeim, sem til máls hafa tekið, að ekki væri óeðlilegt, að væri einhvers staðar til staðar, væri tengd Framkvæmdasjóði. Vitanlega má hugsa sér, að það verði, eins og hefur átt sér stað í mörgum tilfellum, ákvörðunaratriði Alþ. hverju sinni, hvort ríkið sem beinn aðili tekur þátt í uppbyggingu einhverra atvinnufyrirtækja eða að leysa fjárhagsvandamál þeirra. Ég minni á það, að nú fyrir mjög skömmu síðan var ákveðið hér á Alþ., að veita einu fyrirtæki, Norðurstjörnunni í Hafnarfirði, alveg sérstaka aðstoð í sambandi við erfiðleika, sem það fyrirtæki átti við að stríða. Það var metið svo, að það væri mjög mikið þjóðhagslegt tjón, ef þetta fyrirtæki færi forgörðum. Það hafði tryggan erlendan markað fyrir alla sína framleiðslu og margt benti til þess, að þarna væri mjög merkilegt fyrirtæki í uppsiglingu, ef það kæmist yfir byrjunarörðugleika. Þá var það ákveðið af Alþ. að veita með beinum ríkisframlögum hlutafé til þessa fyrirtækis, að vísu með nokkuð sérstæðum hætti, sem ég skal ekki ræða nánar um. Þá komu fram nákvæmlega þær sömu raddir eins og fram hafa komið hér m. a. frá hv. 4. þm. Vestf., að þarna væri um mjög varasamt fordæmi að ræða og það kynnu að koma fleiri aðilar á eftir. Auðvitað er þetta svo í ótalmörgum greinum og við verðum að fást við mörg viðfangsefni hér í þinginu, bæði í sambandi við þetta mál og mörg önnur mál, sem auðvitað er alltaf hætt við, að skapi hættu á fordæmum og sem Alþ. verður að

taka afstöðu til eða þeir aðilar, sem valdið er fengið hverju sinni, að hve miklu leyti menn þora að fara út í þetta eða hitt í þessum efnum. Hins vegar álít ég, að hættan um fordæmi megi ekki alveg útiloka það, að menn skoði einstök viðfangsefni, eins og t. d. það, sem hér liggur fyrir, ef það virðist nokkurn veginn samdóma álit manna, sem um það eiga að fjalla, að það sé eðlilegt og nauðsynlegt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að bjarga við einhverjum fyrirtækjum.

Ég held, að það sé eðlilegt, að þessi heimild sé veitt Framkvæmdasjóði Íslands og það sé heppilegra heldur en þingið þurfi að fást við þessi mál hverju sinni, þó að það að sjálfsögðu hindri ekki það og verði að vera svo, að til kasta Alþ. komi með þátttöku ríkisins sem slíks við uppbyggingu meiri háttar fyrirtækja. Og þess vegna er það rétt, sem bent hefur verið á hér, að það er í rauninni ekki með þessu frv. gert ráð fyrir því, að farið verði út í uppbyggingu nýrra fyrirtækja, heldur verði þetta meira mat á afkomu eldri fyrirtækja og þá fyrst og fremst þeirra, sem Framkvæmdasjóður hefur lánaskuldbindingar við með einhverjum hætti, svo sem reynslan hefur þegar leitt í ljós, að hefur að mati sjóðsins reynzt óumflýjanlegt. Það er alveg rétt hjá hv. 4. þm. Reykv., að það er almennt ekki gert ráð fyrir því, að Framkvæmdasjóður hafi lánveitingar til einkaaðila, heldur fyrst og fremst opinberra sjóða. Þó er það ekki útilokað í l. sjóðsins, að slíkt megi verða, og það hefur átt sér stað í einstaka tilvikum. En gera má ráð fyrir, að fyrst og fremst yrði þarna um að ræða lán, sem sjóðurinn hefur tekið við og einmitt af þessari ástæðu, sem hv. þm. benti á, yrði hér alltaf um mjög takmarkað svið að ræða vegna þess, að það er aukaatriði í starfsemi Framkvæmdasjóðs, að beinar lánveitingar eigi sér stað, heldur er hann fyrst og fremst sjóður stofnsjóðanna. Hins vegar hefur með því ákvæði, að Framkvæmdasjóðurinn lúti yfirstjórn fjmrh. en ekki bankamálaráðh., verið við haldið þeirri hugsun, sem lá að baki Framkvæmdabankalögunum, að þetta væri meira en fyrirgreiðslustofnun, þó að óbeint væri af hálfu ríkisins, heldur en ættu sér stað varðandi lánveitingar hinna almennu stofnsjóða í landinu. Þess vegna tel ég ekki, þótt þetta kunni að vera eðlilegt, að veita Framkvæmdasjóðnum slíka heimild, að það þurfi að leiða til þess, að það eigi að veita slíka heimild í sambandi við hina almennu stofnsjóði atvinnuveganna. Þá álít ég vera annars eðlis, þó að eðlilegt sé að sú spurning rísi í huga manna, þá er það a. m. k. ekki mín skoðun í dag, að slíkt eigi að vera, og ég endurtek það, sem ég lagði áherzlu á áðan, að hér er ekki gert ráð fyrir, að verið sé að marka almenna stefnu heldur undantekningaratriði, sem eru metin mjög strengilega hverju sinni, alveg eins og Alþ. á sínum tíma mat það mál, sem ég gat um varðandi Norðurstjörnuna í Hafnarfirði. Þar var talið nauðsynlegt að bjarga fyrirtæki, sem var þjóðnýtt fyrirtæki og talið eiga sér framtíð. Þá er fyrst og fremst hugsunin með þessu einmitt sú, sem hér hefur réttilega verið bent á, að aðstoða fyrirtæki, sem komin eru á laggirnar, en ekki að eiga aðild að stofnun nýrra fyrirtækja með hlutafjárframlögum. Það álít ég að eigi heldur að koma fram með sérstakri löggjöf um það efni, sem raunar var lögð fram hér í Alþ. í fyrra, en hefur ekki verið lögð fram hér enn, er ekki ólíklegt að komi fyrir þetta þing — að sett verði á laggirnar sérstök lánastofnun, sem hafi það hlutverk að aðstoða við uppbyggingu fyrirtækja með hlutafjárkaupum, en þá verður auðvitað jafnhliða að vera til frjáls verðbréfamarkaður í landinu, sem er hin brýnasta nauðsyn að komist á. Að því hefur verið unnið bæði af Seðlabanka og ríkisvaldinu að vissu leyti með athugun bæði á skattamálum og ýmsum öðrum atriðum, sem þarf að taka til íhugunar í sambandi við uppbyggingu slíks frjáls verðbréfamarkaðar.

Ég held ekki, að ástæða sé til þess, að ég orðlengi frekar um þetta. Ég get fúslega fallizt á það sjónarmið, að það sé eðlilegt, að þetta mál sé skoðað, og ég hef gert mér fulla grein fyrir því, að þessu fylgja viss vandkvæði. En ég hefði haldið að vandkvæðin væru minni, að opna þessa hurð í hálfa gátt með því að hafa slíka heimild til hjá aðila, sem er nátengdur ríkinu, eins og Framkvæmdasjóður, heldur en að fara að taka upp hverju sinni heimildir í fjárlögum, eins og átti sér stað varðandi Norðurstjörnuna. Það mundi vera vel treystandi þeirri stjórn, sem Framkvæmdasjóður hefur, þar sem saman er komin sérstök þingkjörin stjórn sjóðsins og hins vegar framkvæmdastjórn sjóðsins, yfirstjórn Seðlabankans. Þá ætti það að vera nokkurn veginn öruggt að það yrði farið með nauðsynlegri varfærni í það að nota þessa heimild, sem hér er lagt til að verði veitt. Þess vegna óttast ég ekki að heimildin sé veitt. Það kom aldrei til neinna vandkvæða varðandi Framkvæmdabanka Íslands, að þar risu erfiðleikar, þó að þessi heimild væri þar í l. Ég hygg ekki einu sinni, að hún hafi nokkru sinni verið notuð, og ég er ekki viss um, að almenn fyrirtæki kærðu sig um þetta nema þá að mjög takmörkuðu leyti, vegna þess að flestir þeir, sem ráðast í atvinnurekstur, vilja helzt ráða honum sjálfir, en ekki hafa einhverja sjóði, sem eru kannske að meiri hluta eignaraðilar að fyrirtækjunum, þannig tel ég að heimildin sé ekki hættuleg, þó að ég geri mér ljósa grein fyrir, að hún getur verið vafasöm í framkvæmd. Hins vegar tel ég, að hún sé nauðsynleg og reynslan hafi sýnt og sannað, að svo sé, og á þeim grundvelli er frv. flutt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég beindi nokkrum fsp. til hæstv. fjmrh., en hef ekki fengið svör við nema nokkrum þeirra. Ég beindi þeirri fsp. til hans, hvort Framkvæmdasjóður hefði veitt, eða hvaða fyrirtækjum Framkvæmdasjóður hefði veitt slíka fyrirgreiðslu, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., en hæstv. ráðh. upplýsti það í framsöguræðu sinni, að sjóðurinn hefði veitt slíka fyrirgreiðslu, þó að bein lagafyrirmæli hefðu ekki verið fyrir hendi. Ég beindi einnig þeirri fsp. til hans, hvort þetta frv. væri fram komið vegna þess, að það stæði eitthvað svipað á með önnur fyrirtæki, sem talið væri þurfa að veita slíka fyrirgreiðslu og þess vegna

væri þetta frv. flutt. Ég álít, að það sé mikilsvert að fá upplýsingar um þetta, því að það gæti glöggvað þm. á því, að hverju væri raunverulega stefnt með þessu frv.

Ég verð að segja, að ég er ekki sammála hæstv. fjmrh. um það, að hér sé um mjög takmarkaða heimild að ræða og miklu takmarkaðri en var í l. um Framkvæmdabankann, þar sem fyrst og fremst var átt við ný fyrirtæki. Hér er veitt heimild til þess að Framkvæmdasjóðurinn geti veitt eiginlega hvaða gömlu fyrirtæki sem er þá fyrirgreiðslu, sem hér er um að ræða, og ég er hálfhræddur um, ef þetta verður látið fara fram að tjaldabaki á lokuðum fundum hjá stjórn einhvers stofnunarsjóðs, að þá geti þau orðið býsna mörg eldri fyrirtækin, sem eru komin í fjárþröng af einhverjum ástæðum, réttmætum eða eðlilegum eða óeðlilegum, sem reyndu að fara þessa leið. Ég tel, að þegar um það er að ræða að veita gömlum fyrirtækjum slíka fyrirgreiðslu, að þá sé það miklu eðlilegri leið, að Alþ. fjalli um það hverju sinni og það sé fyrir allra augum, að talið sé nauðsynlegt að gera það, en að þessi fyrirgreiðsla sé ekki látin fara fram bak við tjöldin. Ég óttast að það geti orðið til þess, að það verði farið lengra og lengra inn á þá leið, sem mætti kalla það að þjóðnýta töpin hjá vissum atvinnufyrirtækjum. Það sé miklu minni hætta á, að slíkt eigi sér stað, ef Alþ. fjalli um þetta hverju sinni, eins og gert var hér í sambandi við Norðurstjörnuna á sínum tíma. Þegar um það er að ræða að veita stórfellda fyrirgreiðslu eldri fyrirtækjum — hvort sem það er með því að afskrifa skuldir, eða skuldum er breytt yfir í hlutafé — þá er að mínum dómi heppilegasta leiðin í þeim efnum sú, sem farin var í sambandi við Norðurstjörnuna — að Alþ. fjalli um málið hverju sinni, en það sé ekki á valdi stofnana, sem vinna bak við tjöldin og almenningur fær ekki að fylgjast með nema takmarkað, að ákveða það, hvaða fyrirtæki skuli fá slíka fyrirgreiðslu. Það getur veruleg hætta fylgt þeirri aðferð. Við getum fljótlega, ef hún er farin, verið komin inn á þá braut, sem ekki er neitt geðfelld.

Sem sagt, ég tek undir það, sem hér hefur komið fram eiginlega hjá öllum ræðumönnum, að það er mikil ástæða til þess að athuga þetta vandlega frá öllum hliðum, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég bið hv. 4. þm. Reykv. afsökunar á því, að ég hef sennilega ekki hlustað nógu glöggt á hans ræðu, en ég minnist ekki að hann hefði beint spurt að því, hvaða tilefni væru varðandi fyrirtæki fyrir þessum frumvarpsflutningi. Þá minnist ég ekki að hann hafi nefnt neitt sérstaklega í sinni ræðu, og þess vegna gerði ég það ekki að umtalsefni í minni svarræðu, en ekki það að ég væri að skjóta mér undan því að ræða það mál. En áður en ég vík að því atriði, þá vil ég taka það skýrt fram, að ég hélt því ekki fram, það er misskilningur á mínum orðum þá, eða ég hef ekki talað nógu greinilega, að ég hafi sagt, að hér væri um takmarkaðri heimild að ræða en hefði gilt í l. um Framkvæmdabankann. Það hef ég ekki sagt, enda er þessi heimild ekki takmarkaðri. Ég lagði áherzlu á það, að ég teldi, að stjórn Framkvæmdasjóðsins ætti að nota þessa heimild mjög takmarkað, þó að hún yrði veitt. Það er að vísu ekkert, sem hindrar það.

Það er rétt hjá hv. þm., að heimildin kann að verða notuð á annan veg heldur en þann, sem ég var að lýsa í því efni, en það skiptir þó máli að gera sér grein fyrir því, þegar í tíma, með skilning á l., hvað hefur vakað fyrir þeim, sem lagafrv. flytur, hvernig beri að túlka ákvæðið og framkvæmd þess. En ég segi það enn og aftur, að ég geri mér fullkomlega grein fyrir því og tek undir það, sem hér hefur komið fram, bæði hjá þessum hv. þm. og öðrum, að hér er um erfitt, vandasamt og varasamt mál að ræða, og þess vegna tel ég, að þessa heimild eigi að nota af mikilli varúð og aðeins í undantekningartilfellum. Slík undantekningartilfelli hafa skapazt. Mér er að vísu ekki kunnugt um, eins og ég sagði áðan, að Framkvæmdabankinn hafi keypt hlutabréf í fyrirtækjum, enda var gert ráð fyrir því fyrst og fremst, eins og hv. 1. þm. Austurl. gerði hér grein fyrir, að Framkvæmdabankinn væri þar hluthafi í nýju fyrirtæki. Hins vegar gat ég þess, að Framkvæmdasjóður hefði í einu tilfelli a. m. k., ég hygg einu tilfelli aðeins, gerzt hluthafi í fyrirtæki, sem skuldaði sjóðnum mjög miklar fjárhæðir, sem Framkvæmdabankinn hafði á sínum tíma lánað. Því var það með analogiskri túlkun, þó að hún kannske kunni að reynast hæpin, talið svo, að þar sem þetta hafi verið frá tímum Framkvæmdabankans, bæri að líta svo á, að það væri ekki óeðlilegt, að sömu heimildir giltu og hefðu gilt um lánveitingar hans og starfshætti varðandi þetta mál. Því var það mat Framkvæmdasjóðsins, meðal annars til að forða frá stórfelldu tapi á útistandandi skuldum þessa sjóðs við þetta tiltekna fyrirtæki, að ákveðið var að breyta þessu a. m. k. um sinn í hlutafé og reyna að kanna til hlítar, hvort fyrirtækið gæti ekki komizt á eðlilegan grundvöll. Ég sé ekki, að það sé neitt slíkt launungarmál, að það sé ekki hægt að segja frá því hér. Það var rætt í blöðum um afskipti af því máli, og þar er um að ræða ullarverksmiðjuna Álafoss, sem er mjög stór framleiðsluaðili í þeirri grein. En talið var við nákvæma athugun, eftir því sem hægt er að hafa slíka athugun nákvæma, að það fyrirtæki gæti átt sinn starfsgrundvöll, en væri bundið með of miklar fjárfestingar að sinni og þess vegna var þessu fyrir komið í bili, með þessum hætti.

Það er alveg rétt, og ég sé heldur enga ástæðu til þess að leyna því hér fyrir hinu háa Alþ., að það er eitt tiltekið fyrirtæki, sem um er að ræða nú og hefur verið í athugun um margra mánaða skeið, bæði á vegum atvinnumálan. ríkisins og fjármálaráðuneytis og banka, sem er gert ráð fyrir að auðið kunni að verða að bjarga og endurskipuleggja með vissri aðstoð, þar sem ríkið með einhverjum hætti kæmi til. Þetta fyrirtæki er Slippstöðin á Akureyri, sem er nú stærsta skipabyggingarfyrirtæki landsins, en hefur átt í miklum örðugleikum, verið með mjög miklar uppbyggingar. Það þykir mjög líklegt, að þetta fyrirtæki geti átt sér verulega framtíð, ef skipa-

byggingar eflast í landinu, og orðið ein af traustustu stoðum undir atvinnulíf á Akureyri. Hlutafé þess fyrirtækis er ákaflega lítið, svo sem því miður er um allt of mörg fyrirtæki í landinu, og til þess að hægt sé að veita því aðstoð af opinberri hálfu, er talið óumflýjanlegt, að hlutafé þess sé aukið mjög verulega, og þá bæði með þátttöku Akureyrarkaupstaðar, ríkis og fleiri aðila. Þetta tel ég rétt, að komi hér fram, og það er ástæðulaust að vera að leyna því. Þetta er hugsað takmarkað, og það hefði mátt hugsa sér að taka þetta mál upp alveg eins og mál Norðurstjörnunnar hér í þinginu.

Hvort menn komast að þeirri niðurstöðu við athugun þessa máls, og geta fremur orðið sammála um þá lausn, að það sé tekin formleg ákvörðun um það t. d. í sambandi við fjárlög eða með einhverjum slíkum hætti, svo sem var um Norðurstjörnuna, þá hef ég út af fyrir sig ekkert á móti því, að þetta mál sé rannsakað frá öllum hliðum, það er langt í frá. Þetta er ekki neitt pólitískt ágreiningsefni og á ekki að vera, heldur spurning um það, hvort menn vilja hér ganga til móts við að leysa tiltekin vandamál. Það kann vel að vera, að Alþ. vilji heldur standa andspænis því, að leysa slíkt einstakt mál hverju sinni, svo sem gert var með Norðurstjörnuna. Ég hefði hins vegar haldið með hliðsjón af þeim erfiðleikum, sem þá komu fram, er margir hv. þm. töldu sig setta í vandræði með að þurfa að afgreiða það mál með þeim hætti að taka slíkt einstakt fyrirtæki, þá væri miklu þægilegra að hafa þessa heimild, sem hér um ræðir. Þar sem allir stjórnmálaflokkar eiga hlut að stjórn þessa sjóðs, og auk þess Seðlabanki Íslands, þá ætti ekki að vera hætta á því, að þarna yrði um neitt hættulegt baktjaldamakk að ræða, og þetta mál gæti legið alveg fyrir opnum tjöldum, eða það, sem yrði gert af hálfu þess sjóðs og það miklu fremur en það, sem gert er af hálfu annarra sjóða. Málefni Framkvæmdasjóðs eru miklu meira fyrir opnum tjöldum en málefni stofnsjóða atvinnuveganna.

Það voru á sínum tíma birtar skýrslur um það, t. d. þegar Framkvæmdabankinn starfaði, hvaða lán hann veitti. Ég tel að það hafi verið ágætt og eðlilegt miðað við starfsemi þess banka, sem er auðvitað allt annars eðlis heldur en gildir og hlýtur að gilda um bankakerfi landsins almennt.

En um starfsemi Framkvæmdasjóðsins er það líka að segja, að hún er að verulegu leyti opinber. Hans meginhlutverk er annar þáttur framkvæmdaáætlunar ríkisins á hverju ári, þ. e. a. s. vandamál stofnsjóða atvinnuveganna, og um það eru gerðar ákveðnar áætlanir, sem eru opinberlega birtar, þannig að þessi sjóður starfar mjög fyrir opnum tjöldum að þessu leyti. Ég er ekki að segja, að það geti ekki einnig skeð með fleiri sjóði og eigi að vera, en þetta er nokkur sérstaða að þessu leyti. Ég held því, að ég hafi sagt allt það, sem ég þarf í þessu máli, en ég tek það fram, að ég er síður en svo á móti því, að hv. þingdeild og Alþingi, við afgreiðslu þessa máls, íhugi allar hliðar þess. Ég þykist ekki vera í neinum vafa um það, að menn skilji almennt þann vanda, sem hér er við að glíma, en hvernig menn vilja mæta honum, er önnur saga. Ég er ekkert að halda því fram, að það, sem hér er lagt til, sé endilega það eina rétta, sem komi til álita, og er fullkomlega reiðubúinn til allrar samvinnu við þingið. En ég tel rétt, að það komi til athugunar í n., eins og ég sagði áðan, hvort það yrði talið heppilegra að hafa eitthvert annað form á þessu heldur en hér er gert ráð fyrir. Þannig tel ég, að þessar umr. út af fyrir sig séu þarfar og góðar og til þess fallnar að upplýsa það vandamál, sem við stöndum hér andspænis.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. ráðh. fyrir mjög greinargóð svör við fsp. mínum. Ég tel, að málið liggi miklu ljósara fyrir eftir en áður og það sé greinilegra, hvað hér er um að ræða. Það er vafalaust alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er miklu þægilegra að leysa mál eins og þessi, mál Norðurstjörnunnar og mál Álafoss og mál Slippsins á Akureyri, á lokuðum fundum sjóðstjórna eða sjóðstofnana heldur en hér á Alþ. Ég álít hins vegar, að þegar um jafn stór mál og þessi er að ræða, sem geta skapað jafn mikilvæg fordæmi, sé það betri og hreinni og heiðarlegri aðferð að leysa þessi mál fyrir opnum tjöldum hér á þinginu heldur en að vera að gera það á öðrum stöðum, þar sem fólk fylgist minna með því, sem raunverulega er gert.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Utanríkisþjónusta Íslands.

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands [34. mál] (stjfrv., A. 34).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það var í marzmánuði 1968, að samþ. var hér á Alþ. svohljóðandi þál. um endurskoðun l. um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Með þeirri endurskoðun skal einkum stefnt að því að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú er. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing.“

Með skírskotun til þessarar þingsályktunar voru skipaðir eftirtaldir menn í n. til að endurskoða l. um utanríkisráðuneytið á þann hátt, sem

þáltill. greinir: Benedikt Gröndal alþm., Gils Guðmundsson alþm., Ólafur Jóhannesson alþm., Sigurður Bjarnason alþm. og Agnar Kl. Jónsson ráðuneytisstjóri. Eins og ljóst er af þessari upptalningu er meiri hl. í n. skipaður mönnum úr utanrmn., og átti það að vera til þess að hafa nánara samband á milli þessarar þingn. og utanríkismálan.

N. hefur nú unnið í þessu máli, síðan hún var skipuð, og liggur hér fyrir frv., sem hún hefur samið. Hún segir að vísu í grg. fyrir frv., að hún hafi aðeins orðið sammála um að leggja þetta frv. fram, en það séu nokkur atriði þó, sem nm. væru kannske ekki á einu máli um, og þeir áskilji sér þess vegna rétt til að hafa óbundnar hendur um brtt., sem fram kunna að koma við frv. Ríkisstj. ákvað að leggja frv. fram hér á Alþ. alveg eins og n. gekk frá því án þess að gera till. til breyt. við það, þó að sum atriði að hennar dómi kunni e. t. v. að orka nokkurs tvímælis, en það kemur þá fram síðar. Ríkisstj. þótti ekki rétt að fara að gera á þessu stigi till. til breyt., heldur mundi hún láta till. n. koma fram alveg eins og n. gekk frá þeim.

Það er í grg. fyrir frv. rakin saga utanríkismála hér á landi frá upphafi vega, svo að ég þarf ekki að fara langt út í það. Þessi saga er stutt, og hún er einföld. Danir fóru með þessi mál fram til ársins 1918, þegar sáttmálinn við Danmörku var gerður, og eftir 1918 var utanríkisþjónustunni dönsku einnig falið að halda þessum málum áfram fyrir Íslands hönd, þangað til samningurinn rynni út að 25 árum liðnum fyrir það fyrsta. En þetta varð ekki raunveruleikinn, því að styrjöldin brauzt út, áður en samningstímabilinu var lokið, og eftir að Danmörk var hernumin 1940 rofnaði alveg sambandið milli Danmerkur og Íslands, og þess vegna var útilokað að halda sama fyrirkomulagi áfram eftir það. Þá voru fyrst gefin út brbl. um meðferð utanríkismála, sem síðan voru staðfest hér á Alþ. með l. nr. 31 1941 um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis. Þessi l. hafa verið óbreytt frá upphafi, en þegar þau voru undirbúin fór ráðun. Íslands með konungsvald, og styrjöldin olli, að óhætt er að segja, svo miklum breytingum í meðferð þessara mála, að þetta frv. var í upphafi eiginlega ekki hugsað nema að tjalda til einnar nætur eða í stuttan tíma a. m. k., þó að það hafi nú verið í gildi í 28 ár. En þau hafa gilt svo að segja óbreytt og ekkert verið við þeim haggað síðan.

Nú hefur það gerzt upp á síðkastið, eins og allir vita, að það hafa orðið miklar breytingar í heiminum, ný alþjóðasamtök hafa verið stofnuð, og þátttaka Íslendinga í þeim hefur verið ráðin. Þess vegna var nauðsyn að breyta þessum l. eða a. m. k. að endurskoða þau og athuga, hvort ekki væri rétt að breyta þeim með nokkrum hætti. Þetta hefur sem sagt verið gert, og þetta frv. liggur hér fyrir.

Ég skal aðeins fara nokkrum orðum um einstakar gr. frv., þó að þær skýri sig að mestu leyti sjálfar. Í 1. gr. frv. segir, að utanríkisþjónustan sjái um stjórnmálasamband hins íslenzka ríkis við önnur ríki, samningagerðir, þátttöku í alþjóðastofnunum eða ráðstefnum og því um líkt og gæti yfirleitt hagsmuna íslenzka ríkisins og íslenzkra ríkisborgara, hvar sem er utan Íslands. Í niðurlagi gr. segir, að n. leggi á það alveg sérstaka áherzlu, að utanríkisþjónustan eigi ekki hvað sízt að einbeita sér að utanríkisverzluninni og fylgjast með öllu, sem henni við kemur, einkum og sér í lagi að greiða fyrir sölu íslenzkra afurða með leit að nýjum mörkuðum fyrir þær og yfirleitt greiða fyrir aukinni sölu þeirra, sem frekast er unnt. Þetta mál um þátttöku utanrrn. í utanríkisverzluninni og meðferð þeirra mála hefur verið nokkuð laust á undanförnum árum. Viðskmrn. hefur haft til meðferðar mikið af þeim málum og tekið þátt í ýmsum alþjóðasamtökum og undirbúningi mála á erlendum vettvangi, eins og síðast hefur ljóst verið af EFTA málunum, sem mjög hafa verið hér til umr., sem samkomulag varð um við viðskmrn., að það tæki að sér að hafa forystu um. Ég vildi benda á þetta atriði sérstaklega, því að ég veit, að þykkjur manna um það fara ekki allar saman, þannig að sumir vilja láta utanríkisráðuneytið hafa meiri afskipti af þessu heldur en aðrir, og svo eru aftur aðrir, sem hugsa öfugt. Þannig að ég held, að þetta atriði þurfi einmitt að takast til mjög gaumgæfilegrar athugunar hjá þeirri n., sem málið fær til meðferðar, og hafa samráð við bæði rn., bæði utanrrn. og viðskmrn. um endanlega lausn þess.

Síðan eru nokkrar gr., sem skýra sig sjálfar og eru meira og minna endurtekning á því, sem er í núverandi l., en í 4. gr. frv. er rætt um, hvernig skipa skuli ambassadora. Í l. frá 1941 er svo fyrir mælt, að ríkisstj. ákveði með tilskipun, á hvaða stöðum skuli vera sendiráð. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að þetta verði ákveðið með forsetaúrskurði, og er raunar ekki mikill munur á því að öðru leyti en því, að í l. eru einnig ákvæði um, að þessir forsetaúrskurðir skuli taka til þátttöku í sendin. hjá eða við alþjóðastofnanir og hvar stofna skuli ræðismannsembætti.

Ég held, að það sé rétt, að ég gefi hér yfirlit yfir það, hvernig okkar erlendu fulltrúum er niður skipt, en útsendir ambassadorar Íslands eru nú 10. Það er í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, Bonn, Moskvu, París og Washington. Auk þess eru svo fastar sendin. hjá Sameinuðu þjóðunum og NATO og tekið þátt í með ambassadorunum, sem eru á viðkomandi stöðum, í OECD, Evrópuráði og UNESCO. Þetta eru, eins og hv. þm. taka eftir, ekki nema 10 staðir eða 10 útsendir ambassadorar, en þjóðirnar í heiminum eru nú allmiklu fleiri, og ef vel ætti að vera, þá ættu þessir útsendu ambassadorar okkar að vera á miklu fleiri stöðum. Það hefur verið reynt að bæta úr þessu með því að láta þessa útsendu ambassadora okkar hafa fleiri en eitt land, þó að þeir sætu í einu landinu, þá væru þeir líka sendiherrar okkar hjá tveimur og upp í fjórum, fimm löndum öðrum. Danmörk hefur t. d. á sinni könnu Tyrkland og Írland, Noregur hefur Ítalíu, Ísrael, Pólland og Tékkóslóvakíu. Svíþjóð hefur Austurríki og Finnland. Bretland hefur Holland, Portúgal og Spán. Þýzkaland hefur Íran, Japan, Sviss og Alþjóðakjarnorkumálastofnunina. Í Moskvu hefur ambassadorinn Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjaland auk Sovétsambandsins. Frakk-

land hefur Belgíu, Grikkland, Júgóslavíu og Luxemburg, og OECD og Evrópuráðið og UNESCO. Washington hefur hvorki meira né minna heldur en alla Ameríku, norðan frá Kanada og suður til Argentínu. Við höfum að vísu ekki diplómatískt samband við þessi ríki öll, en þau lönd, sem við höfum samband við eru Argentína, Brasilía, Kúba, Mexíkó og Kanada. Síðan hefur verið talað um að fjölga þessum stöðum, sem diplómatískt samband væri við, og meira en talað um það, því að það er einn nýr ambassador, sem kom hingað fyrir stuttu. Það er fulltrúi fyrir Egyptaland, og síðan er meiningin að hafa annan fulltrúa fyrir Ethiópíu, sem hvort tveggja eru Afríkulönd, sem geta orðið þýðingarmikil fyrir okkur, og verða þau að sjálfsögðu lögð undir eitthvert sendiráðsembætti, sem fyrir er, en ekki sendir út nýir sendimenn til þessara staða. Ethiópía hefur verið valin vegna þess að sverti ngjasamböndin hafa þar sínar höfuðstöðvar og verða þess vegna nærtæk til þess að hafa samband við, ef um viðskiptamál og önnur verður að ræða þar.

Það er svo einstaka nýmæli í þessu frv. Þau eru nú ekki mjög mörg, en ég skal nefna nokkur. Það er nýmæli í 11. gr., að það megi skipa viðskiptafulltrúa til takmarkaðs tíma. Þeir hafa ekki verið skipaðir áður utan einn, sem er ólaunaður, og það er viðurkennt, að viðskiptafulltrúar gætu sjálfsagt gert talsvert mikið gagn. En það er gert ráð fyrir, að þeir verði þá skipaðir í samráði við þá útflutningsatvinnuvegi, sem þeir verða helzt líklegir til þess að vinna fyrir og launakjör þessara viðskiptafulltrúa ákveðin í hverju einstöku tilviki í samráði við hlutaðeigandi aðila, þó þannig að ríkissjóður greiði að jafnaði ekki yfir helming launa þeirra.

Í 13. gr. er svo heimilt að skipa í utanrrn. eftirlitsmann sendiráða. Það er alveg nýtt starf, og tel ég, að það sé fullkomlega eðlilegt og nauðsynlegt, að í það verði skipað. Það gera ýmsar aðrar þjóðir, er hafa fastamenn, sem ferðast á milli sendiráðanna og líta eftir starfseminni þar og gera aths. við það, sem þeim finnst athugavert og gera till. til breytinga, ef þeim finnst það eðlilegt. Við verðum alltaf að hafa það í huga, að utanríkisþjónusta okkar er tiltölulega dýr. Hún kostar talsvert á annað hundrað millj. kr. núna, eins og hún er, og það er náttúrlega ekki hægt að hafa hana eins fullkomna og við raunverulega þyrftum að gera. Þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs að nota sem mest og meira en áður kjörræðismenn í ýmsum löndum, sem vinna sitt verk margir hverjir ágætavel, en taka engin laun fyrir störf sín. Það eru núna talsvert á annað hundrað kjörræðismenn, eitthvað kringum 120—130, ég man ekki nákvæmlega töluna, sem eru staðsettir í fjölda landa. Í sumum löndum eru nú raunar fleiri en einn, og allir hafa þeir starfi að gegna fyrir íslenzka ríkið og íslenzku þjóðina og gera það margir og flestir, held ég, að ég megi segja, ágætavel og okkur alveg að kostnaðarlausu. Ef við þyrftum að hafa útsenda menn á þessum stöðum öllum, þar sem kjörræðismennirnir eru starfandi, mundi bætast álitleg upphæð við okkar kostnað við utanríkisþjónustuna.

Þá er enn nýmæli í þessu frv. Það er tekið sérstaklega fram, að starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem dveljast langdvölum erlendis, skuli fá greiddan hluta af kostnaði við að senda börn sín í skóla á Íslandi. Þetta er mjög eðlilegt og þarft, því að margir af þessum útsendu mönnum okkar vilja ekki, að börn þeirra verði alin upp við erlend skilyrði eða erlendar aðstæður, og óska eftir því, að þeir geti sent börnin sín heim til Íslands í skóla, og í frv. er gert ráð fyrir að taka þátt í þeim kostnaði.

Miklu fleira held ég, að ég þurfi ekki að taka fram. Það var, eins og ég segi, gengið frá frv. af hálfu mþn., sem til þess var skipuð að semja það. Hún kom sér saman um að leggja þetta frv. fram, eins og hér er gert, án þess að farið væri mikið nánar út í þau atriði, sem þeir væru ekki fyllilega sammála um, og ríkisstj. var sama sinnis. Hún lætur frv. koma hér fyrir hv. Alþ. alveg eins og n. gekk frá því, en áskilur sér rétt að gera aths. við það og óskar eftir því, að sú n., sem þetta frv. fær til meðferðar, hafi samband við utanrrn., þegar farið verður að ræða málið, og ég held, að það væri þarft og rétt, að það yrði haft samband við viðskmrn. líka, til þess að einnig frá þeirri hlið gætu fengizt þær skoðanir, sem þar eru uppi um meðferð viðskiptamála við erlend ríki.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Haustið 1967 lagði ég ásamt tveimur hv. þm., Lúðvík Jósefssyni og Hannibal Valdimarssyni, fram frv. til l. um breyt á l. um utanrrn. Íslands og fulltrúa þess erlendis. Fyrir þessu sama þingi lá sú þáltill., sem hér var vitnað til áðan, og sú till. og frv. okkar kom til utanrmn. frá allshn. og var fjallað um hvort tveggja þar á sama fundi. Ég var viðstaddur á þessum fundi og þar kom í ljós, að utanrmn. var þeirrar skoðunar að samþykkja þáltill., og hún taldi þá einnig eðlilegt, að sú n., sem fjallaði um endanlega endurskoðun á utanrrn., fjallaði einnig um þær hugmyndir, sem fólust í frv. okkar þremenninganna. Ég lýsti því yfir á þessum fundi, að ég væri algerlega sammála þeirri málsmeðferð og fyndist hún eðlileg.

Nú sé ég í því frv., sem hér hefur verið lagt fram, að þær hugmyndir, sem við þremenningarnir vorum með, eru alls ekki teknar með, hvort sem það stafar af því, að láðst hafi að fjalla um þær eða ekki hefur verið samstaða um þær í n. En í þeim atriðum, sem voru í frv. okkar þremenninganna, fólst ekki nein allsherjarendurskoðun á þessum lagabálki, heldur einvörðungu einn þáttur þessara mála, þ. e. afskipti Alþ. af utanríkismálum. Við lögðum til, að í l. um utanrrn. Íslands yrðu tekin upp ákvæði, sem tryggðu það, að um utanríkismál yrði fjallað hér á þingi á svipaðan hátt og önnur mál, og þetta tel ég ákaflega veigamikið atriði. Við vitum það allir þm., að á þessu hefur verið misbrestur stundum, og að um utanríkismál er alls ekki fjallað á jafngaumgæfilegan hátt og ýmis önnur mál, jafnvel hrein smáatriði.

Frv. okkar var ekki mikið að vöxtum. Meginefni þess fólst í 1. gr., en þar var lagt til, að ný gr. bættist í l. svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Um allar meiri háttar ákvarðanir í utanríkismálum skal hafa samráð við utanrmn. Alþ., bæði meðan Alþ. er að störfum og milli þinga. Sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna er skipuð af ráðh. til eins árs í senn, og skulu þingflokkarnir hafa rétt til að tilnefna einn fulltrúa hver í n. Árlega skal ráðh. gefa Alþ. skýrslu um viðhorf ríkisstj. til utanríkismála og um störf íslenzku sendinefndarinnar á þingi Sameinuðu þjóðanna ásamt rökstuddri grg. um afstöðu Íslands til einstakra mála á þinginu."

Við töldum eðlilegt, að þessi atriði öll væru í l. um utanríkisþjónustu Íslands. Fyrsta atriðið, sem þarna er nefnt, um utanríkismálanefnd Alþingis, er í þingsköpum, sem hafa að sjálfsögðu lagagildi, eins og kunnugt er, en hins vegar vita allir alþm., að á löngu árabili voru þessi ákvæði þingskapa þverbrotin. Hæstv. núv. utanrrh. hefur breytt þessum vinnubrögðum, sem betur fer, og nú hefur verið tekið upp eðlilegt samstarf við utanrmn. Hins vegar tel ég alveg sjálfsagt, að þessi ákvæði verði einnig í sjálfum l. um utanrrn. Íslands.

Annað atriðið, sem þarna er nefnt, um aðild þingflokkanna að sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, hefur einnig verið framkvæmt í verki af hæstv. núv. utanrrh. síðustu árin. Hins vegar tel ég, að sjálfsagt sé að þetta ákvæði sé í sjálfum l. Ég tel það skipta ákaflega miklu máli, að Alþ. líti á það sem eitt af verkefnum sínum að fylgjast með og taka þátt í störfum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Mér fyndist, að þingflokkarnir ættu að hugleiða það, hvort ekki sé hægt að taka þau störf dálítið fastari tökum en verið hefur. Ég held, að það væri ákaflega skynsamlegt fyrir flokkana að reyna að koma sér upp hópum manna, sem tryggi sér sem mesta sérþekkingu á þessum sviðum, bæði til þess að fjalla um mál hér á þingi og eins, ef hæstv. utanrrh. eða ráðun. hefur hug á því að bera vandamál undir menn.

Í þriðja lagi er þarna gert ráð fyrir, að ráðh. gefi árlega skýrslu um viðhorf til utanríkismála og um starfshætti og ákvarðanir utanrrn. á erlendum vettvangi. Einnig þetta atriði hefur hæstv. utanrrh. framkvæmt á síðustu árum, en ég tel mjög eðlilegt, að þetta sé ákveðið í l., svo að það sé tryggt, að þannig sé að verki staðið, hvaða einstaklingur, sem er í embætti ráðh. Um þetta hefur verið rætt, eins og kunnugt er, í mörg ár, en það er ekki fyrr en síðustu árin, að þetta hefur komið til framkvæmda, og vel er hugsanlegt, að síðar geti valizt í starf utanrrh. maður, sem ekki hefði sama áhuga á því eins og núv. hæstv. utanrrh. að gefa slíkar skýrslur. Ég tel það algerlega nauðsynlegt, að Alþ. fjalli um þessi mál á formlegan hátt, og ég sé ekki, að það verði tryggt með öðru móti en því, að það sé talinn sjálfsagður liður í störfum Alþ., að slík skýrsla sé gefin og rædd. Ég tel sem sé, að það sé sjálfsagt og mjög veigamikið atriði frá Alþ. séð, að ákvæði um þetta séu í l. um utanríkisþjónustu Íslands.

Í 2. gr. frv. okkar fólst önnur breyting. Hún var svo hljóðandi:

„Ríkisstj. ákveður að fengnu samþykki Alþ., á hvaða stöðum skuli vera sendiráð."

Breytingin er sem sagt fólgin í því, að borið skuli undir Alþ., hvar sendiráð séu. Nú tel ég, að þetta sé eitt þeirra viðfangsefna, sem eru einna nærtækust og á ýmsan hátt kannske erfiðust viðfangs, að endurskipuleggja alla sendiráðsþjónustu okkar erlendis.

Hæstv. ráðh. gat þess áðan, að við hefðum ekki tök á því að hafa nema takmarkaðan fjölda manna í þessum verkefnum, og hann greindi frá því, hvar þeir væru nú staddir í veröldinni. Frásögn hans sýndi, að langflestir þessir menn eru á tiltölulega litlum bletti í Evrópu. En það er enginn íslenzkur sendiherra með búsetu í Asíu, í Afríku eða í rómönsku Ameríku. Þetta er algerlega fráleitt ástand. Við getum hreinlega ekki komizt í eðlileg tengsl við gang heimsmála, ef við höfum ekki fulltrúa á þessum stöðum, þar sem mikill hluti mannkyns býr, og þar sem örlagaríkastar breytingar eru að gerast. Auk þess hygg ég, að það sé næsta öruggt, að í þessum heimshlutum geta okkur opnazt mjög mikilvæg viðskiptasambönd, ef við reynum að rækja þá hlið málsins, eins og nauðsynlegt er. Ég tel, að þetta sé svo veigamikið atriði, að það sé í sjálfu sér eðlilegt og sjálfsagt, að hæstv. ráðh. ræði þessi mál á Alþ. og leiti samþykkis Alþ. fyrir breytingum á þessari skipan.

Ég vildi minna á þessar till. okkar nú þegar við 1. umr., þó að mér hafi ekki unnizt tími til þess að leggja þær fram formlega sem brtt. Ég mun gera það og vildi mælast til þess við hv. allshn., að hún fjalli um þær brtt. ásamt sjálfu frv. og taki afstöðu til þeirra, svo að hægt sé að komast að niðurstöðu um þær við 2. umr. málsins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 45 brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir, eða nánar tiltekið við eina gr. þess, 11. gr. Grein þessi kveður á um heimild handa utanrrn. að skipa viðskiptafulltrúa, þar sem þess er talin þörf. Ég tel, að gr., eins og hún kemur hér fram í frv., sé of laus, marki ekki neina stefnu nógu ákveðið, og hef ég reynt í till. minni að kveða þar nokkuð fastara á um. Ég skal gera grein fyrir þeirri breytingu, sem ég legg til, að gerð verði á gr., en það er í fyrsta lagi, að í upphafi gr. segir:

„Auk þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 10. gr., má skipa, þar sem þörf krefur, sérstaka viðskiptafulltrúa."

Ég tel, að það eigi að vera ákveðið, að þar sem það að dómi viðkomandi rn., sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi og ber að gæta hagsmuna landsins í sambandi við utanríkisþjónustuna, þar sem þessir aðilar telja, að þörf sé á sérstökum viðskiptafulltrúum, þar skulu þeir skipaðir, annað hvort við þau sendiráð, sem þar kunna að vera eða þá með því að opna þar sérstakar skrifstofur slíkra aðila. Þetta er fært

í till. þar sem segir: „Skal skipa, þar sem þörf krefur, sérstaka viðskiptafulltrúa.“ Þetta er fært til samræmis því, sem gert er í 4. gr. frv., en þar segir: „Sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðismannsskrifstofur skulu staðsettar erlendis á þeim stöðum, þar sem slíkt er talið nauðsynlegt.“ Ég tel, að það sé eðlilegt, að það sé einnig þannig kveðið á um skipun viðskiptafulltrúa, þar sem viðkomandi rn. telur, að þörf sé á slíkum aðilum.

Þá er í frv. gert ráð fyrir, að þá fulltrúa, sem kunna að verða skipaðir, megi skipa til takmarkaðs tíma. Þetta er fellt út úr orðalagi gr., eins og ég legg til í till. minni, að hún verði samþ. Ég tel, að því verði ekki við komið og sé ekki eðlilegt að skipa viðskiptafulltrúa einhvern takmarkaðan tíma. Ef þörf er á viðskiptafulltrúa á einhverjum stað í einhverju landi, hljóti að vera þörf þar fyrir hann allt árið, og hann verði að vera fastur starfsmaður utanríkisþjónustunnar og beri því að vera þar skipaður sem fastur starfsmaður allt árið. Ég tel, að annað komi tæpast til greina og verði ekki að mínum dómi við komið eftir eðlilegum leiðum.

Þá gerir 11. gr. frv., eins og það liggur fyrir nú, ráð fyrir, að viðskiptafulltrúar skuli skipaðir í samráði við tiltekin hagsmunasamtök, og að þeir skuli launaðir a. m. k. að hálfu leyti af þessum aðilum. Ég tel þetta mjög óeðlilegt. Þetta eiga að vera óháðir viðskiptafulltrúar allra landsmanna, ekki bundnir af neinum sérstökum hagsmunasamtökum hér uppi á landi, heldur að gegna starfi sínu sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar fyrir þá aðila, sem til þeirra leita og hafa alveg óbundnar hendur í sambandi við starf sitt. En það myndu þeir ekki hafa að mínum dómi, ef þeir væru háðir með launakjör sín einhverjum ákveðnum aðila hér uppi á Íslandi, þó að störf þeirra hljóti að sjálfsögðu í sumum tilfellum í einstaka löndum að beinast að miklu leyti inn á svið sérstakra hagsmunasamtaka. Á ég þar t. d. við sölu íslenzkra afurða, eins og á saltfiski í þeim löndum, sem eru helztu viðskiptalönd okkar í þeim efnum. Þar er um að ræða Ítalíu, Spán og Portúgal, en ég tel, að viðskiptafulltrúar, ef þeir verða skipaðir í þessum löndum, eigi að vera skipaðir sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar og geta að sjálfsögðu látið hagsmunasamtökum, í þessu sambandi t. d. hagsmunasamtökum saltfisksútflytjenda, í té alla þá aðstoð og fyrirgreiðslu, sem aðstaða þeirra sem viðskiptafulltrúa í þessum löndum kæmi til með að leyfa. Af þessu leiðir, að ég hef einnig fellt út í till. minni það ákvæði, sem í 11. gr. er, um greiðslu launa þessara aðila. Og enn fremur leiðir af þessu, að ég hef einnig fellt í till. minni það ákvæði, sem er í niðurlagi 11. gr. um, að við viðskiptasamtök og stofnanir skuli haft samráð við ráðningu þessara fulltrúa. Ég tel, að ef utanrrn. telur, að þörf sé á viðskiptafulltrúa, annað hvort í sambandi við sendiráð okkar í einhverju tilgreindu landi eða löndum eða ef ráðun. telur eðlilegt, að opnuð sé skrifstofa viðskiptafulltrúa í einhverju landi, þar sem sendiherra á Íslandi hefur ekki búsetu, þá skuli þessir aðilar, eins og ég hef áður sagt, vera ráðnir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, laun þeirra ákveðin, að því er ég tel eðlilegast af utanrrn. í samræmi við launakjör annarra aðila, sem starfa að þessum málum á erlendum vettvangi, og vera í engan stað háðir einum né neinum hér uppi á Íslandi, bæði í sambandi við ráðningu þeirra í starfann og eins í sambandi við greiðslu eða ákvörðun um laun og kjör fyrir störf erlendis. Ég vildi mælast til við þá hv. n., sem þetta frv. fær til meðferðar, að hún taki einnig til athugunar þá till., sem ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 75 og ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allsh. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. bárust á þskj. 45, 49, 55 og 56.

---

3. Meðferð opinberra mála.

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála [139. mál] (stjfrv., A. 222).

Á 37. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og greinir í aths. við þetta lagafrv., er það í raun og veru fylgifrv. með því frv., sem við áðan vorum að ræða, og þarf ég ekki að hafa mörg orð til skýringar á því. Það er að mestu leyti breyting, sem leiðir af því, að rannsóknarstjóri kemur inn í staðinn fyrir sakadómara eða yfirsakadómara á ýmsum stöðum í l. um meðferð opinberra mála. Þetta er bein afleiðing af því frv., sem áðan var gerð grein fyrir, og þarf að koma til framkvæmda, ef það verður samþ., en að sjálfsögðu ekki nema það verði samþ. Þess vegna þyrfti að hafa þann hátt á að láta þessi frv. fylgjast að og fyrst hið fyrra frv., sem nú var tekið fyrir einnig á undan þessu frv.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allsh.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allsh. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

4. Dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimta o. fl.

Á 36. fundi í Nd., 13. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 98 23. des. 1961, um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. [140. mál] (stjfrv., A. 223).

Á 37. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þann 17. apríl 1968 samþykkti Alþ. að fela ríkisstj. að undirbúa breytta skipan á yfirstjórn lögreglunnar í Reykjavík, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögregla heyri framvegis undir yfirstjórn lögreglustjóra. Um þetta hefur og hafði þá verið nokkuð rætt, og óformlegar ráðagerðir voru uppi innan rn., að slík breytt skipan væri í raun og veru eðlileg og mundi henta, að kæmi til framkvæmda, þegar hægt væri að taka til afnota lögreglustöðina nýju eða húsnæði það, sem þá væri til umráða í hinni nýju lögreglustöð hér í Reykjavík, sem er í byggingu.

Eftir samþykkt þessarar þáltill., fól ég Jónatani Hallvarðssyni hæstaréttardómara að annast samningu frv. að þeim lagabreytingum, sem hin fyrirhugaða breytta skipan krefst, enda verður það starf unnið í samráði við rn. og viðkomandi embættismenn, eins og segir í bréfi til hans. Í haust eða ekki alls fyrir löngu skilaði hæstaréttardómarinn till. að frv. því, sem hér er flutt, eins og það kom frá honum um breytingu á l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, enda hafði hann þá einnig haft um það samráð við þá embættismenn, sem hér eiga hlut að máli fyrst og fremst, yfirsakadómarann í Reykjavík, lögreglustjóra og saksóknara ríkisins, og var enginn ágreiningur milli þessara embættismanna um það frv., sem hér er um að ræða.

Aðalatriði þessa frv. er að lögfesta það, að stjórn rannsóknarlögreglu í Reykjavík verði lögð til lögreglustjóra, þannig að bæði hin almenna lögregla og rannsóknarlögreglan heyri framvegis undir yfirstjórn lögreglustjóra nákvæmlega eins og segir í sjálfri samþykkt Alþ. eða þáltill. Fyrir utan það er í öðru lagi lagt til, að skipaður verði sérstakur yfirmaður rannsóknarlögreglunnar, sem á að heita rannsóknarstjóri, en vera undir yfirstjórn lögreglustjóra. Verkefni hans er að stýra rannsókn brotamála og fara með stjórn lögreglumanna að því er rannsóknarstörf varðar.

Aðrar breytingar eru þær, að framkvæmd refsidóma er nú flutt frá sakadómaraembættinu til lögreglustjóraembættisins, eftir að yfirsakadómari hefur ekki neina lögreglumenn undir sér, og þá jafnframt umsjón fangelsa, sem verður hér eftir eða samkv. þessu frv. í höndum lögreglustjóra. Þá má segja, að það sé nýmæli í þessu frv. í fjórða lagi, að dómsmrh. geti ákveðið, að lögreglustjóri Reykjavíkur eða rannsóknarstjóri fari með tiltekna þætti löggæzlu og lögreglurannsóknar utan Reykjavíkur ótímabundið eða um stundarsakir. Þessi regla gildir um tollgæzluna og gæti hentað í mörgum einstökum tilfellum og einnig almennt, eins og t. d. í sambandi við umferðarstjórn, sem væri nokkuð sérstæð í þessu sambandi.

Þetta er meginefni þessa máls, sem hér er til meðferðar, en í grg. eða aths. við frv. er rakin saga þessarar embættaskipunar, sem hér kemur við sögu, í Reykjavík frá 1786 og fram til síðari tíma.

En þessi grg. eða þetta sögulega yfirlit styður nokkuð, að hér sé rétt stefnt með þessari breytingu, sem hér er gerð, og skal ég ekki fara út í þetta yfirlit. Það hafa hv. þm. haft aðstöðu til að kynna sér í aths. frv.

Um till. um sérstakan rannsóknarstjóra vil ég fara nokkrum orðum að gefnu tilefni, því að hér var á sínum tíma lagt fram fyrir Alþ. árið 1948 af þáv. dómsmrh. frv. til l. um breytingu á meðferð opinberra mála. Þá var þar gert ráð fyrir sérstöku rannsóknarstjóraembætti, og sá rannsóknarstjóri átti að hafa sérstaka skrifstofu í Reykjavík. Hann átti hins vegar að heyra undir embætti saksóknara ríkisins, en hann átti einnig að sækja fyrir héraðsdómi þau opinberu mál, sem sókn og vörn sættu eftir málshöfðun samkv. ákv. frv. En þessi till., sem þá var gerð, var í samræmi við það grundvallaratriði réttarfars í opinberum málum nú á dögum að skilja glöggt á milli dómsvalds annars vegar og lögreglustjórnar hins vegar. Rannsóknarstjóraembættið hér er annars eðlis heldur en þetta rannsóknarstjóraembætti. Þessi rannsóknarstjóri á að heyra undir lögreglustjóra og hafa yfirstjórn á rannsóknarlögreglunni. Hann á að uppfylla þekkingarskilyrði, hann á að vera lögfræðingur, og hann á að hafa sérmenntun í stjórn og rannsókn lögreglumála. En hann á hins vegar ekki undir neinum kringumstæðum að sækja fyrir dómi opinber mál, eins og rannsóknarstjórinn átti að gera samkv. till. um breyt. á l. um meðferð opinberra mála frá 1948. Hins vegar er það svo, að eins og ákvæðið um rannsóknarstjóra 1948 náði ekki fram að ganga, náði heldur ekki fram að ganga þá till. um sérstakan opinberan ákæranda, en þær náðu hins vegar fram að ganga árið 1961 með breytingu á l. um meðferð opinberra mála, og hefur saksóknari ríkisins síðan verið sérstætt og sjálfstætt embætti, og meðal ákvæða um það embætti er í vissum tilfellum skylda til þess að sækja sjálfur eða láta sína fulltrúa sækja opinber mál, ef refsingin fyrir meint brot getur numið 8 ára fangelsi eða meira. Þá er skylt, og þá mundi eftir sem áður, eins og nú hefur verið undanfarið, saksóknari annast þá sókn, sem um er að ræða fyrir réttinum. Aftur á móti, ef meint brot getur ekki varðað svo þungum viðurlögum, þá er það á mati og valdi saksóknara, að hann tilnefni sérstakan sækjanda fyrir réttinum. Það hefur gerzt í sumum tilfellum, einkum þar sem um meiri háttar og flóknari mál er að ræða, sem snerta flókin fjármálaviðskipti og annað slíkt, en frekar verið undantekningar.

En það má hins vegar segja, að að öðru leyti sé óbreyttur höfuðtilgangur lagafrv. frá 1948, að losa sakadóminn undan því að stjórna störfum rannsóknarlögreglu, en auðvitað getur saksókn-

arinn eftir sem áður gefið rannsóknarlögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsóknar. Ákvæði frv. þessa takmarkast við það, sem nú hefur greint verið, og segi ég það sérstaklega af því tilefni, að til álita gætu að vísu komið frekari breytingar á réttarfarsreglum um meðferð opinberra mála, en að því er ekki vikið hér, og sérstök rannsókn á slíkum atriðum hefur ekki farið fram í sambandi við undirbúning þessa frv., hann hefur verið takmarkaður við þáltill. og lagafrv.-samningu í samræmi við hana, eins og ég greindi frá áðan. En ég sagði einnig, að þetta hefði komið til tals á milli embættismanna og innan rn. í sambandi við að framkvæmd slíks ætti að fylgja þeim tímamótum, þegar lögreglustöðin nýja gæti tekið við rannsóknarlögreglunni eða meira húsrými skapaðist þar, og það er í 3. gr. þessa frv. lagt til, að lögin öðlist gildi 1. desember 1970. Það er miðað við það, að þá verði til nægjanlegt húsrými í lögreglustöðinni nýju til þess að rannsóknarlögreglan ásamt lögregluliðinu að mestu leyti flytjist þangað. Að vísu er þá lögreglustöðin ekki fullbyggð og verður það ekki fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1971, en þá er einnig meira húsnæði þar til afnota heldur en fyrir lögregluna eina, því að gert hefur verið ráð fyrir því, að Landhelgisgæzlan fengi einnig húsnæði í lögreglustöðinni og einnig stjórnstöð Almannavarna, ef því væri að skipta, í kjallara lögreglustöðvarinnar. Ég get getið þess í þessu sambandi, að fangageymsla hinnar nýju lögreglustöðvar er nú fullbúin, og það er verið að taka hana til afnota. Þegar hún hefur verið tekin til afnota, en hún er mjög fullkomið húsnæði til þeirra nota, verður framkvæmd sú áætlun, sem fram kom í grg. um fangelsismál, sem rn. útbýtti meðal þm. í vor. En í því felst, að Síðumúla verður þá breytt í lokað fangelsi, og jafnframt er svo verið að undirbúa frekari byggingar við byggingu á Litla-Hrauni og endurbætur á fangelsinu þar, en ég skal ekki út í þessa sálma fara. Þar var gerð fullkomin grein fyrir þessum áætlunum í fangelsamálum í þeirri grg., sem ég nefndi áðan, og lögð hefur verið fyrir hv. þm.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Með örfáum orðum vildi ég benda á atriði, sem ég teldi rétt, að sú hv. n., sem fær frv. þetta til athugunar, athugi, hvort ekki væri unnt að auka við efni þess. Í frv. er gert ráð fyrir, að við embætti lögreglustjóra í Reykjavík taki til starfa rannsóknarstjóri, sem lýtur lögreglustjóra, stýrir lögregluransókn brotamála og fer með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brotamál, að því er þau störf varðar, eins og segir í 2. gr. frv. Meðal þeirra mála, sem undirnefnd fjvn. hafði til meðferðar s. l. sumar í því skyni að koma á meiri hagkvæmni og sparnaði í ríkisrekstrinum, voru lögreglumál og kostnaður við löggæzlu í landinu. N. skilaði ábendingum um þau mál, þar sem m. a. var vakin athygli á þeirri þróun, sem á undanförnum árum hefur átt sér stað í sambandi við rannsóknarlögreglustörf í nágrannabæjum Reykjavíkur. En í Kópavogi og í Hafnarfirði hafa nú í nokkur ár verið að vaxa upp rannsóknarlögregludeildir með sérstöku starfsliði. Það var skoðun undirnefndar fjvn., að þessi þróun væri óheppileg, og hún taldi athugandi, hvort ekki væri hagkvæmara, að öll rannsóknarlögreglustörf á þessu svæði, í Reykjavík og næstu nágrannabæjum, yrðu á einni hendi, þannig að ekki væri verið að sérhæfa starfslið á mörgum stöðum og afla nauðsynlegra og sams konar tækja á hverjum stað. Það fer naumast á milli mála, að unnt hlýtur að vera að nýta betur sérhæft starfslið og fé til tækjakaupa með því móti, að ein og sérstök rannsóknarlögregludeild annist nauðsynleg störf á þessu sviði í Reykjavík og svo stóru svæði í grenndinni, sem unnt er.

Í 2. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að dómsmrh. sé heimilt að fela lögreglustjóranum í Reykjavík og rannsóknarstjóra yfirstjórn og framkvæmd sérstakra þátta löggæzlu og lögregluransókna utan Reykjavíkur, ótímabundið eða um stundarsakir, ef um einstök, tiltekin lögreglumálefni er að ræða. Ég vildi beina því til þeirrar hv. n., sem fær þetta frv. til meðferðar, að hún athugi, hvort ekki væri rétt að kveða hér fastar að orði og breyta greininni á þann veg, að beinlínis verði gert ráð fyrir því, að ekki verði haldið áfram þeirri þróun að koma upp sérstökum rannsóknarlögregludeildum í næsta nágrenni Reykjavíkur, heldur skuli ein slík stofnun annast rannsóknarlögreglustörf á öllu svæðinu.

Fyrst ég hef minnzt hér á sérstakan þátt í lögreglumálum Reykjaneskjördæmis, þá vil ég ekki láta hjá líða að árétta þá skoðun mína, að verulegra breytinga sé þörf á skipun lögreglumála og annarra mála, er almennt heyra undir embætti sýslumanns og bæjarfógeta í kjördæminu. Að því er varðar lögreglumálin sérstaklega, taldi undirnefnd fjvn. í grg. sinni, að athuga bæri, hvort ekki væri rétt að gera þær breytingar á l., að allt lögreglulið, sem starfar á svæðinu sunnan Hafnarfjarðar, lyti einni stjórn. Eins og málum er nú háttað, eru lögregluþjónar á þessu svæði undir stjórn þriggja embættismanna. Lögregluliðið á Keflavíkurflugvelli lýtur stjórn lögreglustjórans þar, sem heyrir svo undir utanrrn. Lögregluliðið í Keflavík lýtur stjórn lögreglustjórans í Keflavík, en löggæzlan í öðrum sveitarfélögum á Reykjanesskaga, Vatnsleysustrandarhreppi, Njarðvíkurhreppi, Gerðahreppi, Miðneshreppi, Hafnahreppi og Grindavíkurhreppi lýtur stjórn sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem jafnframt er lögreglustjóri í Hafnarfirði. Á þessu svæði sunnan Hafnarfjarðar starfa líklega um 45 lögregluþjónar undir stjórn þriggja aðila, og löggæzlan á þeim slóðum, sem er fjærst Hafnarfirði, lýtur stjórn lögreglustjórans þar. Þarna þarf að verða breyting á. Að mínum dómi ætti að leggja embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli niður, og sameina alla löggæzlu á þessu svæði sunnan Hafnarfjarðar undir stjórn bæjarfógetaembættisins í Keflavík. Þetta á ekki aðeins við um löggæzlu, heldur þyrfti að stokka þessi mál svo rækilega upp, að undir þetta embætti í Keflavík heyrðu ekki aðeins lögreglumál þessa svæðis sunnan Hafnar-

fjarðar, heldur önnur þau mál, sem nú falla undir embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þar er ekki aðeins um að ræða fjárhagslega hagkvæmni, heldur ekki síður bætta þjónustu við þá íbúa þessa svæðis, sem nú þurfa að fara til Hafnarfjarðar með öll sín mál, sem þetta embætti varðar, þinglesningar, þinggjöld, bifreiðaskráningar, málarekstur, almannatryggingamál o. fl. o. fl. og borga svo vegaskatt að auki fyrir að annast þessi erindi sín. Það er mín skoðun, að lögreglumál á Suðurnesjum ættu að vera undir einni stjórn, og dómsmál og önnur mál, sem heyra sýslumannsembætti til, ættu einnig að vera sameiginleg fyrir öll Suðurnes og heyra til embætti í Keflavík. Þær lagabreytingar, sem gera þyrfti til þess að koma slíkri breytingu á, falla að sjálfsögðu ekki undir ákvæði þessa frv., en ég vildi vekja athygli á þörfinni á því, að slíku máli verði sinnt.

Ég vil, eins og ég áðan sagði, sérstaklega beina því til þeirrar n., sem fær þetta frv. til meðferðar, at hún athugi, hvort ekki sé rétt að gera ákvæði 2. gr. varðandi rannsóknarstjóra og rannsóknarlögreglu víðtækari, þannig að með nauðsynlegum breytingum á frv. verði tryggð sú skipan rannsóknarlögreglumála í Reykjavík og sveitarfélögum í næsta nágrenni, að ein stofnun annist öll slík störf á svæðinu.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær ábendingar, sem fram komu hjá honum, og till. þær, sem fram eru settar og hann vitnaði til. Þær eru vissulega athygli verðar. N. tekur þessar ábendingar til athugunar eflaust samkv. venju. En það fléttast inn í þetta önnur stærri mál, sem þm. réttilega gerði grein fyrir að snerta ekki þetta mál, eins og hann vék að áðan, en ég vil minna á í því sambandi, að þegar rn. lagði fram hér á Alþ. skýrslu um dómsmálastörf fyrir 2—3 árum, þá var um leið af hálfu dómsmrh. skipuð dómsmálanefnd, sem átti að hafa það verkefni að athuga m. a. hugsanlega breytingu á lögsagnarumdæmunum í landinu og dómsmálakerfinu. Ég hef nú ekki heyrt neitt um það frá þeirri n. utan það, að ég veit, að það hefur verið rætt í n. og ekki verið eftir atvikum talin mikil ástæða til þess að breyta lögsagnarumdæmunum af þeirra manna hálfu, sem þar um fjalla, sérstaklega né dómsmálakerfinu. Nú þarf það ekki að þýða, að það væri ekki full ástæða til þess. Og þótt það væri ekki gert í stórum stíl í heild, þá kæmu sjálfsagt til athugunar minni háttar breytingar, sem eru meira framkvæmdaatriði, eins og hv. þm. vék að.

Í sambandi við lögreglustjórnina og sameiginlega rannsóknarlögreglu og stjórn rannsóknarlögreglumála á vissu svæði, eins og hv. þm. benti á hér í Reykjavík og í kringum Reykjavík, þá vaknar auðvitað sú spurning, sem nú hefur verið nokkuð til athugunar, hvort það bæri ekki að stefna að því, að öll lögreglan í landinu væri á vegum ríkisins og kostuð af ríkinu. Það snertir auðvitað skiptingu á kostnaðarliðum milli ríkis og sveitarfélaga og þýddi það, að yrðu það á viðkomandi svæðum lögreglustjórar, eins og verið hefur, sem stjórna lögreglunni, en sú lögregla er kostuð, eins og við vitum, af sveitarfélögum og ríki, báðum þessum aðilum. Á vissan hátt, held ég, að það gæti verið nokkuð til bóta, að löggæzlumenn í minni sveitarfélögum og kaupstöðum væru ekki á vegum sveitarfélaganna, eins og nú er, og hluti af kostnaði þeirra borgaður af ríkinu, heldur eingöngu á vegum ríkisins ásamt stjórn á embættismanninum, lögreglustjóranum, á viðkomandi stað. En þetta yrði að gera í einhverri endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og bæja. Ég hygg, að þetta gæti orðið nokkur framför, og þá á ég við, að með þessu móti mundi kannske verða meiri skipting á aðsetri löggæzlumanna. Þó að á einstökum stöðum lánist ákaflega vel að hafa vinsælan lögregluþjón, kunnan öllum í þorpinu, þá er á sumum stöðum einnig mjög erfið starfsaðstaða fyrir slíka menn, og slík náin kynni löggæzlunnar og borgaranna lukkast ekki alls staðar jafnvel. Fram hjá þeim erfiðleikum yrði t. d. komizt með því, að alls staðar væri ríkislögregla, og það væri með í ráðningarkjörum löggæzlumanna að láta þá fara á milli staða og dvelja á mismunandi tímum á mismunandi stöðum.

Fleiri orð skal ég svo ekki um þetta segja. Þetta eru allt atriði, sem vissulega þurfa að koma til athugunar, og þær ábendingar, sem hv. þm. kom með, eru einnig þess eðlis, að það gæti vel komið til álita að athuga alveg sérstaklega þær, sem snerta framkvæmdir þessa frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

5. Útvarpslög.

Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:

Frv. til útvarpslaga [182. mál] (stjfrv., A. 426).

Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Gildandi lög um útvarpsrekstur ríkisins, eða um ríkisútvarpið, eru orðin margra áratuga gömul. Þau eru að verulegu leyti frá árinu 1934. Fyrstu lög, sem sett voru um útvarpið, voru hins vegar sett árið 1924, eða 10 árum áður. Ýmiss konar breyt. hafa verið gerðar síðan 1934 á l. um ríkisútvarp, sérstaklega að því er varðar kosningu í útvarpsráð og um ýmis fjárhagsatriði. Enn fremur voru gerðar nauðsynlegar breytingar á útvarpsl., þegar sjónvarpsreksturinn hófst, en menntmrn. úrskurðaði á sínum tíma, þegar sjónvarpið var í undirbúningi, að sjónvarpsrekstur skyldi vera í verkahring ríkisútvarpsins, að sjónvarpsrekstur væri útvarpsrekstur eins og hljóðvarps, sem búið var að starfrækja hér á Íslandi í áratugi.

Þótt sjónvarpsrekstur væri hafinn og þar með yrði mjög mikil breyting á starfsháttum og starfsrekstri ríkisútvarpsins, þótti samt sem áður ekki rétt að gera till. um það, að sett yrði ný útvarpslöggjöf. Eðlilegra var talið, og lét ég þess getið hér á Alþ. í sambandi við umræður um fjármál ríkisútvarpsins og fsp., sem fram voru bornar, að ríkisstj. taldi eðlilegt að bíða með setningu nýrra útvarpsl. þangað til nokkur reynsla væri fengin af sjónvarpsrekstrinum. Á s. l. ári þótti hins vegar svo komið, að tímabært væri orðið að efna til allsherjar endurskoðunar á gildandi l. um ríkisútvarpsrekstur á Íslandi.

Í júlí í fyrra skipaði menntmrn. þess vegna 3 manna n. til þess að endurskoða gildandi l. og reglugerðir um ríkisútvarpið. Í n. voru skipaðir Andrés Björnsson, útvarpsstjóri, dr. Þórður Eyjólfsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, og Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, sem jafnframt var skipaður formaður n. Það var sérstaklega tekið fram í skipunarbréfi menntmrn., að þess væri óskað, að n. endurskoðaði allar reglur, sem settar hefðu verið um flutning dagskrár og frétta, og gerði till. um nýjar, ef nauðsynlegt yrði talið, þannig að hægt væri að gera ráð fyrir því, að frá og með tilteknum degi tækju gildi, ekki aðeins ný lög frá Alþ. um útvarpsreksturinn, heldur einnig nýjar reglugerðir og nýjar reglur um þá þætti útvarpsrekstrarins, sem nauðsynlegt er, að séu sem skýrastar reglur um, t. d. um flutning frétta og birtingu auglýsinga bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi. Þeir þremenningarnir, sem í n. völdust, unnu ágætt starf og mjög skjótlega, unnu í raun og veru hraðar en maður á að venjast af n., sem falið er vandasamt verk, og skiluðu fyrir fáeinum vikum frv. að nýjum útvarpsl. til ríkisstj. og jafnframt fullgerðum frumdrögum fyrir ríkisútvarpið, reglum um fréttaflutning útvarpsins og um birtingu auglýsinga í hljóðvarpi og sjónvarpi. Eru þessi reglugerðardrög og reglnadrög birt sem fskj. með þessu frv., til þess að hv. alþm. gefist kostur á að kynna sér út í æsar, hvernig menntmrn. hugsar sér að framkvæma þann lagabálk, sem hér er lagður fyrir hið háa Alþ. til meðferðar. Ef n. þingsins óska eftir því að koma á framfæri brtt. við ákvæði í reglugerð eða reglur um fréttaflutning eða birtingu auglýsinga, þá mun rn. að sjálfsögðu taka þær ábendingar til athugunar, þó að þm. geti að sjálfsögðu gert beinar till. við meðferð þingsins um breytingar á þessum skjölum.

Það er eingöngu lagafrv. sjálft, sem er til formlegrar meðferðar í Alþ., en ég endurtek, að rn. mun taka vinsamlega við öllum ábendingum, sem fram kunna að koma um breytingar á þessum plöggum. Einmitt í því skyni, að slíkt verði mögulegt, hefur verið ákveðið að birta það sem fskj. með sjálfu lagafrv. Frv. fylgir svo ítarleg grg., að ég sé ekki ástæðu til annars en að láta mér nægja að rekja helztu efnisbreytingar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Fyrst og fremst er hér um að ræða það, að öll gildandi lagaákvæði um útvarpsrekstur ríkisins eru samræmd og færð í einn lagabálk. Það er ekki um það að ræða, að gagngerðar breytingar séu gerðar á skipulagi útvarpsins, hlutverki þess eða stöðu í íslenzku þjóðfélagi. En öll gildandi ákvæði eru færð til einnar heildar, en þó gerðar breytingar á gildandi ákvæðum á nokkrum sviðum, og þeirra breytinga skal ég geta hér í sem stytztu máli.

Ríkisútvarpið er með þessu frv., ef að lögum verður, gert að sjálfstæðri stofnun í eign íslenzka ríkisins. Er þetta í samræmi við þá stefnu, sem ríkir yfirleitt varðandi reksturs útvarps og sjónvarps í nálægum löndum, að æskilegt er talið, að jafn áhrifamikil menningarstofnun og ríkisútvarp hlýtur að vera sé sem sjálfstæðust og sem minnst háð venjulegum sviptivindum þjóðmálanna, sem eiga með eðlilegum hætti rót sína að rekja til stjórnmálaátaka, eins og þau eru eðlileg og nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Þó ríkisútvarpið hljóti að sjálfsögðu að lúta yfirstjórn þess ríkisvalds, sem Alþ. kýs á hverjum tíma, þá er æskilegt, að útvarpið sé sem sjálfstæðast og geti tekið ákvarðanir án þess að vera í störfum sínum háð afskiptum ríkisvalds. Það er þessi stefna, sem undirstrikuð er og lögð áherzla á með því ákvæði í frv., að útvarpið skuli vera sjálfstæð stofnun í eign íslenzka ríkisins. Hér er í raun og veru fyrst og fremst um að ræða stefnumörkun en ekki lagabreytingu, sem hafi verulega grundvallarþýðingu í reynd fyrir réttarstöðu ríkisútvarpsins. En ég er n. sammála um, að æskilegt sé, að þetta komi skýrt fram — að til þess er ætlazt, að staða ríkisútvarpsins sé sem sjálfstæðust og óháðust pólitískum yfirmönnum sínum á hverjum tíma.

Þá er gert ráð fyrir því að ríkisútvarpið sjálft fái einkarétt á útvarpi, þann einkarétt, sem ríkisstj. hefur samkvæmt gildandi l. og er það skilgreint mun nánar en áður er gert, hvað í einkaréttinum felst. Þetta er í rauninni í samræmi við fyrsta atriðið, sem ég nefndi. Fyrst ríkisútvarpið er gert að sjálfstæðri stofnun í eign íslenzka ríkisins, þá er stofnuninni sjálfri falinn einkarétturinn en ekki ríkisstj.

Í gildandi lagaákvæðum eru ekki skýr ákvæði um það, hvert sé hlutverk ríkisútvarpsins, en slík ákvæði eru tekin upp í þetta frv., og vona ég, að ekki þurfi að koma til ágreinings um það, hvort hlutverk ríkisútvarpsins sé vel og skilmerkilega og skynsamlega afmarkað í ákvæðum frv.

Þá eru gerðar nokkrar breyt. á varðandi kjör útvarpsráðs. Eftir sem áður á það að vera kjörið til 4 ára, og í því eiga sæti 7 menn kjörnir af Alþ., eins og nú á sér stað. Samkvæmt gildandi l., þá er hverju nýkjörnu Alþ. ætlað að kjósa útvarpsráð. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því, að útvarpsráð sé kosið til 4 ára og sitji út 4 ára tímabilið, jafnvel þó að kosningar eigi sér stað á starfstíma útvarpsráðsins, og þær kosningar hafi í för með sér breyttan pólitískan meiri hl. á Alþ.

Ríkisstj. taldi rétt að flytja frv., eins og n. gekk frá því, og þar á meðal að hafa þetta ákvæði í frv., eins og n. hafði óskað eftir, að það væri. En ég vildi vekja athygli hv. alþm. og þá sérstaklega þeirrar n., sem fær málið til meðferðar, væntanlega hv. menntmn., á þessu ákvæði. Hér er í raun og veru um að ræða eina ákvæðið, sem ég persónulega hef ekki gert upp endanlega afstöðu mína til. Mér sýnist margt benda til þess,

að æskilegt gæti verið að halda því skipulagi, sem nú er varðandi þetta efni, þó að ég skilji hins vegar vel það sjónarmið, sem fyrir nm. hefur vakað með brtt., en það er að koma sem mestri festu á störf útvarpsráðs. Hins vegar er því ekki að leyna, að það eru líka veigamikil rök, sem liggja til þeirrar skipunar, sem nú er á um þetta efni, að nýkjörinn meiri hl. á Alþ. skuli eiga kost á því að kjósa stjórn jafn veigamikillar stofnunar og ríkisútvarpið er. Það gæti haft í för með sér óþægindi fyrir báða aðila, bæði fyrir yfirstjórn ríkisútvarpsins, þ. e. a. s. yfirstjórn dagskrár þess, útvarpsráðið, annars vegar, og fyrir nýja ríkisstj. hins vegar, ef ólíkur pólitískur meiri hl. stendur að baki hvorri stofnuninni um sig. Sérstaklega vildi ég benda á, að það getur verið óþægilegt fyrir formann útvarpsráðs, sem skipaður hefur verið af menntmrh., sem kann að vera kominn frá völdum, ef hann á að halda sæti sínu, eftir að nýr menntmrh. er kominn til valda, sem tilheyrir öðrum pólitískum meiri hl. á Alþ. en sá, sem áður var skipaður. Ég geri mér algerlega ljósa kosti og galla hvors kerfisins um sig, og skal á þessu stigi ekki láta í ljósi endanlega skoðun mína á þessu atriði. Ég veit, að um þetta getur mönnum sýnst sitt hverjum, og fer sá ágreiningur áreiðanlega ekki eftir skipun manna í flokka, heldur mótast af öðrum ástæðum. En ég vildi beina því til hv. n., að hún ræði þetta atriði sérstaklega, og er fyrir mitt leyti fús til viðræðna við n. um þetta atriði eins og raunar frv. allt, ef n. kynni að óska eftir því. Hins vegar er það tvímælalaust til bóta, að nú er gert ráð fyrir að lögfesta, að ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni séu endanlegar. Þetta er eitt með öðru, sem bendir í þá átt, að með þessum nýju l. yrði stefnt að því að gera útvarpið enn þá óháðara og enn þá sjálfstæðara en það hefur verið fram til þessa.

Þá eru enn fremur sett ákvæði, sem ekki eru í gildandi l. um skipulag ríkisútvarpsins, og komið á fót framkvæmdastjórn innan stofnunarinnar. Í reynd hefur slíkri framkvæmdastjórn verið komið á með reglugerðarbreytingu og skipun starfsmanna í embætti, en fullkomlega eðlilegt er að setja um þetta skýr ákvæði í væntanleg útvarpslög sjálf.

Þá er að geta um það ákvæði, sem kannske er merkasta nýmælið í frv., en það er, að gert er ráð fyrir, að 5% afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps renni í framkvæmdasjóð til þess að tryggja stofnuninni viðunandi húsnæði og húsakost. Því er ekki að leyna, að ríkisútvarpið í heild, bæði hljóðvarp og sjónvarp, hafa átt við húsnæðisvandræði að stríða. Vöxtur stofnunarinnar og starfsemi hennar hefur verið svo gífurlegur, að erfitt hefði verið að sjá fyrir húsnæði, sem væri við hæfi, ef miðað er við þann gífurlega vöxt rekstrar, sem átt hefur sér stað. Það hefur aldrei tekizt að afla fjár til byggingar yfir ríkisútvarpið, vegna þess að ríkisstj. hver á fætur annarri hafa hikað við að hækka afnotagjöldin í þeim mæli, sem nauðsynlegt væri, til þess að unnt væri að byggja yfir ríkisútvarpið jafnmyndarlega og æskilegt væri. Hér er hins vegar lagt til, að lögákveðið verði, að 5% afnotagjaldanna af bæði hljóðvarpi og sjónvarpi skuli renna í framkvæmdasjóð til þess að byggja yfir þessa mikilvægu stofnun. Ég vil taka það skýrt fram þegar við þessa 1. umr., að ef þetta lagaákvæði yrði samþ., mundi í því felast fyrirmæli Alþ. um að hækka afnotagjöld af útvarpi og sjónvarpi um 5%, það, sem þessu nemur, þar eð ekki er hægt að draga úr rekstrarfé ríkisútvarpsins vegna þessa ákvæðis og minnka rekstrarfé þess þannig um 5% til þess að leggja í framkvæmdasjóð. Ég vildi, að það kæmi alveg skýrt fram, hvað ég teldi í samþykkt þessa ákvæðis frv. felast.

Þá eru gerðar veigamiklar breytingar til hagræðingar á innheimtu afnotagjalda fyrir sjónvarp og ákveðið að ríkisútvarpið skuli fá lögveð í sérhverju sjónvarpstæki og innheimtustjóri fá fógetavald. Hér er tvímælalaust um bætta stjórnhætti að ræða, sem munu leiða til sparnaðar og auka raunverulegar tekjur ríkisútvarpsins. Þá er felld niður umdeild heimild starfsmanna ríkisútvarpsins til þess að fara inn á heimili manna til eftirlits með útvarpsnotum. Þessi heimild, sem er í gildandi lögum, hefur sársjaldan verið notuð, og hvorki yfirmenn útvarpsins né rn. hafa talið rétt að beita henni nema í ýtrustu neyðartilfellum, ef svo mætti segja. Þessi heimild hefur verið mjög gagnrýnd, og nú er talið rétt að fella hana niður.

Síðasta nýmælið, sem í frv. er og ég vil segja, að sé annað merkasta nýmælið í þessum frv.-bálki, er, að sett eru í frv. ákvæði um ábyrgð á útvarpsefni, en hingað til hafa engin ákvæði verið í gildandi l. um það, hver beri ábyrgð á því efni, sem útvarpið flytur, ef t. d. reynist vera um meiðyrði að ræða, villandi upplýsingar, sem geta valdið fjárhagsábyrgð eða því um líkt. Þetta atriði er mjög vandmeðfarið í löggjöf. Ýmis nágrannalönd hafa sett lagaákvæði um þetta efni, t. d. Svíar, og ég tel það vera til mikilla bóta, að ýtarleg ákvæði skulu um þetta efni sett hér í heilum kafla frv., IV. kaflanum.

Herra forseti. Ég get látið þessi orð nægja sem framsöguræðu fyrir þessu frv. til útvarpslaga. Ég á ekki von á því, að í því felist ákvæði, sem séu líkleg til þess að valda neinum verulegum deilum hér á hinu háa Alþ. Ég vona, að allir flokkar telji það orðið tímabært að setja heildarlöggjöf um jafn víðtækan rekstur og rekstur hljóðvarps og sjónvarps er orðinn í íslenzku þjóðfélagi. Þetta frv. hefur verið unnið mjög vandlega. Að baki því liggur mjög vandaður undirbúningur, og ég vona, að það auðveldi hv. þm. að átta sig á málinu frá öllum hliðum, að hugsanleg reglugerð og hugsanlegar reglur um fréttaflutning og birtingu auglýsinga eru birtar sem fskj. með þessu frv.

Að svo mæltu leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hætta mér langt út í umr. í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., enda hefur ekki verið mikill tími til þess að setja sig inn í málið, þar sem því var útbýtt hér í gær. Ég vil segja það í sambandi við undirbúning þessa frv., að ég efast ekkert um það, að þeir menn, sem þar hafa unnið að, hafi unnið sitt

verk vel, en takmarkaður hópur manna er það, þar sem í þriggja manna n. er útvarpsstjóri og formaður útvarpsráðs, sem eru nánustu forsvarsmenn stofnunarinnar og þriðji maðurinn mjög mætur fyrrv. hæstaréttardómari. En valdsvið eða hugsanasvið þessara manna er þar af leiðandi ekki mikið. Ég hefði talið, að það hefði verið heppilegra, að sjónarmið fleiri manna hefðu komið þar að heldur en þarna hefur átt sér stað.

Það, sem mig langaði til að víkja að, er í sambandi við fjármál ríkisútvarpsins, sem ég ætla ekki að fara langt út í að þessu sinni, en aðeins lýsa minu viðhorfi til þess. Það hefur verið nokkuð uppi umr. um það, hvort afla eigi tekna til ríkisútvarpsins með nefskatti eða á þann hátt, sem gert hefur verið. Þetta mál hefur verið, að ég held, nokkuð athugað, þó að ég hafi a. m. k. ekki hér neinar heildarniðurstöður í því. Hins vegar er mér það ljóst, að útvarpsmenn eru á móti því að taka upp nefskatt og láta almenna innheimtu ríkisins hafa á hendi innheimtu á tekjustofni þess. En ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst það orka mjög tvímælis, hvort á að fylgja því formi, sem nú er fylgt í sambandi við innheimtu á útvarpsgjöldum. Mér finnst það t. d. eðlilegt, að þegar ég er búinn að greiða afnotagjöld fyrir útvarp, þá megi ég hlusta á það, hvort sem það er heima á minu heimili eða úti í bíl minum. Ég álít, að ég eigi ekki að greiða sérstakt gjald fyrir það, þó að ég geti ekki notið þess að hlusta á útvarpið heima í minni stofu, vegna þess að ég þarf að vera á ferðalagi. Það er ekki réttmætt, þó að útvarpið hafi komizt upp með það og haldi enn þá þeirri reglu, að láta sama aðilann greiða gjöld mörgum sinnum, af því að hann hefur ekki aðstöðu til þess að hlusta á útvarpið á sínu heimili. Sama er að segja um bátinn eða beitingarskúrinn. Ef þetta er sá aðili, sem greiddi gjaldið heima, þá á hann að njóta þess að fá að hlýða á útvarpið, þó að hann verði að hreyfa sig til. Ég er því ekki búinn að tileinka mér þá skoðun, að það sé réttmætt nú, þegar við förum að endurskoða þessa löggjöf, að fylgja þessari sömu reglu þar um, sem við höfum áður gert og sætt hefur verulegri og réttmætri gagnrýni. Ég er heldur ekki búinn að átta mig á því, en skal viðurkenna það, að ég hef haft mjög lítinn tíma til þess að setja mig inn í málið, að innheimtustjóri eigi að hafa lögtaksvald. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkisútvarpið geti beðið um lögtaksúrskurð vegna innheimtunnar hjá þeim, sem með þann rétt fara, en þurfi ekki að löggilda þá sjálfa til þess að framkvæma þetta og gera það með því, að þegar mánuður er liðinn frá gjalddaga, þá geti þeir heima í sinni stofnun úrskurðað lögtak hjá öllum útvarpsnotendum, án þess að hafa um það meiri háttar framkvæmd. Ég fæ ekki skilið, af hverju það er ekki hægt að snúa sér til sýslumanna og bæjarfógeta á viðkomandi stöðum til að fá þessa lögtaksúrskurði.

Ég verð því að segja það, að ég mundi a. m. k. vilja kynna mér þennan kafla um fjármál ríkisútvarpsins betur, áður en ég get fallizt á réttmæti hans. Ég harma það í raun og veru, að þegar þessi löggjöf er endurskoðuð, þá skuli vera tekið svo einhliða sjónarmið ríkisútvarpsins, eins og hér er gert, og þykist sjá að það sé vegna þess, hvernig athugunin er framkvæmd, og hvað sá hringur er þröngur, sem þar er fylgt.

Ég skal svo ekki við þessa umr. segja um þetta fleiri orð. En ég vil endurtaka það, að ég tel, að það sé réttmætt að taka til athugunar þær mörgu óskir og mörgu kröfur, sem hafa komið fram um það að breyta innheimtuaðferð ríkisútvarpsins og m. a. að vera ekki að innheimta frá sama aðila útvarpsgjald oft og mörgum sinnum, þó að hann verði vegna starfs síns eða af öðrum ástæðum að hreyfa sig frá sínu heimili.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Aths. hv. 3. þm. Vesturl. eru flestar um mál, sem eru kunn og hafa verið rædd lengi. Ég skal taka undir það með honum, að ég vænti þess, að þetta mál fái það ítarlega meðferð hér á þingi, að þm. geti, áður en yfir lýkur, verið ánægðir með það, að þeir hafi fengið nógan tíma til þess að íhuga það vandlega.

Það má sjálfsagt deila um, hvort á að hafa fámennar eða fjölmennar nefndir, sem semja lagafrv. Í þessu tilfelli var valin n., sem ekki var fjölmenn, en hafði þó allmikla reynslu af þessum málum.

Út af þremur einstökum atriðum, sem hv. þm. nefndi, vil ég aðeins segja örfá orð á þessu stigi.

Deilan um það, hvort gera eigi útvarpsgjaldið að nefskatti, hefur staðið í mörg ár, og það hafa verið skipaðar margar nefndir, sem hafa farið ítarlega ofan í þetta mál. Í þeim n. hafa ekki eingöngu verið menn frá ríkisútvarpinu sem stofnun, heldur hygg ég, að meiri hl. þeirra, sem um hafa fjallað, hafi verið utan útvarpsins. Niðurstaðan hefur alltaf orðið sú, að vankantar á því að gera útvarpsgjaldið að nefskatti, hafa reynzt vera svo miklir, að menn hafa horfið frá því við nánari athugun og íhugun. Ég vil nefna það sem dæmi, að verði hljóðvarpsgjald í bílum fellt niður, þá falla niður milli 12 og 15 þús. afnotagjöld. Ríkisútvarpið er eins og ríkissjóður, sem hv. þm. þekkir mjög vel, og verður að fá nokkurn veginn fyrir vissum útgjöldum. Það yrði því að innheimta þessi gjöld af öðrum. Nú er það svo,að ef gjaldið ætti að verða nefskattur, mundi það geta komið mjög þungt niður á þeim fjölskyldum, þar sem er margt fullorðið fólk, t. d. fleira fólk á þeim aldri, sem borgar tryggingagjald, sem oft er nú við miðað, heldur en hjón. Það getur því farið svo, að bíleigendur losnuðu við að borga sérstakt útvarpsgjald, en að öllum líkindum yrði það yngsta fólkið, skólanemendur og aðrir, sem eru að byrja að vinna, sem búa á öðrum heimilum en sínum eigin, oftast nær foreldraheimilum, og á hinn bóginn eldra fólkið, sem yrði fyrir barðinu á þessu. Og þessi tilfærsla á gjöldum frá bílaeigendum, sem eru nú yfirleitt fjárhagslega stæðustu borgarar í landinu, til annarra óvissra, er mjög vafasöm frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Eins er það, að heimili, sem hafa fleira fólk á aldrinum yfir 16 ára, gætu farið mjög illa út úr þessari breytingu og fengið margfalt útvarpsgjald til greiðslu. Þetta eru þau atriði, sem hafa hrætt margar nefndir frá því að taka upp þessa breytingu.

Hins vegar vil ég benda hv. þm. á það, sem hann mun taka eftir, þegar honum gefst tóm til að skoða frv. betur, að í 15. gr. þess er heimild til þess, að með reglugerð megi sameina hljóðvarps- og sjónvarpsgjald í eitt gjald. Þetta þýðir að vísu ekki, að það verði gert að nefgjaldi, en þetta skapar möguleika til þess að gera þessi gjöld einfaldari í meðförum og halda þeim niðri, eins og hægt er.

Það kann að koma mönnum spánskt fyrir sjónir að hafa innheimtustjóra útvarpsins löglærðan mann og láta hann fá fógetavald á takmörkuðu sviði. Nú er talað um, að við lifum á tímum hagræðingar, viljum spara skrifstofustarfsemi og ýmislegt annað. Hér er um að ræða innheimtu á 50—60 þús. hljóðvarpsgjöldum og 35 þús. sjónvarpsgjöldum. Gæti farið svo, að í reynd væri verið að spara mjög mikla vinnu, enda er þetta ekki nýtt, því að menn hafa komið auga á þennan möguleika fyrir alllöngu, og núv. innheimtustjóri útvarpsins, sem er lögfræðingur, hefur fengið löggildingu samkv. 33. gr. l. nr. 85 1936 sem fulltrúi við embætti borgarfógeta í Reykjavík, bæjarfógeta í Kópavogskaupstað, bæjarfógeta Hafnarfjarðar, sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeta í Keflavík. Hefur hann samkv. því heimild til að framkvæma lögtök fyrir afnotagjöldunum í þessum lögsagnarumdæmum. Þetta ákvæði er sem sagt komið til framkvæmda samkv. gildandi l. á svæðum, þar sem liðlega helmingur þjóðarinnar býr, og er því ekki um eins mikið nýmæli að ræða og ætla mætti við fyrstu sýn.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þessu frv. til nýrra útvarpslaga, sem hér liggur fyrir, var útbýtt að mig minnir í gær, og er nú komið til umr. hér í hv. d. Ég vil láta í ljósi þá von, að þetta tákni ekki það, að það eigi að stuðla að því, að þetta frv. verði afgreitt með hraði hér á Alþ., eins og stundum hefur átt sér stað um vandasöm mál flutt af hæstv. ríkisstj., því að reynslan sýnir, að slíkt er ekki vænlegt til góðrar úrlausnar.

Það eru aðeins örfá orð, sem ég ætla að segja um þetta að öðru leyti. Það stendur í 1. gr. frv., að ríkisútvarpið eigi að vera sjálfstæð stofnun, í eign íslenzka ríkisins. Ég hefði nú kosið, að í grg. frv. og í framsöguræðu hefði því verið nánar lýst, hvað átt er við með þessum orðum „sjálfstæð stofnun". Sjálfstæðið hlýtur eftir eðli málsins að verða nokkuð takmarkað, t. d. mun varla verða komið í veg fyrir það, þó að þetta frv. verði að lögum, að síðar verði gerð á Alþ. breyting á þeim l., ef mönnum sýnist svo.

En í sambandi við þetta ákvæði um sjálfstæðið, langar mig til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. menntmrh. og hjá hv. þm., sem hér talaði síðast og á sæti í undirbúningsnefndinni, hvort ekki hafi komið neitt til orða í þeirri n. að breyta eða setja ákvæði um kjörgengi manna í útvarpsráð. Það er gert ráð fyrir, að Alþ. kjósi útvarpsráðið, eins og verið hefur, og mig langar til að spyrja um það, hvort ekki hafi komið fram neinar till. um kjörgengi manna í ráðið. En um þau atriði hefur nokkuð verið rætt manna á milli, að það þyrftu að vera einhverjar takmarkanir á kjörgengi manna í ráðið. Nú er ég ekki að láta í ljósi neina skoðun um það, að svo stöddu, hvað heppilegt sé í því efni, en mig langar til að spyrja um þetta, hvort það hafi ekki komið til orða, t. d. að ekki gætu átt sæti í útvarpsráði menn, sem taka mikinn þátt í deilum um opinber mál hér á landi og eru þar á öndverðum meiði.

Þá vildi ég spyrjast fyrir um það og óska svars við, ef það er til staðar, hvort orðið „tjáningarfrelsi" í 3. gr. frv., eigi að vera sömu merkingar og orðið skoðanafrelsi, sem er í núgildandi útvarpslögum.

Loks vil ég svo taka undir það, sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði hér áðan, að ég hefði kunnað betur við það, að ráðh. hefði ekki falið þessari ríkisstofnun, sem hér er um að ræða, að endurskoða l. um sjálfa sig á þann hátt, sem hér má segja, að gert hafi verið, þar sem meiri hl. n. eru yfirmenn úr sjálfu útvarpinu, en aðeins einn maður aðkominn. Ég er ekki viss um, að slíkt hafi áður verið talið heppilegt, en með því dreg ég ekki á neinn hátt í efa kunnugleika þessara manna á þessu efni, síður en svo. En mér finnst þetta vera réttmæt aths. hjá hv. 3. þm. Vesturl.

Ég er einn af þeim, sem hef talið athyglisverðar þær till., sem uppi hafa verið um að breyta innheimtu afnotagjaldanna, og þá fyrst og fremst í sparnaðarskyni. Mér hefur sýnzt, að það kynni að vera óþarft nú, að útvarpið sjálft ræki sérstaka stofnun til þess að annast þessa innheimtu, og að þessu mætti koma þannig fyrir, að innheimtumenn ríkisins önnuðust innheimtuna. En ég hef jafnframt látið mér skiljast, að til þess, að svo gæti orðið, þyrfti sennilega að breyta álagningu afnotagjaldanna, þannig að þau verði ekki lögð á alveg á sama hátt og nú er gert. Og ekki fæ ég nú séð, að það væri endilega nauðsynlegt, ef þarna væri um persónugjald að ræða, að leggja það á á sama hátt og almannatryggingagjaldið. Ég vil beina því til n. og taka undir það, sem hér hefur áður verið sagt, að hún athugi þessar till. gaumgæfilega, sem áður hafa verið uppi um breytingu á innheimtu gjaldsins, og þá fyrst og fremst þannig, að sparnaður mætti verða á þessum innheimturekstri. Sumar opinberar stofnanir eru farnar að fela bönkunum að hafa slíka starfsemi.

Um ákvæði frv., sem að því lúta að fela innheimtumanni útvarpsins fógetavald, þá verð ég að segja það, að mér brá nokkuð í brún, þegar ég sá þetta ákvæði, og fór að hugsa til ýmissa stofnana á vegum ríkisins, að þeim mundi þykja það hentugt við innheimtu, ef menn þeirra fengju fógetavald. Ég verð að svo stöddu að draga mjög í efa, að þetta sé fordæmi, sem rétt sé að gefa með löggjöf.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Út af aths. hv. 1. þm. Norðurl. e. um innheimtu, skal ég með ánægju fullvissa hann um, að ég mun, ef málinu verður vísað til þeirrar n., sem ég á sæti í, eins og lagt hefur verið til, leggja á það ríka áherzlu, að það verði athugað enn einu sinni mjög vandlega, hvort rétt er að gerbreyta innheimtukerfinu. Er þá fyrst fyrir að líta á athuganir, sem gerðar voru af fjölmennum nefndum fyrir einum

2—3 árum síðan og fara síðan yfir allt það mál. Ég er honum sammála um, að það er mikið áhugamál allra aðila, að innheimta hjá ríkisútvarpinu verði eins ódýr og hægt er að hafa hana. En eitt af því, sem fram hefur komið í mörgum athugunum á þessum málum og mér hefur verið frá sagt, er, að Gjaldheimtan í Reykjavík treysti sér ekki til að ábyrgjast sömu innheimtuprósentu og útvarpið fær sjálft fyrir sambærilegan kostnað.

Ég vil biðja menn at athuga vel fógetavaldið, sem þegar er komið á laggirnar, hvað snertir hálfa þjóðina, en ég vil benda á eitt atriði, sem er sérstakt varðandi sjónvarpstæki. Það er sama á hvaða sviði maður lendir í vanskilum. Ef það á að gera eitthvað upptækt hjá honum, þá er alltaf byrjað á sjónvarpstækinu. Þetta er af þeirri augljósu ástæðu, að það virðist vera það húsgagn, sem fólk vill sízt án vera. Í þessu felst ekki eingöngu það, að það sé verið að veita ríkisútvarpinu sérréttindi, heldur hitt, að því er þarna gefið tækifæri til að verja sjálft sig fyrir ásókn annarra.

Hv. þm. vildi fá frekari skýringar á því, hvað það þýddi að tala um, að ríkisútvarpið yrði sjálfstæð stofnun í eign íslenzka ríkisins. Ég hygg, að það hafi komið skýrt í ljós í ræðu hæstv. menntmrh. Að sjálfsögðu verður slík stofnun að lúta yfirstjórn ráðherra, hvað stjórnun og rekstur hennar snertir, en ástæðan til þess, að það er talað sérstaklega um sjálfstæði í slíkri stofnun, er, að hin pólitísku völd á hverjum tíma hafi ekki sams konar ráð yfir henni, hvað efni dagskrár snertir. Alþ. setur almennar reglur um efnisflutning ríkisútvarpsins, en það er á því sviði, sem sjálfstæðið á að koma fram. Þess vegna er því slegið föstu í þessu frv., sem hefur verið lagaregla, viðurkennd af þekktustu lögfræðingum okkar, t. d. Ólafi Jóhannessyni, að í reynd væri svo, að ríkisstj. gæti hlutazt til um ýmislegt varðandi fjármál og rekstur ríkisútvarpsins sem annarra stofnana, en ekki dagskrárefnið. Um þetta eru fyrirmyndir í nálægum löndum, sem við höfum lært mikið af, og satt að segja get ég játað, að orðalagið er mjög svipað því, sem notað er, t. d. um danska og norska útvarpið. Sænska útvarpið er aftur á móti hlutafélag með mjög sérstöku móti, og brezka útvarpið lýtur sérstökum l., en það mætti nefna fjöldamörg dæmi um þessa fyrirsögn.

Hv. þm. spurði, hvort orðið tjáningarfrelsi ætti að þýða það sama og skoðanafrelsi. Það er ekki alveg það sama. Við athugun fannst n., að ríkisútvarpinu kæmi við, hvort menn hefðu frelsi til að tjá sig eða ekki, en ekki hvaða skoðanir þeir hefðu. Ég veit ekki, hvort menn sjá muninn á þessu, en hann er samt sem áður fyrir hendi.

Að lokum vil ég nefna þá spurningu hv. þm., hvort fjallað hafi verið um kjörgengi í útvarpsráð. Það var sannarlega gert, og var mikið um það rætt. Á því eru ýmsar hliðar. Það var t. d. rætt um, hvort starfsmenn ríkisútvarpsins eigi að geta verið í útvarpsráði. Þetta er vandamál í mörgum opinberum fyrirtækjum, sem nú kemur víða upp, hvort sami maður getur verið undirmaður stjórnenda fyrirtækisins og líka yfirmaður þeirra. Hins vegar átti hv. þm. við þá gagnrýni, sem verið hefur á útvarpsráði fyrir að vera skipað mönnum, sem væru allt of nátengdir stjórnmálaflokkum. Það var athuguð löggjöf um skipan útvarpsráða í fjöldamörgum öðrum löndum, og það var líka farið vandlega yfir þær breytingar, sem hafa orðið á skipun útvarpsráðs hér á landi. Í öðrum löndum er algengast — og á þá við þau Vestur-Evrópulönd, sem eru okkur nálægust — að útvarpsráð eða sambærilegar stofnanir séu skipaðar ýmist af þjóðþingum eða ríkisstjórnum. Það eru enn örfá dæmi til um, að háskólum er ætlað að skipa einn og einn útvarpsráðsmann. Í hlutafélaginu, sem myndað var um sænska útvarpið, eru alþýðuhreyfingarnar aðili, samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin fyrst og fremst, og þar eru dagblöðin aðili. En þrátt fyrir þessa aðild, er öllu þannig fyrir komið, að það er sænska ríkisstjórnin, sem hefur töglin og hagldirnar. Hún hefur tryggt sér þar meiri hl. Í landi eins og Austurríki er þessu tvennu mjög blandað saman. Það eru að vísu mörg ráð, sem gegna því starfi, sem útvarpsráð hefur hér, og í einu valdamiklu dagskráratriði er beinlínis fyrirskipað, að svo og svo margir menn skuli vera pólitískir frá flokkunum, og svo og svo margir skuli ekki vera pólitískir, og það þýðir, að þeir mega ekki hafa verið á þingi, á fylkisþingi eða í bæjarstjórn, ég held í 5 ár, áður en þeir eru skipaðir í þetta embætti. Í Austurríki má maður, sem skipaður er útvarpsstjóri, ekki hafa verið alþm., fylkisþingmaður eða bæjarstjórnarmaður í 5 ár á undan, en þetta er nú næst hlutlausasta landið í allri álfunni, svo að það getur verið, að þeir gangi lengra en allir aðrir.

Ef litið er á okkar eigin reynslu í þessum málum, þá er rétt að minnast þess, að við byrjuðum á því að reyna að láta ýmsa aðila þjóðfélagsins skipa í útvarpsráð. Það voru teknir menn frá Háskólanum og svo 1930 var bætt inn fulltrúum frá kennurum og fulltrúa frá prestastéttinni, en þetta þótti ekki gefast vel. Hvar átti slíkt kerfi að enda? Hvaða stéttir og hópar úr þjóðfélaginu áttu að fá fulltrúa og hverjir ekki? Þetta kerfi var því afnumið 1934, á mjög eftirminnilegan hátt. Þá var tekið upp hér á landi það kerfi, að helmingur útvarpsráðsmanna, að oddamanni undanskildum, skyldi vera kosinn á Alþ. og hinn helmingurinn kosinn af hlustendum í beinum, almennum útvarpsráðskosningum. Vorið 1935 fóru slíkar kosningar fram hér, þannig að 10 þús. hlustendur gengu að kjörborðinu og kusu um 3 lista eftir spennandi kosningabaráttu. Síðan skipaði menntmrh. oddamanninn, sem var Sigfús Sigurhjartarson, og þetta 7 manna útvarpsráð sat síðan til 1939. En reynslan virðist hafa verið sú, að það var á mjög hljóðlátan hátt og eftir litlar umr. hér á Alþ. breytt þessu kerfi í það einfalda kerfi, sem við höfum haft síðan, að Alþ. skuli kjósa útvarpsráðsmenn alla. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, að þetta sé farsælasta skipunin og það þýði ekki að segja Alþ. fyrir verkum um, hvers konar menn það megi kjósa. Ég vona, að við lærum það með tímanum að finna menn og kjósa í þetta ráð, eins og önnur, sem þjóðin getur treyst og treystir.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá atriði, sem ég ætla að víkja að í sambandi við ræðu hv. 5. þm. Vesturl. Það eru ekki nýmæli fyrir mér, þó að ég heyri það hér úr ræðustóli, þegar talað er um innheimtu á sköttum eða öðru þvílíku, að stofnanirnar þurfi sitt, og það verður þá að mæta þessu á einhvern annan hátt. Út af fyrir sig er mér það fullkomlega ljóst, að ríkisútvarpið þarf sínar tekjur eins og aðrar stofnanir, og spurningin er aðeins um það, hvort þessi eða hin leiðin sé þá réttmætari til innheimtu. Nú hélt ég því ekki fram í minni ræðu hér áðan, að nefskatturinn væri endilega það, sem koma skyldi. Hins vegar fannst mér, eða réttara sagt varð ég fyrir vonbrigðum með það, þegar á að fara að setja nýja löggjöf um útvarpið, að þá skuli fylgt nákvæmlega þeirri reglu, sem nú gildir um útvarpsgjöldin. Ég veit ekki, hvort það er réttmætara en annað, nema síður sé, að láta sama aðilann þurfa að greiða útvarpsgjöld tvisvar, af því að hann þarf að hreyfa sig frá sínu heimili, eins og ég gat um áðan. Ég held, að þeim útvarpsmönnum sé það líka ljóst, að það eru mjög mikil brögð að því í sambandi við bílana, að þeir eru útvarpslausir, þegar þeir koma til skoðunar. Það er orðið afar auðvelt að hafa hreyfanleg tæki í bílum sínum og njóta útvarpsins, þó að það sé ekki þar, þegar farið er með bifreið til skoðunar, eins og nú er. Aðrir eiga ekkert við það að vera að taka útvarpstækin úr sínum bílum og greiða það heldur. Þess vegna er ég ekki sannfærður um það, að þetta sé réttlátara heldur en aðrar leiðir í þessu efni. Ég álít, að það sé órétt-látt, að maður þurfi að greiða oftar en einu sinni fyrir það að njóta þess að hlusta á útvarp og það eigi ekki að breyta því, þó að viðkomandi persóna þurfi að færa sig frá sínu heimili. Og ég álít, að það sé nauðsynlegt, að sú n. hér í hv. Alþ., sem um þetta fjallar, geri sér fullkomlega grein fyrir þessu og sjái almenn viðhorf í málinu, því það er brýn nauðsyn til þess nú í sambandi við endurskoðun á þessum málum.

Ég álít líka, að ríkisútvarpið hafi á síðari árum færzt mjög í aukana með kostnað við innheimtuna, og ég er ekki búinn að fá sannfæringu fyrir því, að þeir hafi valið þá leið, sem heppilegust eða ódýrust er. Ríkisútvarpið notaði áður þá leið að láta pósthúsin innheimta afnotagjöldin sem póstkröfur, en nú er það orðið þannig, að það eru sendar út tilkynningar, sem þeim eru sendar í póstávísunum aftur, og ef ekki er greitt fyrir ákveðinn tíma, þá er það sent til innheimtumanna. Það er mín skoðun, án þess að ég geti leitt að því rök að þessu sinni, að þetta sé dýrara heldur en sú aðferð, sem áður var notuð til innheimtu í gegnum pósthúsin. Ég held því, að kostnaður ríkisútvarpsins sjálfs færist í aukana við þessa innheimtuaðferð, sem þeir nota nú, og þurfi að taka hana mjög til endurskoðunar.

Ég álít, að grundvallarsjónarmiðið í þessu sé það, að ríkisútvarpið telji, að með því að breyta frá því formi, sem nú er, þá verði fjárhagslegt sjálfstæði þess ekki eins mikið og nú er. Þetta er ekkert óeðlileg skoðun frá sjónarmiði þeirra, sem þessum málum stjórna. Svo geta aðrir haft á því aðrar skoðanir og þær líka haft við rök að styðjast, en ég legg áherzlu á það, að einmitt í sambandi við athugun hv. Alþ. og þessarar hv. d. á málinu, verði þessi þáttur, fjármálin og innheimtan, tekinn til mjög gaumgæfilegrar athugunar og tel brýnni nauðsyn bera til þess en ella, vegna þess að frv. er fyrst og fremst samið af þeim útvarpsmönnum, þar sem þeir höfðu meiri hl. í n. þeirri, sem um málið fjallaði. Þess vegna treysti ég hv. d. til þess að athuga það mál mjög gaumgæfilega.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Mig langaði aðeins til að bæta örfáum orðum við þær umr., sem hér hafa fram farið um innheimtu afnotagjaldanna, og með hverjum hætti henni skuli hagað. Síðan ég tók við forstöðu menntmrn., hefur tvisvar sinnum á vegum þess verið efnt til mjög ítarlegra athugana á því, hvaða innheimtuform sé heppilegast á greiðslu afnotagjalda hljóðvarpsins. Báðar athuganirnar fóru fram, áður en sjónvarp kom til skjalanna, og ég veit ekki betur en í sambandi við flutning frv. um þetta mál í hv. Ed. fyrir skömmu, hafi einnig verið efnt til athugunar á því, hvaða fyrirkomulag í þessum efnum væri hentugast. Ég man vel niðurstöðu þeirra athugana, sem menntmrn. efndi til á sínum tíma, og hún varð sú í bæði skiptin, að nefskattur væri að ýmsu leyti ranglátur. Það mætti benda á mjög skýr dæmi þess, að nefskattur í stað gjalds fyrir ákveðið tæki, gæti komið mjög illa niður, og þá alveg sérstaklega á þeim, sem byggju í dreifbýli. Það voru fyrst og fremst forsvarsmenn dreifbýlisins, þ. e. a. s. menn, sem töldu sig vilja bera hag fólks þar fyrir brjósti, sem töldu að nefskattshugmyndin hefði þvílíka galla í för með sér, að hana ætti ekki að taka upp. Því fer ekki víðs fjarri, að útvarp hafi verið, þegar báðar athuganirnar voru gerðar, á svo að segja hverju heimili í þéttbýli, í kaupstöðum og kauptúnum, en mikill misbrestur var á, að útvarpstæki væri á hverju heimili í dreifbýli, svo að skiptingin hefði, svo að auðvelt var að sýna fram á miklu meiri fjölda manns, heldur en við höfum satt að segja áður haldið, að um væri að ræða, sem yrði að greiða nefskatt vegna afnotaréttar af hljóðvarpstæki, sem fólkið hafði alls ekki.

Meginsjónarmiðið varðandi bílaskattinn er það, sem hv. 5. þm. Vesturl. lét getið áðan, að menn hafi ekki treyst sér til þess að afnema skattinn á tækjunum í bifreiðunum vegna þess að þeim tekjum, sem þá töpuðust, hefði orðið að jafna niður á hljóðvarpsgjald allra annarra, og það er breyting, sem menn töldu bitna óþarflega hart á tekjulágu og gömlu fólki, en vera í þágu manna, sem augljóst væri, að væru meðal hinna tekjuhærri í þjóðfélaginu. Þetta er ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið efnt til þeirrar breytingar. En á síðustu árum er komið til atriði, sem var raunar meiningin með þessum fáu orðum að vekja athygli á, sem gerir rökin gegn nefskatti miklu sterkari en þau hafa nokkru sinni verið fyrr, burt séð frá þeim atriðum, sem hv. 5. þm. Vesturl. og ég höfum nú verið að nefna, en það er það, að engum dettur í hug að hægt sé að innheimta sjónvarpsafnotagjaldið sem nefgjald. Um það hefur engin till. komið fram, svo

að ég viti. Ástæðan er einfaldlega sú, að þó að sjónvarpið nái nú til um 85—90% landsmanna, eru samt sem áður svo mörg heimili enn, sem eru sjónvarpslaus, sérstaklega í dreifbýlinu, að augljóst ranglæti væri að ætla sér að innheimta sjónvarpsafnotagjaldið sem nefskatt. Þetta veldur því, að ríkisútvarpið þarf, hvort eð er, að hafa innheimtustarfsemi vegna sjónvarpsins. Það þarf að hafa spjaldskrá yfir alla sjónvarpsnotendur, og þá munar satt að segja mjög litlu í kostnaði, þó að sú spjaldskrá sé líka látin taka til hljóðvarpsnotenda. Sá kostnaðarauki eða sá sparnaður, sem útvarpið mundi geta efnt til með því að losna við innheimtu hljóðvarpsgjaldsins af hverju töldu tæki, yrði áreiðanlega ekki meiri en sá kostnaðarauki, sem hin almenna ríkisinnheimta skatta mundi verða fyrir við það að taka að sér innheimtu hljóðvarpsgjaldsins sem nefskatts. Þessi breyting, sem hefur verið að verða á málefnum útvarpsins undanfarin 2—3 ár með tilkomu sjónvarpsins, hefur eiginlega breytt þessu máli mjög verulega frá því, sem var fyrir 3—10 árum, þegar hvað eftir annað var rætt um þetta, svo að niðurstaðan hefur alltaf orðið sú, eins og oft hefur komið fram, að að vandlega athuguðu máli hefur nefskattsleiðin ekki verið talin í réttlætisátt. Hitt er annað mál, og ég fyrir mitt leyti skal síður en svo hafa á móti því, að þetta mál sé tekið enn einu sinni vandlega til athugunar hér á hinu háa Alþ. einmitt í sambandi við þetta frv. Ég tel, að það mundi hreinsa loftið, og ég er persónulega þeirrar skoðunar, að menn muni sannfærast um það við nánari athugun á málinu að nefskattur yrði ekki til bóta.

Það er sérstakt vandamál, sem hv. þm., Halldór E. Sigurðsson, hefur verið að vekja athygli á, og það er rétt hjá honum, að það er um tvísköttun að ræða á þeim, sem bæði hafa hljóðvarp á heimili sínu og í bifreið sinni. En rökin gegn því að breyta þessu eru þau, sem ég nefndi áðan, að hér er um að ræða viss tekjujöfnunarsjónarmið, sem núgildandi regla helgast af, og ég býst við því, að það muni verða niðurstaða hv. alþm. við grandskoðun á málinu, að það sé rétt að halda því tekjujöfnunarsjónarmiði, sem mótað hefur framkvæmdina fram að þessu. En ég endurtek, að ég tel það beinlínis æskilegt, að sú hv. þn., sem um málið fjallar, taki þetta mál enn einu sinni til rækilegrar skoðunar og láti þingheimi í ljós niðurstöður sínar í þessu efni.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég vil aðeins láta koma fram við þessa 1. umr. málsins afstöðu mína til þess atriðis, sem hæstv. menntmrh. var einmitt sérstaklega að ræða núna, en það er innheimta útvarpsgjaldanna. Ég hef fyrir nokkru komizt á þá skoðun, sem hér hefur komið fram, en sem ekki er fylgt í þessu frv., að innheimta útvarpsgjöldin sem nefskatt, og á ég þá við af hinu gamla útvarpi en ekki sjónvarpsgjöldin. Það gildir að sjálfsögðu, eins og hæstv. menntmrh. var að lýsa, annað um þau, enn þá a. m. k., en það kann að verða, að innan tíðar verði sjónvarpið orðið jafn almennt og útvarpið er orðið nú. Það er ekki vegna þess, að ég viðurkenni ekki, að það sé hægt að finna dæmi þess, að það væri ranglátt að innheimta útvarpsgjaldið sem nefskatt. Mér dettur ekki í hug að neita því. En ég hef fyrir löngu gert mér grein fyrir því í sambandi við skattamál, sem ég kannske hélt einu sinni að væri hægt, að hægt væri að beita fullkomnu réttlæti. Ég er búinn að sjá það fyrir löngu, að það er alger barnaskapur. Það, sem við þurfum að reyna í skattamálunum, er að framkvæma sem minnst ranglæti, og ég held, að við næðum þessu bezt með því nú orðið að gera þetta útvarpsgjald að nefskatti.

En þetta er ekki aðalatriði málsins, heldur hitt, að það hefur setzt meira og meira að í minni vitund, að þessi fjölbreytta skattheimta og aðferðirnar, sem notaðar eru, sé að vissu leyti mesti klækjaskóli, sem haldið er uppi í þjóðfélaginu. Ykkur kann að finnast þetta gróft orð, en ég vænti samt, að þið áttið ykkur á, hvað ég á við með þessu. Og einmitt það, að ég held, að það skipti mestu máli, að með því að færa innheimtu afnotagjalda útvarpstækjanna inn á hina venjulegu gjaldseðla sem nefskatt, þá sé komizt hjá öllu þessu, a. m. k. að mestu leyti, sem gefur tilefni til þess að reyna að komast fram hjá gjöldunum.

Ég var einmitt að renna hér augunum yfir 16. gr. — allar þær skyldur, sem lagðar eru á eigendur hljóðvarpsviðtækja, eins og það er nefnt. Það má segja, að það sé kannske ekki stórsaknæmt, sem þar er um að ræða, en það er ósköp hætt við, að þar verði mikið vanrækt. Það er þetta, sem ég vil vekja athygli á. Mér dettur ekki í hug að neita því, að það sé hægt að benda á dæmi þess, — og ég hef sjálfur komið auga á þau, er ég hef verið að velta þessu máli fyrir mér, að það geti komið dálítið illa niður og ósanngjarnlega, að mönnum virðist, með því að taka gjaldið sem nefskatt, en gallarnir, sem fylgja núverandi aðferð, eru að mínu viti margfaldir. Þess vegna vil ég mjög beina því til þeirrar n., sem fær þetta til athugunar, að athuga þennan þátt enn þá nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

6. Olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um olíuhreinsunarstöð á Íslandi [230. mál] (stjfrv., A. 623).

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Frv. þetta til l um olíuhreinsunarstöð á Íslandi er að efni til þannig, að ríkisstjórnin skuli beita sér fyrir því, að mynda eins konar undirbúnings-

félag, sem reki endahnútinn á athugun þess, hvort rétt sé að reisa olíuhreinsunarstöð hér á landi. Það má segja, að á s. l. ári hafi iðnmrn. látið þetta mál til sín taka, en hins vegar hefur verið unnið að því áður bæði af áhugaaðilum og einstaklingum, og stjórnvöld að vissu leyti staðið á bak við það líka. Hér í Alþ. hefur málið nokkrum sinnum borið á góma, og það hefur verið látinn uppi áhugi þm. á því, að þingið fylgist með því, hvað gerist í þessu máli. Af þeim sökum var útbýtt meðal þm. í maímánuði í fyrra grg. frá iðnrn. um framvindu málsins fram til þess tíma. Nú mætti spyrja, hvort ástæða væri til þess að mynda slíkt undirbúningsfélag sem hér er um að ræða, og hvort iðnrn. gæti ekki alveg eins haldið málinu áfram, unz að því kæmi að mynda raunverulegt félag um stofnun og rekstur olíuhreinsunarstöðvar. Sjálfur hef ég verið þeirrar skoðunar, að málið væri komið á það stig, að það gæti verið hentugt að mynda slíkt undirbúningsfélag. Það er dálítið erfitt að reka svona mál lengur en nú hefur verið gert af hálfu rn., og ég hef talið, að það væri nauðsynlegt að það kæmist á laggirnar einhver júridískur aðili eins og svona undirbúningsfélag til þess að annast síðustu samningagerð og síðustu athuganir á því, hvort ætti að reisa slíka olíuhreinsunarstöð í landinu. Þetta félag mundi kanna til enda hagkvæmni slíkrar stöðvar og annast samningagerð og þá ekki sízt í sambandi við kaup á jarðolíu og kanna, hvaða verð væri hægt að fá á henni, en það sker náttúrlega úr um, hvort slíkt fyrirtæki er hagkvæmt eða ekki. Það mætti segja, að þetta undirbúningsfélag gæti komizt að tveimur niðurstöðum, annarri neikvæðri um að það væri ekki hagkvæmt, eins og sakir standa, að mynda slíkt félag, hinni jákvæðri, en þá mundi framgangur málsins væntanlega verða sá, að þetta undirbúningsfélag legði drög að stofnun raunverulegs rekstrarfélags og stofnfélags olíuhreinsunarstöðvar og rynni inn í það. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé líklegt, að síðari kosturinn verði ofan á að það verði talið hagkvæmt og rétt að mynda slíkt fyrirtæki hér á landi.

Nú skal ég ekki eyða tíma þingsins, eins og nú er komið, með því að fara að rekja einstaka þætti þessa máls. Það, sem gerzt hefur í málinu, frá því að skýrsla var lögð fram hér í maí í fyrra, kemur fram í grg. frv. og í fylgiskj., sem því fylgja. Það er ekki gert ráð fyrir því af minni hálfu eða ríkisstjórnarinnar, að þetta frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi, heldur er það borið fram til þess að sýna, á hvaða stigi málið er, og hvaða upplýsingar liggja fyrir nú í rn. Ég tel, að það hafi töluverða þýðingu, að það sé gert, m. a. vegna hugsanlegra viðsemjenda erlendra, sem hafa verið við þetta mál tengdir og kunna að verða það, þó við vitum e. t. v. ekki um það í dag.

Hér er um töluverða nýjung að ræða af okkar hálfu, ef slíkt félag kæmist á laggirnar. Það gæti verið tengt öðrum efnaiðnaðarfyrirtækjum hér á landi, eins og ráða má af grg., sem því fylgir, og í heild verður náttúrlega að meta málið frá því sjónarmiði. Í fyrsta lagi, að öruggt sé, að olíuverð verði ekki hærra en það mundi verða, væri keypt annars staðar frá, og í öðru lagi, að olíuhreinsunarstöðin í heild sé þjóðhagslega hagnýtt fyrirtæki.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., þá er það ekki ætlun ríkisstjórnarinnar, að þetta frv. gangi fram á þessu þingi, heldur er það lagt fram til athugunar. Af þeim ástæðum sé ég ekki ástæðu til þess að ræða sérstaklega um efni þessa frv. að sinni, en vil aðeins segja nokkur orð um málið almennt.

Eins og fram kemur í grg. frv., hefur ríkisstjórnin látið vinna að athugun á því á undanförnum árum, hvort það mundi vera hagkvæmt að reka olíuhreinsunarstöð hér á landi, en eftir því, sem segir hér á 3. bls., þá hafa þær athuganir enn ekki leitt ótvírætt í ljós, hvort olíuhreinsunarstöð er ein út af fyrir sig hagkvæmt fyrirtæki eða ekki. Þess vegna er það till. ríkisstjórnarinnar, að unnið verði áfram að ath. málsins, og að það verði gert með þeim hætti, sem lagt er til í frv. Ég vil í tilefni af þessu láta það koma fram, að Framsfl. hefur jafnan verið því fylgjandi, að unnið yrði að athugun á því, hvort hagkvæmt væri að reisa slíkt fyrirtæki hér á landi, og ef niðurstaðan yrði sú, að það yrði talið hagkvæmt, þá yrði hafizt handa í samræmi við það. Flokkurinn er því að sjálfsögðu fylgjandi, að þeim athugunum á olíuhreinsunarmálinu, sem hefur verið haldið uppi á undanförnum árum, verði haldið áfram og það kannað til fulls, hvort hér sé um hagkvæmt fyrirtæki að ræða eða ekki.

Í sambandi við þá athugun, sem er framundan í þessum efnum, eða verður vonandi haldið áfram í þessum efnum, er sérstök ástæða til að leggja áherzlu á tvennt. Annað er það, að þeir valkostir, sem hér getur orðið um að ræða, verði athugaðir sem bezt og gerður á þeim samanburður. Mér skilst, að það hafi verið nokkur meiningamunur milli sérfræðinga, sem um þessi mál hafa fjallað, hvort það væri hagkvæmara að reisa hér litla olíuhreinsunarstöð, sem fyrst og fremst er miðuð við ísl. þarfir, eða hvort það væri rétt að reisa hér stærri olíuhreinsunarstöð, sem ekki væri eingöngu miðuð við þarfir Íslendinga, heldur væri reiknað með einhverju verulegu magni til útflutnings. Mér sýnist, að í þeirri grg., sem hér fylgir, sé að vissu leyti búið að taka ákvörðun um það, að það skuli frekar horfið að því ráði að reisa hér litla olíuhreinsunarstöð, en ég vil eigi að síður leggja áherzlu á það, þrátt fyrir þær upplýsingar, sem hér er að finna, að þetta mál verði rannsakað til hlítar, þ. e. a. s. að þessir tveir valkostir verði rannsakaðir, svo það liggi alveg ljóst fyrir við lok athugunarinnar, hvor kosturinn sé betri.

Annað atriði, sem ég tel rétt að leggja áherzlu á, er það, að við framtíðarathugun þessa máls verði ekki eingöngu leitað ráða hjá þeim aðilum, sem kunna að hafa áhuga á að koma hér upp slíku fyrirtæki eða eigi aðild að því að koma upp slíku fyrirtæki, heldur verði einnig leitað

um þetta álits óháðs aðila, og slíkur aðili fenginn til umsagnar um, hvað hann álítur rétt að leggja til í þessum efnum. Slík fyrirtæki erlend, sem framkvæma slíkar athuganir, eru ýmis til, án þess að ætla sér að eiga nokkra hlutdeild í viðkomandi fyrirtæki síðar meir. Mér skilst, að ríkisstjórnin hafi átt kost á slíkri athugun hjá erlendu fyrirtæki, en horfið frá því ráði að fá slíka umsögn. Það gæti að sjálfsögðu orðið mikið gagn fyrir málið og fengizt betri yfirsýn um það, ef slík óháð umsögn lægi fyrir. Það er á þessi tvö atriði, sem ég legg áherzlu í sambandi við framtíðarathugun á þessu máli, og tek það fram, eins og ég hef áður sagt, að Framsfl. er því hlynntur, að þetta mál verði rannsakað til fulls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

7. Námslán og námsstyrkir.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki [232. mál] (stjfrv., A. 646).

Á 81. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þetta frv. gerir þá eina breytingu á l. um námslán og námsstyrki að heimila, að nemendur í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri skuli eiga kost á lánum og styrkjum. Það er talið, að nemendur í framhaldsdeild Bændaskólans, sem munu vera milli 10—15 talsins, séu algerlega sambærilegir við þá í Tækniskóla Íslands, sem áður hafa fengið slík réttindi. Hér er um mjög litla breytingu að ræða, en þó mjög þýðingarmikla fyrir þessa fáu nemendur í Bændaskólanum, sem um er að ræða, og ég vil láta í ljós þá von, að þetta litla frv. geti fengið afgreiðslu, þó að það sé seint fram komið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 646, n. 675).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta felur í sér þá einu breytingu á gildandi l. um námslán og námsstyrki, að nemendur framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri bætist í hóp þeirra, sem geta fengið lán og styrki.

Á árinu 1968 var gerð breyting á þessari gr. og var þá nokkrum aðilum, þ. á m. nemendum Tækniskólans, bætt við. Er það skoðun þeirra, sem stjórna þessum málum, að framhaldsdeild Bændaskólans sé hliðstæð þessum aðilum, og þess vegna er þetta frv. fram komið. Hér getur fyrst um sinn í mesta lagi verið um að ræða 10—15 nemendur. Þar sem lýst hefur verið yfir, að fjárhagur þess sjóðs, sem lánin og styrkina veitir, sé í endurskoðun, má gera ráð fyrir því, að þetta hafi ekki alvarleg áhrif á úthlutun til annarra nemenda. Menntmn. mælir einróma með samþ. frv., nema hvað einn nm. var fjarverandi, þegar n. afgr. málið.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. n. hefur tekið fram, þá voru nm., sem mættir voru, einhuga um að mæla með þessu frv. En ég lét þess getið þá, og ég vil endurtaka það hér, að ég tel, að það þurfi að gefa því gætur, að með því að fjölga þeim nemendum, sem eiga að hafa rétt til námslána, þá leiðir af sjálfu sér, að það verður að hækka framlagið í heild, sem til þess fer í landinu. Þó að hér sé um lítilfjörlega fjölgun að ræða, þá er það samt fjölgun, og að öllu öðru óbreyttu þrengir það kosti þeirra, sem fyrir eru, ef ekki verður aukið framlagið til námslánanna. Það er alkunnugt, hversu bágborinn fjárhagur íslenzkra nemenda erlendis er, og höfum við verið ræki lega minntir á það á undanförnum dögum. En þetta frv. er ein röksemdin enn til viðbótar því, að hér verður að bæta úr. Ég vil auk þess minna á það, að fjárhagsmöguleikar nemenda hér innanlands eru sannarlega alvarlegir líka. Þessi vandamál eru samofin. Það er óneitanlega hart til þess að hugsa, að íslenzkir nemendur erlendis þurfi jafnvel að hætta námi vegna fjárskorts. En það er líka óviðunandi, að æskufólk, sem hyggur á framhaldsnám hér innanlands, verði jafnvel að neita sér um það af sömu ástæðu. Ég vil því nota þetta tækifæri til þess að hvetja hæstv. menntmrh. til þess að leggja sig fram um það að leita ráða fyrir næsta þing um lausn þessara vandamála beggja. Þau eru það alvarleg, að það er ekki hægt að una við þetta öllu lengur. Ég endurtek svo hitt, að ég er sammála nm. um að mæla með þessu frv. óbreyttu, eins og það er lagt fram.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið, var ég ekki á þeim nefndarfundi menntmn. Nd., sem fjallaði um þetta frv. Ég er í sjálfu sér samþykkur þeirri breytingu, sem í frv. felst. Hins vegar finnst mér vera ákaflega erfitt fyrir Alþ. að gera breyt. á l. um námslán og námsstyrki án þess að taka þar nokkurt tillit til þess alvarlega ástands, sem nú er í þeim málum, bæði hjá námsmönnum innanlands og Íslendingum, sem stunda nám erlendis. Námsmenn hafa verið að minna á þetta alvarlegra ástand nú að undanförnu á mjög eftirminnilegan hátt, og ég held, að við getum ekki afgr. þau vanbúnir með einhvers konar fordæmingu á aðferðum, sem okkur fellur ekki við — hér er um miklu alvarlegra mál að ræða. Það er undirrótin,

það er ástandið, sem veldur þessum mótmælum og við þurfum að skoða. Ég vil minna á það, að þegar l. um námslán og námsstyrki voru samþ. 1967, var ætlunin sú, að lánasjóðurinn ætti að tryggja námsmönnum svo miklar greiðslur árlega, að þær nægðu til viðbótar við þær tekjur, sem námsmaðurinn aflaði sér sjálfur. Í 2. gr. l. er þetta orðað svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkv. l. þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar."

Sem sagt: stefnan er sú, að sjóðurinn eigi að geta fullnægt þessu hlutverki. En orðalagið er svona almennt, „stefnt skal að því", og þá er að sjálfsögðu framkvæmdin í höndum ríkisstj. Þess vegna flyt ég hér ásamt hv. alþm., Þórarni Þórarinssyni, brtt. við það frv., sem hér liggur fyrir. Við leggjum til að á eftir 1. gr. l. komi ný gr. svohljóðandi:

2. gr. l. orðist svo:

„Stefnt skal að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkv. l. þessum nægi hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði, þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Skal ríkisstj. hlutast til um það, að gerð verði áætlun fyrir haustið 1970, sem feli í sér verulega aukningu á lánum og styrkjum til námsfólks, og verði það við það miðað, að frá og með námsárinu 1974—1975 verði unnt að fullnægja allri fjárþörf námsmanna umfram eigin tekjur þeirra."

Þarna er sem sagt lagt til, að þessi skuldbinding verði felld inn í l., og að hæstv. ríkisstj. verði falið að vinna þetta verk. Og eins og ég sagði áðan, er þarna ekki um að ræða neinn nýjan tilgang. Þessi tilgangur var í l. í upphafi, og það er aðeins verið að tímasetja þetta, einmitt í samræmi við þær óskir, sem námsmenn hafa borið fram og mér finnst vera fullkomlega eðlilegar. Þessi brtt. er síðbúin hjá mér, og ég vil biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 700) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 85., 88. og 89. fundi í Nd., 27., 28. og 29. apríl var frv. tekið til frh. 2. umr. (A. 646, n. 675, 700).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en brtt. barst á þskj. 718.

8. Seyðisfjarðarkaupstaður.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðarkaupstaðar [8. mál] (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Ed., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það fer að ýmsu leyti vel á því að hafa þetta frv. á dagskrá næst á eftir því máli, sem við ræddum hér á undan, en tilefni þessa frv. er, eins og í aths. þess segir, að sýslun. N.-Múlasýslu ákvað á fundi sínum 3. júlí s. l. að óska eftir því, að þessi sameining færi fram á Loðmundarfjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað, og bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samþ. þessa ósk hinn 11. ágúst s. l. Með hliðsjón af þessum tveimur samþykktum er frv. þetta flutt, þar sem íbúatala hreppsins er komin niður fyrir það, að gegnt verði þeim lagalegu skyldum, sem hreppar verða að gegna. Ég vænti því þess, að ágreiningur þurfi ekki að verða um þetta mál, og óska eftir því, að því verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 8, n. 143 og 146).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er að leggja Loðmundarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar. Loðmundarfjörður er nú að heita má í eyði. Það munu, að því er bezt er vitað, einungis tveir menn telja sig eiga þar lögheimili, og liggur þá auðvitað í augum uppi, að þar er ekki neinn grundvöllur fyrir sjálfstæðu sveitarfélagi. Þarf því að ráðstafa þessum hreppi eitthvað annað, leggja hann við annað sveitarfélag. Þetta vandamál var tekið fyrir á fundi í sýslunefnd Norður-Múlasýslu, sem haldinn var 3. júlí s. l. Þar var samþ. með shlj. atkv. svofelld ályktun, með leyfi forseta:

„Með því að Loðmundarfjarðarhreppur er nú orðinn allt of fámennur til að geta rækt þær skyldur við íbúa sína, sem sveitarfélagi ber að rækja, mælist sýslunefnd Norður-Múlasýslu til þess við félmrn., að gerðar verði ráðstafanir til að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi."

Skömmu síðar eða 11. ágúst s. l. samþykkir svo bæjarstjórn Seyðisfjarðar fyrir sitt leyti, að Loðmundarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður verði sameinaðir í eitt sveitarfélag, er beri nafn Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Þetta frv., sem er stjfrv., er því flutt hér í beinu framhaldi af þessum samþykktum, og það eru tilmæli Norður-Múlasýslu við félmrn., sem ráðuneytið hefur svarað með því að útbúa þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég tel alveg ljóst, þegar litið er á orðalag þessarar samþykktar sýslunefndarinnar, sem segir „að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi", þá hljóti sýslunefndin m. a. að hafa haft það í huga, að það gæti orðið Seyðisfjarðarkaupstaður, því að annars kostar hefði

samþykktin væntanlega hljóðað upp á að sameina hreppinn öðru hreppsfélagi. Vitanlega er hægt að hugsa sér það, að fleiri sveitarfélög komi til álita en Seyðisfjarðarkaupstaður til þess að taka við Loðmundarfjarðarhreppi. Af landfræðilegum ástæðum þar í sýslunni munu það þó einungis vera tvö hreppsfélög, þ. e. a. s. Seyðisfjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur. En eftir því, sem sýslumaður Norður-Múlasýslu og bæjarfógetinn á Seyðisfirði hefur upplýst, þegar rætt var við hann af hálfu n., þá hefur hann tekið það fram, að það væri enginn vilji fyrir hendi hjá þessum hreppum Norður-Múlasýslu til þess að taka við Loðmundarfjarðarhreppi, og engin andmæli eða till. hafa komið frá þessum hreppum til n., þannig að líta verður á þessa samþykkt sýslunefndarinnar sem fullnægjandi í því efni, að hún sé því ekki andvíg, að Loðmundarfjarðarhreppur sé sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað. Þegar líta á til þess, hvernig á að ráðstafa Loðmundarfjarðarhreppi, þá verður auðvitað að athuga, hvaða hreppsfélög eða sveitarfélög eru tilbúin til að taka við honum, og það liggur alveg ljóst fyrir, að Seyðisfjarðarkaupstaður er eina sveitarfélagið, sem reiðubúið er til þess. Hins vegar má segja, að sameining þessara tveggja sveitarfélaga sé að því leyti nokkuð óvenjuleg, að þau eiga ekki landamerki saman og það sé nokkuð óvenjulegt. Nú er það svo, að á meðan Loðmundarfjörður var í byggð, áttu þeir, sem þar bjuggu, viðskipti við Seyðisfjörð, og úr Loðmundarfirði lágu samgöngur á sjó og landi fyrst og fremst til Seyðisfjarðar. Ef Loðmundarfjörður byggist aftur, mundi sjálfsagt sami háttur verða hafður á. Milli þessara sveitarfélaga hafa því verið tengsl. Svo finnst mér líka einnig þurfa á það að líta, að Seyðisfjarðarhreppur, sem er þarna á milli, er mjög fámennur. Þar eru aðeins 47 íbúar, og ég lít nú svo á, að það sé aðeins hreint tímaspursmál, hvenær þessi hreppur verður tekinn og sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað, og þá er þetta allt orðið samfellt landssvæði.

Þessu máli var vísað til heilbr.- og félmn. N. náði ekki samstöðu um málið. Meiri hl. n., sem ég mæli hér fyrir, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og telur, að sýslunefndin hafi þegar tjáð sig til fulls um þetta mál og annarra kosta sé ekki völ en að sameina Loðmundarfjörð Seyðisfirði. Telur n. því algerlega óþarft að leita á ný umsagnar sýslunefndar um þetta mál, enda kemur hún sjálfsagt ekki saman fyrr en að vori, og það þýddi þá auðvitað, að þessu máli mundi naumast ljúka á þessu þingi. En meiri hl. n. leggur til, að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

Frsm. *minni* hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið, hefur heilbr.- og félmn. klofnað í þessu máli. Við hv. 1. þm. Vesturl. höfum skilað sérstöku nál., og ætla ég lítillega að ræða um okkar afstöðu til þessa frv.

Í frv. er lagt til, að Loðmundarfjarðarhreppur verði sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað, og vil ég vekja athygli á því, að um leið er m. a. stefnt að því að breyta á þessum slóðum mörkum lögsagnarumdæma. Ástæðan fyrir því, að óskir hafa komið fram um sameiningu þessa hrepps við annað sveitarfélag, er að sjálfsögðu sú, að þetta er mjög fámennt hreppsfélag, og verður því að telja út af fyrir sig eðlilegt, að til sameiningar verði gengið. Um það atriði, hygg ég, að sé ekki ágreiningur eða hafi ekki verið í n., að Loðmundarfjarðarhreppur sé svo fámennur orðinn, að það sé ekki nokkur leið að halda þar uppi sérstöku sveitarfélagi. En ágreiningurinn í n. er um það, hvort þessi hreppur eigi að falla úr tölu innan Norður-Múlasýslu og innlimast Seyðisfjarðarkaupstað án þess, að fyrir liggi umsögn sýslunefndar Norður-Múlasýslu um þessa ráðstöfun.

Í samþykkt sýslunefndarinnar frá 3. júlí 1969, sem lesin var hér upp áðan af frsm. meiri hl. n., er það tekið fram, að sýslunefndin óskar eftir því, að þetta sveitarfélag, Loðmundarfjarðarhreppur, verði sameinað öðru sveitarfélagi. En sýslunefndin hefur hvorki í þessari ályktun né annarri tekið fram, hvort það sé hennar vilji t. d., að Loðmundarfjörður með öllu, sem honum tilheyrir, innlimist í Seyðisfjarðarkaupstað og hverfi brott úr sýslunni. Það er nokkuð mikilvægt atriði, að okkar áliti í minni hl. n. Við teljum það óviðeigandi að ganga framhjá umsögn sýslunefndar um þetta atriði. Það hlýtur að vera viðurhlutamikið að breyta lögsagnarumdæmum, og sú meginröskun, sem verður, er þess eðlis, að það fer ekki hjá því, að það beri að leita álits þeirra aðila, sem við eiga að búa, áður en til slíkra stóraðgerða kemur. Það liggur hins vegar fyrir að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samþ. þessa breytingu af sinni hálfu. En eins og ég sagði áðan, vantar sams konar álitsgerð af hálfu sýslunefndar Norður-Múlasýslu, og okkur í minni hl. sýnist ekki liggja svo mikið á afgreiðslu þessa máls, að það sé ekki að skaðlausu hægt að bíða þess, að slíkt álit frá sýslunefnd Norður-Múlasýslu liggi fyrir, áður en kemur til samþykktar á þessu frv. Við teljum, að þegar um sameiningu hreppsfélaga er að ræða, sé rétt og skylt að fara að öllu með gát og veita eðlilegum umsagnaraðilum aðstöðu til að segja sitt álit um þær breytingar, sem á verða og hljóta að skipta verulegu máli. Við teljum enn fremur, að löggjafinn eigi alls ekki að vera að ráðskast með breytingar á umdæmaskipun án þess að kynna sér ítarlega vilja stjórnenda viðkomandi sveitarfélaga eða sýslufélaga. Þetta er í raun og veru meginþráður í áliti okkar í minni hl., og við héldum satt að segja, að það mætti bíða þess, að álits sýslunefndar væri leitað, það lægi ekki svo mikið á og veit ég ekki, hvað undir býr.

Þar sem ekki hefur fengizt fram innan nefndarinnar að verða við okkar ósk um það að leita álits sýslunefndar, þá þætti okkur rétt, að þetta mál, eins og það liggur fyrir og án frekari skýringa, yrði afgreitt héðan úr hv. d. með rökstuddri dagskrá. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa hina rökstuddu dagskrá. Hún er á þessa lund:

„Með því að eigi þykir rétt að stofna til þeirra breytinga á umdæmismörkum Norður-Múlasýslu, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, án þess að sýslunefndinni sé veittur kostur þess að tjá sig um efni gr., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé engin ástæða til þess að vefengja þá umsögn sýslumanns, að enginn hreppur í Norður-Múlasýslu — og reyndar koma þar nú ekki nema tveir til álita — hafi áhuga á því að taka við Loðmundarfirði, því að ef þeir hefðu skipt um skoðun frá því í sumar, þá hlytu þeir að hafa látið eitthvað frá sér heyra í sambandi við þetta mál. Gerum ráð fyrir, að þetta frv. væri sent til umsagnar sýslunefndar Norður-Múlasýslu. Ef maður í fyrsta lagi hugsaði sér, að hún væri frv. samþykk, þá mundi það ekki skapa neina breytingu. En ef sýslumaður væri þessu mótfallinn og menn vildu taka tillit til þeirra hugsanlegu mótmæla, þá sé ég ekki annað en málið væri komið í hreina sjálfheldu. Ekki getur sýslunefnd Norður-Múlasýslu skyldað neinn hrepp til þess að taka við Loðmundarfirði gegn vilja sínum, og ég veit ekki, hvernig þá ætti að fara, ef sýslunefndin væri þessu mótfallin, en enginn hreppur í Norður-Múlasýslu vildi taka við Loðmundarfirði. Við, sem meiri hl. skipum, teljum, að þetta frv. sé alveg innan marka þeirrar ályktunar, sem sýslunefnd Norður-Múlasýslu gerði, og sem var upphafið að þessari ráðstöfun, með því að heimila að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi. Sjálfsagt hefur sýslunm. verið fullkomlega ljóst, hvernig þau mál stæðu heima fyrir.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig að ræða þetta mál mikið. Það er náttúrlega fullljóst, hver eru meginatriði þess. Ég hef ekki séð þessa umsögn sýslumanns Norður-Múlasýslu, sem hv. frsm. meiri hl. er að tala um, en ég efast ekki um, að hann hafi hana rétt eftir. Ég veit ekki, hvort hún er úr bréfi eða símtali. Hins vegar hef ég átt tal við þennan kollega minn og spurt hann að því, hvort það hafi ekki verið hrein gleymska, að þeir skyldu ekki í sýslunefndinni 3. júlí, þegar þeir gáfu sína umsögn að öðru leyti, hafa tekið fram, hver væri þeirra vilji — hvort það væri ósk þeirra, að hreppurinn með öllu, sem honum tilheyrir, færi yfir til kaupstaðarins, ef hann héldist innan marka sýslunnar. Hann sagði, að þetta hefði verið hálfleiðinleg gleymska og hefði náttúrlega átt að taka þetta fram af hálfu sýslunefndar. Hér er alveg ákveðið prinsipmál.

Spurningin er því, hvort viðkomandi sýslunefnd á að fá tækifæri til þess að segja álit sitt, þegar breyta á í meginatriðum mörkum sýslunnar. Við í minni hl. teljum, að svo eigi að vera, og höldum okkur fast við það og teljum, að þessu máli liggi ekki meira á en svo, að það megi leita álits sýslunefndarinnar, jafnvel þurfi ekki að halda sýslufund um þetta. Ef n. hefði skrifað sýslumanni og óskað eftir því, að hann héldi aukafund eða næði tali af sýslunefndarmönnunum um þetta atriði, þá er ég viss um, að slíkt álit kæmi þegar.

Að öðru leyti þykir mér ekki rétt að vera að eyða tíma d., frekar en orðið er, í málið, og ég er viss um það, að hv. dm. er málið vel ljóst, þannig að óhætt er að ganga strax til atkvgr. Við í minni hl. leggjum kapp á það, að umsögn sýslunefndarinnar liggi fyrir og teljum það afgerandi og enga ástæðu til þess að ganga fram hjá sýslunefndinni að því leyti.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er eitt atriði í þessu máli, sem mig langar til að spyrja um og fá nákvæmar en mér fannst það koma fram. Hér er um spurningu að tefla um breytingu á mörkum sveitarfélaga. Nú held ég, að það sé alveg algild regla frá upphafi, að sveitarstjórnarumdæmi hafi verið samfelld. En mér sýnist og skilst af því, sem sagt var hér, að það sé með þessu frv. stefnt að því, að leggja land og hrepp undir kaupstað, en þó þannig, að á milli þess hrepps og kaupstaðar sé annar hreppur. Ég skal ekkert segja um það út af fyrir sig, hvort þetta er eðlilegt eða óeðlilegt. En ég held að það sé óhætt að segja, að þetta væri algert nýmæli í íslenzkri sveitarstjórnarlöggjöf. Ég vænti þess, að n. hafi íhugað þetta atriði og gert sér grein fyrir því, til hvers það mundi leiða, ef sveitarstjórnarumdæmi — við skulum segja eins og kaupstaðir — færu að afla sér svona ítaka hér og þar. Mér finnst, að þetta megi athuga, og ég heyrði ekki, að það kæmi neitt sérstaklega fram um þetta atriði. Ég efa það ekki, að n. hafi hugleitt það, og ég vildi gjarnan fá nánari grg. hennar um það, og hvort hún er þeirrar skoðunar, að það séu engir agnúar á því að taka upp nýja skipan að þessu leyti.

Nú vitum við það, því miður, að það eru fleiri sveitarfélög en þetta, sem eru fámenn. Og við vitum, að það er nú stefnt að sameiningu sveitarfélaga. En ég hef skilið þá stefnu, sem í því frv. er, þannig, að það ætti ekki að hverfa frá hinni eldri stefnu um það, að sveitarstjórnarumdæmin ættu að vera samfelld. Ef horfið er að þessu ráði, sem þarna er gert ráð fyrir, sýnist mér, að það gæti vel komið til greina, að það vildu aðrir fylgja á eftir því í svipað far, þegar svo stendur á, að það þarf að leggja niður fámennt sveitarfélag. Þegar svo stendur á, hefur það alltaf verið í mínum huga sjálfsögð regla, að það sveitarfélag ætti að leggjast til næsta sveitarfélags landfræðilega séð og alveg án tillits til þess, ef í eindaga er komið, hvað vilja um það efni líður, því að þá verður löggjafinn auðvitað að láta málið til sín taka.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af orðum hv. 1. þm. Norðurl. v., get ég verið honum í verulegum atriðum sammála, að það sé óeðlilegt, að sveitarfélag sé klofið sundur landfræðilega í tvennt eins og þetta nýja sveitarfélag, eða m. ö. o. að það séu sameinuð tvö sveitarfélög, sem eiga ekki landamörk saman. Að vísu eru kannske fleiri tilfelli á döfinni eins og Húsavík og Flatey á Skjálfanda, þó að auðvitað verði það ekki sambærilegt, af því að þar er um eyju að ræða. En það, sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á í sambandi við þetta tiltekna mál hér, er í fyrsta lagi, að það er ákaflega brýn nauðsyn að ráðstafa Loðmundarfjarðarhreppi, þar sem hann er að verða íbúalaus. Í öðru lagi, að þau hreppsfélög, sem eiga landamerki að honum, vilja ekki við honum taka. Það er auðvitað hugsanlegt, að

menn hefðu valið Seyðisfjörð, enda þótt nágrannahrepparnir hefðu sýnt meiri áhuga. En það, sem í mínum huga er nú aðalatriðið í þessu, er, að sá hreppur, sem þarna er á milli, Seyðisfjarðarhreppur, er mjög fámennur. Þar eru bara 47 íbúar, og ef þetta frv., sem nú liggur fyrir Alþ. um sameiningu sveitarfélaga, verður að lögum, sem við skulum ekki fullyrða fyrirfram, þá er tiltölulega einfaldur hlutur að sameina hreppinn Seyðisfjarðarkaupstað. Það er fyrst og fremst þess vegna, sem í mínum huga er, af því að ég tel, að innan tíðar muni þessi litli hreppur, sem þarna er á milli, sameinast Seyðisfjarðarkaupstað, og þá verði úr þessu bætt. Þannig að þetta yrði einungis tímabundið fyrirbrigði, að Loðmundarfjörður og Seyðisfjörður væru eitt sveitarfélag, en þó landfræðilega aðskilin, enda er ég í grundvallaratriðum sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um það, að slík framkvæmd sveitarstjórnarmála er með nýrri skipan og hefur ýmsa annmarka og er ekki til fyrirmyndar til frambúðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 28. fundi í Ed., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökstudd dagskrá á þskj. 143 felld með 8:7 atkv.

1. gr. samþ. með 8:3 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 8:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. visað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 33. fundi í Ed., 13. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 8, 215).

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég hef borið fram brtt. við þetta frv., sem er prentuð á þskj. 215, og vil ég leyfa mér með fáeinum orðum að gera grein fyrir efni hennar.

Það er vitað mál, að Loðmundarfjörður er orðinn svo fámenn byggð, að þar er ekki með eðlilegum hætti auðið að halda uppi þeirri starfsemi, sem í hverju sveitarfélagi ber að gera, og af þeim ástæðum mun frv. þetta vera fram komið. Hins vegar hefur engin þau atvik borið að á s. l. ári, sem geri það óumflýjanlegt að hraða afgreiðslu þessa máls. Það hefur verið um alllangt skeið að dragast saman byggð í þessu sveitarfélagi, og nú undanfarin ár, hafa þar einungis búið fáir menn.

Eins og lagt er til í þessu frv., er ekki einungis um það að ræða að stækka lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar, heldur felst í þessu, að færa Loðmundarfjörð eða það sveitarfélag, sem enn er þar til að lögum, milli lögsagnarumdæma, og af þeim ástæðum ber enn ríkari nauðsyn til þess en ella hefði verið, að sýslun. N.-Múlasýslu segði álit sitt um málið, eins og minni hl. heilbr.- og félmn. lagði til og gerði grein fyrir við 2. umr. þessa máls. Enn fremur kemur það til, sem bent var á við 2. umr. þessa máls, að verði þetta frv. samþ., þá verður land Seyðisfjarðarkaupstaðar ekki samfelld heild, heldur liggur Seyðisfjarðarhreppur á milli. Þetta mun vera, að ég ætla, alveg einsdæmi um skipan sveitarstjórnarumdæma, að land þeirra sé ekki samfelld heild, heldur eigi þau ítök úti á landsbyggðinni, í fjarlægð frá aðalstöðvum sveitarfélaganna. Þessar ástæður voru því valdandi, að ég greiddi atkv. með rökstuddri dagskrá, sem hér var lögð fram, og var til umr. við 2. umr. þessa máls. En það kom fram við atkvgr. eftir 2. umr., að meiri hluti hv. þingdeildarmanna, er því meðmæltur að afgreiða þetta mál nú, og má gera ráð fyrir, að lokaafgreiðsla þess fari þá fram hér í deildinni við þá atkvgr., sem fer fram eftir þessa umr.

Það kom fram við 2. umr. um málið, að þó að þetta væri óvenjulegt og óeðlilegt, að landsvæði sveitarfélaga væri ekki samliggjandi, þá mundi sú breyt. verða á innan skamms, að Seyðisfjarðarhreppur sameinaðist Seyðisfjarðarkaupstað og þar með mundi þetta landssvæði, eftir að sú breyting hefði orðið, verða ein heild. Það kemur fram í skýrslu frá framkvæmdan. Sameiningarn. sveitarfélaga, sem ég geri ráð fyrir að hv. heilbr.- og félmn. hafi haft með höndum og kynnt sér, að þessum sveitarfélögum, Seyðisfjarðarkaupstað, Seyðisfjarðarhreppi og Loðmundarfjarðarhreppi, er skipað í sérstakt athugunarsvæði í sambandi við framtíðarskipan sveitarfélaganna, og að þegar eru hafnar umræður milli þeirra um sameiningu. Það segir svo í þessari skýrslu, að fundur með stjórnum Seyðisfjarðarkaupstaðar og Seyðisfjarðarhrepps var haldinn 5. ágúst 1968. Fundinn sátu bæjarráð, bæjarstjóri og tveir af þremur hreppsnefndarmönnum hreppsins. Á fundinum var samþ. samhljóða ályktun um athugun á sameiningu sveitarfélaganna. Á fundinum ríkti um það einhugur, að til greina kæmi að leggja Loðmundarfjarðarhrepp til hins nýja sveitarfélags, ef myndað yrði. Þetta er ótvíræð bending um það, að þetta mál er þegar til athugunar heima í héraði, og mér hefði fundizt ástæða til að bíða með afgreiðslu þess, þangað til sú athugun er lengra komin, eða niðurstaða fengin um þær samningaumleitanir, sem fara fram um málið heima fyrir.

En þó að þetta mál verði nú afgreitt og Loðmundarfjörður sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað, þá haldast eftir sem áður ýmis vandamál, sem snerta þetta landsvæði, sem Loðmundarfirði tilheyrir. Koma þá helzt til fjallskil og refaveiðar. Að þessu er og vikið í þessu frv., en 2. gr. þess segir, að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skuli sjá um, að fjallskil verði framkvæmd á eyðilöndum í Loðmundarfirði. Og um grenjaleitir í Loðmundarfirði samkvæmt l. um það efni frá 1957. Nú hagar þannig til, að þeir, sem fjárvon eiga í löndum Loðmundarfjarðar, eru ekki íbúar Seyðisfjarðarkaupstaðar, og ekki heldur íbúar Seyðisfjarðarhrepps, heldur sveitarfélögin, sem eru hinum megin við fjallgarðinn, sérstaklega Borgarfjarðarhreppur, svo og Hjaltastaðahreppur og Eiðahreppur. Þetta vita þeir, sem kunnugir eru á þessu landsvæði, en þetta hefði heilbr.- og félmn. einnig getað kynnt sér með því að lesa skýrslu þá, sem ég var að vitna til áðan, því að í kaflanum um þetta athugunarsvæði í Seyðisfirði og Loðmundarfirði er það tekið fram, að sveitarfélögin séu hvert um sig

sérstök afréttarsvæði, Loðmundarfjarðarhreppur er smalaður úr Eiðahreppi, Borgarfjarðarhreppi og Hjaltastaðahreppi. Nú hefur okkur þm. Austurlandskjördæmis borizt sú vitneskja frá oddvitanum í Borgarfjarðarhreppi, að þeir telji ekki vel séð fyrir fjallskilum á þessu svæði, ef þau málefni verða lögð óskorað undir umsjá bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Seyðisfjarðarkaupstaður er að sjálfsögðu ekki landbúnaðarhérað, og er kannske eðlilegt, að áhugi bæjarstjórnarinnar þar beinist meira að þeim atvinnurekstri, sem stundaður er í kaupstaðnum, svo sem útgerð, iðnaði og verzlun. En hagsmunir í sambandi við fjallskil og refaveiðar snerta sérstaklega þá, sem fjár von eiga á þessum löndum í Loðmundarfirði. Nú voru á síðasta þingi sett ný og mjög ítarleg lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. En ég lít þannig á, að ef sett eru sérákvæði í sérstökum l. um Loðmundarfjörð, þá eigi og verði framkvæmdin að fara eftir þeim sérákvæðum, sem gilda um þann stað, en hin almennu ákvæði, um afréttarmálin og fjallskil víkja, að því leyti sem þann stað snertir. En í l. um afréttarmálefni og fjallskil segir svo:

„Hver sýsla er fjallskilaumdæmi, er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum, nema sýslun. hafi fallizt á aðra skiptingu. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu, sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir, og er sérstök fjallskiladeild innan þess. Sýslun. hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild."

Brtt. mín, þ. e. a. s. fyrri málsliður hennar er um það, að í stað þess, sem í frv. segir, að bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skuli sjá um, að fjallskil verði framkvæmd á eyðilöndum í Loðmundarfirði, þá verði ákvæðið þannig, að um fjallskil í Loðmundarfirði skuli gilda ákvæði l. nr. 42 1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. Ef ákvæðið yrði lögfest þannig, þá virðist mér, að það opnist möguleiki fyrir sýslunefnd N.-Múlasýslu að leggja Loðmundarfjörð til annarrar fjallskiladeildar en Seyðisfjarðarkaupstaðar, ef farið yrði eftir hinum almennu l. um afréttarmálefni og fjallskil. Þá gæti Loðmundarfjörður verið fjallskiladeild með Borgarfirði eða þeim sveitarfélögum, sem fjárvon eiga á þessu svæði, og þá mundu sveitarstjórnir þeirra hreppa fá meiri íhlutunarrétt um fjallskilin en ella væri.

Síðari málsliður brtt. minnar fjallar um það, í hvaða hlutföllum skuli greiða kostnað við fjallskil á þessu landsvæði. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þdm. hafi tekið eftir, að í grg. þessa frv. kemur það fram, að áhugi bæjarstjórnarinnar á Seyðisfirði fyrir þessari stækkun, sem hér er ráðgerð, er ekki meiri en svo, að hún setur fram sérstök skilyrði fyrir því að taka við Loðmundarfirði. Samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar eins og hún er birt í grg. er svohljóðandi:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkir fyrir sitt leyti, að Loðmundarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður verði sameinaðir í eitt sveitarfélag, er beri nafn Seyðisfjarðarkaupstaðar. Það er skilyrði bæjarstjórnar fyrir sameiningunni, að ríkissjóður greiði kostnað við fjallskil og grenjaleit í Loðmundarfirði a. m. k. næstu 5 ár."

Þetta tekur bæjarstjórnin fram sem skilyrði fyrir sameiningu.

Í hinum nýju l. um afréttarmálefni og fjallskil eru ákvæði um það, hvernig með skuli fara, þegar heilt sveitarfélag, eða sveitarhluti leggst í eyði. Þar segir svo:

„Nú fellur sveitarfélag, eða verulegur hluti þess úr byggð og skal þá viðkomandi sýslun. sjá um, að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við það skiptist þannig, að eigendur bera helming, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, ¼ og ríkið ¼. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikningana."

Í þessu frv. um stækkun lögsagnarumdæmis Seyðisfjarðar, er vikið frá þessum almennu ákvæðum um greiðslu kostnaðarins, þó ekki að því, sem til fjallskila tekur, sé ríkinu ætlað að greiða kostnað við þau að öllu leyti a. m. k. næstu 5 ár, eins og bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur óskað eða raunar krafizt, heldur er vikið frá þessum almennu ákvæðum í frv. á þann veg, að hlutur eigenda eyðijarðanna er gerður minni en hin almennu ákvæði mæla fyrir um, en hlutur þeirra, sem fjárvon eiga á landsvæðinu að sama skapi stærri. Það mun hafa verið mat rn., þegar þetta frv. var samið, að eigendum eyðijarðanna í Loðmundarfirði væri ekki kleift að bera þann kostnað, sem af fjallskilum leiddi, að svo miklum hluta, sem ákvæði hinna almennu l. mæla fyrir um. Og ég hygg, að þetta mat sé út af fyrir sig alveg rétt. Það eru, eins og ég gat um, mörg ár síðan byggð fór að dragast saman í Loðmundarfirði, og þeir, sem áttu þar jarðir, eru sumir fyrir löngu burt fluttir, og mér er ekki fyllilega kunnugt um, hvar þeir eru búsettir nærri allir, eða hvernig þeirra högum er háttað. Hitt sýnist mér óeðlilegt, að þegar vikið er frá hinum almennu ákvæðum um kostnaðarhlutföllin, sé það gert á þann hátt að þyngja byrðar þeirra, sem fjárvon eiga á landsvæðinu, umfram það, sem hinar almennu reglur í landinu segja til um. Mér finnst, ef nauðsyn ber til að létta fjárhagsbyrðar þeirra, sem lönd eiga á þessu svæði, þá sé eðlilegt og jafnvel skylt, að ríkið taki á sig þann hluta byrðanna, sem færður er á milli að þessu leyti.

Síðari málsl. brtt. minnar er því um það, að kostnaður við fjallskilin skuli skiptast þannig, að eigendur eyðijarða beri ¼, sveitarfélög þau, er fjárvon eiga í löndum þessum, sameiginlega ¼ og ríkið helming. Breytingin er einungis sú, að hlutur ríkisins er stækkaður, en hlutur sveitarfélaganna, sem fjárvon eiga, er gerður sambærilegur við það, sem hin almennu lög segja til um, að eigi að gilda annars staðar á landinu.

Ég skal nú ekki fara fleiri orðum um þessa brtt. Ég veit, að hér er ekki í sjálfu sér um neitt stórt þjóðmál að ræða. Ég tel þessa brtt. mína mjög eðlilega lagfæringu á frv., og vænti þess, að hún verði tekin til greina. Eigi að síður er afstaða mín til málsins í heild sú sama og kom fram við 2. umr. Ég sé ekki neinar ástæður til þess að hraða afgreiðslunni svo mjög, og tel eðlilegast, að þetta mál sé athugað til hlítar heima í héraði, áður en til lokaafgreiðslu kemur.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tel, að hv. 2. þm. Austf. hafi gert hér mjög skilmerkilega grein fyrir réttmæti þeirrar brtt., sem hann flytur við frv. við 3. umr. og ég lýsi því yfir, að ég skil þessa brtt.

Ástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var hins vegar ekki sú að lýsa afstöðu minni til þessarar till., heldur að leiðrétta ummæli, sem ég sjálfur viðhafði hér við 2. umr. þessa máls,en þá var ég frsm. fyrir meiri hl. heilbr.- og félmn. Við þessa umr. mun ég hafa getið þess, að Seyðisfjörður og Loðmundarfjörður væru aðskilin sveitarfélög, sem nú ættu að renna saman í eitt, ættu ekki landamerki saman og væru þess vegna landfræðilega sundurgreind, og þar væri annað sveitarfélag á milli þeirra. Ég vil nú ekki fullyrða, hvaðan við í n. höfðum þessar upplýsingar. Sjálfur hef ég aldrei komið til Seyðisfjarðar og þekki þar ekki staðhætti, og ég hygg, að aðrir nm. hafi verið staðháttum þarna lítið kunnugir. Nú hef ég hins vegar athugað þetta betur milli umr., því að við 2. umr. málsins bar þetta einmitt sérstaklega á góma, að það væri mjög óvenjulegt, að sveitarfélög væru ekki ein landfræðileg heild. Við þá athugun kom í ljós, að það, sem ég hafði sagt við þessar umr., var ekki rétt, því að Seyðisfjarðarkaupstaður og Loðmundarfjarðarhreppur eiga landamerki saman, þau landamerki liggja að vísu um fjallsbrúnir, þannig að það er ekki um samgöngur á landi milli þessara byggðarlaga að ræða yfir landamærin milli þeirra — samgöngurnar á landi hafa legið yfir Seyðisfjarðarhrepp. En það er staðreynd, að landamerki eiga þessi sveitarfélög saman, þó að þau séu í óbyggðum. En þó að við teldum nú þessi sveitarfélög landfræðilega aðgreind, þá töldum við rökin fyrir því að sameina þau það sterk, að við mæltum með þessu þrátt fyrir það. Nú hefur þessi mótbára að nokkru leyti fallið niður við þessa nánari athugun.

Hins er svo rétt að geta, af því að menn hafa hér minnzt á það sem einsdæmi, ef þetta kæmi fyrir, að eitt sveitarfélag væri ekki ein landfræðileg heild, að það er einmitt þessi umtalaði nágrannahreppur, Seyðisfjarðarhreppur, sem er undir þá sök seldur. Hann er ekki ein landfræðileg heild, heldur er hann algerlega klofinn. Hann liggur bæði norðan og sunnan Seyðisfjarðar, en lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar og land þess liggur alveg inn í botn fjarðarins og klýfur þennan hrepp algerlega sundur í tvennt. Það virðist því enn þá ríkari ástæða til þess, að þessi Seyðisfjarðarhreppur komist sem fyrst inn í þennan nýja og stækkandi Seyðisfjarðarkaupstað. En þetta vildi ég láta koma fram hér, af því að þessi ummæli mín við 2. umr. málsins voru ekki rétt. Ég vissi ekki betur þá. Ég veit betur núna. Út af þessu spunnust nokkrar umr. og ég tel þess vegna sjálfsagt, að þessi leiðrétting komi hér fram.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir með síðasta ræðumanni um það, að ég get fallizt efnislega á þá brtt., sem hér liggur fyrir. Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs voru hins vegar þau orð, sem hv. 2. þm. Austf. lét falla um það, að það væri óeðlilegt og einsdæmi, að sveitarfélag væri ekki ein samfelld heild. Ég var nú ekki með Seyðisfjarðarhrepp í huga, ég er með annað, sem er miklu, miklu nærtækara okkur en það. Það er Kópavogskaupstaður. Jörðin Lækjarbotnar tilheyrir Kópavogskaupstað, en er algerlega slitin úr tengslum við annað land þess sveitarfélags og lögsagnarumdæmis, Kópavogs, vegna jarðarkaupa fyrr á árum af hálfu Reykjavíkurborgar úr Seltjarnarneshreppi hinum forna og vegna laga, sem Alþ. sjálft samþykkti á sínum tíma vegna Heiðmerkurinnar, þannig að lögsagnarumdæmi Kópavogskaupstaðar er klofið í tvennt af þessum sökum. Ég vildi aðeins skjóta þessu hérna fram, það geta verið fleiri dæmi þessu lík, en ég var með þetta í huga, þannig að það er ekki einsdæmi, þó að einhvers staðar væri stofnað til þessa annars staðar á landinu, að svona hittist á.

ATKVGR.

Brtt. 215 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var frv. útbýtt frá Nd., eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 230).

Á 37. fundi í Nd., 15. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðustu árum hefur byggð svo að kalla lagzt niður í Loðmundarfjarðarhreppi, því að þar hefur aðeins dvalizt upp á síðkastið einn maður. Það er þess vegna augljóst, að það er ekki hægt að halda uppi venjulegu starfi hreppsnefndar, þegar svo er komið og jafnvel þó að ekki væri komið eins langt og hér er. Á aukafundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu, sem haldinn var 3. júlí 1969, var því samþ. með shlj. atkv. svofelld ályktun:

„Með því að Loðmundarfjarðarhreppur er nú orðinn allt of fámennur til að geta rækt þær skyldur við íbúa sína, sem sveitarfélaginu ber að rækja, mælist sýslunefnd Norður-Múlasýslu til þess við félmrn., að gerðar verði ráðstafanir til að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi."

Síðan samþykkti bæjarstjórn Seyðisfjarðar hinn 11. ágúst 1969 svohljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti, að Loðmundarfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarhreppur verði sameinaðir í eitt sveitarfélag, er beri nafn Seyðisfjarðarkaupstaðar."

Í 1. gr. frv. er þess vegna lagt til, að Loðmundarfjarðarhreppur verði lagður undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Seyðisfjarðarkaupstaðar. Efni annarrar gr. í frv. er raunar aðeins tvö atriði, annars vegar um kostnað við fjallskil, sem leiðir af þessari breytingu og hins vegar grenjaleitir í Loðmundarfjarðarhreppi, hvernig þær skuli greiðast og vísast til þessara gr.

Þetta frv. er komið frá Ed. og var þar samþ. Að vísu kom fram í fyrsta lagi till. um rökstudda dagskrá og síðan ein brtt., en rökst. dagskráin, sem þar var borin fram, fól í sér, að þessum breytingum á umdæmismörkum sveitarfélaganna yrði frestað, þar til sýslunefndin í N.-Múlasýslu

hefði tjáð sig um efni málsins betur en hún hefur gert áður, og sérstaklega að henni yrði gefinn kostur á að segja til um það, hvort heppilegra væri að Loðmundarfjarðarhreppur yrði sameinaður einhverju sveitarfélagi í sýslunni eða Seyðisfjarðarkaupstað. Hins vegar hafði sýslun., eins og ég sagði hér áðan, tjáð sig um það, að Loðmundarfjarðarhreppur yrði sameinaður öðru sveitarfélagi — það stendur nú sveitarfélagi, en það hefur farið svo, að till. er um sameiningu við Seyðisfjarðarkaupstað. Seyðisfjarðarkaupstaður og Loðmundarfjarðarhreppur eru nú svo nærri hvor öðrum, að það virðist eðlilegt, að sameiningin fari fram, eins og frv. leggur til. Þess vegna hefur þetta frv. verið borið fram af hálfu ríkisstj., eins og það er á þskj. 8. Rökstudda dagskráin var felld í Ed., en brtt. um skiptingu kostnaðar við fjallskil virðist hins vegar hafa verið samþ.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar, herra forseti, en ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 230, n. 477 og 478).

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur haft þetta mál til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl., sem skipaður er 5 mönnum, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og Ed. samþ. það, en minni hl., tveir menn, leggja til, að frv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Meginefni þessa frv. er að sameina Loðmundarfjarðarhrepp í N.-Múlasýslu lögsagnarumdæmi og bæjarfélagi Seyðisfjarðarkaupstaðar, og er talin full þörf á því, þar sem Loðmundarfjarðarhreppur getur ekki fámennari orðið. Þar er aðeins einn íbúi, bóndinn að Sævarenda. Því var það, að á aukafundi sýslunefndar N.-Múlasýslu, sem haldinn var 3. júlí 1969, var samþ. svohljóðandi till. eða ályktun:

„Með því að Loðmundarfjarðarhreppur er nú orðinn allt of fámennur til að geta rækt þær skyldur við íbúa sína, sem sveitarfélagi ber að rækja, mælist sýslunefnd N.-Múlasýslu til þess við félmrn., að gerðar verði ráðstafanir til að sameina hreppinn öðru sveitarfélagi.“

Þetta er ástæðan fyrir því, að frv. þetta er flutt. Enn fremur liggur fyrir samþykkt frá bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem hún lýsir sig reiðubúna að taka við þessu hreppsfélagi.

Í áliti minni hl. kemur fram, að frv. þetta hafi ekki verið sent til umsagnar sýslunefndar N.-Múlasýslu og virðist það vera aðalástæðan fyrir því, að þeir hv. alþm. leggja til, að frv. verði vísað frá. Það mun að vísu rétt vera, að frv. í núverandi mynd hefur ekki verið sent sýslunefnd til umsagnar. Á hitt ber að líta, að frv. þetta er beinlínis borið fram vegna óska umræddrar sýslunefndar, og mér er kunnugt um það, að bæði núverandi oddviti sýslunefndar, bæjarfógeti Seyðisfjarðarkaupstaðar og sýslumaðurinn í N.-Múlasýslu, og fyrrverandi oddviti sýslunefndarinnar, ráðuneytisstjóri félmrn. mæla eindregið með samþykkt þess. Ég hygg því, að litlu hefði breytt, þó að frv. hefði verið sent til umsagnar sýslunefndar. Alkunna er, þegar slík mál berast, sem oddvita sýslun. er fullkunnugt um afstöðu nefndarmanna til, að þá lætur hann nægja að senda eigin umsögn, sem staðfest verður síðan á næsta sýslufundi, í stað þess að kalla saman sýslufund að vetrarlagi, sem oft getur reynzt mjög erfitt. Nú getur komið til álita að sameina þennan hrepp öðrum sveitarfélögum, og ef við athugum, hvaða sveitarfélög koma þá helzt til greina, má nefna Seyðisfjarðarhrepp. Að sögn oddvita hefur hreppsnefnd Seyðisfjarðarhrepps beinlínis lýst því yfir, að hún vildi ekki sinna málinu. Þá gæti e. t. v. komið til athugunar að sameina hreppinn Borgarfjarðarhreppi eða Hjaltastaðahreppi, en mér er ekki kunnugt um, að þeir hreppar hafi neitt látið til sín heyra eða hafi áhuga á þessu.

Eins og ég sagði áðan, þá var frv. í núverandi mynd ekki sent til umsagnar sýslunefndar, en á hinn bóginn er mér kunnugt um það, að oddviti fékk það til umsagnar og gerði á því nokkrar breytingar til bóta, sem teknar voru til greina. Ég sé ekki annað en að full ástæða sé til að afgreiða þetta mál. Hvenær er ástæða til að sameina sveitarfélag öðru, ef ekki, þegar íbúar þess eru komnir í það lágmark, sem orðið getur? Ég vil einnig benda á, að það er ekki víst, að nágrannasveitarfélög séu alltaf reiðubúin eða verði reiðubúin í framtíðinni til þess að taka við sveitarfélögum, sem svona er komið fyrir. Því tel ég fyllstu ástæðu til þess að grípa tækifærið nú og samþykkja frv.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. síðasta alþm., sem var frsm. meiri hl. n., þá var heilbr.- og félmn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls og við tveir í minni hl., Hannibal Valdimarsson og ég, leggjum til að þetta mál verði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Með því að eigi þykir rétt að stofna til þeirra breytinga á umdæmistakmörkum N.-Múlasýslu, sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, án þess að sýslunefndinni sé veittur kostur þess að tjá sig um efni gr., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Rökstuðningur okkar fyrir þessari dagskrá er einfaldlega sá, að við teljum réttara, að fyrir liggi hjá Alþ. ákveðið álit sýslun. um þetta frv. Að vísu er það rétt, að hér hefur verið vitnað í samþykkt sýslunefndar N.-Múlasýslu um þetta mál, en í þeirri samþykkt er ekki vitnað neitt í þetta frv. og ekki endilega samþykkt að sameina Loðmundarfjörð Seyðisfirði. Ég vil upplýsa það, að það hefur verið boðaður sýslufundur í N.-Múlasýslu 25. þ. m., og með því að allar líkur benda til, að Alþ. verði ekki lokið, þegar að þeim

degi kemur, þá ætti að vera hægt að leysa þetta mál með því að fresta málinu, og ég segi fyrir mitt leyti, að ef sýslunefndin samþykkir það einróma, að þetta skuli sameinast á þann veg, sem frv. gerir ráð fyrir, þá mundi ég verða því fylgjandi. Ég og við báðir, sem flytjum þessa rökstuddu dagskrá, erum í prinsipinu á móti því, að breytingar fari fram á umdæmismörkum sýslna, án þess að fyrir liggi skýr ákvæði sýslunefndanna um vilja þeirra í þeim efnum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er fjarri því, að ég sé andvígur því, að sveitarfélög séu sameinuð, þegar svo er komið sem hér, að því er varðar Loðmundarfjarðarhrepp. Það er sjálfsagt mál, að það þarf að gera slíka ráðstöfun, en eins og raunar kom fram hjá síðasta hv. alþm., er ég andvígur því, að þetta sé nokkurn tíma gert, án þess að sýslunefnd sé spurð álits um málið. Einnig þó að svona sé komið. Sérstaklega er ég andvígur því, að sveitarfélag sé fært úr einu sýslufélagi í annað, án þess að stjórn sýslufélagsins sé að spurð. Þess vegna tel ég alveg sjálfsagðan hlut, að sýslunefndin eigi þess kost, að láta í ljós álit sitt á málinu. Auk þess kemur líka fram, að Seyðisfjarðarkaupstaður gefur aðeins kost á sameiningunni með þeim skilyrðum, sem ég held að öllu auðveldara væri að framkvæma af N.-Múlasýslu, varðandi fjallskil og annað, en í samstöðu við kaupstaðinn Seyðisfjörð. Ég sem sé fer ekki fram á annað. Það er enginn ágreiningur efnislega um, að þarna þurfi að sameina Loðmundarfjarðarhrepp einhverju sveitarfélagi. Eðlilegast tel ég, að það væri eitthvert sveitarfélag í sömu sýslu, og um það mundi ég vilja sérstaklega fá umsögn sýslunefndar N.-Múlasýslu, áður en málið er afgr. á Alþ. Ég er yfirleitt andvígur því, að slík mál sem þessi séu afgreidd, án þess að fyrir liggi umsögn sýslunefndar.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þetta er auðvitað ekkert stórmál, en mér virðist það eðlileg uppástunga, sem hv. frsm. minni hl. bar hér fram. Úr því að sýslunefndin ætlar að halda fund 25. apríl og það er ljóst, að þingi verður aldrei slitið fyrr en nokkrum dögum síðar, varla fyrr en í aprílok, er þá ekki ráðið að taka aftur hina rökstuddu dagskrá nú og afgreiða málið til 3. umr. og láta hana bíða, þangað til n. hefur látið uppi sitt álit?

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þetta virðist ætla að verða eitthvað flóknara mál en við höfðum gert okkur grein fyrir í heilbr.- og félmn., þegar við afgr. málið þar. Okkur fannst þetta liggja ákaflega ljóst fyrir, og ég vil taka það fram, að ég hef síður en svo nokkuð við það að athuga, að málið verði ekki endanlega afgr. úr þinginu, fyrr en álit sýslunefndar N.-Múlasýslu liggur fyrir, þó að ég hins vegar telji það eðlilegt, að það verði afgr. hér við 2. umr., eins og lagt hefur verið til í nál. meiri hl. Það skal þó á það bent, að eins og frsm. meiri hl. n. réttilega benti á, hefur sýslunefnd N.-Múlasýslu vissulega haft málið til meðferðar hjá sér og mælir með því, eins og fram kemur í aths. við frv., að þetta sveitarfélag verði sameinað öðru sveitarfélagi. Ég geri alveg ráð fyrir því, að í þeim umr., sem hafa orðið í sýslunefndinni hafi komið til greina, hvaða sveitarfélagi þessir hreppar ættu að sameinast, en einhvern veginn er það svo, að sýslunefndin hefur ekki séð ástæðu til þess að marka þar neina stefnu. Það má vera, að hún hafi ekki óskað að blanda sér í málið að því leyti, a. m. k. kemur það þar fram, að hún hefur ekki markað þar neina stefnu né sett fram neitt sjónarmið um, hvaða sveitarfélögum hún teldi eðlilegast, að þetta sveitarfélag yrði sameinað.

Þær umræður, sem hér hafa orðið og ábendingar, sem fram hafa komið, hljóta að koma til athugunar í sambandi við þau mál önnur, sem nú liggja fyrir þessari hv. d., þ. e. stjfrv. um sameiningu sveitarfélaga og einnig frv., sem hér hefur verið borið fram af hv. 9. landsk. þm., um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar. Í því frv. er gert ráð fyrir, að Flatey í Flateyjarhreppi verði lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar. Nú liggur það einnig fyrir, að sýslunefndin, sem þessi hreppur heyrir undir, er því andvíg, að þessi hluti Flateyjarhrepps verði lagður undir Húsavík, enda þótt enginn íbúi sé í Flatey í dag. Þegar svo er komið, að það mætir andstöðu hjá sýslunefndum og kostar nokkrar umr. hér á Alþ. að sameina hreppa eða sveitarfélög, hvað verður þá með hið stóra mál, að stefna að því að stækka sveitarfélögin, þó að ekki sé farið lengra í því máli en að þar komi til greina sameining á öðrum sveitarfélögum en þeim, sem hafa færri en 50 íbúa. Ég held, að Alþ. verði að marka sér ákveðna stefnu í þessu máli. Það þýðir ekki að láta ráðamenn einstakra sveitarfélaga eða einstakar sýslunefndir marka stefnuna. Ég tel, að Alþ. sjálft verði að taka einu sinni af skarið í þessum málum og afgreiða málið eftir því, sem rök mæla með, að eðlilegast sé, að það sé afgr. Ég vildi benda á þetta hér í sambandi við þessa umræðu, að fyrir hv. heilbr.- og félmn. liggja þessi tvö frv. einnig, sem ég ætlast til, að n. afgreiði nú á þessu þingi, og þá kemur vissulega til þess, að þingið verði að marka einhverja ákveðna stefnu, en ekki endilega að fara eftir umsögnum manna, sem þarna munu kannske standa næst, því það er vitað, að þetta er mjög viðkvæmt mál og mikið sárindamál í einstökum sveitarfélögum, hvernig með sveitarfélög fer. Þegar svo er komið, að einn íbúi er orðinn í sveitarfélagi og enginn í öðru, og frv. liggur fyrir þinginu að sameina þau öðrum, þá hélt ég nú satt að segja, að það væri full ástæða til þess að afgreiða slík mál.

Frsm. minni hl. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég kem bara í ræðustólinn til að lýsa því yfir, að við tökum dagskrártill. til baka til 3. umr., og vona ég, að málinu verði frestað og það afgr., eftir að sýslunefndin hefur haldið sinn fund. Þá verður þetta stóra mál að litlu máli, áður en þingi lýkur.

Frsm. meiri hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég vil aðeins nota tækifærið til þess að

þakka öllum hv. dm., sem hér hafa talað, fyrir þá miklu umhyggju og virðingu, sem þeir bera fyrir sýslunefndum, og skal ég að sjálfsögðu fyrstur manna taka undir það, því að maður fær oftar að heyra ýmsa gagnrýni á sýslunefndir en hitt, að þeim séu þökkuð góð verk, svo sem vera ber. Hins vegar taldi ég vel fyrir þessu atriði séð, þar sem þetta frv. er beinlínis til orðið samkvæmt ósk Norður-Múlasýslu, og mér var kunnugt um, að oddviti óskaði eftir því, að það næði fram að ganga sem fyrst. Það staðfesti hann í símtali við mig í gærmorgun. Á hinn bóginn minntist hann ekkert á þennan fund, sem hér hefur verið upplýst, að haldinn verði í sýslunefnd. Rengi ég það ekki, að hann hafi verið boðaður, eftir að við áttum tal saman, þannig að ég fagna því og skal með ánægju hlusta á það, sem sýslunefndin hefur fram að færa, en ég vænti þess, að það geti fengið sinn eðlilega gang áfram hér á þessu þingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Nd., 9. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Rökstudd dagskrá tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 81., 82., 83., 85. og 88. fundi í Nd., 24., 25., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

9. Siglingalög (stjfrv.).

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum nr. 66 31. des. 1963 [49. mál] (stjfrv., A. 51).

Á 7. og 9. fundi í Ed., 28. okt. og 3. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Breyt. á siglingal., sem felst í frv. þessu, tekur til 2. málsl. 6. gr. l. varðandi skráningu skipa af skipaskrá. Breyt. er fram komin í sambandi við endurskoðun l. um skráningu skipa, en frv. um það liggur einnig fyrir Alþ. samhliða þessu frv. Svo sem um hið fyrra frv., er Þórður Eyjólfsson fyrrverandi hæstaréttardómari með í þeirri endurskoðun, og er nánar gerð grein fyrir frv. í grg., er hann samdi með því.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til sjútvn. með 16 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (stjfrv.).

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt á l. nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins [177. mál] (stjfrv., A. 392).

Á 53. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. þetta á sér alllangan aðdraganda, eins og hv. þdm. er eflaust kunnugt, en frv. er samið af n., sem skipuð var samkv. þál., sem samþ. var á Alþ. 31. marz 1965, en þál. var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa 7 manna n. til að endurskoða lög nr. 77 frá 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, og gera till. til breytinga eftir því, sem henni þykir ástæða til. Formaður skal skipaður án tilnefningar, en aðrir nm. samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, Alþýðusambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, einn frá hverjum aðila. N. skal sérstaklega gera sér far um að kynna sér skoðanir útvegsmanna og sjómanna í einstökum landshlutum varðandi málið og reynslu þeirra af starfsemi Hlutatryggingasjóðs og Aflatryggingasjóðs."

N. tók til starfa sumarið 1965, og er starfi hennar vel lýst í aths. um frv. og óþarfi að rekja það nánar. N. skilaði áliti í desember s. l. Frv. er shlj. frv., er n. afhenti með áliti sínu, með þeirri breytingu þó, að lagt er til, að framlag ríkissjóðs verði fjórðungur á móti útflutningsgjaldi í stað jafnra tekna af útflutningsgjaldi, eins og n. sjálf lagði til. Samkv. gildandi l. er framlagið helmingur á móti útflutningsgjaldi. Frv. hefur ekki að geyma neinar stórvægilegar breytingar á skipulagi þessara mála. Mörg ákvæði frv. eru einnig aðeins staðfesting á framkvæmd undanfarinna ára, en tiltölulega litillar óánægju hefur orðið vart með gildandi lög frá þeim aðilum, sem mestra hagmuna hafa að gæta. Reynslan hefur sýnt, að nauðsynlegt er að hafa ákvæði l. rúm, þ. e. að þau skilgreini ekki í smáatriðum hin einstöku framkvæmdaatriði. Ekki má gleyma því, að reglugerðir um hinar ýmsu deildir sjóðsins kveða nánar á um framkvæmd l. í einstökum atriðum. Ekki er heldur ástæða til að fara ítarlega út í einstök ákvæði frv., en nefna má þó, að lagt er til, að báðar deildir báta-

flotans verði sameinaðir í eina deild. Sjóðsstjórninni er gefin heimild til að meta úthald og skerða bætur eða bæta við, ef um frávik er að ræða frá eðlilegu, almennu úthaldi eða meðalúthaldi. Enn fremur skal höfð hliðsjón af útgerðarkostnaði, a. m. k. að hluta, við ákvörðun svonefnds meðalveiðimagns, sem bætur reiknast út frá. Þá er sjóðsstjórn heimilað að hækka bætur frá haustúthaldi við sérstakar aðstæður, sem hún verður að meta, til að stuðla að því, að útgerð leggist ekki niður á haustin. Lagt er til, að hámarksupphæð bóta verið takmörkuð nokkuð. Er hér um að ræða staðfestingu á þeirri hámarksupphæð bóta, sem sjóðsstjórnin hefur í starfi sínu að undanförnu markað og telur eðlilegar. Ákvæði eru um bætur vegna skerðingar á veiðiréttindum, þegar tiltekin takmörkuð veiðisvæði eru friðuð vegna hrygningar nytjafiska. Er hér um að ræða nýmæli, sem á tvímælalaust rétt á sér eftir setningu landhelgisl. frá í fyrravor. Með l. voru botnvörpuheimildir auknar til muna, m. a. verið opnuð svæði, sem nauðsynlegt getur reynzt síðar meir að friða vegna hrygningar nytjafiska. Það getur borið við, að skyndilega þurfi að friða tiltekin svæði um afmarkaðan tíma af þessum sökum. Geta svona ráðstafanir í einstökum tilfellum valdið takmörkuðum hópi báta fjárhagstjóni, þar sem svo hagar til, og með tilliti til þess, að slíkar ráðstafanir eru yfirleitt gerðar í þágu heildarhagsmuna, þá hygg ég rétt, að hér sé opnuð leið til að bæta að vissu marki það fjárhagstjón, sem af slíku hlýzt. Er hér lagt til að veita sjóðsstjórninni heimild til að greiða bætur, en ekki leggja henni beinlínis þær skyldur á herðar.

Í II. kafla frv. þessa eru felld inn ákvæði l. nr. 77 frá 28. maí 1969, um greiðslu fæðiskostnaðar bátasjómanna, en þau voru sett í framhaldi af kjarasamningum útvegsmanna og bátasjómanna í fyrravetur. Er gerð till. um þá breytingu í 18. gr., að greiðslur úr deildinni verði bundnar við tryggingartímann. Þetta er gert til hagræðis fyrir útvegsmenn, vegna þess að í lok tryggingartímabila gera þeir upp fæðiskostnað samkvæmt fæðisdagafjölda og eiga þá auðveldara með að gefa skýrslur um hann til Aflatryggingasjóðs. Þessi breyting leiðir ekki til neinna tafa á greiðslu fæðispeninga hjá sjóðnum. Við umrædda kjarasamninga kom fram skrifleg ósk samningsaðila um að láta fæðispeningagjald þetta fylgja vísitölu, en vegna þess, hve veikur fjárhagsgrundvöllur er undir þeirri tekjuöflun, sem í sjóðinn fer, hefur hingað til ekki þótt fært að verða við þessum óskum, en væntanlega tekur sú n., sem málið fær til meðferðar, þetta atriði til athugunar.

Skal þá aðeins vikið að þeirri breytingu, sem gerð var á frv. nefndarinnar. Það er lækkun ríkissjóðsframlagsins. Með l. nr. 5 frá 1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda, var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera þriðjungur á móti útflutningsgjaldi þess árs í stað helmings. Með l. nr. 74 frá 1969 var mótframlag ríkissjóðs lækkað í fjórðung útflutningsgjalds, og tók það ákvæði til ársins 1969. Ríkissjóðsframlagið hefur þannig verið lækkað hlutfallslega tvö undanfarin ár. Í fjárl. ársins 1970 er miðað við, að mótframlag ríkissjóðs verði áfram ¼ hluti útflutningsgjaldsins, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir. Það er því með afgreiðslu fjárl. fyrir jól, sem í raun var tekin ákvörðun um þessa lækkun á framlagi ríkissjóðs. Er frv. því í samræmi við þá stefnu, sem undanfarin ár og í fjárlagafrv. s. l. haust virðist ákveðið hafa verið tekin í þessum efnum.

Gengisbreytingin í nóvember 1968 olli verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Tekjur Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi jukust um 36 millj. kr. á s. l. ári miðað við árið á undan. Er útlit fyrir, að eignaaukning sjóðsins árið 1969 verði um eða yfir 40 millj. kr. Af þessum sökum hefur verið talið rétt að lækka beina fjárveitingu úr ríkissjóði til Aflatryggingasjóðs. Er sú ráðstöfun gerð í því trausti, að Aflatryggingasjóður muni að öllu leyti þrátt fyrir það geta staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar í framtíðinni, þrátt fyrir þessa lækkun ríkissjóðsframlagsins. Sé miðað við tekjur sjóðsins s. l. ár, er lækkun sú á ríkissjóðsframlagi, sem frv. gerir ráð fyrir, í raun töluvert innan við fimmtungur heildartekna sjóðsins. Þótt rétt sé í góðæri að safna í sjóði til mögru áranna, hefur ekki verið talið rétt, að sú söfnun væri framkvæmd með framlögum úr ríkissjóði, heldur með tekjum af hinu aukna framleiðsluverðmæti góðu áranna.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi málsins, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

11. Ríkisreikningurinn 1968.

Á 74. fundi í Ed., 20. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1968 [226. mál] (stjfrv., A. 612).

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um samþ. á ríkisreikningnum fyrir árið 1968, er nokkuð síðbúið, þannig að það er vitanlega naumast hægt að ætlast til þess með neinni sanngirni, að hið háa Alþ. geti endanlega afgr. reikninginn nú, áður en þingi lýkur, þó að auðvitað væri það æskilegast. En ég legg það að sjálfsögðu á vald þessarar hv. d. eða fjhn. hennar, hvað hægt er að gera í því efni. En ástæðan til þess, að frv. er svo seint á ferðinni, sem raun ber vitni, er eingöngu sú, að þetta er fyrsti ríkisreikningurinn, sem saminn

er eftir hinum nýju l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga. Þessi reikningur hefur því krafizt mjög mikillar frumvinnu, sem leiðir af breytingu á reikningunum, og þessi frumvinna, sem stafar af þessum víðtæku breytingum, hefur leitt til þess, að í þetta skipti hefur ekki verið auðið, þrátt fyrir mjög mikið álag á ríkisbókhaldinu, að ljúka reikningunum fyrr en þetta. Það er raunar nokkuð síðan reikningunum er lokið, en hins vegar hafa yfirskoðunarmenn aldrei talið mögulegt að fara að vinna í alvöru að endurskoðun reikningsins, fyrr en hann lægi nokkurn veginn fyrir. Eins og hv. þm. sjá, þá eru aths. dagsettar 12. marz, þannig að það hefur verið unnið af kappi að því að ljúka aths. og svörum við þeim, vegna þess að svörum var safnað mjög skjótlega, og síðan hafa yfirendurskoðunarmenn lokið úrskurðum sínum 9. apríl.

En með hliðsjón af því, að hér er um jafnveigamiklar breyt. að ræða og raun ber vitni um, þá þykir mér rétt að gera hv. þd. nokkra yfirlitsgrein fyrir því, hvað felst í þeim breytingum, sem hér er um að ræða. En til þess að gera einnig grein fyrir því, hversu veigamiklar þessar breytingar eru fyrir framtíðina, þá er rétt að taka það fram, að ef tekizt hefði að fá skil frá öllum ríkisstofnunum og fyrirtækjum nægilega snemma árs, þá hefur þessi breyt. þau áhrif til bóta í framtíðinni, að auðið yrði innan tveggja vikna að ljúka algerlega reikningnum fyrir árið 1969, þannig að í framtíðinni má vænta þess, að það verði hægt að ljúka reikningnum mjög fljótlega, eftir að reikningsári lýkur.

L. um ríkisbókhald og gerð ríkisreiknings og fjárl. voru sett samkvæmt sérstöku markmiði, sem mótað er í þessari löggjöf, en þar segir, að fjárlög og ríkisreikningur verði þannig úr garði gerð, að þau þjóni bezt þörfum fjárveitingarvalds og fjármálastjórnar, almennrar stjórnsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga og hagskýrslugerðar yfirleitt. Jafnframt sé stefnt að því, að reikningskerfið sé svo einfalt og aðgengilegt, sem unnt er miðað við þann tilgang, sem því er settur. Enn fremur er að því stefnt, að meiri festa skapist en verið hefur í skráningum á fjárreiðum ríkisins og meira samræmi verði á milli reikninga ríkisins og ríkisfyrirtækja innbyrðis.

L. sjálf um gerð ríkisreikninga beindust að þessu markmiði, og af því leiðir algera umbyltingu ríkisreiknings saman borið við reikninga fyrri ára, bæði að því er varðar efni og form. Efnisbreytingum á reikningnum frá eldri reikningum, má skipta í efnisbreytingar almenns eðlis og efnisbreytingar, sem aðallega eru bókhalds eðlis. Sú almenna efnisbreyting, sem mestu máli skiptir, er fólgin í því, hversu reikningur ársins 1968 tekur mun stærri hluta af rekstri ríkisins en reikningar fyrri ára. Sú hneigð hafði verið áberandi og vaxandi á undanförnum árum og áratugum, að ýmis starfsemi ríkisins, einstakir tekjustofnar og ráðstöfun þeirra var ekki tekið inn í fjárlög. Í ríkisreikningi hefur ávallt verið gerð grein fyrir innheimtu og ráðstöfun flestra þeirra tekjustofna, sem renna til ákveðinna aðila að undanteknum tekjustofnum Tryggingastofnunar ríkisins. Hins vegar hefur í flestum tilvikum ekki verið gerð grein fyrir starfsemi þessara aðila, þótt hún tilheyri ríkinu. Nú eru þessar tekjur felldar inn í aðalrekstrarreikning og gerð grein fyrir flestum ársreikningum, og efnahags- og rekstursreikningum þeirra, er njóta mörkuðu teknanna. Þannig gefur reikningurinn tölulega heildarmynd af öllum rekstri ríkisins, eins og hann var árið 1968, með þeim fáu undantekningum, sem áðurnefnd l. gera ráð fyrir, þar eð hreinar lánastofnanir ríkisins, ríkisbankar, stofnlánasjóðir atvinnuveganna og fleiri, eru ekki inni í reikningunum, og svo er ekki heldur um fáein fyrirtæki, sem ekki hafa skilað reikningum. Sama eðlis er sú breyting á eldri reikningi að markaðir tekjustofnar, sem með l. er ráðstafað til tiltekinna þarfa, eru teknir í reikninginn meðal tekna og gjalda. Þannig má fullyrða, að í ríkisreikningi þessum gefist Alþ. heildarsýn yfir rekstur ríkisins, sem það hefur ekki átt kost á í eldri gerð reiknings. Um grg. fyrir þessari breytingu að öðru leyti má vísa til grg. með frv. til fjárl. fyrir árið 1968, sem lagt var fyrir Alþ. í október 1967, en þar var gerð ítarleg grein fyrir því, hvaða áhrif þessi nýja skipan hefði á uppsetningu fjárlagafrv.

Mikið er um efnisbreytingar í reikningunum, sem kalla má bókhaldslegs eðlis. Er álitamál, hversu langt má fara út í grg. með þeim breyt. á þessum vettvangi, en hv. n. getur að sjálfsögðu, eftir því sem hún telur þörf, kynnt sér þessi atriði með viðtölum við ríkisbókara. Segja má, að meginmarkmið þeirra bókhaldslegu atriða, sem hér um ræðir frá eldri reikningi, sé að tryggja samræmda meðferð sams konar upplýsinga innan alls ríkisrekstrarins og örugglega sambærilegar tölur í reikningi frá ári til árs. Má fullyrða, að á hvoru tveggja hafi verið verulegur misbrestur í reikningi, eins og hann hefur verið undanfarna áratugi.

Nokkrar þessara bókhaldslegu efnisbreytinga verða hér taldar. Í fyrsta lagi hefur verið mörkuð afgerandi stefna og framkvæmd við gerð reikningsins um það, hvernig tekjur og gjöld skulu færast á reikningi ársins. Á eldri reikningi voru tekjur og gjöld færðar til ársins á undan, ef þær höfðu komið fram í greiðslum fyrir lok marzmánaðar (apríl eða maí eftir atvikum) næsta árs á eftir. Í öðru lagi eru tekjur þannig færðar eftir því, sem þær hafa fallið til án tillits til þess, hvort eða hvenær þær eru innheimtar. Þannig er álagning skatta grundvöllur tekjufærslu, en ekki þar með skattainnheimta, eins og verið hefur. Í þriðja lagi er sambærileg regla tekin upp, að því er varðar gjöld, þannig að áfallin gjöld eru færð til gjalda án tillits til þess, hvort þau eru greidd á árinu eða síðar. Í fjórða lagi er gjaldfærsla á ónotuðum fjárveitingum nú ekki gerð eins og tíðkazt hefur með færslu á geymdu fé, enda þótt fjárhagsleg skuldbinding eða áfallin gjöld hefðu ekki komið til. Hins vegar er heimilt í sumum tilvikum að geyma þann hluta fjárveitingar, sem ónotaður reynist í árslok. Sú geymsluheimild er ekki skráð í sjálfu fjárhagsbókhaldinu og hefur því ekki áhrif til gjalda, fyrr en hún er notuð. Í fimmta lagi, þegar um er að ræða markaða tekjustofna, eru álagðar tekjur færðar til gjalda á reiknings-

árinu. Mikill hluti þessara tekna var utan reiknings ríkissjóðs áður. Grg. um þessa mörkuðu tekjustofna er að finna í reikningnum sjálfum á bls. 52. Í sjötta lagi er allur stofnkostnaður í A-hluta ríkisreiknings færður til gjalda í hinum nýja reikningi. Sérstakt yfirlit um þennan kostnað er að finna á bls. 121 í reikningnum. Í eldri reikningi var þetta nokkuð á reiki og oftast var þessi stofnkostnaður færður til eignar hjá hlutaðeigandi ríkisstofnun.

Í sjöunda lagi: Í reikningnum, eins og hann er nú, eru öll framlög ríkissjóðs til B-hluta, fyrirtækja ríkisins, færð til gjalda í A-hluta og til tekna hjá hlutaðeigandi fyrirtæki B-hluta. Í eldri reikningi var hluti slíkra framlaga færður til gjalda, en hluti færður á eignahreyfingar og sem eign í efnahagsreikningi.

Í áttunda lagi: Sé litið á efnahagsreikning hins nýja ríkisreiknings, er meginbreytingin fólgin í því, að í A-hluta reikningsins eru efnislegir fjármunir ekki færðir til eigna, enda verða framlög til slíkra fjárfestinga færð til gjalda í rekstrarreikningi A-hluta. Í eldri reikningi voru nettóeignir fyrirtækja, sjóða og stofnana, sem á annað borð voru teknar með í reikninginn, færðar upp til eigna í aðalefnahagsreikningi ríkissjóðs. Þetta er nú ekki gert með sama hætti. Þannig er uppistaða efnahagsreiknings A-hluta reikningsins samtala einstakra efnahagsliða úr efnahagsreikningum allra A-hlutastofnana ásamt efnahag ríkissjóðs en án efnislegra fjármuna, sbr. það, sem áður sagði um það efni. Innbyrðis kröfur og skuldbindingar A-hlutastofnana eru þó dregnar út úr aðalefnahagsreikningi A-hlutans, eins og sjá má á bls. 36 og 158 í efnahagsreikningnum.

Á bls. 162—166 í reikningnum er að finna grg. um það, hvernig efnahagsliðir ríkisreikningsins 1967 eru felldir inn í hið nýja kerfi. Uppistaða efnahagsreiknings B-hluta reikningsins er með sama hætti samtala úr efnahagsreikningum allra B-hluta fyrirtækja og sjóða, sem í samræmi við l. um ríkisbókhald færa upp sína efnislegu fjármuni. Hér hefur því verið gert samræmt kerfi reikningsfærslu fyrir allan þann hluta ríkiskerfisins, sem Alþ. hefur kosið að fella inn í ríkisreikninginn. Í stórum dráttum má því fullyrða, að með þessum nýja ríkisreikningi hafi verið gert innbyrðis samræmt bókhaldskerfi fyrir ríkið og stofnanir þess að því marki, sem Alþ. hefur kosið að láta ríkisreikning taka til ríkisrekstrarins. Þetta bókhaldskerfi á að geta skilað Alþ. og öðrum þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, þeim upplýsingum, sem ætla má, að þessir aðilar þurfi á að halda bókhaldslegs eðlis um rekstur ríkisins. Breyt. eru allar miðaðar við, að aðgengilegt sé, þegar tímabært þykir, að vélvinna bókhald ríkissjóðs og ríkisstofnana í skýrsluvélum, þegar það þykir hagkvæmt.

Af sjálfu sér leiðir, að verulegar formbreytingar eru gerðar á reikningnum um leið og þær efnisbreytingar, sem raktar hafa verið. Öllum reikningum er skipt í tvo hluta, A og B, þar sem í A-hluta er gerð grein fyrir fjárreiðum ríkissjóðs og ríkisstofnana, og svarar hann þannig í stórum dráttum til alls eldri reikningsins að undanskildri 3. gr. og fáeinum stofnunum í öðrum gr., svo sem flugmálastjórn, ríkisspítölum o. fl. Í B-hluta reikningsins er hins vegar að finna yfirlit yfir rekstur ríkisfyrirtækja og sjóða í ríkiseign samkvæmt nánari skilgreiningu l. um ríkisbókhald. Að því leyti sem þessi hluti reikningsins er sambærilegur við eldri reikning, svarar hann til 3. gr. eldri reikningsins. Að því er varðar formbreytingar er í rauninni tilgangslaust að ætla að bera saman eldri reikning og hinn nýrri. Hins vegar er vert að benda á, að sú meginregla gildir í framsetningu reikningsins, að A-hluta og B-hluta reikningsins er haldið algerlega aðskildum. Þá er sú meginregla í framsetningu, að fremst í hvorum hluta er mjög saman dregið heildaryfirlit á hvorum hluta fyrir sig. Má sem dæmi taka heildaryfirlit yfir A-hluta ríkisreiknings á bls. 9, þar sem dregið er saman yfirlit um rekstur og endurmat, um fjármagnshreyfingar og loks niðurstöður efnahagsyfirlits allt á einni síðu, en á næstu tveimur síðum er yfirlit um rekstrarreikning og á næstu tveimur þar á eftir um efnahagshluta A-hluta. Síðan er frekari sundurliðun, eftir því sem aftar kemur í reikninginn. Að því er varðar einstaka eignaliði í reikningnum er það vinningur frá eldri reikningi, að þeir eru algerlega samræmdir milli stofnana, og sama máli gegnir um skiptingu útgjalda eftir tegundum þeirra, sem sömuleiðis er algerlega sambærileg.

Þess er að vænta, að reikningurinn þyki ekki aðgengilegur við fyrstu sýn. Hins vegar fullyrði ég, að þær upplýsingar, sem hann gefur, eru samræmdari og yfirgripsmeiri en upplýsingar þær, sem Alþ. hefur átt völ á í eldri ríkisreikningum. Ríkisreikningnum fylgja að sjálfsögðu að venju aths. yfirskoðunarmanna, sem nú eru 24 að tölu. Að vísu eru allmargar þeirra ekki beinlínis aths., heldur fsp. um ýmis þau atriði, sem yfirskoðunarmenn hafa óskað eftir að fá nánari upplýsingar um. Í svörum ráðh. við þessum aths. hefur verið reynt, eftir því sem föng hafa verið á, að gefa þessar upplýsingar, og í till. yfirskoðunarmanna Alþ. er svo að finna ákvarðanir og úrskurði þeirra í sambandi við þessi svör ráðh.

Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þessar aths. né svörin í einstökum atriðum. Það er skýrast fyrir hv. þdm. að kynna sér það sjálfir eftir því sem þeir óska. Í flestum tilfellum hafa yfirskoðunarmenn talið, að svör við aths. þeirra séu annað hvort fullnægjandi, eða þá það, sem fram hefur komið, leiði til þess, að málið skuli vera til ath. eftirleiðis svo sem venja hefur verið í sambandi við slíkar aths. á undanförnum árum. Það eru aðeins tvær aths., sem er hafður sá háttur á að vísa til Alþ. Önnur aths. af þessum tveimur snertir mál, sem var hér til meðferðar á síðasta þingi, í sambandi við ríkisreikninginn þá, en það er um húsameistaraembættið og þær aths., sem ríkisendurskoðunin hafði gert við fjármál þess embættis. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja aths. yfirskoðunarmanna um það, né heldur svör ráðh. og rn., en úrskurðurinn er sem sagt þess eðlis, að málinu er vísað til Alþ., án þess að nokkur sérstök till. sé um það gerð, hvernig ætlazt er til að Alþ. taki á því máli.

Hitt atriðið, sem vísað er til Alþ., er um reikningshald Bjargráðasjóðs, en þar hefur komið upp ágreiningur milli stjórnar Bjargráðasjóðs og ríkisendurskoðunar um það, hvernig hafi átt að haga styrkveitingum í vissum tilvikum úr sjóðnum — úr hvaða deild sjóðsins hafi átt að leggja fram það fé. Í annan stað er ágreiningur um það, að sjóðurinn hefur gefið Sambandi ísl. sveitarfélaga eftir húsaleigu, sem ríkisendurskoðunin telur, að sjóðstjórninni hafi verið óheimilt að gera. Yfirskoðunarmenn vitna til þessa ágreinings og benda á það, að þarna sé fyrst og fremst um túlkun lagaatriða að ræða og telji því yfirskoðunarmenn rétt, að málinu sé vísað til Alþ. Ég tek það fram, að þarna er í rauninni ekki deila um það, að þarna hafi átt sér stað nokkurt misferli. Það er aðeins spurning um það, hvort heimilt hefði verið með þeim hætti, sem þar er gert af hálfu stjórnar sjóðsins, að úrskurða þau atriði, sem ágreiningi hafa valdið. Hvað Alþ. út af fyrir sig getur í þessu efni gert, skal ég ekkert um segja. Það væri sennilega eðlilegast, að hv. fjhn. kannaði þau rök, sem fram eru sett af hálfu ríkisendurskoðunar annars vegar og stjórnar Bjargráðasjóðs hins vegar, og þykir mér sennilegt, að ef n. tæki afstöðu til þess máls á annan hvorn veginn og hv. Alþ. samþ. það, þá mundu aðilar telja það vera endanlegan úrskurð um það, hvernig bæri að haga því í sambandi við þessi umdeildu atriði.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að orðlengja þetta frekar. Ég hef talið mér skylt, vegna þess að hér er um veigamiklar breytingar á uppsetningu ríkisreiknings að ræða, að gera grein fyrir þeim, en það hefur ekki verið sérstök venja á undanförnum árum, þegar reikningur hefur frá ári til árs verið í sama formi. Ég legg á það sérstaka áherzlu að lokum, að enda þótt reikningurinn sé núna svo síðbúinn sem raun ber vitni, þá stafar þessi töf eingöngu af þessari miklu og víðtæku kerfisbreytingu, og þar með er alveg ljóst, að framvegis er auðið að ljúka ríkisreikningi miklu fyrr en áður hefur verið mögulegt einmitt vegna þessa nýja skipulags, sem ég vona, að allir hv. þdm. fallist á, að sé til mikilla bóta og gefi mun gleggri upplýsingar heldur en áður hafa fengizt.

Ég legg þá til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

12. Byggðajafnvægisstofnun ríkisins.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga [21. mál] (þmfrv., A. 21).

Á 4. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef ásamt fimm öðrum þm. úr Framsfl. leyft mér að leggja fyrir þessa hv. d. frv. til l. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins og ráðstafanir til að stuðla að verndun og eflingu landsbyggðar og koma í veg fyrir eyðingu lífvænlegra byggðarlaga. Jafnframt er þá gert ráð fyrir, að l. frá 1966 um Atvinnujöfnunarsjóð verði afnumin, ekki af því, að þar sé um slæma löggjöf að ræða, því að Atvinnujöfnunarsjóður hefur gert gagn, sem ekki ber að vanmeta, heldur af því, að ef þetta frv. verður að l., er Atvinnujöfnunarsjóður úr sögunni, þar sem gert er ráð fyrir, að Byggðajafnvægisstofnun ríkisins taki við hlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs og fjármunum.

Þetta frv. um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins o. fl. er byggt á þeirri skoðun, að framtíð hins íslenzka ríkis sé undir því komin fyrst og fremst, að þjóðin haldi áfram að byggja land sitt sem víðast. En jafnvægið milli landshlutanna hefur raskazt mjög í seinni tíð, eins og kunnugt er. Í talnaskýrslunni, sem prentuð er með grg. þessa frv., er yfirlit um mannfjöldaþróunina í einstökum landshlutum undanfarin 30 ár. Í þessari skýrslu er mannfjöldinn í landinu og landshlutunum 1. desember 1968, þ. e. a. s. á árinu, sem leið, borinn saman við manntalið 30 árum fyrr, þ. e. a. s. árið 1938, síðasta árið fyrir heimsstyrjöldina. Við það manntal, árið 1938, var mannfjöldinn á öllu landinu 118.888, eða tæpar 119 þús. En 1. desember 1968 var mannfjöldinn í landinu rúmlega 202 þús. Fjölgunin á 30 árum er því rúmlega 83 þús., eða rétt um 70%.

Ef athugaðar eru mannfjöldatölurnar nú og fyrir 30 árum í hinum einstöku landshlutum kemur það í ljós, að í einum þessara landshluta, þ. e. a. s. í Kjalarnesþingi, vestan fjalls, hefur fjölgað um þau 70%, sem þjóðinni fjölgaði um, og um 40 þús. að auki. Viðbótin í Kjalarnesþingi er sem sé 40 þús. umfram það, sem venjulega er kölluð eðlileg fólksfjölgun. Af þessum 40 þús. eru rúmlega 13 þús. komnar af Norðurlandi, nálægt 12 þús. af Vestfjörðum, rúmlega 6 þús. af Austurlandi, nálega 5 þús. af Suðurlandi, austan fjalls, og rúmlega 3 þús. af Vesturlandi, sunnan Gilsfjarðar.

Þessar tölur, sem hér eru birtar og sem ég vænti, að hv. þm. hafi kynnt sér, sýna hina gífurlegu röskun, sem orðið hefur á jafnvæginu milli landshlutanna á árunum 1938—1968. Ég fer ekki lengra út í það að rekja þær. Í sjö samliggjandi sveitarfélögum milli Straumsvíkur og Kollafjarðar, þ. e. a. s. á Reykjavíkursvæðinu, sem hagfræðingar nefna Stór-Reykjavík, voru íbúar 1968 taldir 106.842, eða mun meira en helmingur þjóðarinnar. Í öllum öðrum landshlutum samtals var íbúatalan 95.349 eða rúmar 95 þús. af 202 þús.

Þegar á þetta er litið, er ekki undarlegt, þó að

mörgum sýnist nú, að þróunin stefni í þá átt, að Ísland verði í rauninni borgríki. Þessi mannfjöldaþróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins fyrir þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið erfiðara en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framkvæmdinni svo og aðrar framkvæmdir, sem slíkri borgarbyggð hæfa. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meira um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld, en til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og koma í veg fyrir, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir. Fleira kemur þó til greina og þá ekki síst það, að opinberar þjónustustofnanir verði dreifðari en þær eru nú, þ. e. a. s. þeim verði skipt milli landshlutanna meir en nú er gert, og samgöngum hagað með tilliti til þess, að miðstöð eða miðstöðvar, sem sumir kalla byggðakjarna, eflist í hverjum landshluta.

Ég tel það einnig mikilsvert, þó að ég komi ekki að því nánar hér, að landinu verði skipt í nokkur stór umdæmi, litlu fleiri en fjórðungarnir voru, enda hafi þau vissa sjálfsstjórn í sérmálum og taki við einhverju af þeim verkefnum, sem nú eru á vegum ríkisins, enda fái þau þá eðlilega hlutdeild í ríkistekjunum.

Ég sagði áðan, að það ætti að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. Það er óhætt að bæta því við, að ég held, að þetta sé í vaxandi mæli að verða áhugamál margra. En það, sem á vantar, er, að þetta viðfangsefni sé viðurkennt sem eitt af stærstu málum þjóðfélagsins, eitt af stærstu viðfangsefnum þjóðfélagsins, og að til þess sé þá ætlað fjármagn í samræmi við það. Fyrr en að því kemur, að mikilvægi þessa verkefnis sé viðurkennt á þennan hátt af hálfu þjóðfélagsins, er þess ekki að vænta, að stöðvaður verði sá straumur, sem knúinn er fram af blindum lögmálum fjármagns og tækni m. a.

Það er alllangt síðan byrjað var að komast svo að orði hér á Alþ. og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að því, sem kallað hefur verið jafnvægi í byggð landsins, og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það er nokkuð langt síðan. Þetta var rétt eftir 1950. Það var um það leyti, að kunnugt var orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregsáætlunar er fyrir nokkrum árum lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar þar í landi á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls hefur verið ráðamönnum Noregs vel ljóst, að því er virðist, og þeir hafa sýnt það í verki. Í fleiri löndum hafa á undanförnum árum og eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Ég minnist þess, að á þessum árum var flutt þáltill. um þessi efni af nokkrum stuðningsmönnum þáv. ríkisstj., og af því leiddi skipun mþn. í þessum málum og síðar allmikil ríkisframlög á þeim tíma, framlög, sem kallað var, að veitt væru til framleiðslu- og atvinnuaukningar í landinu, ef ég man rétt. Ég held, að árið 1957 hafi þessi framlög til framleiðslu- og atvinnuaukningar, sem aðallega var varið til uppbyggingar í bæjum og þorpum, einkum á Norður-, Austur- og Vesturlandi, en einnig nokkuð hér sunnanlands, numið 15 millj. kr., ef ég man rétt. Og það var í þann tíð mikið fé miðað við fjárlagaupphæðina þá, að ég hygg eitthvað 2% af fjárlagaupphæðinni. Þetta var fyrir 12 árum. Um þetta var þá ekki sett nein löggjöf, ekki neinu skipulagi komið á í sambandi við það, og síðan fóru þessi fjárframlög minnkandi.

Þetta frv. eða frv. svipaðs efnis hafa verið flutt oft áður hér á Alþ. Í fyrsta sinn, ætla ég, að frv., sem líkist þessu, hafi verið flutt í upphafi þess mikla góðæris, sem hér hófst snemma á þessum áratug. Og það er reyndar illt til þess að vita, að slík löggjöf skyldi þá ekki ná fram að ganga, þegar ríkissjóður og þjóðin í heild hafði mikil fjárráð og var að því leyti vel undir það búin að takast á við viðfangsefni eins og þetta. En þó að þetta frv. eða önnur svipuð hafi oft verið flutt áður á undanförnum árum, þá hafa þau ekki náð fram að ganga, og hefur afgreiðsla þeirra orðið á ýmsa lund. Stundum hafa þau ekki fengið afgreiðslu í n., stundum afgreidd neikvætt af þinginu, og ég minnist þess, að fyrir nokkuð mörgum árum, þegar þetta frv. var flutt, var af fjhn. þessarar hv. d. eða meiri hl. hennar flutt rökst. dagskrá, sem fól það í sér, að svo vel væri séð fyrir þessum málum, að ekki væri ástæða til frekari löggjafar á því sviði. En þetta frv., þó að það hafi ekki hlotið jákvæða afgreiðslu á þingi, hefur bersýnilega haft sín áhrif og þær umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Skömmu eftir að þessi rökst. dagskrá var hér á döfinni í þinginu, var borið fram frv. til l. um Atvinnujöfnunarsjóð, sem náði samþykki, en þau l. ganga, eins og ég sagði áðan, nokkuð í þá átt, sem gengið er í þessu frv.

Nú heyri ég og sé, að ýmsir, sem að þessum málum standa, eru farnir að gera ráð fyrir því, að l. um Atvinnujöfnunarsjóð þurfi að breyta, og það sýnir, að áfram miðar, þótt hægt fari, viðurkenningu á nauðsyn þessa mikla verkefnis. Við teljum því ekki eftir okkur, flm. málsins, að flytja það hér á Alþ. þing eftir þing, þó að ekki verði um jákvæða afgreiðslu að ræða, því að með því er áreiðanlega gert gagn.

Ég skal svo þessu næst í örfáum orðum rifja upp, hvert er efni þessa frv., en mest af þessu er hv. þm. kunnugt frá fyrri frv., þó að hér sé að vísu nokkuð í einstökum atriðum breytt til frá því, sem áður var. Frv. skiptist í tvo kafla,

og fjallar fyrri kaflinn um Byggðajafnvægisstofnun ríkisins. Þar er í 1. gr. fjallað um tilgang l., að hann sé sá að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi. Síðan er í þessum kafla fjallað um stjórn þessarar stofnunar, hvernig henni skuli fyrir komið, og gert er ráð fyrir í 4. gr., að stofnunin láti safna efni til skýrslugerðar og gera ársskýrslur um þau efni, er henni þykja máli skipta í sambandi við starfssvið sitt, svo og áætlanir, að hún stjórni Byggðajafnvægissjóði ríkisins og ráðstafi eignar- og umráðafé hans samkv. II. kafla l. N. sé heimilt að ráða sér starfskrafta og að semja við aðrar opinberar stofnanir um að leysa tiltekin áætlunarverk af hendi o. s. frv. Síðan segir í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Byggðajafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum eða landshlutum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórnir eða hreppsnefnd, eina eða fleiri, eða samband sveitarfélaga. Lán og framlög úr Byggðajafnvægissjóði skulu, sbr. II. kafla, ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.“

Í II. kafla frv. eru svo ákvæði um Byggðajafnvægissjóð ríkisins o. fl., um það, hvernig fjár skuli aflað til sjóðsins og hvernig fjármagni hans skuli varið. Það er gert ráð fyrir, að Byggðajafnvægissjóður hafi fastan árlegan tekjustofn, sem sé miðaður við ákveðinn hundraðshluta af tekjum ríkissjóðs það ár, og er þá að sjálfsögðu miðað við tekjur ríkissjóðsins, en ekki heildartekjur samkv. fjárl., þar sem inn í fjárl. koma ýmsir sjóðir, sem starfa samkv. sérstökum l. og ekki þykir rétt að skerða með þessum ákvæðum. Því næst er gert ráð fyrir, að þær tekjur, sem Atvinnujöfnunarsjóður hefur nú, renni til Byggðajafnvægisstofnunar ríkisins, og loks er í 12. gr. gert ráð fyrir heimild til lántöku með ríkisábyrgð næstu fimm árin, sem samtals nemur 250 millj. kr.

Í 10. gr. frv. og í þessum kafla er svo um það rætt, hvernig fjármagni sjóðsins skuli ráðstafað sem lánum til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Í því felst það, að það er ekki gert ráð fyrir, að lánveitingar Byggðajafnvægisstofnunarinnar komi í staðinn fyrir lánveitingar, sem aðrar lánastofnanir annast nú, heldur að auki. Í þessari gr. stendur einnig: „Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp eða stuðla að því, að komið verði upp íbúðum, til viðbótar lánum, sem aðrar lánastofnanir veita út á sömu íbúðir.“ Einnig er gert ráð fyrir óafturkræfum framlögum, þegar sérstaklega stendur á, ef tiltekinn meiri hl. sjóðsstjórnarinnar samþykkir.

Þetta eru nú meginákvæði II. kafla um fjáröflun til starfsemi Byggðajafnvægisstofnunar ríkisins og um ráðstöfun fjármagnsins. En auk þeirra vil ég leyfa mér að vekja athygli á fjórum atriðum, sem sérstaklega er kveðið á um í 13., 14., 15. og 16. gr. frv.

Hið fyrsta atriðið, sem ég vil vekja athygli á er það, að í 13. gr. segir svo, að ef sveitarstjórnir, sýslunefndir eða samband þeirra ákveða, að koma upp sérstökum byggðajafnvægissjóði til að starfa í umdæmi sínu, geti Byggðajafnvægisnefndin, ef stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem byggðajafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er heimilt að veita honum árlega lán eða framlag frá upphafi, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Um þetta eru svo nánari ákvæði í þessari gr., sem ég hirði ekki að tilgreina. En það, sem í þessu felst, er það, að auk sjálfs Byggðajafnvægissjóðs ríkisins séu möguleikar til þess að koma upp í einstökum landshlutum sérstökum byggðajafnvægissjóðum á vegum sveitarfélaga og samtaka þeirra, sem þau þá sjálf stjórni, og þau geti fengið þann fjárhagsstuðning, þar á meðal framlög úr sjóði ríkisins, sem eðlilegt er talið að veita í þann landshluta.

Annað atriði, sem ég vil vekja athygli á, er það, að í 14. gr. er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnir eða sýslunefndir eða samband sveitar- eða sýslufélaga geti ákveðið að skipa sérstaka svæðisáætlunarnefnd til að gera áætlanir um framkvæmdir á starfssvæði sínu í samræmi við tilgang þessara l., og sé þá Byggðajafnvægisstofnun ríkisins heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr Byggðajafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerð. Það má segja, að síðan þetta frv. var fyrst flutt, hafi málin þróazt nokkuð í sömu átt og hér er gert ráð fyrir með stofnun sambanda sveitarfélaga í ýmsum landshlutum eða sambanda sýslu- og sveitarfélaganna, en þessi sambönd hafa ýmist tekið upp eða eru í þann veginn að taka upp slíka áætlunargerð um svæði sín, sem er nú jafnvel gert ráð fyrir, að hljóti einhvern styrk til áætlunargerðar af opinberu fé. Þetta hefur þróazt svona án lagasetningar, og er gott til þess að vita og sýnir það, að hér hefur í öndverðu verið rétt stefnt eða í samræmi við þá þörf, sem fyrir hendi var á þessu sviði.

Í þriðja lagi leyfi ég mér að vekja athygli á ákvæði 15. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að Byggðajafnvægisstofnun ríkisins geti gerzt meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara l., enda ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt, en aukið meiri hluta samþykki þarf fyrir því í stjórn sjóðsins. Það er enginn vafi á því, að það er í mörgum tilfellum mjög nauðsynlegt í sambandi við það að koma upp atvinnufyrirtækjum í þeim landshlutum, sem illa eru á vegi staddir, að slíkir möguleikar séu fyrir hendi fyrir Byggðajafnvægisstofnunina til að gerast meðeigandi í sjálfu fyrirtækinu, annaðhvort með hlutafjárframlagi eða á annan hátt. Og þróun síðustu ára sýnir líka, að hér hefur enn með þessu frv. verið nokkuð rétt stefnt, því að þetta mál, meðeign ríkisins í fyrirtækjum, með hlutafjárframlagi eða á annan hátt, er mál,

sem nú síðast á þessu þingi hefur verið nokkuð á dagskrá.

Þá er það fjórða atriðið í þessum kafla, sem ég vil vekja athygli á. Það eru ákvæði 16. gr. um það, að þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstj. leita álits Byggðajafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra. Við teljum, að það sé mjög mikilsvert, að Byggðajafnvægisstofnunin sé til þess kvödd að segja álit sitt, þegar svona stendur á. Þess eru mörg dæmi, að komið hefur verið upp með beinum eða óbeinum stuðningi ríkisins stórum atvinnufyrirtækjum. Og staðsetning sumra þeirra hefur verið þannig, að hún orkar a. m. k. tvímælis, ef það er áhugamál þjóðfélagsins að stuðla að því jafnvægi, sem ég hef hér rætt um. Þetta á engu síður við, þó að tekin verði upp sú starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir og hefur reyndar verið tekin upp, þó að í minna mæli sé, í þá átt að stuðla að jafnvægi milli landshlutanna. Það er mikilvægt, að svona ákvæði séu í l., vegna þess að það er mjög fráleitt að leggja annars vegar fram mikið fé til þess að stuðla að nauðsynlegri byggðaþróun í landinu og gera svo með öðrum ákvörðunum af hálfu ríkisins ráðstafanir til þess að vinna í aðra átt, vinna á móti því, sem jafnvægisaðgerðir ríkisins eiga að stuðla að. Þess vegna er það nauðsynlegt, að samræmi sé í þessum aðgerðum og yfirlit um það, sem gert er.

Í þessu frv. er að vísu fleira, sem ástæða væri til þess að vekja athygli á. En ég mun ekki gera það að þessu sinni, heldur láta mér nægja að vísa til hinnar ítarlegu grg., sem frv. fylgir, svo og til frv. sjálfs. Ég vil því, áður en ég lýk máli mínu, nefna þrennt til viðbótar.

Í fyrsta lagi vil ég minna á þá staðreynd í sambandi við þá baráttu, sem um nokkra áratugi hefur verið háð gegn verðbólgu og dýrtíð í þessu landi, að enginn efi er á því, að of ört stækkandi stórborg í fámennu landi ýtir undir verðbólgu og að hlutfallslega jafn vöxtur allrar landsbyggðar hefur áhrif á efnahagsmál þjóðarinnar í jafnvægisátt.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, að þar sem talað er um áætlanir í þessu frv. og áætlanagerð, þá er ekki átt við svonefndar líkindaáætlanir fyrst og fremst eða almennar hugleiðingar um framtíðarmöguleika, heldur till. í áætlunarformi um framkvæmdir og fjármagnsnotkun um lengri eða skemmri tíma og þá yfirleitt, svo að árum skipti.

Í þriðja lagi vil ég láta það koma fram, að við lítum á ákvæðin um kosningu Byggðajafnvægisnefndar í 2. gr. frv. sem bráðabirgðaákvæði. En þar er gert ráð fyrir, að stjórn Byggðajafnvægisstofnunarinnar sé kosin af Alþ. hlutfallskosningu. Þetta hefur verið mjög algengt form á því að velja stjórnir ýmissa ríkisstofnana, og við höfum ekki að svo stöddu talið fært að fara öðruvísi að. En þegar lokið hefur verið stofnun sérsambanda sveitarfélaga í einstökum landshlutum, eins og nú virðist stefnt að, þá kemur að okkar dómi mjög til álita, að þessi sveitarfélagasambönd fái hlutdeild í skipun Byggðajafnvægisnefndar eða stjórnar stofnunarinnar eða ráði jafnvel mestu um skipan hennar.

Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu öllu lengri að þessu sinni. Grg. frv. fylgir fskj., sem er yfirlit um manntalið 1. desember 1968 frá Hagstofunni, þar sem tilgreind er íbúatala einstakra kaupstaða, sýslufélaga og hreppa á landinu. Það er fróðlegt einmitt í sambandi við íhugun þeirra viðfangsefna, sem þetta frv. fjallar um, að hafa þessar tölur fyrir augum, og því höfum við látið prenta þetta fskj. hér með grg. frv.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn., þar sem það mun hafa verið á undanförnum þingum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

13. Þingsköp Alþingis.

Á 3. fundi í Nd., 16. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [28. mál] (þmfrv., A. 28).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Þetta er í þriðja skipti, sem þetta frv. er lagt fyrir hv. þd. og þess vegna óþarft að gera ítarlega grein fyrir efni þess nú. Frv. er samið af mþn., sem falið var að endurskoða þingsköpin með þáltill., sem samþ. var á hv. Alþ. 29. apríl 1966. Frv. var síðan flutt að ósk forseta þingsins og er svo enn, þegar það er flutt í þriðja skipti. Ég tel óþarft að fara ítarlega út í að ræða efni frv., mun þó aðeins minnast á nokkrar aðalbreytingarnar, sem lagðar eru til.

Í fyrsta lagi er lagt til, að kjörbréfanefnd verði kosin fyrir allt kjörtímabilið, en ekki árlega, eins og verið hefur. Í öðru lagi er lagt til, að ef sæti Ed.-þm. losnar og varamaður tekur sæti á þingi, skuli sá þingflokkur, er skipa á sætið, tilnefna mann úr sínum flokki til Ed. Í þriðja lagi er lagt til, að nm. í utanrmn. verði bundnir þagnarskyldu um þá vitneskju, sem þeir fá í n., ef formaður eða utanrrh. kveða svo á. Þá eru í fjórða lagi sett ný og fyllri ákvæði um skýrslur, sem ráðh. óska að gefa Alþ. og um rétt þm. til þess að óska slíkra skýrslna. Í fimmta lagi eru ákvæðin um fsp. í Sþ. gerð fyllri en þau nú eru og stefnt að því að gera umr. um þær styttri og hnitmiðaðri. Lagt er til, að munnlegar fsp. verði teknar fyrir á sérstökum fundi í Sþ.,

þannig að þær taki ekki um of tíma frá öðrum þingmálum. Þá er lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að þm. geti borið fram skriflegar fsp., er ráðh. svarar síðan skriflega. Tíðkast slík fsp.-gerð í þingum nágrannaþjóða.

Í sjötta lagi er í sambandi við útvarps- og sjónvarpsumr. lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að útvarpa skuli innan tveggja vikna frá þingsetningu stefnuræðu forsrh. og umr. um hana. Er þá gert ráð fyrir, að slíkar umr. komi í staðinn fyrir útvarp fjárlagaræðu og umr. um hana. Þá er lagt til, að á síðari hluta hvers þings skuli útvarpa almennum stjórnmálaumr., er standi í eitt kvöld. Skulu þær umr. koma í staðinn fyrir eldhúsdagsumr., og verða því allmiklu styttri en þær hafa verið. Í þessu sambandi má geta þess, að þetta atriði hefur sætt allmikilli gagnrýni hér á tveimur síðustu þingum. Ýmsum þm. hefur fundizt, að þessi breyting næði ekki nægilega langt og vilja helzt fella eldhúsdagsumr. algerlega niður. En eins og sagt var, er lagt til í frv., að útvarpsumr. verði styttar um helming, og lengra varð ekki samkomulag um að ganga í þeirri hv. mþn., sem um málið fjallaði. Þá er í sjöunda lagi lagt til, að það nýmæli verði tekið upp, að ef Ríkisútvarpið óskar að útvarpa umr. frá Alþ. eða hluta af umr., verði það heimilað að höfðu samráði við formenn þingflokka.

Ýmis fleiri atriði en þau, sem hér er getið, voru að sjálfsögðu rædd í n., en eins og tekið hefur verið fram í framsögu fyrir frv. áður, taldi n., að hún yrði að skila sameiginlegu áliti um fyrirhugaðar breytingar á þingsköpum. Og það er enn þá óbreytt mín skoðun, að æskilegt og nauðsynlegt sé, að þegar breytt er löggjöf eins og þingsköpum, verði sem breiðast samkomulag um þær breytingar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um frv. að þessu sinni, en beini þeim eindregnu tilmælum til hv. allshn., sem málið mun sennilega ganga til að þessu sinni eins og áður, að hún hafi nú skjót vinnubrögð á og afgreiði þetta mál frá n. Mér er kunnugt um það, að hún var langt komin með það á síðasta þingi, og nú vænti ég, að af því verði, að málið fái þinglega meðferð, og að sjálfsögðu er það hv. þd. og hv. Alþ. í heild að kveða á um það, hvort e. t. v. eigi að gera frekari og róttækari breytingar á þingsköpum en hér er gert ráð fyrir.

Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Birgir Finnsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ljóst, að þegar hv. Alþ. tekur vinnubrögð sín til endurskoðunar, þá veltur á miklu, hvernig til tekst um endurskoðun gildandi þingskapa. Það frv., sem hér liggur fyrir, er, eins og fram hefur komið, árangur af starfi mþn., þar sem allir flokkar áttu fulltrúa, og, eins og gengur og gerist, er um ýmis atriði í þessu frv. um milliveg að ræða. Þarna hefur verið farin samkomulagsleið, sem að sjálfsögðu þýðir það, að ýmsar breytingar, sem menn hefðu kunnað að óska eftir, ná ekki að öllu leyti fram að ganga. Ég fyrir mitt leyti tel þó, að flest atriði frv. stefni í rétta átt og séu til bóta. Það, sem ég býst við, að menn greini einna mest á um í frv., er tilhögun útvarpsumr. og fréttaflutning í fjölmiðlunartækjum frá þinginu. Ég tel þó, að það, sem lagt er til í frv. varðandi þetta, þó að það fullnægi ekki því, sem sumir hefðu viljað fá fram, sé einnig spor í rétta átt. Ég get samt vel ímyndað mér það, að áður en langt um líður, komist þetta í það horf, að það verði látið á vald fjölmiðlunartækjanna sjálfra og þeirra stofnana, sem stjórna þeim, að ákveða, hversu mikið fréttaefni þeir flytja frá þinginu, en að sjálfsögðu þó að höfðu samráði við þingforseta og formenn þingflokka.

Ég stóð ekki upp til þess að ræða þessi atriði fyrst og fremst. Það, sem ég vildi aðallega segja hér við þessa umr. málsins, er í sambandi við 9. gr. frv., sem fjallar um fsp. í Sþ.

Eins og hv. alþm. vita, hefur það viljað við brenna, að umr. um fsp. hafa farið úr böndunum. Það má að sjálfsögðu að einhverju leyti skrifa það á reikning þingforseta, en þó hygg ég, að ef menn líta á málið með sanngirni, verði að mestu leyti að skrifa þetta á reikning alþm. sjálfra. Eins og núgildandi ákvæði eru um fsp., er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að þær séu hnitmiðaðar og alls ekki til þess að koma af stað almennum umr., heldur til þess, að hv. þm. gefist kostur á að fá fram ýmsar upplýsingar hjá ráðh. á fljótvirkan og skjótan hátt. Slíkar upplýsingar, sem framkallaðar eru með fsp., eiga svo hv. alþm. að geta notfært sér síðar í þingstörfunum, þegar þeir þingfesta mál, annaðhvort sem þáltill. eða frv., eða notfært sér það, sem fram hefur komið í upplýsingunum, í grg. með nál. Þetta tel ég sem sé, að sé aðaltilgangur fsp. Hjá okkur hefur þetta farið talsvert á annan veg, þannig að um fsp. hafa oft skapazt í Sþ. eins konar málfundafélagsumræður, ef svo mætti að orði kveða. Þar með er fsp.-tíminn að mínum dómi kominn út fyrir sín takmörk og orðinn til þess að sóa tíma þingsins í staðinn fyrir, að fsp. er ætlað að spara tíma þingsins.

Í þeim breytingum, sem fyrir liggja í 9. gr. þessa frv. um þau ákvæði, er gilda um fsp., er leitazt við að bæta nokkuð úr þessu, bæði með því að gera ráð fyrir því, að ráðh. gefi skriflegar skýrslur um mál, og þá einkanlega um þau mál, sem ekki er hægt að svara stutt og laggott, og svo í öðru lagi með því, að takmarka ræðutíma ráðh. við 10 mínútur, en ræðutími þeirra er nú ótakmarkaður. En ég hygg þó, að það sé hægt að ná alveg tilgangi fsp. með því að ganga enn þá lengra í þessu efni. Af þeirri reynslu, sem ég hef haft af þessu, er ég kominn á þá skoðun, að æskilegasta fyrirkomulag fsp. sé það, að um hverja fsp. tali aðeins viðkomandi fyrirspyrjandi og sá ráðh., sem fyrir svörum verður. Með því móti yrði fyrir það girt, að tíma Alþ. væri sóað í óþarfa umr. á vettvangi, sem ekki er ætlaður fyrir umr., og spurningarnar yrðu hnitmiðaðri og sömuleiðis svörin, og það væri hægt að afgreiða margfalt fleiri fsp. En það álít ég einmitt, að sé mikið atriði fyrir hv. þm., að geta fengið fram upplýsingar með þessu móti, og ég tel, að ef þessi háttur væri hafður á um fsp., yrðu fsp. og svör gagnlegri fyrir hv. alþm. og þingið í heild. Ég hef rætt

þetta við ýmsa hv. þm. úr öllum flokkum, og margir, sem ég hef talað við, hafa tekið vel í þessa hugmynd mína um fyrirkomulag fsp. Þess vegna vildi ég koma henni á framfæri við þessa umr. málsins, og beina því til hv. allshn., sem fær málið til athugunar, að hún taki upp þessa hugmynd við afgreiðslu sína á málinu. En að öðrum kosti áskil ég mér rétt til að flytja brtt. við frv. á síðara stigi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég er meðmæltur þessu frv. um breytingar á þingsköpunum og hef lýst því yfir áður og þurfti þess vegna ekki að kveðja mér hljóðs til þess að láta það koma fram.

En ég kvaddi mér hljóðs til þess að benda á eitt atriði, sem ég hygg, að sé gott fyrir menn að vita, m. a. allshn. Það var sett hér á laggirnar í fyrra samstarfsnefnd forseta og fulltrúa frá þingflokkunum til þess að íhuga um starfshætti Alþ. Þetta starf er verið að vinna, en er ekki mjög langt komið, sem ekki er heldur við að búast. Nú gætu máske einhverjir ímyndað sér, að það væri ósamræmi í því að afgreiða þetta þingskapafrv. og hinu að efna til slíkrar allsherjarendurskoðunar á starfsháttum Alþ., sem gert var í fyrra. En ég vil láta það koma hér fram, þar sem aðrir hafa ekki gert það enn þá, að í þessu er ekki ósamræmi frá sjónarmiði þessarar n., því hún hefur ákveðið á fundi að mæla með þessu frv. um breytingar á þingsköpunum *sem fyrsta skrefi í þessu efni og sér ekki* ástæðu til þess að láta þetta mál bíða eftir þeirri vinnu, sem í n. er verið að inna af hendi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, sem hér hefur fram komið í tilmælum frá frsm. eða frummælanda málsins, að n. hraðaði sínum störfum, og mér þykir vænt um að heyra það frá síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Austf., að n., sem hér var kosin til að fjalla um starfshætti Alþ., legði til, að þetta frv. gengi fram, og ég er alveg samþykkur því, að það eigi ekki að láta það bíða eftir öðru. Það eru auðvitað ýmsir starfshættir þingsins, sem geta endurskapazt eftir till. slíkrar n., þó að þetta frv. nái fram að ganga.

Um frumvarpið að öðru leyti skal ég ekki tala, nema aðeins 9. gr., sem hæstv. forseti Sþ. vék að, hv. 5. þm. Vestf., og vil aðeins beina því til n., hvort hún ekki vilji athuga það í alvöru, að fsp.-tími verði alveg sérstaks eðlis, eins og tíðkast í öðrum þingum, en ekki eins og þetta hefur æxlast hjá okkur, og það er engum um að kenna, hvorki einstökum þm. eða flokkum, en t. d., hví á fyrirspyrjandi að mæla fyrir fsp.? Fsp. er lögð fram, og hún er prentuð, og svo er henni svarað. Það þarf ekkert að mæla fyrir fsp. Og ráðh. má að jafnaði ekki tala oftar en tvisvar. Hann á bara að svara fsp. og ekki tala oftar, bara einu sinni, svara fsp., og svo geta þm. náttúrlega ekki talað nema tvisvar. Það þarf að koma þessum fsp.-tíma í það form, að hann sé fsp.-tími, spurt og svarað. Þessu vildi ég koma á framfæri við n.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

14. Fjárhagsaðstoð til barna og ungmenna til skólagöngu.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um fjárhagsaðstoð ríkisins til að jafna aðstöðu barna og ungmenna til skólagöngu og menntunar [35. mál] (þmfrv., A. 35).

Á 6. og 7. fundi í Nd., 27. og 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á dagskrá segir, að frv. heiti Fjárhagsaðstoð til barna og unglinga til skólagöngu. Þetta er nokkur stytting á heiti frv., og sé ég því ástæðu til að rifja upp, hvað frv. heitir, svo sem ég gaf því nafn, þ. e. Fjárhagsaðstoð ríkisins til að jafna aðstöðu barna og ungmenna til skólagöngu og menntunar. Í sjálfu sér er þetta mál í eðli sínu þannig, að óþarft er að flytja fyrir því langa framsögu því til túlkunar. Ég held, að þegar athygli hefur verið vakin á efnisatriðum þessa frv., liggi málið augljóslega fyrir sérhverjum þm. Ég skal því ekki halda langa framsöguræðu fyrir málinu, tel það ekki svara tilgangi.

Efni frv. er í raun og veru það, að þjóðfélagið komi og rétti hjálpandi hönd til þess að jafna að einhverju leyti þann reginaðstöðumun foreldra að geta haft börn sín á eigin heimili á allri skólagöngu þeirra, allt frá barnaskóla og upp í menntaskóla, eða þá hins vegar að verða að kosta börnin og unglingana að heiman að meira eða minna leyti á allri skólagöngu þeirra. Það þarf ekki að minna á, hvílíkur reginmunur það er fyrir foreldrana í sveitum landsins t. d., sem verða að kosta börn sín í gegnum allt barnaskólastigið víðs fjarri heimilinu í heimavistarskóla, og verði um framhaldsnám að ræða, þá í gegnum unglinga- og gagnfræðaskólastigið og í ýmsa sérskóla og þá algerlega á menntaskólastiginu einnig. Eða þá t. d. foreldrar og börn, sem uppalast í Akureyrarkaupstað eða í Reykjavík, þar sem heimanganga frá heimilinu byrjar með 1. bekk barnaskóla og endar ekki, fyrr en námi er lokið í menntaskóla og stúdentsprófi er lokið. Vissulega er kostnaður við að koma nemendunum áfram á námsbrautinni í þessum kaupstöðum, sem ég nefndi, og öðrum, sem líka aðstöðu hafa, en það er allt annars eðlis og miklu viðráðanlegra mál heldur en í sveitum landsins,

þar sem ráðstafa verður börnunum út af heimili að meira eða minna leyti á allri námsbrautinni. Það er þessi reginmunur, sem frv. fjallar um.

Það er ekki ætlun mín með þessu frv. að bæta þennan aðstöðumun að fullu, en ég tel alveg nauðsynlegt, að þjóðfélagið hjálpi til þess að draga úr þessum stórkostlega aðstöðumun, því að af honum sprettur alvarlegt þjóðfélagsranglæti, sem a. m. k. síðar meir hlýtur að bitna á þjóðfélaginu sjálfu, ef ekki er komið í veg fyrir afleiðingar þessa misréttis. Ég segi það í grg., að þetta ranglæti hafi að vísu lengi ríkt, og vissulega er það rétt, þessi aðstöðumunur er ekki nýtilkominn, en aðstæður hafa nú breytzt svo, að þetta mál er orðið ekki aðeins lítt viðráðanlegt, heldur í mjög mörgum tilfellum óviðráðanlegt fátækum heimilum í landinu. Það, sem veldur því, að málið hefur nú tekið á sig alvarlegri mynd en áður, er einkum tvennt, og má þó vera, að fleira komi til. Það er í fyrsta lagi, að mjög hafa dregizt saman almennar tekjur fólks í landinu. Á ég þar ekki sízt við launastéttirnar. Í hraðvaxandi dýrtíð hefur kaupmáttur launanna farið síminnkandi. Þetta stóra mál hefur því af þeim sökum orðið illviðráðanlegra mörgum heimilum. Hin orsökin til þess, að málið hefur nú tekið á sig alvarlegri mynd en áður, er sá reginmunur, sem orðinn er á möguleikum ungs fólks til að afla sér tekna í sumarleyfunum og taka þannig þátt að meira eða minna leyti sjálf í að leysa þennan fjárhagsvanda, sem hér er um að ræða. Nú er svo komið víða, að unga fólkið á ekki kost á sumaratvinnu og er í hópi atvinnuleysingja yfir sumartímann og öðlast þannig enga möguleika til þess að vera þátttakandi í að bera þessa byrði sjálf. En í öðrum tilfellum hefur aftur mjög dregið úr sumartekjumöguleikum ungs fólk, og þarf ekki að fjölyrða um þessa staðreynd. Það er því hvort tveggja, að heimilinu og unga fólkinu sjálfu er nú torveldara en áður að leysa þennan vanda, og það er þess vegna, sem málið hefur tekið á sig þá alvarlegu mynd, sem ég reyni að túlka í þessu frv.

Það má kannske um það deila, hvernig þjóðfélaginu beri að koma hér til aðstoðar, en þó hygg ég, að það sé ekkert aðalatriði. Það er í fyrsta lagi hægt að spyrja: Getur þjóðfélagið ekki hummað þetta fram af sér, látið þetta mál sem sér óviðkomandi og aðhafzt ekkert? Ég held, að af þeim rökum, sem ég hef þegar fært fram, sé það ekki fær leið, nema því aðeins að þjóðfélagið vilji þá taka afleiðingum af því, að menntun verði sérréttindi efnafólks á Íslandi. En því trúi ég ekki.

Það hefði mátt hugsa sér það, að lagaákvæði yrðu sett um, að þjóðfélagið bæri ákveðinn hundraðshluta af kostnaði, sem leiðir af ráðstöfun barna og unglinga af heimilunum til náms, hvort sem væri á barnaskólastigi, framhaldsskólastigi eða menntaskólastigi, og borgaði þannig vissan hluta af þessum kostnaði, en hér væri um mjög erfiða framkvæmd sjálfsagt að ræða, og þess vegna hvarf ég ekki að því ráði að leggja til, þó segja mætti, að það væri kannske réttlátasta lausnin, að þjóðfélagið t. d. taki að sér að borga helming af þessum aukakostnaði eða 75% eða eitthvað slíkt, en ætla ungmennum og heimilunum að bera ákveðinn hundraðshluta á móti. Ég hef því staðnæmzt við þá úrlausn, að þjóðfélagið kæmi hér hjálpandi til með ákveðinni fjárupphæð á nemanda, sem í heimavistarskóla þarf að dveljast, og taki þannig þátt í þessum kostnaði með ákveðinni upphæð, en það er svo byrði, sem leggst á heimilin og ungmennin, sem heimavistarkostnaðurinn er umfram þetta hverju sinni.

Mér hefur ekki unnizt tími til að afla mér upplýsinga um, hve margt það fólk er, sem í heimavistarskólum landsins dvelst, sem þarna þyrfti að njóta fjárhagsaðstoðar, en það ætti að vera auðvelt að fá vitneskju um það, hve mikill hluti af æskulýð landsins gengur í heimangönguskóla og hve mikill hluti í heimavistarskóla, og kanna þetta mál nákvæmar. Það ætti að vera auðvelt verk fyrir fræðslumálastjórnina og því auðvelt fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, að fá upplýsingar um þetta, sem ég tel að vísu alveg nauðsynlegt, að gert sé. En þó að framkvæmd þessa frv. kynni að kosta ríkissjóð 5—10 millj. kr., þá hika ég ekki við að fullyrða, að vandamálið er svo alvarlegs eðlis og snertir þjóðfélagið í svo ríkum mæli, að ég tel, að þeim 5—10 millj. kr. væri vel varið, því að það væri í senn lausn á menningarlegu vandamáli og afstýrði þjóðfélagslegu ranglæti.

Ég vék að því áðan, að það hefði verið menningarleg hefð hér á landi og metnaður Íslendinga að halda svo á menntunar- og menningaraðstöðu í landinu, að það yrðu ekki sérréttindi stórefnafólks og ekki heldur háð því, hvar fólk hefði valið sér búsetu á landinu, að afla sér menntunar. Ég held, að það sé stóra atriðið í þessu máli, að frá þessari góðu menningarhefð megum við ekki víkja og ekki láta hrekjast frá henni heldur. Það á að jafna sem bezt aðstöðu fólks til skólagöngu og menntunar í landinu, en aðstöðumunurinn er nú, við þær aðstæður, sem nú ríkja, meiri en nokkru sinni áður, og þess vegna er málið orðið vandamál.

Það eru til margar frásagnir af því, hvernig það hefur snortið ungmennin að sjá námsbrautina lokast. Það þekkja allir hv. alþm. söguna af Stephan G. Stephansson skáldi, þegar hann sat norður í Skagafirði milli búfna og horfði á Reykjavíkursveinana ríða í fylkingu suður. En efnahagur hans og heimilisaðstæður voru þannig, að hann gat ekki slegizt í förina með þeim. Það er enginn vafi á því, að íslenzkt þjóðfélag hefur á undanförnum áratugum og öldum misst af mörgu góðu mannsefni við það, að honum hefur verið synjað um menningaraðstöðu, menntunaraðstöðu. Það eru fleiri þó en ungmennin sjálf, sem rennur það til rifja, að efnismaður eða efnisstúlka eru stöðvuð á eðlilegri og æskilegri námsbraut. Það snertir foreldrana átakanlega, það er mér kunnugt um. Þetta er oft meginástæðan til þess, að foreldrar rífa sig upp úr heimkynnum sínum og flytjast búferlaflutningi til þeirra staða, sem bezta aðstöðu veita til menntunar börnum og ungmennum, og er það ekki æskilegt, að fólk neyðist til slíkra búferlaflutninga af þeim ástæðum. Eins er það með skólamennina sjálfa, sem fylgjast með ungmennunum. Það kemur oft átakanlega við þá að

vita, að þessi eða hinn efnisnemandinn verður að stöðvast á námsbraut sinni af efnahagslegum og landfræðilegum ástæðum.

Ég vænti þess, að útskýringa, frekar en ég hef nú haft uppi um málið, sé ekki þörf. Þegar allra athygli hefur verið vakin á því, þá veit ég, að þetta vandamál er öllum hv. alþm. kunnugt og þeir skilja það til fulls, og ég geta varla trúað því, að afstaða þeirra til málsins sé mikið á annan veg en sú afstaða, sem ég hef hér túlkað.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til hv. menntmn., þegar umr. er lokið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er hreyft mjög athyglisverðu máli, máli, sem ég hika ekki við að kalla stórmál. Það viðfangsefni, sem fjallað er um í þessu frv., hefur verið til athugunar hjá ríkisstj. nú um nokkurt skeið. Á s. l. sumri hefur menntmrn. látið fram fara mjög rækilega könnun á staðreyndum, sem varða þetta mál, aflað sér mjög víðtækra upplýsinga, sem eiga að geta orðið Alþ. og ríkisstj. æskileg, ég vil segja nauðsynleg leiðbeining, þegar að því kemur, að tekin verður ákvörðun um, með hverjum hætti verður snúizt gegn þeim vanda, sem liggur að baki flutningi þessa frv.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. sagði í framsöguræðu sinni, að þær þjóðfélagsbreytingar, sem átt hafa og eiga sér stað á Íslandi á undanförnum áratugum, en þó alveg sérstaklega á síðasta áratug, gera sérstakar ráðstafanir nauðsynlegar í því skyni að jafna aðstöðumun unglinga úr dreifbýli og þéttbýli til þess að fá að njóta þeirrar menntunar, sem hugur þeirra stendur til. Það mætti einnig orða það þannig, að þjóðfélagsþróunin hafi leitt í ljós nauðsyn þjóðfélagsátaks til þess að auðvelda foreldrum í dreifbýli að koma börnum sínum til þeirra mennta, sem hugur þeirra stendur til til jafns við foreldra í þéttbýli. Hv. þm. tók þannig til orða, að nauðsyn sé á því, að þjóðfélagið jafni að einhverju leyti þann aðstöðumun, sem er milli foreldra í sveitum og kaupstöðum, og hann tók einnig þannig til orða, að æskilegt væri, að þjóðfélagið hjálpi til að bæta úr því misrétti, sem nú ríkti, en tók jafnframt fram, að það ranglæti, svo að ég noti *enn hans orð, sem hér sé um að ræða og hér ríki*, hafi ríkt mjög lengi.

Vegna þess að hann rakti orsakir þessa vandamáls nokkuð frá sínu sjónarmiði, þá vildi ég leyfa mér að bæta við um það nokkrum örstuttum hugleiðingum. Orsakir þess, að um vaxandi vanda í þessum efnum hefur verið að ræða á undanförnum áratugum og þá sérstaklega á undanförnum áratug, eru að mínu viti fyrst og fremst þrjár, og ég vona, að þær verði allar skiljanlegar og um efni þeirra geti allir verið sammála, að þar sé um rétt mat að ræða, ef menn hugsa málið ofan í kjölinn.

Í fyrsta lagi er um það að ræða, að efnahagur fólks hefur farið mjög batnandi á undanförnum áratugum og þá ekki hvað sízt á unlanförnum áratug, ef frá eru talin þau tímabundnu efnahagsvandræði, sem að Íslendingum hafa steðjað nú á tveimur árum. Í kjölfar batnandi efnahags á undanförnum áratugum hefur það auðvitað fylgt hér eins og annars staðar, að foreldrar hafa viljað veita börnum sínum meiri menntun og lengri menntun en áður tíðkaðist, og þegar unglingarnir hafa fundið það, að þeir lifa í þjóðfélagi, sem býður batnandi lífskjör, þá er það *eðlilegt og mjög heilbrigt*, — það hefur *gerzt hér* eins og alls staðar annars staðar, — að þá vaknar menntaþrá þeirra alveg sérstaklega. Menn vilja nota batnandi lífskjör, batnandi aðstöðu í þjóðfélaginu til þess að afla sér aukinnar menntunar. Þetta er heilbrigt og gott. Svona er þetta hérna hjá okkur, svona hefur verið annars staðar, og svona á þetta að vera.

Í öðru lagi, sem bein afleiðing af þessu, er svo það, að æ fleiri hafa æskt þess að geta stundað nám til viðbótar skyldunámi, — ekki aðeins að tölu til vegna vaxandi fjölda þjóðarinnar, heldur æ stærri hlutfallstala af hverjum árgangi ofan við skyldumark, — hafa æskt þess að geta stundað einhvers konar framhaldsnám. Um þetta bera töluskýrslur um góða aðsókn að skólum á undanförnum árum alveg ótvírætt vitni. Þetta tvennt stendur í nánu sambandi hvað við annað, batnandi lífskjör undanfarinna áratuga og ekki sízt áratugs og svo hitt, að æ hækkandi hlutfallstala, — allir stunda skyldunám, skyldunám hefur verið lengt, eins og við allir vitum, — æskir eftir ekki bara eins árs framhaldsnámi, heldur tveggja ára, þriggja ára, menntaskólanámi, háskólanámi.

Í þriðja og síðasta lagi hafa skilyrði til þess að fullnægja menntaþránni farið mjög batnandi á undanförnum tímum. Æ fleiri tegundir skóla hafa risið upp hér eins og alls staðar annars staðar í þjóðfélögum, sem eru í örri framþróun. Það hefur ekki aðeins verið, að æ fleiri hafa óskað að njóta framhaldsskólanáms, heldur hafa æ fleiri getað stundað framhaldsskólanám. Þetta hefur einnig verkað hvað á annað. Hér er ævinlega um gagnkvæmar verkanir að ræða milli þeirra, sem óska að sækja skóla, og skilyrðanna til þess að sækja skólana. Aukin eftirspurn eftir skólamenntun kallar auðvitað á bætt skilyrði af hálfu hins opinbera til þess að láta skólamenntunina í té, og svo hins vegar, þegar aukin skilyrði til skólamenntunar eru látin í té, þá verkar það hvetjandi á unglingana til þess að hagnýta sér þessi nýju skilyrði.

Þessi þrjú atriði tel ég meginástæðu til þess, að æ fleiri unglingar með hverju ári, sem líður, æskja þess að eiga kost á námi til viðbótar skyldunáminu. En þetta hefur það auðvitað í för með sér, að aðstöðumununrinn vex milli unglinganna í kaupstöðunum og unglinganna í dreifbýlinu, vegna þess að það er auðveldara fyrir samfélagið að bæta námsskilyrðin í þéttbýli en í dreifbýli. Það er ódýrara að bæta framhaldsskólaskilyrðin í kaupstöðum, en menn geta einnig orðað það svo, að það sé dýrara að bæta framhaldsskólaskilyrðin í dreifbýlinu. Einnig eru meiri erfiðleikar á því að útvega nægilega kennslu í þéttbýli. Það er auðveldara að útvega nægilega góða kennslu í þéttbýli en í dreifbýli. Annars vegar er hér um hreint fjárhagsmál að ræða, þ. e. a. s. muninn á því, hvað það kostar að veita aðgang að framhaldsnámi í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar, og hins vegar um mannaflamál að ræða. Það, að það er auðveldara að útvega nægilega góða kennslu-

krafta í þéttbýli en í dreifbýli. En eftir því sem ofar dregur á menntunarstiginu, þeim mun dýrari verður menntunin, og þess vegna er það ákaflega eðlilegt, að vandinn vaxi, eftir því, sem ofar kemur á námsbrautinni, og mestur verður vandinn auðvitað í háskóla, þar sem augljóst er, að á leiðarenda er komið. Í litlu þjóðfélagi eins og á Íslandi getur ekki verið nema um einn háskóla að ræða og þá auðvitað í mesta þéttbýlinu, þ. e. a. s. í höfuðstaðnum. Það má segja, að um eins konar stigþróun eða línurit upp á við sé að ræða. Á neðstu stigum barnaskólastigsins er hægt og á að vera hægt að láta öllum í té aðstöðu, svo að segja heima hjá sér. Hvað sem dreifbýli er mikið, verður að láta þá aðstöðu í té. Með hverju nýju skólastigi upp á við, ef ég mætti þannig taka til orða, stækkar hringurinn, sem nauðsynlegt er að draga í kringum skólastigið. M. ö. o., ef þetta á að vera viðráðanlegt, ekki aðeins peningalega séð, heldur einnig kennslufræðilega séð, þá stækkar hringurinn, þangað til hann á lokastiginu, í háskólanum, er augljóslega þannig, að hann hlýtur að taka til landsins alls.

Ég held, að um þessi meginatriði, sem ég nú hef getið, geti enginn ágreiningur verið meðal hugsandi manna, meðal þeirra manna, sem kynna sér þessi mál og áhuga hafa á þeim og hafa á þeim réttan skilning. Hitt er eflaust líka alveg rétt, sem kom fram í framsöguræðu hv. flm., að um tímabundinn aukavanda er að ræða, einmitt nú um þessar mundir, vegna þess að lífskjör þjóðarinnar í heild hafa farið versnandi, því miður, á undanförnum tveimur árum. Hagur alþýðuheimila er nú því miður þrengri en hann var fyrir 5—10 árum. Á því er enginn efi. Á móti því ber enginn hugsandi maður, og það gerir það enn nauðsynlegra en ella, að það taki ekki of mikinn tíma að átta sig á því, hvað gera beri til þess að greiða úr þessum vanda.

Hv. þm. sagði, að það væri nauðsynlegt að hafa upplýsingar um það, — hann vissi ekki, — hversu margir nemendur væru í heimangönguskólum og heimavistarskólum hins vegar. Um þetta allt saman eru til nákvæmar upplýsingar nú þegar, sem eru liður í þeirri víðtæku athugun, sem gerð hefur verið af menntmrn. í sumar. Ég skal ekki gera neina tilraun til þess hér á þessu stigi að skýra frá þeim niðurstöðum, enda eru þær tiltölulega nýkomnar í ráðun. Ég mun gera það ítarlega í svari við fsp., sem hv. 2. þm. Vestf., Sigurður Bjarnason, hefur borið fram, og ég mun væntanlega svara á miðvikudaginn kemur. Þá mun ég gefa rækilegar upplýsingar um þessi mál öll, enda gefur fsp. tilefni til þess, og ég tel það réttan vettvang til að gefa upplýsingar, en ekki við 1. umr. um frv. eins og það, sem er hér um að ræða. Sú n., sem fær frv. til meðferðar, skal að sjálfsögðu fá til afnota öll þau miklu gögn, sem í menntmrn. eru til um þetta vandamál, en ég býst við því, að það mundi vekja áhuga þm. að heyra, að í heimangönguskólum barna-, unglinga- og gagnfræðastigs eru nú 38116 nemendur, en í heimavistarskólum, sem einkum eru í sveit, eru 3063 nemendur, en í menntaskólunum eru 2235 nemendur.

Vegna þess að ég veit, að það er nokkuð útbreidd skoðun, að ríkisvaldið, hið opinbera, fyrr og nú, hafi verið skilningslítið á þann aðstöðumun, sem óneitanlega er milli fjölskyldna ungmenna í dreifbýli annars vegar og kaupstöðum hins vegar, og gert lítið, jafnvel ekkert, halda sumir, til þess að jafna þann aðstöðumun, þá vildi ég gefa nokkrar byrjunarupplýsingar, sem leiða í ljós, að þessi skoðun er, sem betur fer, á algerum misskilningi byggð. Ríkið hefur gert stórkostlegt átak einmitt til þess að jafna þennan aðstöðumun, þ. e. a. s. ríkið leggur í miklu meiri kostnað nú við það að veita börnum í dreifbýli aðstöðu til menntunar miðað við börn í þéttbýli. Þetta er nokkur hluti af niðurstöðum þeirrar rannsóknar, sem fór fram í sumar. Ég skal nefna aðeins nokkur dæmi til þess að skýra þetta mál.

Útgjöld ríkisins til rekstrar heimangöngubarnaskóla í Reykjavík og kaupstöðum nema nú árlega 9800 kr. á hvern nemanda, þ. e. a. s. ríkið ver 9800 kr. í rekstrarkostnað nemanda á barnaskólastigi í heimangönguskólum í Reykjavík og kaupstöðum. En ef athugað er, hver er rekstrarkostnaður á nemanda í heimavistarskólunum í dreifbýlinu, þá er hann 20100 kr., þ. e. a. s. rúmlega helmingi hærri. M. ö. o., ríkið ver rúmlega helmingi hærri upphæð til rekstrar skóla fyrir börn í dreifbýlinu heldur en í Reykjavík og kaupstöðunum. Ég segi þetta auðvitað ekki, tek það fram strax, í því skyni að telja eftir þetta fé, síður en svo. Og ég segi það heldur ekki til þess að segja, að ég telji hér nóg að gert eða að með þessu móti sé fullkominn jöfnuður skapaður milli foreldra og nemenda í Reykjavík og kaupstöðum annars vegar og dreifbýlinu hins vegar. Ef ég teldi það, þá tæki ég ekki jafnjákvætt undir þá grundvallarhugsun, sem í frv. hv. flm. felst, eins og ég gerði í fyrstu orðunum, sem ég mælti hér. En hitt tel ég nauðsynlegt að leiðrétta, að íslenzka þjóðfélagið hafi ekki gert sér grein fyrir því, að það er miklu dýrara að mennta börn í heimavistarskólum í dreifbýli en í heimangönguskólum í þéttbýli. Það er miklu dýrara, og ríkið hefur tekið afleiðingunum af þessu með því að verja, eins og ég segi, meira en helmingi meiru á barn í heimavistarskólum í dreifbýli en í heimangönguskóla í þéttbýli.

En ef við lítum á gagnfræðaskólana, þá verður niðurstaða hliðstæðrar athugunar þessi: Rekstrarkostnaður á heimangöngugagnfræðaskóla í Reykjavík og kaupstöðum er 14100 kr. En hvert skólastig verður dýrara og dýrara, eftir því sem hærra kemur, eins og eðlilegt er, en rekstrarkostnaður á nemanda í heimavistargagnfræðaskóla í dreifbýli er 33800 kr. Hér vex munurinn enn, eins og eðlilegt er, að hann geri, og á að gera. M. ö. o., hver nemandi í heimavistargagnfræðaskóla í dreifbýli kostar ríkið 139% meira en hver nemandi í heimangöngugagnfræðaskóla í Reykjavík og kaupstöðum.

Ef við lítum á þriðja stigið, þ. e. a. s. menntaskólana, þá er þess að geta, að rekstrarkostnaður Menntaskólans í Reykjavík er 28 þúsund krónur á nemanda. Enn fer kostnaðurinn vaxandi í samræmi við meginregluna, sem ég lýsti í upphafi, eins og eðlilegt er og engan þarf að undra. Hann er 28 þús. kr. á nemanda, en meðalkostnaður á menntaskólanemanda á Laugarvatni, sem

er heimavistarskóli, er 36700 kr. á nemanda, eða 31% hærri. Þó er munurinn á heimavistar- og heimangönguskólastiginu miklu minni, eins og þið sjáið, en var á gagnfræðastiginu eða um það bil þriðjungur þess. Með þessu er þó ekki nema hálfsögð sagan, vegna þess, að hér hef ég eingöngu verið að tala um rekstursкostnað barnaskólanna, gagnfræðaskólanna og menntaskólanna, eingöngu rekstrarkostnað ríkisins. Hluti sveitarfélaga er þarna ekki meðtalinn, aðeins það, sem ríkið ver til þessara tveggja skólategunda á þessum þremur skólastigum.

Hinn hluti dæmisins er byggingarkostnaðurinn, m. ö. o. hverju ríkið ver til þess að byggja yfir heimangönguskólana í kaupstöðum og kauptúnum annars vegar og svo heimavistarskólana í sveitunum. Þann mun má skýra með því að taka mjög einfalt dæmi. Ef við tökum 80 nemenda skóla, sem er mjög algeng skólastærð um heimavistarskóla í dreifbýli, er 80 manna heimangönguskóli í kaupstað eða kauptúni talinn kosta um 8 millj. kr., eða um 100 þús. kr. á nemanda. 80 manna heimavistarskóli í dreifbýli kostar 33 millj. kr. með núverandi byggingarkostnaði, eða 412 þús. kr. á nemanda. Hann kostar um fjórfalt meira á nemanda en heimangönguskólinn í dreifbýlinu. Mismunurinn er um 25 millj. kr. á þessum 80 manna skóla eða rúmar 300 þús. kr. á nemanda. Samfara þessu, vitandi þetta, hefur engu að síður verið gert stærra átak í byggingu heimavistarskóla í dreifbýli á undanförnum árum en nokkurn tíma áður í sögu íslenzkra skólamála, langtum stærra átak en nokkurn tíma áður. Þetta ber vissulega vitni um það, að stjórnvöld, — ég er ekki að segja, að þeim eigi að þakka það, heldur er þetta sjálfsagt, — hafa sýnt fullan skilning á því, þrátt fyrir þennan gífurlega kostnaðarmun, sem öllum, sem til þekkja, hefur auðvitað verið ljós, að gera það, sem frekast væri unnt einmitt til þess að bæta menntunaraðstöðu unglinga og aðstöðu foreldra í dreifbýlinu til þess að koma unglingum sínum til mennta.

Ef reynt væri að gera sér grein fyrir því, hverju kostnaðarmismunurinn í raun og veru svarar, þá hafa sérfræðingar reiknað það út, að sé miðað við 8% ársvexti af því fé, sem til skólanna fari, svari hann til þess, ef ríkið byggir heimavistarskóla í sveit í stað þess að byggja heimangönguskóla þar sem þéttbýlið er meira, að ríkið leggi fram á hvern nemanda í heimavistarskólanum 25 þús. kr. á ári. Svo undarlega vill til, sem er auðvitað hrein tilviljun, að þetta er einmitt sú upphæð, sem hv. þm. nefnir í frv. sínu. Þetta er auðvitað fullkomin tilviljun, sem ég segi, að ekki eigi neitt skylt við hana. Hann er að hugsa um rekstrarkostnaðinn. Ég er hér að nefna tölu, sem af hreinni tilviljun er svo að segja alveg sama talan, sem sýnir það, að ríkið leggur í raun og veru fram miðað við 8% vexti 25 þús. kr. með hverjum einasta nemanda, sem er í heimavistarskóla í sveit, í því formi, að það byggir yfir hann heimavistarskóla, miðað við það, að um heimangönguskóla hefði getað verið að ræða.

Herra forseti. Ég taldi rétt að láta þessar byrjunarupplýsingar koma fram strax við 1. umr. þessa máls, en skal jafnframt taka það fram, að ég skal gefa fyllri upplýsingar um þetta mál í Sþ., þegar sú fsp., sem þegar er fram komin, mun koma til umr., að því er ég vænti, eftir viku eða svo. Að síðustu vil ég endurtaka þau orð, sem ég hef hér mælt um þetta og hafa haft tvíþættan tilgang: Annars vegar að viðurkenna, að hér er um mikið og brýnt úrlausnarefni að ræða, sem ég tel, að þetta Alþ. þurfi að taka með einhverjum skynsamlegum hætti á. Og hins vegar að leiðrétta þann misskilning, sem því miður hefur orðið vart, að ríkisvaldið hafi á undanförnum árum ekkert gert til þess að bæta úr aðstöðumun, sem auðvitað er og verður aldrei jafnaður að fullu á milli aðila í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar. Það er staðreynd, að það er að mörgu leyti dýrara að lifa, þar á meðal að mennta börn sín, í dreifbýli en þéttbýli. Að fullu verður aðstöðumunur dreifbýlinga annars vegar og þéttbýlinga hins vegar aldrei jafnaður, enda mjög vafasamt, að það sé í sjálfu sér æskilegt. Það má ekki líta á málið eingöngu frá efnahagslegu sjónarmiði. Fleiri atriði, menningarleg, þjóðfélagsleg og siðferðileg, koma hér til skjalanna, þannig að þetta verður aldrei gert upp sem reikningsdæmi einvörðungu. En ég vildi, að þetta frv. færi ekki til 2. umr., án þess að það kæmi fram, að ríkisvaldið hefur þegar sýnt mjög verulegan skilning á þessu máli, og ég lýk orðum mínum með því að taka það fram, að ríkisstj. mun halda áfram, að sjálfsögðu í samvinnu við hið háa Alþ., að kanna þetta mál á þessu þingi, og ég vona, að einhver skynsamleg lausn fáist á málinu, þannig að enn frekari spor verði stigin fram á við til jöfnunar aðstöðumunar fólks í dreifbýli og þéttbýli, vegna þess að þróunin kallar á slík spor.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hér er á ferðinni, eins og hæstv. menntmrh. sagði réttilega áðan, stórmál, og það er ánægjulegt að heyra það, að hæstv. menntmrh. hefur fyrir sitt leyti skilning á því og fyrir sitt leyti vilja á að ráða á því nokkra bót, þessu vandamáli. Fyrir sitt leyti, segi ég. Reynslan hefur því miður sýnt, að góður skilningur og vilji hæstv. menntmrh. kemur stundum vægast sagt að harla litlum notum, ef framkvæmdin er jafnframt komin undir góðum vilja og skilningi annars hæstv. ráðh., þ. e. a. s. þess hæstv. ráðh., sem fer með fjármál. Reynslan hefur æði oft orðið sú varðandi embættisrekstur hæstv. menntmrh., að það góða, sem hann vill, gerir hann ekki, einfaldlega vegna þess, að hæstv. fjmrh. vill ekki, að hann geri það. Við skulum þó vona hið bezta. Það hefur sjaldan verið eins mikið í húfi og núna í sambandi við þetta mál, að það góða, sem hæstv. menntmrh. vill, vilji líka hæstv. fjmrh. Fjöldi ungra Íslendinga á undir því, að góður skilningur ríki og einlægt samstarf milli þessara hæstv. ráðh. um lausn þess mikla vanda, sem hér er um að ræða.

Það er ekki ýkjalangt síðan ég hafði lífsframfæri af kennslu. Það eru aðeins 2½ ár, síðan ég starfaði að staðaldri sem kennari við heimavistarskólann í Reykholti í Borgarfirði. Ég vann þar að því að búa unglinga undir landspróf og

gagnfræðapróf. Í nemendahópi þeim, sem ég skildi við vorið 1967, voru margir þeir, sem vegna gáfna og dugnaðar virtust eiga fyrir sér bjarta braut, bjarta framtíð á veginum til frekari menntunar. Og það var ekki laust við, að maður fyndi til nokkurs stolts yfir því að hafa átt örlitinn þátt í því að koma þessu fólki af stað á þessari braut. En núna, þegar maður ferðast um Vesturland, þar sem stærsti hluti þessara nemenda á heima, og maður fer að forvitnast um það, hvernig þeim hafi farnazt á menntabrautinni, síðan skildi með okkur vorið 1967, þá kemur í ljós, að margir þessara unglinga hafa alveg stöðvazt á menntabrautinni. Þeir hafa ekki komizt að heiman til frekara náms, og það er allt útlit fyrir, að dugnaður þeirra og hæfileikar til frekari mennta verði þeim eða þjóðfélaginu að harla litlum notum. Efnahagur þeirra og foreldranna bannar það, að ráðizt sé í þann kostnað, sem fylgja mundi frekari skólagöngu. Af mörgu ömurlegu, sem versnandi þjóðfélagsástand veldur fólkinu úti í dreifbýlinu, þá held ég, að þetta sé einna ömurlegast. Af margs konar sóun, sem versnandi efnahagur veldur til lömunar á framtaksgetu fólksins úti í dreifbýlinu, þá er þessi sóun e. t. v. sú háskalegasta, sú sóun að láta dugnað og námsgáfur ungmenna ekki njóta sín. Það er þess vegna sízt of sterkt að orði kveðið hjá hv. flm. þessa frv., að hér sé um að ræða menningarlegt misrétti og háskalegt ranglæti og þjóðfélagið verði að rétta fram hjálpandi hönd, ef ekki eigi verr að fara.

Þeir efnilegu unglingar, sem ég var að nefna áðan, gamlir nemendur mínir, gætu eflaust flestir haldið áfram námi, ef þeir byggju svo nærri framhaldsskólunum, að þeir gætu sótt þangað námið heiman að frá sér. En aukakostnaður sá, sem dvöl þeirra fjarri heimilunum um skólatímann veldur, hefur það í för með sér, að námsferill þeirra stöðvast, á sama tíma og jafnaldrar þeirra í þéttbýlinu geta haldið áfram námi, jafnvel þó að fjárhagur þeirra og foreldranna sé kannske ekki miklu betri. Þetta margvíslega misrétti, sem fólkið úti í dreifbýlinu verður að sæta í samanburði við þá, sem í þéttbýlinu búa, hefur sem sé verið að aukast stórlega, sem stafar af mismunandi aðstöðu, að því er varðar öflun menntunar handa ungmennum. Og vegna hins slæma árferðis eins og t. a. m. í landbúnaði núna undanfarin sumur, sérstaklega nú s. l. sumar, þá má eflaust gera ráð fyrir, að þessi aðstöðumunur eigi eftir að aukast enn á þessum vetri og á þeim næsta, og þörfin á opinberri aðstoð verður þess vegna að sjálfsögðu þeim mun meiri.

Núna fyrir nokkru sá ég niðurstöður af athugun, sem einn kunningi minn gerði á því, hvaðan það fólk var, sem útskrifaðist sem stúdentar vorið 1967 og 1968. Hann tók tillit til fólksfjölda í ýmsum landshlutum. Hann miðaði sem sé við höfðatölu, prósentutöluna, og í hlutfalli við þessa tölu reyndust stúdentar frá þéttbýlissvæðunum í námunda við menntaskólana hér í Reykjavík og á Akureyri vera helmingi fleiri en stúdentar frá öðrum landshlutum. Af hverjum þremur stúdentum reyndust sem sé hlutfallslega tveir vera frá umræddum þéttbýlissvæðum, en aðeins einn annars staðar að af landinu. Þetta segir sína sögu um aðstöðumun þann, sem fólkið í dreifbýlinu hefur orðið að sæta í samanburði við þá, sem í þéttbýlinu búa, Og á nú þetta ástand kannske enn að versna? — Á kannske endirinn að verða sá, að möguleikar til stúdentsmenntunar og síðan háskólanáms og e. t. v. alls svonefnds framhaldsnáms verði forréttindi þeirra, sem í þéttbýlinu búa?

En í sambandi við þennan þátt varðandi menntunarvandamál dreifbýlisins, sem hér er til umr., væri kannske engin vanþörf á því að ræða fleiri þætti þessara mála ofurlitið, því að enda þótt þessi mál hafi oft verið rædd hér á Alþ., og annars staðar á opinberum vettvangi, þá vantar áreiðanlega mikið á það, að þeir, sem landinu stjórna, og þjóðin, a. m. k. sá hluti hennar, sem í þéttbýlinu býr, hafi gert sér nokkra grein fyrir því, hvernig ástandið er í þessum efnum, hve alvarlegt það er.

Eða hvað til að mynda um sjálfa undirstöðuna, sjálfa undirstöðu allrar menntunar, þ. e. a. s. barnaskólamennntunina? Við gerðum á því athugun í Reykholti fyrir þremur árum, hve mikillar barnaskólamenntunar nemendur okkar hefðu notið, áður en þeir komu í Reykholt, hve mikillar undirbúningsmenntunar, hve mikla skólagöngu þeir hefðu fengið á barnsaldri. En nemendur í Reykholti eru hvaðanæva að af landinu, þó að hlutfallslega stærsti hluti þeirra sé að vísu úr nærliggjandi héruðum, þ. e. a. s. af Vesturlandi. Niðurstaðan af þessari rannsókn okkar varð sú, að það mátti teljast alger undantekning, — gott, ef þess var bara nokkurt dæmi, — að nemandi úr strjálbýlinu eða sveitum hefði notið þeirrar skyldufræðslu, sem nemendur í þéttbýlinu hafa allir notið. Sum þessara sveitabarna höfðu fengið svona tveggja, kannske þriggja mánaða skólagöngu eða svo þennan veturinn, síðan enga næsta, svo kannske tvo eða þrjá mánuði, og nokkur þeirra höfðu verið, að því er virtist, aðeins með höppum og glöppum hjá farkennara.

Og það mætti spyrja: Hvernig hefði verið frammistaða þessara nemenda, þegar þeir áttu að fara að keppa við jafnaldra sína, sem höfðu hlotið lögboðna skyldufræðslu í þéttbýlinu? Reynsla okkar var sú, að fyrst í stað nægði þeim dugnaðurinn og ástundunin til þess að halda nokkurn veginn í við jafnaldra sína úr þéttbýlinu. En þegar frá leið, fór undirbúningsleysið að segja til sín, og þessir nemendur, börn sveitanna, fóru að dragast aftur úr, og allmörg þeirra gáfust algerlega upp. M. ö. o., undirbúningsleysið batt þarna alveg enda á frekari menntun þeirra. Þegar ég segi undirbúningsleysi, þá á ég ekki við það, að börnin úr sveitunum hafi verið þetta síður þroskuð eða ekki eins mennileg og börnin úr þéttbýlinu. Þvert á móti voru þau að mörgu leyti þroskaðri og betur að sér um lífið og tilveruna yfirleitt heldur en börnin úr þéttbýlinu. En hins vegar skorti þau þjálfun við skólanám, og það var það, sem gerði þarna gæfumuninn.

„Já, en er þetta nú ekki allt að lagast?“ spyrja menn kannske. Jú, það þokast töluvert í áttina sums staðar og raunar allmikið á vissum svæðum. En þó er það þannig, t. a. m. í mínu heima-

héraði, þar sem ástandið er þó miklu betra í þessum málum en víða annars staðar, eins og t. a. m. sums staðar á Vestfjörðum og í Húnavatnssýslum, að mér skilst, og Skagafirði og fyrir austan, þar sem farkennsla tíðkast enn þann dag í dag, að því fer víðs fjarri, að börnum okkar gefist kostur á skólagöngu, sem að lengdinni til að minnsta kosti jafnist á við það, sem börn í þéttbýlinu fá. 9 ára börn í þéttbýlinu hafa, eins og kunnugt er, fengið tveggja vetra kennslu og 8—9 eða a. m. k. — 7—8 mánuði hvorn veturinn. 9 ára börn uppi í Reykholtsdal höfðu í fyrra vor allt í allt verið í skóla 7—8 vikur, þ. e. a. s. jafnaldrar þeirra í þéttbýlinu höfðu fengið tvisvar sinnum fleiri mánuði í skólakennslu heldur en þessi börn höfðu fengið vikurnar. En ég tek það fram, að þetta er ekki viðkomandi skólastjóra eða skólanefnd að kenna, heldur því, að í þessum skóla er ekki aðstaða til þess að veita börnunum þá menntun, sem lög mæla fyrir um. Og sá árangur, sem ég var að nefna, var nokkuð afskiptari en ella hefði orðið, vegna þess að á þessum vetri var þarna í fyrsta sinn farið að kenna 7 ára börnum. Þegar þessi árgangur byrjar sitt nám 8 ára, er sem sé í fyrsta sinn í þessum skóla, Kleppjárnsreykjaskólanum, farið að kenna 7 ára börnum, þ. e. a. s. uppfylla skólalögin að þessu leyti. Og þrengsli og ýmsir skipulagserfiðleikar, sem stöfuðu af því, að tveir árgangar hófu þarna nám í skólanum á sama tíma, urðu þess valdandi, að þessi tiltekni árgangur fór verr út úr því en hann hefði ella farið, þ. e. a. s., maður gæti gert ráð fyrir, að hann hefði kannske annars fengið 14 vikur í staðinn fyrir 7.

En nú er það svo, að stórum hluta barna á þessu svæði, Kleppjárnsreykjasvæðinu, er ekið í skólann og heim aftur daglega, þannig að hægt er að komast af með miklu minna heimavistarpláss en ella. En að því er varðar flesta aðra barnaskóla í sveitum á Vesturlandi, þ. e. a. s. a. m. k. Varmalandsskólann og Laugagerðisskólann og Laugaskólann í Dölum, þá verður slíkum akstri ekki við komið af kostnaðarástæðum og ýmsu fleiru. Þar er það sem sagt heimavistarplássið, sem skammtar skólatímann. Og hver er þá skólatími barnanna á viðkomandi svæðum? Það vildi svo til, að ég hitti núna í síðustu viku einn þessara skólastjóra, skólastjórann á Varmalandi, og innti hann eftir þessum málum. Það vildi svo til, að ég hitti hann í einum bankanum í Reykjavík, og ég sá um leið bregða fyrir öðrum skólastjóra utan af landsbyggðinni. Það er nefnilega þannig með þessa skólastjóra og skólanefndarformenn viðkomandi skóla, að þeir þurfa oft að leggja á sig mikið erfiði og ferðalög hingað suður og liggja við í bönkum og öðrum opinberum stofnunum, svona álíka og gerist um útgerðarmenn og forstjóra úti í dreifbýlinu, sem ramba stöðugt á barmi gjaldþrots. En þetta er önnur saga. Ég notaði sem sagt tækifærið til þess að spyrja skólastjóra Varmalandsskólans, hvað hann gæti veitt börnum á sínu svæði mikla skólavist, hverjum árgangi, og hann gaf mér þessar upplýsingar: 7 ára börn fá 30 skóladaga á vetri. 8 ára börn fá 50 skóladaga, 9—10 ára börn fá 65 skóladaga, 11—12 ára börn fá 90 skóladaga. Börn í þéttbýli eru hins vegar í skóla 150—170 daga á vetri hverjum. Skóladagar þeirra á umræddu aldursskeiði, eða frá 7 ára til 12 ára, eru sem sé hátt í það þrisvar sinnum fleiri en hinna barnanna, þ. e. a. s. þarna í dreifbýlinu, eða næstum þúsund á móti 380—390. Og þó mega börnin á Varmalandssvæðinu, sem eiga aðgang að skóla, sem rekinn er eins vel og aðstæður frekast leyfa, skipaður ágætis starfsliði, sannarlega hrósa happi í samanburði við mörg börn úti í dreifbýlinu, sem verða t. d. að sætta sig við farkennslu enn þann dag í dag.

Þegar menningarforkólfar hér í Reykjavík eru að skrifa í blöðin um ástandið í skólamálunum, þá klifa þeir á því sýknt og heilagt, hvernig ástandið sé varðandi framhaldsskólana, það sé í hinum versta ólestri, og það er sannarlega satt. En þeir gleyma því, þessir góðu menn, eða virðast ekkert um það vita, að ástandið er enn verra, að því er varðar undirstöðu allrar menntunar, a. m. k. að því er varðar sveitirnar. Það er í enn verri ólestri.

Ég held, að það hafi verið í fyrra eða hitteðfyrra, að ungir sjálfstæðismenn hér í Reykjavík, Heimdellingar, samþykktu ályktun þess efnis, að stefnt skuli að því að annar hver Íslendingur, ef ekki 2 af hverjum 3, verði stúdentar. Afskaplega væri þetta nú gott og skemmtilegt til afspurnar fyrir okkur úti um heim. En okkur sveitamönnum hefði hins vegar fundizt, að þessum ungu mönnum hefði verið nær að beina því til ríkisstj. sinnar, hvort ekki væri rétt að ganga fyrst úr skugga um það, að Íslendingum yrði kennt að lesa og skrifa, áður en þeir yrðu gerðir að stúdentum í svo stórum stíl.

Ekki þar fyrir, að sveitabörn kunna yfirleitt sæmilega að lesa og skrifa og sennilega ekkert síður heldur en börn í þéttbýlinu, þrátt fyrir takmarkaða skólagöngu. Sennilega hafa þau meiri not þeirrar skólagöngu, sem þau fá, hlutfallslega heldur en börn í þéttbýlinu fá notið sinnar. En það, sem mestu skiptir, er það, að öll sæmileg heimili, allir sæmilegir foreldrar, taka að sér sjálfir þá kennslu, sem börnin geta ekki fengið vegna takmarkaðrar skólagöngu. Eða m. ö. o., það, sem hefur fyrirbyggt algert neyðarástand í þessum efnum, er sú einkakennsla, sem sveitabörn hafa notið hjá foreldrum sínum og öðrum fullorðnum á heimilum, og mundi vissulega muna um reikninginn, ef þjóðfélagið ætti að borga alla þá einkakennslu, jafnvel þó að það væri nú ekki nema því smánarverði, sem kennsla á Íslandi er yfirleitt greidd. Og neyðarástand er þetta að sjálfsögðu að því leytinu, að annríki er víða mikið í sveitum og ekkert síður en í þéttbýlinu og því alls ekki víst, að bændafólki öllu endist tími og þrek til þess að stunda að staðaldri kennslu jafnframt öðrum störfum sínum.

Nú er það að vísu rétt, að slæmt ástand í þessum efnum má að einhverju leyti kenna viðkomandi sveitarfélögum sjálfum, það skal játa. Þau hafa ekki gert það, sem þeim ber í þessum efnum. En ég held, að menn hljóti að vera sammála um það, að ef sveitarfélögin geta ekki, annaðhvort af fátæktar sökum eða einhverjum öðrum ástæðum, séð til þess, að börn þeirra fái nauð-

synlega skólagöngu, þá verði að koma til aukinn stuðningur hins opinbera, þ. e. a. s. ríkisins, því að hér er um að ræða, eins og hv. flm. þessa frv. sagði hér áðan, vandamál, sem snertir þjóðfélagið í heild.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég verð nú að játa það, að ég er ekki tilbúinn til þess að taka algera afstöðu til gerðar þessa frv., sem hér liggur fyrir, því að mér sýnist fljótt á litið, að á því kunni að vera ýmsir annmarkar, og kannske er það nú nokkuð snöggsoðið til þess að vera grundvöllur undir það yfirgripsmikla mál, sem hér er til umr. En hins vegar vil ég segja það um efni málsins, að það hefur verið lengi áhugamál mitt og það hefur verið baráttumál mitt og það hefur verið baráttumál margra okkar framsóknarmanna á þingi undanfarin ár, í herrans mörg ár, að það verði rækilega undirbúin löggjöf um þetta efni, þ. e. a. s. um fjárhagslegan stuðning við nemendur, sem verða að vista sig utan heimila sinna vegna skólagöngu, því að það eru orðin, eins og ég segi, mörg ár, síðan við fórum að vekja máls á þessu hér, nokkrir þm. Framsfl., og bentum við þá á það, að hér væri raunverulega um stórmál að ræða og kannske eitt hið stærsta mál, sem við væri að glíma í menntamálum þjóðarinnar og hagsmunamálum þess fólks, sem byggir þær dreifðu byggðir. Þess vegna verð ég að segja það, að ég út af fyrir sig er ákaflega ánægður með þær umr. á flestan hátt, eins og þær hafa orðið hér í dag. Það hefur verið ákaflega ánægjulegt, m. a., að hlusta hér á hæstv. menntmrh. nefna þetta nú stórmál, sem nauðsynlegt sé að finna lausn á, og það þurfi helzt að gera á þessu ári og þessu þingi. En eins og ég sagði, þá hefur þetta mál verið hér fyrir þinginu nú um mörg undanfarin ár. Það kom fyrst fyrir þingið í tillögubúningi árið 1965. Það var flutt 1966, 1967 og 1968. Og þar er í þessari till., eins og hún var upphaflega samin, fortakslaust gert ráð fyrir því, að sú stefna sé upp tekin, að „till. séu gerðar um fjárhagslegan stuðning við nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna vegna skólagöngu," eins og segir í texta till. frá því í fyrra, og hún er samhljóða því, sem var á fyrrverandi þingum.

Um afgreiðslu og meðferð þessa máls hér í þinginu er það að segja, að það var jafnan tekið til umr. Ég hélt mína framsöguræðu hér a. m. k. fjórum sinnum, og málið fór til n., en það var aldrei afgr. úr n. fyrr en í fyrra. Þá tók, að ég hygg, allshn. Sþ., sem hafði málið til meðferðar, þetta mál til vinsamlegrar athugunar, mjög vinsamlegrar athugunar, og sú varð niðurstaðan, að n. lagði til, að þessi till. yrði samþ., þó með verulegum breyt., sérstaklega með nokkuð miklum efnisbreytingum, vegna þess, að eins og till. var orðuð eftir breytingar n., þá er ekki um jafnfortakslausa stefnu í þessu máli að ræða, eins og var í þeirri till., sem við framsóknarmenn höfðum flutt þá í fjögur ár.

Mig langar einmitt að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh., sem gaf þær upplýsingar hér áðan, að þetta stórmál hefði verið til athugunar í ráðun. á s. l. sumri, til að bæta við þessi orð hæstv. ráðh. Ég veit, að þetta er alveg rétt. Þetta hefur auðvitað verið til athugunar hjá rn. í sumar, en mig langar einmitt í þessu tilefni að minnast á, að upphafið að þessari athugun er einmitt samþykkt þessarar ályktunar Alþ. frá því í vor, en þar segir:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að gera yfirlit yfir kostnað ríkisins við skyldunám og framhaldsskóla. Skal á yfirlitinu mega sjá, hver hann er, a) við heimavistarskóla, b) við aðra skóla. Einnig komi fram á yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist. Stefnt verði að því, að yfirlit þetta verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ., og síðan verði fyrirsögninni breytt í samræmi við þessar efnisbreytingar, sem urðu á till."

Þessi till. allshn. var sem sagt samþ. sem ályktun Alþ. í apríl eða maí s. l., og það er þessi ályktun, sem varð til þess, að þetta mál var tekið til sérstakrar athugunar í rn. og þá kannaðar þær staðreyndir, sem varða þetta mál, eins og hæstv. ráðh. orðaði það. Þetta vildi ég nú til upplýsingar um málið taka fram og benda á, að hér er engan veginn um nýtt þingmál að ræða. Það er búið að reyna að leiða athygli hv. þm. að þessu máli og hæstv. ríkisstj. nú í hálfan áratug.

Í sambandi við þetta frv., sem liggur hér fyrir, sagði ég áðan, að ég væri ekki tilbúinn til þess að taka afstöðu til gerðar þess, vegna þess, að mér sýnist það á margan hátt ekki nægilega undirbúið. Og það skýrðist kannske enn betur fyrir mér, þegar ég heyrði hv. framsögumann og flm. frv. nefna tölur í þessu sambandi. Hann gerir ráð fyrir því, að 25 þús. kr. verði veittar úr ríkissjóði til hvers nemanda á þessum ákveðnu skólastigum, sem hann nefnir í frv. sínu, og síðan sagði hann hér í ræðu sinni áðan, að það mætti ætla, að kannske 5—10 millj. kr. þurfi úr ríkiskassanum í þessu skyni. Ég held, að þetta dæmi sé ákaflega skakkt reiknað hjá hv. flm. Ég er alveg sannfærður um, að þetta er miklu stærra mál en svo, miklu stærra fjárhagsmál en það, að það séu 5—10 millj. Ef svo væri, þá er þetta nákvæmlega ekki neitt. Þessa tölu má áreiðanlega tífalda og miklu meira en það. Ég hygg, að til þess að gera eitthvert verulegt átak í þessu máli, þurfum við að verja úr ríkissjóði kannske 100, 150—200 millj. kr. á ári, ef nokkurt verulegt gagn á að verða að þessu.

Þetta vildi ég nú segja um frv. á þessu stigi. Ég saknaði þess að vísu í ræðu hæstv. ráðh. áðan, sem var ítarleg, þar sem hann kom víða við, og var að sumu leyti þannig, að það kom ekki beint þessu máli við, að hann skyldi ekki geta gefið okkur nú nákvæma tölu þeirra, sem í heimavist búa, ég meina nákvæma tölu. Fyrst í ræðu sinni kvaðst ráðh. ekki ætla að gefa neinar upplýsingar á þessu stigi. Ég veit nú ekki af hverju það var. Það var helzt vegna þess, að það hefur komið fram fsp. frá einum stjórnarþm. um, hvað liði athugun á þessu máli, og síðar gefur hæstv. ráðh. upp tölur, 3063 og líklega 2235, held ég, þannig að þetta eru u. þ. b. rúmlega 5000 manns, sem þarna er um að ræða. (Gripið fram í.) Já, það er einmitt það, mér er ekki ljóst, hvað þetta

er í rauninni stórt dæmi, hvað það eru margir, sem þarna er um að ræða. Í þessari tölu, 2235. (Gripið fram í.) Já, en það er einmitt þetta, sem skiptir svo miklu máli, að hafa þessar tölur alveg nákvæmar og gera sér fyllilega grein fyrir því, hvað þetta dæmi er stórt. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir því, hvað þetta muni vera stórt eftir hinum ófullkomnu upplýsingum, sem ég hef þó reynt að afla mér á opinberum stöðum. Ég hef fengið mjög óljósar upplýsingar um þetta, en þó fengið í hendur skýrslur, sem ég reyndi að vinna eins vel upp úr og mér var unnt, og áætla og gera mér grein fyrir, hvað það mundu vera margir nemendur, sem dveldust utan heimila, og ég þóttist komast að þeirri niðurstöðu, að þarna mundu tæplega vera undir 6—7 þús. manns. Það má vel vera, að þetta sé rangt áætlað hjá mér, og ég viðurkenni, að forsendurnar, sem ég geng út frá, kunna að vera skakkar að nokkru leyti. En sem sagt, hér er um verulega stórt fjárhagslegt mál að ræða, og ég hygg, að það muni kosta fremur hundruð milljóna en tugi að koma þessu svo fyrir, að vel fari. Þess vegna er rétt, að hv. Alþ. geri sér alveg grein fyrir því, að hér er raunverulega um stórmál að ræða, hvernig sem á það er litið, en þó er það þess eðlis, jafnvel þótt það sýnist vera stórt fjárhagsmál, að við verðum að leysa það. Og ég vil geta þess í sambandi við þetta mál allt saman, að við Íslendingar stöndum áreiðanlega mjög að baki öðrum þjóðum, sem búa við svipaðar aðstæður og á sama menningarstigi, hvað snertir stuðning við skólanemendur, bæði skólanemendur almennt og þó sérstaklega þá, sem í dreifbýli búa. Ég hygg, að t. d., ef menn kynna sér þær reglur, sem gilda um þessi efni á Norðurlöndum, a. m. k. í Noregi og Svíþjóð, þá muni það ljóst verða, að þarna stöndum við þeim mjög að baki. Það eru stórar upphæðir, sem Norðmenn veita í þessu skyni, og þeir gera mikið til þess að draga úr þessum aðstöðumun, sem dreifbýlisunglingarnir verða að þola í sambandi við skólagöngu sína.

Ég skal nú ekki taka að öðru leyti neinn þátt í þessum almennu umr., sem orðið hafa. Ég ætla aðeins að benda á þessi atriði, sem ég hef gert, því að þau kunna að vera upplýsandi fyrir málið ekki síður en ýmislegt annað, sem hér hefur fram komið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, vegna þess að ég þarf vegna annarra skyldustarfa að víkja af fundi og vera kominn annað kl. 3.30, en mig langar til að segja örfá orð. Ég skal ekki gera það á þann hátt, að það þurfi að vekja nokkrar deilur, eftir að ég hef orðið að víkja af fundi.

Jónas Árnason, hv. 4. landsk. þm., nefndi nokkur dæmi um þá erfiðleika, sem eru á því, bæði hér á Íslandi og alls staðar að veita börnum og unglingum fullnægjandi menntun í dreifbýli. Það er ekkert sérstakt. Ég efast ekki um, að þær tölur, sem hann nefndi, eru réttar, sú frásögn sé rétt, og þetta vekur enn athygli á nauðsyninni á því að gera hér enn betur en gert hefur verið.

Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að hér er að sjálfsögðu um alþjóðlegt vandamál að ræða. Hér er um vandamál að ræða, sem allar þjóðir eiga við að etja, þar sem fólk býr í mjög dreifðum byggðum. Ég hef aflað mér upplýsinga um þetta sama vandamál í tveimur löndum, í Noregi og Kanada, þar sem einnig er um mikið dreifbýli að ræða í vissum landshlutum, og án þess að orðlengja um þetta mál á þessu stigi, það má gera það síðar, ef tilefni gefst til, þá þori ég að fullyrða, að það er ekki lakar búið að börnum og unglingum, hvað menntunaraðstöðu snertir, í dreifbýli á Íslandi en t. d. í hliðstæðu dreifbýli í Noregi og Kanada. Um þetta liggja fyrir óyggjandi upplýsingar, sem enginn vandi er að láta í té. Okkur er jafn ljóst og yfirvöldum í Noregi og Kanada, að hér er um mikinn vanda að ræða, sem þörf er á að bæta úr, og er smám saman reynt að bæta úr eins og kostur er á.

Það er líka misskilningur, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, að við munum standa að baki öðrum þjóðum um almennan stuðning við námsmenn. Það er líka unnt að gera samanburð á þessu, og við þolum fullkomlega samanburð, hvað það snertir, varðandi stuðning við námsmenn, við þjóðir í V.-Evrópu yfirhöfuð að tala.

Að síðustu vil ég aðeins segja eina setningu í tilefni af þeim ummælum hv. 4. landsk. þm., að hann þakkaði mér þann skilning, sem fram hefði komið í ræðu minni á því mikla vandamáli, sem hér er um að ræða, en sagði, að sá skilningur væri ekki nægjanlegur, ef svo færi, eins og oft vildi verða, að allt strandaði á andstöðu hæstv. fjmrh. Þessu get ég ekki látið ómótmælt. Án þess að fara út í almennar umr., þá vildi ég aðeins segja, að t. d. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir hv. Alþ., ber síður en svo vitni um það, að um almenna andstöðu af hálfu hæstv. fjmrh. við aukin framlög til fræðslumála sé að ræða. Þeir, sem skoða fjárlagafrv., sjá, að þar er gert ráð fyrir hvorki meira né minna en fjórðungshækkun á framlögum til fræðslumála á næsta ári miðað við árið í ár. Þetta er síður en svo vitnisburður um skilningsleysi hæstv. fjmrh. á því, að nauðsyn sé til stórra átaka í fræðslumálum þjóðarinnar.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Það er sannarlega leitt til þess að vita, ef þetta mikilvæga mál, sem hér er á dagskrá, á að verða einhvers konar málfundaæfing. Mér fannst af orðum hæstv. menntmrh. áðan, að hér væri orðinn einhvers konar misskilningur á misskilning ofan, en satt að segja lít ég svo á, að málið sé of aðkallandi til þess, að hv. Alþ. geti verið að leika sér að því, e. t. v. fund eftir fund.

Hvað snertir það frv., sem hér liggur frammi, vildi ég hafa svipuð orð um það og hv. næstsíðasti ræðumaður gerði, að mér þykja e. t. v. vera á því ýmsir skafankar, en hins vegar er meiningin sú sama og ég hygg, að við velflestir mundum vilja gera að okkar. En get þó ekki fengið út, hvers vegna endilega þarna á að vera talan 25 þús., hvort ekki er eitthvert hlutfall, sem eðlilegra væri að miða við á heildarkostnaði. Við vitum það, að íslenzka krónan er nú heldur laus í rásinni, og jafnvel þótt vísitölubætur eigi að koma ofan á, þá gæti svo farið, að með árun-

um yrði þetta allt of lágt, jafnvel þó að það væri þokkalega gott í dag.

Eins og hv. næstsíðasti ræðumaður tók fram, hefur hér verið um tillöguflutning að ræða þing eftir þing af hálfu framsóknarmanna til þess að reyna að skapa úrbætur í þessum efnum, en hér hefur landsbyggðin verið mjög hlunnfarin. Það á enginn einn flokkur sök á, að þessu máli hefur verið varpað á dreif undanfarna áratugi án þess að sinna því, en hins vegar mega þeir þakkir hafa, sem vakið hafa málið upp á síðustu þingum og á þessu þingi. Mér þykir þetta mál vera of stórt og ég lít það of alvarlegum augum til þess að geta horft upp á það, að það verði gert að einhverju leikspili hér á þingi, og ég satt að segja ætlast ekki til þess af nokkrum þeim, sem hér á sæti innan veggja, að hann taki ekki á þessu með fullri alvöru.

Það er alveg rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði hér áðan, að hagur íslenzkra alþýðuheimila er þrengri núna en hann var fyrir 5—10 árum síðan, og þau eru ófá íslenzku alþýðuheimilin, sem ekki höfðu efni á því að senda börnin sín til áframhaldandi mennta í haust sem leið. Og þeir eru ófáir líka unglingar, sem hleyptu heimdraganum til náms í haust án þess að sjá fram úr því, hversu úr rætist, þegar á veturinn líður. Það er þess vegna, sem þjóðin, unga fólkið í landinu, á kröfu hjá Alþ., hjá þeim forystumönnum þjóðarinnar úr öllum flokkum, sem sýknt og heilagt tala um það, að menntunin sé bezta fjárfestingin, að nú sé hlaupið undir bagga. Ekki einu sinni, heldur að hér verði sett varanleg löggjöf, sem komi í veg fyrir það, að landsbyggðin, eftirleiðis eins og hingað til, sitji við skarðari hlut en þeir, sem í þéttbýlinu eiga heima. Það orkar ekki tvímælis, að hjá tekjurýrum bændum, sem senda börnin sín í myndarlega heimavistarskóla, kennir tómahljóðsins í buddu og þrenginga á viðskiptareikningi, þegar búið er að gera upp skólareksturinn, þó svo að ríkið hlaupi þar samkv. skólakostnaðarl. miklu meir undir bagga heldur en það gerir, þegar komið er upp á hærri skólastig. Mér er kunnugt um það og það er ekkert annað en venjulegt viðskiptalögmál, að þeir bændur, sem hafa átt við heimavistar barna- og unglingaskóla e. t. v. 5—6 börn, hafa lent í lokun á viðskiptareikningi kaupfélagsins, þegar þeir hafa þurft að gera upp fyrir börnin. E. t. v. í ýmsum tilfellum hefur verið bætt úr því, vegna þess að góðir forystumenn hafa átt í hlut, en hins vegar er á þessu sviði um að ræða misrétti, að börn úti á landi, unglingar og nemendur á framhaldsskólastigum, eins og hér hefur komið fram í ræðum allra hv. þm. og hæstv. menntmrh., sitja við skarðan hlut miðað við þéttbýlið.

Ég gat þess hér í upphafi, að það mundu margir nemendur hafa farið í skóla nú í haust án þess að sjá fyrir endann á því, hvernig þeir klyfu veturinn, og það er þess vegna, sem mér finnst, að nú megi ekki draga þetta mál til eilífðarnóns. Það má ekki deila um það fund eftir fund, hvort hæstv. fjmrh. hafi slæm áhrif á hæstv. menntmrh., eða hvernig þeirra félagsskapur sé, heldur verður hv. Alþ. að finna leið út úr þessu máli, því að þetta er þjóðarvandamál. Það er þjóðarvandamál, þegar ungur og efnilegur nemandi þarf að sitja heima. Það er þjóðarvandamál, þegar unglingurinn flosnar upp á námsbrautinni. Sum mál eru flokksmál, önnur eru mál, sem öll þjóðin kallar á. Þetta er eitt þeirra mála, sem öll þjóðin kallar á, háttv. alþm. og ráðh. mega ekki hafa það að leiksoppi. Hér verður að ráða úr, áður en á veturinn líður, og unga fólkið í skólunum þolir ekki, að úrlausnin komi ekki fyrr en næsta ár.

Ég ætla ekki að gera þetta frv. sem slíkt að umræðuefni, en eins og ég tók fram í upphafi, þá fyndist mér, að það gæti verið á ýmsan hátt betra, og ég held, að það væri rétt að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, en meiningin er góð og meiningin er rétt. Hún er sú sama og hefur komið fram hér á undanförnum þingum og í þeim þáltill., sem fluttar hafa verið, og hún á áreiðanlega hljómgrunn í öllum þingflokkum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að segja meira að sinni, en áskil mér rétt til að fara nokkrum orðum um þetta mál síðar, ef ég sé ástæðu til.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðu sumra þeirra þm., sem hafa rætt þetta mál, þá hefur þetta mál verið rætt mikið á undanförnum þingum og þáltill. samþ. á síðasta þingi, og eins og kom fram í ræðu menntmrh., er von á því, að frá þeirri könnun, sem fram fór eftir samþykkt þeirrar till., verði skýrt ítarlega hér á hv. Alþ. í næstu viku. Ég hygg, að það sé ekki ágreiningsefni hjá a. m. k. öllum þorra þm., að nauðsyn beri til að kanna þessi mál, sem hér eru til umr., mjög náið og finna grundvöll til þess að gera enn minni þann aðstöðumun, sem er hjá fólki, sem býr í strjálbýli og því, sem í þéttbýli býr. Ég hefði talið, að það hefði verið rétt að bíða eftir þessari skýrslu og gera sér í raun og veru grein fyrir því, hver þessi aðstöðumunur er nú að krónutölu en það kemur ekki fram í grg. með þessu frv. neinn rökstuðningur fyrir því og ekki heldur í framsöguræðu hv. flm. frv.

Það er margt hér, sem kemur til, og það má líka geta þess og má gjarnan halda því á lofti, að það hefur margt verið gert til þess að jafna aðstöðumuninn á undanförnum árum, og það er fleira, sem á auðvitað að koma til, en beinar greiðslur þeirra, sem þurfa að senda börnin sín í skóla, og ríkisvaldsins. Þar kemur til einn þáttur annar, sem er þáttur sveitarfélaganna í þessu máli. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að með nýju skólakostnaðarlögunum er ríkið að taka á sig meiri kostnað í byggingu heimavistarhúsnæðis, og í beinni byggingu heimavistarhúsnæðis greiðir ríkið allt upp í 100% af þeim byggingarkostnaði. Við skulum einnig gera okkur grein fyrir því, hvað greiddur er mikill þáttur í rekstrarkostnaði heimavistarskólanna. Þar greiðir ríkið vinnulaun við alla matseld, það er ekki reiknuð húsaleiga eða húsnæði, heldur má segja, að þar sé um hráefniskaup að ræða. Þetta er auðvitað ærið nóg fyrir þann, sem hefur úr tiltölulega litlu að spila, að greiða þann kostnað, þó sérstaklega ef börn eða unglingar frá einu og sama heimili eru fleiri en eitt.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, finnst mér

vera of laust í reipunum. Það er slegið hér fastri ákveðinni tölu og ákveðinni upphæð til greiðslu á hvern nemanda, og mér fannst einhvern veginn, — ég vona, að það sé ekki misskilningur, — að hv. flm. frv. hafi í raun og veru ekki gert sér grein fyrir, hvað þetta geta orðið mikil útgjöld fyrir ríkissjóð, og sömuleiðis, hvort orðalag 1. gr. frv. nái yfir það, sem flm. ætlast til, en hann talar um, að ríkið greiði af kostnaði við námsdvöl í ríkisskólum, hvort heldur er á barnaskólastigi, í skólum gagnfræðastigsins eða í menntaskólum. Hæstv. menntmrh. benti réttilega á, að ekki næði þetta til háskólans, en ef ríkissjóður á að borga til nemenda á barna-, gagnfræðaskóla- og menntaskólastiginu, hvers eiga þeir nemendur þá að gjalda, sem fara í hina ýmsu sérskóla? Við skulum segja verzlunarskóla, samvinnuskóla, tækniskóla, sjómannaskóla, vélskóla, af hverju eiga þeir að vera undanskildir? Er ekki nákvæmlega sami aðstöðumunurinn, hvort nemandinn er í menntaskóla eða einhverjum þeirra skóla, sem ég taldi upp? Einnig má nefna t. d. húsmæðraskóla, þeir eru ekki í þessu dæmi.

Það kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni og fleirum, að hann taldi, að margur væri sá, sem ekki hefði komizt í skóla á s. l. hausti vegna erfiðleika í þjóðfélaginu. Þetta getur allt verið rétt, en þó verðum við að segja það, að það séu yfirleitt færri nemendur í skólum hjá þjóðum almennt en hjá okkur Íslendingum, því að samkv. þeim upplýsingum, sem hæstv. menntmrh. gaf hér áðan, þá eru í heimangönguskólum 38 þús. nemendur og í heimavistarskólum rúmlega 3000 nemendur og í menntaskólum 2200 nemendur. Auk þess eru þá eftir háskólinn og hinir ýmsu sérskólar, svo að það mun ekki vera fjarri sanni að segja að um 50 þús. Íslendingar sitji á skólabekk í vetur. (Gripið fram í.) Já, eða yfir 60 þús., eða yfir fjórðungur þjóðarinnar, og ég held, að það verði nú ekki hægt að segja það, að fólki almennt hafi ekki gefizt tækifæri til menntunar í okkar landi.

Ég er alveg sammála þeim skilningi, sem fram kemur í þessu frv., að minnka þarf þennan aðstöðumun, og ég er ekki búinn að gera mér grein fyrir því, hvað er sanngjarnt og eðlilegt að leggja hér til grundvallar, og við verðum líka jafnframt því að leggja til grundvallar, hvað sú breyting kostar, sem við ætlum að gera, og ef við lítum á heimavistarskólana, þá eru um 3000 nemendur í þeim skólum, og ég hygg, að það séu ekki nema örfáir, sem eiga heima á þessum stöðum, þar sem heimavistarskólar eru, svo að útgjöldin, samkv. þessu frv. nú, af heimavistarskólunum einum, muni nema um 75 millj. kr. Þar við bætast auðvitað menntaskólarnir, og þeir eru æði margir. Nú skulum við líta á það, sem einstaka ræðumaður hér hefur getið áður um, eins og t. d. hv. 4. landsk. þm., að við erum að mörgu leyti enn á eftir með menntun í strjálbýli. Við erum ekki alveg komnir yfir farkennsluna, þó að við séum óðum að nálgast það mark, og við eigum enn þá eftir á nokkrum stöðum á landinu að koma á viðhlítandi skyldunámi.

Ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil aðeins hugsa mig um, áður en við tökum þessa fjárhæð til að greiða aðstöðumuninn, ef það skyldi verða til þess, að við yrðum enn að hægja á okkur í að koma á þeirri menntun, sem við öll stefnum að, að komist á alls staðar á landinu. Ég vil ekki taka eitt dæmi út úr og segja: Svona skulum við afgreiða það. Og það er auðvitað alltaf létt verk að segja, að við viljum fá þessi útgjöld til þessara mála eða hinna og segja, að hver, sem ekki vill ganga inn á það orðalaust, sé á móti að gera slíkar breytingar. Og mönnum verður æði oft á að kenna fjmrh. um allt það, sem ekki nær fram að ganga, þegar það kostar útgjöld fyrir ríkissjóð. En hins vegar finnst mér oft og tíðum, að þegar flutt eru frv. um aukna skatta, verði aftur sömu menn uppvísir að því að kenna fjmrh. um skattana.

Við skulum alveg gera okkur ljóst, að við eigum í mörg horn að líta, og ef við lítum á fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., þá er varið 33.2% af heildarútgjöldum ríkissjóðs til almannatrygginga og annarra félagsmála, 14.6% til fræðslumála, og ef við tökum listir og önnur menningarmál, þá er þetta hlutfall komið upp í 16.3%. Til samgöngumála verjum við 12.5% og til hinna ýmsu atvinnumála 12.4% og niðurgreiðslu á vöruverði 7.1%. Hér er ég kominn upp í 81.5% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Ég hef ekki heyrt nokkra rödd hér á hv. Alþ., sem telur, að of litlu sé varið til félagsmála, atvinnumála, samgöngumála eða fræðslumála. Allir krefjast þeir þess, að við aukum stórlega framlög til allra þessara mála. Og vissulega viljum við allir auka þessi framlög. En sá böggull fylgir skammrifi, að ef við ætlum að auka öll þessi framlög, þá verðum við að afla okkur nýrra tekna, og það er höfuðvandinn. En þá fer það oft svo, að þeir, sem hæst láta, þegar þeir krefjast útgjalda og koma með hugsjónamál sín, snúa aftur við blaðinu margir hverjir og segjast ekki bera neina ábyrgð á því, þegar þarf að fara að afla fjár til þessara hluta. Það sé fjmrh. og ríkisstj. þá að kenna, ef það þarf að grípa til nýrra skatta. En hér verður þetta að fara saman.

Ég bið hv. flm. þessa frv., hv. 9. þm. Reykv., að taka þetta ekki til sín, því að ég á ekki þar neitt við neinn þm. öðrum fremur, og ég held, að þm. séu sekir í þessum efnum, bæði úr röðum stjórnarandstöðu og stjórnar, svo að þegar við tölum um leiðréttingar á misræmi, þá verðum við auðvitað að stilla því í hóf, og ég tel, að það sé betra að fara gætilega í þetta, reyna að jafna í skrefum þennan aðstöðumun, en umfram allt að það, sem gert kann að vera í þessu, verði ekki til þess að tefja fyrir því að ná því marki, sem Alþ. og þjóðin hefur sett sér í fræðslumálum, en þar erum við sorglega á eftir, eins og 4. landsk. þm. gat réttilega um í sinni ræðu.

Ég vil svo að síðustu segja það, að ég tel, að það sé síður en svo óeðlilegt, að frv. um þetta efni sé flutt, og ég er sammála málinu í heild, að við verðum að finna leið til þess að jafna eitthvað þann aðstöðumun, sem fólk í strjálbýlinu verður að búa við. En hitt tek ég fram, að ég vil fara rólega að því og gætilega, en taka ekki of mikið upp í okkur í bili, ef það skyldi svo aftur verða til þess, að við verðum að hægja á okkur í ýmsum öðrum efnum, sem við megum alls ekki hægja á okkur í.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég get strax tekið það fram, að ég er mjög ánægður með þær umr., sem hér hafa farið fram um frv. mitt, þó að þær hafi að vísu farið inn á mörg önnur svið vandamála, sem við okkur blasa í fræðslu- og menntamálum heldur en frv. fjallar um. Ég er þakklátur menntmrh. fyrir þann skilning, sem hann sýndi á þessu máli. Hann viðurkenndi, að hér væri um brýnt og aðkallandi stórmál að ræða, sem þyrfti með einhverjum hætti að fá lausn á. Og auðvitað er það svo, að fyrir mér er það aðalatriði, að með einhverjum hætti verði ráðin bót á því þjóðfélagslega misrétti, sem við horfumst hér í augu við og sem verður enn alvarlegra, ef ekki er að gert. Ég er honum og þakklátur fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf um þá rannsókn, sem fram hefur farið, og tel, að það sé liður í því að undirbyggja þetta mál og þoka því til farsællegrar lausnar.

Þeir tveir hv. framsóknarmenn, sem hér hafa talað, hafa mjög undirstrikað það, að Framsfl. hafi á undanförnum árum komið auga á mikilvægi þessa máls og flutt um það nokkrum sinnum þáltill. og það sé vegna þessa tillöguflutnings þeirra, sem ríkisstj. hafi á s. l. sumri látið kanna málið og gera um það ítarlega skýrslu. Þetta er sjálfsagt allt saman rétt. En svo, þegar kemur að afstöðu þeirra til þessa frv., þá segjast þeir hvorugir reiðubúnir til þess að taka afstöðu til þessa frv., sem ætti að vera þeim öllum öðrum mönnum auðveldara að gera vegna forsögu málsins. En kannske er það svo, að það valdi meira um afstöðu þeirra, hvort það er flutt af framsóknarmanni eða ekki. Ég vona, að svo sé ekki. Ég vona, að málið sé þeim aðalatriði. Þegar skýrslan liggur fyrir og verður kunn hv. menntmn., sem fer með þetta mál, þá verður málið auðveldara viðfangs til þess að taka til þess afstöðu. Og ég fagna því, að þessi forsaga hefur átt sér stað. En ef ekki var flutt frv. um málið þrátt fyrir allan tillöguflutning framsóknarmanna á undanförnum árum í þáltill.-formi, þá hefði hér ekkert gerzt annað en skýrsla hefði komið um, hvernig ástandið væri. Eðlilegast var sem framhald þess því flutningur frv. til þess að koma málinu á framkvæmdastig og í höfn, ef mönnum var efni málsins vandamálið sjálft, aðalatriðið. Og vissulega er þetta mál svo, að þetta á ekkert skylt við flokksmál að neinu leyti, og menn eiga auðvitað ekki að skiptast í flokka um það. Mér er þess vegna hálfgerður viðbjóður í að fara að togast um það, hverjir eigi heiður af því, hverra flokka menn hafa hreyft málinu áður og hverjir eigi þar viðurkenningu skilda og hverjir ekki. Ég vil a. m. k. vona það, að það ráði ekki afstöðu manna til andstöðu gegn málinu, að það er nú ekki í höndum sama flokks að flutningi til, sem hefur flutt það í þáltill.-formi áður.

Hæstv. menntmrh. talaði meira um vandann, sem blasir við foreldrum þeirra unglinga, sem eru komnir af barnaskólastigi og unglingastiginu, þ. e. a. s. skyldunámsstiginu, en hinum, sem á þessum undirstigum menntamálanna eiga hlut að máli. En það er nú átakanlegast, að vandamálið er lítt viðráðanlegt því fólki, sem á að koma unglingum sínum til mennta í gegnum skyldunámsstigið, tryggja þeim undirstöðuna, og skilningur á því kom fram hjá hv. 4. landsk. þm. mjög glöggt. Þar eru miklir misbrestir á. Það er næsta algengt, að heimili þarf að sjá fyrir tveimur, þremur, fjórum, jafnvel fleiri nemendum á barnaskólastiginu og verða að koma þeim öllum í heimavistarskóla. Það er nokkuð algengt. Þegar kemur svo að unglinga- og gagnfræðaskólastigi, þá eru þetta venjulega færri nemendur frá hverju heimili, en kostnaðurinn á nemanda meiri. Og svo er það, þegar kemur á menntaskólastigið, þá er það kannske sjaldgæft, að nemendur, sem kosta verður að heiman, séu fleiri en einn. Það er miklu sjaldgæfara a. m. k., en þá er kostnaðurinn vaxinn enn á hvern nemanda. Það er þess vegna mjög vandasamt að gera upp á milli þess, hvernig ætti af fyllilegu réttlæti að leysa þennan fjárhagsvanda. En ef þessi fjárhagsvandi verður til þess, að heimili getur ekki tryggt börnum sínum fræðslu á barnaskólastiginu, þá er það mjög sárgrætilegt og getur leitt af sér alvarlegar afleiðingar langt fram eftir námsbrautinni. En það er því miður staðreynd, að svo getur hæglega farið oft og tíðum, að það verði að draga úr þeim rétti, sem nemendurnir eiga til skólavistar á barnaskóla- og unglingastigi, vegna þess að heimilin rísa ekki undir kostnaðinum. Það er ekki fjarri því, að heimavistarkostnaður á nemanda sé ekki undir 40—60 þús. kr. á vetri. En ég geri mér ljóst, að þetta er dálítið mismunandi á hinum ýmsu skólastigum, minni kostnaður tiltölulega á barnaskólastiginu, hærri eftir hækkandi skólastigum. Og kostnaðurinn, sem þeir nemendur verða að bera, sem komið er fyrir utan heimilis, þó að ekki sé í heimavist, er mjög áþekkur þessu og ekki undir þessum tölum, sem ég nefni. Þegar ég svo í frv. slæ því föstu, að ríkið þurfi að koma til með um 25 þús. kr. framlagi, þá á ég ekki við nákvæma tölu, heldur það, að ég telji sanngjarnt, að ríkið komi þarna og beri þennan bagga að hálfu eða eitthvað í kringum það til móts við nemendur. Engar þessar tölur eru mér heilgt mál og ég tel alveg sjálfsagt, að þær breytist, eftir því sem rannsókn málsins leiðir til um möguleika til framkvæmda á málinu og með tilliti til þess þó, að málið fái lausn, sem verði til þess að koma í veg fyrir, að námsbraut efnilegra nemenda lokist annaðhvort af landfræðilegum ástæðum ellegar af því, að þeir rísi ekki undir þeim kostnaði, sem af dvöl í heimavistarskóla leiðir.

Það var drepið á það, og ég minntist einmitt á það í minni framsöguræðu, að eins hefði kannske verið hægt að hugsa sér ákveðinn hundraðshluta, sem hið opinbera bæri af kostnaði hvers nemanda. En af hverju hvarf ég frá því að leggja það til? Ég gerði grein fyrir því með einni setningu. Ég sagði: Ég tel, að það væri kannske mjög erfitt að skjóta fullnægjandi rökum, þannig að tekið væri gilt af opinberum aðilum, undir kostnaðarhliðina í hverju einstöku tilfelli. Og ég hygg, að þegar menn athuga það mál, torveldi það mjög, að aðstoð ríkisins væri ákveðinn hundraðshluti af kostnaði í sérhverju tilfelli. Þess vegna hvarf ég a. m. k. frá því og

lagði heldur til, að einhver upphæð yrði lögfest sem aðstoð frá ríkisins hendi til þeirra nemenda, sem kosta yrði út af heimili og hún væri einhvern veginn svona á miðri leið þarna, þ. e. a. s. dekkaði nokkurn veginn helming þess tilkostnaðar, sem heimilin að öðrum kosti verða að bera. Ég taldi og sjálfsagt, að þetta væri ekki föst tala, því að fastar tölur í okkar verðbólguþjóðfélagi vilja strax á næsta ári og síðan ár frá ári verða meira og meira úreltar, og þess vegna setti ég ákvæði um það, að upphæðin skyldi breytast í samræmi við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar.

Frv. er fyrst og fremst flutt af minni hendi, ekki til þess að stela máli frá Framsfl., heldur til þess að málið kæmist á framkvæmdastig, og úr því yrði bætt, svo að ungt fólk yrði ekki útilokað af námsbrautinni, eins og ég minnti á hið sorglega dæmi um skáldið Stephan G. Stephansson. En þar endurtekur sagan sig átakanlega frá ári til árs kannske í mörgum hundruðum tilfella, og gætu þau verið eins átakanleg og það dæmi, þegar maður horfir til baka á það.

Hins vegar get ég ekki annað sagt en að undirtektir allar við málið, anda þess og tilgang og þá brýnu nauðsyn, sem á bak við er, séu ánægjulegar og lofi góðu um það, að á málinu verði tekið af fullri alvöru, og ég treysti hv. menntmn. til þess að kanna málið til hlítar og finna við það form, sem framkvæmanlegt þyki og þó um leið leysi þennan gífurlega vanda, sem hér er við að fást. Þetta er fyrst og fremst fjárhagslega hliðin á vandamálinu, sem hér er tekið á í þessu frv. og mun vandinn samt reynast ærinn, svo að ekki sé blandað fleiri atriðum þar inn í. Sumir þm. segja að vísu nú: Þetta frv. tekur of lítið upp í sig. Aðrir segja, að þetta velti á hundruðum millj. o. s. frv., en ég veit það, að málið er stórt fjárhagslegt vandamál, og það var mér fyllilega ljóst, að ríkið hefur að ýmsu leyti búið í haginn fyrir landsbyggðina með stofnun heimavistarskóla víðs vegar um landið með skólakerfinu og lagt þar meira fé fram fyrir dreifbýlið en fyrir þéttbýlið rökum og eðli málsins samkv. Ég hafði heldur ekki uppi í minni framsöguræðu neinar ásakanir í garð ríkisins út af þessu. Ég vil bara benda á það, að einmitt vegna þess, hve ríkið hefur lagt í sölurnar þarna til að jafna aðstöðumun, þá kemur það ekki að gagni, nema því aðeins að hér sé hlaupið fjárhagslega undir bagga með því fólki, sem á að nota þetta kerfi, sem hæstv. menntmrh. var að lýsa. Annars standa heimavistarskólar auðir innan stundar nema þá að börnum og ungmennum frá efnuðum heimilum, og menntun á Íslandi og aðgangur til skólagöngu á ekki að vera háð efnahag eða landfræðilegum ástæðum eins og búsetu fólks í landinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til menntmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

15. Iðnlánasjóður.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967 [41. mál] (þmfrv., A. 41).

Á 6. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Eins og rakið er í grg. frv., eru það margar ástæður, sem valda því, að iðnaðurinn hefur búið við sívaxandi lánsfjárskort á undanförnum árum þrátt fyrir nokkra aukningu Iðnlánasjóðs. Vaxandi vélvæðing og hagræðing krefst sjaukins fjármagns. Gengisfellingar hafa rýrt eigið fé fyrirtækja og aukið stórlega rekstrarkostnað og stofnkostnað, og þar af leiðandi þurfa þau aukið rekstrarfé og stofnfé. Fjárbindingin hefur þrengt möguleika viðskiptabankanna til að mæta aukinni rekstrarlánaþörf iðnaðarins.

Með þessu frv. er stefnt að því að auka nokkuð starfsfé Iðnlánasjóðs. Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkisframlag til sjóðsins verði jafnhátt og iðnaðurinn greiðir sjálfur til sjóðsins. Þetta hefur lengi verið krafa samtaka iðnaðarmanna, bæði Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands ísl. iðnaðarmanna. Breyting þessi, ef hún yrði samþ., mundi þannig tvöfalda ríkisframlagið, sem nú er um 10 millj. kr. á ári.

Þá er í öðru lagi lagt til að tvöfalda lántökuheimildir sjóðsins, bæði vegna venjulegra lána og hagræðingarlána. Það má segja, að þessi breyting sé óhjákvæmileg m. a. vegna gengisfellinganna, sem í mörgum tilfellum hafa tvöfaldað ýmsan stofnkostnað.

Þá er í þriðja lagi lagt til, að árlega verði birt opinberlega skrá um nýjar lánveitingar sjóðsins og heildarlánveitingar hans til einstakra aðila.

Það er að sjálfsögðu mikið vandaverk að ráðstafa fé sjóðsins. Það þarf að skapa stjórn sjóðsins sem bezt aðhald um, að gætt sé réttmætrar skiptingar milli iðngreina og hlutur einstakra fyrirtækja sé ekki dreginn meir en annarra. En sennilega er ekkert aðhald öruggara en það, að árlega sé birt yfirlit um lánveitingar sjóðsins. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að þær venjur, sem hafa skapazt hjá ýmsum opinberum sjóðum og sem ég tel vera til fyrirmyndar, að birta árlega skýrslur um lán, sem viðkomandi sjóðir veita eða ábyrgðir, sem þeir takast á hendur. Þannig er t. d. árlega birt skýrsla um þær ábyrgðir, sem hvíla á Ríkisábyrgðasjóði, jafnframt því, hvernig skil eru á þeim lánum, sem hann hefur tekið ábyrgð á. Þá hefur sá háttur verið tekinn upp í Atvinnujöfnunarsjóði að birta árlega skrá um útlán sjóðsins, og verður því vafalaust haldið áfram, og fleiri sjóðir, hygg ég, að hafi tekið upp þennan hátt. Ég hygg, að það sé mjög gagnlegt og hafi heppileg áhrif á starf slíkra sjóða, að almenningi sé gefin sem bezt aðstaða til að fylgjast með því, hvernig lánveitingum þeirra er háttað, og það skapi eðlilegt og nauðsynlegt aðhald, sem þarf að vera í þessum efnum. Þess vegna er það lagt til í þessu frv., að þessi háttur verði tekinn upp í sambandi við lánveitingar Iðnlánasjóðs, og að

sjálfsögðu ætti slík regla einnig að komast á varðandi aðra sjóði.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en leyfi mér að leggja til, að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til iðnn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

16. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. ÞÞ o. fl.).

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 90 7. okt. 1965 [47. mál] (þmfrv., A. 48).

Á 7. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 30. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er á þá leið, að sú breyt. verði á 53. gr. l. um tekjuskatt og eignarskatt, að það verði ákveðið eða bundið í l., hvernig skattvísitalan skuli fundin. Í núgildandi l. er það ákvæði, að skattvísitalan skuli ákveðin af fjmrh., að fengnum till. ríkisskattstjóra, kauplagsnefndar og hagstofustjóra.

Mér finnst rétt að ræða það nokkuð í stuttu máli, hvernig það fyrirkomulag hefur verið frá öndverðu, sem verið hefur á skattvísitölunni. Ég held, að skattvísitala, ef ætti að nefna hana því nafni, hafi upphaflega komið til sögunnar á þingi 1945, þegar það ákvæði var sett í l. að heimila svokallaðan umreikning á álagningu á allra lægstu launamenn, þannig að hún breyttist í samræmi við þær breytingar, sem höfðu orðið á verðlagi í landinu, ef grunntekjur hefðu ekki aukizt. Næstu árin eftir að þetta ákvæði komst í l., var mikil verðbólga í landinu, og það leiddi til þess, að skattþunginn jókst mjög mikið, án þess að það byggðist á sambærilegri aukningu rauntekna. En umreikningurinn í l. frá 1945 kom að mjög litlu gagni, vegna þess að hann náði aðeins til allra lægstu launa, sem voru á þeim tíma. En þau þekktust að sjálfsögðu ekki lengur í krónutölu, þegar leið á þetta tímabil. Þess vegna var það, að þegar endurskoðun skattalaga fór fram eða kom fyrir Alþ. 1953, beitti þáverandi hæstv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sér fyrir því, að þessi umreikningsregla næði til allra skatttekna og yrði framkvæmd með þeim hætti, að tekjuframtöl eða tekjutölur í skattal. hækkuðu eða lækkuðu í samræmi við kauplagsvísitölu, en á þeim tíma fylgdust kauplagsvísitalan og framfærsluvísitalan nokkurn veginn að, eins og sézt af því, að þegar tekinn var upp nýr vísitöluútreikningur árið 1959, nam gamla framfærsluvísitalan 210 stigum, en kauplagsvísitalan var þá um 202 stig, svo að þessar vísitölur fylgdust þá nokkurn veginn að.

Það gerist svo næst í þessum málum, að á þingi 1960, þegar svonefnd viðreisnarstjórn kom til valda, að hún gerir víðtækar breytingar á skattal. í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu sína, að almennar tekjur skyldu undanþegnar skatti. Skattstigar voru þá nokkuð lækkaðir í samræmi við þessa yfirlýsingu, en hins vegar var fellt niður það ákvæði l., að umreikningurinn héldi áfram, þannig að skattstigar og frádrættir breyttust í samræmi við þá hækkun eða lækkun, sem yrði á kauplagsvísitölunni. Þetta var gert bæði vegna þess, að með öðrum l., sem viðreisnarstjórnin setti, var fellt niður að reikna út kauplagsvísitölu, og þó sennilega fyrst og fremst vegna þess, að hún trúði á það, að henni myndi takast að halda verðlagi og dýrtíð svo í skefjum, að það væri óþarfi að láta slíkt umreikningsákvæði vera áfram í l. Niðurstaðan varð nú samt sú, að það var hér mikil verðbólga næstu árin, og það leiddi til þess, að skattþunginn fór stöðugt vaxandi sökum aukinnar dýrtíðar, án þess að rauntekjur ykjust nokkuð að sama skapi, og sérstaklega var þetta augljóst árið 1964, þegar skattar urðu svo háir, að ríkisstj. fól efnahagsráðgjöfum sínum að athuga sérstaklega, hvernig ætti að gera skattþegnum kleift að rísa undir sköttunum. Þeir báru fram þá till., að skattþegnum yrði veitt lán til tveggja ára til þess að borga skattana.

Afleiðingin af þessu varð sú, að á árinu 1965 voru skattal. tekin til nýrrar endurskoðunar, skattstigum og frádrætti breytt verulega, frá því sem áður var, og jafnframt tekið upp það ákvæði, að skattstigar og frádrættir skyldu hækka og lækka í samræmi við þá skattvísitölu, sem ákveðin var af fjmrh. í fyrsta sinn árið 1966, að fengnum till. kauplagsnefndar, hagstofustjóra og ríkisskattstjóra. Framkvæmd þessa ákvæðis mun hafa orðið á þá leið, að sett var skattvísitala árið 1966, sem var notuð við útreikninga á tekjum ársins 1965, þar sem tekið var, að því að manni sýndist, fullt tillit til þeirra dýrtíðarhækkana, sem orðið höfðu á því ári, sem framtölin voru miðuð við.

Árið 1967, þegar skattar voru lagðir á þá, þá hækkaði þessi skattvísitala verulega eða komst upp í 129 stig, og breyttust frádrættir og skattstigar að sjálfsögðu í samræmi við það, og mér sýnist, að ef borið er saman við þá hækkun, sem þá var á framfærslukostnaðinum, þá hafi skattvísitalan nægt fullkomlega til þess að vega á móti þeirri hækkun.

Þegar skattar eru svo reiknaðir út 1968, er fylgt sömu skattvísitölu, sem fylgt var veturinn 1967, og má segja, að það hafi ekki út af fyrir sig verið óeðlilegt, vegna þess að á árinu 1967 var tiltölulega lítil hækkun á framfærslukostnaði, eða ekki nema 3 stig, og má því segja, að skattvísitalan, sem var notuð við álagningu skattanna 1968, hafi nokkurn veginn hrokkið til þess

að mæta þeirri hækkun, sem orðið hafði á framfærslukostnaði.

Þetta breytist svo verulega, þegar skattar eru reiknaðir á s. l. vori, 1969. Þá er skattvísitalan enn þá látin vera óbreytt, eða 129 stig, en þrátt fyrir það, þó að á árinu 1968, sem skattálagningin var miðuð við, hefði orðið breyting, sem var mjög óhagstæð fyrir skattgreiðendur. Ef byggja má á Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, sem nýlega var dreift hér meðal þm., mun tímakaup verkamanna í krónutölu hafa hækkað um 6% á árinu 1968, og kaup mun þá sennilega almennt hafa hækkað sem því svaraði. Þetta þýðir það, að þar sem skattvísitalan var látin standa óbreytt, komust menn í verulega hærri skatta en ella. En þó er þetta sérstaklega ljóst, hversu óréttmætt þetta var, þegar það er athugað, að samkv. sama Fréttabréfi kjararannsóknarnefndar, sem ég vitnaði í, þá varð rúmlega 8% rýrnun á kaupmætti launanna eða tímakaupsins á árinu 1968, þannig að menn bera verulega hærri skatta vegna óbreyttrar vísitölu, vegna þess að kaupgjald hækkar almennt í krónutölu um 6% á árinu 1968, þó að þróunin í efnahagsmálunum sé sú, að kaupmáttur tímakaupsins eða kaupmáttur launanna lækkar raunverulega um 8%.

Nú bendir margt til þess, að þótt þetta augljósa ranglæti komi í ljós við síðustu álagningu skattanna nú í vor, þá hyggist hæstv. ríkisstj. ekki gera verulega breytingu á þessu. Í því fjárlagafrv., sem liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að tekjuskattur, sem einstaklingar greiði, hækki á næsta ári samanlagt um 824 millj. kr. miðað við það, sem þeir greiða í ár. Og í grg. þeirri, sem fylgir fjárlagafrv., virðist þetta vera byggt á því, að kaupgjald muni hækka almennt í krónutölu á þessu ári um 10.8%, eða um 11%, og það þýðir náttúrlega það, að ef vísitalan stendur að mestu leyti óbreytt, muni verða mjög mikil hækkun skattanna á næsta ári, en þróunin í dýrtíðarmálunum á þessu ári hefur hins vegar verið sú, eftir því sem ég fékk upplýst hjá Hagstofunni í morgun, að meðalframfærslukostnaður muni á þessu ári hækka miðað við síðasta ár um 21%, og þá sést á því, að þótt kaupið hækki í krónutölu almennt um 11% á þessu ári, verður um stórfellda rýrnun kaupmáttarins að ræða, þar sem dýrtíðaraukningin verður um 21%. Af þessu hlýtur það að verða ljóst, að verði ekki veruleg breyting á skattvísitölunni, þá muni skattþunginn stóraukast á næsta ári, þrátt fyrir það að kaupmáttur launanna hafi rýrnað verulega á þessu ári, sem skattarnir verða miðaðir við.

Það er af þessum ástæðum, sem ég og meðflutningsmenn mínir hafa talið nauðsynlegt að leggja fram það frv., sem hér er til umr., því að ekki virðist annað sýnilegt, en skattþunginn muni á næsta ári aukast mjög verulega, ef fylgt er þeirri skattvísitölu áfram, sem hefur verið í gildi tvö undanfarin ár, og virðist vera reiknað með henni í fjárlagafrv. Það, sem kemur til athugunar í þessu sambandi sérstaklega, er það, hvernig á að ákveða skattvísitöluna. Tilgangurinn með umreikningnum á skattvísitölunni er sá, eins og t. d. Jóhann Hafstein orðaði á þingi 1953, að koma í veg fyrir, að aukin dýrtíð valdi vaxandi skattþunga, þ. e. a. s. skattar hækki aðeins vegna aukinna rauntekna. Til þess að tryggja þennan tilgang, þá virðist ekki annað eðlilegra en miðað sé við framfærsluvísitöluna, því að hún sýnir það nokkurn veginn eða réttast af þeim heimildum, sem við höfum, hvað mikið dýrtíðin vex og hvað mikið frádrættir og skattstigar þurfa að breytast, til þess að aukin dýrtíð, eins og Jóhann Hafstein orðaði það, valdi ekki vaxandi skattþunga og skattar hækki aðeins vegna aukinna rauntekna. Eins og þetta er ákveðið í l. nú, liggur ekkert ákveðið fyrir um það, hvernig skattvísitalan skuli ákveðin. Það er aðeins sagt, að hún skuli ákveðin af fjmrh., að fengnum till. ríkisskattstjóra, kauplagsnefndar og hagstofustjóra.

En þó að þetta ákvæði sé í l., mun skattvísitalan 1966 og öll þessi ár síðan hafa verið ákveðin, án þess að nokkuð hafi verið leitað álits hagstofustjóra eða kauplagsnefndar. Ég hef a. m. k. gert fyrirspurnir til þessara aðila, og þeir muna ekki eftir því, að það hafi verið gert. Ég er ekki að segja, að það hafi gerzt af ásetningi, heldur af einhverjum misgáningi stjórnarvalda, að skattvísitala, sem nú gildir, hafi verið ákveðin, án þess að áður hafi verið fengnar till. frá kauplagsnefnd eða hagstofustjóra, enda virðist fjmrh. hafa ákveðið hana, e. t. v. í samráði við ríkisskattstjóra eða kannske einn, um það þori ég ekki að segja.

Ég reyndi að kynna mér það, áður en við lögðum þetta frv. fram, hvernig núgildandi skattvísitala væri reiknuð út, en hvorki Skattstofan í Reykjavík eða hagstofustjóri gátu gefið mér upplýsingar um það, enda má segja, að það sé ekki í verkahring Skattstofunnar í Reykjavík að gefa upplýsingar um það eða fylgjast með því. Hún á aðeins að reikna skatta út eftir þeirri skattvísitölu, sem hún fær frá fjmrh. Það var reynt að afla upplýsinga um þetta hjá ríkisskattstjóra eða embætti hans, en þannig stóð þá á, að hann var erlendis, og þeir, sem þá voru í fyrirsvari fyrir hann, treystu sér ekki til þess að gefa upplýsingar um það, hvernig núverandi skattvísitala væri reiknuð út, enda virðast reglur um hana vera mjög á reiki, eins og sést á því, að það skyldi engin breyting verða á henni við útreikning skattanna á s. l. vori, þar sem mjög veruleg hækkun hafði orðið á framfærslukostnaðinum á árinu á undan, sem skattframtölin eru miðuð við, en skattvísitalan var þó látin standa óbreytt.

Ég held, að það sé mikil nauðsyn fyrir Alþ. að ákveða það alveg beint í l., hvernig skattvísitalan skuli fundin, en láta það ekki vera á valdi hinna og þessara fjmrh. að ákveða það, hvernig það skuli gert, og hann skuli svo nokkurn veginn geta hagað því að vild sinni, eins og augljóslega hefur átt sér stað á s. l. vori, því að þá var sú skattvísitala, sem hefur gilt á undanförnum árum, ekki látin verka neitt. Og ég held, að ef á að tryggja þann tilgang með umreikningi og skattvísitölu, sem hefur alltaf vakað fyrir Alþ., að vaxandi dýrtíð leiði ekki til aukins skattþunga, eins og Jóhann Hafstein orðaði það, þá verður það ekki gert á annan hátt en þann að miða við framfærsluvísitölu. Hins vegar getur

það verið dálítið deiluatriði og er það hjá sérfræðingum, sem ég hef rætt við, hvort heldur eigi að miða við framfærsluvísitöluna sjálfa eða framfærsluvísitölu vöru og þjónustu, og þeir sérfræðingar, sem ég hef talað við, hafa talið eðlilegt, að það væri miðað við vísitölu vöru og þjónustu, þótt það sé hins vegar ekki gert í þessu frv., sem hér liggur fyrir, en ef miðað er við vísitölu vöru og þjónustu, þá myndi breytingin verða enn meiri en þetta frv. gerir ráð fyrir. Þessir sérfræðingar halda því fram, að það sé eðlilegra að miða við vísitölu vöru og þjónustu, sökum þess að hún sýni enn þá réttari mynd af því, hver dýrtíðarvöxturinn hefur orðið í landinu, því að hún mæli hana alveg rétt, en aftur á móti með sjálfa framfærsluvísitöluna, þá komi húsnæðisliðurinn, sem sé mjög villandi, eins og hann sé þar reiknaður, og einnig skattar og ýmsar tryggingabætur, t. d. fjölskyldubæturnar.

Mér skilst, að sá munur sé núna á framfærsluvísitölunni og vísitölu vöru og þjónustu, að síðan 1964, sem rétt er að miða við í þessu tilfelli, vegna þess að tölurnar í núgildandi skattal. eru miðaðar við það ár, þá hafi framfærsluvísitalan hækkað um 176 stig, en vísitala vöru og þjónustu hafi hækkað um 184 stig. En þetta atriði tel ég vera eitt af þeim, sem sú n., sem fær málið til athugunar, þurfi að íhuga alveg sérstaklega, hvort heldur skuli miðað við framfærsluvísitöluna, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., eða þá við framfærsluvísitölu vöru og þjónustu, sem margir telja, að sýni enn þá réttari mynd af dýrtíðarþróuninni, sem taka beri tillit til, þegar stefnt er að því að láta ekki skatta hækka nema að svo miklu leyti sem rauntekjur hafa hækkað.

Ég skal svo ekki hafa þetta mál öllu lengra, en ég hygg, að það hljóti öllum að vera augljóst, að það sé nauðsynlegt, að mjög róttæk breyting verði á skattvísitölunni, þar sem það liggur fyrir, eins og ég áður sagði, að það hefur ekki tillit verið tekið til þeirrar dýrtíðaraukningar, sem varð á árinu 1968, og virðist ekki ætlunin að taka neitt verulegt tillit til þeirrar dýrtíðaraukningar, sem verður á þessu ári, þrátt fyrir það að það blasi við, að kaupgjaldið muni ekki hækka um nema 11%, en dýrtíðin mun a. m. k. vaxa um 21% á þessu ári. Ef ekkert yrði að gert í þeim efnum, mundi það leiða til þess, að skattþunginn yrði alveg óbærilegur á næsta ári, þrátt fyrir það að rauntekjurnar hafi raunverulega farið hækkandi, eins og ég hef bent á.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykv. flutti hér mjög hógværa ræðu, og ég tel ástæðulaust að vera að taka upp deilur við hann, en það eru þó nokkur atriði, sem ég vildi gera að umtalsefni og lýsa frá minum bæjardyrum séð, sem ég tel bæði rétt og skylt að gera. Ég vil þó fyrst og fremst leggja áherzlu á að leiðrétta það, sem ég býst við, að hann hafi sagt í góðri trú, en er alger misskilningur, að fjmrh. hafi ekki leitað álits þeirra aðila, sem eiga að gefa álit samkv. skattal., um skattvísitölu. Það hefur verið gert. Hitt er annað mál, að þessir aðilar hafa mjög færzt undan að gefa álit, og það er að sjálfsögðu ekki mín sök, þó að þeir vilji ekki mikið tjá sig um málið. Þetta kannske byggist á því, sem hv. þm. vék að, að það er mjög óljóst og raunar engin ákvæði um það í skattal., við hvað skuli miða skattvísitölu, þannig að ég hef fengið aðeins í hendur ákveðin gögn um það til upplýsingar bæði varðandi kauphækkanir, sem orðið hafi, kaupgjaldsvísitölu, framfærsluvísitölu og eitt og annað frá þessum aðilum og þá fyrst og fremst frá ríkisskattstjóra. En ég tek það skýrt fram, að það hefur jafnan verið leitað lögum samkv. álits þessara aðila, en ég hef að sjálfsögðu engin tæki til þess að knýja þá til þess að láta í ljós ákveðið álit, og það hlaut þess vegna að verða endanlega mat fjmrh., hver skattvísitalan yrði, svo sem gert er ráð fyrir í l.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í þá sálma að skýra, hvað gerzt hefur í þessum efnum, vegna þess að hv. þm. fór þar með rétt mál, enda liggur það ljóst fyrir og er engum blöðum um það að fletta. Hann tók það jafnframt fram, að skattvísitalan mundi hafa verið ákveðin mjög nærri lagi, ef ég skildi orð hans rétt, bæði árin 1966 og 1967. Skattvísitalan er nú 129 stig og það er alveg rétt, að henni var ekki breytt við álagningu tekna ársins 1967 og ekki heldur breytt við álagningu tekna ársins 1968, sem á eru lagðar nú 1969. Hann tók það fram, sem voru einnig rök mín þá fyrir að framkvæma ekki breytingu á skattvísitölunni við álagningu 1968, að verðstöðvun gilti 10 mánuði ársins 1967, og það var ekkert tilefni til þess að breyta skattvísitölunni miðað við þá hugsun, sem ég tel, að liggi að baki hennar og ég skal koma að síðar. Nú á þessu ári hefði verið ástæða til að breyta skattvísitölunni nokkuð, en ekki mikið miðað við þá hugsun, sem ég legg í skattvísitöluna. Það varð launahækkun á þessu ári, eins og menn muna, miðað við kjarasamningana í fyrra, að vísu mjög takmörkuð launahækkun, sem ekki náði til nema ákveðinna launa, þannig að allsherjarlaunahækkun varð ekki með þeim hætti, sem áður hefur gerzt. Orsökin til þess, að ég ákvað ekki hækkun skattvísitölu 1969, byggðist hreinlega á því, og það má segja, að ég sé þar í nokkurri sök, að það var um tvennt að ræða, annaðhvort að ákveða skattvísitöluhækkun, sem hefði þá leitt til rýrnandi tekna ríkissjóðs, sem hefði orðið að mæta með skattaálögum með öðrum hætti, eða þá að hafa skattvísitöluna óbreytta. Þessi síðari leið var farin, og það má vafalaust liggja mér á hálsi fyrir það af einhverjum, en ég vil vekja athygli á því, að hefði skattvísitöluleiðin verið farin, hefði hún fyrst og fremst komið til góða þeim, sem eru með hærri tekjur. Það liggur í augum uppi. Og miðað við ástandið, eins og það er, hygg ég, að það hefði ekki verið skynsamleg þróun að leggja þá á almenna neyzluskatta í staðinn. Skattvísitalan er prósentvís vísitala, sem kemur að sjálfsögðu ekki neitt til góða þeim, sem eru í háum tekjuflokkum. Það liggur í augum uppi. Þetta er ástæðan til þess, að skattvísitöluleiðin var ekki farin í ár, og ég skal taka á mig fúslega sökina á því, en eins og

ég segi, þá var hér bara um tvennt að ræða, þessa leið eða hækka skattvísitölu, þ. e. lækka tekjur af beinum sköttum, og hækka þá einhverja neyzluskatta í staðinn. Önnur leið var ekki fær, ef átti að jafn fjárl. og gera þau greiðsluhallalaus, sem raunar hefur ekki verið deilt um hér á hinu háa Alþ. yfirleitt að ætti að gera og var ekki heldur nú.

Varðandi næsta ár taldi hv. þm. ekki líkur til, að gera ætti breytingar á skattvísitölu, vegna þess að gert væri ráð fyrir hækkun tekna af beinum sköttum. Það er misskilningur. Það er gert ráð fyrir því að hækka nokkuð skattvísitölu, og áætlun fjárl. rúmar hækkun skattvísitölu um 8 stig. Það er gert ráð fyrir því í þeirri áætlun, sem liggur til grundvallar tekjuáætlun fjárl. af tekjuskatti. Hvort sú tala reynist í samræmi við það, sem eðlilegt væri eða ekki, skal ég ekkert um segja.

Hv. þm. vék að því, að það hefði verið gerð sú breyting af hálfu fyrirrennara míns í þessu embætti 1953 að umreikna skatta og frádráttarliði eftir kaupgreiðsluvísitölu, sem að sjálfsögðu er oft og tíðum allt önnur vísitala en framfærsluvísitala, og þarf ekki að vera samræmi þar á milli, en þetta er auðvitað miklu nánara og nálægara þeirri hugsun, sem ég legg í orðið skattvísitala en framfærsluvísitalan er. Ég þykist vita, að það geti ekki verið hugsun hv. þm., að skattar hækki ekki yfirleitt eftir því, sem tekjur manna hækka. Spurningin er aðeins sú, hvort skattþunginn á að hækka, þ. e. a. s. hærri prósenttala af tekjum manna gangi til að greiða skattana en áður. Skoðun mín á skattvísitölu hefur frá fyrstu verið sú, og á því hefur framkvæmd mín á vísitölunni byggzt, að kauphækkanir ættu ekki að valda því, að skattþunginn yxi að því marki, að menn þyrftu að greiða hærri hluta launa sinna í skatt en áður. En það var það, sem gerðist, áður en þessi umreikningur átti sér stað. En það væri alls ekki ætlunin og þannig hef ég aldrei litið á skattvísitöluna, að hún ætti að vera uppbót á rýrnun kaupmáttar, því að vitanlega er það svo, að það verður einnig rýrnun á notagildi þess fjár, sem gengur til skattheimtunnar. Þetta er a. m. k. mín grundvallarskoðun. Hún þarf ekki að falla saman við skoðun hv. þm., það er annað mál. Ég sé, að skoðun hans byggist á allt öðru sjónarmiði, sem kemur fram í því, að hann talar um að ákveða skattvísitöluna 176 stig, sem mundi að sjálfsögðu valda ríkissjóði stórkostlegum tekjumissi og leiða til þess, að það yrði að hækka annaðhvort beinu skattana eða þá almenna neyzluskatta mjög verulega, og þetta mundi jafnframt verða til þess, ef farið yrði inn á þessa braut, að létta mjög skattþunga hátekjumanna, vegna þess að slík stórfelld hækkun frádráttarliða mundi fyrst og fremst koma þeim til góða, því að margir í hinum lægri tekjuflokkum greiða sáralitla og jafnvel enga skatta, þannig að þessi frádráttarsjónarmið koma þeim að engu gagni. Ég er þess vegna í miklum vafa um það, að það mundi verða úrbót fyrir almenning í landinu nú að fara inn á þá braut að hækka skattvísitölu svo stórkostlega, sem hér er gert ráð fyrir, sem leiddi af sér mjög verulega aukna skattheimtu, annaðhvort með því að hækka prósentur beinna skatta eða þá með því að hækka neyzluskatta til þess að ná saman endum í fjárl. Og miðað við þá hugsun, sem hefur verið ráðandi hjá verkalýðsfélögunum, að það ætti ekki að létta á þeim, sem hærri tekjur hafa í þjóðfélaginu neitt verulega, heldur fyrst og fremst bæta hag þeirra, sem verr væru settir, þá álít ég, að þessi aðferð væri ekki í samræmi við þá hugsun, sem ríkjandi er nú. Ég tel, að ef ætti að hækka skattvísitölu núna, ætti að nota svipaða viðmiðun og ég hef hingað til gert, og það er fyrst og fremst að hafa hliðsjón af kaupbreytingum, tekjuaukningu manna, þannig að þeir kæmust ekki í hærri skattflokk við það, að tekjur þeirra hefðu vaxið, heldur að skattbyrðin yrði prósentvís sú sama. Þetta hefur verið framkvæmt með skattvísitölunni, og þetta tel ég, að eigi að vera hin eðlilega stefna með henni.

Ég held, að ég hafi þá alveg útskýrt, hvað hefur gerzt í þessum efnum, hver sé skilningur minn á skattvísitölu og hvernig þessi mál hafa þróazt og hvaða afleiðingu þetta frv. mundi hafa. Það er að sjálfsögðu hv. Alþ. að meta það, hvort þetta sé rétt stefna eða ekki. Ég get alveg fallizt á það hjá hv. þm., að það væri æskilegt að fastmóta betur hugtakið skattvísitölu. Það kann að vera rétt að gera það, þó að ég sé ekki alveg viss um það. Ég álít, að það geti líka verið ástæða til að meta það eftir atvikum, hvort eigi að nota þessa leið og gefa eftir, þegar aðstæður leyfa það, eða fara út í aðrar eða neyða út í aðra skattheimtu. Það er álitamál, en þetta er auðvitað atriði, sem þingið þarf að taka afstöðu til.

Þá veit ég heldur ekki, hvort það vakir fyrir hv. þm. að breyta útsvarsstigum. Þeir mundu ekki breytast samkv. þessu frv., eins og það er orðað, en það var gerð breyting á tekjustofnum sveitarfélaga, þar sem segir beinlínis, að útsvör skuli breytast samkv. skattvísitölu. Ef það vakir fyrir hv. þm., sem væntanlega vakir nú fyrir honum, að þetta skuli einnig gilda um tekjustofna sveitarfélaga, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að breyta þeim l., vegna þess að hann gerir hér ekki ráð fyrir í sinni lagabreytingu að nota hugtakið skattvísitölu, þannig að ég er í miklum vafa um það, að sú breyting, sem gerð var á þeim l., mundi verða túlkuð þannig, að þessi breyt. á skattal. mundi heimila eða skylda til breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga í samræmi við þetta. Og ég vil jafnframt vekja athygli hv. þm. á því, að ef ætti að fara inn á jafnstórkostlega hækkun skattvísitölu, sem hér er talað um, — ég nota hugtakið skattvísitölu um þessa breytingu einnig, án þess að það sé nefnt í frv., en menn vita, hvað við er átt, þ. e. að miða við framfærsluvísitölu, — þá mundi það hljóta að rýra tekjustofna sveitarfélaga stórkostlega, þannig að það er a. m. k. atriði, sem er rannsóknarefni fyrir hv. n., sem fær þetta til meðferðar, hvort sveitarfélög gætu með nokkru móti risið undir slíkum tekjuskerðingum. Þetta tel ég nauðsynlegt að athuga.

Hv. þm. hefur rætt nokkuð um þær breytingar, sem orðið hafa á sköttum frá 1953, þar sem hafi verið innleitt nýtt kerfi í þessu efni, og

vissulega gæti verið fróðlegt að íhuga það, hvort þessi framkvæmd á skattvísitölunni, eins og hún hefur orðið nú upp á síðkastið, hefur rýrt hag manna að því leyti, að þeir borgi meiri hluta af tekjum sínum í skatta og þá fyrst og fremst í skatta til ríkisins, vegna þess að hér er eingöngu um þá að ræða í þessum umr., en þá var, og ég skal aðeins nefna nokkur atriði til fróðleiks. Ég hef látið þar miða við tekjur Dagsbrúnarverkamanns, bæði einhleypings og hjóna með tvö og fjögur börn, og jafnframt hef ég tekið þrjú önnur dæmi miðað við eins og hálffaldar tekjur Dagsbrúnarverkamanns, tvöfaldar og þrefaldar tekjur. Ég er ekki að segja, að þetta hafi stórkostlega málefnalega þýðingu, og segi þetta ekki til að vekja neinar deilur, heldur aðeins til þess að menn átti sig á, hvaða breytingar hafi orðið í þessu efni. Ég vil aðeins geta þess, að ef við tökum tekjur Dagsbrúnarverkamanns miðað við 8 klst. vinnu á dag, þá greiddi einhleypur Dagsbrúnarverkamaður 1953 3.2% af tekjum sínum í skatt til ríkisins, en 1969 greiddi hann 1.9%. Hjón með tvö börn og sömu tekjur greiddu 1953 1.4%, en greiddu 1969 ekkert. Og hjón með fjögur börn greiddu 1953 0.7%, en greiða nú ekkert. Ef við tökum tvöfaldar tekjur Dagsbrúnarverkamanns, sem nú jafngilda 260 þús. kr. og tökum einhleyping, þá greiddi hann 1953 11.8% og 1969 11.9%, þannig að það er mjög hliðstæður skattþungi. Að vísu skal það tekið fram, sem gildir um allstóra hópa manna, að nú er skattfrjáls skyldusparnaður 15%, þannig að það er raunverulega verulega minni skattþungi nú, hvað þessu viðvíkur. Hjón með tvö börn og þessar tvöföldu tekjur Dagsbrúnarverkamanns greiddu 1953 6.6% af tekjum sínum í skatt, en 1969 3.5%. Og ef við tökum þreföldun Dagsbrúnartekna, þ. e. 390 þús. kr. tekjur nú, þá greiddi einhleypur maður 1953 um 20.1%, en 1969 16.9%. Hjón með tvö börn og þessar sömu tekjur greiddu 1953 18.1%, en núna 11.3%, og hjón með fjögur börn greiddu þá 1953 16.8%, en núna 8.4%, og má þá jafnframt hafa í huga í þessum tilfellum, að fjölskyldubætur hafa mjög hækkað. M. a. voru þær 1953 hvorki greiddar með fyrsta né öðru barni, en eru nú greiddar með öllum börnum. Þetta, held ég, að sýni það ljóslega, að skattþungi hefur lækkað mjög verulega, en ekki aukizt miðað við tekjur manna og hliðstæða útreikninga. Þetta er einnig nytsamlegt og gott að hafa í huga. Það breytir engu um nauðsyn þess, að sköttum sé í hóf stillt, en ég bendi á það, að beinir skattar af ríkistekjum þeim, sem ganga til beinna ríkisþarfa, eru ekki nú nema 10% af ríkistekjunum.

Ég held, herra forseti, að það sé ekki tilefni til þess að ræða þetta mál frekar, en vona, að ég hafi gert skil öllum þeim atriðum, sem máli skipta og það liggi a. m. k. ljóst fyrir, hver skilningur minn er varðandi hugtakið skattvísitala og skoðun varðandi þau atriði, sem hv. þm. vék að í sinni frumræðu.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa fylgi mínu við meginhugsun þessa frv. Það er hugsanlegt, að þessi mál mætti á annan veg hafa en hér er lagt til í frv., en meginhugsunin er sú, að skattar fylgi nokkurn veginn kaupgetunni. Þær tölur, sem hæstv. fjmrh. fór hér með í lok ræðu sinnar, ætla ég ekki að vefengja. En hann nefndi þar einnig, að fjölskyldubætur hefðu hækkað á þessu tímabili, sem um ræðir. En það mætti nú kannske líka spyrja, hvaða breytingar hafa orðið á óbeinum sköttum til ríkissjóðs á þessu tímabili? Ég hygg, að það séu ekki neinar smáfúlgur, sem þannig nú renna til ríkissjóðs, en gerðu það ekki árið 1953. Það væri rétt að hafa það svona í huga líka.

Ég held, að það hafi verið árið 1960 í sambandi við gengisfellingarráðstafanir og viðreisn og allt slíkt, að þá var skattal. breytt, þannig að tekjuskattur var lækkaður verulega á lágtekjufólki a. m. k., og var mikið um það talað þá, að lágtekjufólk bæri ekki neinn tekjuskatt. Það má segja, að það var svona nærri því. En þetta fór heldur betur á annan veg, þegar frá leið. Ég ætla ekki að rekja þá sögu, en það náði hámarki á árinu 1964, þegar segja má, að nálgazt hafi, að skattþegnar gerðu uppreisn, og rétt er, eins og sagt er í grg. þessa frv., að opinberir aðilar lögðu þá beinlínis til, að mönnum væri hjálpað með lánum til þess að greiða skatta sína. Síðan kemur svo skattvísitalan fyrir árið 1965, en á hinu tímabilinu var engin skattvísitala, og skattarnir urðu þar af leiðandi óbærilegir og hljóta að verða það, þegar verðlagsmál þróast á þann hátt, sem varð á því tímabili og einnig síðan. Eitthvað hefur áreiðanlega skattvísitalan haft jákvæð áhrif, þannig að launþegar hafi ekki farið eins illa út úr því og áður, en ég hygg, að það sé ekki langt frá því, að ef ekki verða verulegar breytingar hér á, muni koma að svipuðum hlutum og gerðust 1964, ef ekki verða verulegar breytingar á. Það er öllum kunnugt, að á síðustu tveimur árum hefur kaupmáttur launafólks farið mjög þverrandi.

Með gengisfellingunum fylgdu þær ráðstafanir, að launafólk átti að taka á sig að öllu leyti þær verðhækkanir, sem óhjákvæmilega voru fylgifiskur gengisfellinganna. Þetta hefur nú að vísu ekki gerzt. Verkalýðssamtökunum hefur tekizt að hamla þarna nokkuð á móti. En engu að síður hefur kaupmáttur rýrnað verulega samt sem áður, mismunandi mikið hjá hinum ýmsu hópum, en þegar til viðbótar kemur svo verulegt atvinnuleysi á þessu tímabili, þá hugsa ég, að það sé ekki langt frá því, að segja megi, að hjá almennu verkafólki hafa kaupmátturinn rýrnað um fimmtung til fjórðung á þessu tímabili. Það hefur hins vegar áreiðanlega ekki verið tekið tillit til þessara hluta í skattaálagningu, þannig að það er ekki aðeins, að kaupmátturinn hafi rýrnað gagnvart vöruverði, heldur og hefur líka verið tekinn stærri hlutur af launum en áður til skatta. Auðvitað hefði, ef eitthvert vit hefði átt að vera í þessum ráðstöfunum, borið jafnframt að sjá til þess, einmitt með skattaráðstöfunum, að a. m. k. hinir lægra launuðu í hópi launþega fengju verulega bættan hlut sinn. En það öfuga hefur gerzt.

Ég segi, eins og hér hefur verið sagt, að maður hefur verið svona að reyna að spyrjast fyrir um skattvísitölu á ýmsum tímum. Kannske hef ég sjaldnast eða aldrei farið til þess, ég held eina

manns, sem getur gefið svör um skattvísitöluna, og það er hæstv. fjmrh. Ég hef eins og frummælandi þessa máls spurt hæði hagstofustjóra, og það fyrir ekki löngu síðan, ríkisskattstjóra á nefndarfundi um skattamál, og hann færðist algerlega undan að svara nokkru um skattvísitölu, algerlega. Og það er ekki í fyrsta sinn. Það nær náttúrlega engri átt að hafa ekki fyllri reglur um skattvísitölu eða réttara sagt að hafa ekki reglur, því að nú eru í rauninni engar reglur um skattvísitölu, sem á að sjá svona nokkurn veginn fyrir hag skattgreiðendanna í svona verðbólguþróun. Það auðvitað nær engri átt. Það getur verið mikið matsatriði, hvernig þessi vísitala á að vera úr garði gerð og á hvað hún á að verka. Það getur áreiðanlega líka verið matsatriði.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að hann væri ekki þeirrar skoðunar, að skattvísitölur ætti að nota til þess að vega upp minni kaupmátt. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig. En hún má þó ekki verða til þess að lækka kaupmáttinn. Það hefur nú gerzt. Hún hefur nú beinlínis gert það. Það getur verið ákaflega þægilegt fyrir stjórnvöld á svona breytilegum tímum, eins og nú eru, að geta sagt það, að fjárlög séu afgreidd með óbreyttum sköttum. En hæstv. fjmrh. játaði það hér áðan, að skattvísitalan var notuð s. l. ár a. m. k. til þess að geta haldið svokölluðum óbreyttum sköttum. Ef skattvísitala hefði verið í gildi, sem hefði tekið tillit til þeirrar verðþróunar, sem orðið hefur í landinu á s. l. ári, þá hefði að hans dómi orðið að hækka skatta og leggja á auknar álögur. Ég álít, að skattvísitala megi ekki verka á þennan hátt, hreint ekki.

Það er náttúrlega ekki nema að mjög litlu gagni, sem þetta mál kæmi, ef það tæki ekki til útsvaranna líka. Það er ekki aðeins tekjuskatturinn, sem það á að taka til, og það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. tók fram áðan, að það verður að gera ráð fyrir því, að skattvísitalan verki á útsvörin. Þau eru fyrst og fremst sú byrði, sem launafólk stendur undir. Það er síður tekjuskatturinn, nema þegar í hærri flokka kemur og að þeim, sem þá eiga betra með að standa undir hærri gjöldum. Ég held, að ef á annað borð skattvísitala á að miðast við vísitölu, og það er erfitt að hafa ekki þá viðmiðun, þá sé það vöru- og þjónustuliður vísitölunnar, sem hún á að miðast við. Skattvísitala á fyrst og fremst að koma launafólki og þá alveg í fremstu röð þeim lægst launuðu að gagni. Á slíkum breytingatímum, eins og verið hafa tvö s. l. ár, hafa matvörur og aðrar brýnustu nauðsynjar fólks hækkað meira en annað og það er hækkað fyrst af öllu. Fólk með lágar tekjur nýtir laun sín að mjög stórum hluta til kaupa á nauðþurftum. Einmitt með það í huga verður einnig að nota verðlagið á þessum vörum fyrst og fremst til viðmiðunar við skattvísitölu. Ég held þess vegna, að það eigi að taka mið af henni. Það getur síðan alltaf verið álitamál, hvernig á að byggja þessi mál upp, og ég er ekki alveg kominn til með að segja það.

Ég vil svo að lokum endurtaka það, að ég lýsi fullri samstöðu minni með meginhugsun þessa frv.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, enda gaf ræða hæstv. fjmrh. ekki tilefni til þess. Hann viðurkenndi, að þær upplýsingar, sem ég hef flutt hér, hefðu verið réttar, og ég hygg, að það sama geti ég sagt um það, sem hann sagði, eða a. m. k. mest af því, hann hafi eiginlega gert nokkuð hreinskilnislega grein fyrir afstöðu sinni til þessara mála og á hverju hann beri ábyrgð sem fjmrh.

Ég vildi aðeins segja í sambandi við þann samanburð, sem hann var að gera hér á sköttunum 1953 og nú, að eins og hv. seinasti ræðumaður benti á, þá er þar alls ekki um sambærilegar tölur að ræða, vegna þess að 1953 var söluskatturinn ekki kominn til sögunnar, en nú greiðir Dagsbrúnarfjölskylda 7.5% af eiginlega öllum þeim vörum, sem hún kaupir, í söluskatt, sem hún gerði ekki þá, og fleiri skattar hafa komið til sögunnar, og það breytir að sjálfsögðu stórkostlega þessu dæmi. Ég vil jafnframt minna á það, að þegar söluskatturinn var lagður á 1960, var hann rökstuddur með því, að hann ætti að vera til þess að koma í veg fyrir, að það þyrfti að leggja tekjuskatt á almennar launatekjur, sem í túlkuninni þýddi það, að t. d. Dagsbrúnarmenn ættu alveg að vera undanþegnir tekjuskatti. Eins og hann las upp hér áðan, þá er fjarri því, að svo sé, að þeir séu undanþegnir tekjuskatti í dag, og ég hygg, að í mörgum tilfellum séu skattarnir, sem þeir greiða, miklu hærri en hann nefndi, vegna þess að það er náttúrlega mjög mismunandi, hvað verkamenn hafa í tekjur. Það fer eftir því, hvað þeir vinna mikið, hvað þeir hafa mikla eftirvinnu og hvort það eru einhverjir af fjölskyldunni, sem þeir vinna með eða ekki, þannig að ég þekki allmörg dæmi þess, að verkamannafjölskyldur, sem hafa haft sæmilega atvinnu nú, — það náttúrlega gildir ekki um alla, — komast í hæsta skattstiga, eins og þessum málum nú er háttað.

Hann taldi það óvíst, hvort þetta frv. mundi ná til útsvaranna. Ég tel, að það sé ekki. Hér er um að ræða breyt. á 53. gr. skattal., umorðun á henni, og það sjá náttúrlega allir, að sú vísitala, sem hér er átt við í þessu frv., er skattvísitalan, en í útsvarsl. segir, að stigar þeirra og frádrættir skuli breytast til hækkunar eða lækkunar í samræmi við þá skattvísitölu, sem sé ákveðin í 53. gr. skattal. En þetta frv. fjallar um breyt. eða umorðun á þeirri gr., svo að ég held, að það hljóti að liggja í augum uppi, að ef þetta frv. yrði samþ., mundi það einnig ná til útsvars- og skattal. Ef það er ekki nógu greinilegt, þá er sjálfsagt að breyta orðalagi í þá átt. (**Gripið fram í.**) Já, það er að sjálfsögðu ætlazt til þess, vegna þess að í útsvarsl. segir, að frádrættir og skattstigar útsvaranna skuli breytast samkv. þeirri skattvísitölu, sem sé ákveðin í 53. gr. skattal. og það frv., sem hér liggur fyrir, er ekki annað en bara umorðun á 53. gr. Og það er tilgangur og ætlun flm., að þetta nái einnig til útsvara í samræmi við það, sem ég hef nú rakið.

En það, sem varð nú aðallega þess valdandi, að ég kvaddi mér hljóðs, voru þær upplýsingar hæstv. fjmrh., að við gerð fjárlagafrv. hafði verið reiknað með því, að skattvísitalan hækkaði

ekki nema um 8 stig, held ég, að hann hafi sagt. Og það tel ég vera fjarri lagi og allt of lítið, og ég hef reyndar áður rakið ástæðurnar fyrir því. Ég vil aðeins nefna það til glöggvunar á þessu máli, að á árunum 1966—1967 hækkar framfærsluvísitalan eitthvað í kringum 25 stig, en þar á móti kemur skattvísitala, sem er 29 stig, þannig að framfærslukostnaðurinn hefur fengizt að fullu bættur á þessum tíma og jafnvel ríflega það. En síðan 1967 hefur framfærsluvísitalan hækkað um ein 43% og vísitala vöru og þjónustu enn þá meira, og þetta á ekki að bæta nema með 8 stigum á skattvísitölunni. Ég held, að það liggi alveg í augum uppi, að ef breytingin verður ekki meiri en þetta, þá fæst dýrtíðarhækkunin að sama og engu bætt, sú mikla dýrtíðarhækkun, sem orðið hefur á þessum tíma. Hins vegar er það ljóst, að á árunum 1968 og 1969 hefur kaupið hækkað sennilega í krónutölu um rúmlega 20%, og því liggur það alveg í augum uppi, að við skattlagningu á næsta ári, ef það verður ekki nema 8 stiga hækkun á skattvísitölunni, þá hljóta skattar á einstaklingum að stórhækka, þrátt fyrir það að kaupmátturinn hafi stórlega dregizt saman, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á. Ég treysti á það, að við nánari athugun verði hæstv. fjmrh. það ljóst, að þessi hækkun skattvísitölu er allt of lítil. Það má vel vera, að af ýmsum ástæðum treysti hann sér ekki til þess að fallast á það að þessu sinni, sem felst í þessu frv., en ég held, að hann hljóti við nánari athugun að gera sér grein fyrir því, að hann gengur allt of lítið til móts við það sjónarmið, sem í því felst, ef það verður ekki nema 8 stiga hækkun á skattvísitölunni.

Það má vel vera, ef það yrði svo ríflega breyting á skattvísitölunni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að það teldist eðlilegt að afla ríkissjóði einhverra tekna í staðinn, ég skal ekkert um það fullyrða, eða það á þá að draga úr útgjöldunum, og að sjálfsögðu ber að taka tillit til þess og vega það og meta, hvað er heppilegast fyrir launþega í þessum efnum. En ég held, að sú almenna þróun hér og annars staðar hafi verið sú, að þó að mönnum sé illa við óbeina skatta, sem leggjast á eyðsluna fyrst og fremst og þyrftu þá helzt að vera stighækkandi eftir því, um hvaða vöru væri að ræða, að launþegar hafa talið sér það heppilegra að fallast frekar á hækkun óbeinna skatta, ef það fengi fram lagfæringar á beinum sköttum, því að beinu skattarnir eru líka þannig vaxnir, þrátt fyrir alla skattalögreglu og hvað sem hún er holl, að þeir leggjast með miklu meiri þunga á launþega en allar aðrar stéttir. Aðrar stéttir hafa meiri möguleika til þess að komast fram hjá beinu sköttunum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða meira um þetta mál að sinni, en ég vænti þess, að það takist að athuga þetta mál þannig í n., að það náist samkomulag um einhverjar meiri endurbætur í þessum efnum en komu fram í ræðu hæstv. ráðh.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér finnst þessar umr. vera mjög fróðlegar, og ýmislegt athyglisvert hefur komið fram í þeim og ekki sízt í síðari ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem er fullkomlega þess virði að íhuga. Hann gerði sér fulla grein fyrir því, að mér skildist, að vitanlega þyrfti að afla ríkissjóði tekna, og hann gaf í skyn, að hann væri vel fáanlegur til að íhuga það mál að hækka óbeina skatta til þess, að hægt væri að lækka beinu skattana. Ég fyrir mitt leyti tel það ekki fráleita hugmynd, að ræða það atriði nánar. Það, sem fyrir mér vakir fyrst og fremst sem fjmrh., er, að ég verð með einhverjum hætti að fá peninga til að standa undir þeim útgjöldum, sem Alþ. leggur ríkissjóði á herðar. Það verður ekki hjá því komizt, og ef það fæst ekki með beinum sköttum, þá verður það að gerast með óbeinum sköttum.

Varðandi það atriði, sem einnig hv. 2. landsk. þm. kom inn á, að samanburður minn væri ekki nógu raunhæfur, vegna þess að ég tæki ekki tillit til óbeinu skattanna, þá tel ég það ekki rétt, að samanburður minn varðandi beina skatta sé neitt óraunhæfur að því leyti. Það var aldrei farið dult með það, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að breytingin, sem gerð var 1960 með stórfelldri lækkun beinna skatta, átti að miðast við það, að menn með almennar launatekjur, eins og það var orðað, held ég, af þáv. fjmrh., væru skattfrjálsir til ríkisins. Það væri eingöngu hægt að gera með því að leggja á óbeina skatta, sem fyrst og fremst var þá gert með söluskatti, þannig að það fer ekkert á milli mála, hvað við erum hér að tala um í því efni.

Ég tel ekki, að það séu út af fyrir sig stórfelld vandamál að hækka söluskattinn um 1—2% til þess að ná fram stórfelldri lækkun á beinum sköttum til ríkissjóðs. En ég er ákaflega hræddur um það, að sveitarfélögin færu heldur harkalega út úr því, ef ætti að hækka skattvísitölu upp um 64—68 stig án þess að sjá þeim fyrir nýjum tekjustofnum. Það yrði að gera mjög róttækar ráðstafanir, til að þar yrði ekki algert öngþveiti, sem af þessari breytingu mundi leiða. Og ég vil jafnframt benda á það, og ekki sízt tel ég nú ástæðu til, að verkalýðsleiðtogar athugi það, hvaða afleiðingar þetta hefur, ef þessi ákvörðun er tekin. Þessi till., sem hér er um að ræða, hlýtur að leiða til þess, og það verða menn að gera sér ljóst, að fyrir þá menn, sem hafa hærri tekjur í þjóðfélaginu, eru þetta mjög veruleg hlunnindi. En fyrir margt fólk eru þetta engin hlunnindi, þ. e. a. s., það eru nokkur hlunnindi út af útsvörunum, en varðandi skattana til ríkisins eru þetta engin hlunnindi, vegna þess að enn í dag er það svo, að það stendur, sem ákveðið var á sínum tíma, að það eru ekki greiddir skattar af almennum launatekjum, því að þá var miðað við Dagsbrúnartaxta, þegar fjmrh. í þann tíma talaði um almennar launatekjur. Og maður með almennt Dagsbrúnarkaup og 8 tíma vinnu greiðir engan skatt til ríkisins, og jafnvel þó að fjölskyldur fari allverulega hærra en það með einu eða tveimur börnum, þá greiða þær heldur enga skatta til ríkisins, þannig að það er eins og rétt var sagt hjá öðrum hvorum hv. þm., að það eru vitanlega sveitarfélagaskattarnir, sem fyrir þessa aðila skipta meginmáli. Þó að persónufrádráttur verði aukinn til ríkissjóðs, þá eru það auðvitað engin hlunnindi fyrir fólk, sem

ekki borgar neina skatta. Það eru hlunnindi þá fyrst og fremst fyrir þá, sem borga skattana í dag. Ég er ekkert að mótmæla þessum kenningum út af fyrir sig. En það getur vel verið, að menn vilji heldur fara inn á það að auka fríðindi skattborgaranna almennt svo stórkostlega, sem hér er talað um, og ég veit, að það munu margir fagna því, og leggja þá aftur á almenna og óbeina skatta. Þetta er atriði, sem er sjálfsagt að íhuga.

Varðandi það atriði, að þetta væri algerlega á valdi fjmrh., þá er það nú heldur ekki rétt. Það er formlega á valdi fjmrh. að vísu, en það liggur í rauninni alltaf ljóst fyrir, þegar tekjuskattaáætlunin er ákveðin frá Alþ. í fjárl., hvort það er reiknað með að nota skattvísitölu eða ekki. Og þess vegna get ég sagt það nú, að skattaáætlunin í fjárl. er miðuð við 8 stiga hækkun á skattvísitölu. Ef á að hækka þá vísitölu um 30—40 stig, þá náttúrlega gefur auga leið, að það verður þá að hækka óbeinu skattana í fjárlagaáætluninni, sem þessu nemur. Það koma þá væntanlega fram till. frá þeim, sem vilja styðja það, um að gera þá áætlun þetta miklu lægri, og þá vitanlega verður að grípa til einhverra óbeinna skatta til þess að mæta þessu, þannig að að þessu leyti fer þetta aldrei neitt dult og er ekki komið aftan að mönnum, hvort gert er ráð fyrir skattvísitöluhækkun eða ekki, því að þetta er miðað við áætlun Efnahagsstofnunarinnar. Að vísu getur hún aldrei orðið nákvæmlega rétt, en nokkurn veginn er hún rétt, þegar fer að nálgast áramót, um það, hvað er líklegt, að verði skattskyldar tekjur á næsta ári, þannig að þá má nokkurn veginn sjá þetta, þegar fjárl. eru afgreidd, hvað hugsanlegt er, að skattvísitala geti orðið. Um allt þetta er ég vissulega fús til þess að ræða, og mér finnst þetta hafa verið rætt hér öfgalaust, og þetta er aðeins spurningin um það, hvaða leiðir menn vilja fara til að ná tilteknu marki.

Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja það frekar, að við höfum mismunandi skoðun á, hvernig skattvísitölu skuli skilja. Ég hef mína ákveðnu skoðun á því, að hún eigi ekki að vera nein kjarabót, heldur eigi að sjá til þess, að það sé ekki hlutfallslega tekinn stærri hluti af tekjum manna en áður var. Þó að það hafi orðið kjararýrnun með öðrum hætti, þá sé það ekki skattvísitölunnar að bæta það upp. Aðrir hafa annað sjónarmið á því, og það má vel hugsa sér, að hið háa Alþ. vilji ganga inn á það sjónarmið og þá sjá ríkinu fyrir tekjum með öðrum hætti.

Ég vil svo aðeins leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. 2. landsk. þm., um uppreisnarástandið, sem hann talaði um, 1964. Það er náttúrlega ekkert hliðstætt því, sem er verið að tala um nú, vegna þess að ástandið, sem þá var, byggðist á því, að skattarnir hækkuðu svo geysilega vegna þeirra miklu tekjuhækkana, sem urðu, án þess að það yrði nokkur umreikningur á tekjunum. Nú hefur slíkt ekki átt sér stað, því miður, að tekjur manna hafi hækkað neitt teljandi, þannig að skattahækkanir hafa ekki orðið nema sáralitlar hjá hinum almennu borgurum, svo að það eru ekki hliðstæð viðhorf nú, sem gæti leitt til uppreisnarástands á sama hátt og þá var, og ég játa, að þá var mikil ólga, vegna þess að menn sáu, þegar þeir sáu skattskrána, að þeir komust í miklu hærri skatta en þeir höfðu haft árið áður. Ég held sannast sagna ekki, að skattgreiðendur geri ráð fyrir því, þótt það hafi orðið kjararýrnun og peningarnir endist ekki vel, að þeir muni með því borga lægri skatta af sambærilegum tekjum. Það held ég nú ekki, að sé almennt skilningur fólks.

En ég aðeins endurtek það að lokum, ég er ekki að deila við þessa ágætu þm., heldur aðeins að reyna að draga fram mismunandi sjónarmið og hliðar á þessu máli, sem þeir einnig, veit ég, hafa velt fyrir sér, og mér finnst þetta mál hafa verið rætt af raunsæi og viðurkenningu á staðreyndum, og hér þurfa menn bara að gera upp sinn hug, hvaða leiðir þeir vilji velja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

17. Gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 1920, um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri [55. mál] (þmfrv., A. 60).

Á 9. og 10. fundi í Nd., 3. og 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breyt. á l. um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum öðrum en Reykjavík og Akureyri flutti ég á næstsíðasta þingi, en það kom ekki til afgreiðslu, enda kom þá fram stjfrv., sem náði að mörgu leyti til þessa máls, en því var síðar kippt til baka. Af þeim sökum er þetta frv. flutt hér aftur nú, og vænti ég þess, að það hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Í nær hverju kauptúni og hverjum kaupstað bíða stórfelld verkefni í gatnagerð. Fram að þessu hefur gatnagerð verið næsta ófullkomin hérlendis, sumpart vegna kunnáttuskorts, sumpart vegna fjárskorts, sumpart vegna vélaskorts. Hins vegar er ekki umdeilanlegt, að fátt eða ekkert stuðlar meir að hreinlæti og bæjarprýði en vel gerðar götur með varanlegu slitlagi og gangstéttum, enda nu komnar til sögunnar stórvirkar

vélar til að leggja malbik, steypu eða olíumöl á götur, svo að hugur er í öllum bæjarfélögum að koma slíku í framkvæmd. En framkvæmd þessa verks er fjárfrek og takmarkað, hve mikið af útsvörum má ætla í slíkar framkvæmdir árlega. Af þeim sökum er allvíða tekið að krefjast gatnagerðargjalds fyrir nýjar byggingarlóðir, þegar þær eru veittar, og því gjaldi ætlað að standa undir nýlagningum gatna. En mjög víða þarf að gera eldri götur, sem þegar hefur verið byggt við, upp að fullu, skipta jafnvel að öllu um undirbyggingu, holræsa- og vatnslögn, áður en hægt er að leggja á þær varanlegt slitlag. Vafasamt þykir, að nú sé stoð í l. til að leggja á þegar reist hús gatnagerðargjöld við þessar aðstæður, þótt þessi endurgerð götu sé jafndýr og nýlagning, og er frv. það, sem hér um ræðir, flutt með það fyrir augum að taka af öll tvímæli og gera sveitarfélögum frjálst að velja á milli að endurbyggja götur að öllu fyrir útsvarsfé eða hluta fyrir álögð gatnagerðargjöld.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að frv. þessu verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn., og hef ekki um þetta fleiri orð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

18. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HS o. fl.).

Á 8. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [58. mál] (þmfrv., A. 63).

Á 9., 10., 11. og 12. fundi í Nd., 3., 4., 6. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 63 höfum við hv. þm., Ingvar Gíslason og Helgi Bergs, leyft okkur að flytja frv. til l. til breyt. á skattal. Efni þessa frv. er það, að fram fari ýtarleg rannsókn á 10% af skattframtölum, og skulu þau framtöl, sem þannig eru valin, valin með útdráttarreglum, þ. e. að skattstjórar dragi út 10% af heildarframtölunum og *rannsaki þau alveg sérstaklega*. Við fluttum frv. um þetta efni á síðasta Alþ., en það náði þá ekki fram að ganga.

Það orkar ekki tvímælis, að skattframtöl eru ekki svo örugg sem skyldi, og mikla nauðsyn ber til að ráða bót á þessu, þar sem það er vitanlegt, að þetta veldur því, að þeir, sem rétt telja fram, verða að nokkru leyti að greiða skatta fyrir hina. Það er skoðun okkar flm., að með þeirri vinnuaðferð, sem hér er lögð til, verði hægt að vinna bót á þessu. Skattframtöl munu þá verða fljótlega miklu öruggari, þegar framteljendur geta átt von á því, að framtöl þeirra séu rannsökuð gaumgæfilega, eins og lagt er til með þessu frv. Það er einnig skoðun okkar, að með þessum hætti mætti draga úr kostnaði við skattstofurnar og hagræða vinnubrögðum betur en nú er gert. Það er enn þá ljóst, að þótt skattstofurnar séu orðnar verulega dýrar, þá er langt frá því, að hægt sé að koma við þeim vinnubrögðum á þeim, sem henta og þurfa að vera í sambandi við skattframtölin. Nú á síðari árum hafa skattstofurnar horfið að því ráði að fara mjög fljótlega yfir skattframtöl í fyrstu atrennu og skila þeim þá til framtalsnefndar, en taka þau síðar til endurskoðunar, og hafa þá oft verið gerðar veigamiklar og margar breytingar. Þetta hefur leitt til þess, að yfirleitt munu framtalsnefndir vera farnar að leggja á tvisvar á ári hverju, sem ekki var þekkt áður, og einnig verða verulegar breytingar á upphaflegum tekjuskattsstofnum við þessa endurskoðun. Það er skoðun okkar, að með því að taka 10%, jafnvel þó að það væri minna hlutfall, og gera það örugglega, þá væri hægt að vinna hitt með miklum hraða, þar sem þessir aðilar ættu alltaf von á því að lenda í sérstakri athugun.

Ég sé ekki ástæðu til að kynna þetta frv., sem er lítið fyrirferðar, en stórt mál í sjálfu sér, frekar hér í hv. d., enda var það gert á s. l. ári, en legg til, herra forseti, að því verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það ber vissulega að fagna sérhverjum áhuga í þá átt að gera skattkerfið og skatteftirlitið virkara og *jafnframt* að draga úr kostnaði við það. Ég hef margoft lagt áherzlu á nauðsyn beggja þessara atriða og tel ekki þurfa að leggja áherzlu á þau rök, en það eru aðeins nokkur orð, sem ég vildi segja í tilefni frv., sem hér liggur fyrir. Ég er ekki því andvígur á neinn hátt, að það verði valin prósentutala framtala til nákvæmrar *rannsóknar*. Hugsunin á bak við það er góð að því leyti til, að hún gæti stuðlað að því, að það væru engar efasemdir um það, að það væri ekki fullkomin hlutlægni látin ráða við val framtalanna. Hins vegar er málið ekki enn komið á það stig, að það sé talið heppilegt að fara þá leið. Þetta var rannsakað bæði í fyrra og árið þar áður *í samráði við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra*, og þeir töldu ekki heppilegt að fara þá leið, og það mundi beinlínis auka stórlega vinnu hjá skatteftirlitinu, ef ætti að fara að taka úr 10% framteljenda, vegna þess að það væri aldrei hægt að komast hjá því, a. m. k. ekki enn sem komið er, að það yrði að halda áfram *hinu almenna eftirliti* með skattframtölum engu að síður. Ekki er hægt að láta sér nægja þessa 10% úrtaksreglu. Nú er þessi úrtaksregla, að því er mér skilst, við það miðuð, að hún gildi ekki aðeins varðandi skattrannsóknirnar, heldur verði hún viðhöfð við skattálagninguna yfir höfuð,

þannig að önnur framtöl verði tekin góð og gild. Hugmyndin, sem ég gat um áðan, hefur oft verið fram sett í sambandi við skattrannsóknardeildina, að hún ætti að taka 10% framtala til heildarathugunar, og þá gert ráð fyrir, að skattstofurnar ynnu sem áður að athugun framtalanna. En hv. flm. þessa frv. virðast miða við það, að það sé nægilegt að taka 10% framtalanna og láta hitt lönd og leið, vegna þess, að ef menn viti það, að þeir verði teknir til rækilegrar athugunar, þá mundi það leiða til þess, að þeir telji réttar fram. Ég held ekki, að þetta hafi mikil áhrif í þessa átt, og það kemur m. a. fram í því, sem hv. þm. sagði, að við höfum núna síðustu tvö árin til þess að hraða álagningu útsvara og auðvelda hana látið leggja á skattana án þess að láta fara fram athugun á skattframtölum. Þau hafa svo verið athuguð eftir á. En eins og hv. þm. sagði, hefur þetta leitt til þess í stórum stil, að það hafi þurft að lagfæra. Að vísu er þetta nú ekki í mjög stórum stíl. Það er ótrúlega lítið, sem hefur þurft að breyta. Það leikur þó á allverulegum fjárhæðum. Því er ekki að leyna. En þetta stafar ekki af því, að þessir aðilar allir séu að svíkja undan skatti, og það mundi ekki breyta ákaflega miklu um nákvæmni þessara aðila, nema kannske síður sé, þó að þeir vissu, að það væri einhver 10% regla, sem gilti og 90% af framtölunum væri alls ekki horft á, af því að í langflestum tilfellum hefur það komið í ljós, að þetta er meira og minna gáleysi, sem hér er um að ræða. Menn hafa gleymt upphæðum, launagreiðslum og ýmis misskilningur veldur því, að framtöl eru með öðrum hætti en rétt er, og auðvitað er ekki hægt að refsa mönnum fyrir þetta. Það er engin sanngirni í því nema því aðeins, að menn sjái, að vísvitandi sé verið að skjóta undan fé frá skattlagningu, þannig að ég mundi telja það ósköp gott, ef það væri hægt að tryggja öryggi í þessu með því að skoða aðeins 10% skattframtala og láta hitt eiga sig. En ég held, að það sé skoðun skattyfirvalda, að þetta hlyti að leiða af sér fremur tjón en hitt í sambandi við innheimtu skatta einmitt af þeim sökum, eins og ég sagði, að mikið af þessu, sem fram kemur við endurskoðun skattframtala, er lagfært, án þess að um kæru sé að ræða, vegna þess að það sýnir sig að stafa af öðrum ástæðum en vísvitandi skattsvikum.

Ég skal hins vegar ekkert vera að hafa á móti þeirri hugsun, sem hér er á bak við, eða gagnrýna hv. þm. Ég veit, að það vakir ekki nema gott fyrir þeim að reyna að koma hér við auknum sparnaði, en ég held, að þessi sparnaður yrði á kostnað öryggisins. Og án þess að ég ætli að ræða þetta mál nánar, vildi ég mjög beina því til hv. n., sem fær þetta til meðferðar, að hún ræði þetta ýtarlega bæði við ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, hvort hér sé ekki farið út á varasama braut.

Varðandi hitt atriðið, sem í rauninni er ekki það, sem þetta frv. á við, en sem ég gat um í upphafi míns máls, að fara þá leið, sem stundum hefur verið hér borin fram till. um í sambandi við skattrannsóknirnar sem slíkar, að miða þær við 10% framtala samkv. útdrætti, er það einnig mjög vafasöm aðferð, og til þessa hefur skattrannsóknarstjóri lagzt gegn því, að það væri gert. Það hafa verið gerðar tilraunir með þetta varðandi einstök sveitarfélög að athuga, hvernig slíkur útdráttur mundi koma fram, og það er ljóst, að með því mundi verða lagt í margvíslega vinnu, sem er gersamlega ástæðulaus, vegna þess að svo og svo mikið af framteljendum eru menn, sem aldrei kemur til álita, að þurfi að skoða, og það yrði í rauninni fyrst að velja úr vissa hópa manna og flokka, sem ekki skipta neinu máli eða eru þannig settir, að það er ljóst, að það getur ekki verið um nein skattsvik eða undanskot fjár að ræða, og taka síðan 10% regluna út úr þeim, sem eftir yrðu, sem er takmarkaðri hópur. En kjarni málsins er sá, a. m. k. miðað við þann mannafla, sem nú er fyrir hendi hjá skattrannsóknardeildinni, þá mundi þetta leiða af sér auknar kröfur um mannafla, vegna þess að það falla alltaf til svo mörg mál, sem er augljóst, að ekki er hægt að varpa frá sér, sem er sýnilega grunsamlegt og gruggugt á bak við, að það er auðvitað ekki hægt að leggja slík mál til hliðar, þó að þau féllu ekki undir neina slíka 10% reglu.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja umr. um þetta mál. Ég er alls ekki að gagnrýna þá hugsun, sem hér liggur að baki, að það væri æskilegt að leita úrræða, til þess að skatteftirlitið gæti orðið sem ódýrast, jafnframt því, sem ég veit, að við hv. frsm. erum sammála um, að það eigi að vera sem virkast. En ég er hræddur um það, að með þessari aðferð, sem hér er lögð til, stefni ekki í þá átt, og án þess að leggja frekari dóm á það sjálfur, þá eru það sem sagt ákveðin tilmæli mín til hv. n., að frv. verði rætt ýtarlega við þá menn, sem bezt þekkja til þessara mála, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, áður en endanleg afstaða verður tekin til málsins í n.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Í sambandi við ræðu hæstv. fjmrh. vil ég segja það, að við erum vanir því í stjórnarandstöðunni, að undir okkar mál sé tekið með þeim hætti, að alls konar fyrirvarar séu hafðir gagnvart þeim, svo að út af fyrir sig kippi ég mér ekkert upp við það, þó að þannig sé einnig tekið á þessu máli. Mér kemur heldur ekki til hugar að halda það, að frv. okkar og þau mál, sem við berum hér fram á hv. Alþ., hvort sem það er þetta þing eða annað, séu þannig úr garði gerð að hugsun eða efni til, að það hafi ekki til síns ágætis nokkuð og gæti þess vegna fengið samþykki þingsins, ef valdaaðstaðan kæmi ekki í veg fyrir það.

Út af þessu frv. vil ég segja það, að það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að það er hugsun mín og okkar flm. þessa frv., að þetta sé almenn regla, henni sé ekki sérstaklega beitt í sambandi við skattarannsóknir. Ég lít á það sem annað stig, sem gæti verið afleiðing af þessari reglu. Ég er hins vegar sannfærður um það og hef þar fyrir mér nokkurn kunnugleika í skattamálum, að það er nauðsynlegt að breyta til um vinnuaðferðir hjá skattstofunum. Það kerfi, sem tekið var upp upp úr 1960, hefur ekki reynzt slíkt, hvorki að kostnaði né sem varnarveggur

gegn skattsvikum, sem boðað var. Það er mjög fjarri því. Og þessi vinnuaðferð, sem nú er viðhöfð, að þurfa að fara gegnum allt þetta kerfi raunverulega tvisvar, er mjög fráleit. Ég held því, að það beri brýna nauðsyn til að finna heppilegri vinnuaðferðir en nú eru. Ég hef áður sagt það hér á hv. Alþ. og get endurtekið það, að þau vinnubrögð að vera að skrifa framteljanda kannske þrjú bréf, framteljanda, sem hvorki greiðir útsvar né tekjuskatt, það eru ekki neinar vinnuaðferðir, þó að lagafyrirmæli segi þar um. En fyrir þessu hef ég margar sannanir og hef lent í því að svara mörgum slíkum bréfum fyrir þá, sem þau hafa fengið. Þessi vinnubrögð þurfa að leggjast niður.

Ég er líka sannfærður um það, að með því að draga út ákveðinn hóp manna og grandskoða þá, reynir fljótlega á það, að það væri lítil vinna að vinna úr framtölum hinna, því að það er nú svo með útdráttarregluna, að hún skilar sér nokkuð fljótlega, og þó að það gæti komið fyrir í eitt, tvö eða þrjú ár, að sami aðili sé ekki dreginn út, þegar þetta fer að verða gildandi regla áfram, þá skilar hún öllum upp. Og ég er sannfærður um það, að það yrði fljótt til þess að hafa veruleg áhrif. Ég tel líka, að samstarf á milli framtalsnefnda og skattstofanna gæti verið miklu meira og gæti sparað verulega vinnu í sambandi við skattframtölin. Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessu máli.

Ég fagna því, ef þeir menn, sem um fjalla, segja álit sitt í þeirri n., sem þetta fer til, og treysti því, að hv. fjhn. athugi málið. Það verði ekki látið fara eins og á s. l. þingi, að það verði ekki afgreitt fyrr en **svo seint á þinginu, að það** verði nokkurn veginn sama, hvort það kemur úr n. eða ekki. Ég vil gjarnan heyra rök þeirra skattframkvæmdamanna gegn þessari reglu. En sjálfur er ég sannfærður um það, að þó að þetta frv. nái ekki fram að ganga nú, þá verður fyrr en seinna tekin upp þessi regla, og það skal sannast, að hún mun verða virk til þess að draga úr skattsvikum, og það mun líka sýna sig, að hún sé hagkvæm í framkvæmd.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég sé nú satt að segja ekki, að orð mín hér og undirtektir við þetta mál hafi þurft að leiða til þess, að hv. 3. þm. Vesturl. brygðist við með fullkomnum dólgshætti og teldi, að það gegndi furðu, sem að vísu hann væri ekki óvanur, að það væri ekki tekið sem fyllsta speki allt, sem hann legði hér til mála og þeir flokksbræður hans. En ég verð að biðja hann að afsaka það, að það vill nú verða svo, að það a. m. k. orkar mjög tvímælis, hversu mikil speki það er. Og þess vegna leyfði ég mér nú í allri hógværð að benda á, að það væri nú kannske ekki alveg öruggt, að þetta leiddi til þeirrar niðurstöðu, sem ég þó tók fram í minni ræðu, að ég efaðist ekkert um, að vekti fyrir hv. þm. En mér fannst alveg ástæðulaust hjá honum að tala um það og finna að því sem einhverri fjarstæðu, að ég leyfði mér að draga það í efa, að hann hefði fundið þarna allrar veraldarinnar vizku varðandi það, hvernig ætti að framkvæma heilsteypt skatteftirlit, og fullyrða það, sem hann gerði, sem er auðvitað gersamlega út í hött, að hann væri sannfærður um það, að það hlyti að verða niðurstaðan, að eftir nokkurn tíma yrði þessi regla tekin upp. Ég leyfi mér stórlega að efast um það, án þess að ég ætli að fullyrða nokkuð um það, af því að ég hef ekki jafnmikinn sannfæringarkraft fyrir mínu máli eins og hann, þannig að ég tel, að það geti margt í þessu orkað tvímælis og vel geti það einhvern tíma verið, að einhverju leyti verði farið inn á þá braut, sem hér er talað um.

En ég held, að hann hafi sjálfur alveg fullkomlega hrakið það í sinni frumræðu, að hér væri rétt hugsun að baki, með því að segja einmitt það, að það væri ekki farið í gegnum öll skattframtöl, áður en á væri lagt, en þetta hefði leitt til þess, að það þyrfti að leggja á aftur síðar á árinu vegna leiðréttingar á framtölum. Og það, sem ég sagði, og tel mig hafa næga þekkingu til þess að segja um, er, að þær breytingar, sem verða á skattframtölum við endurskoðun, eru viðs fjarri því að stafa allar af því, að menn séu þar að svíkja undan skatti, þannig að kontról á 10% framtala leiddi til þess, að hin 90% eftir nokkur ár yrðu alveg rétt. Þetta er mesti misskilningur. Það er alls ekki nema að nokkru leyti um það að ræða, heldur alls konar misskilning, sem menn eru haldnir um skattframtöl, jafnvel þótt þeir hafi talið oft fram, sem veldur því, að það er ekki talið rétt fram, hvort sem er manni jafnvel stundum í óhag eða hag, og ýmislegt hefur komið til, gleymska og eitt og annað, sem auðvitað menn verða ekki lögsóttir fyrir og mundi aldrei leiðréttast, ef ætti að hverfa inn á þá braut að skoða aðeins 10% framtala. Ég er ekki í neinum vafa um það, að þetta mundi minnka vinnu, en hvort það mundi minnka bréfaskriftir, það skal ég alveg láta ósagt, og þetta frv. hv. þm. og félaga hans dregur á engan hátt úr því, sem hann var að gagnrýna varðandi bréfaskriftir skattstofanna og vinnubrögð þeirra.

Ég er honum sammála um, að það er ýmislegt, sem þar mætti bæta. Og það hafa núna síðustu árin verið haldnir fastir fundir með skattstjórum og þeim mönnum, sem fást við skatteftirlitið, til þess einmitt að koma við ýmsum lagfæringum í skattkerfinu, og ég held, að þeir menn, sem um það fjalla, viti manna bezt, hvað þar hentar og hvað er líklegast til úrbóta.

Ég tók ekki þessu máli fjandsamlegar í minni ræðu áðan en það að fara fram á það, að hv. n., sem fengi málið til meðferðar, ræddi það við þá menn, sem eru reyndastir í þessum málum og er falið það af löggjafanum að annast yfirstjórn þessara mála, ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra, hvort þetta horfði til bóta eða ekki, og ég verð að biðja hv. þm. að afsaka það, að ég gleypi það ekki sem heilagan sannleika, jafnvel þó að hann og hans flokksbræður fullyrði það hér í ræðustól, að það, sem þeir flytja, sé allt til bóta.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara að þreyta hér neinar kappræður við hæstv. fjmrh. Ég vil hins vegar algerlega mótmæla því, að ég hafi verið með neinn dólgshátt hér í ræðustól áðan. Ég sagði frá staðreynd-

um um vinnubrögð hér í hv. Alþ. Ef það eru dólgshættir að segja frá því, þá er frásögnin ekki dólgsháttur, heldur vinnubrögðin. Þess vegna held ég við það, sem ég áður sagði, og lýsi yfir því, að það er enginn dólgsháttur af minni hendi. Ég ætlast heldur ekki til þess og hef aldrei farið fram á eða hugsað um neina speki eða vizku, eins og hæstv. fjmrh. sagði. Hitt held ég, að í málefnum okkar í stjórnarandstöðunni sé að finna líka málefni, sem mættu ná fram að ganga, eins og ég sagði frá áðan, ef pólitísk valdaaðstaða í þinginu hefði ekki þar ráð þar um. Ég vil líka segja það um vinnubrögð skattstofunnar, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það þyrfti endurbóta við, að mjög hefur það verið seinvirkt það kerfi endurbótanna, sem oft hefur verið boðað. Og ég get endurtekið það, að þetta mundi leiða til þess, að athugun á skattframtölum almennt yrðu það lítil, að það mundi draga úr þeirri vinnu, sem þar er.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

19. Söluskattur (frv. HS o. fl.).

Á 8. fundi í Nd., 30. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt [63. mál] (þmfrv., A. 68).

Á 11. og 12. fundi í Nd., 6. og 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 68 höfum við hv. þm., Ingvar Gíslason og Helgi Bergs, leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á l. um söluskatt. Efni þessa frv. er það, að hætt verði að innheimta söluskatt af smjöri, osti, skyri, kjöti, kjötvörum og fiski, enn fremur kaffi, sykri, kornvörum og olíu.

Ástæðan til þess, að við flytjum þetta frv., er sú, að hér er um að ræða brýnustu matvörur og neyzluvörur fólksins í landinu, og það er skoðun okkar, að tekjur almennt nú séu ekki hærri en svo, að fullkomin ástæða sé til þess að draga úr kostnaði við framfærslu heimilanna. Þess vegna höfum við valið svo mjög einangraða vöruflokka, til þess að hætt yrði að leggja á þá söluskatt, enda var söluskattur ekki lagður á þessar brýnustu nauðsynjavörur fyrr en eftir 1960.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að á yfirstandandi ári hefur það komið mjög í ljós, að úr sölu á dilkakjöti innanlands hefur dregið verulega, og er það álit þeirra, sem þau mál þekkja bezt, að verðlagið hafi haft þar veruleg áhrif, og vegna þess, hve hátt það var, hafi dregið úr sölu á þessari nauðsynlegu matvöru. Þess vegna teljum við það spor í rétta átt, að lækka verðið með því að fella niður söluskattinn. Enn fremur vil ég geta þess í sambandi við þetta frv., að ef það yrði niðurstaða hér á hv. Alþ., að breyting yrði gerð á tollum með inngöngu í EFTA, — það kom fram m. a. í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh., — að þá yrði horfið að því ráði að hækka söluskattinn, og með tilliti til þess væri það nauðsynlegt, að þessar mestu nauðsynjavörur væru þar undanskildar. Nú veit ég, að því verður haldið fram, að ríkissjóður geti ekki misst þær tekjur, sem hér er um að ræða, og eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið þar um, þá mundi þetta geta numið um 265 millj. kr. Hins vegar er því til að svara, að þetta mundi lækka vísitöluna um 1.75 stig, og mundi þar veruleg fjárhæð, sem þar kæmi aftur í móti. Ég vil líka segja það, að ef ríkissjóður yrði að bæta sér upp þennan tekjumissi, þá tel ég, að það sé hagkvæmara að gera það á þann hátt að leggja þá hærri söluskatt á aðrar vörur en þessar, þar sem hér er um brýnustu neyzluvörurnar að ræða. Og ég tel það skynsamlegra að farið að ná þessum tekjumissi þar en að leggja það á þessar neyzluvörur, sem enginn kemst af án. Þess vegna tel ég, að það sé réttmætt, að þetta frv. nái fram að ganga, og ég treysti því, að hér á hv. Alþ. verði sá skilningur á þessu máli, að það nái fram að ganga, og ég tel það mjög nauðsynlegt einmitt að gera þessa breytingu, áður en ef til þess kæmi, að það yrði farið í það að leggja á hærri söluskatt, því að allir sjá, hvað fráleitt það væri, ef ætti að fara að hækka söluskatt á þessum brýnustu nauðsynjavörum.

Ég sé ekki ástæðu til að kynna þetta frv. frekar, enda skýrir það sig sjálft, en legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú eðli málsins samkvæmt, að það er skemmtilegra að vera talsmaður þess að minnka skatta en að vera andvígur því, þannig að hlutskipti mitt hér í ræðustólnum verður nú af þeirri ástæðu kannske nokkuð óþægilegra en hv. síðasta ræðumanns, og 1. flm. þessa frv.

En því miður þá er dæmið töluvert flóknara en hv. þm. vildi hér vera láta í ræðu sinni, og fór hann að vísu mjög hófsamlegum orðum um málið, og hef ég ekkert út á málflutning hans að setja að því leyti, en því miður fæ ég ekki séð og hann fær naumast séð það sjálfur, ef hann skoðar það niður í kjölinn, hvernig í ósköpunum á að láta þetta gerast, án þess að það hafi veruleg áhrif á fjárhagsafkomu ríkissjóðs og í rauninni geri annað ókleift með öllu en að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög eða þá að hækka verulega skatta að öðru leyti. Hann sagði að vísu, að úrræðið í þessu efni væri það að hækka

meir söluskatt á öðrum vörutegundum. Það er langt síðan horfið var frá þeirri aðferð hér á Íslandi og er raunar ekki fylgt í mörgum löndum, ég held mjög fáum nú orðið, að hafa mismunandi söluskatt, og það byggist m. a. á því, að það gerir allt söluskattseftirlit margfalt erfiðara, og raunar er það svo, að ýmis þau undanþáguákvæði, sem nefnd eru í þessu frv., hvað þá ef ætti að fara lengra í þessum efnum með fleiri vörutegundir, eru þess eðlis, að það væri illgerlegt eða raunar næstum ógerlegt að hafa eftirlit með, hvort söluskattsframtöl væru rétt eða ekki, þar sem um blandaða sölu á vörum væri að ræða. Þetta væri hægt að hugsa sér hjá fyrirtækjum, sem hafa eingöngu eina vörutegund til sölu með ákveðinni söluskattsprósentu, þó að hún væri mismunandi, en þar sem um blandaða sölu er að ræða í flestum tilfellum, þá er þetta ekki framkvæmanlegt.

Ég vil vekja sérstaka athygli á því, sem hefur reyndar komið fram hér á hinu háa Alþ. áður, að miðað við það, hve söluskattur er hár tekjustofn, ber að sjálfsögðu brýna nauðsyn til þess að byggja hann upp á þann hátt, að það sé hægt að innheimta hann svo að segja affallalaust. Það hygg ég, að allir séu sammála um. Hér er um innheimtufé að ræða, sem verður að leggja áherzlu á, að skili sér. Það er auðvitað ekkert efamál, að einhver vanhöld eru á skilum á söluskatti. Þó hafa þau vanhöld tvímælalaust minnkað mjög verulega á síðustu árum, og þar sem nú getur staðið fyrir dyrum að hækka söluskattinn töluvert, ef kæmi til aðildar okkar að EFTA og tollalækkunum í því sambandi, þá er það nokkurt áhyggjuefni að koma á svo virku söluskattseftirliti, að þessi nýi tekjustofn skili sér sem bezt, því að tilhneigingin til undanskots verður að sjálfsögðu því meiri, sem þessi fjárhæð er hærri. Og mér þykir ekki ólíklegt, að það verði niðurstaðan, þegar söluskatturinn er orðinn töluvert hærri en hann er nú, að það verði a. m. k., eins og ég sagði í fjárlagaræðunni í fullkominni alvöru, að athuga það, hvort ekki verði nauðsynlegt að breyta söluskattinum yfir í virðisaukaskatt, og ég held, að það sé talið óhugsandi með öllu að hafa mismunandi prósentur í sambandi við virðisaukaskatt, það sé ekki framkvæmanlegt.

Af þessum sökum held ég, hvort sem menn telja það til góðs eða ills, að það sé ekki fær sú leið, sem hv. þm. benti á, að mismuna í álagningu söluskatts hinum ýmsu vöruflokkum, heldur verði að fara þá leið, þar sem það er talið fært, að undanskilja einstaka vöruflokka alveg. Það mundi geta gengið tæknilega séð að vissu leyti með sumt af þessum vörum, sem hér er um að ræða, en í sumum tilfellum alls ekki, vegna þess að það er um blandaða sölu að ræða í hinum ýmsu verzlunum, og slíkt mundi leiða til þess eftirlitsleysis, sem ég gat um áðan, að væri ófært, að ætti sér stað.

Það kann vel að vera og um það skal ég engu spá enn, að það þurfi að kanna enn þá betur, hvort hugsanlegt sé að undanþiggja einhverjar vörutegundir söluskatti, eftir að hann hækkar verulega. Það tel ég ekki tímabært að ræða og vil því ekki fara inn á þá sálma, en aðeins almennt láta koma fram þessar hugleiðingar um þetta mikilvæga atriði. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. hefur fengið þá tölu, að þessar till. þeirra félaga muni minnka tekjur ríkissjóðs á ársgrundvelli um, að mig minnir, 265 millj. kr. Eftir þeim tölum, sem ég hef hér fyrir mér, er talið, að þetta muni minnka tekjurnar á ársgrundvelli um 363 millj. Og þar er lögð til grundvallar neyzlustatistik þjóðhagsreikninga Efnahagsstofnunarinnar og söluskattsstofninn 1968. Að það leiði til einhvers sparnaðar fyrir ríkissjóð, þó að það leiði til vísitölulækkunar, sem nemi á 2.%, þá veit ég, að hv. þm. er það vel ljóst, að það verður um svo lítilfjörlegan sparnað að ræða, að það skiptir sáralitlu máli. Það mundi koma fram í launagreiðslum ríkissjóðs sparnaður upp á milli 30—40 millj. eða eitthvað slíkt, en það stæðu þá eftir tekjutap, — við skulum fara bil beggja milli þess, sem okkar áætlanir segja, — upp á nærri 300 millj. fyrir ríkissjóð.

Ég verð því á þessu stigi málsins að leggjast eindregið gegn þessu frv. af þessum tveimur ástæðum, annars vegar því, að hér er um tekjumissi að ræða, sem er svo mikill, að það er engin leið að missa af þeim tekjum nema afgreiða greiðsluhallafjárlög, og einnig að hinu leytinu til, tel ég ekki þá leið færa, sem hv. þm. benti á, að undanþiggja ýmsar þessar tegundir, af framkvæmdaástæðum og að söluskattur, sem verði mismunandi á einstakar vörutegundir, leiði til þess, að það verði illmögulegt að hafa nokkurt viðhlítandi eftirlit með innheimtu söluskatts, og það veit ég, að hv. þm. er mér algerlega sammála um, að megi ekki gerast. Og það er einmitt þessi hætta, sem við stöndum nú andspænis við verulega hækkun söluskattsins, að tilhneigingin til undanskots verði ríkari og því meiri nauðsyn er, að við höfum framkvæmdina svo einfalda í sniðum, að hún leiði ekki til þess að gera eftirlitið torvelt eða í ýmsum tilfellum óframkvæmanlegt.

Varðandi þörf fólks á því að fá lækkað vöruverð, þá getum við hv. þm. verið alveg sammála um það, og út í þá sálma skal ég ekki fara. Staðreyndin er sú, að ríkið þarf á tekjum sínum að halda, og það þekkir hv. þm., sem verið hefur lengst manna í fjvn. hér, hvaða vanda þar er við að glíma, og ég held, að það sé kannske nokkuð langt gengið hjá hv. þm. og flokksbræðrum hans hér jafnhliða því, sem fæst tækifæri eru látin ónotuð til að deila á ríkisstj. og þá ekki sízt mig fyrir það, að það sé dregið úr framlögum til ýmissa nauðsynjamála, að ætla með tveimur frv. að skerða tekjur ríkissjóðs um 600 millj. kr. á einu ári. Það held ég, að sé nokkuð langt gengið og það verði naumast talið óeðlilegt a. m. k., þó að ég hreyfi nokkrum andmælum við þeirri rausn í þá áttina.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég gat nú jafnvel búizt við því, að hæstv. fjmrh. hefði ýmislegt við það að athuga, þegar átti að draga úr tekjum ríkissjóðs, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, þar sem hann tók mig hraustlegar í gegn en hann hefur nokkurn tíma gert áður, þegar ég lagði til að reyna að auka tekjur

ríkissjóðs, eins og gert var hér með frv. um skatteftirlitið.

En út af því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., vil ég segja það í fyrsta lagi, að ég hef þá komizt klaufalega að orði, ef skilja má orð mín þannig, að ég geri ráð fyrir því að hafa mismunandi söluskatt á þeim vörum, sem söluskattur er lagður á. Það var ekki hugsun mín, heldur sagði ég það eða ætlaði að segja það, að ég vildi heldur þá láta hækka söluskattinn almennt á þeim vörum, sem hann væri lagður á, ef þessar væru undanþegnar. Þetta vildi ég leiðrétta. Í öðru lagi varðandi þá tölu, sem ég gaf hér upp sem tekjutap ríkissjóðs af völdum þessa frv., þá hef ég hana frá Hagstofu Íslands, en ég hygg, að tölur þær, sem hæstv. ráðh. vitnaði í, séu bundnar því frv., sem við fluttum hér í fyrra, en nú höfum við breytt frv., þar sem alveg er takmarkað, hvaða vörutegundir er átt við nú, en þar var tekið fram, að það væru innlend matvæli, og ég hygg, að þar í liggi mismunurinn, enda eru það svipaðar tölur, sem ég hef frá Hagstofunni þar um.

Í sambandi við þetta mál vil ég svo að öðru leyti segja það, að mér er það auðvitað ljóst, að ríkissjóður getur ekki misst þessar tekjur, án þess að það komi við, og fyrir því verður að sjá á einn eða annan hátt, eins og ég gat um hér áðan. En ég tel það hins vegar mjög áríðandi, ekki sízt ef söluskattur yrði hækkaður, að undanþiggja verulegan hluta af þessum vörutegundum. Ég gæti hins vegar t. d. gengið inn á það að falla frá einhverju, sem þarna er talið upp, t. d. unnum kjötvörum. Ég gæti hugsað mér að sleppa þeim, ef kjötið, eins og það er selt óunnið, væri undanskilið. Ég álít, að það sé mjög mikið atriði *einmitt, að kjöt sé undanskilið söluskatti.* Sama finnst mér um smjör, skyr og ost. Og ég hef ekki trú á því, að það valdi neinum erfiðleikum í framkvæmd, þó að þessar vörur væru algerlega undanskildar söluskatti. Og ég er alveg til samstarfs um það, að dregið yrði eitthvað úr þessu, ef t. d. fyrst og fremst þessar vörur og fiskur væru undanskilin, þessar allra nauðsynlegustu matvörur. Það er ekki eins mikið atriði, þó það skipti verulegu máli, með gasolíu til heimilisnotkunar og sölu rafmagns og hitaveitu. Þetta skiptir allt máli fyrir neytendur, en ég legg þó ekki eins mikið upp úr því og íslenzkum landbúnaðarvörum, sem ég tel mjög áríðandi, að verði undanskildar söluskatti. Og ég legg megináherzlu á það, ekki sízt ef að því ráði yrði horfið að hækka söluskattinn, að þetta yrði gert áður. Ég held, að það sé afskaplega auðvelt að finna leið, til þess að þetta þurfi ekki að skapa nein vandræði í innheimtu söluskatts, og er hægt að fá samstarf um þann hluta málsins, enda vil ég nú taka undir það með hæstv. fjmrh., að ég tel það mikils um vert, að innheimtan sé í lagi og vil ekki standa að því að gera hana erfiðari. En ég held, að það megi úr þessu frv. a. m. k. einangra þá hluti eða þær vörutegundir þannig, að það væri auðvelt í framkvæmd. Og ég vil svo undirstrika það, að það er ekki mín hugsun, að það verði mismunandi söluskattur, heldur að vörutegundirnar verði alveg undanþegnar söluskatti.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Mér þykir leitt, að ég virðist hafa misskilið það, sem hv. þm. sagði í frumræðu sinni varðandi söluskattinn, að hann yrði þá hafður hærri á öðrum vörum. Ég hafði skilið það svo, að hann meinti mismunandi söluskatt, sem er ekki óþekkt fyrirbrigði, en eins og ég sagði áðan, er yfirleitt verið að hverfa frá þessu af framkvæmdaástæðum, sem ég gat um, sem raunar hv. þm. tók undir einnig.

En það breytir ekki hinni röksemdinni, sem ég gat um áðan, að það er illgerlegt að undanþiggja söluskatti vörur, þar sem um er að ræða blandaða sölu. Það er ómögulegt að hafa eftirlit með sölu í verzlunum, sem hafa á boðstólum bæði söluskattsskyldar og ósöluskattsskyldar vörur, eins og t. d. mundi verða um kaffi, sykur og kornvörur. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að það eru til vissar vörutegundir, sem eru aðeins seldar í algerum sérverzlunum, og það má auðvitað hugsa sér, að það sé hægt að undanskilja slíka vöru, enda eru til vörur, sem eru undanþegnar söluskatti, og ég skal efnislega fallast á, að það er framkvæmanlegt, hvort sem mönnum kann að þykja það æskilegt eða ekki, að hækka meir aftur söluskatt á öðrum vörum. Ég held þess vegna, að okkur út af fyrir sig beri ekki mikið á milli í þessu efni.

Mér skilst það, að hv. þm. telji við nánari athugun, að hann vilji ekki gerast talsmaður þess að valda neinu því, sem leiðir til aukinnar hættu á undanskoti söluskatts og þar af leiðandi ekki taka vöruflokka undan söluskatti, sem mundi valda erfiðleikum á eftirliti, og það kemur þá til athugunar á sínum tíma.

Ég veit það vel, að það er visst áhyggjuefni *hjá bændasamtökunum, og* það hefur komið fram hjá þeim, ef gengið yrði í EFTA og aukinn almennt söluskattur, að hækkun á söluskatti enn á búvörum mundi verða til þess að draga úr neyzlu þeirra. Það er rétt hjá hv. þm., þannig að þessi skoðun er manni ekki ókunn. Hvort lægt verður að einhverju leyti að mæta þeim óskum, skal ég ekkert um segja á þessu stigi. Hugleiðingarnar varðandi hækkun söluskattsins eru ekki komnar svo langt og ekki enn þá orðið ljóst gerla, hvaða útgjaldatjóni ríkissjóður yrði fyrir, ef gengið yrði í EFTA og framkvæmd 30% lækkun verndartolla nú um næstu áramót, að hægt sé að segja um það, hvað söluskattsprósentan þyrfti endilega að vera, þannig að ég tel mér ekki fært að ræða málið nánar um það atriði.

En mér þykir, eins og ég segi, vænt um að heyra, að okkur ber ekki á milli í því, hv. þm. og mér, þó að hann telji rétt að fella niður söluskatt af ýmsum vörum, að það verði gert með þeim hætti, að það leiði ekki til vandræða í framkvæmd og dragi úr eftirliti. Mér þykir einnig vænt um að heyra það, að hann gerir sér fulla grein fyrir því, að það sé ekki hægt að framkvæma svo stórfellda tekjuskerðingu, sem hér er um að ræða. Hvort hún er 250 millj. eða 350 millj., það auðvitað skiptir 100 millj., en í báðum tilfellunum er þar um svo geysilega upphæð að ræða, að það er auðvitað ekki hægt annað en mæta henni með einhverjum hætti, þar sem

sparnaðurinn, sem kæmi fram í lækkaðri vísitölu, eins og ég gat um og byggi þar á þeim upplýsingum, sem hv. þm. gaf um, hver væri líkleg vísitölulækkun, mundi fyrir ríkissjóð sem slíkan ekki hafa nema tiltölulega sáralitla þýðingu.

Ég skal ekkert segja um það, eins og ég áðan sagði, hvor tala okkar hv. þm. er rétt. Útreikningurinn, sem ég taldi mig hafa hér í höndunum, átti að byggjast á því frv., sem hér liggur fyrir, en eins og ég segi, vil ég ekkert um það deila við hv. þm. Allavega eru tölurnar svo háar, að eins og ég áðan sagði, þó að við færum bil beggja í því og reiknuðum með, að það væru 300 millj., eða jafnvel þó að það væri tekin hans tala, 250 millj., þá er auðvitað um slíka upphæð að ræða, að það er ekki gerlegt fyrir ríkissjóð að missa þann tekjustofn, nema þá að finna önnur úrræði.

Ég tel sjálfsagt, að þetta mál verði skoðað í n., og það verður sjálfsagt að bíða endanlegrar meðferðar eftir því, hvernig mál skipast varðandi tekjustofnamál ríkissjóðs og varðandi endanlega afgreiðslu fjárlaga og síðan kæmi það væntanlega til athugunar þá hér, ef hér kemur til meðferðar á sínum tíma frv. frá ríkisstj. um breytingu á söluskattinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. VH og SV).

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [66. mál] (þmfrv., A. 73).

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Við hv. 5. þm. Austf., Vilhjálmur Hjálmarsson, höfum leyft okkur að koma hér fram með brtt. við l. um tekju- og eignarskatt nr. 90 frá 1965. 1. gr. frv. er þannig:

„Síðasti málsl. 3. málsgr. 3. gr. l. orðist svo: Aldrei kemur þó hærri upphæð til frádráttar en 50.000 kr.“

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki samþykki. Í l. um tekjuskatt og eignarskatt eru ákvæði, er heimila hjónum að draga frá skattskyldum tekjum sínum 50% þeirra tekna, er konan vinnur fyrir, enda sé teknanna ekki aflað hjá fyrirtæki, sem hjónin, annaðhvort eða bæði, eða ófjárráða börn þeirra eiga eða reka að verulegu leyti. Vinni konan við eigin atvinnurekstur hjónanna, eiga þau rétt á því, að metinn sé hlutur konunnar af sameiginlegum, hreinum tekjum hjónanna miðað við beint vinnuframlag hennar við öflun teknanna og dregin 50% frá hlut hennar, áður en skattgjald er lagt á hinar sameiginlegu tekjur hjónanna. En hér fylgir böggull skammrifi, því að eins og stendur í l. má þessi upphæð aldrei vera hærri en 15 þús. kr.

Sú mismunun, sem þarna á sér stað, er í eðli sínu mjög hæpin. Kona, sem vinnur við atvinnurekstur fjölskyldunnar, á að njóta sama réttar við skattlagningu og hin, sem starfar hjá öðrum. Hins vegar getur verið mjög erfitt að meta vinnuframlag konunnar við öflun teknanna, og höfum við flm. þessa frv. því ekki lagt það til að breyta þessu ákvæði í þetta sinn. Breyting sú, er þetta frv. felur í sér, er aðeins sú að hækka þá upphæð, sem ákvæðin er í l., til samræmingar við annað verðlag í landinu. Þetta ákvæði í l., að ekki megi draga hærri upphæð en 15 þús. kr. frá skattskyldum tekjum vegna vinnu konu í eigin atvinnurekstri, er frá árinu 1960. Þessi upphæð hefur haldizt óbreytt síðan, þó að allt verðlag og kaupgjald hafi meira en þrefaldazt síðan. Er því kominn tími til að leiðrétta þetta. Árið 1958 var þetta lögákvæði á þann veg, að frádráttarupphæðin mætti aldrei vera hærri en tvöfaldur persónufrádráttur konunnar, en persónufrádráttur einstaklings árið 1958 var 6500 kr. og því frádráttarupphæðin 13 þús. kr. Þannig var þetta fyrir 11 árum, og enn þann dag í dag er þessi upphæð aðeins 15000 kr. Á þessu sést, að umrætt ákvæði l. er gersamlega úrelt og ekki í neinu samræmi við það, sem ætlazt var til, þegar þessi l. voru sett, og því vona ég, að hv. þd. geti fallizt á að samþykkja þessa breyt.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

21. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. HB o. fl.).

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [67. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 14. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, því að hér er um að ræða atriði, sem er alkunnugt og hefur oft komið til umr., en það er breyt. á l. um tekju- og eignarskatt í þá átt, að heimilaðar verði fyrningar á föstum fjármunum í samræmi við endurkaupsverð þeirra, þannig að fyrningarsjóðir svari til endurkaupsverðs hins fyrnda hluta eignarinnar á hverjum tíma.

Þetta vandamál, sem er auðvitað ein af mörgum afleiðingum þeirrar verðbólguþróunar, sem hér hefur legið í landi um áratugi, hefur oft komið til umr. á ýmsum vettvangi, og ég sé t. d. í blaði í morgun, að á iðnþingi hefur Landssamband ísl. iðnaðarmanna samþykkt till., sem ganga í þessa stefnu, og fyrir nokkrum vikum var svipuð till. samþ. í Verzlunarráði Íslands, ein af 9 till. um skattamál, sem það afgreiddi. Vandamálið er sem sagt fólgið í því, að þegar fyrningar eru miðaðar við kostnaðarverð, sem fer svo síhækkandi allt fyrningartímabilið, verður fyrningarsjóður að tímabilinu enduðu ekki nema fyrir broti af því, sem kostar að endurnýja hina fyrndu eign. Vissulega skapar verðbólgan okkur mörg fleiri vandamál af þessu tagi en þetta eitt. Það er í sjálfu sér alveg sama vandamálið, sem kemur fram, þegar menn leggja sparifé á banka og sækja það svo aftur eftir árabil. En á því vandamáli höfum við þó reynt að ráða nokkra bót með l., sem hér voru samþ. fyrir nokkrum árum um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þótt þau l. hafi því miður ekki komið til framkvæmda enn.

Fyrir allmörgum árum, það mun hafa verið árið 1963 eða 1964, var samþ. breyt. á l. um tekju- og eignarskatt, sem gekk í þá sömu stefnu og þetta frv. að því leyti til, að heimilað var endurmat eigna í eitt skipti fyrir öll, þeirra eigna, sem keyptar voru eða aflað var fyrir árið 1962. Það var heimilað endurmat þeirra til nýs verðlags, þar sem hið nýja verðlag yrði síðan notað sem fyrningarstofn, og auðvitað var þetta til mikilla bóta að sjálfsögðu fyrir allan atvinnurekstur, en það sótti á hinn bóginn fljótt í sama horfið, og við flm. þessa frv. erum þeirrar skoðunar, að það nægi ekki að breyta slíku mati öðru hverju, heldur þurfi að haga fyrningum frá ári til árs, þannig að fyrningarsjóðir séu í samræmi við það verðlag eignanna, sem á hverjum tíma er. Þetta frv. gengur sem sagt í þá stefnu.

Okkur er það auðvitað ljóst, flm., að það er ekki nóg að hafa heimildir í skattal. til þess að fyrna eignir með þessum hætti, ef afkoma reksturs landsmanna er yfirleitt á þann veg, að tekjur nægja ekki til slíkra afskrifta, en okkur virðist á hinn bóginn, að ef svo er, þá er enginn vinningur í því að fela það með afskriftarreglum, sem eru í raun og veru ekki í samræmi við neinn raunveruleika. Þetta frv. felur ekki aðrar breytingar í sér en þessa, og má vera, að það sé tæknivöntun í frv. Ég hef að vísu leitað til sérfróðs manns í sambandi við það, en það má vera eigi að síður, að af samþykkt þessa frv. mundi leiða, að það þyrfti að gera nokkrar fleiri breyt. til samræmis á l. um tekju- og eignarskatt. Ég geri ráð fyrir því, ef þetta frv. fær þá eðlilegu meðferð að vera sent til umsagnar, þá komi það fram, og má þá bæta úr, ef nauðsynlegt væri t. d. að breyta einnig 22. gr. til samræmis við þetta.

Ég skal svo ekki hafa þessa framsögu lengri, herra forseti, en legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ætlun mín er ekki sú að fara hér sérstaklega að andmæla þessu frv. né hugsuninni, sem liggur að baki því. Út af fyrir sig er það efnislega rétt, sem hv. þm. sagði, að það er nauðsynlegt, ef ekki á að valda vandræðum, að fyrningar séu jafnan í samræmi við endurkaupsverð eigna, og við þá hugsun hef ég því út af fyrir sig ekkert að athuga.

Hins vegar kemst ég ekki hjá því að upplýsa nokkur atriði í þessu sambandi, og er a. m. k. eitt þeirra atriða næsta einkennilegt. Þetta mál lá sem sagt í öðru formi hér fyrir Alþ. fyrir tveim árum og þá í frv., sem ég flutti hér, þ. e. a. s. frv. til nýrra bókhaldslaga. Þar var í 23. gr. þess gert ráð fyrir eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hafi orðið almenn og veruleg verðbreyting fasteigna, skipa, véla, áhalda og annarra eigna, sem ætlaðar eru til stöðugrar notkunar í rekstrinum, frá því að þeirra var aflað, er heimilt að endurmeta þær til samræmis við verðbreytingu slíkra eigna á almennan og viðurkenndan mælikvarða. Skal upphaflegt kostnaðarverðmæti og heildarafskrift metin með samsvarandi hætti. Við endurmatið skal hafa sérstaka hliðsjón af því, að bókfært verðmæti eigna verði ekki hærra en svari til raunverulegs verðmætis þeirra."

Svo einkennilega vildi til, að þetta ákvæði var fellt niður hér á hinu háa Alþ., og ég held með einróma samþykki þeirrar n., sem að því stóð á sínum tíma, þannig að þetta var fellt út úr frv., og bókhaldsl. endanlega ákveðin án þess að taka með þetta ákvæði. Og eftir því sem mér skildist, voru rökin fyrir þessu frá hv. n., sem þetta flutti, þau, að hún teldi ekki eðlilegt að fylgja þeirri reglu, að vera stöðugt að gera breytingar á þessu mati, heldur ætti það að gerast á nokkru árabili og endurskoðast þá með nokkuð svipuðum hætti og hv. þm. gat réttilega um, að gert hefði verið 1962. Hvort það árabil er komið nú, skal ég ekkert um segja, en ég tel rétt að upplýsa þetta atriði hér, án þess að það sé gert í neinu deiluskyni, heldur aðeins til upplýsingar um það, að það er síður en svo, að af minni hálfu hafi verið andstaða gegn því að þetta sjónarmið væri látið ráða.

Hins vegar vil ég svo einnig upplýsa annað atriði, sem er kannske enn þá kynlegra. Og það er, að heimildin, sem veitt var 1962 til endurmats eigna, hefur verið notuð í sárafáum tilfellum, eftir því sem skattayfirvöld tjá mér. Það var gert ráð fyrir því, að það væri ekki um sjálfkrafa endurmat að ræða, heldur gætu menn krafizt slíks endurmats, en af einhverjum ástæð-

um, — ég skal ekki fara að skýra, hverjar þær ástæður kunnu að vera, maður hefur um það vissar grunsemdir, — þá var ekki óskað eftir því nema af tiltölulega fáum aðilum, að þetta endurmat ætti sér stað, þannig að heimildin frá 1962 hefur ekki verið notuð nema að litlu leyti.

Vitanlega er það svo, að það er orðin fullkomin fjarstæða í mati vissra eigna, og á ég þar við fasteignamatið, sem má gera ráð fyrir, þegar það kemur fyrir almenningssjónir, það er nú verið að leggja síðustu hönd á það, að það muni sýna fimmtánfalda hækkun a. m. k. hér í Reykjavík og jafnvel víðar, og eins og nú standa sakir, er fyrningarreglan við þetta mat miðuð. Nú kemur það auðvitað til álita, þegar nýja fasteignamatið tekur gildi, hvort sem það verður nú á næsta ári eða um áramótin þar á eftir, — það þykir nú ólíklegt, eins og ég raunar gat um í fjárlagaræðu minni, að kærufrestir verði liðnir, þó að matið sé að mestu leyti búið nú, þannig að unnt verði að láta það taka gildi um áramót og óheppilegt að miða ekki við áramót, þannig að sennilega mundi það þá ekki taka gildi endanlega fyrr en 1. janúar 1971, — hvort taka skuli það til endurskoðunar, t. d. fyrningarreglurnar, hvort það á að ganga þá út frá, að íbúðarhús fyrnist t. d. um 4% miðað við fimmtánfalt fasteignamat eða ekki. Það verður þá náttúrlega ærin leiðrétting, sem menn fá þar og fríðindi. Um þetta skal ég ekkert fullyrða, það kemur til athugunar á sínum tíma.

Ég vil einnig upplýsa það varðandi skattalaganefnd þá, sem ég skipaði s. l. vor og skýrði frá í fjárlagaræðu minni og átti að hafa það sérstaka viðfangsefni að athuga samkeppnisaðstöðu fyrirtækja hér á landi miðað við samkeppnislönd, ef til kæmi aðildar EFTA, og átti jafnframt að skoða almennt séð, hvort fyrirtæki hér byggju við verri skattlagningarreglur en í þessum nálægu löndum, og í því sambandi hafa í huga að auðvelda leið til sameiningar fyrirtækja og eigin fjármyndunar í fyrirtækjum, að eitt af meginatriðunum í hlutverki og starfsemi þessarar n. er einmitt fyrningarreglurnar, sem hér gilda, og samanburður á þeim við þessi lönd, og innan tiltölulega skamms tíma er að vænta bráðabirgðaálits n. einmitt varðandi fyrningarreglurnar, þannig að þetta mál er vissulega á dagskrá.

Nú er það að vísu svo, að fyrningarreglur hér á landi eru ekki eins slæmar og menn kynnu að halda. Hér gilda sérstakar fyrningarreglur við vissar tegundir eigna, sem eru mjög ríflegar, eins og hv. þm. vita, svo sem t. d. í sambandi við fiskiskip og reyndar flutningaskip líka, flugvélar, síldarverksmiðjur, dráttarbrautir og vinnslustöðvar, bæði í landbúnaði og í sjávarútvegi, þar sem sérstök fyrningarheimild, sem nemur 20% á ári í þrjú ár, og almennt má segja það um fyrningarreglurnar, sem eru, eins og ég sagði, að öðru leyti mjög mismunandi, eftir því hvaða eignir er um að ræða og í hvaða skyni þær eru notaðar, að þá eru þær ríflegar á tvennan hátt. Annars vegar er prósentan rífleg og hins vegar er fyrningartíminn stuttur. Hann er styttri en eðlilegur endingartími eigna, þannig að að þessu leyti má segja, að menn njóti þarna nokkurs góðs umfram það, sem eðlilegt væri. Ef við hefðum stöðugt og fast verðlag, þá auðvitað er það eina eðlilega að miða við raunverulegt eignarverð eigna, og ég geri ráð fyrir því, að þá mundu einnig þessar prósentutölur hækka.

Ég er ekki að segja þetta hér til þess að deila neitt á þá hugsun, sem liggur að baki þessu frv., heldur aðeins geta þess, að hér er um margþætt mál að ræða, sem þarf að sjálfsögðu að gefa gaum, og eins og ég hef sagt, hefur þessu þegar verið gefinn gaumur, bæði með beinum tillöguflutningi hér á Alþ., sem ekki hlaut þá sérstaka náð hv. alþm., og er ég ekkert að deila á þá fyrir það, þeir hafa haft sín rök fyrir því, og ekki síður með því, sem ég áðan gat um, að sú n., sem starfar nú að allsherjarathugun á aðstöðu atvinnurekstrarins, á einmitt ekki sízt að athuga fyrningarreglurnar og hvort þær eru þess eðlis hér, að það þurfi þar við að bæta, og hvernig það eigi þá að gerast.

Flm. (Helgi Bergs): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. kvartaði nú hér áðan undan því hlutskipti, sem honum hefur fallið í skaut, að þurfa að andmæla hér öllum frv., sem lögð eru fram til endurbóta á skattal., en hann telur það víst í samræmi við embættisskyldu sína. Ég verð nú að láta í ljós nokkurn vafa um, að það sé nú nákvæmlega réttur skilningur, en andmæli hæstv. fjmrh. í þessu máli voru nú ákaflega hófleg, og ég get raunar þakkað honum fyrir undirtektirnar, vegna þess að hann var í grundvallaratriðum sammála þeirri hugsun, sem þetta frv. byggir á, og ég hef þess vegna í rauninni engu að svara. Ég get þvert á móti tekið undir ýmislegt, sem hæstv. ráðh. sagði.

En mig langar til þess að segja örfá orð um nokkur atriði þess, sem hann drap á, sem ég hafði ekki minnzt neitt á á undan, og í ræðu hæstv. ráðh. komu raunar fram fróðlegar upplýsingar, sem ég þakka fyrir. Það var það, sem hæstv. ráðh. upplýsti um, að efnislega hefði þetta mál legið fyrir sem eitt atriði bókhaldsl. fyrir nokkrum árum, en þá ekki fundið náð fyrir augum hv. Alþ. Þetta sýnir auðvitað ekkert annað en það, að skýrum getur líka skotizt, og það verður bara að taka málið til nýrrar skoðunar og setja það í brennidepil með því að taka það út af fyrir sig, eins og hér er gert.

Ég vil líka í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. upplýsti, að heimildin, sem samþ. var hér til endurmats eigna fyrir nokkrum árum, hefði verið notuð í tiltölulega fáum tilfellum. En mér er nú nær að halda, að hún hafi verið notuð mikið af ýmsum heilbrigðustu fyrirtækjum landsins. Ég á við það, að t. d. fjölskylduhlutafélög og önnur slík munu kannske ekki hafa notað hana mjög mikið, en ýmsir aðrir munu hafa notað þessa heimild, og ég skildi heldur ekki hæstv. ráðh. þannig, að hann hefði ekki talið, að þessi heimild hefði verið eðlileg og það hefði verið rétt að setja hana.

Hæstv. ráðh. drap á það, að það kynni að orka tvímælis, þegar fasteignamat hefur nú verið fimmtánfaldað, hvort það eigi að halda áfram að leyfa frádrátt 4% fyrninga eða hvað það er í raun og veru á venjulegum húsum. Hér er ég

þeirrar skoðunar, að það, sem máli skiptir, sé að hafa fyrningar sem allra mest í samræmi við raunveruleikann. Ef mönnum finnst, að skattabyrðar húseigenda séu léttar allt of mikið með því móti, þá kemur miklu frekar til greina að mínum dómi, að athuga breytingar á fasteignasköttum en vera með fyrningar, sem eru ekki í neinu samræmi við raunverulegt verð eignanna. Og alveg með sama hætti hef ég ekki verið neitt voðalega hrifinn af því, að á sumum tegundum framleiðslutækja, eins og skipum og vissum vinnslustöðvum, eru leyfðar feiknamiklar afskriftir fyrstu árin, til þess að lækka verðmæti eignanna niður strax í byrjun. Þetta er heldur ekki í samræmi við það, sem mér virðist vera eðlileg fyrning eignanna, því að auðvitað eru eftir miklu meiri verðmæti í þessum eignum en 20% eftir fjögur ár. Hæstv. ráðh. gat um það, að fyrningarreglurnar hér væru ekki svo mjög slæmar, vegna þess að fyrningarprósentan væri nokkuð rífleg og tíminn, sem væri til afskriftanna ætlaður, væri tiltölulega stuttur. Mér virðist, að þetta geti ekki komið í staðinn fyrir réttan fyrningarstofn. Mér virðist, að við eigum að reyna að hafa líka þetta sem næst sanni.

Hæstv. ráðh. upplýsti það, að n. væri nú starfandi, sem m. a. væri að athuga fyrningarreglurnar í sambandi við athugun á stöðu atvinnurekstursins yfirleitt, og ég tel þess vegna mjög eðlilegt, að sú n., sem væntanlega fær þetta frv. til athugunar, leitaði upplýsinga hjá þeirri n., sem hefur verið að starfa að þessum efnum, og ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að ítreka till. mína um það, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn. og til 2. umr.

Umr. (atkvgr.) **frestað.**

Á 15. fundi í Nd., 17. nóv., var fram haldið 1. **umr. um frv.**

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar [77. mál] (þmfrv., A. 86).

Á 13. og 14. fundi í Nd., 11. og 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. enn tekið til 1. **umr.**

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Frv. þetta, sem hér er til umr., var lagt fyrir síðasta þing af formanni Alþb., Ragnari Arnalds. Hann mælti þá fyrir málinu í þessari hv. d., en síðan fór það til n., og fara ekki frekari sögur af því. Þannig vill verða um býsna mörg mál, sem hér er fjallað um, að þótt þau séu lögð fram snemma á þingtímanum, þá vilja þau mörg tefjast svo í n., að þau koma aldrei til endanlegrar afgreiðslu. Ég tel, að allt of mikil brögð séu að þessu og hæstv. forsetar Alþ. þyrftu að gefa þessu máli meiri gaum en gert hefur verið. Hins vegar er það mjög mikill misskilningur, að hægt sé að salta mál með því að svæfa þau í n. Ef mál fjalla um einhverja góða hugmynd, þá heldur hugmyndin áfram að lifa engu að síður, og það hefur sannazt á þessu máli. T. d. gerðust þau tíðindi hér fyrir nokkru á þingi, að allmargir hv. þm. Framsfl. fluttu í Ed. frv. um hliðstætt efni: Frv. til l. um Togaraútgerð ríkisins og stuðning við útgerð sveitarfélaga. Í þessu frv. var tekin upp hugmyndin úr frv. því, sem flutt var á vegum Alþb. í fyrra og sumir þættir raktir býsna nákvæmlega. Ég er ekki að nefna þetta, vegna þess að ég telji, að Framsfl. hafi þarna verið að hirða af okkur mál, eins og stundum er komizt að orði hér í þingsölunum, þegar hv. alþm. eru að bera hvor á annan, að þeir hafi stolið frá sér málum. Ég sá raunar í einu stjórnarblaðinu um daginn fyrirsögn, sem hljóðaði á þessa leið: Þingmaður stelur. Og þegar ég fór að gá, hvað þarna væri um að ræða, þá kom í ljós, að einn af þm. þessarar d., hv. þm. Jón Skaftason, hafði leyft sér að flytja till. um aukinn stuðning við vísindastarfsemi í landinu, og blaðið taldi, að þetta væri algerlega óheimilt, vegna þess að um þetta mál hefði verið fjallað á landsfundi Sjálfstfl. Afstaða af þessu tagi er auðvitað algerlega fráleit, og ég vil hér lýsa sérstakri ánægju með þann stuðning, sem Framsfl. hefur veitt þessari hugmynd með flutningi sínum á frv. í Ed.

Mér virðist sá stuðningur vera svo mikilvægur, að það eigi að vera nokkuð augljóst, að hér á þingi ætti að vera meiri hl. við þessa hugmynd, ef Alþfl. heldur við yfirlýsta stefnu sína í þessu máli. Þetta er hugmynd, sem Alþfl. hefur ákaflega oft hreyft, og það hefur einmitt verið rifjað upp í sambandi við frv. framsóknarmanna, að 1937 var þetta ákaflega mikið ágreiningsmál milli Framsfl. og Alþfl. Framsfl. hefur skipt um skoðun í málinu vegna breyttra þjóðfélagshátta m. a., og því tel ég, að nú eigi að vera mjög góðir möguleikar til þess að fylgja þessu máli eftir. Raunar er Sjálfstfl. ekki andvígur því, eftir því sem hann segir sjálfur, að ríkisvaldið beiti áhrifum sínum til þess að auka togaraútgerð á Íslandi, en það mál er að sjálfsögðu nátengt þessu frv. Í áliti sjútvn. 18. landsfundar Sjálfstfl. er fjallað um, hvað gera þurfi til þess að efla sjávarútveg á Íslandi. Þar er talað um, að æskilegt sé að takmarka ríkisforsjá, eins og gera mátti ráð fyrir, en síðan segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin telur þó, að eins og nú standa sakir, sé nauðsynlegt að unnið sé skipulega að endurnýjun fiskiskipastólsins, en þess beri þó að gæta, að hún sé fyrst og fremst miðuð við þarfir at-

vinnuvegarins sjálfs og verði stöðug og jöfn. Enn fremur er ljóst, að eins og nú er komið, er óhjákvæmilegt, að ríkisvaldið leggi verulega mikið af mörkum til endurnýjunar togaraflotanum, sem er ómissandi þáttur í atvinnulífi landsmanna.“

Það er þannig einnig stefna Sjálfstfl., að ríkisvaldið verði að leggja verulega mikið af mörkum til þess að efla togaraútgerð á Íslandi. Og þegar afstaða flokkanna er eins einróma og fram kemur í þessu, þótt einnig sé vissulega um ágreiningsefni að ræða, þá er engu að síður allsherjar stuðningur við það, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að efla togaraútgerð á Íslandi, svo mikilvægur, að eitthvað ætti undan að láta.

Þetta mál, togaraútgerðin, er mikið stórmál, eins og allir vita. Alþb. hefur undanfarinn áratug flutt till. árlega á þingi um opinberar ráðstafanir til þess að endurnýja togaraflotann á Íslandi. Eitt slíkt frv. liggur nú þegar fyrir Ed., frv., sem hv. þm., Gils Guðmundsson og Karl Guðjónsson, flytja um forystu ríkisins fyrir því að kaupa 15 togara, sem síðan verði seldir útgerðaraðilum. Allir hv. alþm. vita, hver þróun hefur orðið í togaramálum. Fyrir áratug, þegar núv. hv. ríkisstj. tók til starfa, voru togararnir í landinu 48, en nú eru þeir aðeins um 20. Meðalaldur þessara togara, sem eftir eru, er 18 ár, og yngstu togararnir eru 9 ára gamlir. Og allir vita, að þessi skip samsvara ekki lengur þeim kröfum, sem til togara eru gerðar. Ástandið í þessu efni er einna alvarlegast á Reykjavíkursvæðinu. Hér hefur togurum fækkað um 10 á síðustu 5 árum. Og í Hafnarfirði hefur þeim fækkað úr 10 í 3 á sama tíma, auk þess sem vélbátum í Hafnarfirði hefur fækkað um ⅔ á síðustu 12 árum. Af þessu hefur það að sjálfsögðu leitt, að togaraaflinn hefur orðið æ minni hluti af aflafeng landsmanna. Árið 1959 var togaraaflinn 41% af heildaraflamagninu, en á síðasta ári var þetta magn dottið niður í tæplega 21%, og í Reykjavík var þessi samdráttur að sjálfsögðu mun meiri. Af afla þeim, sem var hagnýttur í Reykjavík 1959, voru 78% togarafiskur, en í fyrra 34%, og þetta hefur leitt til þess, að afköst frystihúsa hafa minnkað til mikilla muna.

Á áratugnum 1959—1968 var um að ræða fækkun mannafla í frystihúsunum í Reykjavík um 200—300 ársmenn, enda þótt heildarfjölgun fólks væri á sama tíma 14—12 þús. manns á því svæði, sem frystihúsin sækja vinnuafl sitt til. Þetta er ákaflega alvarlegt ástand, og hverjar hafa verið afsakanir stjórnarvalda, þegar um þetta hefur verið rætt á undanförnum árum? Þær afsakanir hafa verið á þá leið, að framtak einstaklingsins hafi ekki viljað leysa þennan vanda. Það hafi engir einstaklingar verið til, sem vildu kaupa togara. Það var engin eftirspurn eftir togurum, segja menn. Og þó menn viðurkenni, að Íslendingar þurfi togaraflota, þá er þetta notað sem afsökun, að engir einkaaðilar hafi haft bolmagn eða vilja til að kaupa togara. En þetta er ekkert ný reynsla hér á landi. Þessa reynslu hafa menn haft áratugum saman. Hvernig var ástandið í lok síðustu heimsstyrjaldar, þegar þjóðin öll var sammála um það, að endurnýja þyrfti togaraflotann, og þegar mynduð var sérstök ríkisstj. til þess að tryggja nýsköpun atvinnulífsins? Þá kom í ljós, að einkaaðilar höfðu hvorki getu né vilja til að taka þetta verkefni að sér. Þá gerðist það, að ríkisstj. ákvað, að Íslendingar skyldu kaupa 32 togara. Og hæstv. ríkisstj. samdi um kaup á þessum togurum. Síðan bauð hún þá fala til útgerðar, og þegar í ljós kom, að einkaaðilar voru ekki reiðubúnir til þess að taka þetta verkefni að sér nema tiltölulega fáir, þá var gripið til þess ráðs að stofna bæjarútgerðir víða um land til þess að tryggja það, að þessir togarar væru gerðir út.

En á þessum áratug, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið að störfum, þá hefur verið um að ræða raunverulega andstöðu gegn togaraútgerð innan ríkisstj. Þessi andstaða hefur að vísu oft verið falin bak við hræsnisfull orð, en engum þeim, sem fylgzt hefur með, hefur getað dulizt það, að hæstv. ráðh. og valdamenn stjórnarflokkanna voru andvígir því, að togaraflotinn yrði endurnýjaður. Þeir höfðu ekki trú á þessum atvinnuvegi. Og einmitt þess vegna voru frv. okkar Alþýðubandalagsmanna söltuð á hverju þingi. Það var ekki fyrr en nokkru fyrir kosningar 1967, að stjórnarflokkunum vitraðist sú staðreynd, að staða þeirra í almenningsálitinu var orðin ákaflega veik af þessum ástæðum. Og þá var gripið til þess ráðs, sem er alkunnugt, að skipuð var skuttogaranefnd, og þegar rætt var um togaramálin fyrir kosningarnar, þá vísuðu stjórnarflokkarnir ævinlega til þessarar nefndar. „Þarna er málið, þarna sjá menn áhuga ríkisstj., það er búið að gera það, sem hægt er að gera, til þess að tryggja það, að nú verði ráðizt í endurnýjun flotans.“ En það dofnaði heldur betur yfir n., um leið og kosningum lauk, og ríkisstj. hélt meiri hl. sínum. Þessi n. hefur starfað ákaflega slælega. Afköst hennar eru mjög lítil, og hún er í rauninni engan veginn búinn að skila því verki, sem hún átti að vinna. Að vísu er búið að gera bráðabirgðateikningar af sérstakri gerð af togara, en þessar teikningar eru engan veginn fullkomnar. Það vantar t. d. mikinn fjölda vinnuteikninga, sem þyrfti að hafa, ef ætti að bjóða þetta verkefni út raunverulega. Síðan hefur verið spurzt fyrir hjá skipasmíðastöðvum, fyrst og fremst erlendis, um það, hvort þær gætu tekið að sér að vinna þetta verk fyrir Íslendinga. Það hafa borizt svör frá allmörgum aðilum, en þau hafa verið býsna mikið á reiki, vegna þess að hér var ekki um raunverulegt útboð að ræða, vegna þess að þær upplýsingar, sem fyrir lágu hjá n., voru of takmarkaðar til þess að hægt væri að svara þeim. Og þess vegna liggur þetta mál enn þá og veltist hjá hæstv. ríkisstj.

Samt hygg ég, að vissar vonir séu um það, að eitthvað geti gerzt í þessu máli á næstunni. Ástæðan er sú, að það eru nýjar kosningar framundan á Íslandi, sveitarstjórnarkosningar á næsta ári. Sumir staðir, a. m. k. höfuðborgin, eru þannig á sig komnir, að ég hygg, að stjórnarvöldunum finnist ekki fýsilegt að eiga að mæta kjósendum án þess að geta bent á eitthvað, sem fyrirhugað sé eða meira en fyrirhugað, í togaramálunum. En raunar hefði mér fundizt, að hæstv. ríkisstj. hefði átt að greina okkur alþm. frá því, hverjar fyrirætlanir hennar eru, hvort það standi í raun

og veru til að semja um smíði einhverra togara núna á næstu mánuðum. Mér virðist það aðeins vera hæstv. utanrrh., sem heyrir mál mitt, en þar er ekki í kot vísað, hann var lengi sjútvmrh. og ber mjög verulega ábyrgð á þróun togaraútgerðar á þessu tímabili. Vera má, að hæstv. utanrrh. mundi vilja svara þessari spurningu minni um það, hverjar séu fyrirætlanir ríkisstj. um aðgerðir til þess að tryggja nýja togara á næstunni.

Ég hef minnzt á þessi mál vegna þess að þetta frv. okkar um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar er að sjálfsögðu nátengt þeirri nauðsyn að auka og efla togaraútgerð á landinu. En annar meginþáttur frv. er aðgerðir til þess að tryggja aukið atvinnuöryggi á Íslandi. Allir vita, hversu mjög atvinna á Íslandi er háð því, að fiskiskip okkar, togarar og bátar, leggi afla sinn upp hér heima. Raunar blasir við okkur dæmi um þetta ástand einmitt núna þessa dagana. Undanfarnar vikur hefur verið svo ástatt, að ekki aðeins hafa allir togarar okkar siglt með aflann, heldur og svo til allir stærri bátar, þeir, sem ekki hafa stundað síldveiðar hér á miðum nær landi. Þetta ástand hefur leitt til þess, að atvinnuleysi hefur magnazt mjög mikið að undanförnu. Hér í Reykjavík er ekkert að gera í frystihúsum, þegar undan er skilin vinna við síld, og á sumum stöðum úti á landi má heita algert atvinnuleysi af þessum ástæðum. Þannig er t. d. orðið svo víðtækt atvinnuleysi á Siglufirði, að það er ekki hægt að kalla það annað en neyðarástand, og sömu sögu er að segja frá ýmsum smærri byggðarlögum, sem eru háð því, að þar sé lagður afli á land.

Í þessu sambandi er vert að minnast á það, að það er mjög alvarleg staðreynd, hversu það hefur aukizt einmitt á þessum áratug, að afli okkar hafi verið fluttur beint til útlanda, en ekki fullunninn hér heima. Á þessu sviði hefur verið um afturför að ræða. Við gerum meira af því en áður að flytja afla okkar utan sem hráefni handa öðrum í stað þess að vinna úr honum sem mest verðmæti heima fyrir. T. d. hefur ísfiskur, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, áttfaldazt að magni á árabilinu 1959—1968. Magnið, sem flutt var utan óunnið í fyrra, var átta sinnum meira en það var, áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum. Fyrir þessu eru að sjálfsögðu margar ástæður. T. d. núna er augljós ástæða munurinn á verðlagi hér heima og erlendis. Togarar og bátar fá þrisvar til fjórum sinnum hærra verð erlendis en heima. Nú segir þetta að sjálfsögðu ekki alla sögu um afkomuna, því að þarna koma á móti tollar og mjög hár löndunarkostnaður og ýmis slík atriði, en engu að síður er það ljóst, að hér er um mjög óeðlilegan mun á verði að ræða. Það hefur lengi verið ljóst, að verðlagningarkerfi okkar á fiski hefur verið óeðlilegt og öðruvísi en tíðkast hér í nágrannalöndum okkar, og þar er áreiðanlega atriði, sem nauðsynlegt væri að breyta, því að okkur er það meginnauðsyn að tryggja það, að sem hæst verð fáist fyrir það hráefni, sem sjómenn okkar afla, og hæsta verðið fáum við með því að reyna að fullvinna aflann hérna heima.

Úr þessu almenna ástandi, sem ég var að tala um og blasir við hvarvetna á landinu vegna siglinga togara og báta, verður að sjálfsögðu ekki bætt eingöngu með aðgerðum eins og þeim, sem felast í frv. okkar hv. þm., Eðvarðs Sigurðssonar. Þessu frv. er hins vegar ætlað að koma á kerfi til þess að bæta úr öðrum vandkvæðum, sem allir kannast við. Jafnvel þótt ekki sé lagður upp afli erlendis, sem neinu nemur, þá hefur það verið algengt á undanförnum árum, að atvinnuleysi verði á vissum stöðum, vegna þess að hráefni hefur skort. Þar getur verið um að ræða staðbundinn aflaskort á miðum í námunda við þessa staði eða of litinn bátakost um tiltekinn tíma. Til þess að tryggja sem samfelldasta hráefnisvinnslu alls staðar, þar sem hægt er að koma henni við, þá verður að vera hreyfanleiki í hráefnisöflun. Þess vegna er óhjákvæmileg nauðsyn, að hér á landi sé starfrækt sérstakt fyrirtæki, sem stundi útgerð í samræmi við heildarsjónarmið, einmitt í þágu staða, sem skortir hráefni og þar sem fólk gengur um atvinnulaust af þeim sökum. Dæmi um þetta ástand, sem margir kannast við, hygg ég, eru verstöðvarnar við Breiðafjörð, ekki síst verstöðvarnar á norðanverðu Snæfellsnesi. Þar má segja, að þrjár vertíðir hafi brugðizt ein af annarri. Og ég vil spyrja: Hvað halda menn að gerist, ef þarna bregzt ein vertíð í viðbót? Ég óttast það mjög, að af því muni það hljótast, að fólk haldist ekki lengur við á þessum stöðum. Ef fólk getur ekki haft sómasamlegt viðurværi, þá hlýtur að líða að því, að það flyzt í brott, og það er einmitt vandamál af þessu tagi, sem við verðum að finna leiðir til þess að leysa. Og þetta frv. er fram borið sem hugmynd í því sambandi.

Við vitum allir, að hér á landi er mikið af frystihúsum og þau eru mörg vel búin að vélum. En oft er ekki að því gáð, hversu mikilvægt þjóðhagslegt atriði það er, að þessi frystihús og þessar vélar séu nýtt eins og vera þarf. Nýting sumra þessara framleiðslutækja er ákaflega léleg. Hún getur komizt niður fyrir 10% á sumum stöðum. Og það er algerlega fráleitt, að hægt sé að reka fyrirtæki á skynsamlegan hátt með þessu móti. Það verður að tryggja það, að samhengi sé á milli fiskvinnslustöðvanna og hráefnisöflunarinnar, og það verður ekki gert með neinu öðru móti en því, að til sé í landinu einhver hráefnisaflandi, sem ekki hugsar eingöngu um tiltekinn stað, heldur leysir þau vandamál, sem upp koma hverju sinni. Ég geri mér fyllilega ljóst, að í þessu sambandi munu koma upp mörg vandamál. Það er t. d. augljóst, að það getur hlotizt af því verulegur aukakostnaður að flytja afla lengra en á næstu verstöð. En þetta höfum við Íslendingar gert á ýmsum sviðum. Við höfum t. d. flutt síldina á þennan hátt. Og þetta verður að leysa með einhverjum sameiginlegum sjóði, sem bætir upp þennan kostnað. En ef menn athuga þetta mál á félagslegan hátt út frá hinni sameiginlegu nauðsyn, þá á að vera hægt að leysa þetta mál.

Ég vil sérstaklega benda á það í sambandi við þetta frv., að í því er ekki fólgin deila um rekstrarform togaraútgerðar á Íslandi. Þetta er ekki frv. um það, að ríkisútgerð eigi að koma í stað einkaútgerðar hér á landi. Mér þykir rétt að benda á þetta vegna þess, að einn af hv. alþm.,

Matthías Bjarnason, virtist ímynda sér það í útvarpsþætti á dögunum, að þessi frv. okkar og hv. framsóknarmanna væru frv. um allsherjarþjóðnýtingu á togaraútgerð á Íslandi. Þetta er alger misskilningur. Þetta frv. er ekki um neitt slíkt. Það er atriði, sem hægt er að ræða út af fyrir sig, en þetta frv. fjallar um annað. Þetta frv. hefur þann tilgang, eins og ég sagði áðan, að tryggja afla til þeirra staða, sem ekki fá hann vegna aflabrests á heimamiðum eða vegna þess, að báta skortir. Ég hygg, að þetta verkefni verði ekki leyst af neinum einkaaðila. Verkefni af þessu tagi verða einvörðungu leyst fyrir tilstilli ríkisvaldsins. Ef við komum ekki upp svona stofnun á vegum ríkisins, þá gerir enginn það. Og ef menn viðurkenna, að þarna sé um að ræða vandamál, þá hljóta þeir einnig við umhugsun að viðurkenna, að þetta vandamál getur enginn leyst nema hin samfélagslega heild. Um það fjallar þetta frv.

Ég vil vekja athygli á því, að í frv. er m. a. eitt dálítið fróðlegt nýmæli, sem hv. framsóknarmenn hafa raunar tekið upp einnig í sínu frv., um það, að í útgerðarstjórn skuli tveir menn tilnefndir af áhöfnum skipanna og öðru starfsliði stofnunarinnar. Ég tel þetta vera mjög mikilvægt atriði, ekki einvörðungu í sambandi við þessa stofnun, sem þarna er gerð tillaga um, heldur einnig í sambandi við ýmsar aðrar ríkisstofnanir á Íslandi. Það er vissulega rétt, að í því er fólgin áhætta, þegar stofnuð eru ríkisfyrirtæki, sem fá mikil völd. Þess vegna verður að gera ráðstafanir til þess að auka raunverulegt lýðræði innan slíkra stofnana og lifandi þátttöku þeirra manna, sem að fyrirtækinu starfa, í stjórn þess. Þess vegna tel ég þessa hugmynd vera mjög veigamikla í sambandi við þetta mál og í sambandi við önnur ríkisfyrirtæki, eins og ég gat um áðan.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Togaraútgerð og endurnýjun togaraflotans eru mjög á dagskrá hjá Alþ. nú að þessu sinni, og má segja, að það sé kannske ekki neitt óeðlilegt, því að sú staðreynd blasir við, að samdráttur hefur verulega orðið í togaraútgerð hjá okkur, og endurnýjun skipa af þeirri gerð, sem við höfum fram að þessu átt, hefur ekki átt sér stað. Það, sem þó er sameiginlegt með þeim frv., sem fyrir liggja bæði í hv. Ed. og eins hér í þessari d., er það, að þar er því beint að ríkisvaldinu, að það taki þessi mál í sínar hendur og annist útgerð skipanna. Þetta frv. lá hér fyrir síðasta þingi, ef ég man rétt, eða frv. í svipuðu formi, og lýsti ég afstöðu minni til þess þá og tel ekki þörf á að endurtaka það núna, en ég sagði þá, eins og ég get reyndar alveg sagt við þetta tækifæri, að ég hef ekki trú á ríkisrekstri á togurum. Ég tel, að sú reynsla, sem fengizt hefur af bæjarrekstri þessara skipa, sé á þann veg, að það sé ekki það fordæmi, sem okkur kannske hentar bezt. Hvort það sé eðlilegt, að ríkið leggi eitthvað af mörkum og beiti sér beinlínis fyrir því, að endurnýjun togaraflotans eigi sér stað, er allt annað mál, og hef ég alltaf haft þá skoðun og hef hana enn, að það væri þá eðlilegast, að það gerðist í samráði við þá menn, sem mesta reynslu og bezta þekkingu hafa á þessum málum og mesta möguleika til að reka skip af þessari gerð með einhverjum árangri.

Í sambandi við þá hugmynd, sem hér er fram sett í þessu frv., er það ein fsp., sem ég hefði viljað beina til hv. flm. Það er þar talað um tvær gerðir skipa, sem hin fyrirhugaða Útgerðarstofnun ríkisins ætti að reka. Það er í fyrsta lagi skuttogarar af stærðinni 1500—2000 tonn. Ég hygg, að Íslendingar hafi enga reynslu í rekstri slíkra skipa. Ég held, að það sé rétt með farið hjá mér, að í eigu Íslendinga hafi aldrei verið til slík skip af þessari stærð. Ég tel, að það væri mjög fróðlegt og jafnvel nauðsynlegt fyrir þá n., sem fær þetta mál, og raunar fyrir hv. alþm. alla að fá upplýsingar frá flm., í fyrsta lagi um stofnkostnað skipa af þeirri stærð, sem þarna eru tilgreind, og í öðru lagi, hvort þeir hafi gert sér nokkra hugmynd um rekstrarmöguleika og hugsanlega rekstrarafkomu skipa af þessari stærð. Ég tel, að þetta frv. verði varla rætt hér í d. af neinni alvöru og megi varla vænta nokkurs árangurs af því, nema flm. geti veitt einhverjar upplýsingar í þá átt, sem ég hef hér minnzt á, bæði í sambandi við stofnkostnað og hugsanlegan rekstrarkostnað og rekstrarafkomu skipa af þessari stærð, því að það náttúrlega er varla hægt að bjóða Alþ. upp á það að fara alveg blindandi í það að ákveða með l., að stofnað skuli til útgerðar af tiltekinni stærð, án þess að fyrir liggi nokkrar upplýsingar um rekstrarmöguleikana og hve mikið það mundi kosta ríkið að reka slík skip eða hvort hugsanlegt væri, að af þeim gæti orðið rekstrarhagnaður.

Um hina hliðina á málinu, þar sem talað er um kaup á bátum af vissri stærð, 250—400 tonna, þá er það atriði, sem við þekkjum. Ég fór nýlega gegnum sjómannaalmanakið og sá af því, að í eigu Íslendinga eru nú 105 bátar af stærðinni frá 200—500 tonn. Við vitum nokkuð um stofnkostnað þessara báta, eins og hann hefur verið og jafnvel eins og hann er nú. Einnig vitum við nokkuð um möguleika á að reka þessi skip, þannig að þar horfir málið nokkuð öðruvísi við, og ætla ég ekki af þeim ástæðum að fara fram á það, að flm. leggi fram gögn eða veiti upplýsingar um stofnkostnað eða rekstrarkostnað, því að ég tel, að hægt sé að afla á nokkuð raunhæfan hátt upplýsinga frá þeim aðilum, sem eru eigendur slíkra skipa, sem nú eru í rekstri.

Eitt atriði í sambandi við þetta mál, sem hv. flm. ræddi nokkuð í framsöguræðu sinni, var hugmyndin um að dreifa afla skipanna á hinar ýmsu hafnir landsins. Vissulega væri þetta mjög gott, ef hægt væri að beina togaraútgerð inn á þá braut, að aflanum yrði dreift á þá staði, þar sem helzt væri þörf fyrir aukna atvinnu hverju sinni. En á þessu er einn erfiðleiki, sem ég þekki og ég hygg, að allir, sem einhvern tíma hafa fengizt við togaraútgerð, þekki nokkuð, en það er í sambandi við áhafnir skipanna. Áhafnirnar eiga samkv. samningum visst landgönguleyfi og visst frí í landi, þegar skipið kemur í heimahöfn. Hvernig þessu yrði komið fyrir, ef skipið ætti að landa á 3, 4, 5 eða 6 stöðum úti á landi, er

mér sannarlega ekki ljóst, og ég vissi, að á sínum tíma var mjög erfitt að fá menn til að skrá sig á skip úti í dreifbýlinu, sérstaklega menn héðan úr þéttbýlinu, og það er enn þá erfiðara að fá þá til þess að fara með hluta af farminum kannske frá Faxaflóa eða Vestmannaeyjum, meðan við rákum togarana, og eitthvað út á landsbyggðina. Þetta stóð í sambandi við þann rétt, sem þeir höfðu skapað sér í samningum við togaraeigendur, og þeir töldu með eðlilegu móti, að það væri tekjurýrnun fyrir þá, ef skipið væri tafið frá fiskveiðum með því að láta það landa víðar en í einni höfn og dreifa aflanum þannig á ýmsa staði út um landið. Þetta er aveg rétt. Það mundi tefja skipið um 4, 5 eða 6 daga í veiðiferð, ef það yrði sent frá Faxaflóasvæðinu vestur á firði, norður um land eða austur um land, og tekjumöguleikar áhafnar mundu minnka við það.

Nú má það vel vera, að þarna yrði kannske annað viðhorf, ef þarna er um stór skip að ræða, sem yrðu þá í burtu svo og svo lengi á fjarlægari miðum, því að ég geri ráð fyrir, að það vaki fyrir flm., að skip af þessari stærð, 1500—2000 tonn, hljóti að vera gerð út á fjarlægari mið, en ekki heimamið, því að það hygg ég, að engum kæmi til hugar, að gert yrði. En þetta er örugglega atriði, sem mun valda erfiðleikum í sambandi við rekstur slíkra skipa, ef til kæmi.

Ég skal nú ekki tefja umr. um þetta mál frekar að þessu sinni, en ég vil mjög eindregið fara fram á það, að flm. létu í té, annaðhvort nú við þessa umr. eða þá í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, upplýsingar um þessi tvö atriði, sem ég hef hér minnzt á, þ. e. stofnkostnað skuttogara af stærðinni 1500—2000 tonn og aftur rekstraráætlun yfir útgerðina.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Sunnl. hóf mál sitt á því að segja, að hann hefði ekki trú á opinberum rekstri á togurum og, að hann hefði ekki trú á ríkisrekstri, af honum væri í mörgum tilfellum mjög slæm reynsla. Þetta er tónn, sem oft heyrist hér í þingsölunum hjá þm. þessa hv. flokks, en ég held, að það sé kominn tími til að fara að kveða niður þennan söng. Við skulum aðgæta það, að hér á Íslandi er meira um opinberan rekstur á fyrirtækjum en um einkarekstur. Það er meira fjármagn bundið í opinberri eign, ef maður tekur saman ríkiseign og félagslega eign og eignir á vegum samvinnufélaga, en í rekstri einkaaðila. Og ég held, að reynslan sé sú, að þessi opinberu fyrirtæki eru sízt verr rekin en hin. Það er hægt að nefna dæmi um alls konar mistök, sem þarna hafa verið gerð, en það er hægt að nefna önnur dæmi og engu smávaxnari um hrikaleg mistök hjá einkaaðilum. En fyrst við erum einvörðungu að ræða um togaraútgerð í þessu sambandi, þá vil ég minna á það, að ég hygg, að bæði Bæjarútgerð Reykjavíkur og togarafélagið á Akureyri, sem er líka félagslegur rekstur, hafi verið rekin býsna myndarlega. Og eitt er víst, að alþýða manna hér og á Akureyri hefur notið mjög góðs af þessari útgerð. Hv. þm. beindi til mín tilteknum fsp. Ég skal viðurkenna það fúslega, að mig skortir sérþekkingu til að svara þeim af nokkurri nákvæmni. Ég hygg, að togarar af þeirri stærð, sem rætt er um í frv., mundu naumast kosta innan við 100 millj. kr. hver. En um rekstrarkostnað og afkomu get ég að sjálfsögðu ekkert sagt. Það er háð svo mörgum öðrum atriðum. Hins vegar vil ég minna þennan hv. þm. á það, að verulegur floti slíkra togara er gerður út á hafsvæðunum í Norður-Atlantshafi. Þessir togarar eru að sjálfsögðu gerðir út, vegna þess að útgerð þeirra er arðvænleg fyrir þau þjóðfélög, sem hlut eiga að máli. Þjóðfélögin telja sig hagnast á því að gera út þessa togara og fá aflann til sín. Við Íslendingar höfum betri aðstöðu en nokkur önnur þjóð til þess að hagnýta þessi hafsvæði. Og það eru engin rök fyrir því, að það, sem aðrar þjóðir geta gert með góðum árangri á þessu sviði, sé ókleift fyrir okkur. Hitt skal ég fúslega taka undir með þessum hv. þm., að það væri full ástæða til þess að kanna þessi atriði mun betur en við flm. höfðum gert. Ég vil taka mjög undir það, að sú n., sem fær málið til meðferðar, *afli sér sem mestrar vitneskju einmitt* um þá þætti, sem hann minntist á áðan.

Hv. þm. vék að því, að af því gætu hlotizt ýmsir örðugleikar, ef skipta þyrfti afla t. d. togara á fleiri en einn stað og það gæti valdið óánægju hjá áhöfn skipanna o. s. frv. Mér er þetta fullkomlega ljóst. Ég vék að því áðan í framsöguræðu minni, að þarna myndu koma upp mörg vandamál, þetta vandamál, sem hv. þm. minntist á, og einnig það vandamál, að það verður aukinn tilkostnaður af því að vera að flytja fiskinn lengri leið og á marga staði. En auðvitað verður að gera þannig samninga við áhafnir þessara skipa, að þessi atriði vegist upp.

Það er, held ég, orðið ákaflega tímabært að taka í meginatriðum til endurskoðunar ýmsa þætti í samningum sjómanna, vegna þess að úthald á fiskveiðum hefur lengzt svo fjarskalega mikið. Það er orðið algengt, að menn stundi sjóinn allan ársins hring án nokkurra hléa. Og það er áreiðanlega orðið tímabært að taka upp nýjan hátt á þessu, tryggja mönnum sumarleyfi og vetrarleyfi eða hafa það þannig, að hægt sé að skipta um áhafnir á skipunum. Ég hygg, að þetta sé alveg brýn nauðsyn í sambandi við þær breytingar, sem orðið hafa á útgerð á þessum lengda úthaldstíma, sem ég var að tala um.

Vafalaust mundu þessi atriði koma þarna á dagskrá, eins og hv. þm. gat um, og þessi vandamál mundi verða að leysa og vafalaust mörg önnur, sem við flm. höfum ekki komið auga á. Engu að síðu stendur eftir sú staðreynd, sem þessi hv. þm. viðurkenndi með mér, að þetta væri mikið vandamál, að ekki væri hægt að tryggja nægilegan afla til þess að tryggja afkastagetu frystihúsa, þegar um er að ræða aflabrest á heimamiðum eða of fáa báta. Og úr þessu vandamáli verðum við að bæta, og ef hv. þm. hefur ekki trú á því, að hægt sé að bæta það með þeirri hugmynd, sem felst í till. okkar hv. þm., Eðvarðs Sigurðssonar, þá væri mjög æskilegt, að hann sem reyndur maður á þessu sviði kæmi fram með einhverja aðra hugmynd, sem dygði til að leysa þetta vandamál, því að þetta er vandamál, sem er hægt að leysa, og þetta er vandamál, sem við verðum að leysa. Það nægir ekki að taka neikvæða afstöðu og segja: „Ég hef

ekki trú á þessu," ef menn hafa enga jákvæða skoðun og geta ekki gert neina sjálfstæða grein fyrir því, hvað þeir vilja sjálfir.

Ég sé, að hæstv. forsrh. er kominn í sæti sitt. Ég leyfði mér áðan í framsöguræðu minni, að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort þess mætti vænta, að gerðar yrðu einhverjar ráðstafanir núna á næstu vikum til þess að tryggja það, að hafizt verði handa um smíði nýrra togara handa Íslendingum, innanlands eða erlendis. Ég held, að alþm. eigi rétt á því að fá vitneskju um slíkar fyrirætlanir, ef um þær er að ræða, og mér væri þökk á því, ef hæstv. forsrh. gæti greint frá þessu máli.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Allt þetta mál er til athugunar og þá fyrst og fremst hjá sjútvmrh., og mun hann að sjálfsögðu gefa þinginu skýrslu um málið, strax og það liggur nægilega ljóst fyrir.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Það er nú kannske ekki ástæða til þess að lengja þessar umr. mikið, en hv. frsm. lét liggja að því, að það væri ekki nægilegt fyrir mig að taka neikvæða afstöðu til þessa máls, en benda ekki á neinar aðrar leiðir. Erindi mitt hingað í ræðustól áðan var að biðja um vissar upplýsingar, sem ég satt að segja hélt nú, að flm. frv. hefðu aflað sér, áður en þeir settu það inn í Alþ. í þeirri mynd, sem það kemur fram, þ. e. að lögfesta, að stofna skuli til Útgerðarstofnunar ríkisins, sem skuli gera þessa ákveðnu hluti, að kaupa 5 togara af þessari stærð og 5 báta af tiltekinni stærð. Ég tel það nokkuð mikla tilætlunarsemi, að alþm. taki við þessu og geti ekki fengið frá flm. eðlilegar upplýsingar í sambandi við málið. Þar sem hann var að biðja um jákvæða afstöðu í sambandi við útgerðina eða útgerðarmálin og öflun hráefnis til hinna ýmsu vinnslustaða úti á landi, þá vil ég benda á það, að ég hef hér árum saman barizt fyrir því, að veruleg tilslökun yrði gerð á þeim l., sem giltu um bann gegn botnvörpuveiðum, til handa skipum af tiltekinni stærð til hráefnisöflunar fyrir hinar ýmsu vinnslustöðvar, sem dreifðar eru allt í kringum land. Alþ. bar þá gæfu til þess að stíga þetta skref á síðasta vetri, og ég tel, að það hafi kannske orðið frekar en margt annað til þess að skapa verulega aukna atvinnu og tryggja nokkuð atvinnu yfir þann tíma, sem víða um land var ákaflega erfitt fyrir fiskvinnslustöðvarnar að halda rekstri sínum gangandi á eðlilegan hátt. Ég tel, að þarna hafi verið stigið mjög jákvætt spor með einfaldri lagabreytingu, sem hafi haft mun meiri og betri áhrif á atvinnu- eða rekstrarafkomu og rekstrarmöguleika vinnslustöðvanna úti um landið en það, sem hér liggur fyrir og flutt er af hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. landsk. þm.

Þegar rætt er um togaraútgerð og endurnýjun togaraflotans, þá er það eitt atriði, sem nokkuð stendur í mér í sambandi við það mál. Ég skal viðurkenna það. Og það er alveg sama, hvort er um ríki að ræða eða einstaklinga. Ég hef ekki orðið þess var, að menn geri sér grein fyrir því, að möguleikar til togaraútgerðar hér á landi nú eru allt aðrir en þegar togaraútgerð var í blóma sínum og byggði vissulega upp bæði Reykjavík og fleiri staði. Það gerir bara gæfumuninn, að það er ekki sá sami afli á miðunum, þó að togarar fengju að fara inn að þremur mílum allt í kringum landið, eins og var á þeim tíma. Það er bara ekki aflamagn fyrir hendi til þess að reka þá með þeim árangri, sem með þarf, ef þessi útgerð á að geta staðið á eigin fótum án styrkja úr ríkissjóði. Ég hef yfirleitt ekki heyrt, þegar menn tala um togaraútgerð, að menn gerðu sér grein fyrir þessu. En þetta er bara staðreynd, sem við verðum að horfast í augu við. Áður fyrr gátu togararnir ausið upp afla, bæði hér við Suðvesturland og fyrir Vestur- og Norðurlandi, og haft miklu meiri möguleika til þess að rekstur þeirra gæti verið hagkvæmur en þeir hafa nú, jafnvel þó að þeim væri hleypt inn að þrem mílum allt í kringum landið, sem ég hygg, að eigi nú kannske eitthvað í land, að gert verði, því að það út af fyrir sig get ég ekki séð, að það tryggi afkomu þeirra eða veiti þá tryggingu, sem með þyrfti, til þess að afkoma þeirra gæti orðið hagkvæm.

En þetta mál fer nú vonandi til n., og það er alveg rétt, að ég geri ráð fyrir að sú n., sem við því tekur, reyni að afla sér þeirra upplýsinga, sem ég tel þó, að hefði verið mjög eðlilegt, að flm. hefðu getað látið okkur hér í té við 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 71., 75., 76., 77., 78., 79., 81., 82., 83. og 85. fundi í Nd., 13., 16., 17., 20., 21., 24., 25. og 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 517 og 546).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Áætlunarráð ríkisins.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um Áætlunarráð ríkisins [81. mál] (þmfrv., A. 90).

Á 15. og 16. fundi í Nd., 17. og 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Það vill oft við brenna, þegar við Íslendingar ræðum um almenn þjóðmál og efnahagsmál, að við fylgjum býsna fast eftir ýmsum erlendum kenningum og vitneskju um erlenda reynslu, sem okkur er tiltæk. Við gleymum því þá nokkuð oft, að aðstæður hér á landi eru á margan hátt ólíkar því, sem tíðkast í flestum löndum

öðrum, og að engan veginn er víst, að kenningar, sem gefið hafa góða raun í annars háttar þjóðfélögum, geri það einnig hjá okkur. En þetta er vandamál, sem við þurfum að gefa sérstakan gaum, vegna þess að fræðikenningar, hversu vel sem þær kunna að vera unnar, koma ekki að neinum notum, nema þær henti hinum sérstöku aðstæðum í okkar landi.

Það er t. d. afar fróðlegt að velta því fyrir sér, hvernig efnahagskerfi Íslendinga hefur þróazt, síðan efnahagsleg völd voru flutt inn í landið. Sú þróun hefur í rauninni orðið allt önnur en forystumenn þjóðarinnar ætluðust til á þessu tímabili og raunar mjög frábrugðin því, sem menn hafa haldið fram í opinberum ræðum, að þeir væru í raun og veru að gera. Þegar Íslendingar fengu heimastjórn á sínum tíma, var kapitalismin að ryðja sér til rúms á Íslandi, og á það reyndi, hvort hann megnaði sem efnahagskerfi að tryggja sjálfstætt og blómlegt þjóðfélag á Íslandi. Það verkefni, sem þá blasti við, var fyrst og fremst að hagnýta fiskimiðin umhverfis landið og að gera verzlunina að fullu innlenda. Þróunin varð mjög ör á vissum sviðum. Það er t. d. fróðlegt að rifja það upp nú, að 1927 var hér í Reykjavík einn togari á hverja 1000 íbúa. Hliðstætt hlutfall nú væru 80 togarar í Reykjavík, ef annað hefði ekki breytzt. En þrátt fyrir þessa öru þróun á ýmsum sviðum kom fljótt í ljós, að óheftur kapítalismi dugði ekki sem efnahagskerfi til þess að tryggja atvinnuöryggi og samfellda *þróun í efnahagsmálum. Þær vonir, sem menn* höfðu bundið við reynslu annarra þjóða, dugðu ekki hér, og því olli að sjálfsögðu margt og ekki sízt smæð þjóðarinnar og það, hversu hinir einhæfu atvinnuvegir voru háðir bæði veðráttu og breytilegu verði á erlendum mörkuðum. Sérstaklega reyndi á þetta, þegar afleiðingar heimskreppunnar bárust hingað upp úr 1930 og höfðu í för með sér hrun fjölmargra atvinnufyrirtækja, ógnarlegt atvinnuleysi og mjög þungbæran skort, raunar fullkomið neyðarástand á sumum sviðum. Þá þegar var gripið til þess ráðs að takmarka þau kapítalísku lögmál, sem menn höfðu áður haft tröllatrú á. Stjórnarvöld gripu þá þegar til innflutningshafta, vegna þess að gjaldeyrisframleiðslan var miklu minni en eftirspurnin, og til þess að unnt væri að framkvæma höftin varð að skipa útflytjendum með lagaboði að afhenda bankastofnunum gjaldeyrinn, en hann hafði áður verið eign þeirra, sem öfluðu hans. Þessi þjóðnýting á gjaldeyrisöfluninni hefur síðan *haldizt allt til þessa dags, og þau höft, sem* þarna voru tekin upp, hafa aftur og aftur skotið upp kollinum í hinum fjölbreytilegustu myndum, eins og menn muna.

Þegar í þessum fyrstu tilraunum til þess að bjarga frá neyðarástandi breyttist hagkerfi landsmanna smátt og smátt mjög verulega. Þegar á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld var svo ástatt hér, að aðild ríkisins að efnahagskerfinu var orðin mun meiri en í nokkru öðru landi í Vestur-Evrópu. Allir bankarnir voru í eigu ríkisins ásamt mörgum meiri háttar fiskiðnaðarfyrirtækjum, og meginverkefni Alþ. var ár eftir ár beinar íhlutanir um atvinnumál og efnahagsmál. Reynslan sjálf var að sanna, að þau sérstöku vandamál, sem stöfuðu af fámenni og fjármagnsskorti Íslendinga, voru ekki leysanleg með aðferðum hins frjálsa kapítalisma; ríkisvaldið hafði sívaxandi hlutverki að gegna. Engu að síður héldu stjórnmálamenn áfram að flytja ræður um það, að þeir væru að framkvæma stefnu, sem hélt í þveröfuga átt við það, sem í raun og veru var að gerast í landinu. Allar þessar breytingar, þessi sívaxandi afskipti ríkisins voru framkvæmdar af Alþ., þar sem borgaralegir flokkar höfðu *mjög mikinn meiri hl.*

Þessar aðgerðir ríkisins voru raunar fyrst og fremst neyðarráðstafanir og höft til þess að bjarga því, sem bjargað yrði. Hins vegar voru það verkalýðshreyfingin og verkalýðsflokkarnir, sem báru fram kröfur um jákvæða áætlunarstefnu í stað hafta, ekki endalaus viðbrögð við ótíðindum, heldur markvissa framfarastefnu undir forystu ríkisvaldsins. Þessi stefna verkalýðshreyfingarinnar var fyrst mörkuð á skýran hátt af Alþfl. í fjögurra ára áætlun, sem hann samdi og gerði að aðalmáli sínu í kosningunum 1934. Þar var m. a. lögð áherzla á eftirfarandi atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Að hrundið verði þegar í stað framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera, auknum atvinnurekstri og framleiðslu eftir nákvæmri áætlun, er gerð sé til ákveðins tíma, fjögurra ára, og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar *með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi* stétta og auknum markaði innanlands. Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt till. um, hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki, sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (planökonomi). Smáatvinnurekendur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit.“

Þessi stefnuskrá Alþfl. og barátta sú, sem háð var henni til framdráttar, hafði mikil áhrif, enda þótt sú heildarskipan, sem gerð var till. um, næði ekki fram að ganga. Slík fastatök komu ekki til fyrr en í lok síðari heimsstyjaldar, eftir að lýðveldi hafði verið stofnað á Íslandi og menn voru gagnteknir af þeim vilja að efla efnahagslegar undirstöður þjóðfélagsins með samvinnu aðalstéttanna. Haustið 1944 samþykktu Sóslfl., Alþfl. og Sjálfstfl. l. um nýbyggingarráð, sem fólu í sér mjög veigamikil spor í átt til áætlunarbúskapar. Í 2 gr. þeirra l. er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skipar fjögurra manna n., er nefnist nýbyggingarráð. Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu 5 ár um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki,

byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verður fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skulu staðsett og till. um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska."

Sú ríkisstj., sem tók sér fyrir hendur að framkvæma þessa stefnu, nýsköpunarstjórnin, setti sér það mark að endurnýja atvinnukerfi þjóðarinnar gersamlega. Sjálf ríkisstj. hafði forystu um að kaupa 32 nýja togara til landsins, og þegar einkaauðmagnið reyndist þess ekki megnugt að taka við þessum togurum, voru stofnaðar bæjarútgerðir og þær gerðu út ⅔ þessa nýja flota. Bátaflotinn var endurnýjaður á hliðstæðan hátt, enn fremur fiskiðnaður og farskipafloti. Á þessu tímabili voru á Íslandi mjög veruleg drög að áætlunarbúskap og það, sem þá var gert, hefur verið undirstaða efnahagskerfisins á þeim aldarfjórðungi, sem síðan er liðinn.

En eftir þau umskipti, sem þannig voru framkvæmd, blasti við efnahagskerfi, sem er næsta einstakt í sinni röð. Bankar og lánastofnanir þjóðarinnar eru að langmestu leyti í ríkiseign. Allar stærstu verksmiðjur landsins eru í ríkiseign, þar á meðal síldarverksmiðjur, áburðarverksmiðja og sementsverksmiðja að ógleymdum raforkuverunum. Umtalsverður hluti af fiskveiðiflota og fiskiðnaði er í eigu bæjarfélaga eða samvinnufélaga. Ef allt atvinnukerfið er tekið, kemur í ljós, að hlutur einkaauðmagnsins í framleiðslukerfi þjóðarinnar er ekki nema um það bil þriðjungur. Þar við bætist, að á Íslandi er naumast um að ræða nokkurt einkafjármagn í peningum. Lánsfé bankanna er að langmestu leyti eigin eign, eign sparifjáreigenda eða opinberra sjóða. Því verða einkaatvinnurekendur að leita á náðir hins opinbera, þegar þá skortir fé til fjárfestingar eða rekstrar, einkafjármagnið á Íslandi er þannig ákaflega ósjálfstætt.

Hinn félagslegi þáttur í atvinnu- og efnahagslífinu er því miklum mun umfangsmeiri á Íslandi en í nokkru öðru landi Vestur-Evrópu. Og í rauninni þyrfti engar meiri háttar breytingar á núverandi kerfi til þess að taka upp fullgildan áætlunarbúskap. Kerfið hefur sprottið upp vegna þess, að þetta litla þjóðfélag hefur gert kröfur til þess, að þannig sé á málum haldið. Borgaraflokkarnir hafa verið knúnir til þess af aðstæðunum að koma á þessu félagslega kerfi gegn vilja sínum og gegn fræðikenningum sínum.

En afleiðing af þessari tvískiptingu er sú, að hinn félagslegi þáttur efnahagskerfisins er undir stjórn manna, sem ekki trúa sjálfir á félagslegt frumkvæði. Ríkisbankarnir eru undir stjórn manna, sem umfram allt mundu vilja hafa einkabanka. Verksmiðjur ríkisins undir stjórn manna, sem telja, að einkaaðilar ættu að eiga þær. Stærsta togaraútgerðin á Íslandi undir stjórn manna, sem dásama einkarekstur. Þess vegna er hinn opinberi geiri á Íslandi stöðugt sveigður undir hagsmuni einkafjármagnsins. Enda þótt einkafjármagnið skorti sjálfstæð, efnahagsleg völd, þá hefur það stjórnmálavöld, sem það getur hagnýtt til þess að ráða yfir kerfinu öllu. Þetta er meginandstæðan í öllu efnahagslífi Íslendinga, og þessi andstæða hefur stuðlað að mjög miklu öryggisleysi í allri fjármálastjórn.

Í átökum við verkalýðshreyfinguna hafa atvinnurekendur t. d. aðeins haldið velli með því að hagnýta sér pólitísk yfirráð yfir hinum félagslega geira. Ein meginaðferðin hefur verið samfelld og mjög stórfelld verðbólga. Hún hefur á árunum eftir styrjöldina numið að jafnaði um 10% á ári og verið sum árin allt upp í 20%. Með því að hagnýta þessa verðbólgu hafa atvinnurekendur jafnan velt af sér verulegum hluta af kauphækkunum þeim, sem þeir hafa samið um við verkalýðsfélögin með þeirri einföldu aðferð að hækka verð á vörum sínum samsvarandi. Væri t. d. samið um 10% kauphækkun, þá leið ekki á löngu þar til almennt vöruverð hafði hækkað um svipað hlutfall. Eini aðilinn, sem ekki gat hagnýtt þessa aðferð, voru útflutningsatvinnuvegirnir. Þeir gátu ekki ákveðið verðlag á erlendum mörkuðum, og þess vegna hefur hlutur þeirra verið réttur með síendurteknum gengislækkunum. Þær eru nú sem kunnugt er orðnar 6 á tveimur áratugum og hafa hækkað dollara í verði í íslenzkum krónum talið úr 6.50 kr. upp í 88 kr.

Öryggisleysið, sem hlýzt af þessari andstæðu, sem ég var að lýsa áðan, hefur verið megineinkennið og mesta vandamálið í íslenzkum efnahagsmálum, vegna þess að smátt og smátt hefur einkafjármagnið farið að nota verðbólguna sem gróðamyndunaraðferð. Eins og ég benti á áðan, eru bankarnir að mestu í ríkiseign og fjármagn þeirra í eigu smásparara eða opinberra sjóða. Þess vegna finnast ekki á Íslandi fjármálamenn, sem hafa hag af því að halda verðgildi krónunnar traustu. Þeir halda þannig á málum, að hagur þeirra er hið gagnstæða. Aðferð einkaauðmagnsins hefur verið sú, að fá lánað fé í ríkisbönkum til þess að kaupa framleiðslutæki eða koma sér upp byggingum. Síðan sér verðbólgan fyrir því, að krónurnar, sem þeir endurgreiða lánin með, verða stöðugt minni og minni að verðmæti, en fasteignirnar halda verðgildi sínu eða þær aukast jafnvel á velmegunartímanum. Þannig hefur verðbólgan verið notuð til þess að færa í sífellu fjármuni frá smáspörurum og opinberum sjóðum til einkaaðila.

Það hefur verið ljóst alllengi á Íslandi, að þessi andstæða, sem ég hef verið að tala um, fengi ekki staðizt til frambúðar: Hagkerfið, sem kallað var kapítalískt, en var í rauninni haldið uppi af félagslegum geira og opinberu eftirliti á flestum sviðum. Þess vegna varð ekki hjá því komizt, að Íslendingar gerðu það upp við sig, hvert þeir ætluðu að stefna, hvaða stjórnaraðferðir þeir vildu taka upp. Við sósíalistar höfum lagt á það áherzlu, að mönnum bæri lokslns að læra af 50 ára reynslu, sem hefði sannað, að í svona örsmáu þjóðfélagi yrði ekki hjá því komizt, að menn legðu saman krafta sína og

fjármagn og hefðu þjóðina alla að bakhjarli fyrir meiri háttar fyrirtækjum. Menn yrðu að horfast í augu við þessa nauðsyn, hvaða skoðanir sem þeir kynnu að hafa á almennum hagfræðikenningum. Það lægi í gerð hins íslenzka þjóðfélags sjálfs. Eina lausnin væri þannig að viðurkenna það, að félagsleg stefna yrði að koma til, sameign á öllum meginþáttum í framleiðslunni og áætlunarbúskapur í samræmi við hinar sérstöku aðstæður hér á landi.

Forsvarsmenn einkarekstursins hafa hins vegar ekki viljað fallast á þessa skoðun. Þeir hafa haldið því fram og héldu því sérstaklega fram fyrir 10 árum eða svo, að íslenzkur kapítalismi hefði ekki sannað getuleysi sitt, heldur stöfuðu vandkvæði hans af pólitískum ástæðum, allt of miklum og óþörfum ríkisafskiptum. Þeir töldu, að það væri framkvæmanlegt að breyta þjóðfélaginu þannig, að íslenzkur kapítalismi gæti staðið á eigin fótum og sannað getu sína. Þetta síðara sjónarmið sigraði, eins og kunnugt er, fyrir áratug.

Árið 1959 var mynduð samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., og hún hafði þann yfirlýsta tilgang að endurreisa kapítalistískt hagkerfi á Íslandi, afnema opinber afskipti af fjárfestingu, innflutningi og útflutningi og taka upp hagstjórnaraðferðir markaðsþjóðfélaganna í Evrópu. En einnig þessi tilraun hefur mistekizt, eins og þær tilraunir, sem fyrr voru gerðar. Hagstjórnaraðferðir markaðsþjóðfélaganna gátu ekki komið Íslandi að gagni af þeirri einföldu ástæðu, að meginframleiðslan á Íslandi er útflutningsframleiðsla og er háð allt öðrum mörkuðum en þeim íslenzku. Hér er ekki það samhengi á milli markaðs og framleiðslu, sem er aðalaðferðin við hagstjórn í svokölluðum markaðsþjóðfélögum. Og það var í rauninni ákaflega fróðlegt, að þessi tilraun skyldi mistakast á þennan hátt, vegna þess að ytri aðstæður voru ríkisstj. ákaflega hagfelldar. Á árabilinu 1962—1966 bjuggu Íslendingar við einstæða velgengni, fengu metafla ár eftir ár og hækkandi verðlag á erlendum mörkuðum, og þess vegna átti að vera auðveldara en nokkru sinni fyrr að koma í framkvæmd breytingum á stjórnarstefnu, ef þær breytingar hefðu verið réttar. En breytingarnar urðu, sem kunnugt er, á aðra lund en ætlað var. Þær urðu ekki til þess að styrkja undirstöður þjóðfélagsins, heldur hið gagnstæða. Það var fjárfest í atvinnutækjum, sem menn vonuðu, að gæfu skjótan gróða eins og síldveiðiskipum og síldarverksmiðjum, en enginn nýr togari var keyptur til landsins, og framleiðsla á frystum fiski dróst stórlega saman, þó að hún margfaldaðist hjá keppinautum okkar. Það var fjárfest í innflutningsverzlun til þess að klófesta aukið peningamagn hjá almenningi, en iðnfyrirtæki urðu gjaldþrota vegna erlendrar samkeppni. Efnahagslegar undirstöður þjóðfélagsins skekktust mjög á þessu tímabili, og nú mátti ekki koma til félagsleg forysta til þess að bæta úr þessum vandkvæðum. Þess vegna fór það svo, að þegar velgengnistímabilinu lauk, var þjóðfélagið verr undir það búið en nokkru sinni fyrr að mæta þessum vanda, og afleiðingin hefur orðið mjög alvarlegt kreppuástand, atvinnuleysi, landflótti og tímabundin vinna í nágrannalöndunum, einkanlega í Sviþjóð. Í þessum sporum stöndum við nú, og nú verðum við að velja, í hvaða átt við höldum. Og það val er ákaflega örlagaríkt.

Ég vil í þessu sambandi minna á kenningu, sem upp er komin sérstaklega innan stjórnarflokkanna og hefur verið áberandi seinustu árin. Hún er sú, að þessi ófarnaður stafi ekki af því, að hagfræðikenningarnar hafi verið rangar, heldur sé þjóðfélag okkar rangt. Kenningin er sú, að íslenzkt þjóðfélag sé of lítið til þess að hægt sé að stjórna því sem sjálfstæðri, efnahagslegri heild, og þess vegna verðum við að tengjast stærri heild. Aðeins á þann hátt geta þau hagstjórnarlögmál, sem menn aðhyllast, farið að verka hér á Íslandi. Þannig eru átökin um hagstjórnarstefnuna komin í bein tengsl við umr. um sjálfa framtíð hins íslenzka þjóðfélags. Það er stefna ríkisstj., að við getum ekki hjá því komizt að gefast upp á þeirri stefnu að stjórna Íslandi sem sjálfstæðu, efnahagslegu þjóðfélagi. Við verðum að vera hluti af öðrum. Við verðum að vera hluti af stærri markaði, svo að markaðslögmálin fari að hrífa. Að þessu er búið að stefna nú í mörg undanfarin ár. Af þessum ástæðum var samið við svissneska álhringinn, og nú er stefnt að því að reyna að fá mörg fleiri hliðstæð fyrirtæki inn í landið. Og ein meginástæðan fyrir því, að nú er stefnt að inngöngu í EFTA, er nákvæmlega þessi sama röksemdafærsla, að með því munum við tengjast stærri heild, og þannig geti þau efnahagslögmál, sem stjórnarherrarnir trúa á, farið að hrífa hér á landi. Þessar kenningar höfum við heyrt mjög lengi, og ég man t. a. m. eftir því, þegar einn hæstv. ráðh. kynnti þau á hvað eftirminnilegastan hátt, en það var, þegar hæstv. menntmrh. flutti ræðu á aldarafmæli Þjóðminjasafnsins og mælti þar hin fleygu orð, að bezta ráðið til þess að efla sjálfstæði þjóðar væri að fórna sjálfstæði hennar. Hann átti við nákvæmlega þetta, að Íslendingar gætu ekki staðizt nema því aðeins, að við tengdumst stærri heild, þannig að það væri ekki innanlandsvandamál okkar, hvernig ætti að stjórna þessu þjóðfélagi, heldur værum við hluti af almennri þróun annarra.

Andspænis þessum viðhorfum er aðeins einn valkostur annar, að við förum þá einu leið, sem getur tryggt okkur áframhaldandi efnahagslegt sjálfstæði. Hún er sú, að taka upp markvissan áætlunarbúskap. Það er sú stefna, sem mörkuð er í því frv., sem hér er til umr. Sjálf reynslan hefur vísað Íslendingum í þá átt á ómótstæðilegan hátt á undanförnum áratugum, eins og ég hef rakið hér að framan. Og í sjálfu sér má segja, að það sé fáránleg pólitísk sjálfhelda, að ekki skuli nú stefnt enn hraðar í þessa átt. Það er alkunna, að annar stærsti flokkur landsins, Framsfl., hefur á síðustu árum gerbreytt afstöðu sinni til áætlunarbúskapar. Áður var flokkurinn vantrúaður á þá stefnu; **stefna hans voru höftin**, hin óvirku afskipti, frumkvæðisleysið. En seinustu árin hefur hann lýst yfir því af vaxandi þunga, að hann sé fylgjandi áætlunarbúskap. Ef Alþfl., sem á langa baráttusögu til stuðnings áætlunarbúskap, héldi við þessa stefnu sína, sem er í sjálfu sér kjarninn í boðskap þess flokks,

þá væri hér á þingi mikill meiri hl. fyrir slíkum umskiptum.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að verkalýðshreyfingin hefur að undanförnu lagt á það vaxandi áherzlu, að taka verði upp áætlunarvinnubrögð og áætlunarstjórn til þess að leysa vandamálin. Hún hefur gert það í samþykktum sínum. Hún hefur einnig gert það í viðræðum sínum og samningum við stjórnarvöldin. Og það er í sjálfu sér einnig lærdómsríkt, að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. stefnir að því að tengja Ísland stærri heild, svo að hún þurfi ekki að láta á það reyna, hvort hún getur leyst vandamálin hér innanlands, þá hefur hún verið í verki að neyðast til þess að auka afskipti sín einmitt af þeim atvinnumálum, sem ekki mátti snerta við. Atvinnumálanefndirnar og allt það kerfi eru til marks um þá breytingu. Hins vegar einkennast vinnubrögðin þar af því sama og áður, að það má ekki koma til neitt opinbert frumkvæði. Atvinnumálanefndirnar gera ekkert annað en það að afgreiða það, sem til þeirra er sent, eins og við heyrðum um daginn í skýrslu þeirri, sem hæstv. forsrh. flutti á þingi. Þessar n. bíða eftir því, að einkaaðilar eða sveitarfélög sendi umsóknir, og síðan er úthlutað eftir þessum umsóknum. En frumkvæði er ekkert. Fyrir Reykvíkinga er þetta býsna fróðlegt. Ég sá í Morgunblaðinu fyrir ekki mörgum dögum, að þar var rætt við einn af forystumönnum höfuðborgarinnar, og hann var spurður að því, hvernig á því stæði, að umsóknir einkaaðila frá Reykjavík um fjármuni, sem atvinnumálanefndin úthlutar, hefðu verið svona fáar. Hann sagði, að ástæðan væri sú, að atvinnureksturinn hefði verið verst á sig kominn í Reykjavík, og það hefði leitt til þess, að einkaatvinnurekendur hefðu verið svo trúlausir og vonlausir um framtíðina, að þeir hefðu ekki haft sig upp í það að senda umsóknir. Vegna þess, að ástandið var verst í Reykjavík, varð hlutur Reykjavíkur minni en annarra. Einmitt þar sem þurfti sérstakt frumkvæði til þess að hrinda málinu af stað, gerðist minna en annars staðar, vegna þess að frumkvæði skorti. Þetta hefur verið veilan í öllum tilraunum til opinberra afskipta á Íslandi, þar hefur vantað þessa jákvæðu forystu.

Um efni frv. sjálfs þarf ég ekki að vera margorður, ég held, að það skýri sig sjálft. Frv. svipaðs efnis hafa verið flutt á fjölmörgum þingum áður, en engu að síður er þetta frv. allfrábrugðið, bæði að efni og formi, þeim frv., sem áður hafa verið flutt. Eins og ég hef getið um í grg., naut ég við samningu frv. sérstakrar aðstoðar Guðmundar Ágústssonar, skrifstofustjóra Alþýðusambands Íslands, en hann er eini Íslendingurinn, sem lokið hefur háskólanámi í áætlunarhagfræði, og hann er aðalhöfundur þeirrar fróðlegu grg., sem fylgir frv. Ég vænti þess, að hv. alþm. lesi hana og sé ekki ástæðu til þess að endursegja hana á neinn hátt. Hins vegar vil ég taka það mjög skýrt fram, að okkur dettur að sjálfsögðu ekki í hug, að sú grind, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., sé eitthvert endanlegt og óumbreytanlegt form. Hér er um að ræða mjög vandasöm mál, og vafalaust getur okkur missýnzt þar um marga hluti, og auk þess á reynslan eflaust eftir að kenna mönnum margt, sem þeir koma ekki auga á enn þá. Þess vegna mundi ég telja það mikið fagnaðarefni, ef menn ræddu þetta mál, bæði hér á þingfundum og eins í þeirri hv. n., sem fær málið til meðferðar, jafnt hvort þeir eru sammála þeirri hugmynd, sem í frv. felst eða ekki. Einmitt slíkar umr. geta orðið til þess að skýra ýmis vafamál og varpað skærara ljósi á þau vandamál, sem þarna er við að etja.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til, að frv. verði vísað að lokinni 1. umr. til 2. umr. og til hv. fjhn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Fyrirhleðsla og lagfæringar á árfarvegum.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um fyrirhleðslu og lagfæringar á árfarvegum til að koma í veg fyrir landbrot [88. mál] (þmfrv., A. 98).

Á 16. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þetta frv. um fyrirhleðslu og lagfæringar á árfarvegum til að koma í veg fyrir landbrot, en þetta frv. er á þskj. 98.

Árið 1932 voru samþ. l. um fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts. Þessi löggjöf mun hafa átt að þjóna tvennum tilgangi, bæta samgöngur og verja nytjalönd fyrir skemmdum af ágangi vatns á þessu svæði. Árið 1945 voru samþ. l. um fyrirhleðslu Héraðsvatna norður af Vindheimabrekkum.

Á þessum 24 árum, sem liðin eru, síðan þessi löggjöf var sett, hefur orðið mikil breyting í ræktun og tækni hér á landi. Ræktunin hefur margfaldazt og færzt meira en áður niður á láglendið, eftir að hinar stórvirku skurðgröfur hófu þurrkun þess um allt land. Víða eru sléttir bakkar meðfram fallvötnum. Hafa þeir orðið mikils virði sem slægjulönd, fyrst sem áveituengi, og síðari árin hefur verið borinn tilbúinn áburður á þá með mjög góðum árangri, svo að uppskerumagnið hefur orðið litlu eða engu

minna en af þeim svæðum, sem brotin hafa verið og sáð í. Í örum leysingum verða oft miklar skemmdir á þessum löndum, sem hægt væri að koma í veg fyrir í flestum tilfellum með þeirri tækni, sem við höfum nú yfir að ráða. Víða hafa átt sér stað stórkostleg landbrot á liðnum áratugum, sem kunnáttumenn á þessu sviði telja, að auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir, ef framkvæmdir hefðu verið gerðar í tæka tíð, t. d. með því að laga til árfarvegi. Þó að engin löggjöf sé til, nema bundin við þær takmörkuðu aðgerðir, sem að framan greinir, þá hefur verið veitt fé á fjárl. til varnaraðgerða að þessu leyti á öðrum stöðum á landinu. Stuðningur ríkisins við þær framkvæmdir hefur verið miðaður við ákvæði áðurgreindra l. En það, sem hefur hindrað skynsamlega framkvæmd og samræmdar aðgerðir í þessu efni eru ákvæði í vatnal. En sú löggjöf er frá árinu 1923 og er því að mörgu leyti úrelt miðað við nútímaaðstæður. Þar eru t. d. ákvæði, sem valda því, að einn landeigandi getur hindrað sjálfsagðar og eðlilegar framkvæmdir í langan tíma, og ég veit dæmi þess, að það hefur verið gert, jafnvel þó að það hafi mikla eyðileggingu í för með sér á nytjalöndum annarra.

Ég var búinn að hugleiða það að fella þær breytingar, sem þetta frv. felur í sér, inn í vatnal. En við nánari athugun sá ég, að það yrði erfitt verk og tímafrekt, eins og þau l. eru uppbyggð. Að vísu eru það aðallega tveir kaflar l., sem koma inn á þetta svið, VII. kaflinn um varnir lands og landnytja gegn ágangi vatns og XI. kaflinn um vatnafélög. Enn fremur eru í II. kafla almenn ákvæði um vatnsréttindi, 7. og 8. gr. Þótt líklegt sé, að ekki geti dregizt lengi að endurskoða vatnal., — og þegar að því kemur, væri eðlilegt að sameina þeim l. þetta frv., ef að l. verður nú, sem ég fastlega vona, þar sem það er mjög brýnt að taka þetta verkefni, sem þetta frv. nær yfir, föstum tökum til að koma í veg fyrir meiri skemmdir en orðið er, — þá væri beinlínis ekki verjandi að bíða með lagasetningu um *þetta atriði eftir því, að vatnal. yrðu endurskoðuð.* Það gæti tekið mörg ár, og mikið landbrot gæti átt sér stað á þeim tíma.

Þeir, sem hafa ferðazt um landið með opin augu, hljóta að hafa séð allvíða stórfelld landbrot, séð, hvernig fallvötnin brjóta stór skörð inn í slétta bakka og jafnvel tún, og þegar skarðið er á annað borð komið, leggst straumþunginn þar á vegna beygjunnar, sem í árfarveginn kom, þegar skarðið myndaðist. Og við slíkar aðstæður er stór hætta á mikilli eyðileggingu á tiltölulega skömmum tíma. En slíkar landsskemmdir er aldrei hægt að bæta aftur. En sé árfarvegurinn lagaður og beygjan tekin af í tæka tíð, er í flestum tilfellum hægt að koma í veg fyrir landsspjöll. Það er því full þörf að vera þarna á verði ekki síður en annars staðar. Það sýnist því vera kominn tími til þess að setja löggjöf um þetta efni, sem sniðin er eftir þörfum og kröfum okkar tíma og hvetur til virkrar varðstöðu og verndunar gróðurlendisins í byggðinni ekkert síður en á afréttarlöndum.

Við höfum viðurkennt það í verki hin síðari ár, að þjóðinni beri að koma í veg fyrir uppblástur gróðurlendis, og nú er mikil hreyfing í landinu til að vinna að því, ekki síst meðal ungmennafélaga, og þeirri hreyfingu ber vissulega að fagna. En það má ekki horfa á það aðgerðarlaust heldur, að fallvötn brjóti niður land í stórum stíl og *því mjög brýnt að setja löggjöf,* sem hvetur og auðveldar framkvæmd í því efni. Því er þetta frv. fram borið. Nú ættu ekki að vera nein vandkvæði á því að hindra landbrot með því að nota hinar stórvirku vinnuvélar til verksins, sem nú er orðið mikið til af í landinu. Ég mun þá fara yfir gr. frv.

1. gr.: „Til að koma í veg fyrir landbrot af völdum fallvatna eða skemmdir á nytjalandi af ágangi vatns skulu gerðar fyrirhleðslur eða lagfærðir árfarvegir, samkv. úrskurði matsmanna, samkv. 3. gr. þessara l."

2. gr.: „Ríkissjóður greiðir kostnað af framkvæmdum samkv. 1. gr. að 7/8 hlutum, en viðkomandi sýslufélag sér um greiðslu á 1/8 hluta, er matsmenn deila síðan niður á landeigendur í hlutfalli við stærð þeirra nytjalanda, sem í hættu eru talin. Sé landeigandi óánægður með niðurjöfnun matsmanna, getur hann skotið henni til landbrh., er lætur þá rannsaka málvöxtu og kveður síðan upp fullnaðarúrskurð." Í sambandi við þetta greiðsluhlutfall vil ég geta þess, að það er alveg sams konar greiðsluhlutfall og var í þeim l., *sem ég nefndi hér í upphafi máls míns.*

3. gr.: „Matsnefnd skipa þrír menn í hverju sýslufélagi, sýslumaður, formaður búnaðarsambandsins og jarðræktarráðunautur."

4. gr.: „Nú telur landeigandi (eða landeigendur), að nytjalönd jarðar sinnar (jarða sinna) séu í yfirvofandi hættu af völdum landbrots eða af ágangi vatns, og skal hann (skulu þeir) þá óska þess skriflega, að matsnefnd viðkomandi héraðs kanni málið hið fyrsta."

5. gr.: „Nú hefur matsnefnd borizt ósk frá jarðeiganda um úrskurð um, hvort nytjalönd hans séu ekki í yfirvofandi hættu vegna landbrots eða af ágangi vatns, og skal þá matsnefndin hefja rannsókn sína svo fljótt sem tök eru á. Að *rannsókn lokinni semur hún álitsgerð* um málið og kveður upp úrskurð, sem sendur skal landbrn. Afrit skal matsnefnd senda öllum jarðeigendum, sem hlut eiga að máli hverju sinni. Matsnefnd getur kvatt til sérfræðinga sér til ráðuneytis, ef þurfa þykir."

6. gr.: „Vegagerð ríkisins sér um byggingu og viðhald mannvirkja samkv. úrskurði matsnefndar. Bætur fyrir landsspjöll vegna framkvæmda eða spjöll, sem af þeim kann að leiða, skal telja með kostnaði við verkið samkv. úrskurði matsnefndar."

7. gr.: „Nú telur matsnefnd, að ekki megi dragast að hefja framkvæmdir vegna yfirvofandi skemmda á nytjalandi, og skal þá Vegagerð ríkisins hefjast handa, þegar aðstæður leyfa. Telji matsnefnd hins vegar, að verkið megi dragast til næsta sumars, skal Vegagerð ríkisins gera kostnaðaráætlun um verkið í samráði við matsnefnd og senda hana síðan til landbrn., er sér um, að nauðsynleg fjárveiting fáist á næsta ári til verksins."

8. gr.: „Nú telur matsnefnd, að engin ástæða sé til aðgerða, og skal þá sá, er óskaði matsins, greiða allan kostnað, er af því leiðir. Ef úr-

skurður matsnefndar leiðir til mannvirkjagerðar í einhverri mynd samkv. 1. þessum, skal telja matsgerðina með í kostnaði við framkvæmd verksins.“

Eins og ég gat um áðan, er þetta frv. að mestu leyti sniðið eftir þeim tveimur frv., sem ég gat um. Ég hef þá lýst frv. og farið nokkrum orðum um ástæðurnar fyrir því, að það er flutt, og þar sem ég á sæti í þeirri hv. n., sem á að fjalla um málið að lokinni þessari umr., þá sé ég ekki ástæðu til frekari framsögu.

Herra forseti. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 25 shlj. atkv.

Á 82., 83., 88. og 92. fundi í Nd., 25., 28. og 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 98, n. 667).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar [93. mál] (þmfrv., A. 109).

Á 16. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forset. Frv. það, sem hér er á ferðinni, er samið af sameiningarnefnd sveitarfélaga og sent bæjarstjórn Húsavíkur til umsagnar og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Umsagnir fóru nokkuð sitt á hvað. Húsavíkurkaupstaður lagði til, að frv. væri samþ., en sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu lagði til, að ákvörðun um lögsagnarumdæmi eyjarinnar, Flatey á Skjálfanda, yrði frestað um 5 ára skeið og eyjan sett undir bráðabirgðastjórn sýslumannsins í Suður-Þingeyjarsýslu. Ástæðan til þess, að hér er rætt um þetta mál, er sú, að nú hafa allir, sem áður höfðu fasta búsetu í Flatey á Skjálfanda, hætt henni. Það eru að vísu, eins og þjóðskráin segir til, miðað við 1. desember s. l., 8 íbúar í Flatey, en kunnugir segja, að þeir séu í raun og veru ekki lengur nema 5, þar af 4 vistmenn á Kópavogshæli og einn á Kristneshæli. Ég vil þó ekki alveg fullyrða, að sú tala sé rétt, sem stendur hér í grg., en þeir eru milli 5 og 8, og um fleiri er ekki þarna að ræða.

Nú gefur það auga leið, að á vori komanda verður ekki hægt að kjósa hreppsnefnd í Flateyjarhreppi. Þar er enginn maður með fastri búsetu, og því virðist kjörin leið að grípa nú tækifærið og sameina eyjuna lögsagnarumdæmi Húsavíkur, en eins og hér segir í grg., mundi vera eðlilegt að sá hluti hreppsins, sem á landi liggur, en það er Flateyjardalur, verði með reglugerð lagður undir Hálshrepp, en til forna laut Flateyjardalur og raunar Flatey líka undir Hálshrepp.

Einhver kann að segja, að réttara væri, eins og sýslunefndin leggur til, að bíða átekta, en flestir munu þó sjá, að þarna geta ekki orðið nema tiltölulega fáir íbúar, ef byggð hæfist að nýju, aldrei meira en svona eins og nú hefur verið flest, allt upp í 110 manns, og eins og sveitarstjórnarmálum er háttað nú, er það of lítið hreppsfélag til að standa undir þeim kvöðum og skyldum, sem á sveitarfélög eru nú lagðar. Þess vegna virðist kjörið tækifæri til þess að vinna að því núna, að Flatey verði lögð undir annað sveitarstjórnarumdæmi, og liggur þá beinast við, að það sé, eins og hér er lagt til, Húsavík, því að allar samgöngur til Flateyjar voru og hafa verið um Húsavíkurhöfn, og eins áttu þeir þangað læknis að vitja. Póst höfðu þeir um Húsavíkurhöfn og talsamband er í land um Húsavík. Það, sem veldur því, að t. d. Húsavík og reyndar fleiri sveitarfélög óttast það að hafa Flatey utan ákveðins lögsagnarumdæmis, er það, að menn kynnu að taka sér þar búsetu og telja sig eiga þar heima og komast þannig fram hjá því að greiða verulegar skyldur sveitarfélags, losna sem sagt við útsvör og önnur opinber gjöld með sýndarbúsetu.

Ég held, að ég þurfi í raun og veru ekki að skýra þetta frekar. Eyjan er sem sagt án nokkurra íbúa, sem þar dveljast, og virðist kjörið tækifæri til að leggja hana undir lögsagnarumdæmi Húsavíkur, og þess vegna er þetta mál hér flutt.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Án þess að ég ætli að mótmæla neinu, sem fram kom í framsöguræðu hv. 9. landsk. þm., þá tel ég, að rétt sé, að ég gefi nokkrar nánari upplýsingar um þetta mál en fram kom í ræðu hans.

Í sjálfri grg. þessa frv. segir, að sameiningarnefnd sveitarfélaga telji sér ekki fært að beiðast þess, að rn. flytji frv. um sameiningu Flateyjarhrepps og Húsavíkur, af því að ágreiningur sé um málið í héraði. Og frv. það til l., sem nú liggur fyrir Alþ. í Ed., um sameiningu sveitarfélaga, gerir ráð fyrir því, að sameining fari ekki fram, nema því aðeins að um slíkt sé nokkurt samkomulag í héraði og reynt sé í lengstu lög að ná um þau atriði samkomulagi, m. ö. o., að sneitt verði hjá því að beita þvingun í þessu efni. Nú liggur það fyrir á fskj. með þessu frv., að sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hefur lagt á móti því á þessu stigi málsins, að þessi tvö sveitarfélög verði sameinuð. Það liggur því ekki fyrir, að sýslunefndin í Suður-Þingeyjarsýslu hafi beðið um, að þetta frv. yrði flutt, og það sést ekki heldur neins staðar hér í skjölum eða

heyrist í framsögu, að bæjarstjórnin í Húsavíkurkaupstað hafi heldur um það beðið og allra sízt Flateyingar sjálfir. Ég er ekki með þessu að segja, að það sé nein fjarstæða að sameina Húsavíkurhrepp og Flateyjarhrepp. Það má vel vera, að það verði niðurstaðan, að það sé skynsamlegt. En það liggur ákaflega lítið fyrir um það, hvað Húsavíkurkaupstaður hugsar sér að gera, ef hann yfirtekur þetta gamla sveitarfélag eða raunar ekki nokkur skapaður hlutur.

En hvernig standa þá þessar sakir heima fyrir? Haustið 1967 fluttust íbúar Flateyjarhrepps til lands og tóku sér vetursetu á Húsavík. Þetta voru fimm fjölskyldur og þar að auki nokkrir einhleypingar. Orsökin til þess, að íbúarnir fluttust í land, var fyrst og fremst sú, að þeir gátu ekki fengið kennara handa börnum sínum úti í eynni, vegna þess, að börnin voru of fá. Það hafði staðið í erfiðleikum nokkur ár, og fræðslumálayfirvöldin hér í Reykjavík höfðu gert undanþágu með það að veita þeim kennara, en nú þótti það ekki lengur fært. Og þegar þannig var komið, töldu íbúarnir sér óumflýjanlegt að fylgja börnunum til lands til þess að sjá um þau í skólagöngu á Húsavík. Og um leið og þeir voru komnir í land, var gerð krafa um það, að þeir flyttu einnig heimilisfangið. Þannig atvikaðist það, að eyjan fór í eyði haustið 1967 og var mannlaus um veturinn fram í marzmánuð. En þá fluttust flestar fjölskyldurnar út aftur, sem þar höfðu búið áður, og héldu áfram við útgerð sína frá eynni, eins og þær höfðu áður gert. Og þannig hefur þetta verið í tvö ár. Fólkið hefur verið úti í ey á sumrin, en í Húsavík á veturna með heimilisfangið á Húsavík, af því að það var gerð krafa um það til þess, að það ætti þar heima. En hins vegar hefur þetta fólk haft og tekið hér um bil allar sínar tekjur eða a. m. k. meginhlutann af þeim með útgerð úti í eyju, og það hafa verið miklar tekjur.

Þetta fólk á íbúðarhús úti í eyju, og það á þar líka verbúðir. Í eyjunni standa á milli 10 og 20 íbúðarhús, sum góð, sum léleg, og allt þetta verðmæti hlýtur að grotna niður og verða að engu, ef byggð leggst niður í eyjunni. Áður en þessi milliflutningur varð, hafði útflutningur á sjávarafurðum úr eyjunni numið um 5—6 millj. árlega, og þar voru lítil áföll, vegna þess að útgerðarkostnaður var svo að segja enginn. Og ég vil álíta, að þessi framleiðsla í Flatey hafi sízt minnkað, síðan þessir tilflutningar urðu.

Ríkissjóður á Flatey, og þar eru fjórar bújarðir. Á eynni er æðarvarp allmikið og mikið kríuvarp, og þar að auki er margt annarra fugla þar. Æðarvarpið í Flatey hefur hin síðari ár farið vaxandi, þvert á móti því, að annars staðar hefur æðarvarp yfirleitt minnkað, og það stafar af því, að um það hefur verið hirt sérstaklega vel. Ef fólk hættir að vera í eyjunni, a. m. k. yfir sumartímann, mun fara svo, að æðarvarpið hverfi úr sögunni, því að slíkt gerist alls staðar, þar sem mannshöndin er ekki til þess að hlúa að. Ég hygg, að þar hafi verið hin síðari ár í kringum 30 kg af dún, sem gerir um það bil nettó 100 þús. kr. a. m. k., eins og nú hagar verðlagi á þeirri vöru. Hafnargerð er nýlega lokið í eyjunni, eins og við vitum, og er þar nú ágæt höfn. Á vorin og sumrin er þarna margt báta að veiðum frá öðrum stöðum, einkum frá Eyjafirði, til að mynda Hrísey, og leggja þeir upp aflann að sumu leyti í eynni. En aðalframleiðsla eyjarbúa hefur verið hin síðari ár grásleppuhrogn yfir vortímann og annar fiskur á sumrin, og hafa Flateyingar saltað hvort tveggja og gert því full skil til útflutnings sjálfir.

Á meðan Flateyingar héldu heimilisfangi sínu í eynni, voru þeir á meðal tekjuhæstu íbúa Suður-Þingeyjarsýslu að meðaltali, ef ekki tekjuhæstir allra. Þetta sýnir það, að það er mjög gott að bjargast í eyjunni, ekki sízt eins og nú er komið með tilkomu hafnarinnar. Og það er mjög auðvelt fyrir fólk að flytjast út í eyju og setjast þar að við þau skilyrði, sem þar eru fyrir, þar sem eru íbúðarhús, verstöðvar og höfn. Þar með er ég ekki að segja, að þetta verði, en talið hefur verið, að þetta væri ekki útilokað hingað til, og þar af m. a. mótaðist afstaða sýslunefndarinnar í Þingeyjarsýslu á síðasta sýslunefndarfundi.

Til samanburðar má geta þess, að hlutir eru ekki mjög lengi að breytast í þessum efnum, þó að straumurinn virðist að vísu liggja þannig nú um sinn, að fólk vilji ekki búa í úteyjum, þó að þar séu ágæt afkomuskilyrði, þá t. d. hjó ég eftir því í fréttum nýlega, að tvær fjölskyldur hefðu flutzt út í Flatey á Breiðafirði í haust til þess að setjast þar að, vegna þess að þar þóttu svo ákjósanleg skilyrði til að bjargast. En sem sagt, þetta mál er á því stigi, að ég álít, að það sé ekki rétt að ráða því rakleiðis til lykta nema í fullu samráði við héraðsbúa sjálfa, bæði sýslunefndina í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstað, sem að vísu hefur lýst yfir, að hann taki við eyjunni, en við vitum ekki á þessari stundu, hvað bæjarstjórnin þar hugsar sér að gera með eyjuna, t. d. varðandi varpið. Í þessu á ekki að felast nein tortryggni í garð bæjarstjórnarinnar, en um allt þetta þurfum við þingmenn að hafa einhverja meiri vitneskju, áður en við getum ákveðið það að styðja þetta frv. Og ég sé ekki neitt aðkallandi að ráða þessu endilega til lykta nú án samráðs við héraðsbúa. Rök þau, sem helzt hafa verið fram borin því til stuðnings, eru, að eyjan kunni að verða skálkaskjól fyrir menn, sem vildu dveljast þar og komast undan sköttum annars staðar, en ég held, að það hafi ekki við mikið að styðjast, a. m. k. verkar það ekki sannfærandi á mig miðað við þann kunnugleika, sem ég hef á þessum málum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér hljóðs fyrir nokkru, á meðan flm. málsins var að tala, vegna þess að ég kunni því illa, að málið færi til 2. umr., án þess að aths. væru gerðar í því sambandi. Nú hefur hv. 11. landsk. skýrt þetta mál nokkuð í framhaldi af ræðu hv. flm., og ég skal ekki vera langorður.

Þetta frv. er um það, að Flatey í Flateyjarhreppi í Suður-Þingeyjarsýslu skuli lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar, sem mér skilst, að þýði það, að eyjan eigi að verða hluti af Húsavíkurkaupstað. Hins vegar er í frv. ekkert um það rætt, hvað gera skuli við aðra hluta Flateyjarhrepps, en hv. flm. vék að því, að með

reglugerð mætti sameina þann hluta hreppsins, sem er á landi, þ. e. a. s. Flateyjardal, Hálshreppi. En í grg. stendur, að þetta landssvæði, Flateyjardalur, sem nú er í eyði, hafi verið nýtt sem afréttarland af íbúum Háls- og Grýtubakkahrepps. Ég hefði kunnað því betur, ef Flatey væri með l. sameinuð Húsavíkurkaupstað, að þá yrði jafnframt í þeim sömu l. ákvæði um það, hvernig fara skuli um aðra hluta hreppsins, þó að vel megi vera, að það sé rétt, að hægt sé að ráðstafa þeim með reglugerð án lagasetningar.

Þetta frv. er, eins og hv. 11. landsk. þm. tók fram, ekki flutt eftir ósk sýslunefndar S.-Þingeyjarsýslu, ekki eftir ósk Flateyjarhrepps eða þeirra, sem hafa fyrirsvar fyrir hann, og ekki eftir ósk bæjarstjórnarinnar á Húsavík, heldur er það eiginlega flutt að frumkvæði svokallaðrar sameiningarnefndar sveitarfélaga, sem þó hefur ekki talið sér fært að óska eftir því við ríkisstj., að hún flytji frv. af ástæðum, sem nánar eru tilgreindar. Hins vegar hefur sameiningarnefndin leitað umsagnar um frv. frá bæjarstjórn Húsavíkur og sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu, og þær umsagnir liggja hér fyrir. Bæjarstjórn Húsavíkur hefur lýst yfir því, að hún vilji samþykkja till. um sameiningu, þ. e. a. s. hún er reiðubúin til þess að taka á móti Flatey, ef ákvæðið sé í l., að svo skuli vera, og taka við framfærslu þurfamanna, að því leyti, sem gert er ráð fyrir í frv., en lýsir því jafnframt yfir, að hún telur eignir og skuldir Flateyjarhafnar sér að öllu óviðkomandi. Sýslunefndin í S.-Þingeyjarsýslu hefur hins vegar á fundi, 14. maí s. l., samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Sýslunefndin lýsir sig andvíga þeirri hugmynd, að Flatey eða aðrir hlutar Flateyjarhrepps verði sameinaðir öðru sveitarfélagi, meðan allt er jafnóljóst og nú er, hvernig ræðst um not þeirra landa í framtíðinni. Nefndin telur því rétt og óskar þess, að sýslumanni Þingeyjarsýslu verði falin umsjón Flateyjarhrepps og meðferð eigna hans næstu 5 ár, nema búseta aukist þar til muna á þeim tíma."

Hv. 11. landsk. þm. drap á það, sem getið er um í bréfi sýslumannsins á Húsavík, að ástæðan til þess, að þær fjölskyldur, sem heima áttu í Flatey til skamms tíma, fluttust til Húsavíkur, hafi verið sú, að þær hafi ekki getað fengið þangað barnakennara, þ. e. a. s. að fræðslumálastjórnin hafi ekki talið sér fært að stuðla að því, að þar væri haldið uppi kennslu á einhvern hátt. Nú vil ég leyfa mér að beina því til hv. n., sem fær þetta mál til meðferðar, að hún leiti nánari umsagna, bæði frá bæjarstjórn Húsavíkur og frá sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu, í tilefni af þeim umsögnum, sem þegar liggja fyrir. T. d. mundi ég vilja spyrjast fyrir um það hjá bæjarstjórn Húsavíkur, hvort hún vilji stuðla að því, ef eyjan verður sameinuð kaupstaðnum, að áfram haldist byggð í eynni, því að það skiptir auðvitað miklu máli, hvort Húsavíkurkaupstaður vill stuðla að því, að þar verði áfram byggð.

Ég minnist þess, að fyrir örfáum árum, ég held, að það hafi verið 1960 eða þar á eftir, átti hundrað manns heima í Flatey. Allmörg núverandi hreppsfélög hafa færri íbúa en 100 manns. Eins og hér hefur verið upplýst, þá eru þarna góð afkomuskilyrði. Því hefur þegar verið lýst, hvernig þeim hefur verið háttað bæði á sjó og landi. Það sýnist í raun og veru ekki óliklegt, að þarna gæti aftur orðið byggð, ef stuðlað væri að því. Og þarna er nýbúið að leggja allmikið fé í hafnargerð, og á þessari hafnargerð, sem þarna hefur verið lagt í, hvílir allmikil skuld, sem einhvern veginn þarf að kveða á um, hvort sem Flateyjarhreppur verður lagður niður eða ekki, annaðhvort með því að fella hana niður eða að einhver verði til þess að greiða hana. Hins vegar mundi ég vilja fræðast um það, hjá sýslunefnd S.-Þingeyjarsýslu, hvernig hún hugsar sér þetta fyrirkomulag í einstökum atriðum, þar sem hún stingur upp á, að sýslumanni verði falin umsjón Flateyjarhrepps og meðferð eigna næstu 5 ár. Ég vil sem sagt beina því til hv. n., að hún leiti nánari umsagna hjá þessum aðilum, sem hér er um að ræða, og þá ef til vill einnig hjá þeim mönnum, sem hér virðast enn vera í fyrirsvari fyrir Flateyjarhrepp, sem eru sýslunefndarmaður og oddviti, sem kjörnir hafa verið í síðustu sveitarstjórnarkosningum og mætt hafa á þeim sýslunefndarfundi, sem hér er greint frá.

Flm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Eins og ég tók fram í framsöguræðu minni, þá stend ég að flutningi þessa frv., vegna þess að þetta mál er auðsjáanlega þá og þegar komið í sjálfheldu. Sameiningarnefnd sveitarfélaga telur sig ekki geta sameinað hreppa, nema samkomulag sé á milli viðkomandi aðila, en að liðnum maímánuði næsta vor verður engin hreppsnefnd, sem getur fjallað um málið fyrir Flateyjarhrepp. Hún flytur ekki og hefur ekki beðið um flutning á þessu frv. af þeim sökum, að Húsavíkurkaupstaður og Flateyjarhreppur eru ekki sammála um málið, en eins og ég segi, þegar kemur fram á vorið, verður ekki við neinn aðila að eiga, hvað Flateyjarhrepp snertir. Það verður ekki hægt að kjósa þar hreppsnefnd á vori komanda, vegna þess að það er enginn maður í Flatey. Þar eru að vísu 5 taldir búsettir, en 4 eru á Kópavogshæli og einn á Kristneshæli, og orðinn svo farinn að heilsu, að hann mun ekki skipta sér af hreppsnefndarmálum í Flatey.

Það kom fram í ræðu hv. 11. landsk. þm., að búseta hefði lagzt niður í Flatey, vegna þess að þar hefði ekki verið hægt að fá kennara til þess að sjá um barnafræðslu, en það er meira en það. Þarna er ekki nægilegt skólarými til þess að annast skyldunám, og ég hygg, að allir, sem þekkja þarna til, viti það, að það mun varla verða komið upp slíkri aðstöðu í Flatey, nema þar verði fjölmennari búseta en verið hefur, áður en þessi flutningur hófst í land.

Hér var áðan verið að geta um það, að Húsavíkurkaupstaður vildi nú að vísu taka að sér framfærsluskuldir Flateyjarhrepps, og það er rétt. Það kemur fram af bréfum eða svari bæjarstjórans á Húsavík við fyrirspurnum sameiningarnefndarinnar. Hins vegar kemur það ekki fram af svari sýslunefndar. Hún segir aðeins, að hún óski eftir því, að sýslumanni Þingeyjarsýslu verði falin umsjón Flateyjarhrepps og meðferð eigna hans um næstu 5 ár. Þess vegna liggur það á borðinu, að ef ekkert er gert í þessu máli af

hálfu löggjafans, þá verður Flatey á Skjálfanda utan lögsagnarumdæmis nokkurs sveitarfélags eftir lok maí næsta vor, enginn aðili til að sjá um framfærslu þá, sem hvílir þar á, og enginn heldur löglegur aðili, að manni virðist, til að sjá um eignir hreppsins. Umboð þeirra, sem nú eru sveitarstjórnarmenn í Flatey, rennur út í maílok n. k. Af þessum sökum tók ég að mér að „hengja bjölluna á köttinn", af því að enginn aðili virtist vilja hafa forgöngu um þetta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 71., 72. og 78. fundi í Nd., 13., 14. og 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 109, n. 524 og 545).

Frsm. meiri hl. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hv. d. hefur fjallað um frv. þetta um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar. Það var sent til umsagnar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, sem mælir eindregið með samþykkt þess. Efni frv. er í stuttu máli það, að eyjan Flatey á Skjálfanda verði lögð til Húsavíkurkaupstaðar. N. þótti ekki ástæða til að leita umsagnar bæjarstjórnarinnar á Húsavík *né sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, með því* að umsagnir beggja þessara aðila lágu þegar fyrir.

Svo er háttað um Flateyjarhrepp fyrrverandi, að allir íbúar hreppsins hafa flutt búferlum úr Flatey, en það var eini byggði hluti hreppsins. Á skrá eru engu að síður 5 íbúar, og munu flestir vera vistmenn á hælum. Framundan eru í vor, svo sem kunnnugt er, kosningar sveitarstjórna, og það verður að teljast í hæsta máta óeðlilegt, að fyrir landi eins og Flatey sé engin forsjá, engin sveitarstjórn. Það er því lagt til, að eyjan Flatey leggist til Húsavíkurkaupstaðar. Bæjarstjórnin hefur í umsögn, sem birt er með frv., *tjáð sig reiðubúna til* þess að taka við framfærslu þeirra þurfamanna, sem nú eiga búsetu í eynni, en lýsir því jafnframt yfir, að hún telur eignir og skuldir Flateyjarhrepps og Flateyjarhafnar sér með öllu óviðkomandi. Sýslunefndin taldi hins vegar í umsögn sinni, að ekki bæri að taka ákvarðanir um framtíðarráðstöfun hreppsins og eyjarinnar, meðan óljóst væri um búsetu í Flatey. Þegar sýslunefndin tók þá afstöðu, höfðu íbúar Flateyjar haft vetursetu einn vetur á Húsavík, og þótti þá ekki ráðið, hvort íbúarnir hyrfu til baka út í eyna til framtíðarbúsetu þar. Nú þykir hins vegar ljóst, að ekki séu á því líkur, *að eyjan Flatey byggist á ný, og verður því* að telja eðlilegt, að þessu landssvæði sé ráðstafað með þeim hætti, að það lúti einhverri sveitarstjórn. Heilbr.- og félmn. varð ekki sammála um þessa afgreiðslu, en meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ.

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl. leggur til, að það verði samþ., en minni hl. leggur til, að það verði fellt. Það er rétt, að það er víða um land ástæða til þess að huga að sameiningu sveitarfélaga, enda er uppi mikil hreyfing í þá átt. Þetta er þó víðast hvar viðkvæmt mál, og þarf að athugast vel, ekki síður heima fyrir en á æðri stöðum.

Í þessu máli er ljóst, að bæjarstjórn Húsavíkur vill að vísu taka við Flatey, en bæði forsvarsmenn Flateyinga sjálfra og öll sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu mæla eindregið gegn því, að hrapað verði að samþykkt þessa máls nú, heldur verði það athugað nánar, til þess að unnt sé að sjá, hvort þetta ástand breytist ekki. Við vitum, að Flatey er gagnauðug eyja. Þar eru hús og aðstaða til atvinnurekstrar, og þar hefur fólk jafnan komizt vel af. Ég hef heyrt, að hin raunverulega ástæða fyrir því, að Flateyingar fluttu í land, e. t. v. um stundarsakir, sé sú, að þeir hafi ekki fengið kennara til eyjarinnar. Það ástand kann því að breytast, og ég sé ekki ástæðu til að samþykkja þetta frv. nú gegn eindregnum andmælum sýslunefndar og ég held yfirleitt allra heimamanna, því að mér er ekki kunnugt um, að nokkur hvatning hafi komið heiman að til þess að ýta þessu máli áfram. En nú stendur fyrir dyrum aðalfundur sýslunefndar Suður-Þingeyinga, væntanlega innan skamms, og getur hann að sjálfsögðu athugað málið á ný, ef tími þykir nú til kominn. Við leggjum því til, að frv. þetta verði fellt.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var til 1. umr. hér í hv. d., ræddi ég málið lítið eitt og mæltist til þess við þá hv. n., sem fengi málið til meðferðar, að málið yrði sent til umsagnar bæjarstjórninni í Húsavíkurkaupstað og sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og að þessir aðilar yrðu þá beðnir að gera nánari grein fyrir þeirri afstöðu, sem þeir tóku vorið 1969, þegar sameiningarnefnd sveitarfélaga sneri sér til þeirra í sambandi við þetta mál. Því miður hefur hv. n. ekki gert þetta. Hún hefur ekki leitað slíkra umsagna, og það kom ekki fram í framsöguræðu, að hún hefði rætt þetta mál við bæjarstjórnina eða sýslunefndina eða neinn af hennar hálfu. Ég harma það, að n. skuli ekki hafa orðið við þessum tilmælum, því að mér sýnist eftir skjölum þessa máls að dæma, að það hefði verið þörf á því, að aðilarnir hefðu gert nánari grein fyrir afstöðu sinni vorið 1969, eins og hún liggur hér fyrir, mjög stuttlega orðuð. Ég nefndi það sérstaklega í þessu sambandi, að það væri ástæða til að grennslast eftir því, hvort Húsavíkurkaupstaður t. d. hugsaði sér, ef hann fengi umráð eyjarinnar, að stuðla að byggð í eynni. Um það hefði ég gjarnan viljað fá vitneskju, áður en ég tæki afstöðu til þessa máls.

Þetta frv. er flutt af hv. 9. landsk. þm., og ég veitti því athygli, að skömmu eftir að það kom fram, birti sameiningarnefnd sveitarfélaga yfirlýsingu í útvarpinu þess efnis, að það væri ekki í samráði við hana, að frv. væri nú flutt. En í öndverðu er það samið af henni. Þessi n. hefur,

eins og kunnugt er, unnið að því að gera till. um lagasetningu varðandi sameiningu sveitarfélaga og einnig gert uppkast að sameiningu í framkvæmd, og hún hefur þá einnig fjallað um þetta mál á sínum tíma og gert ráð fyrir því, sem ekki er óeðlilegt í samræmi við viðhorf hennar yfirleitt til þessara mála, að þessi hreppur, Flateyjarhreppur, yrði sameinaður öðrum hreppi eða sveitarfélagi. En eftir yfirlýsingunni að dæma, sem sameiningarnefndin birti, og ég held, að mig rangminni ekki, að það hafi átt sér stað, þá virðist svo sem hún hafi, eftir að hafa séð hinar fyrstu umsagnir Húsavíkurkaupstaðar og Suður-Þingeyjarsýslu, ekki talið ástæðu til þess, að þessu máli væri hreyft nú. Og á þessu vil ég vekja sérstaka athygli, að sameiningarnefndin stendur ekki að þessu frv., að því er virðist.

Hv. frsm. meiri hl. sagði í ræðu sinni hér áðan, að nú færu fram sveitastjórnakosningar í vor, og að þá væri það óeðlilegt, að landið í Flatey væri í reiðuleysi. Það hefur nú komið fyrir, að hreppar hafa eyðzt hér á landi, og nú hafa ekki orðið nein skipulagsvandræði út af því, að ég held. Það hefur gerzt á Vestfjörðum. Þess vegna held ég, að það þurfi nú ekki að setja þetta beint í samband við kosningarnar, en ef það væri nauðsynlegt vegna sveitastjórnakosninganna eða af einhverjum öðrum ástæðum að ráðstafa nú landi Flateyjar til einhvers annars sveitarfélags, þ. e. a. s. landinu í Flatey, þá vil ég minna á það, að Flateyjarhreppur tekur ekki yfir Flatey eina. Hann tekur einnig yfir Flateyjardal, en þar var nokkur sveitabyggð áður, og með þessu frv. er því landi ekki ráðstafað. Og mér finnst út af fyrir sig einkennilegt að ráðstafa með l. hluta af landi þessa hrepps, en ekki hreppnum öllum. Þegar af þessari ástæðu þarf málið áreiðanlega frekari athugunar við, virðist mér.

Eins og hér hefur verið getið um áður, hefur sameiningarnefnd sveitarfélaga á sínum tíma óskað álits um þetta mál, bæði frá bæjarstjórninni í Húsavík og sýslunefnd Suður-Þingeyinga, og ég vil leyfa mér að rifja það upp hér, sem var rifjað upp við 1. umr., hvernig álitsgerðir þessara aðila voru. Svar bæjarstjórnar Húsavíkur, dags. 25. júní 1969, hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Húsavíkur lýsir sig samþykka þeirri till., er kemur fram í bréfi sameiningarnefndar sveitarfélaga, dags. 5. maí 1969. Bæjarstjórnin lýsir sig samþykka því, að bæjarsjóður Húsavíkur taki við framfærslu þurfamanna, sbr. 2. gr. í till. sameiningarnefndar, en lýsir því jafnframt yfir, að hún telur eignir og skuldir Flateyjarhrepps og Flateyjarhafnar sér með öllu óviðkomandi. Tilkynnist þetta sameiningarnefnd hér með."

Þær skuldir, sem hér er um að ræða, hygg ég, að séu aðallega skuldir, sem hvíla á nýgerðri Flateyjarhöfn.

Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu hefur sent hinn 14. maí svo hljóðandi svar:

„Á síðasta aðalfundi sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu, sem haldinn var í byrjun þessa mánaðar, var m. a. tekið fyrir: 27. mál, framtíð Flateyjarhrepps: Lesin og lögð fram drög að frv. til l., sem framkvæmdanefnd sameiningarnefndar sveitarfélaga hefur samið, að Flatey skuli lögð undir lögsagnarumdæmi Húsavíkurkaupstaðar. Á fundinum mættu sýslunefndarmaður Flateyjarhrepps, Gunnar Guðmundsson, og oddviti Flateyjarhrepps, Jón Hermannsson. Lýstu þeir sig andvíga nefndu frv. og töldu rétt að bíða um nokkurn tíma með að taka ákvörðun um framtíð hreppsins."

Síðar segir, að svo hljóðandi till. hafi verið samþykkt einróma í sýslunefndinni:

„Sýslunefndin lýsir sig andvíga þeirri hugmynd, að Flatey eða aðrir hlutar Flateyjarhrepps verði sameinaðir öðru sveitarfélagi, meðan allt er jafnóljóst og nú er, hvernig ræðst um not þeirra landa í framtíðinni. N. telur því rétt og óskar þess, að sýslumanni Þingeyjarsýslu verði falin umsjón Flateyjarhrepps og meðferð eigna hans næstu 5 ár, nema búseta aukist þar til muna á þeim tíma."

Það er að fengnum þessum umsögnum, sem sameiningarnefndin virðist hafa komizt á þá skoðun, að hún skyldi a. m. k. ekki sjálf eiga frumkvæðið að því, að þetta mál væri flutt sérstaklega.

Í Flatey á Skjálfanda voru fyrir fáum árum um 100 íbúar. Landkostir eru í eynni og sjávargagn, og það hygg ég, að segja megi, að þar séu lífsskilyrði og búsetuskilyrði allgóð. Hins vegar hefur það gerzt núna á örfáum síðustu árum, að flestir af íbúunum hafa flutzt burt úr eynni, en eins og hv. frsm. minni hl., hv. 4. þm. Vesturl., tók hér fram áðan, hefur sú skýring komið fram, að ein meginástæðan til þessa brottflutnings hafi verið sú, að ekki hafi tekizt að fá viðunandi barnafræðslu í eynni.

Nú skal ég ekki dæma um það, hvort líklegt er, að Flatey byggist aftur til jafns við það, sem áður var, eða hvort Flateyjardalur kunni að byggjast, en ég held, að sumir a. m. k. séu þeirrar skoðunar, að eyjan geti vel byggzt, og því mun það vera, að sýslunefndin telur ástæðu til þess að bíða átekta um þetta mál, og verður nú ekki séð, að það geti verið neinum til meins, að það sé gert og farið eftir óskum sýslunefndarinnar um þetta. Þess vegna er ég mjög tregur til að fylgja því, að þetta frv. verði gert að l. á þessu þingi, a. m. k. eins og það liggur hér fyrir, og ég vil mega mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. til næsta fundar, þannig að ráðrúm gæfist til þess koma fram með brtt., sem ég hef hugleitt að gera við frv., en hef enn ekki tilbúna.

Frsm. meiri hl. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Til þess að um geti verið að ræða sveitarfélag eða hrepp, virðist þurfa að fullnægja tveimur skilyrðum. Annars vegar sé um fólk að ræða og hins vegar land. Sveitarfélag er nú einu sinni samfélag fólks, og ég vil vekja athygli á því enn á ný, hafi það ekki komið nógu greinilega fram í framsöguræðu minni, að í Flatey á Skjálfanda er ekkert fólk. Það er enginn maður í Flatey núna staddur né heldur hefur verið þar í allan vetur né heldur tvo s. l. vetur. Í Flateyjardal hefur ekki verið fólk, svo að árum eða áratugum skiptir. Fram undan eru sveitarstjórnakosningar, og ég sakna þess, að ekki skyldi koma fram hjá hv. seinasta ræðumanni, með hvaða hætti hann

álíti, að kosning sveitarstjórnar geti farið fram í þessum hreppi. Þarna eru skráðir 6 íbúar. Þeir eru allir á visthælum annars staðar, og ljóst er, að þar getur engin starfhæf sveitarstjórn orðið.

Hv. alþm. eru vafalaust allir sammála um að harma þá þróun, sem orðið hefur í ýmsum byggðarlögum á landinu og lýtur að því, að heilu hrepparnir hafa tæmzt af fólki. En hrepparnir eru nú einu sinni merkileg félagsmálaheild í íslenzku þjóðskipulagi. Þeir eru líklega ein elzta félagsmálastofnun, sem starfað hefur samfleytt á landinu. Með hliðsjón af því hygg ég, að hv. þdm. hljóti að hugleiða, hvort ekki séu óeðlileg þau örlög á þessum merkilegu íslenzku félagsmálastofnunum, að þær bókstaflega tæmist af fólki og verði í reiðuleysi seinustu árin, þar sem skráð er fólk. Það er vafalaust rétt, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., Friðjóni Þórðarsyni, að ástæðan fyrir því, að fólkið yfirgaf Flatey, hafi verið sú, að hreppurinn gat ekki fengið kennara. Þetta er ein ástæðan af fleirum, og ég hygg, að þessi ástæða verði einfaldlegast skýrð með einu orði, fásinni. Þarna hafa skapazt nýjar aðstæður, það eru komnir betri bátar, það er komin hafnaraðstaða á Húsavík, það er hægt að nýta landkostina, sem sköpuðu skilyrði fyrir búsetu í Flatey frá Húsavík með tilkomu stærri báta. Það er ekki nauðsynlegt, að íbúar, sem hyggjast nýta þau auðæfi, sem eru í nágrenni eyjarinnar, séu búsettir í eynni sjálfri. Og það hef ég eftir fólkinu, sem þarna var og flutti seinast manna af þessu skipi, að það hafi fyrst og fremst verið fásinnið, sem gerði það að verkum, að fólk treysti sér ekki til þess að búa þarna úti þá löngu íslenzku vetur, sem fólkið hefur búið við. Það fékk ekki kennara, það fékk enga félagslega aðstöðu. Og hafi menn áhuga á því, að eyjan Flatey byggist á ný, þá fæ ég ekki betur séð en líklegasta leiðin sé sú, að hún hafi einhverja félagslega forsjálni, að bæjarstjórn Húsavíkur hafi forsjá með eynni, og sú sveitarstjórn hefur fjárhagslegan styrk og félagslegan styrk til þess að geta séð hugsanlegum, nýjum íbúum fyrir þeirri þjónustu, sem þeir kynnu að þurfa á að halda.

Það er alveg ljóst, að meðan þarna er engin sveitarstjórn, þá er ekki fýsilegt fyrir fólk að fara á ný út í eyna til varanlegrar búsetu þar. Og mér skilst, að svo sé komið núna, að þessir umræddu íbúar hafi þegar fest rætur á Húsavík með því að kaupa þar hús, og eftir þau kynni af þeim mismun, sem er á búsetu í Flatey og í fjölmennum kaupstað á Húsavík, þyki þeim ekki vænlegt að flytjast til eyjarinnar á ný.

Menn kunna með réttu að harma þessa þróun, en svona er nú einu sinni komið, og það er ekki ástæða til annars en að viðurkenna þessa þróun í reynd og firra því, að landssvæði og nokkrir íbúar, sem mér skilst, að þurfi á framfærslu að halda, verði þarna án nokkurrar forsjá. Ég veit ekki, hvort hv. þdm., seinustu ræðumenn, hafi kynnt sér, hvernig þarna háttar um framfærslumál, en fróðlegt væri að vita, hvernig þeir hyggjast og hugsa sér, að framfærslumálum þeirra einstaklinga, sem þarna eru skráðir, verði fyrir komið, ef þeim er ekki ráðstafað undir lögmæta og starfhæfa sveitarstjórn.

Varðandi Flateyjardal, þá hygg ég, að ástæðulaust sé að gera sérstakar ráðstafanir með hann. Það svæði, sem ekki hefur verið byggt um langan aldur, mun að sjálfu sér verða afréttur eða eyðilönd, og menn þurfa ekki að hafa ástæðu til að óttast forsjá með því landssvæði.

Frsm. minni hl. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á það má að sjálfsögðu fallast með hv. síðasta ræðumanni, að til þess að um mannlegt samfélag geti verið að ræða, þurfi bæði land og fólk. Á hinn bóginn verður þó að viðhafa alla gát í þessu efni, þegar um svo viðkvæmt mál er að ræða, sem sérstaklega snertir heimamenn. Þess vegna álít ég, að það sé mikilvægast að hlusta á raddir heimamanna, og þær hafa komið fram í þessu máli, ótvírætt. Forystumenn Flateyinga mættu á fundi hjá sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og lýstu yfir því, að þeir óskuðu þess eindregið, að hreppurinn yrði ekki nú sameinaður öðrum hreppum, heldur yrði beðið með að taka ákvarðanir um framtíðarráðstöfun hans, meðan málin varðandi búsetu í Flatey væru að skýrast. Þetta, held ég einmitt, að sé rétt, og samkv. nýlegum upplýsingum frá oddvita sýslunefndar á Húsavík eru hinir raunverulegu íbúar Flateyjar þegar komnir út í eyjuna núna. Þeir fara þangað snemma á vorin eða á útmánuðum, í marzmánuði, og eru þar í húsum sínum við þjóðnýt störf þangað til seint á haustin. Það er því alls ekki endanlega séð, að eyjan leggist í auðn. En á hinn bóginn get ég mjög vel fallizt á það með hv. 1. þm. Norðurl. e., að hæstv. forseti fresti umr., meðan þetta mál er athugað betur á þessu stigi.

Bjartmar Guðmundsson: Herra forseti. Ég hafði raunar ekki ætlað mér að taka til máls við þessa umr., vegna þess að ég lýsti andstöðu minni við þetta frv. við 1. umr.

Það má segja það, að það séu ekki horfur á því, að eyjan Flatey byggist á ný. En það er líka hægt að segja, að það geta verið horfur á því, því að raunverulega eru hinir gömlu Flateyingar ekki fluttir úr eyjunni til fulls enn. Þeir eru, eins og hér var getið um áðan, nú þegar í vetur komnir út í ey til grásleppuveiða, flestallir þeir, sem þaðan fóru síðast, og munu verða í sumar fram á haust við veiðar í eynni. Þeir eiga sínar fasteignir í eynni og að vísu fleiri menn en þeir, því að það munu vera upp undir 20 íbúðarhús nothæf í eyjunni, eða a. m. k. milli 10 og 20, og sum góð. En það, sem ég hef sérstaklega við að athuga, að svona frv. sé flutt, er það, að það er ekki gert í samráði við neina, og hreint og beint liggur fyrir skýlaus ósk um það frá sýslunefndinni á síðasta sýslufundi, að þessu byggðarlagi, sem má segja, að sé orðið autt, þó að þar séu á skrá einir 5 íbúar, verði ekki ráðstafað nema í samráði við sýslunefndina. Og það er það, sem ég hef við að athuga, að svona er hlaupið fram fyrir skjöldu og málum slengt inn á Alþ. án samráðs við héraðsbúa. Það er ekki einu sinni ósk frá bæjarstjórninni í Húsavík um, að þetta frv. sé flutt, og sameiningarnefnd sveitarfélaganna lýsti því yfir, þegar það var flutt, að ekki væri komin frá henni ósk um

þetta. Þetta er viðkvæmara mál en svo, að það eigi að ganga fram hjá héraðsbúum algerlega í svona máli, og ég tel, að það sé ekki ástæða til að fresta umr. um þetta nú, heldur eigi að fella frv. En ég get gengið inn á það með hv. 1. þm. Norðurl. e., að umr. sé frestað og það athugað, hvort hægt sé að finna þarna einhverja leið fyrir þingið að ganga frá þessu máli öðruvísi en fella frv., sem ég tel raunar eðlilegast, eins og það ber að.

Frsm. meiri hl. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Ég tel rétt, að það komi fram umfram það, sem ég sagði áðan, að bæjarstjórn Húsavíkur mun hafa látið í ljós vilja sinn í þá átt, að ef Flatey verði lögð undir Húsavíkurkaupstað, þá verði í kaupstaðnum starfandi og skipuð n. fyrrv. Flateyjarbúa, þar sem þeim yrðu gefin tækifæri til þess að fara með þau málefni innan hins nýja lögsagnarumdæmis, sem sérstaklega snerta meðferð og ráðstöfun eigna í Flatey. Þetta kom ekki fram í framsögu minni, en þetta hef ég eftir þeim manni, sem ég tók við hér, varðandi framsögu, þannig að ég hafði ætlað mér að skýra frá því, að hann hefði haft samráð við bæjarstjórn Húsavíkur og fengið leyfi til þess að lýsa yfir því, að bæjarstjórnin hygðist skipa n. burtfluttra Flateyinga til þess að fara með málefni eyjarinnar.

Það er alveg rétt. Þeir munu nytja hús sín að sumrum til grásleppuveiða og annarrar atvinnustarfsemi, en slík dvöl ræður ekki lögheimili. Samkv. 2. gr. l. um lögheimili er lögheimili manns, þar sem hann á heimili og þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum. Dvalarstaður vegna árstíðabundinnar atvinnu getur ekki haft áhrif á lögheimili. Það liggur því ljóst fyrir, að þó að umræddir einstaklingar dveljist nokkra mánuði að sumri til í eynni Flatey, þá getur það ekki ráðið neinu um lögheimili þeirra. Þeir hafa lögheimili á Húsavík og eru þar í reynd þegnar og hafa að sjálfsögðu sem slíkir ekki umboð til þess að tala fyrir hönd hreppsnefndar eða neinna kjörinna aðila í Flatey.

Ég vildi að síðustu leggja áherzlu á, að umsögn sýslunefndar, þar sem hún leggur gegn þessu frv., er látin í té árið 1969, snemma árs á vordögum, þegar íbúarnir höfðu aðeins einn vetur haft vetursetu á Húsavík. Þá þótti henni óljóst, eins og hún orðar það, hvað yrði um framtíðarbúsetu. Nú er ljóst, að tveir vetur eru liðnir, og enginn gerir sig líklegan til þess að flytjast á ný til eyjarinnar. Fram undan eru kosningar sveitarstjórna, og ég sé ekki, hvernig málum verður skipað með skaplegum hætti þar, ef þetta frv. nær ekki fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 81., 82., 83., 85. og 88. fundi í Nd., 24., 25., 27. og 28. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar, en till. til rökst. dagskrár í málinu barst á þskj. 676.

26. Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Á 18. fundi í Nd., 25. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins [100. mál] (þmfrv., A. 118).

Á 19. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. á þskj. 118 ásamt hv. 5. þm. Austf., hv. 2. þm. Sunnl., hv. 5. þm. Norðurl. v. og hv. 1. þm. Vestf. um breyt. á l. nr. 89 frá 17. des. 1966, um Framleiðnisjóð landbúnaðarins. Þessi sjóður var myndaður til þess að leysa deilu, sem myndaðist út af hinu svo kallaða innvigtunargjaldi. Mætti því segja langa sögu og á margan hátt lærdómsríka fyrir bændastéttina, hvaða ástæður lágu til þessarar sjóðsstofnunar og hvernig það bar að. En þar sem slík saga heyrir frekar til sagnfræði en þessu frv., fer ég ekki út í þá sálma nú. 1. gr. Framleiðnisjóðslaganna er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Framleiðnisjóður landbúnaðarins. Hlutverk sjóðsins skal vera að veita styrki og lán til framleiðsluaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innanlands og utan á hverjum tíma. Lán og styrki úr sjóðnum má m. a. veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra."

Við þessa gr. leggjum við til, að komi nýr málsl. á eftir 3. málsl., svo hljóðandi:

„Þó skulu tilraunir um innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu."

Í öðru lagi leggjum við til, að 4. gr. l. orðist svo:

„Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárl. hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 20 millj. kr. á ári. Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitsgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjvn. gerir till. sínar til Alþ. um framlag til sjóðsins."

Framleiðnisjóður landbúnaðarins var stofnaður samkv. l. í desember 1966. Stofnframlag ríkissjóðs var 50 millj. kr., sem skyldi greiðast á fjórum árum, í fyrsta sinni 1966, 20 millj. kr., en síðan 10 millj. kr. á ári næstu þrjú árin. Fyrsta greiðslan fór til þess að greiða upp í þann halla, sem varð á útflutningssjóði 1966. Stofnfé sjóðsins var því raunverulega aldrei nema 30 millj. kr. Miðað við það verkefni, sem sjóðnum er ætlað l. samkv., ná þessir fjármunir skammt til að styðja aðkallandi verkefni, ekki sízt nú, þegar framkvæmdamáttur hverrar krónu hefur minnkað fast að helmingi, síðan l. um

Framleiðnisjóð voru sett. En þar sem framlag ríkissjóðs til sjóðsins fellur niður á næsta ári að óbreyttum Framleiðnisjóðslögunum, þá er það mikið nauðsynjamál, að frv. þetta nái fullnaðarafgreiðslu sem allra fyrst og fjárveiting til hans verði ákveðin, áður en fjárlög verða afgr. nú fyrir næsta ár.

Á fjórðungsþingi Norðlendinga, sem haldið var á Sauðárkróki 22. og 23. október, var eftirfarandi samþykkt gerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið á Sauðárkróki 22. og 23. október 1969, skorar á Alþ. og ríkisstj. að breyta l. um Framleiðnisjóð landbúnaðarins þannig, að ákvæðið um 10 millj. kr. framlag það, sem ríkissjóður hefur lagt Framleiðnisjóðnum undanfarið, verði látið gilda áfram."

Þessi samþykkt gefur ótvírætt til kynna, hvernig fulltrúar sveitarfélaganna á Norðurlandi líta á þetta mál, en það var Bjarni Halldórsson, bóndi á Uppsölum, sem hafði frumkvæðið í þessu máli á fjórðungsþinginu. En á hitt ber að líta, að fjórðungsþing Norðlendinga ræddi þetta framlag til sjóðsins út frá því sjónarmiði fyrst og fremst, hve aðkallandi væri að endurbyggja sláturhúsin í landinu og hvert hlutverk Framleiðnisjóðs væri til að styðja við það verkefni. Hitt var þá ekki tekið með í reikninginn, sem er meginatriði þessa frv., sem hér er til umr., að *tilraunir um innlenda fóðuröflun og verkun þess* yrði aðalverkefni sjóðsins fyrst um sinn eða þar til þær rannsóknir leiddu til viðunandi niðurstöðu.

Engum ætti að vera það lengur dulið, hve aðkallandi þetta mál er eftir þetta líðna sumar. Það kom glöggt fram, hve bændur eru vanbúnir að mæta slíku veðurfari, sem var um mestan hluta landsins í sumar. Því er það mjög brýnt nú, að kanna allar tiltækar leiðir til að koma í veg fyrir, að slíkt geti endurtekið sig. Það er ekki mál bændanna einna, eins og sumir telja, hvernig til tekst með öflun fóðurs handa búpeningi landsmanna og hvernig gæði fóðursins er. Gæði afurðanna eru mest undir því komin, hvernig fóðrið er, og enginn vafi leikur á því, að það hefur veruleg áhrif á heilsufar þjóðarinnar, að þessi þáttur framleiðslunnar, fóðuröflunin, sé í fullkomnu lagi. Af þessu leiðir, að það er mjög aðkallandi fyrir þjóðarheildina og varðar hana miklu, að nú þegar fari fram víðtæk könnun á því, hvernig hægt sé að koma í veg fyrir eða a. m. k. draga verulega úr slíkum áföllum, sem þjóðin varð fyrir í sumar af völdum votviðrisins. Það þarf að fara fram rannsókn á því, hve vatnsmikil hey má taka í *súgþurrkun og við hvaða skilyrði*. Ýmislegt bendir til þess, að bændur kunni ekki sem skyldi að notfæra sér þessa heyverkunaraðferð, eins og hægt væri í svipuðu tíðarfari og var s. l. sumar, og þetta þarf að athuga sem bezt.

Það er mjög eftirtektarvert, hvað mönnum gengur misjafnlega að heyja, mönnum, sem virðast búa við svipuð skilyrði. Ég er þeirrar skoðunar, að það skorti fræðslu í þessu efni. En umfram allt þurfa rannsóknir að fara fram um þetta efni, og væri eðlilegast, að þær færu fram m. a. á bændaskólunum og á tilraunabúum og þá á þeim stöðum, sem hentugt er að koma við fóðurtilraunum, og að fyrirsögn og undir eftirliti kunnáttumanna á þessu sviði. Fræðsla um þetta efni þarf að fara fram jafnhliða rannsóknum, og jafnvel þarf að skoða súgþurrkunarkerfið og allan umbúnað því samfara og gefa leiðbeiningar um úrbætur, þar sem þeirra er þörf. Ennfremur þarf að rannsaka votheysgerð á sama hátt, hve vatnsmikil hey megi hirða til votheysgerðar, hvaða geymslur mundu reynast ódýrastar og hentugastar miðað við endingu, um tæknibúnað í sambandi við votheysgerð o. s. frv.

Í þriðja lagi þarf að fá til landsins hraðþurrkunartæki og gera rannsóknir á þeirri heyverkunaraðferð. Allvíða erlendis hafa þessi tæki verið reynd síðustu árin, og binda ýmsir miklar vonir við hraðþurrkun. Þó er stofnkostnaður afar mikill og einnig rekstrarkostnaður. Á hitt ber að líta, að heyið tapar mjög litlu fóðurgildi við þessa verkun. Á s. l. sumri fór a. m. k. einn Eyfirðingur til Danmerkur til að kynnast því af eigin raun, hvernig þessi tæki eru, sem þar eru notuð til að hraðþurrka hey. Hann sá a. m. k. þrjár mismunandi gerðir í notkun, og taldi hann, að margt benti til þess, að þau mundu henta við okkar aðstæður. Hins vegar er hér um nýja tækni að ræða, sem er allflókin, og virtist honum, að þessar vélar, a. m. k. sumar þeirra, væru ekki komnar af tilraunastigi. Þessi Eyfirðingur er mjög bjartsýnn í þessum efnum og telur, að þarna sé fundin hin rétta leið í heyverkunarmálum okkar. Um það vil ég engu spá. Hitt hljóta allir að sjá, að það verður að reyna allar tiltækar leiðir í þessu efni, og reynslan ein sker úr um, hvað hentar okkur bezt, þegar allir þættir málsins hafa verið skoðaðir og þeir bornir saman. Það þarf að bera saman kostnað og gæði fóðursins með öllum þessum heyverkunaraðferðum og leita eftir auðveldum leiðum til að miðla bændunum af þeirri reynslu, sem af þessum rannsóknum fæst, jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir. Það væri fráleitt með öllu að flytja inn þessar hraðþurrkunarvélar til sölu hér, nema þær verði reyndar áður undir góðu eftirliti, þannig að bændur renndu ekki blint í sjóinn í þessu efni, eins og allt of oft hefur átt sér stað í sambandi við vélakaup og tæknibúnað.

Vegna kalskemmda víða um land að undanförnu þarf að gera tilraunir með ræktun einærra jurta og ræktun á ýmiss konar grænfóðri, og samanburðarrannsóknir á því þurfa að koma til, hvaða verkunaraðferðir koma til greina og henta bezt, sé þetta fóður notað, miðað við fóðurgildi og breytileg ytri skilyrði.

Áföllin, sem landbúnaðurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, ættu að hafa aukið skilning almennings á því, að nú þurfi að bregða við og leita eftir úrræðum til að koma í veg fyrir slík áföll, eftir því sem hægt er. Það verður ekki gert nema með víðtækum rannsóknum, sem kosta mikið fjármagn. En til að tryggja það, að þær rannsóknir, sem ráðizt verður í, séu gerðar á skipulegan hátt og það fjármagn, sem til þeirra er varið, nýtist sem bezt, er ekki sýnileg heppilegri leið en að Framleiðnisjóður inni þetta hlutverk af hendi, enda er það í samræmi við hlutverk sjóðsins, miðað við 1. gr. Framleiðnisjóðslaganna.

Annað mjög brýnt verkefni, sem Framleiðnisjóðurinn þarf að styðja, er endurbygging og lagfæring sláturhúsanna. Þar stefnir í algert óefni, ef ekki verður að gert hið bráðasta. Það eru mjög fá sláturhús til, sem uppfylla þær kröfur, sem erlendir aðilar gera til slíkra húsa, svo að það hangir alltaf yfir höfði okkar, að útflutningurinn verði stöðvaður frá öllum þessum sláturhúsum, sem ekki standast tilskildar kröfur.

Það kann að vera, að sumir af þessum svokölluðu leiðandi mönnum þjóðarinnar segi nú, að þetta skipti engu máli, því að við eigum ekki að vera að framleiða kjöt fyrir erlendan markað, enda er það í samræmi við málflutning þeirra og sumra blaða sömu aðila að undanförnu. Á hinn bóginn hafa þessir sömu menn bent á það, að við þurfum að byggja upp útflutningsiðnað. Framtíð þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á því. Og séu þeir spurðir að því, hvers konar iðnaður kæmi helzt til greina fyrir okkur, þá benda þeir á ullar- og skinnaiðnaðinn og telja, að á því sviði höfum við töluverða reynslu og búum yfir þekkingu, sem við höfum ekki á öðrum sviðum iðnaðar, til þess að geta keppt við aðrar þjóðir á erlendum mörkuðum. Og þeir hafa bent á það, að við eigum auðvelt með að auka ullar- og skinnaframleiðsluna til þess að skapa iðnaðinum nægt hráefni. Á hinn bóginn leggja þessir sömu menn áherzlu á, að það sé ekkert vit í að framleiða kjöt fyrir erlendan markað, og því þurfi mjög að draga úr þessari framleiðslu. Þannig er allur þessi málflutningur. Það kann að vera, að sumum henti hann vel og þeir geti komið með hagfræðilegar skýringar á honum.

En þó að hin nýja stefna í atvinnuuppbyggingunni sé að auka mjög á framleiðslu á ull og gærum, en hins vegar að draga úr framleiðslu á kjöti og miða hana við heimamarkaðinn eingöngu, þá verður ekki hjá því komizt að koma sláturhúsunum í það horf, að þau standist kröfur til útflutnings, því að ekki verður til lengdar hægt að bjóða innlendum neytendum það, að aðstaða í sláturhúsunum standist ekki kröfur erlendra aðila út frá heilbrigðissjónarmiði. Ég veit ekki til, að neitt stórgripasláturhús sé til í landinu, sem stenzt þessar kröfur. Að vísu munu vera í Borgarnesi og á Hellu stórgripasláturhús, sem ekki eru notuð til annarrar slátrunar en á stórgripum. En mér er tjáð, að það sé langt frá því, að þessi hús séu þannig búin, að þau standist þær kröfur, sem til slíkra húsa eru gerðar. a. m. k. af erlendum aðilum. Það er verið að byggja nú á Akureyri fyrsta stórgripasláturhúsið, sem er miðað við nútímakröfur, og geta hv. alþm. séð á þessu, hvernig ástandið er í þessu efni. Það kann að vera, að hægt sé að nota mörg af þessum sláturhúsum, væri þeim breytt að verulegu leyti, sérstaklega aðstöðu dýralækna til að koma við fullkomnu eftirliti, um leið og slátrunin fer fram. Þetta er mikið og aðkallandi verkefni, sem ekki verður hægt að víkja sér undan að leysa alveg á næstunni.

Margt fleira mætti nefna, sem er þess cðlis, að Framleiðnisjóður ætti að veita sinn stuðning, væri hann þess megnugur. En þar sem þau viðfangsefni, sem hér hefur verið fjallað um, eru stór og aðkallandi og ekki líklegt, að öðru verði hægt að sinni að neinu ráði á næstunni, er ekki ástæða til þess að ræða um fleiri að sinni. Mér er ljóst, að það fjármagn, sem sjóðurinn hefur yfir að ráða, er allt of naumt, þó að sú fjárveiting yrði samþ. til sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu. En með tilliti til greiðslugetu ríkissjóðs nú, þótti ekki vænlegt til árangurs að gera till. nú um hærri upphæð, enda auðvelt að hækka hana, ef fært þykir í meðförum Alþ. á málinu.

Herra forseti. Ég leyfi mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

27. Aðstoð við þróunarríkin.

Á 22. fundi í Nd., 10. des., var útbýtt:

Frv. til l. um sjóð til aðstoðar við þróunarríkin [121. mál] (þmfrv., A. 163).

Á 25. og 38. fundi í Nd., 15. des. og 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

28. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. PS o. fl.).

Á 24. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [131. mál] (þmfrv., A. 186).

Á 39. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þrem öðrum hv. þm. að flytja frv. til l. á þskj. 186 um breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt, en í gildandi l. um tekju- og eignarskatt eru ákvæði um sérstakan frádrátt til handa sjómönnum. Það er talað þar um tvenns konar frádrátt, hlífðarfatafrádrátt, og nemur hann um 500 kr. á mánuði nú, og hann miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda, og svo er annar frádráttur, sem sjómenn fá, 3000 kr., fyrir hvern mánuð, sem er reiknaður á sama hátt, en til þess að ná þessum frádrætti, verða þeir að hafa verið skráðir á íslenzk skip a. m. k. í 6 mánuði af skattárinu. Í grg. með þessu frv. getum við þess, flm.,

að það hafi verið tvennt, sem hafi orsakað þessi sérstöku skattfríðindi sjómanna. Það er annars vegar, að Alþingi hefur viljað viðurkenna sérstöðu þessarar atvinnustéttar meðal þegna þjóðfélagsins, sérstöðu, sem skapast af langtímafjarveru þeirra frá heimilum sínum, af löngum vinnutíma og mjög erfiðum starfsskilyrðum, og einnig þeirri miklu hættu, sem þeir búa við í starfi sínu, sem við höfum nú, því miður, svo raungóð dæmi um á síðustu dögum. Þá er því ekki að leyna, að vegna þess að það hefur verið viðurkennt af öllum aðilum, að þessum mönnum bæri að bera meira úr býtum en starfsstéttum í landi, og það hefur líka orðið að viðurkenna það, að útgerðin hefur oft á tíðum ekki verið þess megnug að greiða það, sem þar þurfti til að koma, þá hefur Alþ. leyst viðkvæm vandamál milli útgerðarmanna og sjómanna, þegar þeir hafa átt í samningum um kaup sín og kjör, og m. a. þess vegna hafa þessar undanþáguheimildir komist inn í þessi l., sem við flytjum nú frv. um að breyt. verði gerðar á. Það er auðvitað ljóst, að á undanförnum árum, miðað við þessa krónutölu óbreytta, þá hefur gildi þessara ákvæða fyrir þessa menn rýrnað, og til þess að vega nokkuð á móti því, þá leggjum við til með þessu frv., að ákvæði þessara l. um skattvísitölu nái einnig til þessara fríðinda íslenzkra sjómanna.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vænti þess, að það verði ekki andstaða gegn því. Mér sýnist þetta vera mikið sanngirnismál og reyndar fleirum, og ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. þá verði frv. vísað til 2. umr. og fjhn. Ég tel, að það eigi bezt heima þar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjhn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

29. Almannatryggingar (frv. SV o. fl.).

Á 40. fundi í Nd., 22. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og l. nr. 83 29. des. 1967 [150. mál] (þmfrv., A. 258).

Á 42. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram hér frv. til breyt. á l. nr. 40 frá 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og l. nr. 83 frá 29. desember 1967. Með mér flytja þetta frv. þeir hv. 1. þm. Austurl., Eysteinn Jónsson, og hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarsson.

Frvgr. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir e-lið fyrri málsgr. 46. gr. l. (4. gr. l. nr. 83 frá 1967) bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

f. Að greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað sjúklinga svo og barnshafandi kvenna úr þeim héruðum, þar sem ekki er læknir til staðar eða sjúkrahús.

Nánari reglur um þessar sérstöku ferðakostnaðargreiðslur setur tryggingarráð."

Og 2. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Eitt mesta vandamál margra héraða nú, er læknaskorturinn. Íbúarnir í þessum héruðum búa við svo mikið öryggisleysi og erfiðleika, að vart er hægt að lýsa með orðum. Þótt aðstöðumunur landsins barna sé mikill á mörgum sviðum, þá er hann mestur og geigvænlegastur í þessum efnum. Ef slys ber að höndum eða snögg, lífshættuleg veikindi, er það oftast atvikum háð, hvort mögulegt reynist að ná til læknis í tæka tíð. En þó að óvissan sé mest yfir vetrarmánuðina í afskekktum, snjóþungum héruðum, sem búa við ófullkomin vegakerfi, er hún alls staðar fyrir hendi, þar sem miklar vegalengdir eru til næsta læknis í vetrarveðráttu. Það hefur því orðið fangaráð, að barnshafandi konur, sem búsettar eru í þessum héruðum, hafa tekið sig upp, nokkrum vikum áður en þær vænta sín, og flutzt til þeirra staða, sem hafa næga lækna- og sjúkrahúsþjónustu. Þessu hlýtur að fylgja mikill kostnaður, sem er óeðlilegt og ósanngjarnt, að þær beri. Ef þessi sjálfsagða þjónusta er ekki til staðar heima í héruðunum, eins og búið er að viðurkenna, að eigi að vera með því að skipta landinu öllu í læknishéruð, þá má ekki minna vera en að þeir, sem þurfa á henni að halda og fá hana ekki í sinni heimabyggð, þurfi ekki að borga ferðakostnaðinn. Annar kostnaður og óþægindi, sem af þessu leiðir, eru næg fyrir því.

Í l. um almannatryggingar frá 1967, 7. gr., sem er breyt. á 49. gr. l. frá 1963, segir í h-lið:

„Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns á sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörfin svo bráð og heilsu hins sjúka svo farið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar."

Þetta lagaákvæði er gott, svo langt sem það nær. Hins vegar skiptir allt öðru máli, sé héraðið læknislaust. Þá er eðlilegra, að sjúkratryggingadeild greiði þennan kostnað, fremur en sjúkrasamlög, og að þessi kostnaður sé greiddur, hvort sem farið er með áætlunarferðum eða ekki. Og það sýnist vera eðlilegt og sanngjarnt, að hinn sjúki fái allan ferðakostnaðinn greiddan í þeim tilfellum, því að ef þjóðfélagið innir ekki þá sjálfsögðu skyldu af hendi við héruðin að sjá þeim fyrir læknisþjónustu, þá hlýtur samfélagið að eiga að bera þann kostnað, sem af vanrækslunni leiðir.

Það er í sjálfu sér furðulegt, að ekki skuli hafa verið gerðar breytingar á almannatryggingal. fyrir löngu á þann hátt, sem hér er lagt til, þar sem aðstöðumunur og kostnaðarauki

þess fólks, sem hefur enga læknaþjónustu, hlýtur að vera augljós hverjum manni og ekki aðrar leiðir eðlilegri til þess að draga úr þessum mismun, sem af læknisleysinu leiðir, en að kostnaðurinn sé greiddur af almannafé, þegar fara þarf langar leiðir til þess að komast undir læknishendur.

Mér verður lengi minnisstætt, er ég átti tal við húsfreyju á Langanesi sumarið 1968. Hún var að sýna mér túnið, sem var ýmist dauðkalið eða graslaust. Þá komst hún þannig að orði, er við ræddum um þessi mál: „Þó er þetta með grasleysið ekkert hjá því öryggisleysi, sem við búum við hér, enginn læknir fyrr en á Vopnafirði eða Húsavík.“ Í þessum fáu orðum felst e. t. v. meira en hv. alþm. átta sig á í fljótu bragði, því að þetta var sagt undir óvenjulegum aðstæðum. Þegar þetta samtal fór fram var komið fram í miðjan júlímánuð. Túnið var að miklu leyti dautt af kali, og það, sem óskemmt var, var aðeins komið á það belið, varla sauðgróður, á þeim tíma, sem í öllu venjulegu, að sláttur er hafinn. Mér fannst a. m. k. ekki heyskaparhorfur þá álitlegar á þessum slóðum, en þó var það ekkert hjá því öryggisleysi að hafa engan lækni nema í órafjarlægð. Á þessu sést, hvernig þetta fólk hugsar og finnur til, sem hefur enga læknaþjónustu í heimabyggð sinni.

Um þessi mál hafa farið fram miklar umr. að undanförnu, og fyrir þessu þingi liggur frv. þess efnis að heimila að ráða erlenda lækna í þau héruð, sem ekki fást í íslenzkir læknar. Þótt Alþ. samþykkti þessa heimild, hef ég ekki trú á, að hún leysi þennan vanda. Í fyrsta lagi þá eru litlar vonir til þess, að erlendir læknar fáist hingað, því að gengisfellingarnar 1967 og 1968 hafa lækkað laun fyrir hina erlendu lækna um helming frá því, sem var fyrir þann tíma. Í öðru lagi myndu vera á því allmikil vandkvæði að fá menn í þessa þjónustu, sem ekki kunna tungu okkar. Hinu neita ég ekki, að betra er að fá erlenda lækna í þessi héruð, séu þeir fáanlegir, en að hafa þau læknislaus, en það er ekki sú lausn, sem við getum sætt okkur við, nema til bráðabirgða. Við hljótum því að stefna að öðrum úrræðum, og því þarf að reyna að gera sér ljóst, hvað þar veldur, að ekki hefur tekizt að fá lækna í þessi héruð. Ég hef ekki trú á þvingunum í þessu efni eða öðrum og tel, að aðgerðir stjórnarvalda í þá átt séu líklegri til að auka þann vanda, sem fyrir er, en að draga úr honum. Ég hef heldur ekki trú á því, að um sé að kenna skorti á íslenzkum læknum eða tekjur lækna séu minni úti í héruðunum eða í þéttbýlinu. Ég hef rætt þessi mál við marga lækna og óskað eftir áliti þeirra, hvað muni fyrst og fremst valda því, að læknar fáist ekki út í héruðin. Þetta hafa verið starfandi héraðslæknar og starfandi læknar í þéttbýli og sérfræðingar á ýmsum sviðum. Mér hefur skilizt á þeim flestum, að þeir telji höfuðástæðuna fyrir þessu, hvernig kennslunni í háskólanum er háttað hér. Hún sé ekki þannig, að hún búi menn undir alhliða lækningar eins og héraðslæknis, sem er einn í stóru héraði. Eigi að vera einhver von til þess, að úr rætist að þessu leyti, verður að miða kennsluna í háskólunum við þessi störf. Í öðru lagi segja þeir, að þar sem sé aðeins einn læknir í héraði, sé vinnuálagið oft allt of mikið og bindandi, svo að fáir geti unað því til lengdar. Í þriðja lagi þá sé það oftast þannig, að þegar þeir hefja störf að námi loknu þá komi þeir í héruð, þar sem þeir og fjölskyldur þeirra séu öllum ókunnugir. Kynningin fyrir konur þeirra gangi misjafnlega, en þeir oftast störfum hlaðnir og geti því sjaldan um frjálst höfuð strokið. Þegar þeir séu í vitjunum, sé konan bundin við símann, ef kall skyldi koma, og ekki muni það einsdæmi, að það sé læknskonan, sem unir ekki slíku lífi, sem leiðir svo til þess, að fjölskyldan tekur sig upp og flyzt í þéttbýli, þar sem hún er ekki eins bundin. Ég held, að þessi mál þurfi að athuga og þá sérstaklega að breyta kennslunni og miða hana við læknisstörfin í héruðunum. Kemur mér þá fyrst í hug, hvort læknanemarnir ættu ekki að starfa einhvern hluta af námi sínu með héraðslæknum, búa þá á þann hátt undir starfið, og um leið mundi vinnast við það, að héraðslæknirinn, sem hefði með sér nema, væri ekki eins bundinn þann tíma og vinnuálagið þá minna.

Öllum ætti að vera ljóst, að það er mjög aðkallandi, að gerðar séu einhverjar ráðstafanir, sem að gagni koma, til þess að ekkert héað sé læknislaust, og í þeim starfi íslenzkir læknar. Að því hljótum við að stefna. En á meðan það er ekki, ber okkur að létta þær byrðar, sem af læknisleysinu leiðir. **Að því er stefnt með flutningi þessa frv.**

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar að sinni. Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

30. Orlof.

Á 44. fundi í Nd., 27. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 1943, um orlof, sbr. l. nr. 8 1957 og nr. 68 1964 [154. mál] (þmfrv., A. 280).

Á 48. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta mál þarf ekki langrar framsögu við, enda skal ég vera frekar stuttorður um málið, það liggur ljóst fyrir.

Það var á árinu 1964, sem orlofslögin voru endurskoðuð, og þá voru réttindi þeirra færð í nálega öllum atriðum til samræmis við það, sem þá var í gildi á Norðurlöndum. Síðan hafa orlofslögin á öllum Norðurlöndum, í öllum nágranna-

löndum okkar, verið endurskoðuð, og orlofið hefur alls staðar verið lengt nema hér. Það hefur staðið óbreytt hér frá því á árinu 1964, en síðan hefur mikið vatn til sævar runnið.

Lengd orlofsins hér á landi er nú 21 dagur á ári eða 1¾ úr degi á mánuði hverjum fyrir hvern unninn almanaksmánuð, miðað við síðasta orlofsár alltaf. En þessi lágmarksákvæði rýra auðvitað í engu orlofsrétt þeirra manna, sem samkv. samningi eða venju hafa eignazt meiri orlofsrétt, en undantekningar frá þessari lögfestu reglu eru allmargar. Það eru margir launþegar, sem hafa nokkru lengri orlofsrétt en lágmarksákvæði l. segja til um.

Þegar orlofsfé skal greitt í peningum, á það að greiðast með launum með sérstökum hætti, með orlofsmerkjum, þó að þau lagaákvæði séu því miður allt of oft brotin, sem ég harma. Orlofsféð á að vera 7% af greiddum launum orlofsárið á undan. Í þessu frv. er aftur lagt til, að lengd orlofsins verði tveir dagar fyrir hvern unninn almanaksmánuð á síðasta orlofsári og orlofsféð verði 8% í stað þess, að það er 7% núna.

Ég vil þá gefa nokkrar upplýsingar um nágrannalönd okkar, og eru þá þessar upplýsingar helztar, sem ég vil draga fram. Orlofslögin í Noregi breyttust fáum vikum eftir að íslenzku orlofslögunum var breytt, — það var 15. maí 1964, — og þar var þá lögfest fjögurra vikna orlof, og svo hefur það verið síðan í Noregi. En ákvæðin um orlofsfé hjá Norðmönnum voru sett 9½%. Það er því þannig um Norðmenn, að þeir eru búnir að hafa miklu hærra orlofsfé og miklu lengra orlof eiginlega frá því, að lagabreytingin var síðast gerð hjá okkur, og svo mundi verða hjá Norðmönnum áfram, þó að þetta frv. væri samþ., að þeir væru með mun lengra orlof og mun hærra orlofsfé en ákvarðast með þessu frv. Það má segja: Hvers vegna leggur þú þá ekki til, að orlofsféð hér verði 9½%, og orlofslengdin fjórar vikur. Ég býst við, að í launauppgjörinu í vor, ef við tökum mjög djúpt í árinni í orlofsmálinu, þá mundi það kannske rýra kaupgreiðsluna, en það veitir ekki af að fá allt, sem mögulegt er að knýja fram, í beinu kaupi, og þess vegna kannske betra eftir mínu mati að halda sér hér nokkurn veginn við það, sem almennast er á Norðurlöndum í þessu efni, og spenna ekki bogann kannske þarna eins og beint tilefni gæfist til eftir fordæmi Norðmanna.

Í Svíþjóð er lengd orlofsins ákveðin í l. 24 virkir dagar á ári, þ. e. a. s. 2 dagar, eins og hér er farið fram á, á hvern unninn almanaksmánuð. Þar er svo útreikningsreglan sú, að ef unnið er hálfan mánuð eða meira, þá lengist orlofið, en sé brotið úr mánuði minna, þá hefur það ekki áhrif.

Í Danmörku var skipuð af verkamálaráðuneytinu þar nefnd 12. maí 1967. Það var fjölmenn nefnd, skipuð fulltrúum frá öllum meginaðilum vinnumarkaðarins, og hún átti að endurskoða l. um vinnutíma og orlof í Danmörku. Þessi n. hefur fyrir nokkuð löngu lokið störfum og skilað miklu nál., og hef ég haft það í höndum, það er bók upp á 240 bls. í Stjórnartíðindabroti, og er ég fús til þess að láta þn., sem fær málið til meðferðar, þá bók frjálsa til afnota, ef óskað verður. Þar eru margvíslegar rannsóknir framkvæmdar á þessum málum í flestum löndum Evrópu, og niðurstöður birtar þar í glöggu skýrsluformi um það. Í frv. til l., sem flutt er í þessari bók og öll n. stóð að sem lágmarki, er gert ráð fyrir, að orlofsdagar verði tveir fyrir hvern unninn mánuð, 24 dagar á ári, og eftir reglunum, sem þeir fara eftir út frá vinnutímanum, yrði prósentutala orlofsfjár 8.59% í Danmörku. Hér er lagt til, að það verði 8%. M. ö. o., þegar þetta danska frv. er samþ., er orlofsdagafjöldinn sá sami og hér er lagt til í frv., en orlofsfjárgreiðslan sjálf rúmlega ½% hærri, en það er út frá öðrum útreikningsreglum. Fulltrúar Alþýðusambandsins danska voru þó ekki almennilega á það sáttir að lúta þessari reglu, og lögðu til í n., að með frv. yrði fjögurra vikna orlof lögfest í Danmörku. En meiri hl. n. fékkst ekki inn á það, og eftir að borgaralega ríkisstj. í Danmörku tók við og jafnaðarmenn voru þar orðnir í minni hl., þá fluttu þeir frv. um 10% orlofsfé og fjögurra vikna orlof í Danmörku, en hafa ekki enn, svo að ég viti, komið því fram. En ég tel alveg víst, að borgaralega stjórnin standi við það að fylgja fram frv., sem meiri hl. n. stóð að um tveggja daga orlof á mánuði eða 24 daga orlof á ári, og ef það er ekki orðið að l. nú í Danmörku, þá hygg ég, að það geti varla farizt fyrir á því þingi, sem nú starfar.

Af þessu, sem ég nú hef sagt, má vera fullljóst, að ef það samræmi, sem á var fallizt árið 1964 hér á landi um orlofsréttindi, þannig að þau væru að öllu leyti hliðstæð gildandi ákvæðum á Norðurlöndum, þá er það í algeru lágmarki, að þetta frv. verði samþ. Ef menn vildu gera betur og fylgja t. d. fordæmi Norðmannanna, yrði að hækka þetta verulega frá kröfum frv., sem sé í fjórar vikur orlofið og 9½% orlofsfé. Ég geri nú ekki ráð fyrir því, en ég tel, að það sé alveg einsætt, að úr því að menn féllust á þessa viðmiðun 1964, eigi að færa ákvæði orlofslaganna íslenzku til samræmis við það, sem almennt er nú á Norðurlöndum, og þar höfum við þá bæði Danmörku og Svíþjóð til þess að miða við, en værum eftir sem áður lægri en Norðmenn.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

31. Fiskveiðasjóður Íslands (frv. BP).

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands [155. mál] (þmfrv., A. 286).

Á 48., 51. og 54. fundi í Nd., 30. jan., 2. febr. og 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 5. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands. Árið 1966 voru sett l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Stjórn sjóðsins var breytt og hann settur undir yfirstjórn þriggja banka, þannig að Landsbankinn kýs tvo menn í stjórnina, Útvegsbankinn tvo og Seðlabankinn einn. Fiskveiðasjóður var áður sjálfstæð stofnun í sambandi við og að nafninu til undir yfirstjórn Útvegsbankans. Elías Halldórsson var framkvæmdastjóri og virtist ráða um afgreiðslu og innheimtu lána. Hafi bankastjórar Útvegsbankans hlutazt til um eitthvað, urðu viðskiptamenn sjóðsins þess lítið varir og hlutu a. m. k. lítil óþægindi af þeim sökum. Ekki gætti óánægju hjá útvegsmönnum með þetta fyrirkomulag. Sjóðnum var stjórnað vel og viturlega. Að sjálfsögðu líkaði mönnum misjafnlega við framkvæmdastjórann. Hjá því verður eigi komizt, en yfirleitt var hann vel látinn, eigi fljótur að lofa, en stóð við orð sín. Heiðarleik hans og hyggni dró enginn í efa.

Þrátt fyrir þetta sáu ríkisstj. og Seðlabankinn ástæðu til að gerbreyta yfirstjórn Fiskveiðasjóðsins, flestum til leiðinda. Það er ríkur þáttur í manneðlinu, að ef eitthvað er í góðu lagi, fara misvitrir menn að breyta því og bylta. Sagan um Evu og forboðna eplið er engan veginn óraunhæf, Eva virðist hafa verið grunnfær, en athafnasöm.

Fiskveiðasjóður er að langmestu leyti byggður upp á útflutningsgjöldum sjávarafurða. Eignir hans nú eru um 1 milljarð. Samkv. bankareikningum er það svipuð upphæð og aðrar lánastofnanir landsins eiga til samans. Þótt útvegsmenn og sjómenn hafi með striti sínu beint og óbeint lagt nær alla þessa fjármuni fram, hafa þeir litlu sem engu fengið að ráða um stjórn sjóðsins. Þar til 1960 voru vextir af lánum Fiskveiðasjóðs 4%. Vöxtum var stillt í hóf, af því að tillit var tekið til þess, að útvegurinn var skattlagður til sjóðsins. Þáverandi ráðamenn gerðu sér ljóst, að eigendur báta og fiskvinnslustöðva voru eigi færir um að greiða hærri vexti.

Þetta mátti eigi þannig vera hjá viðreisnarstjórninni, Evueðlið sagði til sín. Vextir voru hækkaðir 1960 úr 4% í 6½% og dráttarvextir tvöfaldaðir, og þannig níðst á þeim efnaminni. Lántakendurnir voru einnig neyddir til að undirskrifa skuldabréf, þar sem lánin voru gengistryggð að verulegu leyti. Hliðstæð vaxtahækkun var gerð í öðrum lánastofnunum, en útvegurinn varð einna verst úti, hvað gengisáhættu snerti. Það er annars eðlis að hækka vexti af eyðslu og brasklánum til að draga úr eyðslu í bili en á stofnlánum, sem nauðsynleg eru, til að atvinnulífið geti gengið eðlilega. Þetta gerði stjórn viðreisnarinnar sér ekki ljóst. Sennilega er vaxtahækkunin 1960 mesta óþarfaverk, sem stjórnin hefur unnið.

Þegar fjármálafglöp eru gerð, bitnar það að lokum mest á efnalitlu alþýðufólki. Þannig hefur það verið með þessa vaxtahækkun. Fiskvinnslustöðvar, fiskiskip og iðnfyrirtæki varð að starfrækja, og vextina varð að greiða. Þegar atvinnurekendur gátu eigi greitt þá lengur, var gengið lækkað og hlutur sjómanna skertur. Verkamenn og sjómenn voru á þann hátt óbeint látnir greiða hina háu vexti. Sagan er þó ekki öll sögð. Skip þarf að endurnýja. 100—120 tonna bátur kostar nú 20—25 millj. 350—1000 lesta skuttogarar kosta 60—120 millj. Þeir, sem peninga eiga, vita vel, að með 6½% vöxtum af stofnlánum, 12% dráttarvöxtum, 10% víxilvöxtum og 20—27 aukasköttum á útveginn er eigi hægt að greiða vexti og afborganir af þessum skipum, miðað við meðalafla og meðalverð. Auk þess má eigi gleyma gengisáhættunni, sem útvegsmenn verða að taka á sig. Þeir, sem vit hafa í kollinum, vilja því eigi hætta eigin fé í slíka fjárfestingu. Kröfur eru því gerðar nú um, að ríki og bæjarfélög leggi fram óendurkræfan hluta af kaupverði togara. Ljóst er, að 4% vextir af 100 millj. er svipuð upphæð og 6½% af 60 millj., m. ö. o. vaxtahækkunin veldur því, að nú eru kröfur gerðar um óendurkræf framlög til kaupa á fiskiskipum.

Oftar en einu sinni hef ég ásamt Jóni Skaftasyni flutt þáltill. um, að ríkisstj. hlutist til um, að vextir af stofnlánum atvinnuveganna væru lækkaðir. Þær hafa verið svæfðar, Alþ. átti eigi að skipta sér af þeim hlutum. Stjórnin og Seðlabankinn vildu þar ein ráða. Nú geta þeir spöku menn velt vöngum yfir því, hvernig þeir eigi að losna úr þeirri sjálfheldu, sem þeir hafa gengið í. Lausnin verður án efa sú sama og fyrr, að alþýðan borgar, beint eða óbeint, og tekjustofnarnir verða hærri útsvör og aukinn söluskattur, en bónbjargarleiðin verður ekki farin endalaust.

Frv. þetta gerir eigi ráð fyrir öðrum breyt. á l. Fiskveiðasjóðs en að stjórn sjóðsins sé kosin af öðrum aðilum en verið hefur og framkvæmdastjóri sjóðsins fái hliðstæð völd og bankastjórar viðskiptabankanna. Ég álít, að á þann hátt geti Fiskveiðasjóður veitt betri og aðgengilegri þjónustu. Eins og málum er háttað nú, fá viðskiptamenn tæpast ákveðin svör frá framkvæmdastjóra Fiskveiðasjóðs, ef um meiri háttar atriði er að ræða. Það er stjórnin, sem ræður. Til þess að ná tali af hinum raunverulegu ráðamönnum þarf að ganga milli þriggja banka, og oft er erfitt eða ógerlegt að ná tali af þessum herrum. Þeir eru uppteknir við önnur störf. Fundi halda þeir einstöku sinnum, en þar er ekki tími eða aðstaða til að ræða við þá, sem um lán biðja. Það er eigi ólíklegt, að það taki eina til tvær vikur í sumum tilfellum fyrir viðskiptamenn sjóðsins að ná tali af hinum raunverulegu ráðamönnum, ef það tekst þá. Þetta tel ég óþolandi ástand. Framkvæmdastjóri sjóðsins þarf að hafa vald til að taka ákvarðanir, en stjórnin að fylgjast með og marka stefnu í aðalatriðum.

Í öðru lagi skulum við gera okkur ljóst, hvort ástæða er til að ætla, að verr verði sér fyrir sjávarútvegsmálum, ef frv. þetta verður samþ. Ég álít, að svo verði ekki. Enginn hefur betri aðstöðu til þess að fylgjast með hæfni útgerðarmanna og skipstjóra, afkomu fiskvinnslustöðva

og hvaða gerð og stærð skipa er hagkvæmast að kaupa en framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs, ef hann er starfi sínu vaxinn. Ég er sannfærður um, að minni mistök mundu verða gerð í skipakaupum, ef Elías Halldórsson hefði fengið meiru að ráða, og ólíklegt er, að það verði útgerð okkar til óþurftar, þótt útvegsmenn vilji einn mann í stjórn Fiskveiðasjóðs. Til bóta ætti einnig að vera, að sjómenn eigi sinn fulltrúa. Til þess hafa þeir rétt. Hann gæti skýrt þeirra sjónarmið og fylgzt með. En það gæti komið í veg fyrir ýmsan misskilning, enda skiptir miklu fyrir sjómenn, að vel sé fyrir sjávarútvegsmálum séð. Ég álít eðlilegt, að Seðlabankinn eigi einn mann í stjórn Fiskveiðasjóðs. Hann getur skýrt viðhorf bankanna og ríkisstj. Tæplega geta þm. álitið það óeðlilegt, að Alþ. kjósi tvo menn í stjórn. Hversu vel val þeirra tekst, er ekki hægt að segja um, en mistök væru, ef til þess veldust óhæfir menn. Í stjórn Fiskveiðasjóðs eru nú fimm bankastjórar. Ég ætla hvorki að gera lítið úr greind þeirra eða mannkostum, en þeir eru bankamenn, með bankamannasjónarmið. Þeir hafa eigi rekið útgerð og gætu sennilega ekki, flestir þeirra, gert upp við bátaskipshafnir án aðstoðar. Trúir því nokkur þm., að óhagkvæmara væri fyrir íslenzkan sjávarútveg, að t. d. Matthías Bjarnason, eða einhver ámóta kunnugur atvinnuvegum og hann er, væri í stjórn Fiskveiðasjóðs, en einhver þessara ágætu bankastjóra? Ég held tæpast.

Í þriðja lagi ber okkur að íhuga, hvort hagkvæmara er fyrir Fiskveiðasjóð að hafa óháða yfirstjórn og framkvæmdastjóra með svipaða starfsaðstöðu og bankastjórar hafa eða hafa Fiskveiðasjóð undir yfirstjórn 5 bankastjóra úr þrem bönkum. Líklegt er, að um það atriði muni skoðanir þm. vera skiptar. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér til hlítar störf stjórnar Fiskveiðasjóðs, en hef ástæðu til að ætla, að hún hafi unnið ýmis smáafrek, eins og að færa skuldir, sem útvegsmenn voru í við Framkvæmdasjóð og e. t. v. fleiri aðila til Fiskveiðasjóðs. Gengislækkanirnar 1967 og 1968 stórhækkuðu skuldir þeirra útvegsmanna í íslenzkum krónum, sem höfðu látið smíða skip erlendis. Hluta þessara hækkana hafa viðskiptabankarnir orðið að greiða í bili. Enn fremur munu vera verulegar fjárhæðir ógreiddar erlendis fyrir veiðarfæri. Hvort eitthvað af þessum skuldum verði fært yfir til Fiskveiðasjóðs, veit ég eigi, en þótt svo yrði, getur það ekki talizt til hagsbóta fyrir sjóðinn.

Hins vegar hafa bankastjórarnir unnið eitt afrek, sem e. t. v. auðgar Fiskveiðasjóð, ef vel tekst til. Þykir mér rétt að skýra lauslega frá því, enda ber að lofa það, sem vel er gert. Fyrir 1960 lánaði Fiskveiðasjóður án gengistryggingar. Þegar gengið var lækkað 1960 og 1961, varð Fiskveiðasjóður fyrir nokkru tapi vegna lána erlendis, sem ég ætla, að numið hafi 46 millj. kr. Og í árslok 1960 er Fiskveiðasjóður talinn skulda erlendis um 64 millj. Eftir það lánaði Fiskveiðasjóður þannig, að hluti af lánum var gengistryggður. Það ákvæði var þó eigi sett í öll skuldabréf. Mér hefur skilizt, að það hafi fallið niður að einhverju eða öllu leyti árið 1967, a. m. k. sagði Sverrir Hermannsson mér, að Eldborgin, sem þeir félagar hafa með að gera, hefði fengið lán ógengistryggt, og það var ástæðan til þess, að ég spurðist fyrir um það í Fiskveiðasjóði, hvort mikið hefði verið gert af þessu, og ég fékk þær upplýsingar, að þetta hefði verið gert árið 1967, vegna þess að það hefði verið bjartsýni ríkjandi hjá Seðlabankanum um, að þess þyrfti ekki með, og var þó farið að horfa illa í efnahagsmálunum þá. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort þarna hafi komið einhver persónulegur áróður til greina eða ekki. Lántakendur voru neyddir til að skrifa undir þessar vafasömu skuldbindingar, því að ógerlegt var fyrir þá að greiða skipin nema fá lán í Fiskveiðasjóði fyrir hluta af andvirði þeirra. Við gengislækkunina 1967 og gengisfellinguna 1968 varð Fiskveiðasjóður fyrir nokkru tjóni vegna skulda erlendis. Mun sú upphæð hafa numið í kringum 130 millj. kr. Það gengistap varð að verulegu leyti vegna skuldar, sem varð til fyrir gengislækkunina 1960, því þá skuldaði Fiskveiðasjóður 64 millj. erlendis, og það er rúmlega 60 millj. vegna þess og enn fremur að nokkru vegna ógengistryggðra lána 1967. Er eigi ólíklegt, að hlutur þeirra skipa, sem Fiskveiðasjóður, sem hafði veitt ógengistryggð lán, hafi numið, ef rétt var reiknað, í kringum 70 millj. Nákvæmlega get ég ekki fullyrt um það, en það hlýtur að vera mjög nálægt 70 millj. Bankastjórastjórnin var hins vegar ekki að velta því fyrir sér, hvað rétt væri eða rangt í þessu efni, heldur jafnaði öllu gengistapinu niður á þá aðila, sem búið var að neyða til að undirskrifa skuldabréf, sem voru gengistryggð. M. ö. o. þeir, sem höfðu neyðzt til að taka gengistryggð lán, voru látnir greiða fyrir þá, sem höfðu fengið ógengistryggð lán. Ég efa, að bankastjórnin hafi gert sér ljóst, að ranglátt var að láta eigi alla skuldunauta Fiskveiðasjóðs búa við svipuð lánakjör. Ef um tímabundna yfirsjón var að ræða hjá sjóðsstjórninni, að hafa ekki athugað það, að gengistryggja lánin fyrir 1960 og ekki árið 1967, þá átti Fiskveiðasjóður að greiða gengistapið fyrir þá, sem höfðu ógengistryggð lán, eða sem svaraði því. Viðurkenna ber, að ríkisstj. og bankastjórar hafa sýnt mikla athafnasemi gagnvart Fiskveiðasjóði, og þeim hefur tekizt að gera hagkvæma og vinsæla lánastofnun frekar óaðgengilega, gert Fiskveiðasjóð að ósjálfstæðri undirlægju þriggja banka.

Bændur hafa sinn Búnaðarbanka, sem gerir þeim ómetanlegt gagn, iðnaðarmenn sinn Iðnaðarbanka og verzlunarmenn sinn Verzlunarbanka. Þessir aðilar ráða miklu um stjórn þessara lánastofnana. Útvegsmenn eiga fullan rétt á því að búa við hliðstæð kjör og þessir aðilar. Frv. þetta miðar að því, að svo megi verða. Vera má, að það verði eigi samþ. á þessu þingi, en dagurinn á morgun er líka dagur, og árið að ári er líka ár. Ég er sannfærður um, að ýmsir í stjórnarliðinu eru mér efnislega sammála. Minnist ég þess, þegar rætt var um stjórn Iðnþróunarsjóðs, þá lýsti Matthías Bjarnason yfir hliðstæðri skoðun og kemur fram hjá mér í þessu frv. Hver er ástæðan til þess að við Matthías Bjarnason höfum hliðstæðar skoðanir í þessu efni? Hún er sú, að við höfum tekið þátt í atvinnulífinu, við vitum, að sjónarmið bankastjóra eru eigi hin sömu og at-

vinnurekenda. Að sjálfsögðu má samræma þessar andstæður að nokkru, en þó því aðeins, að báðir aðilar hafi til þess aðstöðu. Sú aðstaða er *ekki fyrir hendi nú í stjórn Fiskveiðasjóðs.*

Fiskveiðasjóður er byggður upp að mestu á útflutningsgjöldum sjávarafurða til þess að endurnýja fiskiskip og fiskvinnslustöðvar og bæta öðrum nýjum við. Þar eiga einhliða bankamannasjónarmið ekki að ráða öllu, eins og fram hefur komið t. d. við útreikning á gengistapi vegna skulda Fiskveiðasjóðs. Skuldir erlendis voru hjá Fiskveiðasjóði í árslok 1958 266 millj. Þær hafa tvöfaldazt við síðustu tvær gengislækkanir, þannig að þær hafa verið í árslok, eða allt svo snemma á árinu 1957, í kringum 130 millj. Í árslok 1960 voru þær 64 millj. Það er tvímælalaust, það vita það allir menn, að þó sum lánin hafi ekki verið gengistryggð, þá hafa verið tekin veruleg lán til þess að borga þau, og það voru þess vegna alger ólög að leggja þann hluta á þá, sem voru neyddir til þess að taka gengistryggðu lánin. Á þennan hátt hafa þeir menn, sem tóku gengistryggðu lánin, borgað tvöfalt við það, sem þeir áttu að borga, þannig að bátur, sem nú samkv. þessum ákvæðum bankastjóranna er neyddur til að borga tvær millj., átti í rauninni ekki, ef rétt væri að farið, að borga nema eina millj. Þarna er algert ofríki notað gagnvart þeim, sem neyðzt höfðu til að taka gengistryggðu lánin.

Ég skal ekki fullyrða, hvernig þetta færi í máli, og það er nú þannig um útgerðarmenn, að þeir hafa ekki aðstöðu til að segja mikið við lánardrottna sína. Þeir eru kúgaðir menn, og í skjóli þess eru slík ákvæði sett. Annars er bankavaldið hér í landi þannig og tök þess þannig á *atvinnurekendum og þeim, sem eiga til þeirra* eitthvað að sækja, að þeir ráða hlutunum. En ekki væri ástæðulaust að gera prófmál í þessu efni.

Mér er ekki fullkomlega ljóst, hver það er, sem raunverulega ræður í peningamálum hér í landi. Eru það bankastjórar Seðlabankans, eða er það bankamálaráðh. og ríkisstj.? Ég hef talað um þetta við ýmsa menn, og það eru skiptar skoðanir um þetta, en staðreyndin er sú, að það er Jóhannes Nordal og bankamálaráðh., sem hafa þarna sterkasta aðstöðu og virðast ráða mestu. Sannleikurinn er sá, að það er ástæða til að ætla, að það séu í rauninni kratarnir, sem stjórna fjármálunum í þessu landi, en ekki Sjálfstfl., þótt hann sé stór. En hvað sem því líður, þá er þetta vald farið að grípa inn í alla skapaða hluti. Það er jafnað niður á okkur, sem skuldum í Fiskveiðasjóði, svona upphæðum, eins og þeim dettur í hug. Það grípur inn í alla mögulega *hluti.* Það var síðast nú á þessu þingi verið að afhenda þessum bankastjórum Iðnþróunarsjóðinn. Það gladdi mig, þegar einn þm. Sjálfstfl. hafði kjark til þess að standa upp og lýsa yfir því, að hann styddi ekki þessa stefnu. Ég var víst eini maðurinn, sem endanlega greiddi atkv. á móti þessu frv., vegna þess að mér geðjast ekki að þeirri bónbjargarleið að fara að biðja um vaxtalaust lán. Ef laglega væri á þessum fjármálum haldið, gætum við grætt þessar 1000 millj., sem við erum að betla út úr nágrannaþjóðum okkar, á einu ári og þyrftum ekki að vera að biðja um vaxtalaus lán. En það gladdi mig að heyra þetta sjónarmið. Ég er sannfærður um, að í röðum stjórnarliða eru margir sömu skoðunar og kom fram hjá Matthíasi Bjarnasyni, en þeir bara segja það ekki. Vonandi á þetta eftir að breytast. Þeir eiga eftir að standa við hlið Matthíasar Bjarnasonar og velta af sér þessu bankavaldi. Þetta grípur inn í á öllum sviðum, það grípur inn á Verðjöfnunarsjóðinn. Menn veiða ekki rækjur vestur á Ísafirði nú. Það gerir bankavaldið. Það grípur inn í loðnuveiði fyrir sunnan land. Það er þetta einræði, það er ekkert vit að taka svona ákvarðanir án þess að tala við atvinnurekendur áður og hafa eitthvert samstarf við þá.

Ég talaði á móti breyt. á Fiskveiðasjóðsl. 1966. Mér var alveg ljóst, að þarna var ekkert annað að gerast en að bankavaldið var að taka völdin í Fiskveiðasjóðsmálunum, og þetta var með öllu ástæðulaust, því að Elías Halldórsson hefur stjórnað þessu af mikilli prýði, og þetta er bezt stjórnaða peningastofnunin, að ég ætla, í landinu. Seðlabankinn hefur haft aðstöðu fram yfir allar aðrar stofnanir, hann hefur t. d. seðlaútgáfu. Hann hefur verið rekinn nú í 10 ár án þess að græða neitt að mun. Mér var það ljóst, þegar var verið að breyta þessum l. um Fiskveiðasjóð, að það yrði ómögulegt að skipta við Fiskveiðasjóð lengur. Það hefur rætzt. Ég var búinn að skipta alllengi við Landsbankann og fór þaðan, af því að þetta var leiðindastofnun við að eiga á allan hátt. Ég fór að skipta við Búnaðarbankann, og það var eins og tveir ólíkir heimar. Útgerðarmenn urðu að sýna auðmýkt til þess að fá endurnýjuð útgerðarlánin. Það nægði ekki *persónuleg ábyrgð,* þótt maður skrifaði persónulega á víxla. Nei, ónei, menn urðu að veðsetja húsin, sem þeir bjuggu í, eða jarðirnar. Þeir heimtuðu jörðina hjá mér. Það var ekki nóg, að ég skrifaði persónulega á víxilinn fyrir 200 þús., sem ég var búinn að standa í skilum með í mörg ár. Svo komst ég að því, að ég átti að skipta við Landsbankann, af því Skagaströnd átti að vera þar. Útgerðarmönnum var skipt svona, eins og þegar við erum að draga kindur í dilka í skilaréttum. Þeir yrðu að vera í þeim dilk, sem bankastjórarnir voru búnir að draga þá inn í, og það var alveg sama, hvernig komið var fram við þessa aumingja menn, þeir máttu ekkert segja, það þýddi ekkert fyrir þá að segja neitt. Það voru fleiri en ég óánægðir með viðskiptin við Landsbankann á þeim tíma. Annars löguðust þeir nú heldur við það, að ég gekk úr vistinni. Ég lét þá nú hafa svona smáorðsendingu í leiðinni, og útgerðarmenn voru oft að tala um það *við mig, að það væri alveg ómögulegt að eiga* við þetta, og ég sagði við þá: Hví farið þið ekki? „Við getum ekkert farið," sögðu þeir. Þetta eru nefnilega kúgaðir menn. Svo var ekki hægt að fá þessi smálán endurnýjuð, nema borga af þeim stimpilgjöld og veðsetningu, og þetta er stórfé. Þetta losnaði ég við, þegar ég komst í Búnaðarbankann, enda var eins og að komast í föðurhús að skipta við þá, enda mundi varla nokkur maður koma inn í Landsbankann, ef Búnaðarbankinn hefði nóg fé til að lána. Þessi

auðmýking og þessi þrælatök kunni ég ekki við.

Ég talaði við einn hamingjasaman útgerðarmann nú fyrir fáum dögum. Hann var ákaflega ánægður með kjör sín yfirleitt, og ég fór að inna hann eftir því, í hverju þetta lægi. Það var af því, að hann hafði ekki þurft að tala við bankastjóra í mörg ár. Hann var svo efnaður, að hann hafði ekki þurft að taka lán, hvorki útgerðarlán eða lán út á fiskveiðar. Hann hafði ekki lagt í ný ævintýri í tíð þessarar viðreisnarstjórnar, sem neinu nam, og hafði byggt sig upp á vinstra tímabilinu, því að stjórnarliðið er nú búið að gera Eystein að algerum fjármálasérfræðingi, þannig að hann hefur ekkert þurft til bankanna að leita, og þetta er eini hamingjusami útgerðarmaðurinn, sem ég hef hitt nú í seinni tíð.

Sannleikurinn er sá, að það að hafa þessar gengisklásúlur á skipunum, það var höfuðástæðan til þess, að ég hætti að eiga bát. Við skulum ekki ímynda okkur, að það geti ekki komið önnur gengisfelling til, og ég er með tvær millj. á minn bát, þannig að útkoman hjá þessum mönnum, sem fengu gengishækkanirnar núna, verður sú, að þeir vinna ekki fyrir gengisfellingunni, ekkert. *Þetta á eftir að breytast.* Þið þurfið ekki að ímynda ykkur, að sjómennirnir færi sig ekki upp á skaftið og nái sinni kjaraskerðingu að einhverju leyti aftur, svo að nú á að bæta nýjum sköttum á útgerðina. Það á að fara að setja lífeyrissjóð. Það voru nú eitthvað 25 skattar fyrir. Það kemur lífeyrissjóður handa sjómönnum, og svo kemur nú verðjöfnunargjaldið, og svo á að fara að láta útgerðarmennina greiða hluta af tryggingagjöldunum, þannig að ég hygg, að eftir svona eitt til tvö ár, þá verði þetta allt komið í sama farið. Ég miða ekki við það, sem þeir eru að tala um, þessir spekingar í bönkunum. Það er nú eiginlega eina læknislyfið hjá þeim að fella gengið, eins og þið vitið, og þeir eru fljótir að því. Það er allt tilbúið til þess að fella gengið. Það er tölva búin að reikna þetta allt út. Þetta er allt saman til, og þegar næsta gengisfelling kemur, þá étur þetta sig alveg upp. Hann hefur líka sagt mér það, hann Guðmundur Jörundsson, hann segist alltaf vera að borga parta, en það minnki aldrei neitt skuldir, því að þegar gengislækkanirnar koma, þá hækkar þetta alltaf, þannig að þetta étur sig upp, og það, sem menn eru í rauninni að hæla sér af, þessir fjármálaspekingar okkar, er það, að þeir hafi læknað allt með því að fella gengið. Höfuðástæðan fyrir þeim umbótum, sem orðið hafa, er ekki gengislækkunin. Það er fyrst og fremst góð vertíð í fyrra og alveg stórhækkað verðlag. Og ef ríkissjóður hefði ekki endilega þurft að fá fleiri krónur, þá hefði verið hægt að komast hjá þessari gengisbreytingu, þá hefði verið hægt að hjálpa útveginum yfir þetta. Þeir bátar, sem fá þessa hækkun, eins og ég talaði um áðan, græða ekkert á henni. Hinir græða vitanlega, og sannleikurinn er sá, að ef maður vill gera út bát núna og vera tryggur um að græða á honum, þá er helzt að fá einhvern bát, sem var keyptur fyrir 1960.

Ég skal játa það, að það hefur verið hagstæðari greiðslujöfnuður fyrir þjóðarbúið 1969 en var áður, en hver var ástæðan? Hún er fyrst og fremst sú, að alþýða manna hafði alls ekki peninga til þess að eyða, kaupgetan var ekki fyrir hendi. Þetta er höfuðástæðan fyrir þessu. Til viðbótar koma verðlagsbreytingarnar og góður afli. Það bara gengur ekki endalaust. Við þurfum ekki að efast um það, að kaup hækkar hjá verkafólki, af því kaupið er þannig núna, að daglaunamaður getur ekki unnið fyrir fjölskyldu. Konan verður að vinna úti líka. Það mun allt saman sækja í sama horfið.

Það væri allt í lagi, að bankarnir réðu öllu í þessu landi og bankamálaráðh., ef öllu væri vel ráðið. Þá væru allir ánægðir, en ég sé bara ekki, að það hafi verið gert. Þess vegna held ég, að það væri eitt af höfuðverkefnum þingsins að reyna að ná aftur einhverju af því valdi, sem það afhenti Seðlabankanum á sínum tíma, því að í raun og veru var valdið tekið af Alþ. í fjármálunum og flutt yfir í Seðlabankann og til ríkisstj., ef hún ræður Seðlabankanum, en ef Seðlabankinn stjórnar ríkisstj., þá er það hann, sem ræður. Ég vil ekki fullyrða, hvort er, eða hvort það er einhver félagsskapur þar á milli.

Það væri allt í lagi að þegja, ef öllu væri vel stjórnað. En *ég get ekki séð, að það sé, og núna* nægði þeim ekki að hafa Fiskveiðasjóðinn, þeir taka Iðnþróunarsjóðinn bankastjórarnir og ætla að stjórna honum. Þeir hafa bara ærið nóg að gera í sínum viðskiptabönkum. Þeim er ekkert of vel stjórnað, þó að þeir sinntu því einir, síður en svo. Nei, það má ekkert vera í friði fyrir þessum góðu mönnum. Fiskveiðasjóður mátti ómögulega vera í friði, þó að honum væri afburða vel stjórnað. Þess vegna held ég, að við ættum að sýna manndóm af okkur og taka aftur þessi völd, sem við höfum afhent Seðlabankanum til einskis góðs fyrir þjóðfélagið, og það er einmitt sú stefna, sem er í þessu frv., sem ég hef flutt hér, það er eingöngu það. Sannleikurinn er sá með þennan Iðnþróunarsjóð, að það er þó að því leyti til skárra, að það lítur út fyrir, að það sé einn maður af þessum fimm, sem eigi nú að vera eins og fulltrúi fyrir iðnaðinn, en það verður alveg eins og með stjórn Fiskveiðasjóðs, að með því að hafa þessa blessaða bankastjóra einvaldsherra þarna, þá verður óskiptandi við þann sjóð.

Annars er það ótrúlegt, hvað hægt er að koma hlutunum þannig fyrir, að það sé leiðinlegt að eiga við þá. T. d. með Atvinnujöfnunarsjóðinn, það er búið að afhenda hann Landsbankanum til innheimtu. Það er eiginlega nægilegt til þess, að það sé illskiptandi við hann, þó að það sé ekki annað, og þetta er hjá honum Þóri þarna uppi á Laugaveginum, 70 eða eitthvað svoleiðis, þar þarf að hafa tal af honum. Ég held, að hann heiti Þórir, en í herberginu fyrir framan situr rukkari, og hann virðist ámóta glaður og þegar engill er búinn að frelsa einhverja sál, ef hann nær í einhvern mann til að rukka. Þannig að það er nú varla komandi í þennan Atvinnujöfnunarsjóð fyrir þessum blessaða bankamanni. Sem sagt, það er ekki friður í þessu blessaða landi með neitt fyrir þessu bankavaldi, og það er ekkert hægt að gera af viti í þessu landi fyrir þessu bankavaldi, og einu mennirnir, sem geta verið hamingjusamir, eru þá þessir: Það er útgerðar-

maðurinn, sem ég talaði við þarna um daginn, og ég, síðan ég seldi bátinn.

Umr. frestað.

Á 56., 57., 58., 60., 61. og 67. fundi í Nd., 9., 10., 12., 16. og 17. marz og 2. apríl, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Hinn 5. marz s. l. eða fyrir mánuði og einum degi síðan flutti Björn Pálsson, hv. 3. þm. Norðurl. v., framsögu um frv. til l. um breyt. á l. um Fiskveiðasjóð Íslands. Eins og þm. vita, þá er þm. mjög mikill listamaður, og verð ég að segja það, að ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, voru áhrif, sem ég varð fyrir undir ræðunni. Það voru margir þm., sem urðu fyrir mjög miklum áhrifum, og sumir þeirra skemmtu sér mjög vel. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var sú, að ég taldi, að þm. færi ekki alveg rétt með málið, og ætlaði ég að leiðrétta það. Nú er, eins og ég sagði, liðinn einn mánuður og einn dagur, síðan málið var á dagskrá, og ýmislegt hefur upplýstst síðan, svo að þess vegna verður e. t. v. þessi aths. heldur lengri en hún hefði orðið þá. Ég vil segja, að sumir hæstv. þm. minni hl. hefðu kannske beðið um orðið utan dagskrár til þess að koma máli sínu fram, en ég sé ekki ástæðu til þess, og svo eru ýmsar ástæður, er liggja til þess, að málið er ekki komið lengra.

Hv. þm. talaði um viðskipti sín við Fiskveiðasjóð, um leið og hann var að flytja framsögu sína fyrir frv., og sagði ýmislegt, sem ég taldi ástæðu til að gera aths. við, en síðan hefur hann hinn 10. marz s. l. skrifað grein í Tímann, þar sem meginatriðin úr ræðu hans komu fram, en þá var ýmsu í ræðu hans, eins og viðskiptum hans við Landsbankann og Búnaðarbankann, sleppt. Ég vil í fyrsta lagi minna á það, að þegar l. um Fiskveiðasjóð, sem nú eru í gildi, voru samþ. 1966, var verið að sameina þrjá sjóði í einn stofnlánasjóð sjávarútvegsins, í fyrsta lagi Stofnlánadeild sjávarútvegsins, í öðru lagi Skuldaskilasjóð og í þriðja lagi Fiskveiðasjóð Íslands. Af ræðu þm. var hægt að skilja, að sú stjórn, — en ég ætla ekki að fara að forsvara gerðir hennar, heldur aðeins tala um staðreyndir þær, sem ég veit um, að stjórnin hefur gert, — mismunaði mönnum mjög í lánveitingum, og það væri tilviljun ein, hvort menn yrðu að taka á sig gengisáhættu eða ekki. Undir áhrifum af þessari ræðu fannst mér einkennilegt af þm., sem taldi sig vera að flytja mál útvegsmanna, að flytja það á þennan hátt, er hann gerði. Ég hafði þá í handraðanum upplýsingar um, að gengisáhættan, sem tekin var upp 1961, nam í veðskjölunum 3/5, eða 60% af upphæðinni, en til framkvæmda hefur þetta ekki komið nema að litlum hluta, og það, sem þm. var að kvarta yfir, var það, að þetta hafi verið fellt niður á vissu tímabili. Það mun einmitt hafa verið hinn 18. apríl 1967, sem stjórn Fiskveiðasjóðs ákvað að láta þetta falla niður. Til skýringar því, að ákvæðið var látið falla niður, var, að lántökur, sem Fiskveiðasjóður hafði tekið í erlendum lánum, höfðu lækkað svo mjög, og þess vegna taldi sjóðsstjórnin, að það væri möguleiki á því, að allir viðskiptamenn sjóðsins gætu notið beztu kjara. Það sýndi sig líka, að þegar genginu var breytt í nóvember 1967, voru það rösk 5%, eða tæplega 5½%, og samkv. upplýsingum, sem hingað hafa borizt síðan, þá mun þetta hafa numið 5.3%. Ég vil til skýringar taka það fram, að þarna eru ekki meðtalin lán, sem samið er um sérstaklega vegna innflutnings á skipum, sem útvegsmenn hafa tekið gengisáhættuna á sig að fullu, eða það, sem þeir eiga eftir ógreitt á hverjum tíma. En þetta er í sambandi við hin svokölluðu gengistryggðu lán. Þessi ákvörðun stjórnarinnar var í gildi þar til á stjórnarfundi 29. maí 1968. Alls munu á þessum tíma hafa verið veitt lán vegna skipabygginga erlendis rösklega 206 millj. kr., og koma þau þessu máli ekki við.

Á þessum síðustu árum hefur Fiskveiðasjóðurinn einnig tekið að sér að úthluta svokölluðum frystihúsalánum, en fé var veitt til þess sérstaklega, og þótt þau séu á reikningum sjóðsins, þá eru það lán, sem aldrei hefur verið meiningin, að gengistrygging næði til. En á árunum 1968 og 1969 námu þessi lán rösklega 157 millj. kr. Einnig voru dráttarbrautalán, sem sérstakt fé var veitt til, en sjóðurinn annaðist þessa fyrirgreiðslu. Ég sé ekki ástæðu til þess að tíunda þetta betur, enda hefur það komið hér fram í þingskjölum, að til innlendra skipasmíða veitti sjóðurinn á þessu umrædda tímabili 52 millj. 477 þús. og 500 kr., en það er samkv. beztu heimildum til átta aðila. Ég vil þess vegna mótmæla og ætla að nota tækifærið strax og segja, að það hafi ekki farið eftir því, hverjir töluðu við stjórnendurna, hvaða aðilar fengu lán án gengisáhættu. Þetta stóð ákveðinn tíma, og öll þau lán, sem veitt voru á þessu tímabili, voru með þessum kjörum. Ég vil svo benda á, að þegar genginu var breytt 12. nóvember 1968, nam þessi gengisáhætta, sem í veðskjölunum er 60% eða 3/5 hl., í raun 15.6% í útreikningum til aðila.

Ég skal ekki fara frekar út í þessar tölur, en vegna þess, sem fram kom hjá þm., þegar hann talaði um þá breytingu, sem á sjóðnum var gerð, vil ég segja það, að stjórnarliðar, sem stóðu að þessari breytingu, töldu, að það væri þarna verið að færa saman stofnlánasjóði sjávarútvegsins, og það ætti að geta orðið til hagsbóta fyrir þá aðila, sem skipta við sjóðinn. Hv. 3. þm. Norðurl. v. hældi mjög forstjóra Fiskveiðasjóðs, Elíasi Halldórssyni, og er það réttmætt, þetta er maður, sem hefur verið mjög stjórnsamur og hefur rækt sitt starf af mikilli alúð, og þó að, eins og þm. sagði, allir væru ekki ánægðir með hann, þá verður ekki annað sagt um hann, að við þetta starf, sem hann hefur haft um tæplega 40 ára skeið, hefur hann hlotið almenningslof og traust viðskiptavinanna. En það skein í gegnum ræðu þm., að hann taldi, að það væri betra fyrirkomulag að láta einn mann ráða bæði ákvörðun um lánveitingar og annað þess háttar. Ég hef nú haldið, að þm. væri meiri lýðræðissinni en svo, og hefði talið, að það væri rétt, að einhverjir færu með stjórnina, þó að fram-

kvæmdavaldið væri í höndum eins aðila, enda hefur það þannig verið. Útvegsbanki Íslands eða bankastjórar hans voru í stjórn Fiskveiðasjóðs allt fram til 1966, að l. var breytt, en vegna samfærslu sjóðanna, sem ég minntist á áðan, vil ég benda á, að það voru einmitt Landsbankastjórarnir, sem stjórnuðu stofnlánadeildinni, og þarna var verið að sameina sjóðina. Um það, hvort hér hefði verið rétt að farið eða ekki, skal ég ekki leggja neinn allsherjardóm á, en álit mitt er, að með þeirri breytingu, sem gerð var, þá hafi verið stefnt í rétta átt. Það er ekki þar með sagt, að það geti ekki orðið einhver önnur breyting, t. d. að útvegsmenn hefðu eitthvað um þessi mál að segja. Í umr., sem urðu um þetta mál á sínum tíma, áður en l. voru sett, þá var talað um það, enda gert ráð fyrir í l., að viðskiptamenn viðskiptabankanna, Útvegsbankans og Landsbankans, gætu gegnum bankastjóra sína komið málum sínum á framfæri, hvort sem það voru útibússtjórar eða aðrir.

En ég skil að sjálfsögðu þennan hv. þm., þegar hann lýsti yfir því í þessari ræðu, að hann hefði hætt að skipta við Landsbankann, hrökklazt þaðan. Um það var ekki að ræða, heldur bara vegna þess, hve hann er stór í sniðum, þá hætti hann að skipta við Landsbankann og fór að skipta við Búnaðarbankann, svo að það var nú ekki við því að búast, að Búnaðarbankastjórarnir væru þarna sem talsmenn hans.

En um fyrirkomulagið á því, hvort hér hefur verið rétt stefnt eða ekki, skal ég ekki mikið fullyrða á þessari stundu, en eitt vil ég segja, og það er, að útvegsmenn hafa verið með óskir um, að þeir fengju tvo fulltrúa í stjórnina, en að bankastjórar frá öllum þessum þremur bönkum, Seðlabankanum, Útvegsbankanum og Landsbankanum, væru áfram í stjórninni. Með bréfi hinn 3. nóvember 1969, sem Landssambandið skrifaði mér og hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, þá var farið þess á leit, að við bærum fram frv. til breytinga á þessu, en sannleikurinn er sá, að um þetta hefur ekki orðið samkomulag á milli okkar Matthíasar, vegna þess að hann vildi gera enn þá róttækari breyt. á lögunum.

Skoðun mín er sú, að með tilliti til þess, að þarna er um viðskiptaaðila viðskiptabankanna að ræða og Seðlabankinn hefur stjórn á þeim sjóðum, sem lána aðalfjármagnið í fjárfestingasjóði atvinnuveganna, þá tel ég, að það sé rétt, að þessir aðilar hafi þarna stjórn á, þótt það sjónarmið sé viðurkennt af mér, að það væri eðlilegt, sbr. t. d. Iðnlánasjóðinn, að útvegsmenn hefðu fulltrúa í stjórninni. Í sambandi við nokkuð af þeim störfum, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur með höndum, þ. e. a. s. stofnfjársjóðsins, þá eiga fulltrúar útvegsmanna einmitt að vera tilkvaddir í vissum þætti í sambandi við stofnfjársjóðinn, þegar um afgreiðslu er þar að ræða.

Ég skal ekki tefja þingheim mikið lengur, en að endingu vil ég leiðrétta eitt, sem þm. sagði í þessari ræðu, og það var, að núv. stjórn Fiskveiðasjóðs gerði, — ég man nú ekki alveg orðalagið, — í því að láta Fiskveiðasjóð taka á sig skuldir Framkvæmdasjóðs, kannske vafasamar skuldir hjá útvegsmönnum. Ég vil vísa þessum ummælum á bug, vegna þess að mér er vel kunnugt um þetta. Ég hef á undanförnum árum verið endurskoðandi þessa sjóðs, en það, sem þarna hefur ruglað þm., er, að við sameiningu þessara sjóða, þ. e. a. s. Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðsins, þá eignaðist Fiskveiðasjóður kröfur frá stofnlánadeildinni, sem voru ekki með fyrsta veðrétti, eins og Fiskveiðasjóður lánar yfirleitt út á í sambandi við skipabyggingar.

Þetta hefur orðið lengra en það hefði orðið, ef ég hefði fengið að gera þá stuttu aths., sem ég ætlaði að gera hinn 5. marz s. l., en þótt talsvert vatn hafi runnið til sjávar síðan, vildi ég nú samt koma þessu að, og ef þm. gefur tilefni til, þá mun ég segja eitthvað frekar síðar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Umr. um frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., sem að því er upplýst var áðan, hófust fyrir rúmum mánuði, er fram haldið nú. Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um þetta mál, en þó get ég ekki látið hjá líða þegar að lýsa yfir því, að ég er í meginatriðum samþykkur þessu frv., þótt ég vilji gera ýmsar frekari breyt. á l. um Fiskveiðasjóð og ganga lengra í sambandi við breytingu á stjórninni en hv. flm. þessa frv.

Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 10. landsk. þm., þá var l. um Fiskveiðasjóð breytt 1966, og þar var gerð sú höfuðbreyting, að Fiskveiðasjóður og Stofnlánasjóður voru sameinaðir í Fiskveiðasjóð Íslands, og stjórn sjóðsins var breytt á þann veg, að tveir viðskiptabankarnir, Landsbankinn og Útvegsbankinn, tilnefna sína tvo mennina hvor í stjórn sjóðsins og Seðlabanki Íslands einn, en áður var stjórn sjóðsins skipuð bankastjórn Útvegsbanka Íslands. Ég tel, að það þurfi að endurskoða l. um Fiskveiðasjóð miklu nánar en kemur fram í frv. hv. 3. þm. Norðurl. v. og þá sérstaklega með það fyrir augum, að Fiskveiðasjóður eigi að verða algerlega sjálfstæð lánastofnun og ekki háð öðrum bönkum. Þetta er sjálfstæð stofnun, og reynslan af þessari stjórn Fiskveiðasjóðs, frá því að l. voru sett 1966, hefur fært mér heim sanninn um það, að ég tel það ekki vera mikils virði og hafi ekki orðið þessari lánastofnun neitt til góðs að setja þar í stjórn fimm bankastjóra. Ég gæti nefnt fjölmörg dæmi þess, að þetta hafi verið rangt að marka þessa stefnu, og samskiptin við sjóðinn hafa ekki orðið til þess að bæta um, frá því sem áður var, hvað þetta snertir. Og ég get ekki verið sammála mínum ágæta vini, sem var að ljúka máli sínu hér áðan, um það, að það þurfi að vera bankastjórar í stjórn þessa sjóðs til þess að tala máli viðskiptamanna sinna á stjórnarfundum þar. Ég held, að samkomulag á milli stjórnmálamanna, milli stjórnmálaflokkanna, hér á Alþ. sé mun betra en samkomulagið á milli ríkisbankanna. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara út í þessa sálma, en ég get gert það. Ég sé enga ástæðu til þess, að menn þurfi að ganga inn í Landsbanka eða inn í Útvegsbanka, ef þeir ætla að byggja bát, og biðja tvo bankastjóra þess banka að tala sínu máli innan þessa stofnlánasjóðs sjávarútvegsins. Ég tel miklu frekar þörf á því, að fulltrúar sjávar-

útvegsins eigi sæti í stjórn þessa sjóðs, og ég hef alls ekki og síður en svo á móti því, að fulltrúar sjómannasamtakanna eigi þar einn mann í stjórninni. Ég tel fullkomlega eðlilegt, að Alþ. Íslendinga kjósi meiri hl. stjórnarmanna, og ég sé enga ástæðu til þess, — og það er auðvitað af alkunnri hógværð flm. frv. að vera að halda því fram, — að Seðlabankinn eigi mann í þessari stjórn, ég sé enga ástæðu til þess. Ég treysti miklu betur hinum þjóðkjörnu fulltrúum að ákvarða hverju sinni, hverjir eigi sæti meirihluta stjórnar í þessum stofnlánasjóði og svo aftur atvinnustéttunum að tilnefna menn, sem geta fylgzt með og gefið upplýsingar í hagsmunasamtökum sínum.

Mig furðar líka á því, að í l., sem samþ. eru og sett 3. maí 1966, segir í 24. gr., að sjútvmrh. geti með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs. Engin slík reglugerð hefur enn þá verið sett. Ég hélt, að þessi l. um Fiskveiðasjóð hefðu sannarlega þurft á því að halda eins og flest önnur l., að sett yrði reglugerð, sem kvæði nánar á um starfsemi sjóðsins. En það bólar ekki á því. Það er margt á huldu um, hvaða ákvarðanir eru þar teknar, og menn verða oft á tíðum að toga út með töngum, hvað á að gera og hvernig á að fara að í sambandi við afgreiðslu einstakra mála.

Ég endurtek það svo, að ég tel, að þetta frv. sem hér liggur fyrir, sé spor í rétta átt, en gangi engan veginn nógu langt og það þurfi að endurskoða l. um Fiskveiðasjóð alveg frá grunni með það fyrir augum, að þetta verði gert að sjálfstæðri stofnun, sem verði í framtíðinni undir stjórn þeirra, sem hagsmuna hafa að gæta, útvegsmanna og sjómanna, en Alþ. Íslendinga kjósi hverju sinni meiri hl. stjórnarmanna. Ég hygg, að bankastjórar hafi alveg nóg með sínar eigin stofnanir að gera, þó að þeir séu ekki að sullast í sjóðum og stjórnum, sem þeir eiga ekkert erindi í.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég óska eftir því, að sjútvmrh. sé hér við, ef hægt væri. Ætli það séu ekki einhver ráð með það? Er hann ekki yfirmaður Fiskveiðasjóðs, eða er það bankamálaráðherra? **(Forseti:** Hæstv. sjútvmrh. á sæti í Ed., og geri ég ráð fyrir, að hann sé þar við umr. Hann var hér rétt áðan, og hér eru hins vegar aðrir hæstv. ráðh., sem mundu sjálfsagt flytja hæstv. sjútvmrh. þau boð, sem hv. þm. vildi láta til hans berast. Það verður athugað, hvort ráðh. getur verið við umr.).

Það hefur liðið nokkuð langur tími síðan 1. umr. byrjaði um þetta mál, og þetta er óeðlilegur tími. Ég lét mér hægt í byrjun að ganga eftir því, að málið væri tekið á dagskrá. Ég lagði fsp. fram, sem ég óskaði eftir að fá svar við, þannig að það lá í sjálfu sér ekki á að ræða þetta frekar, fyrr en þær lágu fyrir.

Nú höfum við fengið þessum fsp. svarað hjá Fiskveiðasjóði. Ég rengi ekki, að svörin séu ófölsuð, vegna þess að framkvæmdastjóri Fiskveiðasjóðs er heiðarlegur í öllum störfum sínum, þannig að ég hygg, að það megi nokkuð byggja á þessum svörum sem áreiðanlegum, og þau verða vafalaust notuð sem uppistaða í máli, ef það verður höfðað út af þessum aðgerðum hjá stjórn Fiskveiðasjóðs.

Ég þarf ekki að deila mikið við þá menn, sem talað hafa í þessu máli, þeir eru mér að mestu leyti sammála. Hv. 2. þm. Vestf. vill raunar ganga lengra en ég í þessu. Hann vill ekki hafa neinn mann frá Seðlabankanum í stjórninni. Satt að segja get ég vel gengið inn á þá skoðun hjá hæstv. þm. En ég er hófsamur í öllum kröfum og hélt, að það væri ekki til neins að fara fram á meira. En glaður skal ég greiða atkv. með því, að þingið kjósi þrjá, en Seðlabankinn engan. En það má nú á milli vera, hvort Seðlabankinn leggur til einn og svo hinir bankarnir fjóra. Við vitum nú, hvernig stjórnin á þessu er, að það er Seðlabankinn, sem yfirleitt ræður, enda er mér kunnugt um það, að hann leggur til formann stjórnarinnar, og ég veit, að framkvæmdastjórinn snýr sér ævinlega til hans, ef hann þarf að hringja í einhvern af þessum stjórnarnefndarmönnum, til þess að fá að vita, hvað má gera, þannig að það er mikill munur á því, ef það væru fjórir, sem væru kosnir á annan hátt, og útvegsmenn og sjómenn gætu þá búizt við, að þeir litu eðlilegum augum á þeirra hag. Það er algert aukaatriði, hvort einhverjir peningar úr Framkvæmdasjóði, einhver lán þaðan, hafi verið færðir á milli. Um þetta skal ég ekki fullyrða, en mér er sagt það af einum af starfsmönnum Fiskveiðasjóðs, að það mundu vera einhverjar færslur þarna á milli, en það upplýstist hjá hæstv. 10. landsk. þm., að það hafi verið fært frá Skuldaskilasjóði og Stofnlánadeild Fiskveiðasjóðs. Og þarna eru náttúrlega óreiðulán meira og minna, sem þessir bankar hafa verið fegnir að losna við og koma á Fiskveiðasjóð, þannig að það hafa ekki verið nein hlunnindi fyrir Fiskveiðasjóð.

En frv. mitt gengur út á það, að Fiskveiðasjóður verði sjálfstæð stofnun, með sjálfstæðri stjórn, svo að þar er ég sammála hæstv. 2. þm Vestf. Frv. er fyrst og fremst um það. Það, sem hefur gerzt hjá þessari stjórn, er það, að það hafa verið veitt ógengistryggð lán frá því 18. apríl 1967 og þar til 29. maí 1968, og á þessu tímabili voru veitt fleiri og stærri lán en á undanförnum árum. Þið hafið svörin á borðunum fyrir framan ykkur, og þá getið þið séð það í 3. lið, að þá hefur Fiskveiðasjóður skuldað í erlendri mynt, þegar gengi íslenzkrar krónu var lækkað 1960, um 63 millj. Svo hækkar það við gengislækkanirnar og er komið, þegar gengislækkunin fer fram 1961, upp í 105 millj. Síðan hefur gengið verið fellt tvisvar, þannig að þetta svarar til um 215—220 millj. núna, en 1967, þegar genginu er breytt, þá hefur þessi skuld lækkað frá 1961 um 18 millj., allt svo erlendu skuldirnar, um 18 millj. Og það er þetta tímabil, þessi 6 ár, sem gengistryggðu lánin hafa verið veitt, og nú segir í l. Fiskveiðasjóðs, 16. gr., svo:

„Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innanlands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborgunargreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.“

M. ö. o., ekkert erlent fé hefur verið tekið að láni á þessu tímabili. Það hefur verið borgað niður erlenda lánið, og þess vegna var alveg óheimilt samkv. þessum l. að láta þá aðila, sem tóku lán á þessu tímabili, borga gengistöpin, sem eru samkv. því, sem sagt er í þessum svörum frá Fiskveiðasjóði, árið 1967 28 millj. og 1968 93 millj., sem öllu var deilt niður á þá, sem tekið höfðu lán á þessu sex ára tímabili, þegar engin erlend lán voru tekin. En þeir aðilar, sem hafa fengið lán fyrir 1961, þegar erlendu lánin voru aðallega tekin, sleppa alveg, og það er ekkert við því að segja, því að þá var ekki heimilt að lána með þessari gengisklásúlu, og þeir aðilar, sem fá lán frá 18. apríl 1967 þangað til 29. maí 1968, sem er verulegur hluti af lánunum á heildartímabilinu, sleppa einnig alveg. Þá hafa frekar verið tekin erlend lán en á tímabilinu frá 1961 til 1967. M. ö. o., þarna hefur verið framkvæmdur alveg herfilegur hlutur, vil ég segja. Þetta nemur um 120 millj. Með vöxtum er þetta sennilega orðið 150 millj., og þetta kemur illa niður á einstaka menn. Ég minntist á það hér um daginn, að Magnús Gamalíelsson á Ólafsfirði sagði mér, að hann hefði orðið að borga fjórar millj. vegna gengisáhættunnar í þessi tvö skipti, 4 millj. Það er eitthvað svipað og Haukur Hvannberg nældi í, ekki af einstökum mönnum, og sem Morgunblaðið lifði á í 2—3 ár að tala um. Ég skal ekki ábyrgjast frá hverjum hann tók það. Það hefur nú sennilega verið mest beint eða óbeint frá Olíufélaginu. Það er ekki um smámál að ræða að taka af einum manni 4 millj. Ég hef ekki lista yfir þá, sem verða að borga þessi gengistöp. Þeir eru margir og verða að borga misjafnlega mikið, en það er sagt hér í svörunum, að það hafi verið lánað 949 aðilum á öllu tímabilinu frá 1961 þangað til 1968, og af því eru 134 lán ógengistryggð á tímabilinu á þessu 1½ ári, og þá eru lánin yfirleitt hærri. Þarna gerist því hvorki meira né minna en það, að það er tekið svo milljónum skiptir af einstökum mönnum, og í vissum tilvikum getur það ráðið úrslitum, hvort þeir geta haldið atvinnutækjum sínum. Svo er sagt í l., að það verði að semja um það við mennina, ef það eigi að vera gengisákvæði í l. Ég veit ekki til, að það hafi verið reyndir neinir samningar, a. m. k. var það ekki við mig. Það var bara sagt: „Skrifaðu undir þetta, eða þú færð ekki neitt.“ Við þekkjum nú hugsunarháttinn hjá bankavaldinu hér á Íslandi. Það er ekkert verið að semja við þá, sem taka lán. Það er bara sagt: „Skrifaðu undir, góði, eða þinni lánsumsókn verður ekki sinnt.“ Það eru ekki tveir jafningjar, sem sitja og ræða saman. Svo er Seðlabankinn farinn að standa í þeirri meiningu, að hann eigi að stjórna þessu landi, en ekki við hér inni. Það má engin lánastofnun vera í friði fyrir þessum banka. Hann þarf alls staðar að vera með fingurna og öllu ráða. Það var hér á árunum stungið upp á því af forstjóra Seðlabankans, að Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn yrðu sameinaðir. Bændurnir máttu ekki einu sinni fá að vera í friði með sinn banka, af því að það voru víst ekki góðar ástæður í Útvegsbankanum.

Þeim dettur ekki í hug að íhuga, hvort það er löglegt eða ekki, þegar þeir jafna þessu gengistapi niður, því að þeir standa í þeirri meiningu, að enginn þori að segja neitt. Ég seldi minn bát út af þessu. Ég kunni ekki við að láta ræna mig tveimur millj. og ætla alveg ófeiminn að höfða mál á þessa herra, ef þing og stjórn sér ekki sóma sinn í að laga þetta. Ef ríkisstj. hefur einhverja sjálfsvirðingu og vill, að eitthvert réttlæti ráði í þessu landi, þá skipar hún þessum þjónum sínum í Seðlabankanum að laga þetta og bakfæra þetta allt saman, og þá er það allt í lagi. Jörgensen var ekki með nema eitthvað um fjórða hluta af þessu, og sennilega fór það nú í töp hjá greyinu, en var ekki vegna ranginda. En það er sama, þarna er um stórfelldari hlut að ræða en áður hefur gerzt í okkar fjármálalífi. Og þetta gerist af æðstu mönnum í peningamálum þjóðarinnar. Og svo er verið að elta uppi menn, þó að þeir dragi undan fáeinar krónur af launum sínum. Það er dálítið hlægilegur hlutur, þegar þeir hafa kannske varla að éta af þessum launum, sem þeir fá. Og það er alls engin synd fyrir hungraðan mann að leita sér bjargar, og þegar skattakerfi er þannig hagað, að menn geta ekki komizt af án þess að reyna að fela eitthvað, þá er þetta í raun og veru sjálfsbjargarviðleitni, og ég hef aldrei dæmt það hart, ef skynsamlega er að því farið og öllu í hóf stillt. En þarna er gerður hlutur, sem er fáheyrður. Og svo er farið að lána mönnum án gengistryggingar, og því er borið við, að gengi íslenzku krónunnar sé orðið svo tryggt 18. apríl 1967, að það sé engin hætta á, að hún lækki. Það er peningavizka hjá þessum herrum. Og þá vissu yfirleitt allir, sem höfðu opin augun, að gengið mundi ekki geta staðið óhaggað lengi, vegna þess að á síðari hluta ársins 1966 hætti útvegurinn að bera sig, og þegar kom fram á árið 1967, þá er augljóst mál, að útvegurinn var hættur að bera sig. Og það hlaut að leiða af sér gengislækkun fyrr eða síðar. En það átti að kjósa þetta ár, og það voru góðvinir stjórnarinnar, sem voru að tala um það, hvort það þyrfti endilega að vera gengistrygging á þessum lánum. Ímyndið þið ykkur, að Jóhannes Nordal hafi farið að finna upp á þessu, án þess að fá einhvers staðar bendingu um það að fara að lána ógengistryggð lán? Nei, það er enginn maður svo mikið flón hér inni, að hann haldi það, hann hafði allt öðru að sinna. Maðurinn er í ótal störfum og önnum kafinn. Ég er ekki að gera lítið úr gáfum hans og ekki heldur neitt að draga úr, að hann sé drengur góður, en hann hefur áreiðanlega ekki fundið þetta upp hjá sjálfum sér.

Magnús sagði mér það, að það væri nú anzi hart, að hann hefði fengið þessa 4 millj. kr. hækkun vegna gengislækkunarinnar, en svo hefði Eldborgin komið næst á eftir og slyppi alveg. Ég skal ekki ábyrgjast, hvort svo var, en ég veit, að Eldborgin er ekki gengistryggð. Magnús er aldraður maður, og hann er norður á Ólafsfirði og á erfiðara með að spjalla við valdamenn þjóðfélagsins, ég veit það vel, en ég veit ekki, hvort það er drengilegt að níðast á honum fyrir það, þótt hann sé farinn að sjá illa og eldast.

Hann hefur baslað þarna norður undir pól við erfiðari skilyrði en margir aðrir og aldrei gefizt upp. Ég sé ekki, að það sé neinn drengskapur. Það gerir ekkert til með þessar milljónir hjá mér, því að mig munar ekkert um þær, en ég ætla þar fyrir að fara í mál við þá, ef á þarf að halda. Ég hef rætt þetta mál við útvegsmenn, og þeir segja mér, eins og satt er, að þeir treysti sér ekki í mál. Þeir séu svo skuldugir og háðir bankavaldinu, en þeir skuli standa bak við mig og borga málskostnaðinn í félagi við mig. En það er allt í lagi, mig munar heldur ekkert um málskostnaðinn, ef málið vinnst ekki, en minar ástæður eru þannig núna, að ég get ósköp vel farið í mál, ef á þarf að halda. En ég vil fyrst beina þeirri ósk til ríkisstj. og jafnvel þingsins, hvort þeir vilji ekki sjá sóma sinn í því að laga þetta.

Svo heldur þetta áfram, hjólið snýst áfram. Þið þurfið ekki að ímynda ykkur, að gengið verði ekki fellt enn, næst þegar fiskurinn fer að lækka. Þetta er orðið eins og leikfimi hjá þeim, þeir eru enga stund að þessu. Tölvan gerir þetta allt saman, og þá verður farið að deila niður aftur. Ef þetta er látið standa, þá verður enn á ný farið að deila niður á þessa menn, sem tóku lán frá 1961—1967 nýjum fjárhæðum, en hinir, sem tóku lánin áður, eða síðar á tímabilinu, þegar ekki var gengistryggt, þeir halda áfram að sleppa. En ef rétt er að farið og l. hlýtt og farið eftir 16. gr. Fiskveiðasjóðsl., þá má aldrei leggja neitt á skipin vegna gengisbreytinga í framtíðinni, skipin, sem var lánað út á frá 1961—1967, af því að það var ekkert erlent fé tekið til láns, þegar þau voru byggð. Þetta voru tekjur, sem Fiskveiðasjóður fékk sjálfur, fyrst og fremst með álögum á útvegsmennina sjálfa, og Fiskveiðasjóður á nú 1250 millj. í eigin fé, græddi líklega um 250 millj. s. l. ár, en tæplega 200 þús. árið þar áður, svo að það er engin ástæða til þess að beita ólögum við menn og láta þá sitja við misjöfn kjör, vegna þess hvað Fiskveiðasjóður sé fátækur. Það er mesti misskilningur, enda er það miklu réttara að afla honum tekna á annan hátt, sem kemur réttlátlega niður á menn. Ég teldi betur farið, ef l. um Fiskveiðasjóð yrði breytt og stjórninni á annan veg komið fyrir en nú er. Ég held, satt að segja, að það séu afar einhliða sjónarmið, sem ríkja, þegar fimm bankastjórar hittast og fara að ákveða hlutina og atvinnurekendur eiga engan málsvara, hvað þá heldur sjómennirnir. Það eru algerlega einhliða sjónarmið, sem þar ríkja, en við svona stofnanir má þó ekki minna vera en að báðir aðilar geti skýrt sín mál. Þetta hefði aldrei komið fyrir í Fiskveiðasjóði, ef útvegsmenn eða sjómenn hefðu haft þarna einhvern málsvara. Hann hefði bent á, hvað þetta var rangt, og rannsakað, hvort þetta styddist við nokkur l. En það gera þessir herrar bara ekki. Þeim datt ekki í hug að íhuga það. Það, sem þeir gera, það er rétt. Þeir eru aldrei í vafa um það, þessir karlar, því að þeir hafa ekki vanizt öðru en að ráða og kúga aðra. Þetta er orðið hálfu verra, síðan þetta veldi kom á Seðlabankann, því að megnið af fjármálavaldinu í landinu var labbað með upp í Seðlabanka og bankastjóranum afhent það. Raunar er þeim skylt að ræða við ríkisstj., áður en þeir breyta gengi og ákveða vexti, en þingið er ekki spurt að því. Það má ekki samþykkja neitt um það hér. Og þetta er í raun og veru aðalatriðið í peningamálum þjóðarinnar. Ég held, að stjórnarliðar ættu að fara að sjá sóma sinn í því að sækja aftur þau völd, sem þeir afhentu þessari stofnun. Þessi stofnun hefur engin afrek unnið, þótt þeir fari í veizlur saman bankamálaráðh. og aðalmaður Seðlabankans. Ég ætla ekki að gera lítið úr gáfum þessara manna, þeir eru báðir mjög vel gefnir. Þeir halda þar afburðagóðar ræður, og hvor þakkar öðrum fyrir það, að vel hafi veiðzt og verð hækkað á fiskinum, en þótt þetta séu vel gefnir menn, þá eru það bara ekki þeir, sem ráða heimsverði á fiski eða aflamagni, og það er það, sem ræður afkomu þjóðarinnar. En þeim dettur ekki í hug að minnast á aumingja sjómennina eða skipstjórana eða fólkið, sem vinnur í frystihúsunum, að það hafi átt sinn þátt í að koma þó þessum fiski í verð. Nei, það er Seðlabankinn og bankamálaráðh., sem hafa lagað gengisjöfnuðinn.

Ég vildi, að það væru fleiri í röðum sjálfstæðismanna eins og hv. 2. þm. Vestf., að hafa skoðun og hafa einurð að standa við það, sem hann álítur rétt.

Ég hef skýrt þetta mál, þetta bankaplagg liggur frammi, þið getið séð, að ég skrökva engu um þetta, og vafalaust getið þið fengið ýtarlegar upplýsingar um þetta, en ég get ekki séð annað en að þessar 122 millj., sem þeir jöfnuðu nú niður, að það sé algerlega ólöglegt, að það hafi ekki við nein l. að styðjast. Og ég get ekki séð, að það sé hægt hjá því að komast, ef ríkisstj. lætur ekki laga þetta, að láta dómstólana skera úr. Hitt er svo annað mál, hvort nokkur dómstóll treystir sér til þess að dæma um þetta bankavald í landinu, sem er í raun og veru sama og ríkisvaldið í landinu, því að bankarnir eru aðeins handbendi ríkisstj. til þess að framkvæma það, sem hún vill. Hvort það er nokkur dómstóll, sem treystir sér til þess, það er rétt að reyna það, prófa það og fá úr því skorið. Og það er vel, að það sé gert ljóst, hvort svo er.

Ég hef ekki gert ráð fyrir, að þetta frv. yrði að l. á þessu þingi. Það er í sjálfu sér ekki mikið atriði, úr því sem komið er. Ég get vel gengið inn á ýmsar breyt. á því, og það er sjálfsagt að athuga það vel, en ég vona, að það verði fleiri, sem taka undir þau orð, sem féllu hjá hv. 2. þm. Vestf., að þeir óski eftir breytingum, og það þarf að breyta fleiru. Það er í raun og veru sama kerfið, sem á að koma á Iðnþróunarsjóðinn, nákvæmlega það sama. Það er þetta eina vald, það er Seðlabankinn, hann á að ráða. Svo getur ríkisstj. stjórnað Seðlabankanum, eins og hún álítur þörf á. Það er þetta vald, sem ákveður gengið, sem ekki er nú neitt aukatriði. Það er tekin ákveðin prósenta af launum fólksins og ákveðinn hluti af sparifé landsmanna. Þessu eru þeir orðnir svo æfðir í og fljótir að, að þeim finnst þetta eins og smáhobbí. Ég held, að það sé rétt að reisa skorður við þessum ákvörðunum. Svo þarf enginn að halda það, að það sé hægt að lækka gengi, án þess að það komi niður

á einhverjum, beint eða óbeint, en það má þá ekki minna vera, ef á að deila því niður á þá, sem skulda, en að gera það eftir löglegum og sanngjörnum leiðum. Það hefði þó verið ofurlítil sómatilfinning hjá þessari bankastjórastjórn, ef þeir hefðu deilt á öll útlánin og látið okkur, sem tókum lánin frá 1961 til 1967, borga aðeins þá prósentuupphæð, sem kom niður á þann hlutann, en Fiskveiðasjóður hefði borgað það, sem hefði komið á lánin, sem veitt voru fyrir 1961 og eftir 1967, eða frá 18. apríl 1967. Ef það hefði verið deilt jafnt á alla, þá hefði verið vegur að verja það.

Það, sem sagt er í þessari skýrslu um þessar 52 milljónir, er allt annars eðlis. Það er það, sem tapaðist á gengislækkununum 1960 og 1961, áður en heimilt var að lána með gengistryggingu, og svo það, sem tapaðist vegna hækkunar þýzka marksins í fyrra. Það voru ekki möguleikar að deila því niður á þá aðila, sem tóku lánin milli 1961 og 1967.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í framhaldi af þeim ummælum, sem fram fóru um starfsemi Fiskveiðasjóðs í fsp. í Sþ. á dögunum og svo að nokkru leyti aftur nú í sambandi við umr. um þetta frv., þá hef ég óskað eftir því við stjórn Fiskveiðasjóðs, að hún gæfi skýringar á tilteknum atriðum, sem fram komu í þessum umr. Þar var m. a. deilt á stjórnina fyrir, að hún mismunaði mönnum í lánskjörum og nefnd dæmi um tvo tiltekna útgerðarmenn, sem áttu að vera eins konar spegilmynd af þessu ranglæti. Skýring stjórnar Fiskveiðasjóðs var þessi:

1. Stjórn Fiskveiðasjóðs ákvað 18. apríl 1967 að fella niður gengisákvæði á lánum, veittum frá byrjun þess árs.

2. Sjóðsstjórnin ákvað 29. maí 1968 að taka aftur upp ákvæðið um heimild sjóðsins til að innheimta allt að 3/5 hluta lána eða eftirstöðva þeirra með breytilegri fjárhæð, sem nemi gengisbreytingu íslenzkrar krónu á lánstímanum. Ákvæði þetta gildir um öll lán, sem hér eftir verða afgreidd önnur en þau, sem tilgreind eru og ákveðin með sérstökum hætti og fé veitt til sérstaklega (t. d. um lán til dráttarbrautaeigenda og lán samkv. l. nr. 79 frá 1967).

3. Lán til herra Magnúsar Gamalíelssonar, Ólafsfirði, gegn 1. veðrétti í vélskipinu Sigurbjörgu ÓF-1, var veitt 18. október 1966.

4. Lán til h/f Eldborgar, Hafnarfirði, út á vélskipið Eldborgu GK-13 var veitt 7. nóv. 1967.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi með nokkrum orðum lýsa afstöðu minni til þessa frv., sem hér er nú til 1. umr. Í frv. er gert ráð fyrir því, að breytt verði um tilhögun á skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs. Þegar ákveðið var hér að taka upp þá skipan um stjórn Fiskveiðasjóðs, sem nú er í gildi, þá lýsti ég yfir andstöðu minni við þetta skipulag og ræddi hér allítarlega á Alþ., að ég teldi, að hér væri verið að fara inn á ranga braut, og lagðist á móti þessari breytingu. Ég benti þá alveg sérstaklega á, að það fyrirkomulag að gefa bönkunum slíkt vald yfir Fiskveiðasjóði, sem þarna var gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að stjórn Fiskveiðasjóðs væri skipuð tveimur bankastjórum Útvegsbankans, tveimur bankastjórum frá Landsbankanum og síðan einum bankastjóra frá Seðlabankanum, væri óeðlilegt og óréttlátt á allan hátt. Það hefur lengi verið skoðun mín, að það væri miklu eðlilegra að Fiskveiðasjóður, jafn öflugur stofnlánasjóður og hann er, yrði gerður algerlega sjálfstæður og honum skipuð stjórn á þann hátt, að Alþ. veldi stjórnarnefnd sjóðsins. Hitt kæmi vissulega til greina að gefa þeim stéttarsamtökum, sem þarna eiga mestan hluta að, þ. e. a. s. samtökum útvegsmanna og samtökum sjómanna, einhverja hlutdeild í stjórn sjóðsins, en ég tel, að fyrst og fremst eigi Alþ. að kjósa stjórnarmenn þessa sjóðs. Og það hefur lengi verið skoðun mín, að það eigi að halda stofnlánasjóðunum verulega sérskildum frá rekstrarlánabönkunum. Það er mjög óheppilegt að láta hin almennu rekstrarlánasjónarmið koma þar allt of mikið til greina, enda eru til ýmis dæmi um það, að beinlínis ákveðin rekstrarlánasjónarmið bankanna eða hagsmunir viðskiptabankanna í sambandi við rekstrarlán, séu látin hafa áhrif á það, hverjir fái stofnlán og hverjir ekki. Að þessu leyti til er ég sama sinnis og áður. Ég tel, að það ætti að breyta um fyrirkomulagið á skipan sjóðsstjórnar Fiskveiðasjóðs. Hins vegar er ég ekki ánægður með þá till., sem kemur fram í þessu frv. Ég tel, að skipan stjórnarinnar með þeim hætti, sem lagt er til í frv., sé ekki hagkvæm og sé ekki eðlileg, svo að ég álít, að það þyrfti að taka það til frekari athugunar.

Önnur ákvæði, sem koma hér fram í þessu frv., stefna að mínu viti heldur til bóta. Ég get því tekið undir þá skoðun, sem hér hefur komið fram, að það væri æskilegt að taka löggjöfina um Fiskveiðasjóð til endurskoðunar m. a. með það í huga, að breyta stjórnarfyrirkomulaginu á sjóðnum, en það sé vafasamt, að það takist að ganga frá slíkri endurskoðun nú á þessu þingi.

Svo eru það aðeins örfá orð, sem ég vildi segja hér í sambandi við einn þátt þessara mála, sem talsvert hefur verið ræddur hér í sambandi við þetta frv., en það er sú lánatilhögun hjá Fiskveiðasjóði að hafa veitt á ákveðnu tímabili sumum aðilum stofnlán án gengisákvæða, en hins vegar öðrum aðilum, — að vísu ekki á nákvæmlega sama tíma, en bæði á tímabili þar á undan og eins á tímabili þar á eftir, — sams konar stofnlán með gengisákvæðum, og einnig varðandi framkvæmdina á þessu, hvernig að þessu er staðið. Ég verð að segja það, að mér þykir það alveg furðulegt, að það skuli vera upplýst hér á Alþ., að hinn 18. apríl 1967 skuli bankastjórarnir í Fiskveiðasjóði og það undir forsæti bankastjóra Seðlabankans, hafa fundið upp á því að telja, að gengi íslenzkrar krónu væri orðið svo stöðugt, að það þyrfti a. m. k. ekki í náinni framtíð að reikna með gengisbreytingu, og því væri óhætt að veita orðið lán úr sjóðnum án gengisákvæða. Það er alveg furðulegt, að þetta skuli hafa gerzt hinn 18. apríl 1967, eftir að þessir vísu menn áttu þó að vita það, að hið margumtalaða áfall, sem þjóðarbúið hafði orðið fyrir, gerði verulega vart við sig

seinni hluta árs 1966, og ábyggilega á þessu tímabili á árinu 1967, enda var ekki langt í það, að þessir sömu aðilar legðu til, að það þyrfti að gera verulega breytingu á skráningu íslenzkrar krónu. En það var, eins og hér hefur verið bent á, 18. apríl, ekki langt í kosningar, sem þá fóru í hönd á árinu 1967, svo að það er svo sem ekkert óeðlilegt, að menn fari að setja þetta nokkuð í samband hvort við annað. Ég verð að segja það, að miðað við framkvæmdina á lánveitingum frá sjóðnum, þá er það mjög furðulegt, að þetta skyldi ákveðið hinn 18. apríl 1967 að veita lán með þessum hætti og það í rúmlega heilt ár þar frá, og þó þykir mér framkvæmdin vera enn þá einkennilegri, eins og hér hefur verið bent á, en framkvæmdin hefur orðið sú, að það er ekki aðeins, að þeir aðilar, sem fengu lán úr sjóðnum á tímabilinu frá 1961 og þarna fram að árinu 1967, þegar þessi breyting verður, séu látnir greiða gengistöp, sem sjóðurinn hefur orðið fyrir vegna erlendra lána, sem sjóðurinn átti þá, heldur er einnig gert ráð fyrir því, að þessir aðilar haldi áfram að borga gengistöp, sem Fiskveiðasjóður verður fyrir með gengisbreytingunni 1968. Þessi framkvæmd er fráleit í sjálfu sér, því að lágmarkið var vitanlega það, að gengisákvæðin í lánsskjölum þeirra, sem höfðu lán með gengisákvæðum, sem veitt voru á tímabilinu 1961 og fram að 1967, yrðu skilin þannig, að þeir ættu að taka að sér þau gengistöp, sem Fiskveiðasjóður varð fyrir vegna þeirra lána, sem urðu til á þessu tímabili eða voru til fram að þessari breytingu. En síðan yrði þá framkvæmdin þannig, að þau gengistöp, sem yrðu vegna erlendra lána Fiskveiðasjóðs, sem yrðu til eftir þetta tímabil, þegar engin lán voru veitt með gengisákvæðum, yrðu að greiðast af þeim, sem þá tækju lán. Það er því alveg ljóst, að eins og haldið er á framkvæmd mála í þessum efnum, þá er verið að mismuna mönnum þarna alveg herfilega. Það er greinilegt, að þeir, sem fá ógengistryggðu lánin á tímabilinu frá apríl 1967 og fram í maí 1968, búa hér við alveg sérstök kjör. En hinir, sem höfðu tekið þessi gengistryggðu lán þar á undan, búa við langlökust kjör. Ég held nú, að það sé full ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh., sem hefur fylgzt hér með umr. um þetta mál, að kynna sér þetta rækilega og athuga, hvort ekki sé hægt að koma hér við sanngjarnri leiðréttingu, en það er auðvitað ljóst mál, að fyrir tiltekin mistök í þessum efnum verður ekki hægt að bæta, vegna þess að skilyrði í lánsskjölum standa áfram. En það er hægt að hafa framkvæmdina á þessu með nokkuð mismunandi hætti. Ég held því, að það væri mjög æskilegt, að hæstv. ráðh. athugaði nánar framkvæmd þessara mála til þess a. m. k. að gera þetta misrétti eins lítið og hægt er. En frv., sem hér er til umr., gengur að sjálfsögðu til n., og verður þá nánar athugað um það að gera á því nauðsynlegar breyt.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég vil benda á það, að í þessum svörum Fiskveiðasjóðs er ekki eitt einasta atriði vefengt af því, sem ég hef sagt, og engin afsökun. Það er bara sagt alveg réttilega: Það var lánað til Sigurbjargar á tímabilinu, þegar lánin voru veitt með gengisákvæðum, en það var lánað til Eldborgarinnar einmitt á þeim tíma, sem ég hef sagt, að það hafi verið lánað án gengisákvæða, þannig að það er ekkert nema staðfesting á því, sem ég sagði, sem hæstv. ráðh. las hérna upp.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

32. Sjúkrahúsalög.

Á 46. fundi í Nd., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á sjúkrahúsalögum, nr. 54 10. júlí 1964 [158. mál] (þmfrv., A. 297).

Á 48. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Við höfum flutt hér frv. á þskj. 297 hv. 1. og hv. 4. þm. Austf. ásamt mér. Þetta frv. er um breyt. á sjúkrahúsal. Það var áður flutt á þinginu 1967—1968, en var þá ekki útrætt, enda var það þá lagt fram seint á þingi. Við endurflytjum það nú. Það hafði þá verið sett n. til að vinna að athugun á þessum málum, málefnum aldraðra. Hún starfar enn þessi n., og eins og á var drepið í grg. frv., þá var búizt við því, að hún mundi leggja mikla vinnu í þetta mál og athuga alla þætti þess mjög ítarlega. Það er ekkert komið fram enn frá þessari n. í þá stefnu, sem felst í þessu frv., og mér er ekki kunnugt um, að þess sé að vænta. M. a. af þeim sökum er frv. endurflutt nú.

Það eru sjálfsagt allir sammála um það, að eitt af höfuðeinkennum menningar- og lýðræðisþjóðfélaga sé það að búa vel að því fólki, sem á einhvern hátt er minni máttar af einhverjum ástæðum, hvort sem það er vegna sjúkdóms, fátæktar eða fyrir aldurs sakir. Og hér í okkar landi hafa vissulega verið unnin stórvirki á þessum sviðum. Ríkið hefur staðið að byggingu margra og mjög myndarlegra sjúkrahúsa, sums staðar ásamt með héruðunum. Við búum við nokkuð viðtækt tryggingakerfi, sem m. a. sér hvað fjárhagslegu hliðina snertir, mjög vel fyrir þeim, sem sjúkir eru. Og það hafa verið gerð mjög myndarleg átök í málefnum aldraðra. Þar hafa komið við sögu að nokkru opinberir aðilar, en einnig félagasamtök. Og félagasamtök hafa komið víðar við sögu í heilbrigðismálunum, og kannske erum við ekki eins stolt af neinu einstöku verki í þeim efnum eins og því, sem gert hefur verið á Reykjalundi og víðar á vegum Sambands ísl. berklasjúklinga.

Þá vil ég aðeins víkja að efni frv. í einstökum

atriðum. Í gildandi l. um sjúkrahús og læknisbústaði o. fl., en þau eru nokkuð gömul að stofni til, þá segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Enginn má setja á stofn eða starfrækja undir neinu nafni sjúkrahús, sjúkraskýli, geðveikrahæli, heilsuhæli, hjúkrunar- eða hressingarheimili, baðstaði, nuddstofur, ljóslækningastofur, fæðingarheimili, elliheimili, barnahæli eða aðrar tilsvarandi heilbrigðisstofnanir nema með leyfi ráðh. Sama gildir um breytingar á húsakynnum og starfrækslu slíkra stofnana, enda skipti breytingarnar einhverju máli."

Þannig hljóðar 1. gr. sjúkrahúsal., og síðar í þessum l. eru svo um það skýr ákvæði, hver sé hlutur ríkissjóðs í byggingu og rekstri sjúkrahúsa og læknisbústaða o. s. frv. En hins vegar eru ekki í l. nein ákvæði um beina þátttöku ríkisins í kostnaði við byggingu né rekstur dvalar- eða hjúkrunarheimila aldraðra. En slík ákvæði felast í því frv., sem hér er til 1. umr.

Þar er lagt til, að tekið verði inn í l. ákvæði um vissa þátttöku ríkissjóðs varðandi elliheimili. Ég skal aðeins skýra með örfáum orðum, hvernig þetta er formað af hálfu okkar flm.

Í 1. og 2. gr. frv. felst breyting á 6. og 7. gr. l., sem fjallar um form þeirra samtaka, er að stofnununum standa, hvernig þau skulu byggð upp. L., eins og þau eru nú, fjalla um form slíkra samtaka, þegar um sjúkrahús er að ræða, en okkur virðist, að eftir atvikum gætu gilt alveg hin sömu ákvæði varðandi elliheimili.

Í 3. gr. er svo tilsvarandi breyt. á 8. gr. l. og fjallar um það, hvernig með skuli fara, ef slíkar stofnanir eru lagðar niður.

Í 4. gr. frv., en hún snertir 10. gr. l., þar sem fjallað er um þátttöku ríkissjóðs í stofnkostnaði, er lagt til að bæta við lagagr. sérstakri málsgr. um þátttöku í kostnaði við byggingu dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

Í 5. gr. frv. er svo breyt. á 12. gr. l., þar sem fjallað er um þátttöku ríkissjóðs í rekstrarkostnaði. Og það er einnig hafður þar sami háttur um rekstrarkostnaðinn og nú er í l. varðandi sjúkrahúsin, að það er lagt í vald ráðh. að ákveða þátttöku ríkissjóðs í reglugerð.

6. og síðasta efnisgr. frv. okkar er um breyt. á 13. gr. l., og þar er nánast um formsbreytingar að ræða, sem fylgja í kjölfar annarra breytinga.

Það má áreiðanlega segja, að það hafi verið eðlilegar og skiljanlegar ástæður til þess á sínum tíma, þegar þessi lög voru sett, að ákvæðin um þátttöku ríkisins í byggingu og rekstri sjúkrahúsa og læknisbústaða voru ekki látin ná til elliheimilanna. Það lágu til þess ákveðin rök á þeim tíma. Þá var þörfin fyrir fjölgun sjúkrahúsa enn sárari en hún er nú. Og læknisbústaði vantaði víðs vegar í læknishéruðunum. Vafalaust hefur þá líka verið þörf fyrir aðstoð í málefnum aldraðra, en ég hygg þó, að hún sé almennt miklu meiri nú en þá var, þrátt fyrir allt, sem gert hefur verið á því sviði síðan. Þjóðfélagshættir eru ákaflega mikið breyttir frá því, sem var fyrir fáum áratugum. Uppbygging heimilanna er orðin allt önnur. Þau eru orðin fámennari og eiga erfiðara með að gegna því hlutverki að vera einnig skjól þeirra öldruðu.

Ef við virðum fyrir okkur og þó aðeins lauslega ástandið í málefnum aldraðra, eins og það er í dag, þá blasa við þrenns konar myndir. Að einu leytinu eru þau svæði, þar sem unnin hafa verið stórvirki, oft af hálfu einstaklinga, sbr. Grund, eða af hálfu öflugra samtaka, þar sem er Hrafnista. Í öðru lagi eru víða rekin elli- og hjúkrunarheimili, byggð og rekin af vanefnum, í hinum ýmsu minni byggðarlögum. Og svo í þriðja lagi er það, þar sem ástandið er verst, að þar vantar alveg þessar stofnanir. Það er engin tilviljun, að það er einmitt í mesta strjálbýlinu, þar sem þannig er ástatt. Og það er ekki eingöngu af því, að þau svæði hafi haft erfiðari aðstöðu fjárhagslega, heldur einnig af því, að þar hefur þjóðfélagsbreytingin verið seinna á ferðinni en í þéttbýlinu, og heimilin hafa á þeim stöðum lengur getað sinnt því hlutverki að veita aldraða fólkinu skjól.

Ég ætla ekki að eyða tíma hv. þd. í það að rökstyðja það, hversu eðlilegt það sé, að aldrað fólk fái þá fyrirgreiðslu, sem það þarfnast. Við viðurkennum þetta öll í orði. Og því teljum við flm., að menn hljóti einnig að vilja sýna viðleitni til þess, að verða við eðlilegum kröfum í þessu efni.

Ég vil vekja athygli á því, að með þessu frv. er ekki stefnt að minni áhrifum sveitarfélaga, kaupstaða eða samtaka í þessum málum, heldur er einungis stefnt að því, að ríkisvaldið veiti þessum aðilum ákveðinn stuðning. Ýmis sveitarfélög hafa oft átt við fjárhagslega erfiðleika að etja. Og eins og fram kom hér á dögunum í umr. um annað mál, — í ræðu hæstv. fjmrh, — þá virðast þeir erfiðleikar víða fara vaxandi, en ekki minnkandi. Það mælir einnig með því, að þessi háttur í starfsemi þeirra sé tekinn til athugunar, þ. e. a. s. að tekið sé til athugunar að veita sérstakan stuðning við þann þátt. Það er svo annað mál og miklu stærra, hvað gert verður til þess að bæta úr fjárþörf sveitarfélaganna almennt.

Ég vil að lokum aðeins minna á það, sem ég vék að í upphafi, að sjúkrahúsalöggjöfin myndar ramma, sem er þannig gerður, að það er auðvelt að fella inn í hann ákvæði um beinan fjárstuðning ríkisvaldsins við dvalar- og hjúkrunarheimili aldraðs fólks. Með þessu frv. er stefnt að því að fella slík ákvæði inn í þennan ramma og víkka út svið þessarar löggjafar, þannig að hún nái einnig til þessara atriða. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að þó að þetta yrði gert, er að sjálfsögðu eftir að ákveða fjárveitingar til slíkra hluta. Það verður ekki gert nema í sambandi við afgreiðslu fjárlaga á hinn venjulega, hefðbundna hátt. Og ég vil einnig undirstrika það, að einmitt sjúkrahúsalögin fela það í sér, að stjórnarvöld hafa allan rétt til þess að fylgjast með og leggja endanlegt samþykki sitt á allar ákvarðanir varðandi staðsetningu og fyrirkomulag dvalar- og hjúkrunarheimilanna alveg á sama hátt og annarra þeirra mannvirkja, sem þar um ræðir.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessu frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

33. Velferð aldraðra.

Á 48. fundi í Nd., 30. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um velferð aldraðra [160. mál] (þmfrv., A. 309).

Á 51. og 55. fundi í Nd., 2. febr. og 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Nd., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef ásamt öðrum Alþfl.-þm. hér í d. leyft mér að flytja á þskj. 309 frv. um velferð aldraðra. Í þessu frv. eru lagðar fram nokkrar hugmyndir um það, hvernig sé rétt fyrir þjóðfélag okkar að skipuleggja starfsemi í þágu aldraðra á komandi árum.

Nú um skeið hefur vaknað skilningur á því, að gera þurfi margvíslegar fjárhagslegar og félagslegar ráðstafanir til aðstoðar við þá aldursflokka, sem ýmist eru að búa sig undir starfsárin eða hafa lokið þeim, þar eð þeir hafa misst starfsorku vegna elli. Málefni unga fólksins hafa verið mjög í sviðsljósi, en það hefur einnig vaknað nýr áhugi og nýr skilningur á vandamálum aldraðra, þótt nokkru minna hafi á því borið. Hefur ríkisvaldið skipað nefndir til þess að fjalla um þau mál, og hefur verið unnið gott starf á vegum þeirra, svo og á vegum ýmissa stofnana og félaga.

Tilgangur þessa frv. er að samhæfa og efla starfsemi þeirra, opinberra jafnt sem einkaaðila, sem vinna að velferð aldraðra. Lagt er til, að í stað þeirra n., sem fjallað hafa um þessi mál og verið skipaðar til skamms tíma, komi sérstök stofnun, sem verði í nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins. Slíkar stofnanir eru til víða erlendis og þykja þar hafa unnið mjög gott starf. Má nefna m. a. stofnun í Englandi, sem starfað hefur síðan 1940, og á Norðurlöndum eru til stofnanir, þar sem saman koma ýmis frjáls samtök og opinberir aðilar til að vinna að málefnum aldraðra.

Fyrr á árum var það trú manna, að fátt þyrfti að gera fyrir gamla fólkið annað en að koma upp elliheimilum. Nú hafa gerólíkar skoðanir rutt sér til rúms. Þær byggjast á því, að ekki sé nóg að bæta árum við lífið, heldur þurfi einnig að reyna að bæta lífi við árin. Aldraðir eigi að búa á sem eðlilegastan hátt með yngra fólki og börnum eins lengi og unnt er. Þeir þurfa að hafa vel fyrir nauðþurftum og eiga kost á léttum störfum eða áhugamálum til að fást við. Yngra fólkið þarf að aðstoða þá eldri, þegar þrekið minnkar, en það getur sjálft þegið margvíslega aðstoð af öldungunum í staðinn. Að sjálfsögðu verða eftir sem áður að vera til sjúkradeildir og hjúkrunarheimili fyrir þá aldraða, sem þess þurfa sérstaklega með.

Nú eru á mörgum stöðum í öðrum löndum reyndar nýjar hugmyndir á þessu sviði, og er okkur mjög mikils virði að fylgjast með þeim og læra af þeim. Þess vegna er nauðsynlegt, að til sé stofnun, sem um þessi mál fjallar, safni saman vitneskju og sérþekkingu á málefnum aldraðra, veiti sveitarfélögum og öðrum aðilum ráð og minni á þessi mál með því að birta niðurstöður af sífelldum athugunum og halda uppi fræðslu.

Það er hugmynd okkar, að velferðarstofnun aldraðra, sem komi í staðinn fyrir þær n., sem fjallað hafa um þessi mál, verði í mjög nánum tengslum við Tryggingastofnun ríkisins, en heyri annars undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þessari stofnun er ætlað að halda uppi stöðugum rannsóknum á vandamálum aldraðra í landinu, þar á meðal fjárhagslegri afkomu þeirra. Stofnuninni er ætlað að gera till. um lausn þessara vandamála til ríkisvalds, sveitarfélaga og allra annarra aðila, sem kunna að láta sig þau skipta og gætu stuðlað að lausn þeirra. Stofnuninni er ætlað að gera till. um lausn vandamála, sem einstök sveitarfélög og aðrir aðilar kunna að beina til hennar til úrlausnar. Henni er ætlað að örva og styðja hvers konar félagsstarfsemi fyrir aldraða. Henni er ætlað að annast fræðslu um nútímaviðhorf til vandamála aldraðra og þróun þeirra mála erlendis. Henni er ætlað að gefa út leiðbeiningarit fyrir hina öldruðu sjálfa, þar sem þeim er skýrt frá ýmsum vandamálum ellinnar og hugsanlegum lausnum þeirra og loks að efna til námskeiða í félagslegu og öðru starfi, sem vinna þarf fyrir aldraða.

Hugmyndin í frv. er, eins og fram kemur í 5. gr., sú, að kostnaður við þessa starfsemi verði greiddur af lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins, og eru þar að sjálfsögðu um leið tryggð mjög náin tengsl á milli tryggingaráðs, Tryggingastofnunarinnar og þessarar fyrirhuguðu stofnunar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þessi mál frekar, herra forseti, en legg til, að málinu að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

34. Sauðfjárbaðanir.

Á 36. fundi í Sþ., 2. marz, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. um sauðfjárbaðanir, nr. 23 27. apríl 1959 [171. mál] (þmfrv., A. 357).

Á 54., 55., 56., 57., 58., 60., 61., 62. og 65. fundi í Nd., 3., 5., 9., 10., 12., 16., 17., 19. og 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki þreyta d. með langri ræðu. Ég flutti þetta frv. í fyrra ásamt hv. 3. þm. Austf., og við endurflytjum það nú. Það dróst, að við legðum það fram og svo hefur það legið lengi án þess að komast til n., eftir að við lögðum það fram, en það skiptir sennilega ekki miklu máli. Ég geri ekki ráð fyrir, að það verði að l. á þessu þingi, úr því sem komið er. Hins vegar væri það æskilegt, ef landbn. vildi senda það til umsagnar. Ég geri ráð fyrir, að það verði sent til umsagnar til yfirdýralæknis og eins til Búnaðarfélagsins. Raunar hef ég talað bæði við yfirdýralækni og eins við Búnaðarfélagið, og þeir eru því báðir meðmæltir.

Frv. þetta veldur ekki miklum breyt. á l. Efnisbreytingar eru ekki aðrar en þær, að það sé leyfilegt að baða í marz og apríl, í stað þess að böðun ætti að vera lokið 1. marz. Og í öðru lagi, að það sé heimilt að baða aðeins þriðja hvert ár, ef yfirdýralæknir álítur það gerlegt eða óhætt. Sú breyting er gerð í samráði við yfirdýralækni. Hann taldi, að það væri ekki ástæða til að baða eins oft og gert væri, ef um engin óþrif í sauðfé væri að ræða.

Ástæðan fyrir því, að við flytjum þetta, er fyrst og fremst sú, að við álítum, að það sé í mörgum tilfellum hagkvæmast að baða í mánuðunum marz og apríl. Fyrri hluta vetrar þá er fé ekki víst hjá bændum. Ég var fyrir norðan fyrir fáum dögum og átti tal við oddvita þar. Þá sagði hann, að það væri mikið af lús í fé í sinni sveit, og það væri einfaldlega af því, að það vantaði fé, þegar baðað væri. Það væri venjulega gert fyrri hluta vetrar, en það vantaði alltaf eitthvað. Eðlilega mega þeir sem vilja, baða að haustinu. Það er ekkert því til fyrirstöðu samkv. þessum l. En þar sem víðlendi er mikið og heiðalönd, eru bændur ekki búnir að heimta fé sitt, ef tíð er góð, fyrr en kemur fram undir áramót. Annað það, að fyrri hluta vetrar þá eru ær ókyrrar í haga og oft illt að ná þeim saman. Náttúrlega geta verið svo harðir vetur, að almennt sé búið að taka fé á gjöf löngu fyrir jól. Og það má vel vera, að í sumum héruðum sé fé yfirleitt tekið inn fyrr, en það er ekki alls staðar. Og t. d. á Breiðafirði þá er fé haft í eyjum, og yfirdýralæknir sagði mér, að það væri eiginlega ógerlegt fyrir þá að baða fyrir jól vegna þess. Það eru því aðallega 2—3 mánuðir, sem bændur geta baðað, eins og l. eru nú, þannig að þeir séu tryggir að hafa féð allt. Það er janúar og febrúar og í sumum tilfellum desember. Þetta er frekar óhentugur tími til að baða sauðfé á, dagurinn er stuttur, og þetta eru frosthörðustu tímar ársins. Nú er með marga, að þeir hafa fé sitt í mjög einföldum húsum, húsum, sem e. t. v. eru að mestu úr járni eða þá steypt með einföldu járnþaki. Þetta er nokkuð misjafnt, þau eru mishlý húsin, og sannleikurinn er sá, að féð þrífst vel í köldum húsum. Og þessi íburður, sem er í fjárhúsabyggingum nú, er óhagkvæmur fjárhagslega séð. Fjárhúsin eru í mörgum tilfellum byggð allt of dýr. En þegar húsin eru köld og frost mikið, þá er alls ekki hættulaust að baða féð, og það er aðalhættan við böðun, að fénu verði kalt.

Hér er aðeins rýmkuð heimild um tímann. Það hefur ekki aðra breytingu í för með sér. Enn fremur er rétt að láta þess getið og fyrir því hef ég eigin reynslu, að það fæst meiri ull af fénu, ef það er baðað seint. Reynsla mín er sú, að ég fái allt að þriðjungi meiri ull. Það getur verið talsvert fjárhagslegt atriði fyrir bændur yfirleitt, ef það væri almennt gert, og ullin verður því mun meiri, það gæti munað svona 6—9 millj. kr. yfir allt landið. Það verður farið að vinna úr allri ull. Það gengur ágætlega að selja lopa og fleiri ullarvörur, og þá verður þetta margfalt meira að verðmæti, þegar búið er að vinna það, þannig að það er ekki ólíklegt, að ef ullarmagnið yxi þannig, að það yrði að verðmæti 6—9 millj., þá gæti verðmæti ullarinnar, þegar búið er að vinna hana, orðið svona 20—30 millj. meira. Það fer ekki allt í vasa bændanna, en það fer í vasa fólksins, sem vinnur úr ullinni.

Ég vil engan dóm á það leggja, hvort ráðlegt er að baða sjaldnar en gert hefur verið. Það verður að fara eftir því, hvort óþrif koma upp í fénu eða ekki, og dýralæknir á að hafa það í hendi sér samkv. þeim l., sem fyrir eru og verða væntanlega, þá getur hann fyrirskipað tvíböðun, þar sem kláði kemur upp.

Þetta er í aðalatriðum ástæðan fyrir því, að við höfum flutt þetta frv. Það er þannig, að þeir, sem hafa fátt fé, geta baðað, hvenær sem er, en þetta er að breytast þannig, að sumir bændur hafa svo að segja eingöngu nautgripi og aðrir nær eingöngu sauðfé. Það eru ýmsir bændur, sem vilja heldur hafa aðra tegundina. Þá verður féð mun fleira. Ég geri ráð fyrir, að búin stækki, og það má búast við því, að það verði margra daga verk fyrir fjárflestu bændurna að baða. Tíð er umhleypingasöm á Íslandi, þannig að þó að byrjað sé í sæmilegri tíð, þá getur verið komin stórhríð daginn eftir, og aldrei er veðrið ótryggara en einmitt um háveturinn. Ég sé satt að segja ekki, hvaða ástæða er til þess að banna mönnum að baða þá mánuði ársins, sem hagkvæmast er að baða, bæði hvað vinnuafl snertir og eins fyrir skepnurnar og afurðirnar. Það er eins og hver önnur fíflska. Og ef menn vilja endilega baða, þegar frostin eru sem mest og dagurinn sem skemmstur, þá er það sjálfsagt að lofa þeim það, enda er ekkert í þessu frv., sem meinar mönnum það. Ég get ómögulega skilið, að það sé ástæða til þess að banna mönnum að baða þá mánuðina, sem hagkvæmast er að baða allra hluta vegna. Og ég veit ekki betur en búnaðarþing hafi samþykkt það í fyrra að fara fram á það, að böðunartíminn yrði lengdur. Hitt má

aftur um deila, hversu mikið á að lengja hann. Ég hef reynslu fyrir því, að það er hættulaust að baða um sumarmálin. Meira að segja hef ég baðað ær einum eða tveimur dögum áður en þær báru, og það gerði þeim ekkert til. Ef vel er með féð farið, þá gerir þetta ekkert til, og tíðin er hlý. Hins vegar er alls ekki hættulaust að baða, þegar frost eru mikil. Mannfátt er víða á heimilunum, og menn geta ekki komið því við að framkvæma verkið í skammdeginu, það eru erfiðleikar með vatn og ýmis önnur vandkvæði.

Ég hef flutt þetta með hv. 3. þm. Austf., og hann er vanur fjárbóndi og mjög athugull um allt, sem varðar skepnuhirðingu og meðferð þeirra, þannig að ég hygg, að þegar við erum sammála um, að þetta sé hagkvæmt og yfirleitt jákvætt, þá séu afar litlar líkur til þess, að það sé vitleysa.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð um þetta frv., sem tveir ágætir þm. hafa flutt og sérfræðingar í búskap eru þeir báðir tveir, og bóndinn á Löngumýri hefur fengið viðurkenningu fyrir dugnað og góðan búskap. En eigi að síður er ég nú alveg ósammála þessu frv., hvað það snertir, að það sé bezt að baða rétt fyrir sauðburðinn. Þegar ég var að alast upp í sveitinni og hugsaði um sauðféð, þá var talið stórhættulegt að hefja baðanir rétt fyrir sauðburðinn. Það gæti orðið til þess, að ærnar misstu lömbin, og þetta sögðu hinir góðu, gömlu og reyndu menn, sem ég legg nú enn þá meira upp úr en þessum hv. flm., þótt ég meti þá mikils. En hv. fyrri flm. sagði hér áðan, að það væri ekki bannað að baða fyrr, menn gætu baðað frá 1. nóv. til 30. apríl. En ég vil ekki hafa það í löggjöfinni, sem getur orðið bændum beinlínis til skaða, ef þeir hafa ekki vit á að sniðganga þessa heimild. Og það er enginn vafi á því, að það er bezt að hefja böðun strax, þegar féð er tekið inn. Ef það er farið að taka það inn í nóvember, vegna þess að veturinn ber snemma að, þá er bezt að baða, strax eftir að það er komið inn í hús, og helzt ekki seinna en í febrúar. Það má oft finna góða daga um miðjan vetur, bæði í desember, janúar og febrúar. Það má velja góða daga til þess að baða.

Um þetta, að það fáist þriðjungi meiri ull með því að baða seint, hef ég nú aldrei heyrt fyrr, og það held ég, að geti tæplega staðizt. Og það er alveg rétt, að ef kindin er vel fóðruð, týnir hún aldrei ullinni, og hún ódrýgist ekki. Hitt held ég, að sé meiri hætta á, ef baðað er mjög seint, að ullin færi jafnvel í flóka og yrði ekki eins greið og góð og ef það væri baðað snemma að vetrinum. Þetta finnst mér nú, að þurfi að hafa til nánari athugunar. Ef ullin ætti að drýgjast við það að baða svona seint, þá væri jafnvel alveg rökrétt eða eðlilegt að fullyrða, að ullin yrði enn þá meiri með því að baða árlega. En í þessu frv. er lagt til, að baðað verði aðeins þriðja hvert ár og sagt, að það sé haft í samráði við yfirdýralækni. Ég ætla ekkert að efast um það, að hv. flm. hafi farið rétt með, þegar hann segir, að það hafi verið í samráði við yfirdýralækni. En einhvern veginn finnst mér þetta ekki passa við það, sem hann hefur sagt, þegar við höfum talað um sauðfjárböðun, og ég vil minna á það, að fyrir tveimur árum var einn bóndi, sem hafði þverskallazt við að baða, og það var komið fram í apríl, þegar við fréttum þetta. Og ég ræddi um þetta við yfirdýralækni, og ég spurði hann að því, hvort hann vildi yfirleitt leyfa böðun svona seint, hvort það væri talið heppilegt, hvort það gæti ekki verið, að það kæmi skaðabótakrafa á ríkið, ef bóndanum væri fyrirskipað að baða undir apríllok og af því leiddi lambalát, lambamissi, hvort það gæti ekki verið, að bóndinn kæmi með skaðabótakröfu á hendur ríkinu, enda þótt fyrirskipunin um böðunina væri tilkomin vegna vanrækslu bóndans. Og við vorum í miklum vanda með þetta mál, og yfirdýralæknir var þá alveg sannfærður um, að það gæti mikil hætta af því stafað að baða stuttu fyrir sauðburð.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram. Hv. fyrri flm. tók það fram áðan, að þetta frv. yrði ekki að l. á þessu þingi, og það mundi verða sent til umsagnar, og þess vegna gefst tími til þess að athuga þetta nánar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Frv. þetta er flutt af tveimur helztu búnaðarfrömuðum þingsins, svo að það er víst betra að tala varlega, en þess skal þó getið, að samkv. l. nr. 19 frá 1938 varð sérhver sauðfjáreigandi skyldugur til þess að baða sauðfé sitt árlega á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar. Samkv. l. nr. 23 frá 1959, sem nú gilda, var þessu breytt á þann veg, að heimilt var að baða aðeins annað hvert ár, en á tímabilinu 15. október til 1. marz. Þetta olli allmiklum skoðanaskiptum á þinginu 1959, og komu umsagnir úr ýmsum áttum. Þó var fallizt á að slaka til að þessu leyti og heimila að baða aðeins annað hvert ár, en þó jafnframt með það í huga að fylgja því fastar eftir og einnig að fylgja því eftir, að sauðfjáreigendur böðuðu á þessum ákveðna tíma, því að það er eitt af nauðsynlegum skilyrðum, sem þarf að fullnægja, ef þetta á að bera tilætlaðan árangur, að menn, a. m. k. nágrannar, baði nokkurn veginn á sama tíma, en ekki bara, þegar þeim sýnist.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur í þá átt að losa enn um þessi ákvæði, þ. e. a. s. að baðað verði aðeins, eða heimild verði veitt til þess, að baða aðeins þriðja hvert ár og þá á tímabilinu frá 1. nóv. til 1. maí. Frv. þessu fylgir allítarleg grg., glögg, eins og vera ber, og þar er réttilega bent á, að ullariðnaður fari ört vaxandi og sé með álitlegustu iðngreinum. Þar með er auðvitað sagt, að það skipti nokkru máli að hirða ullina og að bændur fái sem mest af henni. En það hef ég heyrt marga bændur segja, að þó að fyrirhafnarsamt sé, kostnaðarsamt og erfitt, að baða árlega, þá borgi það sig, því að það komi aftur í meiri og betri afurðum af kindinni.

Þá verð ég að segja, að mér finnst það sæta nokkurri nýlundu, að það sé betra að baða eftir því, sem nær dregur sauðburði. Þetta er alveg nýtt fyrir mig.

Þá er hér niðurlag grg., sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rétt er að geta þess, að atriði þessi hafa verið rædd við yfirdýralækni og búnaðarmála-

stjóra, og hefur okkur skilizt, að þeir áliti þessar breytingar til bóta.“

Hér er um allþokukennt niðurlag að ræða og vafasamt, þannig að ég vil a. m. k. óska þess, að sú n., sem fær mál þetta til meðferðar, afli ítarlegra umsagna frá þeim aðilum, sem þarna eru nefndir.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Austf. hafa flutt hér frv., sem er nú alveg shlj. frv., sem var flutt á síðasta þingi, en ég man ekki, hvort það kom nokkurn tíma til n. En í þessu máli urðu dálitlar umr. í sambandi við þetta mál. Breytingin er sú eina, að í fyrra var hv. 3. þm. Austf. fyrri flm., það er eina breytingin, en nú er þetta öfugt, nú er það hv. 3. þm. Norðurl. v.

Ein af höfuðrökunum, sem flm. hafði fyrir því að bera þetta fram, var, að með því að baða seint fengist meiri ull af fénu, og mundi verðmæti ullarinnar aukast að miklum mun. Ég álít, að eins fróður og skynsamur maður og flm. hefði fylgzt með því, að eitt af mestu vandamálum ullariðnaðarins eru einmitt flókarnir. Og það er álit bæði ullarfræðinga og annarra, að eftir því sem seinna er baðað, því meira verði af flókum í ullinni, og í sjálfu sér ætti aldrei að baða eftir miðjan vetur. Eftir það kemur skil á ullina. Það er vaxandi hluti af ullinni, sem hefur farið í flóka, og er nú orðinn milli 10 og 20%, og þessi ull er verðlaus. Sannleikurinn er sá, að þó að kannske einhverjir fái meiri ull, þá er verið að skemma þetta verðmæti, ullina, ekki einungis fyrir þeim sjálfum, heldur fyrir öllum bændunum í landinu, vegna þess að yfirleitt er þetta meðalverð, sem menn fá út úr ullinni. Af þessum ástæðum náttúrlega ætti alls ekki að baða seint, þannig að þessi rök eru nú dálitið hæpin, held ég.

Flm. gat um það einnig, að það væri betra og hagkvæmara að baða seinni part vetrar. Allir vita það, að eftir því sem líður á veturinn, því er sauðkindinni hættara við því, að hún fari illa út úr öllu hnjaski, og eftir því sem líður á veturinn, verður að fara betur með hana, og jafnvel þótt veðráttan væri verri fyrri part vetrar, þá mundi hún þola bæði miklu meiri kulda og meira hnjask á þeim tíma en er á veturinn líður. Og eins og hæstv. landbrh. gat réttilega hér um áðan, hefur það komið fyrir, — ég man eftir því, — þegar kláðaböðunin var hér í gamla daga, að það var stór hluti af ánum, sem létu lömbunum í sambandi við þá böðun, en auðvitað var hún framkvæmd á allt annan hátt en nú, það skal viðurkennt. Ég held, að það væri bezt, að þetta frv. fengi afgreiðslu núna í n., því að ég er sannfærður um það, að það verður þá ekki flutt á næsta þingi, ef það yrði, því að ég vil ekki trúa því, að landbn. afgreiði þetta þannig, að hún samþykki að mæla með framgangi þess.

Ég sé nú ekki ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Ég held nefnilega, að þessi rökstuðningur, sem er fyrir frv., sé á þann veg, að þegar hann er athugaður, sjáist það betur, að þetta frv. er ekki til bóta, og að stytta tímabilið á haustin, frá 15. okt. til 1. nóv., þegar bezt er að baða, það er náttúrlega líka mikil breyting til hins verra, og þó að menn séu ekki búnir að ná öllu fé fyrri part vetrar, þá er það náttúrlega slóðaskapur að taka ekki það fé, sem kemur, og baða það, þegar það kemur. Það er hverjum og einum í sjálfsvald sett, því að flestir hafa féð í girðingum að haustinu og fyrri part vetrar. Það er ekki fyrr en farið er að taka það í hús, sem þeir hleypa því í heimalöndin, a. m. k. er það svo þar, sem ég þekki til.

En ég held, að það væri mjög gott, ef þetta frv. yrði afgreitt nú á þessu þingi, svo að við værum ekki að glíma hér við svona mál þing eftir þing.

Flm. (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég geri ráð fyrir, að d. sé orðið það ljóst, að þetta er rétt mál, sem við flytjum hér, ég og hv. 3. þm. Austf., því að nú eru þeir orðnir sammála, hæstv. landbrh. og 5. þm. Norðurl. e. Þeir hafa yfirleitt ekki verið það, og það er ekki líklegt, að þeir verði það um mál, sem eru skynsamleg, svo að ég hygg, að það sé nokkuð tryggt, að við höfum rétt fyrir okkur, ég og hv. 3. þm. Austf.

Viðvíkjandi því, að ær láti lömbum, eins og mér heyrðist á hæstv. landbrh., frekar, ef baðað er seint, þá hef ég nú reynslu fyrir þessu, því að ég hef eiginlega aldrei baðað nema á þessum tíma. Hæstv. ráðh. lét liggja að því, að ég hefði skrökvað því, að ég hefði talað við dýralækni um þetta. Það lá í orðunum, að það væri vafasamt, að ég segði satt. En það er ekki, ég talaði um þetta við dýralækni. Ég fullyrði ekki meira en ég geri í grg., það er bezt, ef maður talar í orða stað annarra, að leggja ekki allt of mikla áherzlu á hlutina. Það var hann, sem færði það í tal, að það væri réttara að hafa heimildina þannig, að það mætti baða þriðja hvert ár, og hann hafði ekkert við það að athuga, þótt tíminn yrði lengdur, og hvatti mig til að flytja frv.

Viðvíkjandi þessu lambaláti, sem sé svo ákaflega hættulegt, þá hef ég ekki trú á, að dýralæknir hafi mikla trú á því. Ég veit ekki betur en undir sumarmál í 17 gráðu frosti og hríðarveðri, þá skipaði hann mér að baða rollurnar, og ráðh. skrifaði með eigin hendi undir það valdboð hjá mér. Raunar komu þeir aldrei, því að ég sagði, að þeir skyldu verða látnir í kerið eins og ærnar og þeir fengju engan mann til þess. En það var ekki þeirra dyggð að þakka. Ég vildi ekki baða í 17 gráðu frosti og hríð. En hræðslan var nú ekki meiri hjá honum en þetta, og þetta gerði nú þessi ágæti yfirdýralæknir okkar. Og var ekki þeirra dyggð að þakka, að ég drap ekki féð, þannig að hann var a. m. k. ekki hræddur um lambalát þá. Ég hef vanalega baðað í apríl. Ég er ekki að anza þessum vitlausu l. Þeir geta ekkert gert annað en sekta mann um 5000 kr., og það á að renna til sveitarsjóðsins, og auðvitað dytti engum manni í hug að innheimta þá sekt hjá mér, þannig að ég hef reynslu fyrir þessu. Við höfum verið fjármargir, við Jónas og höfum reynslu fyrir þessu. Hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur haft eitthvert fjárbú og víst baðað um miðjan vetur, en þeir hafa ekki stór fjárbú þarna fyrir norðan og gefa rollunum inni meira en hálft árið og eru ekki lengi að dýfa þessum fáu skjátum sínum í, fara vel með þær og gefa

inni, en við beitum meira fyrir vestan. Ef um smitandi lambalát er að ræða, væri sennilega ekkert betra ráð en að baða til að drepa bakteríuna, bæði í húsunum og á kindunum. Annað hvort er að baða eða láta liggja við opið.

Viðvíkjandi því, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Vesturl., að bændur hefðu sagt þessum hv. þm., að þeir fengju meiri og betri ullarafurðir, ef þeir baða seint, þá er það nákvæmlega það sama, sem ég var að halda fram. Þetta er reynsla bænda, að kindin týnir þá síður. Ég hef talað um þessa flóka, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. var að tala um. Ég hef talað um þá við þá í Álafossi, og þeir töldu, að það væri á engan hátt skaðlegt, þó að það væri baðað seinna. Það gerði ullinni ekkert til. Það er ýmislegt annað, sem kemur til greina, að það séu flókar, og þeir töldu einna verst, að ær væru í tveimur reyfum. Og húsavistin slæm, ullin sífellt blaut og féð að nudda sig. Hitt veit ég ósköp vel, að ef kindin er alin, þá týnir hún ekki ull, nema það sé hennar kynferði. Sumar kindur týna alltaf ull, nema helzt ef þær eru baðaðar seint. En aðrar týna aldrei ull, þannig að þetta eru heldur veigalitlar mótbárur, sem hafa komið fram. Það þýðir ekki að vera að segja okkur, sem höfum búið alla okkar ævi og haft tiltölulega margt fé, einhverja hluti, ef við höfum reynslu fyrir allt öðru. Það er reynslan, sem sker úr þessu. Við lærum nú af reynslunni, enginn er fæddur alvitur. Að stór hluti af ám léti lömbum, þegar verið var að baða hér kláðaböðin einhvern tíma áður, þetta er bara eins og hver önnur vitleysa. Það getur skeð, að einhverjir glópar hafi farið svo illa með kindur, þegar þeir notuðu trékör, að einhverjar rollur hafi látið. Ég hef baðað tvisvar seint í apríl, og engin ær lét hjá mér fyrra árið, svo að ég vissi, en það lét ein rolla í fyrra, en það gat verið af allt öðrum ástæðum. Að það sé slóðaskapur að vera ekki búinn að baða um miðjan vetur, það má vel vera, en menn þurfa aðstöðu og vinnuafl til þess. Ég veit, að hv. 5. þm. Norðurl. e. er hirðu- og dugnaðarmaður og allt í lagi hjá honum, en það er munur, hvort það þarf að baða fáar kindur eða margar. Það má kannske segja, að allt sé slóðaskapur, ef allt er ekki gert á einhverjum ákveðnum tíma.

Hv. 5. þm. Norðurl. e. var einnig að tala um 15. okt. Ég skil nú ekki í, að nokkrum manni detti í hug að byrja böðun þá, því að það er verið að slátra fénu og á eftir að slátra mörgu víðast hvar. Ég veit ekki, hvenær þeir eru búnir í Eyjafirðinum, þeir eru kannske fljótir að slátra. Ég veit, að það er eftir að slátra hjá okkur í Húnavatnssýslunni, svo að það skiptir þúsundum fjár 15. okt., þannig að það þýðir ekkert að tala um þannig hluti. Það er ekki hægt að baða fyrr en komið er fram í nóv. í fyrsta lagi, og þá næst ekki féð, nema það sé því verri tíð.

Annars vona ég, að þetta verði sent til umsagnar, og ég veit, að það fær jákvæðar undirtektir, bæði hjá Búnaðarfélaginu og eins hjá yfirdýralækni. Svo getið þið haldið því fram, að þeir hafi ekkert vit á þessum hlutum, en ég hygg, að það sé nú ekki. Og á búnaðarþingi var einmitt lagt til að lengja tímabilið til þess að baða, og það þýðir ekkert fyrir þm., sem ekki hafa rekið búskap, að koma svo og segja, að þessir menn hafi ekkert vit á þessu, þetta sé bara vitleysa. Það er engin vitleysa.

Pálmi Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til umr., er að sjálfsögðu ekkert stórmál, og ekki er ástæða til að hafa um það mjög mörg orð. Ég vil þó hér taka undir það, sem fram kom hjá einum hv. ræðumanni, að æskilegt væri að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. Eins tek ég undir það með hv. flm., að ekki sé rétt að hafa heimild í l. til þess að baða í okt. vegna þess, að bæði er, eins og hann gat um, sláturtíð þá naumast lokið og fjárheimtur þá ekki orðnar með þeim hætti, að líklegt sé, að fullnægjandi böðun náist.

Um hitt meginefni frv. að heimila það, að böðun fari fram allt til loka aprílmánaðar, þá er ég flm. mjög ósammála og get tekið undir margt af því, sem hér hefur verið sagt til andmæla. En ég hygg þó, að stærsta hættan, sem í þessari heimild kunni að felast, sé sú, að það séu trassarnir meðal bænda, — það hefur verið nokkuð rætt um trassaskap hér í ræðum manna, — sem falli í þá gryfju að nota sér þessa heimild að framkvæma ekki böðun á þeim tíma, sem það er æskilegt og hagkvæmast, og láta það dragast allt til loka þess tímabils, sem heimild þessi nær yfir. Ef svo fer og þá kemur upp, að e. t. v. eru óþrif í fénu, sem kæmi í ljós við þá skoðun, sem samfara er böðun, og væri komið allt til loka aprílmánaðar, kynni svo að fara, að naumast væri hægt að koma við tvíböðun á fénu fyrir þær sakir, að það rækist á við sauðburð. Því það vita allir, sem við sauðfjárbúskap hafa fengizt, að tæpast er hægt að baða sauðfé á sauðburði, vegna þess að hætt er við, að erfiðlega gangi að láta ærnar taka lömbin, eftir að öll lömb eru orðin löðrandi í baðlegi.

Ég ætla nú ekki að víkja hér mikið að ræðu 1. flm. frv. Hann hefur vitaskuld sagt hér margt skemmtilegt, m. a. það, að hann hafi helzt aldrei baðað fyrr en í kringum sumarmál, og það lýsir þá m. a. því, að hann hafi æ ofan í æ gerzt brotlegur við lög, sem um þetta fjalla, og hann sagði jafnframt, að engum manni mundi vitaskuld detta í hug að innheimta sektir þess vegna hjá sér.

Um áhrif baðs á gæði og magn ullarinnar finnst mér nú þær tölur, sem hv. flm. hefur nefnt, næsta fullyrðingakenndar og mótsagnakenndar, þar sem annars vegar er í frv. lagt til, að heimilað sé að baða aðeins þriðja hvert ár, því að baðlyf ár hvert muni í landinu kosta 2—3 millj., en svo segir hann í hinu orðinu, að ef baðað sé seint eða nálægt sumarmálum, þá muni það auka verðgildi ullarinnar um 20—30 millj. Þetta eru mótsagnakenndar og að mér sýnist, fjarstæðukenndar fullyrðingar. Mér er það kunnugt af minni reynslu, að ef um sauðfjárbúskap er að ræða, þar sem fé er sæmilega fóðrað, þá týnir það yfirleitt ekki ull. Og ég hygg, að enda þótt hv. flm. hafi lagt inn mikið magn ullar hjá Álafossi s. l. haust, þá munu þeir bændur finnast, þó að ekkert hafi baðað það ár, sem

gætu lagt inn jafnmikið magn ullar miðað við fjárfjölda og hann hefur gert að þessu sinni.

Um það atriði, að ullin þófni ekki við það, þá kann svo að vera, ef ullin er gisin og lítil, eins og stundum vill vera, þar sem fé er beitt mikið. En ef um innistöðufé er að ræða, fé, sem vel er alið og mikið ullað, sem fengi á sig það undir lok aprílmánaðar, þá yrði sú ull tvímælalaust mjög flókin og afleit vinnsluvara.

Ég hef reynslu fyrir því að baða um þetta leyti. Það var fjárskiptaárið hjá okkur í Húnavatnssýslum. Þá voru tvíböðuð öll lömb um haustið, eftir að fénu hafði verið skipt, og fannst þá kláði í nokkrum hluta þeirra. Síðar, þegar nálgaðist sumarmál, fannst kláði í einum hrút hjá mér, svo að ekki hafði dugað hið fyrra kláðabað, og ég neyddist því til að baða um þetta leyti. Ég fullyrði, að það bað varð mér *mjög óhagkvæmt í afurðum fjárins*, þótt ekki stafaði af því mikið lambalát. Öllum, sem til þekkja, er vitanlegt, að hætt er við, að ekki einasta hnjaskið á fénu, heldur einnig áhrif baðsins á féð hafi mjög verulegar verkanir á þrif og afurðahæfni þess, þegar svo langt er liðið á meðgöngutíma ánna.

Ég ætla svo ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég aðeins endurtek það, að ég tel æskilegt, að frv. sé skoðað og það fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég reikna ekki með því, eins og hv. flm. sagði hér áðan, að hv. þdm. allir séu komnir á þá skoðun, að þetta sé skynsamlegt frv., en e. t. v. eru þó punktar í því, sem laga má að gildandi l., og afgreiða ætti frv. þannig á þessu þingi.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það hafa bara orðið furðu fjörugar umr. um þetta litla frv. okkar Björns Pálssonar. Það mun vera rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e., að við fluttum þetta sama eða líkt frv. á síðasta þingi, og ég hafi verið þá fyrri flm. Mig rekur nú minni til þess, að ég hafi mælt fyrir því þá.

Ég ætla ekki að blanda mér að neinu ráði í þessar umr., sem hér hafa farið fram. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að það, sem í þessu felst, er í raun og veru ósköp einfalt. Það mætti kannske segja, að það væri skynsamlegast að hafa löggjöfina þannig, að það væru engin tímatakmörk, það mætti baða, hvenær sem væri á árinu. Ég veit til þess, að það hefur verið baðað nýrúið fé, og þeir, sem það gerðu, töldu það mjög hentugt. M. a. felst í því, að það fer miklu minni baðlögur. En ég vil aðeins láta það koma fram hér, að ég hef stundað sauðfjárbúskap í tveimur landshlutum, fyrst í Eyjafirði og síðan á Austurlandi. Og ég er sannfærður um það, að ég var líkrar skoðunar og hv. þm., Stefán Valgeirsson, meðan ég bjó í Eyjafirði. En ég breytti þessari skoðun verulega, eftir að ég kynntist búskap og bjó sjálfur á Austurlandi, og þá fann ég það, að það urðu að vera nokkuð rýmri ákvæði til þess að gera ekki fleiri og færri að lögbrjótum, og það án þess, að þeir beinlínis óski eftir því.

Ég fellst alveg á það, að það er heppilegast að geta baðað fé t. d. í nóv. eða þá aftur í jan. eða febr. En það er nú bara einu sinni svona, að aðstæður eru oft misjafnar, og ég man það, að ég lagði áherzlu á það einmitt s. l. ár, að núna í seinni tíð er í langflestum tilfellum svo, að fjárhúsin eru orðin mjög köld. Það eru einföld steinhús með einföldu járnþaki, og þegar samfara þessu fara, eins og nú hefur verið um allmörg ár, í raun og veru sikólnandi vetur, þá getur verið mikil áhætta oft og tíðum að baða fé annaðhvort í janúar eða febrúar. Það hagar nú þannig til víða, að fé gengur sjálfala, eins og það er kallað, a. m. k. í nóv. og oft fram í des. Og jafnvel þó að það sé tekið á þeim tíma, þá vantar oft nokkuð af fénu. Og meðan svo er, þá vilja menn ógjarnan fara að baða. Yfir hátíðarnar er það sjaldan gert eða á meðan á fengitíð stendur. Menn eru venjulega svo uppteknir af þeirri aukavinnu, sem því fylgir, að því verður tæpast komið við. Svo er það tíðarfarið í jan. og febr., sem ræður því, hvort þetta er framkvæmanlegt. Ég er alls ekki að halda því fram, að það sé skynsamlegt að draga það fram undir sauðburð að baða, en ég vil bara vekja athygli á þessu, að það, sem fyrir mér vakir m. a., er það að fyrirbyggja það, að það verði margt af lögbrjótum, — eins og hv. samflm. mínum að þessu frv., — en hann hefur lýst yfir, að hann hafi oft ekki baðað, fyrr en eftir að þau tímamörk væru liðin, sem það átti að hafa verið framkvæmt.

Ég held, að það sé ákaflega mikill misskilningur, að þetta sé eitthvert hættulegt mál. Ég er nú yfirleitt þannig gerður, að ég treysti bezt á bændurna sjálfa að meta, hvenær hægt er að framkvæma slíkan hlut eins og að baða féð, en ég er mótfallinn því að gera þá að lögbrjótum að óþörfu, því að ég veit, að þær aðstæður geta skapazt í einstaka tilfellum, að þetta geti a. m. k. dregizt fram í marz.

Það bættist við í þetta frv. ein breyt. frá því, sem var s. l. ár. Það er um það, að heimilt sé að baða aðeins þriðja hvert ár. Ég er þessari heimild mjög fylgjandi, því að með þessum nýju lyfjum, sem fengizt hafa til sauðfjárbaðana, hefur öll þessi aðstaða gerbreytzt. Þetta eru svo áhrifamikil baðlyf, að ég tel það vera hreinan búskussahátt að hafa lús á fé sínu, og það eru mörg ár, síðan ég hef heyrt talað um kláða í mínu umhverfi fyrir austan.

Hvað ullina snertir, þá legg ég nú ekki mikið upp úr því atriði, eins og hv. samflm. minn, að við fáum meiri ull. Ég veit, að þetta getur verið tilfellið stundum, en það er þá oft vegna þess, að fé er ekki vel fóðrað og týnir þá meira, en böðunin kemur í veg fyrir það, að fé týni. En að öðru leyti er það vegna þess, að ullin flóknar. Það er alveg rétt, hún þarf ekki að flókna svo illa, að hún verði beinir flókar, en að sumu leyti stafar þetta af því, en það eru margir fleiri en Björn Pálsson, sem halda því fram, að menn fái meiri ull af fénu með því að baða frekar seint.

Ég vil nú taka undir það með fleirum en einum, sem hér hafa talað, að það sé nú kannske rétt að afgreiða þetta mál, og ég mun, svo sem að líkum lætur, beita mér fyrir því, þar sem ég á sæti í landbn. hv. d., að hún afgreiði þetta frv. jákvætt frá sér.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

35. Náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um takmarkaða náttúruvernd á vatnasviði Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu [172. mál] (þmfrv., A. 366).

Á 61., 71., 72., 75. og 76. fundi í Nd., 17. marz og 13., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

36. Námskostnaðarsjóður.

Á 57. fundi í Nd., 10. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um Námskostnaðarsjóð [178. mál] (þmfrv., A. 397).

Á 58. og 60. fundi í Nd., 12. og 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Á undanförnum mánuðum og misserum hefur það mjög borið á góma, hversu misjöfn er fjárhagsleg aðstaða ungmenna í landinu til náms eftir því, hvort nemendur búa svo að segja við skólavegginn eða þurfa að vista sig fjarri heimili sínu, meðan á náminu stendur. Ekki er neinum blöðum um það að fletta, að hver sá skólanemandi, sem verður að fara að heiman til langdvalar við nám, verður að borga tugþúsundum kr. meira í námskostnað á ári en hinn, sem gengur í skólann heiman frá sér daglega. Þetta er ekki torskilið mál, því að þessu veldur fyrst og fremst fæðiskostnaðurinn, húsnæðiskostnaður, ljós- og hitakostnaður, ferðakostnaður og annað þess háttar. Það má því nærri geta, hversu erfitt það getur orðið félitlum foreldrum og aðstandendum unglinga að eiga að senda 3—4 börn að heiman frá sér til náms á sama tíma. Þessi ungmenni eiga þó jafnmikinn rétt á skólanámi og hin, sem ekki þurfa að fara að heiman. Þau verða fyrir stórkostlegu misrétti, sem oft hefur svo valdið því, að þau hafa farið á mis við skólanám. Það er t. d. engin tilviljun, að í tveimur menntaskólunum hér í Reykjavík á s. l. skólaári voru 89% nemendanna úr svokallaðri Stór-Reykjavík, þegar aðeins 11% voru af öllu landinu utan hennar.

Þar sem þessu máli hefur verið hreyft, bæði á Alþ., í blöðum og á mannfundum, virðist það vera almenn skoðun manna, að bæta þurfi úr þessu ranglæti, sem æskufólk verður fyrir, og það hið fyrsta. Á síðasta þingi var samþ. þáltill. þess efnis, að rannsaka skyldi, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna, og hinna, sem stunda skólanám án þess að þurfa að fara að heiman til þess. Skyldi að því stefnt, að yfirlit um þennan aðstöðumun skólanemenda yrði lagt fyrir næsta þing, þ. e. a. s. yfirstandandi þing. Nokkur athugun á þessu máli mun hafa farið fram á vegum menntmrn. á s. l. ári, en yfirlit um þá athugun hefur þm. ekki borizt enn. Menntmn. þessarar hv. d. óskaði eftir upplýsingum frá rn. um þessa athugun, og þess vegna kom Torfi Ásgeirsson hagfræðingur á fund n., en hann mun hafa annazt þessa athugun af hálfu rn. Hann upplýsti ýmsa hluti í þessu sambandi, en hafði ekki á reiðum höndum svör við því, hversu stórt fjárhagslegt vandamál þetta er. T. d. liggur ekki fyrir, hversu mikill fjöldi skólanemenda það er, sem verður að vista sig fjarri heimilum sínum við nám. Nokkur vitneskja er að vísu fyrir hendi um það, hversu miklu meiri kostnaður nemenda er, sem eru í heimavistarskólum framhaldsnámsins, en hinna, sem eru í heimavistarskólum skyldunámsins. Hins vegar er ekkert vitað um, hver námskostnaður nemenda við framhaldsnám er, sem ekki njóta heimavistar af neinu tagi, né hversu fjölmennur sá hópur er. Það skortir því mjög á upplýsingar um það, hversu mikið vandamál er hér að fást við.

Á fjárl. yfirstandandi árs er 10 millj. kr. fjárveiting til að jafna aðstöðumun nemenda í strjálbýli við framhaldsnám. Mér var það ljóst, þegar þessi fjárveiting var til umr. í þinginu, að þetta var að vísu viðurkenning á þörfinni, en upphæðin var svo lág, að hún gat ekki orðið að neinu verulegu gagni. Ég flutti þess vegna þá brtt. þá, að upphæðin skyldi verða 25 millj., en hún var felld. Að sjálfsögðu fá nú einhverjir það hlutverk að skipta þessum 10 millj. á þessu ári, en ég verð að segja, að ég öfunda þá ekki af því verki, svo erfitt er það.

Þó að mjög skorti á fullnægjandi upplýsingar um það, hversu mikil fjármagnsþörfin er til að jafna fjárhagslegan aðstöðumun nemenda til náms, þá má gera sér nokkra hugmynd um þessa þörf. Samkv. skyndiathugun, sem Aðalsteinn Eiríksson, forstöðumaður Skólaeftirlits ríkisins, gerði eftir beiðni minni á s. l. ári, benda sterkar líkur til þess, að fjöldi þessara nemenda, sem nám stunda fjarri heimilum sínum, sé um eða yfir 6000, þegar tekin eru með öll skólastigin, allt frá barnaskólum, en Háskóla Íslands þó sleppt. Samkv. þessari könnun Aðalsteins Eiríkssonar var kostnaður skólanemenda aðeins vegna fæðis, húsnæðis, þjónustu og ferða á skólaárinu 1968—1969 frá 24 þús. kr. á nemanda og allt upp í 52 þús. yfir skólaárið, eftir því hvað skólatíminn var langur, hvar skólinn var á landinu og hvort nemandinn var í heimavist og mötuneyti eða ekki. En síðan hafa orðið miklar verðhækk-

anir. T. d. hafa matvörur hækkað í verði á tveimur s. l. árum um 45%, og helmingur af þessari verðhækkun kom á árinu 1969. Slíkar verðhækkanir hafa að sjálfsögðu ekki lítil áhrif á námskostnað nemendanna.

Aðalvandinn í þessu máli er auðvitað sá, hvernig eigi að afla fjár til þess að jafna þennan fjárhagslega aðstöðumun skólanemenda. Það er kannske fyrirhafnarminnst að leggja til, að ríkissjóður greiði þennan kostnað að fullu, og sjálfsagt má rökstyðja það, að það sé réttasta leiðin. En fjárhagsaðstoðin verður að vera til frambúðar, og því þarf að tryggja henni tekjustofna til frambúðar með lagasetningu. Auk þess tel ég meiri horfur á því, að samstaða fengist um þetta mál, ef séð yrði fyrir hinni fjárhagslegu hlið þess frá byrjun, heldur en varpa öllum vandanum á ríkissjóð án þess að sjá honum fyrir tekjum í staðinn.

Í samræmi við þetta, sem ég hef nú drepið á, hef ég ásamt hv. 3. þm. Norðurl. e. flutt það frv. á þskj. 397 um námskostnaðarsjóð, sem hér er til umr. Hlutverk sjóðsins á að vera að veita námsstyrki þeim nemendum í skólum landsins, sem verða að dvelja utan heimila sinna við nám. Það er ætlazt til þess samkv. þessu frv., að styrkjakerfið nái til nemenda á öllum skólastigum, allt frá barnaskólum, en Háskóla Íslands þó sleppt, enda hefur hann sérstakt námslána- og námsstyrkjakerfi.

Þá er lagt til í frv., að tekjustofnar sjóðsins verði tveir: Annars vegar 5% gjald á allar vörur frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og á hvers konar öl og gosdrykki. Hins vegar framlag ríkissjóðs, sem verði á ári hverju um 150 kr. á hvern íbúa í landinu. Þetta síðara er nokkur aukning á því framlagi, sem er í fyrsta sinn á fjárl. nú í þessu skyni, og þetta framlag mundi þá nema miðað við núverandi fjölda í kringum 30 millj. kr. í stað þess, að það eru 10 millj. á fjárl. núna. 5% gjaldið mundi sennilega nema um 70—80 millj. kr. Heildartekjur námskostnaðarsjóðs ættu þá að geta orðið um 95—105 millj. kr. á heilu ári. Ef svo reynist, að fjöldi þeirra skólanemenda, sem rétt ættu til námsstyrkja samkv. þessu frv., sé um 6000 alls, þá gæti námsstyrkur orðið að meðaltali á hvern nemanda um 15—17 þús. kr. En að sjálfsögðu yrðu námsstyrkirnir misháir, vegna þess að námskostnaðurinn er mjög mismikill í skólum landsins og árlegur námstími nemendanna mislangur.

Mér er ljóst, að því fer fjarri, að með þessum ráðstöfunum verði jafnaður að fullu aðstöðumunur nemenda við nám. Hins vegar yrði óneitanlega mikilsverðum áfanga náð í þessu efni. Ef svo er nú, sem ég vona, að almennur áhugi sé á því, að leysa það vandamál, sem þetta frv. fjallar um, þá vaknar sú spurning, hvað það sé í þessu frv., sem einna helzt kynni að geta orðið því til hindrunar. Mér dettur helzt í hug, að það kynni að vera fjáröflunin í námskostnaðarsjóð. Ég get þó varla ímyndað mér, að hv. þm. setji það fyrir sig, þó að hækkuð sé fjárveiting ríkissjóðs úr 10 millj. í 30 millj. Hins vegar er ég í meiri óvissu um hitt, hvernig kunni að verða tekið 5% gjaldinu á munaðarvörurnar, sem ég nefndi. Ýmsum kann að þykja það miður æskilegt að leggja gjald á vörur, en þó hefur þetta verið gert í ýmsum tilvikum, og með þeim hætti hefur ýmsum umbóta- og framfaramálum verið komið fram, sem ekki fengust fram með því að ætla ríkissjóði að greiða kostnaðinn.

Auk þess má nefna, að það er náskylt þessari aðferð, þegar starfrækt eru happdrætti í landinu til þess fyrst og fremst að firra ríkissjóð kostnaði af nauðsynjamálum. Mönnum er í minni, hvernig leyst voru fjárhagsmál Háskóla Íslands, þegar happdrætti hans var stofnað upphaflega, hve mikilvæg starfræksla hefur verið á ýmsum öðrum sviðum, eins og hjá Sambandi ísl. berklasjúklinga, Dvalarheimili aldraðra sjómanna og ýmissa fleiri. Þessi aðferð hefur því oft verið notuð og ég held oftast með ágætum árangri.

Þegar meta skal, hvort réttlátt er að leggja gjald á vörur, þá skiptir að sjálfsögðu miklu máli, í fyrsta lagi, hvort þetta eru nauðsynjavörur, sem verið er að leggja gjaldið á, í öðru lagi, hvort verið er að gera vörurnar óhæfilega dýrar með þessu skattgjaldi, og í þriðja lagi, til hvers eigi að nota skattinn. Í sambandi við þetta frv. er fyrsta atriðinu fljótsvarað. Hér er um munaðarvöru að ræða, en enga nauðsynjavöru, sem lagt er til að leggja gjald á. Annað atriðið þarf nánari athugunar við, hvort vörurnar verði óhæfilega dýrar með því að leggja á þær þetta gjald. Til þess að geta metið það réttilega, þá verður að bera það saman við verð þeirra vara, sem eru nauðsynlegri, svo að úr verði skorið, hvort hér sé óeðlilegur munur á. Þá fyrst er hægt að dæma um það, hvort 5% gjald á áfengi og tóbak og öl og gosdrykki muni gera þessar vörur óhæfilega dýrar. Um þetta hef ég aflað mér nokkurra upplýsinga, annars vegar hjá Hagstofu Íslands um verðhækkanir á helztu matvörunum á undanförnum 10 árum, hins vegar hjá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins um verðhækkanir á helztu tegundum áfengis og tóbaksvara á sama 10 ára tímabili. Verðhækkanirnar á nauðsynjavörum frá því í janúar 1960 þar til í febrúar 1970, sem ég hef fengið upplýsingar um frá Hagstofu Íslands, eru t. d. þessar: Nýmjólk hefur hækkað um 351%, smjör um 155%, smjörlíki um 300%, franskbrauð um 285%, strásykur um 299%, kaffi um 432%, súpukjöt um 485%, neyzlufiskur, þ. e. a. s. ýsa, slægð með haus, um 814% og kartöflur um 1293%. Þarna eru níu tegundir af allra algengustu matvörum, sem hver einasti maður þarf að kaupa. Þetta eru nú verðhækkanirnar á þeim, og meðaltalið á þessum níu matvörutegundum er 490% á undanförnum 10 árum.

En þá kem ég að munaðarvörunum. Verðhækkanir á áfengis- og tóbaksvörum frá 1. janúar 1960 til 31. des. 1969 samkvæmt bréfi frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins eru þessar: Brennivín 182%, genever 138%, viski 121%, borðvín 128%, hvítvín 144%, koníak 65%. Ég les þetta allt upp í heilum tölum, prósentutölurnar. Og meðalhækkunin á þessum áfengistegundum er þá 130% á 10 ára tímabili.

Þá koma tóbaksvörurnar. Á sama tímabili hefur verðhækkun á þeim orðið þessi: Neftóbak 95%, píputóbak 114%, vindlingar 180%, vindlar 101%. Meðalverðhækkun á tóbaksvörunum á þessu

10 ára tímabili er þá 123%. Séu nú þessar munaðarvörur teknar saman, þ. e. a. s. áfengi og tóbak, er meðalverðhækkunin á þeim 126½%. Í þessum samanburði kemur það í ljós, að fyrrnefndar matvörur hækka um 490% á sama tíma og áfengi og tóbak hækkar um 126½%. Ef menn kvarta nú undan 5% verðhækkun á munaðarvörunum, hvað má þá segja um matvörur, sem hækkað hafa á undanförnum árum fjórum sinnum meira en áfengi og tóbak?

Ég kem þá að síðasta atriðinu, sem ég nefndi, en það er: Til hvers á að nota þetta 5% gjald. Það á ekki að þurfa að endurtaka það, sem er meginefni frv. sjálfs, en í fáum orðum sagt er hér gerð alvarleg tilraun til þess að afnema hróplegt misrétti, sem mikill hluti æskufólks verður fyrir víðs vegar um landið. Þetta er tilraun til þess að opna öllum veg til menntunar. Það er tilraun til þess að útiloka þá ömurlegu staðreynd, að æskufólki sé neitað um skólamenntun af fjárhagslegum ástæðum aðstandenda sinna. Og hv. alþm. eiga um það að velja að sjálfsögðu, hvort þeir vilja heldur verða æskufólkinu að liði og greiða götu þess til menntunar, þótt það kosti smávægilega verðhækkun á munaðarvörum, eða hvort þeir vilja eða geta sætt sig við það lengur, að þetta misrétti eigi sér stað gagnvart æskufólkinu í landinu. Ég hef þá trú, að alþm. yfirleitt séu þeirrar skoðunar, að þeir vilji leysa þetta vandamál, og ég vona, að þeir líka geri það á þessu þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

37. Félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna.

Á 58. fundi í Nd., 12. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um félagsmálaskóla verkalýðssamtakanna [179. mál] (þmfrv., A. 410).

Á 60., 61. og 62. fundi í Nd., 16., 17. og 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. hefur verið margflutt og margskýrt, svo að ég sé ekki ástæðu til að rekja nákvæmlega efni þess, enda er efni þess ósköp einfalt og auðskilið, þ. e. að stofnaður verði félagsmálaskóli verkalýðssamtakanna. Frv. nálega samhljóða þessu hefur verið margoft flutt af ýmsum, en að þessu sinni er málið flutt af hv. 10. þm. Reykv. og mér.

Ég held, að það orki ekki tvímælis, að samningsgerðir verkalýðsfélaganna og atvinnurekenda um laun og kjör og vinnuskilyrði eru nú fremur en áður orðnar mjög vandasamt verkefni, sem krefst mikillar þekkingar, jafnvel sérþekkingar, bæði á högum þeirra, sem samningsgerðirnar snerta hverju sinni, sem líka og félagsmálalöggjöf þjóðarinnar, skattalöggjöf, rekstri atvinnuveganna og jafnvel þjóðarbúskaparins í heild. Þetta verkefni er í höndum mörghundruð stjórnarmeðlima í verkalýðsfélögunum og enn þá fleiri trúnaðarmanna verkalýðsfélaganna á vinnustöðum víðs vegar um landið, og á það ekki sízt við um framkvæmdina á gerðum samningum, sem er mikilsverður þáttur í samskiptum aðilanna á vinnumarkaðinum.

Meðferð þessara mála krefst sérstakrar fræðslu. Þótt forystumenn verkalýðsfélaganna hafi fram að þessu orðið að afla sér þessarar þekkingar í reynslu, þá virðist það svo, að það sé erfitt orðið að afla sér hennar með þeim hætti, og þurfi kennsla og bókstafleg skólafræðsla að koma til.

Okkur flm. virðist öll rök mæla með því, að ríkið viðurkenni og kosti slíkan skóla að öllu leyti á líkan hátt og margir skólar annarra stétta eru kostaðir af ríkinu, og má þar nefna bændaskóla, sjómannaskóla, skóla veitingaþjóna og framreiðslumanna o. s. frv. Okkur finnst rökrétt afleiðing af þessu, að hið opinbera viðurkenni skólahald á kostnað ríkisins fyrir fjölmennustu stétt þjóðarinnar, verkalýðsstéttina.

Við flytjum þetta frv. enn þá einu sinni í fullu trausti þess, að að því komi þó að lokum, að Alþ. viðurkenni þessa fræðsluþörf og samþykki frv. sem þetta. Svo er komið, að verkalýðsfélögin hafa ekki getað beðið lengur með það að koma upp vísi að fræðslustofnun. Á s. l. hausti var komið á fót fræðslu- og menningarsambandi verkalýðssamtakanna, og það hóf þegar að koma á fót námskeiðum, sem nú hafa verið haldin tvö á þessum vetri, við svo mikla aðsókn, að ekki hefur verið við ráðið, og margir bíða eftir að komast að. Húsrými er af skornum skammti, og við getum ekki haldið nema örstutt námskeið til þess að koma sem flestum að. En byrjunin er gerð á kostnað verkalýðssamtakanna, en hins vegar verður að viðurkenna það, að fjárhagur verkalýðssamtakanna er ekki svo sterkur, að við getum risið undir því skólahaldi, sem þörf og nauðsyn krefur, og þess vegna leitum við til ríkisins um það, að það kosti slíka fræðslu í formi formlegs skólahalds.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta margflutta, en bráðnauðsynlega frv. og vænti nú, að skilningur sé fenginn á því, að slíks skóla sem félagsmálaskóla verkalýðsfélaganna sé þörf, og að frv. beri því að samþykkja.

Ég legg til, herra forseti, að þegar umr. þessari lýkur, þá verði málinu vísað til heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

38. Almannatryggingar (frv. HV).

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og l. nr. 83 29. des. 1967 [185. mál] (þmfrv., A. 444).

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Þetta frv. er örstutt, það er um það eitt að fella orðin „umfram 7 daga“ niður úr f-lið 49. gr. l. um almannatryggingar, og hljóði þá þessi stafl. gr. þannig: „Dvöl vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun.“ En orðin „umfram 7 daga“, sem nú eru í þessari gr., falli niður.

Þetta er þó meiri breyting á almannatryggingalöggjöfinni en ætla mætti út frá orðanna hljóðan, því að þetta mundi þýða það, að dvöl fæðandi konu á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun yrði greidd af tryggingunum þá 7 daga, sem nú eru undanþegnir greiðsluskyldu tryggingana, en venjulega tekur fæðing, ef hana ber að með eðlilegum hætti, ekki nema 7 daga, og er með þessu furðulega orðalagi komizt hjá því af tryggingunum að taka þátt í sængurlegukostnaði á sjúkrahúsi.

Í 49. gr. l. um almannatryggingar er margsinnis tekið fram, að sjúkrasamlög, héraðasamlög og sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggi ókeypis sjúkrahúsvist að læknisráði. Í upphafi 49. gr. segir svo, orðrétt: „Sjúkrasamlög kaupstaðanna og héraðasamlögin tryggja ókeypis vist í sjúkrahúsi að ráði samlagslæknis, sem samið hefur verið við.“ Ég hygg, að enginn geti af orðalagi þessarar málsgr. dregið aðra ályktun en þá, að öll sjúkrahúsvist sé greidd af tryggingunum. Ef einhver skyldi vera í vafa um það, þá er þó hert betur á í 2. málsgr. sömu gr., því að þar segir: „Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar tryggir samlagsmönnum sjúkrasamlaga nauðsynlega sjúkrahúsvist.“ Og enn er vikið að þessu sama síðar í 49. gr., því að þar er því hátíðlega lýst yfir, að sjúkratryggingadeild tryggi ókeypis alla nauðsynlega sjúkrahúsvist ásamt með hjúkrun, læknishjálp, lyfjum vegna ellikramar og langvinnra sjúkdóma, en eftir þessa ítarlegu réttindaupptalningu kemur þó, að fávitar séu undanskildir, og skyldi maður þá ætla, að þá væru undantekningarnar þar með upptaldar, en það er ekki. Með þessu haglega orðalagi, „umfram 7 daga“, eru einmitt allar sængurkonur, sem dveljast í 7 daga á sjúkrahúsi undanskildar því, að tryggingarnar greiði fyrir þær, og þær verða að bera kostnaðinn sjálfar, þ. e. a. s. í langflestum tilfellum. Þessu er svona fyrir komið í tryggingalöggjöfinni, að það er inngangur að gr., að í samþykktum sjúkrasamlaga skuli tekið fram, hverra réttinda samlagsmenn njóti. Og svo kemur auk þeirra réttinda, sem um ræðir í 1. málsgr. þessarar gr.: „Skal sjúkrasamlag þó ætíð veita þá hjálp, sem hér er talin“ — ætíð. Og svo eru þessi viðbótarréttindi talin upp í stafl. frá a til h, en í f-liðnum segir: „Dvöl umfram 7 daga vegna fæðingar á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun skal greidd,“ en af þessari greiðslu verður ekki, nema orðin „umfram 7 daga“ verði felld niður, og það er efni þessa frv. Þá yrði fæðing á sjúkrahúsi að læknisráði greidd af tryggingunum, en fyrr ekki.

Ég fæ ekki annað séð en upphafið geri ráð fyrir auknum réttindum samkv. þeim stafl., sem koma í gr. En þessi gr. er þó um sviptingu réttinda, hún er um sviptingu réttinda. Hún er um það að undanþiggja fyrstu 7 daga sjúkrahúsdvalar fæðandi konu og leggur þannig greiðsluna yfir á sængurkonuna, sem á sjúkrahúsinu liggur. Mér finnst það vera stórlýti á tryggingalöggjöfinni, að sjúkrahúsvist vegna fæðingar nýs samfélagsborgara skuli heyra til hinna fágætu undantekninga frá því, að sjúkrahúsvist sé greidd af tryggingunum, og óviðunandi missmíði. Þess vegna legg ég til, að orðin „umfram 7 daga“ í f-lið 49. gr. almannatryggingal. séu felld niður, og þannig verði greiðsluskyldan við fæðingu þjóðfélagsþegns færð yfir á tryggingarnar. Þetta virðist, eins og ég sagði áðan, vera smávægileg orðabreyting, en þetta er, og það vil ég að hv. þm. geri sér ljóst, veruleg efnisbreyting á tryggingalöggjöfinni og mundi snerta marga í landinu og verða til mikilla bóta og aukins réttlætis.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vildi bara vekja athygli þd. á, að það er ekki nein smávægileg orðalagsbreyting, sem hér er lögð til. Eins og allir vita, sem hafa fjallað um almannatryggingar og eitthvað við þær starfað, þá hefur það verið frá upphafi svo, að fæðingarstyrkurinn hefur verið greiddur til kvenna, sem börn ala, hvort sem það er í heimahúsum eða á sjúkrahúsi. En sökum breyttra tíma þá hefur það alltaf farið meira og meira í þá átt, að konan hefur kosið að ala barn sitt fremur á sjúkrahúsi en í heimahúsum. Till. Hannibals fjallar í raun og veru um það, að sjúkrasamlögin greiði kostnaðinn á sjúkrahúsunum og fæðingarstyrkurinn sé greiddur að auki áfram. Þetta þýðir 30—35 millj. kr. aukin útgjöld hjá tryggingunum á ári. Og það er ekkert í frv., sem bendir á það, á hvern hátt flm. hugsar sér, að þessum auknu útgjöldum sé mætt.

Svona löguð frv. á enginn þm. að leyfa sér að bera fram, þegar búið er að ganga frá fjárl. Þetta er eintóm syndarmennska, sem menn eiga ekki að leyfa sér.

Annað, sem ég vildi vekja athygli á, sem var blekkjandi í málflutningi flm. Það var, að fávitar væru undanskildir því að fá greiðslu, ef þeir færu inn á sjúkrahús. Þetta er tekið fram í tryggingunum, vegna þess að áður voru þeir undir ríkisframfærslunni, en hún hefur verið nú með breyttum almannatryggingal. tekin einnig undir almannatryggingarnar. Ég vil, að það komi skýrt fram, að auðvitað fái fávitar eins og aðrir, sem þurfa að dveljast á sjúkrahúsi nú, greitt af hálfu hins opinbera, þ. e. a. s. nú í gegnum tryggingarnar, áður var þetta í gegnum ríkisframfærslu.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Skemmtilegt er það nú ekki fyrir fyrrv. Alþýðuflokksmann að heyra Alþýðuflokksmann fara hér upp í ræðustól og segja, að frv. til bóta, stórbóta, á almannatryggingunum ætti enginn þm. að leyfa sér að bera fram, frv., sem nær þó til réttindabóta, að því er hann telur, sem nemur 35 millj. kr. Hann er mér bersýnilega ekki sammála um það, að það sé til lýta á tryggingalöggjöfinni í landinu, að sængurkonur, fæðandi nýja borgara, séu nálega einar undanskildar því að fá sjúkrahúsvist greidda. Ég tel það vera ósæmandi og þá leiðréttingu verði að gera á tryggingalöggjöfinni. Það er rétt hjá honum, það ætti að gera það strax eða gera það núna á þessu þingi.

Það hefur verið um þetta búið þannig, að menn hafa yfirleitt haldið því fram, að öll sjúkrahúsvist væri greidd á Íslandi. En það er fjarri því, að svo sé. Meira að segja, ef sjúkrahúsdvöl vegna fæðingar stendur lengur en 7 daga, en áður voru þetta 9 dagar, og t. d. þarf stórkostlegar læknisaðgerðir í sambandi við fæðinguna, við skulum segja keisaraskurð, þá fær konan samt að bera 7 daga kostnaðinn. Þannig er framkvæmdin, þótt sjúkrahúsvistin sökum fæðingarinnar verði alllöng, og það gerir málið enn verra.

Það var hér beitt þeim rökum um daginn, þegar annað mál var á dagskrá snertandi þessi efnisatriði, að þetta, að greiða ekki sjúkrahúskostnað vegna fæðingar, byggðist á þeirri skilgreiningu, að fæðing væri ekki sjúkdómur. En fæðing er líkamsástand, sem læknar ráðleggja konum að leggjast á sjúkrahús vegna.

Varðandi það, að fávitar væru undanskildir og þar væri um að ræða breytingu frá því, að ríkisframfærsla var lögð niður, þá hafði ég um það engin orð. Ég las bara þann hluta 49. gr. orðréttan og bætti þar engu við. Þar segir, að fávitar séu undanskildir. Og þá sagði ég í framhaldi af því, að þetta virtist þá vera eina undantekningin, en með þessu dulda orðalagi í réttindagr., að undanskildum 7 dögum, þá væru sængurkonur undanskildar líka. Og það er svo sannarlega satt og rétt.

Það bíður núna hér afgreiðslu á hv. Alþ. fjöldi af frv. til lagfæringar á tryggingalöggjöfinni, og sennilega öll þau frv. fjalla um útgjaldaaukningu trygginganna. Það eru þá fleiri en ég svo ábyrgðarlausir að leyfa sér að bera fram breyt. á tryggingalöggjöfinni, en eftir skilningi hv. 9. landsk. þm., þá virðist ekki vera leyfilegt að flytja hér frv. til breyt. á tryggingalöggjöfinni nema til að skemma hana, eftir að fjárl hafa verið afgreidd á hverju þingi. En hvar skyldu nú vera rök að finna fyrir því? Nei, velviljuð ríkisstj., sem vildi gera slíka breyt. á tryggingalöggjöfinni, hvort sem málið væri flutt snemma eða seint á þingi, mundi áreiðanlega hafa einhver úrræði með það að standa undir þessum útgjöldum síðari hluta ársins, þar til næstu fjárl. væru afgreidd og gert væri ráð fyrir þessum útgjaldalið, svo að það er sannarlega ekki hægt að tala um, að það sé neitt hneyksli að flytja slík mál. Menn verða bara að líta á það, hvort efni frv. sé í réttlætisátt, hvort það sé sanngjarnt að gera þessa breytingu eða hvort það sé jafnvel nauðsynlegt, og það hygg ég, að við verðum flestir sammála um, að þarna er um stórlýti að ræða á tryggingalöggjöfinni, sem ber að nema af henni hið fyrsta, þegar á það er bent.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

39. Útgáfa erlendra öndvegisrita á íslenzku.

Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um fjárhagsstuðning við útgáfu erlendra öndvegisrita á íslenzku [187. mál] (þmfrv., A. 447).

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. 1. þm. Vestf. frv. til l. um fjárhagsstuðning við útgáfu erlendra öndvegisrita á íslenzku, enda segir í 1. gr. frv., að það sé markmið fyrirhugaðra l. að styðja útgáfu íslenzkra þýðinga erlendra rita, sem teljast hafa alþjóðlegt menningargildi. Í 2. gr. frv. er svo fyrir mælt, að veita skuli í þessu skyni 1 millj. kr. á ári á fjárl., í fyrsta sinn á fjárl. fyrir árið 1971. Í 3. gr. frv. segir, að fimm manna úthlutunarnefnd skuli ráðstafa fé því, sem ætlað er til styrktar útgáfustarfsemi þessari. Ráðh. skipar úthlutunarnefndina, fjóra fulltrúa samkv. ákveðnum tilnefningum, en hinn fimmta skipar ráðh. án tilnefningar.

Ég vil vekja athygli á því, að það er fyrst og fremst menningarfélög eða menningarstofnanir, sem ætlað er að tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefndina, þ. e. a. s. Háskóli Íslands, Hið íslenzka bókmenntafélag og Þjóðvinafélagið ásamt Menntamálaráði, og auk þess Bóksalafélag Íslands. Þessi háttur á skipan úthlutunarnefndar er okkur flm. meira að skapi í þessu máli en pólitísk skipan n. Við hugsum okkur, að hér sé algerlega um ópólitíska menningarstarfsemi að ræða, og rétt sé að ætla menningarstofnunum þjóðarinnar

eða fulltrúum þeirra að hafa sameiginlega yfirstjórn þessarar starfsemi. Við hugsum okkur þetta sem stuðning við áhugasama bókaútgefendur, en ekki sem sjálfstætt bókaútgáfufyrirtæki. Það eru nægilega mörg útgáfufyrirtæki í landinu, líklega of mörg, þannig að á tölu þeirra er ekki bætandi, en ástæða kann að vera til þess að létta undir með útgefendum, þegar um tiltekna útgáfustarfsemi er að ræða, eins og þegar um er að ræða þýðingar erlendra fræðirita, sem mjög mikill skortur er á hér á landi og þrengir óneitanlega landnám íslenzkrar tungu og þekkingarsvið íslenzku þjóðarinnar.

Nú kunna ýmsir að segja, að sú starfsemi, sem hér er gert ráð fyrir að styrkja, sé lögbundið verkefni Menningarsjóðs og Menntamálaráðs, og ég ber engar brigður á sannindi þeirrar fullyrðingar í sjálfu sér. Okkur flm. er fullljóst, að Menningarsjóði er í raun og veru ætlað það hlutverk ásamt öðru, að vinna að útgáfu þýðinga á erlendum ritum. Við viljum meira að segja leggja áherzlu á þetta hlutverk Menningarsjóðs og teljum miður farið, að sjóðurinn hefur ekki reynzt þess *umkominn að sinna þessu hlutverki sínu*. Þess vegna skulum við ekki blanda saman að þessu sinni umr. um Menningarsjóð og hlutverk hans, a. m. k. ekki of einhliða. Ég held, að mér sé óhætt að segja það fyrir hönd okkar beggja flm., að við erum talsmenn þess og því mjög fylgjandi, að útgáfustarfsemi Menningarsjóðs verði efld á grundvelli gildandi l. um Menningarsjóð og Menntamálaráð, og ef svo skyldi reynast, að l. sníði Menningarsjóði of þröngan stakk að einhverju leyti, þá mundum við mæla með breyt. á l. Með því frv., sem hér liggur fyrir, er því ekki verið að skerða athafnamöguleika Menningarsjóðs né fara inn á verksvið hans í sjálfu sér. Markmið þessa frv. er að koma til móts við þá útgefendur í landinu, sem áhuga hafa á menningarlegri þýðingarstarfsemi, og engum einum aðila ætlað í því efni nein einkaréttaraðstaða. Það er einnig von flm. frv., að sú skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, verði til þess að „samstilla kraftana“ í þessu mikilsverða máli, koma á skynsamlegu starfi bókaútgefenda, bæði einstaklinga og bókmenntafélaga um útgáfu erlendra menningarrita á íslenzku máli.

Allir, sem annars hirða um að hugsa um þetta mál, eru samdóma um, að ein höfuðnauðsyn í íslenzku menningarlífi sé að þýða sem mest af erlendum öndvegisritum, sem teljast hafa alþjóðlegt menningargildi. Það er m. ö. o. nauðsynlegt að hafa tiltæk á íslenzku máli sem flest þau rit, sem óumdeilanlega hafa markað spor í þróunarsögu mannkynsins eða snerta hagi manna og hugsun um gervalla heimsbyggðina að meira eða minna leyti á einn eða annan hátt. Slík rit eru mörg og margvísleg, og að sjálfsögðu geri ég enga tilraun til þess að telja þau upp. Sum þessara rita eru að vísu til á íslenzku, en þó svo sárafá, þegar betur er að gáð, svo sorglega fá. Auk þess koma svo til ýmis önnur rit, sem e. t. v. eru ekki klassísk eða svo mikil fyrir sér, að þau hafi bein áhrif á hugsun og hegðun heils eða hálfs mannkynsins, en þó eru þau mikilvæg fræðirit og upplýsandi um vísindin og þekkinguna, eins og þau eru á hverjum tíma. Þau geta haft mikið gildi fyrir sinn tíma sem framlag til fræða og vísinda á því stigi og eiga því erindi til allra þjóða og allra einstaklinga, sem vilja fylgjast með því, sem er að gerast á hinum ýmsu sviðum mannlegrar hugsunar og athafna.

Því miður hafa Íslendingar sjálfir eða fræðimenn þeirra og rithöfundar aðeins takmarkaða möguleika til þess að sinna öllum þörfum menntafúsrar þjóðar fyrir vísindalega uppfræðslu með ritstörfum á íslenzku, auk þess sem íslenzk fræðimannastétt og vísindamannastétt er bæði fámenn og starfandi á þröngu sviði. Þetta er ekki sagt íslenzkri vísindamannastétt til ámælis né verið að gera lítið úr möguleikum hennar. Hér er aðeins um að ræða einn vanda þess að vera af fámennri þjóð og tala tungu, sem af fáum er skilin. Við verður að gera okkur grein fyrir, að slíkar aðstæður setja okkur vissar skorður. Raunar á þetta ekki við um Íslendinga eina, þetta á við um allar smáþjóðir, þótt fjölmennari séu en Íslendingar. Eitt ráðið til þess að ryðja þessum skorðum úr vegi, þeim skorðum, sem setja menningarheimi smáþjóðanna takmörk, er að þýða erlend *menningarrit á hlutaðeigandi tungumál*. Í þessu er fólgin að líkindum auðveldasta leiðin til þess að koma í veg fyrir menningarlega einangrun eða stöðnun fræðilegrar ástundunar og þekkingar. Með þessum hætti mundi áhugasömum lesendum opnast leið til gagnlegrar sjálfsmenntunar, auk þess sem þýðingarnar mundu hafa ómetanlegt gildi sem hjálpartæki við kennslu í skólum landsins. Þýðingarnar hafa með öðrum orðum almennt menntunargildi, þær ættu að geta orðið með beinum eða óbeinum hætti eins og þáttur í fræðslukerfinu. *Slíkt er síður en svo lítilvægt*, því að fátt er nú nauðsynlegra en efling almennrar menntunar í landinu auk margs konar sérmenntunar og þjálfunar í verklegum efnum. En þýðingar úr erlendum tungumálum hafa einnig annað gildi, engu ómerkara. Þýðingar hafa bein áhrif á þróun tungunnar. Þýðingar „stuðla að verndun tungunnar og auðga hana stórum með því að klæða fjölda erlendra hugsana og staðreynda í íslenzkan búning,“ eins og Sigurður Nordal orðar það í merkri ritgerð um þýðingar í tímaritinu Skírni árið 1919. Ég vil leyfa mér að vísa áhugasömum mönnum um þetta efni á þessa ágætu ritgerð Sigurðar Nordals. Hún er jafn tímabær hugvekja um mikilsvert menningarmál í upphafi 8. tugar tuttugustu aldar og hún var í lok annars tugar aldarinnar.

Af því að ég er að minnast á áhrif bókaþýðinga á þróun tungunnar og af því að mér er tiltæk ein bók, sem ég hef við höndina, bók, sem er lifandi sönnun um sanngildi þessarar fullyrðingar, langar mig að vitna til hennar í örstuttu máli. Að sjálfsögðu hafa mörg önnur þýdd ritverk haft jákvæð áhrif á þróun tungunnar, auðgað hana að orðaforða og stuðlað að endurnýjun hennar, engu síður og e. t. v. miklu meir en þessi bók, sem ég hef í huga. Árið 1886, eða fyrir nærfellt 84 árum, sama árið og Sigurður Nordal fæddist norður í Vatnsdal, kom út bók á vegum Hins íslenzka þjóðvinafélags, sem nefndist Um frelsið, eftir John Stuart Mill í þýðingu ungs blaðaritstjóra og alþm., Jóns Ólafssonar. Þessi bók fjallaði um efni, sem varla hafði verið rætt

né ritað um á Íslandi, áður en bókin kom út. Í bókinni sjálfri segir, með orðum þýðandans, að hún fjalli „um þegnfrelsi eða félagsfrelsi, um eðli og takmörk þess valds, sem mannfélagið hefur rétt til að hafa yfir einstaklingum.“ Bókin er ekki ýkja stór, hún er um 230 bls. í mjög litlu broti. Ókunnugum kynni því að virðast, að það hefði verið tiltölulega létt verk og auðunnið fyrir sæmilega ritfæran mann að snara henni á móðurmál sitt. Jón Ólafsson var ritfær í bezta lagi og kunni vel ensku, og íslenzku kunni hann flestum betur um sína daga. En þýðingin á bók Stuarts Mills var ekkert áhlaupaverk. Þýðandinn rak sig óþyrmilega á þá staðreynd, að ekki eru á Íslandi til orð um allt, sem er hugsað á jörðu, svo að farið sé gáleysislega með vísupart eftir frægan höfund og honum öfugt snúið. Reynsla Jóns Ólafssonar varð því sú, sýnist mér, að hann varð að smíða að meðaltali u. þ. b. eitt nýyrði á hverri síðu, áður en hann fékk lokið bókinni. Flest þessara orða mun Jón hafa búið til sjálfur, önnur sótti hann í fornt mál og yngdi upp merkingu þeirra, og sum hefur hann án efa lært af samtímamönnum sínum. En samkv. orðaskrá um nýyrði og óvenjuleg orð aftast í bókinni eru nýyrði hátt á þriðja hundrað. Það er fróðlegt að lesa þessa nýyrðaskrá eftir 84 ár. Að sönnu hafa mörg nýyrðanna ekki fest rætur í málinu, og sum hljóma ankannalega í eyrum okkar nú á tímum, en það hlýtur þó að vekja meiri athygli, hversu mikill fjöldi nýgervinga Jóns Ólafssonar hefur lifað, svo að orðin eru nú á hvers manns vörum.

Til gamans skal ég lofa ykkur að heyra á milli 30—40 orð, valin af handahófi, sem er að finna í nýyrðaskránni aftan við þýðingu Jóns Ólafssonar á bókinni Um frelsið eftir John Stuart Mill. Öll þessi orð voru óþekkt eða mjög fágæt fyrir 85 árum, en öll eru þau okkur munntöm nú og vekja enga eftirtekt. Ég skal lofa ykkur að heyra þessi orð: Afbrigðilegur, bandalag, dómgreind, eldmóður, félagslund, fjölbreytni, fjölhæfi, fjölhæfni, formælandi, þ. e. talsmaður, frumkvæði, frumlegur, frumleiki, hugðarefni, hugnæmur, íhlutun, jákvæður, neikvæður, misbeita, ófremdarástand, ofstækismaður, raunhæfur, raunvísindi, réttmætur, rétttrúaður, rétttrúnaður, rökleiðsla, rökræða, samkeppni, sérlyndi, siðmenning, skilgreina, smásálarskapur, sem er þýðing á enska orðasambandinu lowness of mind, stjórnmálamaður, umburðarleysi, uppeldisáhrif, valdhafi, vanmeta, viðfangsefni, viðtækur, þröngsýnn eða narrow-minded.

Þetta voru nýyrði eða fágæt orð fyrir u. þ. b. 85 árum, en nú eru þau lifandi mál í hvers manns munni. Ég tók þetta sem dæmi um áhrif góðra þýðinga á verndun tungunnar og það, hversu þær geta auðgað hana af orðum og hugtökum. Góðir þýðendur eru landnámsmenn og frumherjar í ríki móðurmálsins. Það væri fróðlegt og gagnlegt að geta vitnað meira til Skírnisgreinar Sigurðar Nordals frá 1919 máli því til stuðnings, sem hér er til umr. Ógerningur er að hafa þá ritgerð alla yfir, vegna þess hversu löng hún er og ákaflega ítarleg. Í upphafi ritgerðar sinnar varpar Sigurður Nordal fram þessari spurningu: „Hvað er það í menningu okkar, sem Íslendingi verður minnisstæðast, þegar hann hugsar til hennar handan um haf?“

Höfundur svarar sjálfum sér með þessum orðum: „Íslenzk alþýðumenntun.“ Og hann bætir við: „Íslenzk alþýðumenntun er gömul, og íslenzk alþýða er næm á menntandi áhrif.“ Og ennfremur segir Sigurður Nordal: „Íslenzk alþýðumenntun byggist á sjálfsmenntun.“ Af þessu dregur Sigurður þá ályktun, að nauðsyn beri til að auðvelda íslenzkum almenningi leið að hinum tiltækustu þekkingarmiðlum. „Hver eru helztu meðöl sjálfsmenntunar og annarrar menntunar?“ spyr Sigurður Nordal, og hann svarar sér sjálfur: „Það eru bækurnar.“ Mig langar að mega lesa stuttan kafla orðrétt úr ritgerð Sigurðar Nordals, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bókunum finnur maðurinn heim, sem er óendanlega auðugri en það brot af lífinu, sem hann á kost á að kynnast. Í þessum heimi á hann kost á að fá fangið fullt af dýrustu gersemum mannsandans. Vísindamaðurinn gefur honum þekkingu sína, vísindaaðferðir og hugsanir, skáldið drauma sína, lífsspeki og dýrustu tilfinningar. Hann getur ferðazt með landkönnuðinum, setið til borðs með vitringunum, kannað djúp rúms og tíma. Ekkert er fjarstæðara en að líta á bækur og líf sem andstæður,“ segir Sigurður Nordal. „Bækur eru líf, niðursoðið líf, safinn úr lífinu, reynsla og hugsanir forfeðra okkar og samtímamanna. Hverrar menntunar, sem við leitum, rekumst við alls staðar á bækurnar sem greiðustu leiðina að henni.“

Þannig skrifaði Sigurður Nordal fyrir rúmum 50 árum. Sigurður Nordal lagði í þessari ritgerð höfuðáherzlu á, hversu alþýðumenntun væri á háu stigi á Íslandi og hversu almenningur hér væri fróðleiksfús og næmur á menntandi áhrif. Hann benti einnig á nauðsyn þess, að stuðlað yrði sem lengst að viðhaldi íslenzkrar alþýðumenntunar og þar með sjálfsmenntunar. Hann segir, að sér væri það ljúf hugsun, ef á Íslendinga framtíðarinnar mætti líta sem fyrirmyndarþjóð í jöfnuði menntunar og manngildis. Og hver er sá, sem ekki vill taka undir þessi orð Sigurðar Nordals? Það kann að vera, að ýmsum þyki hann leggja mikið upp úr sjálfsmenntuninni. Einkum mætti okkur e. t. v. finnast það, sem þykjumst skilja gildi skólagöngu og skólanáms og viljum efla skólastarfið í landinu. En okkur er áreiðanlega hollara að fara hér með nokkurri gát í samanburði. Án minnsta efa hefur sjálfsmenntunin jafnmikið gildi nú og hún hafði fyrrum. En hitt ætti mönnum að vera ljósara nú en mörgum var áður fyrr, að einhliða og einhæf menntun og þá ekki síður sjálfsmenntun en önnur getur reynzt tvíeggjað sverð. Hún getur jafnvel snúizt í andhverfu sína, ef menn lifa lengi á mjög einhæfu andlegu fóðri. Því miður er svo háttað þekkingarmiðlun á Íslandi nú og hefur lengi verið, að hætta er á, að þekkingarsvið Íslendinga verði í þrengra lagi, a. m. k. þrengra en það þyrfti að vera. Sigurður Nordal impraði raunar á þessu í margvitnaðri grein sinni í Skírni, svo að þetta er ekki nein sérstök speki frá mér eða hv. 1. þm. Vestf. Það, sem Sigurður taldi fyrir meira en 50 árum, að væri ábótavant öðru fremur í bókmennta- og fræðiviðleitni Íslendinga, var skortur

þýðinga á erlendum úrvalsbókum. Þetta er jafnsatt nú eins og það var fyrir hálfri öld.

Eins og segir í grg. fyrir þessu frv., þá orkar menningargildi þýðinga hér á landi mjög tvímælis, og á því sviði fer yfirleitt meira fyrir magni en gæðum. Þýðingar eru vanræktur þáttur í bókmenntum Íslendinga. Þær eru tilviljanakenndar, einhæfar og fáskrúðugar og oft beinlínis skaðlegar máli og menningu í stað þess að vera því til styrktar og eflingar. Á þessu sviði er mikill akur óplægður, mikið verk óunnið. Sú er von flm., að framkvæmd þeirrar hugmyndar, sem hér er hreyft, verði til þess að örva útgáfu erlendra öndvegisrita í vönduðum þýðingum, enda ber til þess ærna menningarlega nauðsyn. Þrátt fyrir almennari málakunnáttu nú en áður, eru ekki líkur til þess, að hún endist öllum til þess að notfæra sér erlend fræðirit um sérgreind og torskilin efni, og kemur þar margt til, m. a. það, að venjulegt tungumálanám í skólum er takmörkum bundið að efni og orðaforða. Öllum þorra manna er miklu aðgengilegra þrátt fyrir skólalærdóminn að lesa bækur á móðurmáli sínu en erlendum tungum, ekki síst þegar um er að ræða vandlesnar bækur um framandi og torskilin efni.

Herra forseti. Ég hef nú gert nokkra grein fyrir ástæðum þessa máls og mun láta máli mínu lokið. Ég teldi mjög mikils vert, að þetta mál gæti náð fram að ganga, þótt nokkuð sé liðið á þingtímann. Málið er ekki umfangsmikið og ekki vandasamt í meðförum. Hins vegar er hér um mikið menningarmál að ræða, sem ég vona, að Alþ. og ríkisstj. gefi gaum, svo sem maklegt er.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

40. Íþróttasamskipti Íslendinga við erlendar þjóðir.

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sjóð til stuðnings íþróttasamskiptum Íslendinga við erlendar þjóðir [189. mál] (þmfrv., A. 458).

Á 67., 68., 69., 70., 71., 72., 75., 76. og 78. fundi í Nd., 2., 6., 7., 9., 13., 14., 16. og 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 458 frv. til l. um sjóð til stuðnings íþróttasamskiptum Íslendinga við erlendar þjóðir. Um þetta mál er það almennt að segja, að það ber til þess brýna nauðsyn að taka fjármál íþróttahreyfingarinnar til sérstakrar endurskoðunar og athugunar í heild, og að því miðar þáltill. þriggja framsóknarmanna, sem nú liggur fyrir Alþ. og er til skoðunar í fjvn. En þetta frv. mitt fjallar um mjög mikilvægan þátt þessa máls, kannske mikilsverðasta þáttinn hvað snertir fjármál íþróttahreyfingarinnar, en það eru samskipti íslenzkra íþróttamanna við erlenda keppinauta og um þátttöku íslenzkra íþróttamanna á erlendum kappmótum í íþróttum.

Það hefur stundum verið reynt að gera lítið úr frammistöðu íslenzkra íþróttamanna á erlendum vettvangi, en ég held, að það sé engin ástæða til þess fyrir okkur að gera lítið úr henni. Það fer a. m. k. eftir því, hvernig á allar aðstæður er litið. Sannleikurinn er sá, að íslenzkir íþróttamenn hafa oft staðið sig með ágætum, bæði hópar og einstakir menn. Þess er t. d. að minnast, að eftir styrjöldina síðustu áttu Íslendingar marga mjög góða frjálsíþróttamenn, sem stóðu framarlega í hópi íþróttamanna í Evrópu. Frjálsíþróttamenn okkar margir þá voru, má segja, stór nöfn í Evrópu, ef við minnumst manna eins og Clausensbræðranna, Torfa Bryngeirssonar, Gunnars Husebys og fleiri slíkra manna, sem voru mjög kunnir í Evrópu fyrir u. þ. b. 15—20 árum. Og nú í vetur tóku Íslendingar þátt í heimsmeistarakeppni í handknattleik í Frakklandi og voru þar á meðal 12 beztu liða heims í keppni og stóðu sig eftir atvikum. Og nú nýverið hefur íslenzkt handknattleikslið, handknattleikslið unglinga, orðið Norðurlandameistarar, þannig að það er alveg augljóst mál, að við eigum marga ágæta íþróttamenn, sem eru hlutgengir á erlendum vettvangi, jafnvel á heimsmælikvarða. Það er a. m. k. samdóma álit manna, sem til mega þekkja, að við eigum sérstaklega góð íþróttamannsefni. Við eigum efnivið í mjög góða íþróttamenn, eins og kom t. d. fram í sambandi við Norðurlandakeppnina í handknattleik unglinga. Og við megum ekki láta eins og þetta mál sé einskis virði, því að þetta hefur ákaflega mikið gildi fyrir land og þjóð. Þetta er til sæmdar fyrir land og þjóð og í þessu fólgin mikil landkynning og óhætt að segja, að það hafi margs konar gildi, bæði siðferðilegt gildi og hagnýtt gildi raunar líka. En hitt er svo annað mál, að það er eins og ekki verði alltaf nógu mikið úr íþróttamannsefnum okkar, og þá er ástæða til þess að spyrja, hvers vegna það sé. Og svarið við því verður það, að það er vegna þess, að þeir búa við miklu þrengri kost en íþróttamenn hinna stóru og fjölmennu landa. Og þar held ég, að fjárskorturinn sé efst á blaði. M. a. í því formi, að íþróttahreyfingin hefur ekki efni á því að halda uppi eðlilegum íþróttasamskiptum við erlendar þjóðir, eða kosta nógu miklu til undirbúnings og þjálfunar einstakra manna og kappliða, þannig að íþróttahreyfingin hefur ekki yfir nægilegu fé að ráða og hefur ekki á nógu öruggum og nógu ríflegum tekjustofnum að

byggja. Úr þessu verður að bæta með einhverjum hætti. Það er nauðsynjamál fyrir íþróttastarfsemina í landinu, ef ekki á svo að fara, að íþróttasamskipti við aðrar þjóðir falli að verulegu leyti niður eða a. m. k. minnki stórlega frá því sem nú er. En íþróttasamskipti á milli þjóða eru mjög stór og mikilvægur þáttur í allri íþróttastarfsemi í heiminum og raunar í almennum vináttu- og menningarsamskiptum þjóða. Ég held, að það sé hin mesta nauðsyn, ef við eigum að halda uppi eðlilegum samskiptum og landkynningu fyrir okkar þjóð og okkar land, að hafa aðstöðu til þess að senda íþróttamenn okkar á mót erlendis og gefa þeim tækifæri til þess að keppa þar á jafnréttisgrundvelli við íþróttamenn annarra þjóða.

Eins og ég segi, fjallar þetta frv., sem ég flyt hérna, um vissan þátt íþróttamálanna. Það er nauðsynlegt að sjálfsögðu að taka öll fjármál íþróttahreyfingarinnar til skoðunar. Um það hafa nokkrir hv. þm. flutt sérstaka þáltill., en þetta frv. mitt fjallar sem sagt um þennan sérstaka þátt, það, sem varðar íþróttasamskipti Íslendinga við erlendar þjóðir.

Í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því, að stofnaður verði sérstakur sjóður, sem veiti sérsamböndunum innan ÍSÍ styrki vegna undirbúnings og þátttöku landsliða, — eins og segir í greininni, — í heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandakeppni, þannig að hér er ekki beinlínis farið fram á það að styðja öll íþróttasamskipti, heldur þau íþróttasamskipti, sem teljast mega mikilvægust, en það eru þessi, sem upp eru talin í gr., heimsmeistarakeppni, Evrópukeppni og Norðurlandakeppni. Jafnframt eru ákvæði í 2. mgr. 1. gr. um það, að ef fjárhagur þessa fyrirhugaða sjóðs leyfi að styrkja önnur íþróttasamskipti, þá sé stjórn sjóðsins heimilt að gera það.

Í 2. gr. frv. er ákvæði um, hvert stofnframlag til sjóðsins skuli vera, og er þar lagt til, að það verði 2 millj. kr. af ríkisfé á árinu 1971, það verði stofnframlag ríkisins til þessa sjóðs. Og þar eru einnig ákvæði um það, að ríkisstj. sé heimilt að leggja þetta stofnfé fram nú þegar, annaðhvort að öllu eða nokkru leyti. Og einnig er sjóðsstjórninni heimilt að ákveða það, að stofnframlagið skuli ætíð standa inni sem óskertur höfuðstóll, en vöxtum af þessum höfuðstól yrði varið til þeirra þarfa, sem þarna er gert ráð fyrir.

Að öðru leyti eru um tekjur sjóðsins ákvæði í 3. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir því, að tekjurnar verði fyrst og fremst árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé eigi minna en 1 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1972, og í öðru lagi, að það verði frjáls framlög annarra aðila, einstaklinga, félaga eða fyrirtækja, og í þriðja lagi, að tekjur sjóðsins kunni að verða vaxtatekjur af stofnframlaginu, ef sjóðsstjórnin ákveði að láta stofnframlagið standa inni sem óskertan höfuðstól.

Í 4. gr. frv. er ákvæði, sem vert er að leggja áherzlu á, en þar segir, að ef einstaklingur eða félag eða fyrirtæki leggi fram fé í þennan íþróttasamskiptasjóð, þá skuli framlagið vera frádráttarbært við álagningu tekjuskatts og útsvars, enda fari framlagið ekki yfir 60 þús. kr. Hér er að mínum dómi um nokkuð mikilvægt atriði að ræða í þessu frv. Þarna er opnuð leið fyrir einstaklinga eða fyrirtæki og félög, til þess að leggja fram fé til íþróttahreyfingarinnar, og fá það dregið frá, þegar lagður er á tekjuskattur og útsvar. Þetta er mjög mikilvægt atriði í þessu frv. og vert að leggja á það áherzlu, að þarna er opnuð leið að þessu leyti. Og ég er ekki frá því, að þetta geti einmitt haft mjög praktiska þýðingu. Það er engan veginn dæmalaust í skattalögum, að svona ákvæði séu fyrir hendi, að heimilt sé að draga frá, áður en útsvar og skattur er lagt á, framlög til menningarmála og líknarmála, og ég held, að þetta sé mjög mikilvægt atriði og vil leggja sérstaka áherzlu á það.

Í 5. gr. eru ákvæði um skipun sjóðsstjórnarinnar og ákvæði um það, að menntmrh. fari með málefni sjóðsins og að stjórn sjóðsins skuli skipuð þremur mönnum, sem eru ráðuneytisstjórinn í menntmrn., formaður, forseti Íþróttasambands Íslands og formaður fjvn. Alþ. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa yfir þessum sjóði mjög fjölmenna stjórn. En ég hygg, að eins og þarna er gert ráð fyrir í 5. gr., sé það eðlileg skipan, þ. e. ráðuneytisstjórinn í menntmrn., enda fer menntmrn. með málefni sjóðsins yfirleitt og íþróttamálanna, og forseti Íþróttasamband Íslands, því að þetta frv. snertir Íþróttasamband Íslands og sérsambönd þess fyrst og fremst, og einnig tel ég eðlilegt, að Alþ. sé með einhverjum hætti tengt sjóðsstjórninni, og ég sé ekki, að það fari illa á því, að formaður fjvn. skipi sæti stjórnarmanns í sjóðsstjórninni.

Ég skal nú ekki, herra forseti, hafa um þetta frv. fleiri orð, en ég legg til, að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

41. Útsvars- og skattfrádráttur aldraðs fólks.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem nýtur ekki lífeyrissjóðsréttinda [190. mál] (þmfrv., A. 459).

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Við höfum leyft okkur, tveir þm., að flytja frv. til l.

um sérstakan útsvars- og skattfrádrátt aldraðs fólks, sem ekki nýtur lífeyrissjóðsréttinda. Flm. ásamt mér er hv. 2. þm. Reykn. Við höfum flutt þetta mál einu sinni áður, og þá talaði ég nokkuð ítarlega fyrir því og ástæðum þessa máls, en ef segja á í stuttu máli, um hvað þetta frv. fjallar, sem er vissulega ekki langt að efni, þá fjallar það um sérstakan ellifrádrátt í sambandi við álagningu útsvars og skatta.

1. gr. frv. hljóðar þannig:

„Hafi skattgreiðandi, sem eigi nýtur lífeyrissjóðsréttinda, náð 70 ára aldri, skal til viðbótar öðrum frádrætti draga sérstaklega frá tekjum hans, áður en tekjuskattur og útsvar er á hann lagt, a. m. k. 50 þús. kr., ef hann er einhleypur, en 75 þús. kr., ef hann á maka á lífi. Ákvæði þetta gildir ekki um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.“

Eins og menn sjá af þessu, er hér um að ræða *réttarbót fyrir vissan hóp aldraðs fólks, en að* sjálfsögðu ekki hvern einasta mann, sem nær þessum háa aldri. Hér er aðeins um að ræða réttarbót fyrir vissan hóp aldraðs fólks, þ. e. a. s. *vinnufært aldrað fólk, sem vill sjá sér farborða,* og fólk, sem ekki nýtur lífeyrissjóðsréttinda, þ. e. a. s. fólk, sem aðeins hefur ellilífeyri almannatrygginganna af að lifa.

Nú er það svo, að fjöldi fólks er vel vinnufær eftir 70 ára aldur, og það er einnig vinnufúst. Og ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess að meina öldruðu fólki að vinna fyrir sér, á meðan það getur og meðan það vill. Það er a. m. k. engin ástæða til þess að gera slíkt. Hins vegar er líka á margan hátt óeðlilegt að skattleggja að fullu þetta aldraða fólk, vegna þess að jafnvel þótt það sé á þessum aldri, um sjötugt og eftir það, vel vinnufært, þá náttúrlega sér hver maður, að þetta fólk er komið að lokum starfsævinnar. Ég held, að það sé alveg sérstaklega nauðsynlegt að líta með skilningi á hag þess fólks, sem ekki nýtur lífeyrissjóðsréttinda og verður að láta sér lynda ellistyrkinn eða ellilífeyri almannatrygginganna, verður að láta sér hann lynda sem framfærslulífeyri í ellinni.

Ég býst við, að margir þekki það af kynnum við aldrað fólk, að það er eiginlega kvíðaefni fyrir þetta fólk að eiga það yfir höfði sér að lifa af ellilaununum, ellistyrknum einum saman, vegna þess að hann er svo lágur, að það er alveg útilokað, að heilbrigt fólk eða fólk, sem vill lifa eðlilegu og heilbrigðu lífi, geti haft hann einan sem framfærslueyri. En því miður er það svo enn, að ákaflega stór fjöldi fólks í landinu verður að búa við þessi kjör. Mér skilst, að ellistyrkurinn eða ellilífeyrir almannatrygginganna verði nú frá þessum mánuði og eftir það 45 þús. kr. á ári, þegar um einstakling er að ræða, og, ég held rúm 81 þús. á ári fyrir hjón. Og það sjá náttúrlega allir af þessu, að hér er um mjög lágan framfærslueyri að ræða, og auk þess er það ákvæði, að þetta er einstaklingsbundið, þannig að í hjónabandi, þar sem miseldri er með hjónum, við skulum segja, að eiginmaðurinn, sem oft er nokkrum árum eldri en konan, en er þó fyrirvinna heimilisins, hafi náð 67 ára aldri, en konan er yngri, þá hafa þessi hjón aðeins úr að spila 45 þús. kr. frá almannatryggingunum. Þess vegna er það og ég vil leggja áherzlu á það hér og benda hv. þm. á, að það er ákaflega mikil hvöt hjá mörgum og líklega flestum, sem búa við þessi kjör, að vinna svo lengi fram eftir og eftir 70 ára aldur, sem möguleikar eru á. Og ég sé ekki, að það sé nein ástæða til þess að hindra það. En þess vegna held ég, eins og við leggjum hér til í þessu frv., að það sé sanngjarnt og það sé réttlátt að ívilna þessu aldraða fólki, sem er þó að bisa við að vinna fyrir sér, létta skatta þess og útsvör og að festa þá ívilnun, sem hér er um rætt, í lög. Það er tilgangur þessa frv.

Ég vil enn leggja áherzlu á það, sem ég hef gert, að auðvitað er það takmarkaður hópur, sem nýtur réttinda samkv. þessu. Þessu frv. er aðeins ætlað að ná til viss hóps manna, enda hefur sá hópur, sem hér um ræðir, ekki öðlazt þau réttindi með neinum hætti, sem ýmsir aðrir hafa áunnið sér. Hér er um það fólk að ræða, sem ég tel, að eigi við einna óvissust kjör að búa í ellinni að því leyti, að það verður að láta sér nægja þennan nauma ellistyrk einan sér til lífsframfæris. Og ég vil minna á það, eins og greinilega *kemur fram í 1. gr. frv., að þessu er ekki ætlað* að ná til lífeyrissjóðsfélaga eða þeirra, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur. Okkur þótti rétt að slá þann varnagla, að sjálfstæðir atvinnurekendur *nytu ekki réttinda samkv. þessu frv., en e. t. v.* kann að vera, að þetta sé ekki að öllu leyti réttlátt, en hins vegar er augljóst, að með þessu móti eru réttindi samkv. frv. mjög mikið takmörkuð *og miklu síður ástæða til að óttast,* við skulum segja, að stöndugir menn og verulegir efnamenn nytu þarna óverðskuldaðra fríðinda. Ég held því, að þetta frv. mundi fyrst og fremst ná til verkamanna og launamanna ýmiss konar, *sem ekki* er hægt að telja í hópi efnafólks, launamanna, sem ekki hafa sjálfstæða vinnu, heldur verða að láta sér nægja það, sem þeir geta innunnið sér hjá öðrum og í annarra þjónustu. Ég held, að þetta sé sanngjörn aðferð, — náttúrlega með öðru, — til þess að létta undir með ýmsu öldruðu fólki, og þetta er skynsamleg leið til þess að koma til móts við sjálfsbjargarviðleitni hins aldraða fólks. Og ég held, að það sé mjög mikilvægt atriði einmitt að koma til móts við gamla fólkið að þessu leyti við sjálfsbjargarviðleitni þess, og þessi frádráttur, sem þarna er fyrirhugaður, hefur þann tilgang, að fólki verði kleift að spara saman, leggja fyrir til allra síðustu æviára sinna, þegar vinnuævi hlýtur að ljúka.

Ég vil líka geta þess, að í raun og veru er þetta frv. liður í þeirri stefnu, sem ryður sér hvarvetna til rúms í heiminum, a. m. k. þar sem félagsmál eru yfirleitt á dagskrá, að reyna að vinna þannig að velferðarmálum aldraðra, að aldraða fólkið geti sem lengst séð um sig sjálft af eigin framfærslutekjum og haldið eigin heimili, svo lengi sem heilsa og geta leyfir. Nú eru flestir menn yfirleitt komnir á þá skoðun, sem hugsa verulega um þessi mál, að það sé ekki aðalatriðið og eigi ekki að vera að byggja sem mest af elliheimilum. Vitanlega verður að byggja elliheimili, og ég er alveg sannfærður um, að það er þörf þess hér á landi, en það má ekki líta á það eitt, það er ekki endilega aðalatriðið, vegna þess að það liggur alveg fyrir statistiskt, að það er

aðeins lítill hluti aldraðs fólks, sem er þannig á sig kominn, að hann þurfi að vera á slíku vistheimili. Og þess vegna hafa menn bent á aðrar leiðir eða aðrar aðferðir til þess að sjá hag hinna öldruðu borgið. Í stað þess að hrúga þeim inn á elliheimili holt og bolt, þá er leitazt við það að gefa aldraða fólkinu tækifæri til þess að búa á sínum eigin heimilum, stuðla að því, að hjón geti verið saman í sínum gömlu og góðu íbúðum eða þá í hagkvæmum íbúðum fyrir aldrað fólk, ef svo ber undir.

Við flm. þessa frv. leggjum áherzlu á það, að það beri einmitt að leita annarra ráða en þeirra, að það, sem gert er fyrir gamla fólkið, sé fyrst og fremst það, að byggð séu elliheimili á vegum hins opinbera og þannig öllu stjórnað ofan frá. Við teljum, að það þurfi að leitast við einmitt að gefa aldraða fólkinu tækifæri til þess að vinna sem lengst fyrir sér, vera sjálfs sín sem allra lengst og, sem sagt, stuðla að sjálfsbjargarviðleitni hinna öldruðu, svo lengi sem þess er kostur. Og það er alveg áreiðanlegt, að hamingju þessa fólks er betur borgið með þeim hætti en á þann gamla, góða hátt að ætla því vist á elliheimilum, hvort sem heilsan krefst þess eða ekki. Þetta er mikið alvörumál, en því miður engan veginn nógu vel hugsað og nógu rækilega hugsað yfirleitt af áhrifamönnum, en ég held þó, að það séu að opnast augu ráðamanna fyrir því, að fyrir aldraða fólkið verður að gera eitt og annað og í öðru formi en hingað til hefur verið venjan.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti. Ég legg til, að þegar þessari umr. er lokið, verði málinu vísað til 2. umr., og einnig legg ég til, að málinu verði vísað til heilbr.- og félmn., vegna þess að hér er miklu fremur um félagsmál og útsvarsmál að ræða en skattamál, og venjan er, að slík mál gangi til heilbr.- og félmn.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, ábendingar til hv. n., sem ég vil koma á framfæri. Þetta frv. er sýnilega flutt af góðum hug í garð gamla fólksins, og engum er skyldara en mér, sem elztur er í þessari stofnun, að virða það, sem gert er vel í garð þessa fólks, en það er niðurlagið á 1. gr. í þessu frv., sem ég vil gera að umtalsefni. Þar stendur: „Ákvæði þetta gildir ekki um þá, sem hafa með höndum sjálfstæðan atvinnurekstur.“ Ég tel vafasamt að fara út í þessa sálma að gera mun á þeim, sem reka eitthvert sjálfstætt fyrirtæki og öðrum, hvað þetta snertir. Ég held, að þjóðfélagið hljóti að geta látið hið sama yfir alla ganga, og margir þeirra, sem reka sjálfstæðan atvinnurekstur, eru ekki neinir sérstakir burgeisar, að ég ætla. Ég veit, að hv. þm. munu þekkja marga, sem hafa smáiðnað, smáverkstæði, smáverzlun með höndum, að ég ekki tali um bændur þessa lands, sem eru sjálfstæðir atvinnurekendur og hafa engan lífeyrissjóð. Þeir mundu ekki falla undir þetta frv., en eru þó lægst launaða stéttin í þjóðfélaginu. Ég vil biðja hv. n., sem athugar þetta frv., að gefa því gætur, hvort það sé nauðsynlegt að hafa þetta ákvæði í frv., hvort ekki muni vera fært að láta þetta gilda um alla, sem náð hafa þessu aldursmarki og ekki eru aðilar að lífeyrissjóðum.

Ég býst ekki við, að þetta frv., hvað tekjuskattinn snertir, skipti miklu fyrir allan fjölda þessa fólks, vegna þess að þeir, sem ekkert hafa nema ellilaun eða örorkulífeyri, komast að sjálfsögðu ekki í tekjuskatt, svo að það er enginn ávinningur fyrir þá, sem ekki hafa aðrar tekjur. Það getur verið aftur á móti, að þetta snerti útsvörin hjá því fólki, að það ráði einhverju um það. En aftur á móti nær það til allra annarra, sem hafa aðrar tekjur, svo að þeir geta komizt í skatt.

Það er aðeins þetta, sem ég vil benda þeirri n. á, sem fær málið til meðferðar, hvort ástæða sé til þess að vera að undanskilja þá menn, sem hafa sjálfstæðan atvinnurekstur. Það væri a. m. k. skemmtilegra að láta eitt yfir alla ganga.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi aths. hv. 1. þm. Vestf. er meira en réttmæt, og ég var nú aðeins að minnast á, að þetta kynni að vera vafasamt að hafa þetta ákvæði. En stundum eru nú krókavegir hugsananna og kannske tillagnanna nokkuð einkennilegir, því að svo vill til, að þegar ég var að undirbúa þetta mál eða hugsa þetta mál í fyrravetur, þá gekk ég einmitt á fund þessa aldursforseta okkar og margreynda manns, og það var að nokkru og líklega aðallega fyrir hans áeggjan og eftir nokkrar umr. um þetta efni, að ég setti þennan varnagla í frv.

En eftir stendur náttúrlega höfuðatriði þessa máls, sem felst í meginmáli 1. gr. Það er síður en svo, að ég leggi neina höfuðáherzlu á þetta síðasta ákvæði, vegna þess að það getur orkað stórlega tvímælis, og ég vona einmitt, að ef hv. heilbr.- og félmn. fær þetta mál til umr. og vill ræða það af einlægni, þá muni hún komast að því, að hér er um allmikilsvert mál almennt talað að ræða, alveg án tillits til þess, hvað varðar síðustu gr. frv. eða síðasta málsl. 1. gr., og skal ég ekki ræða það frekar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 29 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

42. Stimpilgjald.

Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. júní 1921, um stimpilgjald [205. mál] (þmfrv., A. 500).

Á 70., 71., 72., 75. og 76. fundi í Nd., 9., 13., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 500 ber ég fram frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 frá 27. júní 1921 um stimpilgjald. Breyt. á frv. frá gildandi reglum er sú, að stimpilgjald af sölu fiskiskipa verði nú reiknað 0.4% í staðinn fyrir 1%, eins og það er nú. Þá segir einnig í 2. gr., en þar er lagt til, að þetta ákvæði, ef það yrði samþ., gilti um sölu skipa, sem hefur átt sér stað eftir 1. nóv. 1968, þegar mikil breyting varð á verðgildi ísl. kr. Það er náttúrlega, eins og við vitum allir, mikil þörf á, að það sé mikil og góð regla í sambandi við þinglestur og afsöl og þess háttar, en í sambandi við þinglestur á afsölum skipa verður að segja það, sem satt er, að á því hefur verið, já, það er hægt að segja, um langan tíma, talsverð óregla, svo að við notum ekki sterkara orð. Ég held, að þetta komi að verulegu leyti til greina vegna þess, hversu dýrt það er að þinglesa, þegar eigendaskipti verða á skipunum. Ég hef oft orðið var við, að Skipaskráning ríkisins getur ekki gefið upp vitneskju um, hverjir eru eigendur hinna einstöku skipa, vegna þess að ekki er búið að ganga frá tilskildum gögnum í sambandi við það. Og ég hef mikið oftar en einu sinni séð, að það er farið framhjá ríkissjóði með því, að ef skip eru seld með nokkru millibili, er gamli eigandinn látinn afsala, og þar af leiðandi missir ríkissjóður tekjur af þinglestri og stimplun í sambandi við það.

En það má spyrja: Er þetta svona afar hátt, og er þetta í ósamræmi við það, sem er á öðrum eignum hér innanlands eða á sölu erlendis? Ef skip eru byggð innanlands, þá þarf viðkomandi aðili að greiða 50 kr. fyrir stimplun á verksamningi. Ef hann tekur lán í Fiskveiðasjóði, þá er það stimpilfrjálst, en ef hann tekur lán annars staðar, er það stimpilskylt. Þetta er öðruvísi, þegar um sölur er að ræða. Ég er hér með fyrir framan mig nokkrar tölur, sem sýna bæði, hvað þetta kostar og hvað sú breyting mundi nema miklu, sem ég legg til í því frv., sem hér liggur fyrir.

Ef bátur er seldur fyrir 7 millj. og á honum hvíla 2½ millj. í stofnlánasjóðum, en greitt með skuldabréfum 3½ millj. og í peningum 1 millj., eða samtals 7 millj., þá kostar þetta með því stimpilgjaldi, sem nú er á afsölum og þinglestri, 147 þús. og 700 kr. Ef sú till., sem fram kemur í þessu frv., sem ég ber hér fram, mundi ná fram að ganga, mundi það þýða það, að stimpilgjaldið lækkaði um 42 þús., og að greiðsla til hins opinbera yrði 105 þús. og 800 kr. í staðinn fyrir 147 þús. og 700 kr. Það skal tekið fram, að þessar upphæðir eru réttar, ef þinglestur fer fram í sama lögsagnarumdæminu, en þær hækka, ef flutt er milli lögsagnarumdæma. Hér er ekki tekið til greina það, sem aðilar þurfa að greiða, ef þeir þurfa að taka lán vegna útborgana eða þess háttar, heldur er hér beint stimpilgjald af afsali og þinglestur af afsali og síðan af því skuldabréfi, sem gefið væri út. Ég er hér með annað dæmi, og er þá miðað við sölu á bát á 18 millj. kr. Það kostar með núgildandi reglum 333 þús. Stimpilgjald af afsalinu er 180 þús., en ef farið yrði eftir þeirri till., sem ég er hér með, þá mundi það lækka um 108 þús. Kostnaður við eigendaskiptin mundi nema 225 þús. kr. Ég er með þriðja dæmið hér. Þegar um er að ræða sölu á skipi, sem nemur 25 millj. kr., þá nemur þessi kostnaður með núgildandi reglum 466 þús. og 500 kr., en eftir þeirri till., sem ég hef hér bent á, þá mundi það lækka um 150 þús. og nema 316 þús. og 500 kr.

Ég hef dregið þetta fram til að sýna, hver munurinn er. Hér er ekki verið að gera þessa hluti stimpilfrjálsa, það er öðru nær. Það eru eftir sem áður mikil útgjöld við eigendaskipti. Ég sagði áðan, að í þessum dæmum væri ekki tekið tillit til þess, ef sérstakar skuldbindingar eru í sambandi við það fé, sem menn verða að fá til útborgunar, en ég er hér með upplýsingar um eina sölu, sem fór fram á s. l. ári. Söluverð nam 24 millj. kr., og þar nam þessi kostnaður með öllu 493 þús. og 293 kr. Nú hefur verið á vissum vettvangi átalið, að það væru kannske hinir opinberu sjóðir, sem væru að stuðla að því að flytja skip á milli landshluta. Um það skal ég ekki ræða, en táknrænt er, af því að Atvinnujöfnunarsjóður hefur verið átalinn í sambandi við þau mál, að hámarkslán, sem hann hefur veitt í sambandi við eigendaskiptin, munu vera um 500 þús. kr., eða með öðrum orðum sú upphæð, er nemur kostnaðinum við eigendaskiptin. En ég vil leggja áherzlu á það, að þetta er mjög mörgum of þungur baggi, og það er brýn nauðsyn vegna lánasjóða, vegna banka og vegna skipaskoðunarinnar, að það sé regla á þessum hlutum, og hér í hv. Nd. liggur nú fyrir frv., þar sem kveðið er á um, að ekki skuli skráð á skipin, nema fyrir liggi ótvírætt, hverjir séu hinir réttu eigendur skipanna, en það mundi í sumum tilfellum geta orðið erfitt og tafsamt miðað við það, sem ég hef séð á undanförnum árum.

Ég minntist á áðan, hvort þessar reglur væru svona allt aðrar hér en annars staðar, og það eru þær vissulega. Það kemur fram í grg., að í Svíþjóð er 1%, þ. e. a. s. sama upphæð að 25 þús. sænskum kr. Í Danmörku er þetta 0.4% upp í 10 þús. danskar kr., en lægra fyrir það, sem fer fram yfir, og í Noregi eru afsöl stimpilfrjáls. Þetta hef ég staðfest með skeytum gegnum utanrrn. frá íslenzkum sendiráðum, en það er svona í þessum þrem löndum. Ég álít, að ef þessi tilfærsla verður gerð, sé það til þess að tryggja það, að hlutirnir verði í réttara og betra horfi en stundum vill við brenna, en ég vil jafnframt halda því fram, að þó ég hafi ekki tölur um það hér, en ég hef beðið hæstv. fjmrh. að athuga um það, hversu mörg skip það væru, sem ekki hafa verið skráð á eðlilegum tíma, en ég held því fram, þar til annað kemur fram, sem sannfærir mig, að ríkissjóður mundi ekki tapa neinu, þótt þessi réttarbót yrði gerð í sambandi við þetta mál, heldur yrðu hlutirnir í betra horfi í sambandi við þessi mál.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

43. Tekjuskattur og eignarskattur (frv. fjhn. Nd.).

Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 7. okt. 1965, um tekjuskatt og eignarskatt [210. mál] (þmfrv., A. 530).

Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. með því frv., sem hér er til umr., er það flutt af fjhn. þessarar hv. d. samkv. beiðni hæstv. fjmrh. Í upphafi grg. segir, að einstakir fjhnm. hafi óbundnar hendur um afstöðu til málsins, og þar sem n. hafi ekki fjallað um efni frv., þá sé gert ráð fyrir því, að málið gangi til n. með venjulegum hætti til athugunar, eftir að 1. umr. er lokið.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri, en hæstv. fjmrh. mun gera hv. þd. grein fyrir efni frv.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. gat hér um réttilega, flytur n. þetta frv. eftir minni ósk, og vil ég í fyrsta lagi þakka það, að n. skuli hafa fallizt á að flytja frv. með þessum hætti, og í öðru lagi vil ég gera nokkra grein fyrir því, áður en ég vík að efnisatriðum málsins, hvernig þetta mál er til komið og hvernig stendur á, að hv. fjhn. hefur verið beðin að flytja málið, en það ekki lagt fram sem stjfrv.

Svo sem segir í grg. frv., sem því fylgdi frá rn., var snemma á árinu 1969 skipuð nefnd embættismanna til þess að gera till. um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi fyrst og fremst með tilliti til hugsanlegrar aðildar að EFTA og einnig með önnur sjónarmið í huga, sem ég mun nánar víkja að á eftir. Hér var, eins og ég gat um, um embættismannanefnd að ræða eingöngu, en í n. áttu sæti þeir Árni Vilhjálmsson prófessor, dr. Gísli Blöndal hagsýslustjóri, dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóri og Jón Sigurðsson ráðuneytisstjóri í fjmrn. sem var formaður n. Ástæðan til þess, að hér var skipuð embættismannanefnd til að fjalla um þetta mál og gera um það till., er fyrst og fremst sú, að hér er um mjög hátæknileg vandamál að ræða, sem ég geri ráð fyrir, að hv. þm. sé ljóst, þegar þeir athuga það frv., sem hér liggur fyrir, sem er mjög flókið í útfærslu. Hins vegar var það að sjálfsögðu pólitísk ákvörðun, eftir hvaða meginstefnumiðum skyldi unnið, en engir sérstakir fulltrúar frá stjórnmálaflokkum og þá heldur ekki frá stjórnarflokkunum voru settir í þessa n. Það var því ekki nema eðlilegt, að eftir að n. hafði skilað þessu frv., — en að vísu er ekki heldur nema hluti af verkefni hennar leyst með því, — þá vildu menn fá nokkurt svigrúm til þess í stjórnarflokkunum og raunar fyrst og fremst í ríkisstj. sjálfri til að átta sig á málinu og gera sér grein fyrir því, hvort það væri í öllum efnum hentugasta úrlausnin á þeim vanda, sem n. hafði verið ætlað að leysa, en að sjálfsögðu var það í upphafi ákvörðun ríkisstj., að hverju skyldi stefnt með frv. Menn töldu sem sagt ekki nægilegt svigrúm til að kanna það til hlítar, hvort n. hefði útfært þetta verkefni með þeim hætti, að ríkisstj. væri í fyrsta lagi sammála um það, að frv. skyldi lögfest með þessum hætti, og í annan stað, sem að sjálfsögðu var ekki minna atriði, að stjórnarflokkarnir hefðu kannað málið svo rækilega, að þeir hefðu gert það upp við sig, að þeir vildu standa að samþykkt frv., sem var efnislega útfært á þennan hátt. Því var að vonum ekki grundvöllur til þess að leggja frv. fram á þessu stigi sem stjfrv. Nú munu menn væntanlega þá spyrja: „Af hverju var frv. lagt fram engu að síður?“ Og ég get hér lýst yfir því, að það var mín skoðun, fyrst og fremst, að það væri brýn nauðsyn, og var það í samráði við nm., til að fá viðbrögð við frv. fyrst og fremst á Alþ. og einnig frá ýmsum öðrum aðilum í þjóðfélaginu, og mér fannst það eðlilegra mál, að frv. væri lagt fyrir Alþ. og umr. hæfust um það, eftir að það hefði gerzt, en að væri farið að senda frv. út hinum og öðrum aðilum, áður en Alþ. hefði fengið að sjá það. Þetta er því ástæðan til þess, að frv. var flutt með þessum hætti. Það er ekki flutt sem stjfrv. og ekki yfirlýsing um það, að ríkisstj. standi að því endanlega nákvæmlega á þann hátt eins og það liggur fyrir.

En ég tel rétt, að það komi fram hér, að ég álít, eftir að hafa kynnt mér þetta mál að sjálfsögðu nokkuð ítarlega, að í meginefnum sé náð þeim tilgangi, sem til var stofnað í upphafi með skipun n., og því ber að líta á þetta frv. í meginefnum sem skoðun mína á því um leið, hvernig eigi að leysa þetta vandamál. Það merkir ekki það, að ég telji ekki fært að fallast á einhverjar breyt. á frv., en ég legg á það áherzlu, sem ég gerði í upphafi, að hér er um mjög flókið mál að ræða og einnig flókið að því leyti til, að hvert atriði málsins er í rauninni öðru tengt, þannig að eins og menn munu vafalaust komast að raun um við nánari athugun, þá leiðir breyting á einu atriði af sér, að það getur verið óumflýjanlegt að breyta þá jafnvel þeim megingrundvelli, sem frv. hvílir á, þó að alltaf sé hægt að hugsa sér minni háttar breytingar.

Þetta er í stuttu máli sagt orsök þess, að frv. ber nú að með þessum hætti, en er ekki lagt fram sem stjórnarfrv. En ég tek það einnig fram, að það liggur heldur ekkert fyrir um það, að um frv. sé ágreiningur í ríkisstj., heldur eingöngu, eins og ég sagði áðan, að tóm hefur ekki unnizt til þess, að menn gætu kynnt sér frv. ítarlega og gert upp hug sinn um það, hvort það nákvæmlega túlkaði stefnu, sem menn teldu rétt að fylgja í þessum efnum eða ekki.

Ég skal þá víkja að því meginstefnumarki, sem sett var þeirri n., sem vann að frv., en það er að sjálfsögðu pólitísk ákvörðun, sem þar kemur til, og hið pólitíska mat á því, að hverju eigi að

stefna með þessum skattalagabreytingum. Það er komizt svo að orði í því erindisbréfi, sem ég setti n. á sínum tíma, að n. bæri að kanna og gera till. um skattalega aðstöðu fyrirtækja hér á landi með tilliti til hugsanlegrar aðildar að EFTA. Sérstaklega er n. falið að kanna leiðir til að örva myndun eigin fjármagns í fyrirtækjum, auðvelda samruna þeirra og jafnvel tryggja, að fjármagn leiti ekki út úr fyrirtækjunum í öðru formi en hæfilegum arðgreiðslum. Þetta er viðfangsefnið, sem n. var fólgið.

Það þótti nauðsynlegt að hafa hér þá samsetningu n., sem ég gerði grein fyrir áðan, og m. a. að tengja Seðlabankann við athugun málsins, vegna þess að hér er um mjög víðtækt efnahagslegt og fjárhagslegt markmið að ræða og sömuleiðis vegna þess að af hálfu Seðlabankans hafði farið fram sérstök athugun á því og m. a. einn nm. unnið að þeirri athugun, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til að auðvelda samruna fyrirtækja og hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að koma á eðlilegri verðbréfasölu í landinu og stofnun kaupþings. En allt er þetta veigamikill þáttur í þessum málum. Þegar n. var skipuð, var það ekki endanlega ljóst, hvort Íslendingar yrðu aðilar að EFTA, en það þótti hins vegar sýnilegt, að allt stefndi í þá átt fyrr eða síðar, og þess vegna þótti rétt að hefjast þá þegar handa um það, sem auðvitað er grundvallaratriði fyrir atvinnureksturinn, að hann hafi einnig skattalega séð jafnréttisaðstöðu á við fyrirtæki í EFTA-löndum. Þetta, hygg ég, að muni ekki verða ágreiningur um, enda hefur það komið fram og kom fram í sambandi við umr. um aðild að EFTA, að hér væru skattabyrðir félaga með þeim hætti og fyrirtækja, að þegar af þeirri ástæðu er ekki búið að tryggja þeim nægilegan starfsgrundvöll og samkeppnisaðstöðu gagnvart fyrirtækjum EFTA-landa. Það var því grundvallaratriði í málinu, að það yrði skoðað út frá þessum sjónarhóli og breytingar gerðar, ef ástæða þætti til að jafna hér metin, og atvinnurekendum og þá ekki hvað síst iðnrekendum var gefin yfirlýsing um það af hálfu ríkisstj., að þessi endurskoðun skattalaga og breytingar, sem af því leiddi, skyldu fara fram og verða lögfestar.

Það er öllum kunnara en frá þurfi að segja, að það hefur verið mikið vandamál hér í atvinnurekstri, hve lítið eigið fjármagn hefur verið í fyrirtækjum. Það á sér að sjálfsögðu margar orsakir, en oft verið haldið fram, að það væru fyrst og fremst skattalegar forsendur, sem hér væru til hindrunar. Nú er það að vísu ekki svo, að skattarnir séu eins afgerandi í því efni og menn oft hafa haldið, en þeir eiga þó sinn veigamikla þátt í að hindra þessa eigin fjármyndun, og það er að sjálfsögðu hin brýnasta nauðsyn, sem ég hygg naumast, að menn greini á um, að fundin verði leið til þess að leiða eigið fjármagn í ríkari mæli inn í fyrirtækin.

Þá er einnig eitt vandkvæði, sem snertir í rauninni EFTA-aðild, og er einn þáttur í viðfangsefni n., þ. e. að auðvelda samruna fyrirtækja, en það hefur a. m. k. verið talið svo, að skattalögin íslenzku hindruðu það mjög, að hin smærri fyrirtæki gætu sameinazt að einhverju eða öllu leyti, en gera má ráð fyrir því og raunar ljóst, að til þess að samkeppnisaðstaða fyrirtækja hér á landi batni, þá verður nauðsynlegt að stefna að meiri samvinnu og samruna fyrirtækja en verið hefur.

Loks leiðir það af eðli málsins, að ef á að veita fyrirtækjum stórbætta aðstöðu til eigin fjármyndunar og til uppbyggingar og veita þeim skattfríðindi, þá að sjálfsögðu verður um leið að gera ráðstafanir til þess að tryggja það, að fjármagn leiti ekki út úr fyrirtækjunum í öðru formi en í hæfilegum arðgreiðslum. Þessa hlýtur þjóðfélagið að gera kröfu til, því að vitanlega er hin bætta aðstaða fyrirtækjanna ekki hugsuð til þess, að einn né neinn geti óeðlilega hagnazt af því, sem stendur að atvinnurekstrinum, heldur er þetta gert með hagsmuni þjóðfélagsins sjálfs fyrir augum til þess að efla atvinnureksturinn og þar með bæta lífskjör alls almennings í landinu.

Í sambandi við þetta viðfangsefni er svo framhaldið eðlilega það, að það verði lagður grundvöllur að því, að hér verði hægt að koma upp eðlilegri verðbréfasölu, verðbréfamarkaði og kaupþingi, þar sem verzlað sé með hlutabréf og verðbréf, svo sem gerist í þeim löndum, þar sem atvinnulífið er orðið þróað, þannig að fólk finni hvöt hjá sér til þess að leggja fjármagn sitt í vaxandi mæli í uppbyggingu atvinnurekstrar í landinu í formi eigin fjármagns.

Þær till., sem nú liggja fyrir í þessu frv., fjalla um meginefni þessa viðfangsefnis, sem hér er um að ræða, og mun ég gera nánari grein fyrir þeim síðar, en legg á það áherzlu strax í byrjun, að með till. er út af fyrir sig ekki haggað þeim reglum, sem nú gilda um skattálagningu, þ. e. a. s. hvað varðar skattstiga. Þeim er ekki breytt né heldur er breytt hlutföllum milli einstöku félagsforma, ef svo má segja. Á ég þar við samvinnufélög og önnur hlutafélög og einkaaðila. Það eru ekki gerðar breytingar í því efni að öðru leyti en því, að eitt félagsform er fellt niður, en það eru sameignarfélög, sem gert er ráð fyrir, að ekki verði viðurkennd sem skattaðilar, og mun ég koma nánar að því, af hvaða ástæðu það er.

Svo sem ég gat um, að hefði verið í erindisbréfi n., átti hún fyrst og fremst að hafa það sem meginsjónarmið, að till. beindust í þá átt, að skattlagning félaga og fyrirtækja yrði sambærileg við það, sem er í EFTA-löndum. N. aflaði sér margvíslegra upplýsinga um þessi mál, þ. e. a. s. skattareglur, sem gilda í hinum ýmsu EFTA-löndum og þá fyrst og fremst Norðurlöndunum, en það kom í ljós, að þar var nokkuð erfitt um vik að átta sig til hlítar á þessum málum og gera nákvæman samanburð, vegna þess að skattkerfi í EFTA-löndunum sjálfum er töluvert ólíkt, og ýmsar sérreglur valda því, að það er mjög erfitt að gera nákvæman samanburð, enda koma þar til greina ýmis önnur atriði, sem liggja utan skattalaganna, sem hafa áhrif á hin opinberu gjöld fyrirtækjanna. Hins vegar er rétt að leggja áherzlu á það, að svo miklu leyti sem hægt var að komast að niðurstöðu um þetta efni, þá hefur n. miðað till. sínar við það, að skattabyrði fyrirtækja hér, yrði að lögfestum þessum reglum og að vísu framhaldsbreytingum, sem þarf að gera á skattalögunum, sambærileg við það, sem er í öðrum EFTA-löndum, en það er þó rétt að taka

það fram, að eitt frávik er þar enn um að ræða, sem skapar sérstöðu hér á landi, og það er álagning aðstöðugjalda, sem er mjög sérstætt gjaldform, eins og menn þekkja, og getur valdið því varðandi fyrirtæki, sem hefur litla arðgjöf, að skattbyrði þeirra verður óhæfilega mikil, og verður því að taka þetta mál til sérstakrar meðferðar. Þá kemur það einnig til, að það er nokkuð erfitt um vik að gera samanburð, vegna þess að aðstaða fyrirtækja í löndum, þar sem virðisaukaskattur gildir, er með nokkuð öðrum hætti en í löndum, sem ekki hafa það skattform eða þar sem venjulegt söluskattsform gildir. Aðstaða fyrirtækja og greiðsla þeirra á þessum skatti er með nokkuð öðrum hætti en gildir um söluskattinn. Þá er einnig erfiðleiki að gera hér samanburð, vegna þess að mismunandi útsvarsstigar eru í gildi hér á landi, og frádrættir og álagning á þessa stiga gerir það einnig að verkum, að það er mjög erfitt að sjá alltaf fyrir um það, hvernig skattaðstaða félaga hér er.

Till. miða í meginefnum að því, eins og ég áðan sagði, að í fyrsta lagi almennt séð verði skattaleg aðstaða félaga hér og fyrirtækja svipuð og í EFTA-löndum, að með till. sé hvatt að hagkvæmri stærð fyrirtækja, að fyrirtæki verði hvött til þess að auka eigið fjármagn og að síðustu, sem ég áðan gat um, að fjármagn haldist innan fyrirtækja, nema að því leyti, sem tekur til hæfilega útborgaðs arðs.

Ég gat um það áðan, að það mætti hugsa sér ýmiss konar mismunandi útfærslu á einstökum atriðum í sambandi við það viðfangsefni, sem n. fékk, og kemur það m. a. fram í því, að einn nm., ríkisskattstjóri, hefur um ýmis atriði till. skilað séráliti, sem ekki er að vísu prentað hér með, en ég tel sjálfsagt, að hv. fjhn. fái það til athugunar. Það er ekki um grundvallaratriði að ræða eða neina breytingu frá þeim meginsjónarmiðum, sem n. var falið að starfa eftir, heldur útfærsla á einstökum atriðum.

Ég mun þá víkja að frv. sjálfu og gera grein fyrir meginefni þess, en ekki fara samt út í að reyna að skýra öll þau einstöku atriði, sem er að finna í hinum ýmsu gr. frv., heldur reyna að gefa yfirlit yfir það, hvað í frv. felst efnislega og hvernig leitazt er við að útfæra þær till.

Í frv. er fólgin mikil breyting á heimildum til fyrninga á fjármunum í atvinnurekstri frá því, sem nú gildir. Mikið hefur verið um það rætt hér á landi undanfarið, að verðþróun, eins og hún hefur verið, geri með öllu óhjákvæmilegt að leyfa atvinnurekstri að fyrna eignir sínar á endurkaupsverði hverju sinni, en ekki á upphaflegu kostnaðarverði, eigi fyrningin að ná tilgangi sínum. Það er ljóst, að tilætlun fyrningar er sú, að í lok fyrningartíma hafi atvinnurekandi lagt til hliðar af rekstrartekjum á notkunartíma hinnar fyrndu eignar, sem svarar því, sem kostar að endurnýja hana. Með fyrningu á upphaflegu kostnaðarverði miðað við þá verðþróun, sem hér hefur verið ríkjandi, fer því víðs fjarri, að þessu marki sé náð, og því er upp komin hugmyndin um fyrningu á endurkaupsverði. Með frv. hefur verið tekin sú afstaða, að ekki hefur þótt fært að taka upp fyrningu á endurkaupsverði, sem almenna reglu. Ræður þar mestu, að mótun á framkvæmd nothæfra reglna um slíka fyrningu sýnist vera óvenju flókið verk. Fyrning á endurkaupsverði er ekki þekkt í öðrum löndum, en í frv. er reynt að koma til móts við þann vanda, sem er undirrót umr. um fyrningu á endurkaupsverði með tvennu móti. Annars vegar er notuð sú aðferð, sem tíðkast í öðrum löndum, að gefinn er kostur á tiltölulega mjög örri fyrningu fjármuna í atvinnurekstri og miklum mun örari en svarar til slits eða verðrýrnunar. Með því að festa með einhverjum hætti það fé, sem þannig losnar, á verðtryggðan hátt, geta fyrirtæki þannig sneitt hjá því, að fyrningar raunverulega rýrni í verði. Á hinn bóginn er svo gert ráð fyrir endurmati eigna, sem fyrirtæki nú eru að fyrna, til að vega upp á móti verðþróun síðustu ára. Þess er vert að geta til upplýsingar, að fyrning á endurkaupsverði á sér nú þegar stað að því marki, sem erlendar skuldir við gengisfellingu valda því, að raunverulegt kostnaðarverð eigna hækkar. Eins og getið var, eru fyrningar þannig hugsaðar, að árlega sé lagt til hliðar í atvinnurekstrinum fjárhæð, sem svarar til slits eða verðrýrnunar, sem orðið hefur á hinni fyrnanlegu eign, t. d. vél eða skipi. Þess var sömuleiðis getið, að víðast hvar í löndum hefur verið hneigð til að leyfa mun örari fyrningu fjármuna í atvinnurekstri en svarar til slits. Þannig hefur skattskyldur hagnaður á fyrningartímanum verið lægri en ella, og fjármagn, sem fyrirtækið þannig hélt eftir í rekstrinum af rekstrartekjum, þeim mun meira.

Fyrningar samkv. gildandi reglum hér á landi eru mjög rúmar í ýmsum greinum atvinnurekstrar, en misjafnar milli greina. Hins vegar eru þær bundnar, þannig að atvinnurekanda er veitt lítið svigrúm um fyrirkomulag fyrninga. Sem dæmi um þetta má nefna, að skip má fyrna með 20% af kostnaðarverði á ári fyrstu þrjú árin og síðan nokkru minna. Iðnaðarvélar má fyrna, sem svarar 16.2% á ári, hvort tveggja niður í 10% af kostnaðarverði. Aðrar fyrningar eru mun minni, og minnstar eru heimilar fyrningar á skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, enda miðast fyrningin við gamalt fasteignamatsverð.

Stefnubreytingin, sem frv. gerir ráð fyrir að þessu leyti, er mjög mikil. Gert er ráð fyrir, að allur atvinnurekstur verði jafnt settur gagnvart fyrningarreglum og jafnframt gert ráð fyrir mjög verulegu valfrelsi atvinnurekenda um, hvernig og hversu ört hann fyrnir fjármuni í rekstri sínum. Með þessu móti er fyrirtækjum gefinn kostur á að fyrna eignir sínar ört, þegar og ef það hefur góðan hagnað og notar fé, sem þannig bindist í fyrirtækinu, til að treysta fjárhag sinn eða til að festa fé í frekari aukningu umsvifa fyrirtækisins. Þannig getur fyrningarkerfið, sem lagt er til að taka upp, leitt til lítillar eða engrar skattlagningar fyrirtækja, sem eru að komast á legg eða hafa ráðizt nýverið í meiri háttar fjárfestingu. Vert er að minnast þess, að fyrning er í rauninni aðeins frestun á skattgreiðslum. Að því kemur, að eign er fullfyrnd, en heldur þó áfram að skila tekjum, sem þá verða skattlagðar með fullum þunga, nema því aðeins að þá ráðizt fyrirtækið í frekari fjárfestingar og stækkanir. Kerfið ýtir þannig undir sí-

fellda aukningu í umsvifum atvinnurekstrar fyrirtækja.

Sveigjanleiki í fyrningum, sem lagt er til að veita með frv., er tvenns konar. Annars vegar er fyrirtæki gefinn kostur á að velja sér árlega fyrningarprósentu fyrir hverja fyrnanlega eign innan tiltekinna marka. Hins vegar er fyrirtæki gefinn kostur á að flýta fyrningu síðustu 30% af fyrningarverði og nota þann hluta fyrningarinnar, hvenær sem er á notkunartíma eignarinnar, eftir því sem fyrirtækinu hentar. Með frv. er ráðgerð sérstök heimild til þess að fyrna í 30%, jafnvel á byggingartíma, þ. e. áður en hin fyrnanlega eign er tekin í notkun, þegar sérstaklega stendur á.

Eins og rakið var hér að framan, er þetta fyrirkomulag um afskriftir æskilegt vegna þess, hversu það hvetur til og örvar arðbæran atvinnurekstur. Á hinn bóginn er þess að gæta, að örar afskriftir opna að öðru óbreyttu möguleika til að koma tekjum undan skattlagningu með óeðlilegum hætti. Markmið sveigjanlegra fyrningarheimilda er að gefa atvinnurekstrinum kost á að fresta skattlagningu, en þá því aðeins, að fé sé áfram bundið í atvinnurekstrinum og geri fyrirtæki þannig fjárhagslega öflugra. Með rúmum fyrningarreglum er mögulegt að fyrna eignir mjög ört og selja þær síðan og þannig sleppa með tekjur undan skatti í formi söluhagnaðar af eigninni.Vegna þessa er nauðsynlegt jafnhliða ákvörðunum um rúma fyrningu að setja nýjar reglur um söluhagnað. Raunar eru gildandi lög gölluð að þessu leyti, því að þau heimila ríflegar fyrningar fyrir ýmsar eignir, en gera söluhagnað síðan skattfrjálsan af lausafé eftir þriggja ára eignarhald, en fasteignum eftir fimm ára eignarhald. Hefur þessi galli á gildandi löggjöf opnað mönnum leið til að koma nokkrum fjármunum undan skattlagningu.

Með frv. er lagt til, að söluhagnaður skattleggist með öðrum tekjum skattþegns með þrennum hætti. Söluhagnaður, sem svarar til fyrninga, en er umfram lágmarksfyrningu, er ætlazt til, að teljist tekjur að fullu, en frekari söluhagnaður teljist tekjur að fullu, að helmingi eða ¼, eftir því hvað seljandi hefur lengi átt eignina. Sé reynt að segja í einföldu formi, hver eru aðaleinkenni þeirra reglna, sem lagt er til með frv., að upp verði teknar, má segja, að hinar nýju reglur mundu gefa atvinnurekstrinum kost á lágum eða engum sköttum, meðan hann er að ná aftur inn af rekstrartekjum því fé, sem fest hefur verið í atvinnutækjum fyrirtækis. Ætli atvinnurekandi hins vegar að selja tækið og draga það fé, sem í tækinu er bundið, út úr atvinnurekstrinum, þá kemur til verulegrar skattlagningar.

Eins og getið var, heimila gildandi reglur einungis fyrningu niður í 10% af upphaflegu kostnaðarverði. Þær reglur um meðferð söluhagnaðar, sem hér var lýst, gera mögulegt að leyfa fyrningu samkv. frv. á öllu fyrningarverðinu.

Annað lykilatriði í þessu frv. er hlutabréfaeign og arður af hlutabréfum og skattlagning þessa. Markmið þeirrar stefnu, sem lýst var hér að framan um fyrningarheimildir og skattlagningu söluhagnaðar, er að byggja fyrirtækin fjárhagslega upp með eigin fjármagni innan frá og halda því fjármagni í virkum atvinnurekstri innan fyrirtækjanna. Stefnan, sem fólgin er í till. frv. *um skattlagningu hlutabréfaeigna* og arðs af hlutabréfum, miðar hins vegar að því að skapa aðstæður til þess að efla fyrirtækin fjárhagslega með fjárframlögum utan frá í formi aukinna hlutafjárframlaga. Það er markmiðið, sem þessi stefna beinist að, að gera hlutabréfaeign áhugaverðari aðferð til að ráðstafa fjármunum en verið hefur.

Eins og kunnugt er, hefur löggjöf á undanförnum árum gert það að verkum, að það hefur verið slæm ráðstöfun fjár að veita því sem hlutafé inn í fyrirtæki. Má taka um þetta dæmi mann, sem er eignarskatts- og eignarútsvarsskyldur á nettóeign. Eigi hann 100 þús. kr. hlutafjáreign í fyrirtæki og fái af því 10% arð, fara 1.2% af þeim arði í eignarútsvar og eignarskatt og nettó um eða yfir 50% í tekjuskatt og tekjuútsvar, þannig að af 10 þús. kr. arði heldur hluthafi nettó sem næst 3600 kr. Sé þetta atriði skoðað með öðrum hætti, á borgari, sem ráðstafar lausafé sínu, kost á tekju- og eignarskattsfrjálsu sparifé og *spariskírteinum sem og mjög hagstæðri* skattlegri meðferð fasteigna, en á hinn bóginn kemur sú eignarskatts- og eignarútsvarsbyrði á hlutabréfum, sem getið var, og tekju- og útsvarsbyrði, ef bréfin skila arði. Og svo er þar að auki ríkjandi skortur á vernd hluthafa minni hlutans í hlutafélagi. Augljóst er, að allt þetta vinnur *beinlínis gegn því, að fjármagnseigandi leggi fé* í hlutafélag. Sú mismunun, sem hér hefur verið lýst, er brotameiri og rótgrónari en svo, að henni verði eytt í einu vetfangi. Í frv. er hins vegar gerð till. um mjög mikilvægt skref í þessa átt. Gerð er till. um, að nokkur fjárhæð arðtekna hjá hverjum einstaklingi, eða 20 þús. kr. á ári, *verði tekjuskattsfrjáls og 100 þús. kr. hlutafjáreign* verði gerð eignarskattsfrjáls hjá hverjum einstaklingi. Það er ljóst, að hér er einungis um að ræða skref í þá átt að gera hlutafjáreign jafnsetta sparifé eða verðtryggðum spariskírteinum. Þannig er ljóst, að þrátt fyrir samþykkt þessa frv. væri enn mismunur milli þessara *tveggja sparnaðarforma*.

Að því er varðar samanburð milli sparifjár og hlutabréfa í þessu sambandi er vert að hafa gát á því, að ákvæði frv. um skattfrjálsa úthlutun arðs og um úthlutun jöfnunarhlutabréfa opna leið til þess, að hlutabréf í traustu og vaxandi hlutafélagi séu í rauninni verðtryggð eign. Að því leyti má segja, að samþykkt frv. *mundi* leiða til þess, að hlutabréf verði áhugaverðari eign en sparisjóðsinnstæða að vissu leyti, a. m. k. þegar komið yrði á laggirnar kauphingi, þar sem menn geta komið hlutabréfum í verð, ef þeim liggur á lausu fé. Eins og sagt var hér, er hér einungis um skref að ræða að því lokamarki að stefna í *skattamálum mismuni ekki milli sparnaðarforma*, og mun ég nánar víkja að því viðfangsefni síðar.

Margs konar rök má setja fram þessari stefnu til stuðnings. Arðbær félög mundu sjálfkrafa fremur draga til sín fjármagn með hlutafjársöfnun en hin, sem lakari árangur sýna. Hlutabréf í góðu og traustu fyrirtæki væru í rauninni verðtryggð eign, eins og lýst var, og þjóðhags-

lega æskilegri en fjárfesting í húsnæði er í mörgum tilfellum, sem hefur verið mjög sótt eftir vegna skattalegra ástæðna. Áhugi manna, hluthafa eða væntanlegra hluthafa, á afkomu fyrirtækjanna mundi vakna og sjálfkrafa liggja fyrir traustari vitneskja opinberlega um það, hvers atvinnurekstur er megnugur og hvers ekki, t. d. í kjaradeilu. Eigið fé í fyrirtækjum ætti að geta aukizt og þar með að geta betur staðið af sér sveiflukennda afkomu frá ári til árs.

Fleiri mikilvæg stefnuatriði eru tekin til meðferðar í frv., þótt ekki séu þau eins brotamikil og þau, sem rakin hafa verið. Opnaðar eru leiðir til þess að sameina fyrirtæki til að ná hagkvæmari stærð þeirra og/eða betri nýtingu á framleiðslutækjum þeirra. Er gert ráð fyrir, að slíkur alger samruni hlutafélaga geti átt sér stað án skattgreiðslu vegna samrunans. Sömuleiðis er opnuð leið til að fyrirtækjum, sem í raun eru hætt rekstri, verði slitið með skaplegri skattgreiðslu. Hlutafélögum er samkv. frv. ætlaður kostur á rýmri aðstöðu til útgáfu jöfnunarhlutabréfa en verið hefur. Er með þessu annars vegar reynt að skapa að þessu leyti heilbrigðan grundvöll undir frambúðarviðskipti með hlutabréf, eins og tíðkast í öðrum löndum samfara eðlilegri skattlagningu söluhagnaðar af slíkum viðskiptum. Á hinn bóginn beinist frambúðarheimildin til útgáfu jöfnunarbréfa að því, að nafnverð hlutabréfa svari alltaf nokkurn veginn til fjármagns, sem í fyrirtæki er bundið.

Þá er lagt til í frv., að sameignarfélagsformið verði fellt niður úr skattalöggjöf sem sjálfstæður skattaðili. Með þessu formi skattaðildar getur skattgreiðandi nú sjálfur ákveðið frá ári til árs, eftir því sem hann kann að reikna sér hagkvæmara, með hvaða skattlagningaraðferð og þar með hvaða skattstigum skattar hans skulu reiknaðir, þ. e. a. s. hvort hann lætur félagið telja fram og skattleggja það eða það er skipt niður á milli sameignaraðilanna og skattlagt hjá þeim hverjum fyrir sig. En slíkt valfrelsi verður að telja algerlega óeðlilegt, að skattþegni sé veitt, enda er þetta félagsform ekki þekkt í þeim löndum, sem þessi mál hafa verið könnuð hjá.

Það er enn fremur verulegt atriði í þeirri stefnubreytingu, sem mörkuð er með frv., að heimild til skattfrjálsra tillaga í varasjóð verður nú felld niður og núverandi varasjóður leystur upp á nokkrum árum. Eins og kunnugt er, eru varasjóðir í fyrirtækjum skattalega séð í rauninni geymdir, þ. e. óskattlagður hagnaður. Hér er um að ræða sérislenzkt fyrirbrigði, sem veldur ýmsum vandræðum. Ráðstöfun slíks varasjóðs er mjög takmörkuð, og hann verður skattskyldur að því leyti, sem hann er notaður með öðrum hætti. Það má telja fullvíst, að það uppsafnaða, óskattlagða fjármagn, sem í varasjóðum liggur, sé að einhverju marki Þrándur í Götu þess, að fyrirtækjum sé slitið, ef þau hafa hætt starfsemi, þar eð við slit mundi varasjóður koma til skattlagningar.

Að því er varðar úthlutun arðs er sú stefnubreyting gerð, að frádráttarbær úthlutun arðs er aukin úr 10% af stofnfé, svo sem nú gildir eða hlutafé í 10%, sem áfram gildir eða helming hagnaðar, hvort sem er hærra. Þá nær heimildin jöfnum höndum til útborgaðs arðs og framlaga í arðjöfnunarsjóði. Arðjöfnunarsjóður sá, sem frv. opnar leiðir til að mynda, á að geta verið mjög mikilvægur vegna þeirrar sveiflukenndu afkomu atvinnurekstrar, sem er svo almenn hér á landi. Mjög góða afkomu eitt ár má nota til að mæta tapi síðar eða greiða arð, þegar afkoma er ekki nógu góð til arðgreiðslu.

Þá eru loks í frv. nýjar reglur um mat á birgðum fyrirtækja við uppgjör til skatts. Þar er þó ekki um verulegar breytingar að ræða frá því, sem raunverulega hefur tíðkazt.

Ef draga á saman í fáeinum orðum, hvað þetta frv. gerir aðallega, ef að lögum yrði, þá er það þetta: Frv. er hvatning til arðbærrar fjárfestingar fyrirtækja og þá ekki síst þeirra fyrirtækja, sem hafa góða afkomu. Slíkum fyrirtækjum er gert mögulegt að treysta fjárhagslega stöðu sína með frestun skattlagningar, flýtifyrningum. Frv. hvetur til samruna fyrirtækja og opnar leiðir til að slíta dauðum félögum. Auk þess hvetur frv. til hlutafjáreignar almennings.

Um fjárhagslegar afleiðingar af þessu frv. er engin leið að spá. Þær ráðast bæði af afkomu fyrirtækjanna og stefnuákvörðunum, sem þau taka sjálf, að því er varðar fyrningu og arðsúthlutanir. Heildartekjuskattar ríkisins af fyrirtækjum 1966—1968 voru 75—95 millj. kr. Samtala tekju- og eignarútsvara fyrirtækja til sveitarfélaga voru á sama tíma 110—130 millj. kr. Lánist með þeirri stefnu, sem frv. miðar að, að gera atvinnurekstur í landinu „dynamiskari“ og fjárhagslega traustari en hann hefur verið, eru hagstæðu og óbeinu áhrifin af frv. með öllu ófyrirsjáanleg og gætu auðveldlega bætt upp það, sem kynni að tapast vegna samdráttar eða minnkaðrar skattálagningar vegna þeirrar heimildar, sem frv. að öðru leyti veitir, en eins og ég gat um, get ég ekki með neinu móti spáð um og ekki er auðið að reikna þetta, enda veit ég, að hv. þm. gera sér grein fyrir því, að vegna þeirra frjálsu ákvarðana, sem fyrirtækjum er veitt, t. d. með fyrningar, þá er ekki hægt að gera áætlun um það nákvæmlega frá ári til árs, ekki fyrr en a. m. k. reynsla hefur fengizt af þessum ákvæðum, jafnvel í þrjú ár.

Ég hef þá gert grein fyrir því, sem í meginefnum felst í þessu frv., en svo sem ég áðan gat um, þá fjalla till., eins og þær liggja fyrir, aðeins um hluta vandamálsins, þó að segja megi, að þær grípi yfir öll mikilvægustu atriðin.

Varðandi skattamál atvinnurekstrar og skynsamlega fjármögnun fyrirtækja eru ýmis önnur atriði, sem þarf að íhuga, og vil ég í stuttu máli víkja að því helzta í því efni. Þess ber fyrst að geta, að skattkerfið sjálft er mjög flókið og þarf því nauðsynlega að endurskoðast, hvað álagningarreglurnar snertir, og ég skal aðeins til upplýsingar geta um nokkur dæmi þess, að því er varðar atvinnureksturinn, hversu flókið þetta kerfi er. Tekjuskattur er t. d. núna lagður á svokallaðar hreinar tekjur. Tekjuútsvar er sömuleiðis lagt á hreinar tekjur, en þær hreinu tekjur eru ekki hinar sömu og við álagningu tekjuskatts, heldur þær að frádregnu útsvari síðasta árs, en þó því aðeins, að útsvar hafi verið greitt fyrir tilsettan tíma. Byggingarsjóðsgjald

er síðan lagt á samtölu tekju- og eignarskatts. Kirkjugarðsgjald er hlutfall af samtölu tekjuútsvars eignaútsvars og aðstöðugjalds. Aðstöðugjald er lagt á rekstrarútgjöld og sömuleiðis iðnlánasjóðsgjald í iðnfyrirtækjum. Launaskattur er lagður á laun í krónum, en ýmis tryggingaiðgjöld á aðkeypta vinnu í vinnuviku. Þetta er ekki tæmandi talning, er sýnir, hversu flókið þetta álagningarkerfi er og hversu brýn þörf væri á að taka þetta atriði út af fyrir sig til endurskoðunar. Hins vegar þarf þetta atriði og önnur þau, sem ég vil minnast á, miklu lengri aðdraganda heldur en sé hægt að taka þau til meðferðar nú, en nauðsynlegt er að vinna áfram að þessu, enda er ætlunin, að umrædd n. haldi áfram störfum sínum og kanni þá fleiri vandamál, sem við er að fást.

Annað atriði er það, sem þarf að taka til athugunar og sem sérstaklega er brýnt að íhuga með hliðsjón af þeim breytingum, sem felast í þessu frv. varðandi endurmat hlutabréfa, sem mundi þá leiða til endurskoðunar á hlutabréfaeign og auka hana stórkostlega. En það er nauðsyn þess að endurskoða l. um eignarskatt og eignarútsvör. Þessir skattar eru hærri en tíðkast í öðrum EFTA-löndum, og á þetta alveg sérstaklega við skattlagningu á hlutabréfaeignina, sem nú verður miklum mun þýðingarmeiri en áður, ef þessi endurskoðun tekst og hefur þau áhrif, sem að er stefnt. Það virðist sýnt, að hinir háu eignarskattar hafa beinlínis orðið til þess að aftra því, að félög notuðu rétt sinn til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, jafnframt því sem um hefur verið að ræða óraunhæfa skattlagningu á hlutabréfaeign í félögum með lága arðgjöf. Þetta atriði þarf að endurskoða, til þess að hvatning verði fyrir hendi til þeirrar hlutafjáraukningar, sem ég gat um og felst í frv., eins og það liggur fyrir. Ástæðan til þess, að þetta atriði var ekki tekið inn í þetta frv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst sú, að hér er um miklu flóknara vandamál að ræða, vegna þess að endurskoðun l. um eignarskatt og eignarútsvör yrðu að vera almenn endurskoðun þeirra l. og hefur því miklu víðtækari áhrif á skattkerfið og skattálagningarnar í heild, og það þarf í því sambandi að íhuga sérstaklega mismunandi aðferðir, sem eru nú á skattlagningu hinna ýmsu sparnaðarforma. Ég hef áður vikið að sparifénu og verðbréfunum. Þar er mismunun enn veruleg varðandi verðbréf almennt, og t. d. spariskírteini sömuleiðis. Þá hefur það verið svo, að fasteignir hafa verið vanmetnar, en það má gera ráð fyrir, að einmitt eftir að nýja fasteignamatið kemur til framkvæmda, sem er gert ráð fyrir ekki síðar en um næstu áramót, en væntanlega verður það látið taka þá gildi, þá verði raunhæfara mat á fasteignum, þannig að eðlilegur grundvöllur verði fyrir því að taka eignarskattsmálin almennt til endurskoðunar vegna þessa.

Í samræmi við þetta þarf svo að taka, eins og ég gat um, til athugunar hin mismunandi sparnaðarform, sem n. hefur ekki talið mögulegt að fara út í nú. Svo sem öllum hv. þdm. er kunnugt, er sparifé skattfrjálst og einnig framtalsfrjálst. Sjálft sparitéð er undanþegið eignarskatti, og arður af því undanþeginn tekjuskatti og tekjuútsvari. Þetta gildir að öðru leyti ekki um arð í hlutafélögum eða tekjur af verðbréfum, nema um þá, sem hafa keypt hin verðtryggðu spariskírteini ríkissjóðs. Þessu er mætt að litlu leyti í þessu frv., en það þarf að sjálfsögðu að útfærast miklu betur. Þó að hagur hlutabréfanna verði nú gerður mun betri, vegna þess að þau verða í raun og veru, eins og ég hef áður vikið að, að verulegu leyti verðtryggð vegna endurmatsheimildanna, verður engu að síður nauðsynlegt í framhaldsathugun málsins að taka þessi mismunandi sparnaðarform til athugunar og samræma skattskyldu þeirra. M. a. þarf að taka til athugunar, að hve miklu leyti sé rétt að hafa framtalsfrelsi áfram á sparifé, sem leiðir af sér margs kyns vandræði, og einnig í sambandi við spariskírteinin. Það þarf ekki að leiða til þess, að afnumið verði það skattfrelsi, sem þessi bréf hafa. Hins vegar leiðir framtalsfrelsið til mikilla vandræða, m. a. vegna þess, eins og mönnum er kunnugt, að þá er í l. ekki gert ráð fyrir því, að menn fái vaxtafrádrátt frjálsan, ef þeir eiga sparifé á móti, en reyndin í mörgum tilfellum hefur einmitt orðið sú, að menn hafa notið vaxtafrádráttarfríðindanna, enda þótt þeir ættu svo og svo mikið sparifé og arðurinn af því jafn mikill og næmi vaxtafrádrætti. Það er því nauðsynlegt að taka þetta mál til sérstakrar endurskoðunar.

Þá er nauðsynlegt, eins og ég gat um áðan, að íhuga aðstöðugjaldið. Hér er um mikið vandamál að ræða. Þetta er eitt þeirra skattlagningarforma, sem segja má, að Íslendingar hafa orðið brautryðjendur í, og í öðrum EFTA-löndum finnst ekki sambærilegur skattur. En til er svipaður skattur í Sviss og Austurríki, en þó annars eðlis, og það er skoðun þeirrar n., sem að málinu hefur unnið, að aðstöðugjaldið í núverandi formi sé að mörgu leyti mjög gallaður skattur og sé rækileg endurskoðun á því nauðsynleg. Sérstaklega er, eins og menn vita, aðstöðugjaldið þungt á fyrirtækjum, sem hafa mikla veltu, en lítinn arð, þar sem hann kemur að litlu gagni, þó að þau fái að draga aðstöðugjaldið frá sköttum, og tekjum sínum. Vitanlega mætti breyta aðstöðugjaldinu með ýmsum hætti, sem þarf að íhuga nánar, og það eru vitanlega full rök fyrir því, að fyrirtæki, enda þótt þau beri ekki arð nema að takmörkuðu leyti, gjaldi eitthvað fyrir þá aðstöðu, sem sveitarfélög veita þeim, en það verður þó að gæta þess, að þetta gjald verði ekki svo hátt, að það beinlínis verði fyrirtækinu að fjörtjóni, og eins og nú standa sakir, miðað við þá samkeppni, sem fyrirtækin þurfa að vera búin undir, þá verður því meiri nauðsyn að þetta mál sé endurskoðað. Erlendis er svipuðu markmiði víða náð með fasteignarsköttum, og er eðlilegt, að það mál verði rannsakað nánar.

Þá þarf að íhuga það, hvort ekki væri rétt að koma hér upp fjárfestingarsjóðum fyrirtækjanna, t. d. með svipuðum hætti og tíðkast í Svíþjóð. Þar er um að ræða sérstaka sjóði, sem félögin geta lagt í, en skila viðkomandi skatti á bundinn reikning á vegum ríkisins, þannig að það er vissum takmörkum háð, hvernig þetta fé getur losnað undan opinberu eftirliti, þannig að það er ekki hægt að losa þetta fé, nema þegar sérstök ástæða þykir til að örva fjárfestingu af þjóðfé-

lagslegum ástæðum. Þetta hefur hins vegar þann tilgang, að það skapar fyrirtækinu möguleika til að flytja skattlagningu á milli ára, og getur þetta komið sér vel, þegar miklar sveiflur eru í afkomunni. Hins vegar leggur þessi skipan verulega í hendur ríkisins nýtt hagstjórnartæki, ef svo má segja, sem hentar einnig vel til þess að draga þannig úr sveiflum í fjárfestingu. Þetta þarf hins vegar að kanna miklu betur, til þess að hægt sé að gera um það ákveðnar till., og verður það að bíða framhaldsathugunar málsins.

Þá er það, sem ég vék að áðan í mínu máli, sem gerir mjög erfitt um allan samanburð við EFTA-löndin, en það eru tekjuöflunarmál sveitarfélaganna. Þau eru hér með mjög mismunandi hætti í hinum ýmsu sveitarfélögum, og hefur þetta þegar valdið mikilli mismunun í aðstöðu fyrirtækja til starfsemi í hinum einstöku byggðarlögum, þar sem það getur verið mjög mismunandi, hvað þau greiða þungt tekjuútsvar, þótt tekjuskatturinn sé sá sami, og í rauninni, ef á að fá fullt samræmi hér á milli aðstöðu fyrirtækjanna, þá þyrfti að sameina tekjuskattinn og tekjuútsvarið, og þetta hefur einnig komið til athugunar, eins og hv. þdm. er kunnugt, í sambandi við staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Þá hefur staðgreiðslunefndin komizt að sömu niðurstöðu í athugunum sínum um, að þessi mikli munur, sem er á útsvarsálagningum í hinum einstöku sveitarfélögum, veldur stórkostlegum vandræðum, og það er brýn nauðsyn að skapa hér meira jafnrétti. Ég hygg því, að það verði ekki hjá því komizt, ef á að tryggja fyrirtækjum svipaða aðstöðu, hvar sem þau starfa í landinu, og ekki aðeins aðstöðu út á við, þá þurfi að taka þetta mál til víðtækrar athugunar og leita eftir því, hvort ekki er auðið að sameina þessa skattstofna. Mætti þá vel hugsa sér það, að þetta gerðist í sambandi við athugun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, og umræður standa nú yfir á milli rn. og Sambands ísl. sveitarfélaga á grundvelli athugunar, sem Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur gert á þessu efni, hvort ekki væri rétt að taka upp viðræður milli þessara aðila um það mál, því að vel má hugsa sér, að það væri hentugt að breyta þeirri verkaskiptingu, sem nú er, og þá e. t. v. flytja tekjustofnana á milli með einhverjum hætti. Það skiptir að sjálfsögðu ekki meginmáli, hver leysir hin opinberu þjónustuhlutverk af hendi, hvort það er ríki eða sveitarfélag. Það verður að velja það, sem hentugast er, og á það út af fyrir sig ekki að þurfa að hafa nein áhrif á tekjuöflunina í heild, þó að tekjurnar kunni að skiptast með öðrum hætti en verið hefur.

Framhaldið af þessu, sem snertir ekki beint skattalögin sem slík, er að sjálfsögðu undirbúningur að því að koma hér á fót kauphingi, en það mundi verða á vegum Seðlabankans að vinna að því máli. Þá er einnig nauðsynlegt, að hrundið sé í framkvæmd sem fyrst og fái lögfestingu, endurskoðun hlutafélagalaga, en málið hefur verið í athugun hjá dómsmrn. um nokkurn tíma. L., sem sett voru um bókhald nú fyrir skömmu, hafa þegar skilað verulegum árangri, og án þeirra hefði í rauninni ekki verið hægt að taka upp þá víðtæku breytingu, sem hér er gert ráð fyrir, í skattalegri aðstöðu fyrirtækja, því að fullkomið bókhald er að sjálfsögðu forsenda þess, að hægt sé að framkvæma þá hluti, sem hér er verið að tala um.

Þá gat ég þess áðan, að virðisaukaskatturinn væri mjög þýðingarmikill í sambandi við þetta kerfi allt og hann út af fyrir sig breytti nokkuð aðstöðu fyrirtækja. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, en aðeins geta þess, sem ég raunar gat um í fjárlagaræðu minni í haust, að rn. hefur það til sérstakrar athugunar, hvort henta mundi og hvenær það væri tímabært, ef það þætti henta við nánari athugun ríkisstj., að innfæra slíkt kerfi eða lögfesta það hér á landi.

Þetta, sem ég hef hér nefnt, eru þau ýmsu atriði, sem enn á eftir að rannsaka, og reyndar fleiri, og yrði of langt mál að telja upp það allt í einstökum efnum, en sem varða fyrirtækin og uppbyggingu þeirra. Þá er einnig þörf á því, að fram fari í framhaldi af þessu öllu saman athugun á ýmsum atriðum skattalaganna. Og það hefur komið fram í auknum frv.-flutningi hér á Alþ. um ýmis atriði, varðandi persónuskatta og frádráttarreglur og ýmis önnur atriði, að það er vaxandi tilfinning fyrir því, að það þurfi að gera hér á einhverjar breytingar. Ég skal ekki fara langt út í þá sálma, en aðeins taka undir það, að ég er sammála um, að ýmis þeirra frv., sem hér liggja fyrir þinginu, eru þess eðlis, að rétt er að athuga þau nánar, en ég mundi telja mjög æskilegt, þar sem þetta mál er allt í heildarendurskoðun og slíkar breytingar mundu hvort sem er ekki taka gildi við skattaálagningu í ár, að þessum frv., a. m. k. þeim, sem hv. þm. þætti ástæða til að taka jákvætt á, yrði vísað til ríkisstj. til athugunar í framhaldsskoðun á þessu vandamáli og þá eftir atvikum eftir því, hvort það væri mat þingsins, að rétt væri að taka á málunum jákvætt eða neikvætt.

Ég hef áður getið þess, að ástæðan til þess, að ekki hafa verið gerðar ýmsar breytingar, sem vissulega hefði verið þörf á að gera fyrir nokkru síðan á skattalögunum, hefur fyrst og fremst verið sú, að staðgreiðslukerfið hefur verið í sérstakri meðferð, og það var ljóst, eða mér sýndist það a. m. k. augljóst, að það yrði að gera allvíðtækar breytingar á skattakerfinu, bæði tekjusköttum og útsvörum, ef staðgreiðslukerfið yrði innleitt, og það hefur valdið því, að frestun hefur orðið á þessari endurskoðun á ýmsum einstökum atriðum skattalaga, sem rædd hafa verið hér á hinu háa Alþ. Nú skal ég ekki um það segja, hver verður niðurstaðan hjá Alþ. að þessu sinni um þá tillögu, sem hér liggur fyrir, og nál. um staðgreiðslukerfið, en mér sýnist nú margt benda til þess, að það þurfi að eiga miklu lengri aðdraganda að lögfesta það en gert hefur verið, og má því vel vera, að það sé rétt að gera áður ýmsar breytingar á skattalögunum.

Ég sé ekki ástæður til þess að ræða þessi mál frekar, nema sérstakt tilefni gefist til, en vil aðeins að lokum vekja athygli á því, sem ég gerði í upphafi máls míns, að þetta frv. er þannig úr garði gert, að það er byggt á ákveðnu kerfi og til að ná ákveðnum markmiðum, sem ég lýsti í upphafi máls míns. Ég hygg, að hv. þm. muni allir komast að raun um það við íhugun málsins,

að einstök ákvæði frv. eru í svo nánu samhengi hvert við annað, að því verður vandbreytt í meginatriðum, nema því aðeins að kollvarpað verði þá um leið þeim grundvelli, sem það er byggt á, eða kerfinu sjálfu. Þetta tel ég alveg nauðsynlegt að menn íhugi. Breytingar á fyrningarreglum leiða af sér breytingu á meðferð arðs og hlutafjárákvörðunum, þannig að þessi þrjú meginefni eru í svo nánu samhengi hvert við annað, að einu verður naumast breytt að neinu verulegu leyti, án þess að öðru verði breytt.

Ég sagði í upphafi máls míns, að það hefði ekki unnizt tími til að rannsaka þetta mál svo ofan í kjölinn í ríkisstj. eða stjórnarflokkunum, að það væri á þessu stigi flutt með venjulegum hætti sem stjfrv., en ég tók jafnframt fram, að í því fælist engin yfirlýsing um það, að ríkisstj. eða stjórnarflokkarnir mundu ekki efnislega geta náð samstöðu um málið. Ég taldi hins vegar mjög mikilvægt, eins og ég gat um, að þótt þessi heildarathugun málsins lægi ekki fyrir hjá þessum aðilum, þá yrði frv. sýnt hér á Alþ., þar sem ég tel persónulega, að það uppfylli þær kröfur eða þau skilyrði, sem sett voru í erindisbréfi n. Hins vegar er hér um svo víðtækt mál að ræða, sem hefur svo mikla þýðingu í þjóðfélaginu, að það er brýn nauðsyn að fá viðbrögð Alþ. við frv., enda þótt þess yrði ekki kostur að lögfesta það á þessu þingi, og jafnframt, að það kæmi fram í dagsljósið, þannig að aðrir aðilar, sem málið varðar, gætu rætt það nú á næstu mánuðum. Þetta er sérstaklega veigamikið vegna þess, sem ég gat um áðan, að það á eftir að fara fram athugun á ýmsum veigamiklum þáttum málsins enn, og það skiptir að sjálfsögðu miklu máli fyrir framhaldsstarf n., sem að þessu vinnur, hvort viðbrögðin við málinu verða með þeim hætti, að það séu líkur á því, að að lokum fallist Alþ. á að leysa málið á grundvelli þeirrar meginreglu, sem þetta frv. byggist á, vegna þess að framhaldsathugun hjá n. á þeim atriðum, sem enn eru ókönnuð, eða a. m. k. ekki komin niðurstaða á, veltur að sjálfsögðu verulega á því, hvort n. á að byggja á þeim grunni, sem lagður er með þessu frv., eða hvort viðbrögðin yrðu slík, að mönnum sýndist nauðsynlegt að spinna þráðinn með einhverjum öðrum hætti eða byggja kerfið upp á einhverjum öðrum grunni.

Málið í heild þarf að sjálfsögðu að verða lögfest fyrir næstu áramót og þarf að koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1971. Hins vegar er eitt atriði í þessu frv., sem óhjákvæmilega þarf að vera lögfest á þessu þingi. Ég geri ráð fyrir því, að flutt verði nú á næstunni sérstakt frv., þar sem það atriði út af fyrir sig verður tekið út úr frv., en það eru bráðabirgðaákvæði um endurmat á fyrnanlegum eignum eða hækkun fyrninga, miðað við skattárið 1970, þ. e. a. s. af eignum 1969 og þá miðað við áhrif gengisbreytingarinnar, sem var 1968, að svo miklu leyti, sem eignir hafa ekki þegar svo til hlotið endurfyrningu eða endurmat, ef svo má segja, vegna gengistjóns.

Herra forseti. Ég hef nú þegar talað nokkuð lengi um þetta mál, en það verður naumast komizt hjá því, ef á að gera því einhver skil, og er þó langt í frá, að því hafi verið gerð tæmandi skil. Hér er um svo víðtækt og vandasamt mál að ræða. Ég legg aðeins að lokum á það megináherzlu, að hugsunin með þessu frv. er að örva íslenzkt atvinnulíf, efla íslenzk fyrirtæki og gera þeim mögulegt að taka upp þá samkeppnisbaráttu, sem þau verða að heyja á næstu árum og áratugum og gera þeim fært að leysa þann stóra vanda, sem á íslenzkum atvinnufyrirtækjum hvílir, að byggja upp nægilega traust atvinnulíf í landinu. Jafnframt er þessum till. ætlað að sjá til þess, að ekki verði með óeðlilegum hætti farið með þau hlunnindi, sem hér eru veitt, og strangar reglur um það settar, að ekki sé hægt að draga með óeðlilegum hætti fé út úr atvinnurekstrinum, vegna þess að hugsunin er ekki sú, að auðga með þessum hætti á óeðlilegan hátt einn né neinn, heldur að efla atvinnureksturinn sjálfan með sameiginlega hagsmuni þjóðarinnar fyrir augum.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað aftur til fjhn., svo sem hv. n. víkur að í till. sínum í grg. með frv.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af fjhn., án þess að hún hafi tekið nokkra endanlega afstöðu til málsins. Mér finnst því rétt að byrja mál mitt með því að gera grein fyrir því, hvers vegna við fulltrúar Framsfl. í fjhn. töldum rétt að verða við þeirri beiðni fjmrh., að n. flytti þetta frv.

Það mun vera nokkurn veginn hefðtekin venja, að þegar ráðh. á í erfiðleikum við að flytja einhvert mál sem stjfrv. og hann biður n. að flytja málið, að þá verður n. við þeirri beiðni. Það mun liggja fyrir í þessu máli, að hæstv. fjmrh. veit enn ekki um það, hvort samstarfsflokkar hans og samstarfsmenn í ríkisstj. munu fylgja þessu máli eða ekki, eða hvort það verður einn af ráðh. flokksins eða tveir eða þrír, sem kunna að greiða atkv. á móti því að lokum. Það er skiljanlegt, að hæstv. ráðh. vill ekki flytja málið sem stjfrv., þegar þannig er ástatt. Við töldum það rétt, fulltrúar Framsfl. í fjhn. að taka nokkurt tillit til þessarar erfiðu aðstöðu fjmrh. En hitt réð ekki minna um afstöðu okkar, að það hefur lengi verið yfirlýst afstaða Framsfl., að tími væri til þess kominn, að fram færi athugun á skattlagningu fyrirtækja, vegna þess að hún væri óeðlileg og óheppileg að mörgu leyti, eins og nú háttaði, og þar sem þetta frv. fjallar fyrst og fremst um skattlagningu fyrirtækja eða endurskoðun á reglum um þau mál, þá fannst okkur rétt að eiga aðild að því, að frv. kæmi hér fram á Alþ., án þess að við værum búnir að taka nokkra endanlega afstöðu til þeirra einstakra atriða, sem í frv. eru.

Í umr. í sambandi við EFTA-málið svonefnda og fleiri mál hér á Alþ., þá hefur yfirleitt komið fram sú afstaða Framsfl. um það, að hann teldi rétt að gera ýmsar breytingar og leiðréttingar á skattlagningu fyrirtækja og þó sérstaklega um það, hvernig fyrningarreglum er nú háttað. Um þetta atriði hefur flokkurinn lagt fram sérstakt frv. á þessu þingi hér í hv. deild, sem er að finna á þskj. 75, en þar er gert ráð fyrir því, að

sú regla verði tekin upp í sambandi við fyrningarreglur, að fyrning verði miðuð við endurkaupsverð. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja efni þess frv. nánar hér, en nefni þetta aðeins til þess að sýna það, að Framsfl. hefur talið það aðkallandi mál, að gerðar yrðu leiðréttingar á skattlagningu fyrirtækja og þá sérstaklega í sambandi við þetta atriði.

En það kom hins vegar alveg greinilega fram í ræðu hæstv. ráðh., og það vil ég undirstrika, að það er engan veginn nægilegt í þessu sambandi að endurskoða tekjuskatts- og eignarskattslögin ein. Það þarf að fara fram miklu víðtækari endurskoðun. Ég hygg, að því verði ekki haldið fram, að tekjuskatturinn sé í dag sérstaklega tilfinnanlegur fyrir fyrirtækin í landinu, eins og sézt á því, að það er reiknað með því, að hann verði allur á þessu ári ekki nema 85 millj. króna, en það eru margir aðrir skattar, sem leggjast raunverulega miklu þyngra og óréttmætar á atvinnufyrirtækin en tekjuskatturinn, og þess vegna er nauðsynlegt, að fram fari miklu víðtækari endurskoðun á skattamálum fyrirtækjanna.

Ég held, að það hafi verið hv. 3. þm. Norðurl. v., sem upplýsti það fyrir nokkru hér á Alþ., að útgerðin þyrfti að greiða eina 24 skatta. Þetta sýnir það, út í hvaða óefni við erum komnir í þessum efnum og hversu nauðsynlegt það er, að hér fari heildarendurskoðun fram með það fyrir augum, að skattar verði sameinaðir og samræmdir. Þeir verði miklu færri en nú og meira tillit tekið til þess, hvernig þeir verka í heild á fyrirtækið. En vegna þess hve skattarnir eru orðnir margir núna, þá er ekkert samræmi í því, hvernig þeir leggjast á fyrirtækin í einstökum tilfellum. Þess vegna þarf að fara fram miklu víðtækari endurskoðun en sú, sem hér hefur átt sér stað, og það kom líka fram í ræðu hæstv. fjmrh., að svo væri. Ég hygg, að allir hljóti að vera sammála um það og ekki þá sízt við, sem gerum þær kröfur til fyrirtækjanna, að þau greiði starfsfólki sínu sæmilegt kaup, að það verði að koma til móts við fyrirtækin á annan hátt, með því m. a. að skapa þeim aðstöðu til þess að eignast eigið fé, bæði til þess að setja í fjárfestingu og til þess að hafa í rekstrinum, og það verður áreiðanlega ekki gert, svo að vel sé, nema veruleg breyting verði á skattlagningu þeirra frá því, sem nú er.

Ég vil svo að öðru leyti segja það um þetta mál, að ég tel það mjög miður farið, hve seint það er fram borið. Það eru í mesta lagi nú þrjár vikur þangað til að reiknað er með því, að þingi ljúki. Í þessu frv. eru fólgin mörg nýmæli, sem þarfnast að sjálfsögðu vandlegrar íhugunar af þingsins hálfu, og þess vegna er um annað tveggja að ræða, að þetta mál fari í gegnum þingið, án þess að það fái fullnægjandi athugun, eða þá að það verði að bíða næsta þings að mjög verulegu leyti. Ég er ekki fjarri því, að það kunni að vera rétt vinnuaðferð, eins og nú er komið tíma þingsins, að meginefni þessa frv. verði kynnt hér, eins og þegar er orðið, en þm. fái svo betri tíma til þess að athuga þetta mál fram á næsta þing. Jafnframt verði unnið að því að íhuga á þeim tíma og endurskoða önnur skattalög og aðrar skattareglur.

Ég vil segja það í þessu sambandi, að ég tel það ekki fullnægjandi í sambandi við slíka endurskoðun, að það séu eingöngu embættismenn, sem vinni að þeirra endurskoðun og athugun samkv. fyrirmælum fjmrh., heldur sé það eðlilegt, að fulltrúar hins pólitíska valds og stjórnmálaflokkanna fái strax aðild í athugun þessara mála, og þannig ráði þessir aðilar yfir meiri vitneskju, þegar að því kemur, að Alþ. þarf að fara að fjalla um þau að nýju. Ég legg þess vegna áherzlu á það, að framhaldsathugun þessa máls fari fram á þeim grundvelli, að það væru ekki eingöngu sérfræðingar, sem um þau fjölluðu, heldur einnig fulltrúar hinna pólitísku flokka og þá sérstaklega þingflokkanna. Ef svo fer, að Alþ. kemst að þeirri niðurstöðu, að það geti ekki afgreitt þetta mál allt, eins og það liggur nú fyrir, þá tel ég eigi að síður nauðsynlegt, að viss atriði í skattamálunum verði tekin út úr og afgreidd á þessu þingi, vegna þess að þeim er þannig háttað, að afgreiðslu þeirra má ekki fresta, og ég tek þar undir með hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt er, að nú á þessu þingi verði settar nýjar reglur um fyrningu, til þess að hægt væri að framfylgja þeim með álagningu skatta á þessu ári. En ég tel það jafn nauðsynlegt, að einnig verði gerð breyting á skattvísitölunni eða álagningu skatta á þessu ári, því að það er víst, að eins og henni er nú háttað, þá kemur hún mjög ranglátlega niður á launþegum, og þarf að gera breytingu þar á. Nú mun vísitalan vera ákveðin 140 stig, en ætti að vera 173 stig, ef skattareglur ættu að vera í samræmi við það, sem gert var ráð fyrir við setningu skattalaganna 1964. Ef ekki verður gerð breyting á í þessum efnum, þá þýðir það það, að það er raunverulega verið að skattleggja þann hluta launanna, sem menn hafa fengið í dýrtíðarbætur, og Alþ. hefur alls ekki ætlazt til, að skattlagt væri á þennan hátt, og þess vegna sett ákvæði um vísitöluna, sem áttu að koma í veg fyrir slíka skattlagningu. Því mun e. t. v. vera haldið fram, að það sé orðið nokkuð seint að breyta skattvísitölunni nú, vegna þess að skattanefndir séu búnar að miða við töluna 140 í útreikningum sínum, en ég tel, að hér sé um svo mikilsvert atriði að ræða, að ekki megi í það horfa, þó að þetta kosti að einhverju leyti meiri útreikninga hjá skattanefndum. Það má líka segja í sambandi við það, ef við breytum fyrningarreglunum á þessu þingi, að þá þurfa skattanefndir kannske að einhverju leyti að endurskoða fyrri útreikninga sína um það efni, og gildi þá hið sama um þetta tvennt.

Það, sem ég teldi svo í þriðja lagi nauðsynlegt, er, að settar yrðu reglur um, ef afgr. yrðu l. til bráðabirgða á þessu þingi, að hert yrði eftirlit með framtölum, en um það efni liggur einnig fyrir frv. frá okkur framsóknarmönnum hér í þd., og sé ég ekki ástæðu til þess að rekja efni þess nánar, vegna þess að það hefur verið gert hér áður.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni. Ég ræði ekki einstök efnisatriði frv., vegna þess að það hefur ekki gefizt tími til þess að íhuga þau nægilega, og það mun líka verða gert í þeirri n., sem mun

fá málið til athugunar, en ég legg áherzlu á það, ef það er mögulegt, að það verði reynt að greiða fyrir þessu frv. í þessu formi eða með einhverjum breytingum, en ef það þykir ekki ráðlegt, að þá verði afgreidd sérstök l. með þeim þremur bráðabirgðaatriðum, sem ég hef hér minnzt á.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., þá er það helzt að skilja, að það sé ekki ætlun hæstv. fjmrh., að þetta frv. verði endanlega afgreitt á þessu þingi, og helzt svo að skilja, að hann reikni með því, að aðeins örlítill hluti af því, sem frv. fjallar um, nái afgreiðslu nú. Það er líka varla við því að búast, að það vinnist tími til þess, eins og nú er orðið áliðið þings, að sú athugun geti farið fram á þessu máli, sem í rauninni er nauðsynleg, því að hér er um æði flókið mál að ræða, þar sem gert er ráð fyrir því að gerbreyta um skattlagningarreglur í ýmsum veigamiklum atriðum.

Annars verð ég að segja það, að mér sýnist, að það sé ýmislegt annað, sem meira kallar á fyrir atvinnureksturinn í landinu en að koma fram breytingum á tekju- og eignarskattsreglum fyrirtækja. Ég held, að það verði ekki um það deilt, að íslenzk fyrirtæki hafa greitt tiltölulega lága skatta til ríkisins í formi tekjuskatts og eignarskatts á undanförnum árum, og þeir skattar hafa síður en svo farið hækkandi í hlutfalli við aðra skattlagningu í landinu. Ég hefði nú talið eðlilegt, að það hefði komið fram m. a. í grg. þessa frv., hvernig íslenzk fyrirtæki hafa verið skattlögð í þessum efnum á undanförnum árum. Mér er nær að halda, að sú fjárhæð, sem íslenzk fyrirtæki hafa verið skattlögð um í formi tekjuskatts og eignarskatts, standi í krónum talið nokkurn veginn óbreytt um 10 ára tímabil eða svo, á sama tíma og tekju- og eignarskattur einstaklinga hefur líklega meira en tífaldazt eða farið úr um 70 millj. kr. og upp í 700 millj. kr. Ég held líka, að það sé rétt, sem segir hér í grg. frv., að fyrningarreglur og aðrar reglur, sem gilt hafa um skattfrelsi fyrirtækja, hafi verið þess eðlis í skattalöggjöf okkar, að ekki hafi getað talizt gengið nærri atvinnurekstrinum með skattlagningu í þessu formi. Það er hins vegar rétt, eins og hér hefur komið fram í þessum umr., að atvinnureksturinn í landinu borgar margvíslega aðra skatta en þá, sem flokkast undir tekju- og eignarskatt. Slíkir skattar hafa verið fundnir upp, einn og tveir og fleiri á ári, og eru orðnir æði margir slíkir skattar, og það þarf auðvitað að athuga, hversu atvinnureksturinn í landinu er skattlagður eftir slíkum leiðum, en það er þó í rauninni allt önnur endurskoðun en sú, sem þetta frv. fjallar um.

En það eru nokkur atriði í þessu frv., sem ég vildi aðeins minnast hér á, þó að tími gefist eflaust til þess að ræða þau betur í þeirri n., sem kemur til með að fjalla um málið. Í frv. er gert ráð fyrir því sem meginbreytingu, að fyrningarreglum verði breytt á þann veg, að fyrirtækin geti ráðið því meira en nú er, hve hátt þau fyrna eignir sínar hverju sinni eða á hverju ári. Þetta kann að vera heppilegt í ýmsum tilfellum, en ég verð að segja það, að t. d. jafnþýðingarmiklar atvinnugreinar og sjávarútvegurinn og iðnaðurinn hafa notið í þessum efnum mjög hagstæðra lagaákvæða. Sjávarútvegurinn hefur í mörgum tilfellum mátt fyrna sínar eignir um 20% auk hinnar almennu heimildar fyrir mikinn hluta af atvinnurekstrinum til að leggja skattfrjálst í varasjóð, sem nemur 25% af hreinum hagnaði. Ég get því ekki séð það í fljótu bragði, að þessar reglur, sem hér er verið að kynna í þessu frv., geti orðið til hagsbóta fyrir sjávarútveg okkar frá þeim reglum, sem nú gilda, nema síður sé. Ef reglurnar um skattfrjálst framlag til varasjóða eiga að falla niður, þá sýnist mér allt benda til þess, að a. m. k. sjávarútvegsfyrirtækin verði að búa við lakari reglur með hinu nýja fyrirkomulagi en því, sem nú er í gildi.

Það er talað um það í grg. frv. með fallegum orðum, að ætlazt sé til þess, að allar greinar atvinnurekstrar eigi að búa hér við sömu kjör varðandi fyrningarreglur, en eins og við vitum, þá hefur þarna verið nokkur munur á. Því hefur t. d. verið slegið föstu, að fyrning á t. d. fiskiskipum og ýmsum eignum sjávarútvegs- og iðnaðarfyrirtækja sé miklu hærri en átt hefur sér stað t. d. með verzlunarhúsnæði og skrifstofuhúsnæði. Þetta er rétt. Þarna hefur verið mikill munur á, en nú á samkv. þessu mikla réttlæti að verða hér jöfnuður á. Ég segi það alveg hiklaust sem mína skoðun, að ég álít, að hér sé verið að jafna saman alveg óskyldum hlutum. Ég jafna því ekki saman að ákveða fyrningarreglur fyrir verzlunar- og skrifstofuhúsnæði, t. d. hér í borginni eða í rauninni hvar sem væri á landinu, og ákveða fyrningarreglur fyrir síldarverksmiðjur eða aðrar slíkar eignir, þar sem slíkar eignir hafa fyrnzt niður í svo að segja engin verðmæti á nokkrum árum, án þess að um það giltu sérstaklega nein ákvæði í l. Atvikin hafa hins vegar aðeins fyrnt þetta niður í það að verða verðlaust. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það verði að taka hér mjög tillit til allra aðstæðna í þessum efnum um notagildi og raunveruleg verðmæti eignanna, en mér er ljóst, að eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., þá gæti hér verið um verulega aukin skattfríðindi að ræða fyrir verzlunina í landinu. En ég dreg það mjög í efa, að þessar breytingar verði til hagsbóta, t. d. fyrir sjávarútvegsfyrirtæki. Mér sýnist þvert á móti allt benda í þá áttina, að þetta yrði lakara fyrir þau en það, sem gildir nú.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því, að sú regla verði tekin upp sem aðalregla að skattleggja allan söluhagnað á eignum, þó með þeim hætti, að ef eignin hefur verið í eigu sama aðila í nokkur ár, þá verði ekki nema hluti af söluhagnaðinum tekinn til skattlagningar. En nú er þessu þannig fyrir komið, að hafi eignin verið í eigu sama aðila í 3—5 ár, þá er söluhagnaðurinn ekki talinn skattlagningarhæfur, eða þá verður hann skattfrjáls. Ég tel, að það þurfi að breyta þeim ákvæðum, sem nú eru í skattalögunum varðandi þessi efni. Mér sýnist mjög óeðlilegt, að allur sá hagnaður, sem til fellur í ýmsum tilvikum við sölu á fasteignum, sem nú verður alveg skattfrjáls, eigi að vera það áfram. Ég álít, að hann ætti að skattleggjast í ýmsum tilfellum og a. m. k. að nokkru leyti. Ég viðurkenni því, að það þarf að

breyta þessum ákvæðum. En ég dreg hins vegar mjög í efa, að það sé hægt að setja svo einfaldar reglur, eins og koma fram í þessu frv., varðandi þessi mál. Ég held, að það gæti orðið mjög til þess að torvelda eðlileg eignaskipti hjá aðilum, ef taka á söluhagnað, sem fram kemur sem verðbólguhagnaður í bili af tiltekinni eign, og skattleggja þann hagnað, þó að sami aðili kaupi aðra hliðstæða eign jafnvel á sama ári, þá auðvitað undir allt öðru verðlagi en áður hafði gilt. Í mínum augum gæti þetta t. d. verið þannig, að aðilinn, sem átt hefur fyrirtæki, sem átt hefur fiskiskip í nokkur ár, seldi skipið síðan með verðbólguhagnaði. Eins og nú standa sakir, þá getur þessi hagnaður verið umtalsverður, skipt millj. kr., en ef sami aðili kaupir hins vegar nýtt skip í staðinn á sama ári, á hinu nýja verðbólguverði, þá tel ég ekki, að hér sé um gróða að ræða, sem rétt sé að taka til skattlagningar, og þó að sagt sé við þennan aðila, sem í þessu tilfelli ætti að borga hér háa skatta af þessum verðbólguhagnaði: „Þú nýtur þess að fá nú að komast inn í nýjar fyrningarreglur með hið nýja skip," þá er ekki víst, hvenær hann hefur mikinn hagnað upp úr því í sínum rekstri. Og þetta gæti hreinlega orðið til þess, að hann gæti ekki skipt á eign með eðlilegum hætti. Ég vek aðeins athygli á þessu og nefni hér skip sem dæmi, en aðrar eignir geta hér vitanlega alveg eins komið til og skip. Mér sýnist við fljótlega athugun á þessu máli, að hér þurfi að búa talsvert betur um ákvæði en gert er í frv. varðandi þetta atriði, ef þetta eigi ekki að torvelda verulega eðlileg eignaskipti, sem ég tel, að þurfi að eiga sér stað.

Þá er hér í frv. einnig gert ráð fyrir því að gera arð af hlutabréfaeign skattfrjálsan að vissu marki, hliðstætt arði af bankainnstæðum. Ég tel fyrir mitt leyti, að þessi ákvæði í skattalögum, um skattfrelsi í þessum efnum, séu mjög hæpin og af þeim leiði margvísleg vandkvæði við eftirlit í skattamálum. Og mér sýnist því mjög vafasamt að bæta miklu við varðandi þessi atriði, þó að ég skuli játa það, að það sé eðlilegt að leggja þarna nokkuð að jöfnu þann arð, sem ræst út úr hlutabréfaeign, og þann arð, sem fellur til af innistæðufé í bönkum eða sparisjóðum. Ég verð að segja, að mér sýnist mjög vafasamt, að réttmætt sé að halda því fram á þessu stigi málsins, að ef þetta frv. yrði að l., þá yrði það til þess að örva verulega hlutafjáreign í fyrirtækjum, eða til þess að efla verulega atvinnufyrirtæki okkar. Ég held, að það þurfi að koma allt annað til og annað miklu meira en þetta frv. fjallar um til þess að ná slíku marki.

En það er eflaust nauðsynlegt fyrir okkur að reyna að haga skattlagningu á atvinnurekstri okkar þannig, að hann sé nokkuð í samræmi við það, sem gerist í mestu samkeppnislöndum okkar. Ég viðurkenni það. Ég sakna því í þessu frv. að fá þar ekki nokkur dæmi um samanburð á skattlagningu fyrirtækja, t. d. í öðrum EFTA-löndum og hér hjá okkur, þannig að maður gæti auðveldar gengið úr skugga um það, hvernig ástatt er hjá okkur í samanburði við aðra varðandi þessi mál. Ég er ekki nægilega kunnugur þessum málum, en ég dreg það mjög í efa, a. m. k. á sviði þessarar beinu skattlagningar til ríkisins í formi tekjuskatts og eignarskatts, að þá göngum við nær okkar atvinnurekstri en aðrir gera. Ég dreg það mjög í efa, hefði a. m. k. viljað fá frekari sannanir í þeim efnum en koma fram í þessu frv.

Ég skal svo ekki ræða um þetta frekar, en vil aðeins segja það að lokum, að ég tel hins vegar, að þó að réttmætt sé að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar um skattlagningu fyrirtækja, þá sé ekki hægt við endurskoðun á skattalöggjöf okkar að binda sig þar eingöngu við skattlagningu á fyrirtækjum, það verði einnig að athuga gaumgæfilega skattlagningu einstaklinga samkv. þessari löggjöf, og mér sýnist enginn vafi leika á því, að skattarnir hafa nú hin síðari ár hækkað mjög ört og mikið á miðlungstekjum og séu orðnir hærri en eðlilegt er. Því þurfi ekki síður að endurskoða þann hluta þessarar löggjafar en hinn, sem snýr beint að tekju- og eignarskatti fyrirtækja. En þar held ég sem sagt, að aðalvandinn liggi nú ekki hjá okkur.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert nokkra grein fyrir frv. því, sem hér liggur fyrir á þskj. 530. Það verður nú að segja það, að þetta er mikill bálkur og tekur það áreiðanlega tíma að kynna sér það gaumgæfilega, enda bar ræða hæstv. fjmrh. það með sér, að það mundi ekki vera í ráði að gera annað en að sýna það nú og kynna þetta þingheimi og almenningi, en um það gæti orðið að ræða að taka viss ákvæði úr frv., sem yrði lögfest á þessu þingi. Ég ætla ekki að fara að ræða neitt itarlega um þetta frv., en ég tel, að hér séu mjög mörg athyglisverð ákvæði, sem eiga að geta orðið atvinnurekstrinum til framdráttar, þegar það hefur verið athugað nákvæmlega og fullar upplýsingar gefnar, svo að þessi mál liggi alveg ljóst fyrir.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú, að í frv. er gert ráð fyrir með einu pennastriki að skera á eitt form í félagarekstri um atvinnurekstur niður og leyfa það ekki áfram. Þess vegna langar mig til þess að fá frekari upplýsingar um það hjá hæstv. fjmrh. Ég hlustaði með mikilli athygli á hans ræðu, og hann gaf það í skyn, að hann mundi gefa gleggri upplýsingar um þetta atriði en er hér á bls. 8 í hinni almennu grg. um sameignarfélögin. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir mjög ákveðinni stefnubreytingu, að því er varðar sameignarfélög. Er lagt til, að sameignarfélög sem sjálfstæðir skattaðilar verði felld niður úr skattkerfinu. Hér er um að ræða félagsform, sem er nánast óþekkt sem sjálfstæðir skattaðilar í öðrum EFTA-löndum, auk þess sem fyrirkomulagið, sem hér hefur gilt, felur í sér, að sameignarmönnum, þremur eða færri, er gefinn kostur á að velja sér skattálagningarform og þar með skattstiga, eftir því sem hentar ár hvert, ýmist sem hluti af sameignarfélagi eða sem einstaklingar. Er talið mjög óæskilegt að veita slíkt valfrelsi í skattalöggjöf. Að því er varðar sameignarfélög er sömuleiðis gert ráð fyrir niðurfellingu varasjóðsheimilda og upplausn núverandi varasjóða á nokkrum árum."

Ég tel ástæðu til þess, þótt hæstv. fjmrh. kæmi

að þessu atriði, að fá gleggri skýringar en fram komu í ræðu hans um þetta atriði. Eins og ég sagði áðan, hlustaði ég nákvæmlega, en þær skýringar sannfærðu mig ekki um þetta. Í sambandi við það að leggja niður þetta form, þá tel ég, að það geti verið mjög varhugavert. Ég varð var við það á fundi, sem ég mætti á með n. þeirri, sem fjallaði um þetta mál, eða hluta úr henni, fyrir s. l. áramót, og skattstjóri ríkisins upplýsti einmitt þar, að það væri í l., og efast ég ekki um, að rétt sé með farið, að menn gætu ákveðið frá ári til árs, hvort þeir teldu fram sem sameignarfélag eða sem einstaklingar. Þó að ég hafi fylgzt talsvert með félagsformum og félagsmálum, þá kom þetta mér dálítið einkennilega fyrir eyru. Ég ræddi þetta við endurskoðanda, sem lengi starfaði á Skattstofunni, og kom þetta honum einnig mjög einkennilega fyrir eyru, að með þetta skattaform væri rokkað til frá ári til árs. Ef sameignarfélag er stofnað með vissu framlagi og það tilkynnt, þá hef ég álitið, að það væri sjálfstæður skattframteljandi og skattlagt eftir því. Vel má vera, að l. ákveði, að það eigi að tilkynna það í byrjun árs þess, sem á að skattleggja, hvort formið verði notað, við tökum t. d., að í byrjun ársins 1968 hefði átt að tilkynna, hvort talið yrði fram fyrir það ár sem sameignarfélag eða skipt á einstaklingana fyrir það skattár. Ég tel t. d., að í þeim atvinnurekstri, sem ég þekki bezt til, þá sé mjög erfitt að segja í ársbyrjun, hver útkoman verði, svo að þess vegna, ef aðilarnir hafa valið sér þetta form, þá telji þeir yfirleitt þannig fram, en fari ekki að skipta tekjunum á einn, tvo eða þrjá annað árið, heldur fari eftir þeirri reglu, sem ákveðin var í upphafi.

Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh., en ég ætlast ekki til að hann svari því á þessum fundi, það gæti komið fram síðar við umr. um þetta mál, í hvað mörgum tilfellum hafi verið breytt til á síðustu árum í sambandi við framtöl sameignarfélaga. Ég veit það, að t. d. í útgerð, bæði í mínum fæðingarbæ og í stærstu bátaverstöð landsins, er þetta form, sameignarfélag um útgerðarrekstur, mjög almennt notað, og ég veit, að það er til, að þessir aðilar telja fram sitt í hvoru lagi og fylla út þá sjávarútvegsskýrslu að þeim hluta, sem þeir eiga í skipunum, en þá gera þeir það eftir á, en ég held, að það sé líka nokkuð almennt, en mér er ekki kunnugt um það, að breytt sé til í þessum efnum á milli ára. Ef félag er tilkynnt sem sameignarfélag með ákveðnu framlagi, þá er félagið sérstakur framteljandi og það skattlagt eftir því. Mér er kunnugt um, að það er hægt að vera með sameignarfélög með takmarkaðri ábyrgð, en frá tryggingarsjónarmiði þeirra aðila, sem skipta við þessi félög, þá geri ég ráð fyrir, að þetta sé ekki óhagkvæmt fyrirkomulag, vegna þess að það er ekki eingöngu það framlag, sem um er að ræða, nema sérstök ákvæði séu sett þar inn í, og til þess þarf forsetaleyfi, svo að takmörkun gildi. Sameignarfélög tryggja viðskiptaaðila með öllum eignum einstaklinganna, sem í sameignarfélögunum eru. Ég tel því mjög varhugavert að fella þetta niður.

Það er alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði í sambandi við hlutafélög, að þau hafa til skamms tíma verið alltof fjárvana og hlutafé verið yfirleitt alltof lágt. Það kemur til af tvennu, bæði því, hve lítið fjármagn hefur verið í landinu og svo einnig, að fyrirkomulag hjá þessum félögum og l. í sambandi við þau hafa verið þannig, að það hefur verið mjög erfitt að fá fé til baka. Ég tel, að þetta frv. muni bæta þar mjög mikið úr, þegar það kemur til framkvæmda, en í mjög mörgum tilfellum hafa eigendur lánað fjármagn, þar sem þá hefur verið auðveldara að fá það til baka og fá vexti af því. Raunverulega hefur verið meira fé frá eigendum en almennt er talið.

En í þessu sambandi, þótt það komi ekki beinlínis þessu máli við, þá má minna á það, hvernig lánastofnanir meðhöndla hin ýmsu hlutafélög, þegar hluthafar og þá sérstaklega stjórnendur þeirra eru látnir ganga í svo og svo miklar ábyrgðir, svo að raunverulega er þarna um að ræða a. m. k. meiri eign á bak við en skrásett hlutafé. Ég veit einnig, að það eru l. og reglur um að gefa út jöfnunarhlutafé, en á þessum sama fundi, sem ég minntist á áðan, þá upplýsti ríkisskattstjóri, að ótrúlega fá hlutafélög hefðu notað sér þá heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Með þessu frv., sem hér er lagt fram, er áreiðanlega stefnt í meginatriðum í rétta átt fyrir atvinnureksturinn og ætti að verða til þess, að fjármagn rynni, frekar en áður hefur verið, til hlutafélaga, og tel ég það vera til hagsbóta. Það er náttúrlega alveg útilokað, eins og l. eru í dag, að arðgreiðsla, sem getur verið 10%, sé í raun og veru, þegar til eigendanna kemur, aðeins 2.9%, og vitna ég þá í ræðu, sem einn virtur hæstaréttarlögmaður flutti ekki alls fyrir löngu suður í okkar kjördæmi.

En sem sagt, ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég tel, að þetta frv. sé í megindráttum til bóta, og það stórbóta, vil ég segja, því að hér á að brjóta í blað og örva aðila til þess að leggja fé í atvinnurekstur, en ég fyrir mitt leyti þarf að fá frekari skýringar en ég hef þegar fengið frá hæstv. fjmrh. um, hvers vegna á að skera þetta form, þ. e. sameignarfélagsformið, niður við trog, því að ég held, að við eigum eftir að heyra margar raddir um það, að það sé ekki heppilegt. Mér er einnig kunnugt um það, að einstaklingar, sem reka fyrirtæki, hvort sem það er við sjávarsíðuna eða annars staðar, hafa ekki leyfi til að leggja í varasjóð, svo að þess vegna hefur verið farið inn á þetta form. En raunverulega eru þeir gagnvart lánastofnunum og gagnvart ríkisheildinni í enn þá meiri ábyrgð en þeir, sem leggja hlutafé fram, ef lánastofnunin gerir ekki aðra samninga. Er þetta óheppilegt fyrir þjóðfélagið? En á þessu langar mig til þess að fá skýringu, og það er ekki nóg fyrir mig að það sé sagt, að þetta félagsform finnist hvergi í EFTA-löndum, það verða að koma frekari rök fyrir því en þegar eru fram komin.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara langt út í umr. um það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 530, enda hef ég ekki vegna fjarveru úr bænum um helgina haft tíma til að kynna mér það sem skyldi og veit líka, að hér er um veigamikið mál að ræða, sem nokkurn

tíma þarf til þess að átta sig á. Ég vil hins vegar við þessa umr. segja það, að ég fagna því, að þetta mál skuli vera fram komið, því að ég lít svo á, eins og hefur komið fram bæði í flutningi mála hér á hv. Alþ. af hálfu okkar framsóknarmanna og í umr. fyrr, að nauðsyn beri til að endurskoða skatta- og útsvarslög landsins í heild, ekki eingöngu fyrirtækja, heldur og einnig einstaklinga. Eftir því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., verður stefnt að því, og er ég því mjög fylgjandi og fagna því, að svo skuli gert. Mér sýnist líka, eftir að hafa litið yfir þetta frv. og hlustað á hæstv. fjmrh., að það stefni að því að tryggja betur en verið hefur, að fjármagn haldist í atvinnurekstrinum. Og ég get tekið undir það og lýst þeirri skoðun minni, að ég tel nauðsyn bera til þess, að við gerum betur til að tryggja fjármagn í atvinnurekstrinum en gert hefur verið til þessa. Ég held, að það sé öllum þegnum þjóðfélagsins í hag, hvort sem það eru atvinnurekendur eða þeir, sem vinna að atvinnurekstrinum sem launþegar. Það er öllu þjóðfélaginu í hag, að atvinnureksturinn standi sig sem bezt og geti haft ótruflaðan rekstur. Ég vona, að þetta frv. gangi í þá átt, og þar sem ég tel mig hafa kynnzt því, þá sýnist mér viðbrögðin vera þau.

Í tilefni af því, sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., þá vil ég aðeins undirstrika það, til þess að þau atriði verði, eins og hann vék að, til frekari athugunar í sambandi við framhaldsathugun á málinu, að ég tel það mjög mikla nauðsyn, að skattakerfi okkar verði gert einfaldara en verið hefur. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun, að sú stefna, sem ég tel, að fylgt hafi verið á síðari árum og hæstv. fjmrh. vék að, að bæta skatti ofan á skatt, eins og ég mun nú hafa orðað það áður, sé vægast sagt mjög óheppileg og hafi reynzt atvinnuvegunum afar illa. Það fer svo, að það verður öðruvísi litið á það mál, sem litið er á í einni heild, heldur en þegar verið er að bæta pinkli ofan á pinkil, eins og gert hefur verið. Þess vegna vil ég undirstrika það, að það er mjög mikil nauðsyn að gera skattakerfið einfaldara í framkvæmd og hafa heildarstefnu í því.

Í sambandi við það, sem hæstv. fjmrh. vék að, aðstöðugjöldunum, þá er mér það ljóst, að aðstöðugjöldin eru mjög gallað form. Það er afskaplega gallað form að leggja því meiri skatt á, sem kostnaðurinn er meiri. Það hefur verið tekið dæmi af bátunum tveimur, sem fóru í róðurinn og annar tapaði veiðarfærunum, en hinn kom með mokafla, og sá, sem tapaði veiðarfærunum, varð að greiða hærra aðstöðugjald vegna róðursins. Þetta er mjög gallað form. Hins vegar er mér það ljóst, að sveitarfélögin geta ekki verið án þess að ná sköttum af atvinnurekstrinum, og þau hafa að sjálfsögðu margfaldan kostnað við atvinnureksturinn í byggðarlaginu og verða að veita atvinnurekstrinum eðlilega alls konar aðstöðu.

Ég hef alið í brjósti mér þá hugsun og eftir því í ríkari mæli, sem ég hef hugsað meira um þetta og reynt að kynna mér þetta betur, að fasteignaskattarnir væru það form, sem við yrðum að hverfa að meira en við höfum nú gert og það í ríkum mæli. Í því sambandi hafa mér fundizt mjög mikil rök fyrir því, að eins og nú er, eru ýmsar stofnanir í landinu, m. a. ríkisstofnanir, sem við erum með, stikkfrí gagnvart gjöldum til sveitarsjóðanna og bæjarsjóðanna, en með því að ná með fasteignasköttum, þá næðum við til þessara aðila, sem ég tel jafn rétt, að taki þátt í uppbyggingu byggðarlaganna eins og aðrir aðilar, sem það verða að gera með greiðslu á sköttum og skyldum. Þess vegna held ég, að ef unnin verður framhaldsvinna í þessum málum, skattamálunum, eigi mjög að taka fasteignaskattana til athugunar, ekki sízt með það form í huga, sem við náum til fyrirtækjanna með.

Svo vil ég að síðustu, því að ég ætla ekki að fara að halda hér langa ræðu, heldur aðeins undirstrika þau atriði, sem ég hef sérstakan áhuga fyrir og tel, að þurfi að vinna að í sambandi við framhald þessa máls, undirstrika það, sem einnig kom fram í ræðu hæstv. fjmrh., að nauðsyn ber til að gera einfaldari og ákveðnari verkaskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaganna, bæði í sambandi við tekjuöflun og eins við framkvæmdir verka. Þetta er hin mesta nauðsyn. Það er mjög óheppileg aðferð, sem við höfum haft um áratuga skeið eða allt frá upphafi, að sömu aðilarnir, bæði ríkið og sveitarfélögin sæki á sama tekjustofninn og kannske eftir mörgum leiðum. Þetta er afskaplega óheppilegt. Eins er um mörg verkefni, að miklu eðlilegra væri, að annar hvor aðilinn annaðist þau að öllu leyti. Mér dettur nú í hug á stundinni, að ég tel t. d., að það væri miklu eðlilegra, að ríkið hefði algerlega með lögreglumál að gera en sveitarfélögin legðu þar fjármuni til, því að þau hafa engin ráð á þeim af eðlilegum ástæðum, og önnur verkefni geta svo verið, sem eðlilegra væri, að sveitarfélagið annaðist eitt, en ríkið ekki. Þess vegna vil ég undirstrika það, að mikil nauðsyn er á því að gera verkaskiptinguna og tekjuskiptinguna á milli sveitarfélagsins annars vegar og ríkisins hins vegar ákveðnari og einfaldari. Þessi fáu atriði vildi ég aðeins minna á við þessa umr. málsins.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr. Fyrst og fremst vildi ég nota tækifærið til þess að þakka öllum þeim hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir þeirra jákvæðu undirtektir undir frv. þetta að meginstefnu til. Þeir hafa allir tekið undir það, að það væri nauðsynlegt að koma skattamálum fyrirtækja í betra horf, og hef ég ekkert við að athuga neitt af því, sem þeir sögðu um það atriði.

Hv. 4. þm. Reykv. vék nokkuð að vinnubrögðum við undirbúning þessa máls og taldi, að það væri heppilegra að skipa n. pólitískra fulltrúa í stórmál sem þetta. Það kann vel að vera, að það væri rétt að gera það í sambandi við heildarniðurstöður slíks máls, þ. e. a. s. skoðun þess, eftir að unnið hefur verið að samsetningu þess eða gerð, en ég álít hins vegar um svona flókið tæknilegt mál, þá sé það ekki óeðlilegt að láta sérfræðinga vinna verkið, sem hafa yfirsýn yfir alla hugsanlega þætti þess, en að sjálfsögðu á grundvelli pólitískrar stefnumörkunar, eins og gert hefur verið í þessu sambandi. Það var, áður en hafizt var handa um verkið, lögð í erindis-

bréfi til n. ákveðin stefna um það, hvaða tilgangi væri ætlað að ná í meginefnum með þessum breyt. á tekju- og eignarskattslögunum, og á þeim grundvelli hafa embættismennirnir byggt till. sínar. Ég hygg, að þessi vinnubrögð hafi verið skynsamleg og hafi leitt til mun hlutlausari athugunar og mats á því, hvaða leiðir kæmu helzt til álita í þessu sambandi. Hitt er svo annað mál, að það kann vel að vera nauðsynlegt, þegar lengra kemur, að láta pólitískt skoða þetta mál og þá jafnvel eftir atvikum að fela ákveðnum fulltrúum nánari athugun þess. T. d. væri það vel hugsanlegt að gera það milli þinga, að það yrði skoðað á þeim grundvelli, og sjálfsagt er að íhuga það, en ég álít, að til þessa hafi verið hyggilega að málum unnið og það leitt til þess, að það hafi fengið vandlegri og yfirgripsmeiri íhugun og athugun.

Ég skal ekki fara að ræða sérstaklega þær aðrar breyt., sem hv. þm. sagði, að gera þyrfti nú á tekjuskattslögunum. Það kemur til umr., þegar þar að kemur, aðeins taka það fram, að til þess að fyrirbyggja misskilning, að ef ætti að fara að breyta skattvísitölu nú, þá hefði það að sjálfsögðu allt aðrar afleiðingar en það, þó að það væru sett ákvæði um breyttan fyrningarfrádrátt fyrirtækja vegna þess, þó að við sleppum nú alveg fjármálahlið málsins, en íhugum aðeins hina tæknilegu, að þá er byrjað þegar við útreikning á ýmsum frádráttarliðum að miða við skattvísitöluna, enda er nauðsynlegt að ákveða hana strax eftir áramót, til þess að það seinki ekki vinnu við skattaálagningu, en um fyrningu er mjög einfalt að fjalla og ekki er gengið frá álagningu á fyrirtæki, fyrr en eftir að álagningu á einstaklinga er lokið. Eins og menn vita, hafa þau mun lengri frest til þess að skila framtölum sínum, og byggist það á því, að frá þeirra málum er ekki gengið fyrr en mun seinna. Ef ætti nú að fara að breyta skattvísitölu ársins í ár, þá mundi það leiða til þess, að álagning skatta drægist mánuðum saman, sem mundi hafa í för með sér stórfelld vandræði. En ég skal ekki fara nánar út í þá sálma hér, aðeins upplýsa þetta.

Hv. 4. þm. Austf. ræddi þetta mál einnig jákvætt að efni til, þó að hann teldi, að það ætti að gera hér meiri mun á fyrirtækjum en gert er ráð fyrir. Í frv. sjálfu er ekki gert ráð fyrir að mismuna atvinnurekstri eftir því, á hvaða sviði hann er. Það er álitamál að sjálfsögðu, hvort það skuli gert, en mun yfirleitt ekki vera tíðkað og er ekki gert í EFTA-löndum, og ég vil taka það sérstaklega fram, að í öllum greinum, einnig sjávarútvegi, eru þessar reglur, sem hér eru settar, til aukinna hagsbóta. Það er alveg rétt, að hlutur þeirra, sem hafa notið sérstakra fyrningarafskrifta, batnar að sjálfsögðu minnst varðandi fyrningarnar. En í engu tilfelli eru þær minnkaðar heldur, að ég hygg, en hvarvetna auknar frá því, sem nú er, ef flýtifyrningarnar eru notaðar, eins og gert er ráð fyrir, og það má segja, sérstaklega um iðnað, að það eru ekki nema vissar tegundir iðnaðar eða vissar framkvæmdir iðnaðar, sem hafa notið hárra fyrninga. Reglurnar um það hafa verið mjög mismunandi, þannig að hér er að sjálfsögðu um stórauknar hagsbætur að ræða fyrir iðnaðinn. Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm., og ég hygg, að ég hafi einnig tekið það fram, að það er auðvitað alls ekki eingöngu hinir beinu skattar eða tekjuskatturinn, sem er vandamál atvinnurekstrarins. Ég er honum alveg sammála um það. Og ég held, að ég hafi tekið það fram í máli mínu, að kannske hefur of mikið verið lagt upp úr því, að það væri sérstök skattpíning, sem réði því, að það væri að sligast hér atvinnurekstur. Það er ýmislegt annað, sem þar kemur til greina, sem yrði allt of langt mál að fara út í hér.

En varðandi það atriði, að það sýndi, að litlar álögur væru á atvinnurekstrinum, að tekjuskattar fyrirtækja hefðu ekkert aukizt síðustu árin, enda þótt tekjuskattur einstaklinga hefði aukizt mikið og tekjuútsvör, þá er þetta einfaldlega vegna þess, að hagur atvinnurekstrarins hefur verið svona erfiður. Þess vegna borgar atvinnureksturinn jafnvel minni skatt eða a. m. k. ekki meiri. Það eru tekjurnar, sem eru þar ákvörðunaratriði, og sanna aðeins það, hversu stórkostlega mikilvægt er að reyna að bæta með einhverjum hætti aðstöðu atvinnurekstrarins, því að skattprósentum hefur ekki verið breytt um margra ára skeið, hvorki í atvinnurekstri né hjá einstaklingum.

Varðandi dæmi það, sem hann tók um sölu eigna, og tók í því tilfelli dæmi um skip, sem maður seldi og mætti selja eftir þrjú ár, að þá er það alveg rétt, að í dag þá nýtur þessi skipasala sérstakra fríðinda, og ég álít, algerlega óeðlilegra fríðinda, sem sagt þeirra að hafa flýtifyrningu, og við skulum segja, að hagnaður af skipinu hefði heimilað fullar flýtifyrningar eða sérstakar fyrningar, sem veittar eru skipum, þá hefði þessi aðili að loknu þessu tímabili farið með allan þennan skattfrjálsa hagnað út úr atvinnurekstrinum, ef hann hefði selt skipið og ekki keypt neitt annað skip í staðinn. Það er auðvitað algerlega óeðlilegt að nota á þennan hátt þau sérstöku fríðindi, sem þjóðfélagið veitir, sem vissulega var gert af nauðsynlegum ástæðum að þessu leyti til þess að bæta aðstöðu útgerðarinnar, það er annað mál. En það er ekki til þess að bæta aðstöðu útgerðarinnar, ef menn hætta útgerð. Hitt dæmið, sem hann tók um það, að hér væri verið að rýra aðstöðu manna með því, að það væru lagðir skattar á arð af sölu þessa skips, ef menn vildu endurnýja sitt skip og það á sama árinu, er efnislega veigamikið atriði. Ég held, að það geti naumast gerzt undir nokkrum kringumstæðum, vegna þess að hagnaðurinn af skipasölunni telst til tekna hjá aðila á því viðkomandi ári og þar af leiðandi til beins tekjuafgangs hjá fyrirtækinu. Og ef hann kaupir skip sama árið, þá mætti hann nota sér að fullu, ef hann vildi, flýtifyrninguna, sem er 31%, og þar við bætist fastafyrningin, sem ég hygg að sé 12%, eða um 42% af verði hins nýja skips, ef hann vildi gera það, þannig að hann mundi í þessu tilfelli, að ég hygg, ekki þurfa að lenda í neinum skatti, þó að hann endurnýjaði skipastól sinn með þessum hætti, enda er það ekki ætlunin, og til þess eru m. a. flýtifyrningarnar, að einmitt ef menn selja eign og halda áfram atvinnurekstri og eru ekki að draga út úr atvinnurekstrinum, þá komi það þeim til góða. Og það er t. d. heimilt

að byrja flýtifyrningar, áður en búið er að byggja skip. Það má byrja að fyrna á byggingartíma skipsins, sem ég hygg líka vera mjög veigamikið atriði.

Hv. þm. saknaði samanburðar við EFTA-lönd, og ég skal játa það, að ég sakna hans að nokkru leyti líka og hef beðið sérfræðinga mína um að gera samanburð í þessum efnum, sem þeir segja, að sé ákaflega erfitt að setja upp. Það er auðvitað hægt að fá vissan samanburð, en ekki til þess að prenta hann, vegna þess að hann er svo óviss og svo margt, sem þarf að taka til greina, að það krefst mikilla skýringa um leið til þess að setja það dæmi upp. Ég tel að sjálfsögðu rétt, að það verði gefnar allar þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um það til þeirrar hv. n., sem þetta fær til meðferðar. En ég held, að það mundi vera villandi, eftir því sem ég hef séð þau dæmi a. m. k. og reynt að stúdera þau, ef ætti að fara að birta þau án þess að gefa með þeim langar skýringar, sem er mjög erfitt að koma við í prentuðu máli.

Varðandi það, sem hv. 10. landsk. þm. sagði um sameignarfélögin, þá kemur mér það í rauninni ekkert á óvart, þó að það valdi nokkrum bollaleggingum, hvort rétt sé að afnema sameignarfélögin. Og ég tel sjálfsagt, að það mál sé kannað nánar. Ég get ekki gefið honum öllu meiri skýringu á því, hvers vegna er lagt til að leggja þau niður en ég gerði hér. Það er eðlilegt út af fyrir sig, að sérfræðingar okkar geri það, vegna þess að það er reiknað með að reyna að samræma skipulag atvinnurekstrar hér sem næst því, sem er í samkeppnislöndunum, og því eðlilegt, þar sem þetta form er hvergi til, að það sé lagt til að fella það niður, vegna þess, að það er ekki sjáanlegur neinn grundvöllur fyrir þessu félagsformi í rauninni. Ástæðan til þess að það er notað og hefur verið notað töluvert mikið á s. l. ári er eingöngu af varasjóðstillagsástæðum. Það verður ekki séð önnur ástæða, nema persónulegar ástæður, sem kunna að valda því, að þetta er gert. En eftir að varasjóðurinn er lagður niður, þá breytist auðvitað efnislega mikið aðstaða þessa skattforms, þannig að það er alls ekki sama hvöt af þeirri ástæðu til þess að byggja upp þessi sameignarfélög. En gallinn á félögunum er sá, eins og hv. þm. upplýsti sjálfur raunar, að menn notuðu þetta sitt á hvað, ekki það, að menn, sem hefðu sameignarfélag, teldu kannske eitt árið fram, eins og ég sagði, að væri heimilt, og er heimilt, sem sameignarfélag, og hitt árið sem einstaklingar, heldur að svipuð samstarfsform, þ. e. a. s. sameignarfélög, nota ýmist reglurnar um sameignarfélög, þ. e. a. s. sum þeirra nota reglurnar um skattlagningu sem félag og önnur nota reglurnar um skattlagningu sem einstaklingar, eins og heimilt er í báðum tilfellum. Þetta er auðvitað óskaplega glundurskennt skipulag, og þó að þetta hafi verið heimilað skattalega að gera þetta, þá vantar algerlega nægilega skýr ákvæði í félagslöggjöf okkar um sameignarfélög. Og það verður þá að setja þeim alveg fast form og miklu fastara en er nú, ef þau eiga að viðurkennast sem skattaðili miðað við það kerfi, sem við nú gerum ráð fyrir að taka upp. Um þetta má endalaust deila og ég ætla ekki að fara að deila við hv. þm. um þetta. Þetta er auðvitað hlutur, sem er sjálfsagt að kanna, eins og allt í þessu efni, og ég sé ekki, að þetta sé neitt grundvallaratriði, sem menn geti ekki skoðað í rólegheitum og athugað, hvaða þýðingu hefur til eða frá. Og ég geri mér alveg grein fyrir því, að menn kæra sig ekki mikið um að raska því skipulagi, sem þeir hafa haft á atvinnurekstri sínum. En það mundi að sjálfsögðu ekki vera gerð nein krafa um það, að slíkt yrði gert. Þeir geta rekið áfram fyrirtæki sín sem sameignarfyrirtæki engu að síður, þó að þeir verði hér eftir skattlagðir sem einstaklingar. Það er ekkert sem hindrar, að þeir geti rekið fyrirtæki sín áfram með þessu formi. Það er aðeins skattaatriðið, sem eins og hv. þm. segir, að ýmis sameignarfyrirtæki einmitt geri, þ. e. skipti niður á einstaklingana. Það væri heimilt að hafa sameignarfélög hér eftir og gera það, en það yrði aðeins ekki heimilt að hafa sameignarfélög, sem teldu fram sem sameignarfélag, enda eru rökin fyrir því alls ekki þau sömu eftir þær breytingar, sem nú eru gerðar um afnám varasjóðshlunnindanna, sem áreiðanlega hafa verkað mjög mikið í þessu efni.

Ég held svo ekki, herra forseti, að ég sjái ástæðu til þess að segja meira um þetta mál, en endurtek þakkir mínar til hv. þm., sem tekið hafa þátt í þessum umr. og fyrir ýmiss konar ábendingar, sem frá þeim hafa komið og allar hafa verið efnislegar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

44. Siglingalög (frv. SvJ og MB).

Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var útbýtt frá Nd.:

Frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963 [211. mál] (þmfrv., A. 533).

Á 71., 72., 75. og 76. fundi í Nd., 13., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Á þskj. 533 flyt ég ásamt hv. 2. þm. Vestf. frv. til l. um breyt. á siglingal. nr. 66 31. des. 1963. Breyt. þessi er við 199. gr. siglingal. um, að þar komi ný málsgr., er þm. hafa fyrir framan sig. Ástæðan fyrir því, að við hv. þm., Matthías Bjarnason, berum fram þetta frv. er sú, að í maí 1968 skipaði sjútvmrh. nefnd manna til þess að gera till. um lækkun á gjöldum Tryggingasjóðs fiskiskipa og reyna að færa það nokkuð til samræmis, og m. a. var tekið fram, að n. endurskoðaði reglur

um björgunarlaun og björgunaraðstoð. Í þessari n. áttu sæti Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur, sem var formaður, og hann er einnig forstjóri tryggingasjóðsins, Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur, sem var tilnefndur af Efnahagsstofnuninni, Baldvin Einarsson forstjóri, tilnefndur af Sambandi ísl. tryggingafélaga, Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, Matthías Bjarnason alþm., stjórnarformaður Samábyrgðar Íslands og Sverrir Júlíusson alþm., tilnefndur af Landssambandi ísl. útvegsmanna.

Verkefni þessarar n. var það að finna leiðir til lækkunar á útgjöldum Tryggingasjóðs, en mjög var komið í mikið óefni í þessu máli. Það leit út fyrir, að tryggingaiðgjöld endurtrygginga mundu hækka um 50—100%, og vann þessi n., mér er óhætt að segja, mikið og gott starf. Allar till. hennar eru komnar til framkvæmda að meira eða minna leyti í gegnum samninga við tryggingafélögin og tilfærslu og hagræðingu, sem tryggingafélögin hafa gert, nema ein till., sem var send hæstv. sjútvmrh. hinn 15. nóvember 1968, en n. var sammála um að gera till. um breyt. á siglingal., og er hún samhljóða því frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil taka það fram, að þær till., sem þessi n. gerði, gengu allar í þá átt að skerða tryggingaskilmála fyrir skipaeigendur, og var gengið nokkuð á þá. Einnig hefur verið tekið upp sterkara eftirlit og stífari samningar gerðir við tryggingafélögin með samtryggingu allrar endurtryggingar á skipum yfir 100 rúmlestir, en samkv. l. eru skip undir 100 rúmlestum öll tryggð hjá Samábyrgð Íslands.

Ástæðan fyrir því, eins og ég sagði áðan, að við Matthías Bjarnason berum fram þetta frv., er sú, að við þekktum þetta mál og vissum, að þarna kreppir að, en sjútvmrn. hefur ekki borið till. fram sem frv., en eins og segir í grg., var gengið út frá því, að þetta yrði stjfrv., og er búið að ræða mikið um það við rétta aðila. Þetta hefur dregizt, en það skal tekið fram, að frv. er flutt með fullri vitund og vilja sjútvmrh.

Það, sem hér er um að ræða, er mjög hliðstætt þeim reglum og skyldum, sem í gildi eru um björgun eða aðstoð, sem bátar undir 100 rúmlestum eru skyldaðir til að veita bátum, sem eru í sama tryggingafélagi, þ. e. a. s. í Samábyrgð Íslands, og fá þeir ekki greiðslur fyrir aðstoð nema í samræmi við kostnað, er þeir hafa orðið fyrir og beinu tjóni, en ekki sé föst regla, að um björgun væri að ræða. Á undanförnum árum hefur ýmislegt verið gert til þess að draga úr þessum kostnaði, en það sýndi sig, einmitt þegar við vorum að athuga þessi mál, að útgjöld tryggingafélaganna fyrir björgun og veitta dráttaraðstoð o. þ. h. námu milli 15—16% af útgjöldum tryggingafélaganna. Við ætlum okkur ekki þá dul, að þetta frv. breyti öllu í sambandi við það. Ef til vill er það bjartsýni, ef við göngum út frá því, að þetta mundi lækka aðstoðar- og björgunarkostnað um 5—6%. Vissulega nemur það háum fjárhæðum og kemur sér vel fyrir tryggingasjóðinn í framtíðinni, vegna þess að hann berst alltaf í bökkum og er févana. Hann hefur fasta tekjustofna, en þó er það svo, að hann er í dag um 6 mánuði á eftir með greiðslur og hefur verið þetta frá 6 og upp í 8 mánuði á eftir með sínar greiðslur. Hér er um að ræða að setja nokkrar kvaðir á skipaeigendur í sambandi við björgun. Það eru ekki eingöngu mannúðarmálin, sem við túlkum, heldur er þarna um lagaskyldu að ræða, sem sett yrði, og ég vil undirstrika það, að þetta er mjög í samræmi við það, sem skip, er hafa verið tryggð hjá Samábyrgð Íslands allt frá 1938, hafa orðið að hlíta.

Þetta mál var mjög rækilega athugað af þessari n., sem ég minntist á áðan, og var leitað umsagnar og álits hjá Magnúsi Torfasyni prófessor um þetta atriði. Það hafa stundum verið vangaveltur um, að þetta gæti jafnvel brotið í bága við alþjóðalög, en ég ætla ekki að fara að tefja þingheim með því að fara að lýsa þessari álitsgjörð. Hin endanlega frvgr. er samin af prófessor Magnúsi Torfasyni, og eins og menn sjá, þá er þar gert ráð fyrir, að ef um sannanlega björgun sé að ræða, þá eigi viðkomandi aðili að fá greiðslu fyrir það sem björgun, en þetta gæti leitt til þess, ef að l. verður, að aðstoð tryggingafélaganna mundi lækka, og þar af leiðandi mundi tryggingasjóður standa betur að vígi í samningum um iðgjöldin fyrir næsta ár. Það skal tekið fram, að búið er að ganga frá samningum um þessi atriði fyrir yfirstandandi ár, og þess vegna mundi það ekki fara að verka, fyrr en samningar verða teknir upp aftur fyrir árið 1971, en það væri mikils virði, að hv. n., sem fær þetta frv. til umsagnar, afgreiddi þetta frv. ef mögulegt væri á þessu þingi, vegna þess að þótt það mundi ekki ráða úrslitum, að það yrði ekki samþykkt núna, en yrði borið fram aftur á næsta þingi, þá er það nauðsyn, að þeir, sem semja um iðgjaldagreiðsluna og ákveða iðgjöldin, viti um þennan þátt málsins, og þá mundi það geta orkað til lækkunar á útgjöldum og koma útvegnum þar af leiðandi til góða og tryggingasjóðnum, sem eins og ég sagði áðan, berst ávallt í bökkum.

Vissulega getur það legið fyrir, áður en langt um líður, að nauðsynlegt verði að leita eftir frekari tekjum fyrir hann, en það liggur ekki fyrir nú. Þetta er viðleitni til þess að draga úr þeim útgjöldum, og þótt það hafi nú dregizt svo lengi hjá hæstv. sjútvn. að koma því á framfæri, mér til mikilla vonbrigða, þá vona ég, að hv. d. taki þessu vel og afgreiði þetta á þessu þingi, svo framarlega sem nokkur kostur er.

Ég vil að svo mæltu, herra forseti, leggja til, að frv. verði vísað til sjútvn. og til 2. umr.

Tómas Árnason: Herra forseti. Ég hef nú ekki kynnt mér þetta mál sérstaklega, en er dálítið kunnugur þessum málum vegna míns starfs og hef flutt mörg björgunarmál af ýmsu tagi og mér sýnist, að í þessu efni vakni þarna kannske einhverjar spurningar, t. d. í fyrsta lagi, hvort það sé skilyrðislaust rétt stefna að ákveða það í l., að áhafnir á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir eiga, eigi ekki rétt á björgunarlaunum í samræmi við það, sem kallað er almennar reglur, heldur aðeins í þeim tilfellum, þegar um stórkostlega neyð sé að ræða. Ég tel þetta dálítið vafasamt og ekki í samræmi við

þær reglur, sem gilda í þessum efnum meðal flestra siglingaþjóða.

Mig hefði langað til þess að spyrjast fyrir um það, hvort fyrir lægi samanburður á sjóréttarreglum t. d. grannþjóðanna og þessum reglum, sem ætlað er að taka upp með þessari breyt., því að vitanlega verður að hafa það í huga, að sjórétturinn er alþjóðaréttur, og það getur verið spurning um það, hvort rétt sé, að aðrar reglur gildi hér á landi í þessum efnum en meðal annarra siglingaþjóða. Við skulum t. d. hugsa okkur afmarkað tilfelli. Við skulum hugsa okkur, að tvö skip væru stödd í sjávarháska. Annað væri íslenzkt og háð þeim reglum, sem hér er lagt til, að verði lögfestar. Hins vegar væri erlent skip, sem væri háð allt öðrum reglum, þannig að þar kæmu til stórkostlegar bætur. Það er hætt við, að menn mundu hafa í huga þessa hluti, þegar menn veldu um það, hvort skipið það væri, sem menn vildu leggja sig sérstaklega fram um að bjarga. Í þessu frv. eru nokkur hugtök, sem eru nokkuð óákveðin, eins og t. d. „stórkostleg neyð", það er ekki skilgreint nánar, né að aðstæður séu „óvenjulega hættulegar".

Dómstólarnir hafa túlkað l. í þessum efnum, og þeir hafa breytt um stefnu í þessum málum á seinni árum, t. d. Hæstiréttur. Hann hefur t. d. nú upp á síðkastið dæmt lægri björgunarlaun í þeim tilfellum, þegar skip hafa orðið fyrir því að fá veiðarfæri í skrúfuna, svo að nokkuð miklu nemur. Á þessu hefur orðið veruleg breyting, þannig að ég er ekki viss um það, að það sé skynsamlegt að fara miklu lengra í þessum efnum, þegar á allt er litið, og teldi æskilegt, að það væri örugglega borið saman, hvort þessar reglur, sem ætlað er að lögfesta með þessu frv., séu frábrugðnar þeim reglum, sem gilda í þessum efnum, sérstaklega meðal grannþjóða okkar.

Flm. (Sverrir Júlíusson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Austf. gerði hér smáathugasemd. Það er ekki nema sjálfsagt að reyna að svara henni. Ég verð að segja það, að mér datt í hug, þegar hann talaði, að það væri hið lögfræðilega sjónarmið, sem þar kæmi fram, það er ekki mannúðarsjónarmiðið, sem fyrst er verið að tala um. Hann talaði ekki um það, en varðandi björgunarlaunin, þá segir svo í frv.: „Reglur þessar gilda þó eigi, ef skipi er bjargað úr stórkostlegri neyð." Hvað stórkostleg neyð er, skýrir frv. sjálft nánar þannig, að það sé, þegar allar líkur eru til þess að skipið hefði annars farizt eða eyðilagzt að miklu leyti. Er nokkuð nánar vikið að þessu í grg. með drögum frv. 20/11 1968, er sent var rn. Mjög er hæpið, að heppilegt sé að draga þessi mörk, eins og hér er gert. Það er alveg rétt, er hann telur, að þarna sé gengið nokkuð lengra heldur en tíðkast, og það gæti verið vafamál, hvort það stangist ekki nokkuð á við alþjóðalög, en sé svo, þá hefur það ákvæði, sem í gildi hefur verið hjá Samábyrgðinni síðan 1938, gert það öll þessi ár, og það þarf að fara með varfærni og ganga ekki á eignarrétt eða þann rétt, sem aðilar geta átt í þessum efnum, en ég held, að einmitt með þeirri gegnumlýsingu, sem gerð var við samningu þessarar frvgr., sérstaklega af prófessor Magnúsi Torfasyni, þegar hann samdi hana, þá sé reynt að sigla sem næst því, sem við getum forsvarað, og við verðum að vona, að þegar um landa okkar er að ræða, þá sé ekki fyrst og eingöngu hugsað um pyngjuna, heldur verði mannúðarsjónarmið látið ráða.

Tómas Árnason: Herra forseti. Það var nú ekki mín ætlun að stofna hér til mikilla umr. um þetta málefni. Það eru auðvitað mörg sjónarmið, sem koma til greina í þessum efnum. Mannúðarsjónarmiðið var sjónarmið hv. síðasta ræðumanns, hv. 10. landsk. þm. Það eru auðvitað mörg fleiri sjónarmið, t. d. sjónarmið vátryggingafélaga, sem koma til greina. Það eru sjónarmið útgerðarmanna, sem koma til greina, og sjálfsagt fleiri. En í þessum efnum er um að ræða takmörk, sem eru vandasöm. Það er viðurkennt af öllum. Og t. d. það ákvæði, sem hefur verið gildandi hjá Samábyrgðinni, og framkvæmd á því ákvæði hefur oft á tíðum verið mjög vafasamt að mínum dómi og að dómi útgerðarmanna. Ég man t. d. eftir því, að það kom einu sinni til mín útgerðarmaður, sem bjargaði bát, sem var minni en 100 smálestir, og hann lagði sinn bát í stórkostlega hættu, að því er hann taldi. Ég man ekki, hvaða þóknun honum var gerð eða hann var sæmdur í þessu sambandi, en það var smáræði, og mér er nær að halda, að það sé talsverð óánægja meðal útgerðarmanna, einmitt í þessu efni, þannig að það er margs að gæta, en það kom fram hjá hv. 10. landsk. þm., að hjá prófessor Magnúsi Torfasyni, sem hafði verið leitað til í þessu efni, kom einmitt fram nákvæmlega sama sjónarmiðið og ég benti á hér áðan, og ég vil endurtaka það, að það væri að minni hyggju skynsamlegt að bera saman þessi ákvæði við alþjóðleg ákvæði sjóréttar og þá sérstaklega grannþjóða okkar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 26 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

45. Orkulög (frv. VH o. fl.).

Á 71. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 [212. mál] (þmfrv., A. 544).

Á 72., 75. og 76. fundi í Nd., 14. og 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef áður og ásamt fleiri þm. flutt frv. um þetta efni, og ég get þess vegna verið stuttorður

um málið nú. Ég vil segja það fyrst sem mína skoðun, að það er í vaxandi mæli mannréttindamál að gefa öllum landsmönnum kost á því að njóta raforkunnar. Við flm. teljum það nauðsynlegt, að nú þegar sé skoðað varðandi það, sem eftir er af dreifingunni, hvernig hún verði leyst með sem hagkvæmustum og skjótustum hætti. Við teljum þetta mikilvægt, bókstaflega vegna byggðaþróunarinnar í landinu, og við teljum það hættulegt að draga aðgerðir og að draga ákvarðanir um lok þessara framkvæmda, hvernig þeim verði háttað. Þróunin í framkvæmd orkudreifingarinnar hefur að okkar dómi verið nánast mjög alvarleg hin síðustu árin. Það var á löngu árabili haldið uppi nokkuð jöfnum framkvæmdahraða. Þó að nokkrar breytingar yrðu á milli ára, var, þegar á heildina var litið, ekki annað hægt að segja en að framkvæmdahraðinn væri nokkuð jafn, eða um 200 býli á ári að meðaltali. Síðustu árin hefur svo farið að draga úr framkvæmdahraðanum. Þannig voru árið 1968 tengd liðlega 130 býli og á s. l. ári á milli 70—80. En þess ber að geta, að á því ári var byrjað á veitum til nokkuð margra býla að auki. Þegar hér er komið sögu, eða í árslok 1968, þá er ósamræmið á milli byggðarlaga orðið afskaplegt. Þannig er í sumum sýslum tala þeirra býla, sem ekki hafa fengið raforku, komin niður fyrir 3%, en í sumum sýslum er hún yfir 70%. Þetta ósamræmi á að vísu sínar orsakir. Yfirleitt eru það strjálbýlli svæðin, sem dregizt hafa aftur úr, og ég ætla ekki að fara að vekja neinar deilur hér um framframkvæmd þessara mála að undanförnu að þessu leyti, en hitt vil ég láta koma alveg skýrt fram, að við flm. þessa frv. teljum það alveg óviðunandi og raunar óverjandi, að eins og að stinga við fótum, þegar hér er komið sögu.

Nú lítur út fyrir það, að í sumar verði töluvert miklar framkvæmdir, ég vil segja miklar framkvæmdir, í orkudreifingunni, því að ef svo fer fram, sem horfir, þá má jafnvel segja, að hér sé um stökkbreytingu að ræða frá því sem var í fyrra. Ég verð að álíta, að þetta viðbragð nú sé a. m. k. að nokkru leyti árangur af þeim mikla þrýstingi, sem fram hefur komið í þessu máli úr ýmsum áttum, ekki eingöngu flokkspólitískum þrýstingi, heldur og frá alþm. úr ýmsum flokkum, úr ýmsum kjördæmum og bókstaflega frá fólkinu sjálfu utan af landsbyggðinni, frá því fólki, sem enn er utan orkusvæðanna. En mikið af þeim framkvæmdum, sem gerðar verða í sumar, verða gerðar fyrir lánsfé, og a. m. k. sumt af því lánsfé er aðeins til skamms tíma. Um framhaldið er allt í nokkuð mikilli óvissu, svo að ekki sé meira sagt, þegar lýkur tengingu þeirra býla, sem hafa meðalfjarlægð að 1.5 km, en það hefur komið hér fram, að ætlunin er að ljúka tengingu þeirra á þessu ári. En um það, hvað þá taki við, er, að ég bezt veit, mikil óvissa.

Að marggefnu tilefni vil ég rétt víkja að einu framkvæmdaatriði. Við ákvarðanir meðalvegalengda á milli býla á undanförnum árum þá hefur í mörgum tilvikum verið tekinn unginn úr byggðinni eða sá hluti sveitarfélagsins, sem hagkvæmast var að tengja, og þá náttúrlega hinn hlutinn orðið eftir. Í annan stað hefur matið verið þannig, að vegalengdir á milli, ja, sveitarfélaga, skulum við segja, hafa verið taldar með, þegar reiknað er meðaltal á milli býla. Ég vil nú segja eins og áðan, að ég ætla ekki að fara að vekja upp neinar deilur um þessar reglur, en það hefur verið unnið að málunum á þennan hátt, um það er ekkert hægt að deila. Stefnan hefur verið sú að tengja sem allra flest býli fyrir það fé, sem til ráðstöfunar hefur verið hverju sinni. Og þetta var ekki óeðlilegt sjónarmið út af fyrir sig. En hins vegar vil ég leggja ríka áherzlu á það, fyrir mína hönd og meðflm. minna, að þetta þarf að endurskoða, þegar kemur að lokastigi dreifingarframkvæmdanna. Ég er ekki í neinum vafa um það, að það verður við nánari skoðun talið þjóðhagslega hagkvæmt í sumum tilvikum að tengja lífvænleg og kannske innbyrðis þéttbýl byggðarsvæði samveitum, þó að þau kunni að vera fráskilin veitusvæðinu með nokkurri vegalengd, sem veldur því, að meira en 2 km meðalvegalengd verður á milli bæja. Ég er ekki í vafa um það, að í ýmsum tilvikum verður það talið hagkvæmt, og þetta álít ég, að þurfi að skoða.

Þá vil ég einnig láta það koma fram hér, að ég og við fleiri teljum það í sjálfu sér hæpna þróun, sem orðið hefur, ekki kannske fyrir tilstuðlan neins sérstaks, en hún hefur orðið samt, að dreifing orkunnar er núna komin á eins konar uppboð. Ég held, að það mundi stuðla að því að draga úr þeirri miklu spennu, sem orðin er, og sem að sumu leyti er óæskileg og veldur mönnum miklum erfiðleikum, ef þetta mál yrði nú á lokastigi tekið föstum tökum, það yrði undinn að því bráður bugur að gera heildaryfirlit um verkefnið og því síðan fylgt eftir með því að gera myndarlegt átak til að ljúka því á sem allra stytztum viðráðanlegum tíma.

Ég vil svo, herra forseti, leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það var hér fyrr í vetur í fsp.-tíma, sem rafvæðing sveitanna var rædd allnákvæmlega, og gefið var yfirlit um framkvæmdirnar, eins og þær hafa verið undanfarin ár. Þá var einnig gefið nokkurt yfirlit um það, hvað væri eftir, til þess að segja mætti, að rafvæðingu landsins væri lokið. Það vita allir, að það verða alltaf nokkuð mörg býli, sem fá ekki rafmagn frá samveitum, vegna þess hve langt er á milli þeirra. Rafmagnsmál þeirra býla verða leyst með dísilvélum. Og ég hygg, að menn geti verið sammála um að segja, að þau býli hafi fengið rafmagn. Þau fá ekki rafmagn frá samveitum a. m. k. í náinni framtíð vegna kostnaðar. Ég man nú ekki alveg þessar tölur, en ég held, að það hafi engum blandazt hugur um í vetur, eftir að þessar umr. höfðu farið fram, að miklar framkvæmdir hafa orðið í dreifingu rafmagns í landinu s. l. 10 ár, og allmiklu meiri en nokkru sinni fyrr. Þetta liggur vitanlega fyrir hér í umr., sem eru teknar niður, og þarf ekki um það að deila.

Í vetur var tekið fram, hve mörg býli væru eftir með vegalengdinni 1.5 km, og hvað það mundi kosta að ljúka því. Þá var ákveðið nú í vetur að ljúka við rafvæðingu þessara býla á þessu ári og á því næsta. Og til þess að geta staðið við það

hafa verið teknar á framkvæmdaáætlun ríkisstj. 15 millj. kr. Þá verður þeim áfanga lokið á árinu 1971. Næsti áfangi er vegalengdin 1.5 til 2 km milli bæja, og það mun kosta, ég man það ekki nákvæmlega, 80 millj. kr., minnir mig, og það má vel vera, að þegar fyrri áfanganum er lokið á árinu 1971, að það væri mögulegt að ljúka því, sem maður getur kallað rafvæðingu landsins á árinu 1973, en ég vil ekkert fullyrða um það, þannig að þau býli, sem hafa ekki meiri fjarlægð heldur en 1.5 til 2 km, væru búin að fá rafmagn frá samveitum og önnur býli, sem eru með meiri fjarlægð, hafi fengið dísilrafmagn. Það gæti orðið á árunum 1973—1974, sem þessu marki væri náð, án þess að það væri hægt að segja, að það væri nokkuð stórt átak.

Það hefur verið undanfarið unnið fyrir um 30 millj. kr. á ári. Það verður vitanlega miklu meira nú vegna þeirrar lántöku, sem fengin er, og ef seinni áfanginn, 1.5 til 2 km, kostar um 80 millj. kr., þá er það ekkert stórt átak að ljúka því á tveimur, í allra síðasta lagi, á þremur árum. Það er því út af fyrir sig alveg eðlilegt, að till. eins og þessi sé flutt til þess að reyna að ýta á auknar framkvæmdir, það höfum við allir sameiginlegt, en við skulum ekki, um leið og við erum sammála um þetta, gera lítið úr því, sem áunnizt hefur, og tala um samdrátt í framkvæmdum að undanförnu, t. d. vegna þess að á s. l. ári hafa ekki verið tengd nema 80 býli. Það var náttúrlega unnið miklu meira að framkvæmdum en sem því svarar. Það var byrjað á mörgum öðrum framkvæmdum, einnig reistir staurarnir og strengdur vírinn víða, og það gæti svarað til þess, að ef miðað væri við kostnaðinn, að það hefði verið lagt á 150 býli á s. l. ári, þó að það hafi ekki verið tengd nema um 80. Og ég held, að það hafi nú verið fá ár, sem 200 býli voru tengd, fyrr en eftir 1960. Ég held, að á áratugnum milli 1950 og 1960 hafi oft verið um 100 býli að ræða og mest 148. En þetta liggur nú allt skjallega fyrir og því ekki ástæða til þess að vera að þrátta neitt um það.

Ég vildi aðeins að gefnu tilefni segja nokkur orð um þessi mál, og ég vil minna á, að það er ekki ástæða til að undrast það, þótt fyrst hafi verið lagt um þær sveitir, sem hagstæðastar eru, sem minnsta fjarlægð hafa á milli bæja, vegna þess að það er kveðið svo á í orkulögunum, að þannig skuli rafvæðingin vera framkvæmd. Það er beinlínis kveðið svo á, og það er Alþ., sem hefur markað þessa stefnu, en ekki framkvæmdavaldið. Það hefur verið leitazt við að fylgja l. frá því fyrst, að þau voru sett, og farið var að framkvæma þau 1947. Síðan hefur þessi lagabókstafur verið ríkjandi, og ég hygg, að það hafi alltaf verið reynt að fylgja honum, og það vitanlega af eðlilegum ástæðum.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Það eru nú aðeins örfá orð. Ég get vel skilið það, að hæstv. ráðh., sem hefur farið með raforkumálin nú lengi, sé illa við það að heyra talað um samdrátt í orkudreifingunni. En fram hjá því er hins vegar ómögulegt að komast, að samdráttur var orðinn og hann mikill. Það er alveg fráleitt, sem hæstv. ráðh. segir nú, að ef reiknað er með því fé, sem búið er að leggja til byrjunarframkvæmda, þá hefði það nægt til þess, að 150 býli hefðu verið tengd á árinu 1969, þ. e. á s. l. ári. Það voru tengd rétt liðlega 70 býli, og það kom fram í ræðum hjá þessum sama hæstv. ráðh. í fsp.-tíma, að það hefði verið byrjað að leggja fé til eitthvað um 80 býla. En 70 býli voru tengd og byrjað á 80 býlum, en það getur engan veginn komið út sem tenging 150 býla. Þetta er alveg fráleitt.

En í annan stað verður líka að taka tillit til þess, þegar meta skal, hvort það hafi orðið samdráttur í þessum málum eða ekki á umræddu ári, að þá var unnið nokkuð mikið fyrir lánsfé heiman úr héruðum, og þess vegna urðu framkvæmdir þá drýgri en þær hefðu ella orðið. En það er í sjálfu sér ástæðulaust að vera að bítast neitt um þetta frekar. Það liggur nú fyrir, hvernig sem á því stendur, að það er von á í sumar miklu meiri framkvæmdum en voru í fyrra sumar, og því fögnum við auðvitað allir saman.

Það þótti mér ákaflega vænt um að heyra hjá hæstv. ráðh., þegar hann lét í ljósi þá skoðun hér, að það væri í sjálfu sér ekkert heljarátak að ljúka rafvæðingunni á þeim tíma, sem till. fjallar um, eða því sem næst. Það munar að vísu nokkuð miklu, hvort menn hugsa sér lokin á rafvæðingunni bundin við þær reglur, sem gilt hafa um meðalfjarlægðina á milli býla, eða menn hugsa sér, að þær verði endurskoðaðar. En með tilliti til þess, sem hæstv. ráðh. sagði hér áður í vetur um þetta mál, þá veit ég, að hann er inni á því að endurskoða þessar reglur. Hvorki hann eða ég getum á þessu stigi sagt um það, hvað af þeirri endurskoðun hlýzt. En ég veit, að hann reiknaði með endurskoðun, þegar hann sagði hér áðan, að til þess að ljúka rafvæðingunni fyrir árslok 1973—1974, þá þyrfti raunverulega ekki að gera neitt stórátak. Ég er þessu alveg sammála. Ég álít, að það sé ekki nema manndómsverk, en vissulega þarf þó samt að taka til hendi, ef það á að komast í kring.

Ég vil svo aðeins árétta það, sem ég sagði áðan, að við flm. þessa frv. teljum það út af fyrir sig mjög mikils virði fyrir það fólk, sem býður, að sem allra fyrst verði gerð heildaráætlun um framkvæmdir, þannig að menn geti, eftir því sem næst verður komið, vitað, hvar þeir standi í þessu efni og hagað aðgerðum sínum, hver og einn í samræmi við það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til iðnn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

46. Iðnfræðsla.

Á 78. fundi í Nd., 20. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 1966, um iðnfræðslu [223. mál] (þmfrv., A. 607).

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

47. Náttúruvernd.

Á 79. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um náttúruvernd [228. mál] (þmfrv., A. 617).

Á 81., 82. og 85. fundi í Nd., 24., 25. og 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frsm. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Það hefur fallið í minn hlut að fylgja úr hlaði frv. þessu, sem menntmn. flytur að ósk hæstv. menntmrh., frv. til l. um náttúruvernd, sem er 228. mál d. og prentað á þskj. 617. Tildrög málsins eru þessi, sem um getur í grg. frv.:

„Þann 18. apríl 1968 var samþ. á Alþ. eftirfarandi þál. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða lög nr. 59 1928, um friðun Þingvalla, og lög nr. 48 1956, um náttúruvernd, og semja fyrir næsta reglulegt Alþ. frv. til nýrra l. um náttúruvernd, friðun Þingvalla og þjóðgarða. Endurskoðunin miði að því að auka náttúruvernd og auðvelda almenningi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar. Einnig verði verk- og valdsvið Náttúruverndarráðs og Þingvallanefndar skilgreint sem gleggst“.“

Með bréfi, dags. 28. júní 1968, skipaði menntmrh. n. í tilefni af þál. Í n. voru skipaðir: Birgir Kjaran, formaður, Benedikt Gröndal, Eysteinn Jónsson og Gils Guðmundsson. N. var þegar í upphafi ljóst, að um mikið og vandasamt mál var að fjalla, sökum þess að íslenzk náttúruverndarlöggjöf byggðist á ærið gamalli og að sumu leyti úreltri löggjöf, eða l. um náttúruvernd frá 7. apríl 1956. Þótt þau hafi sem frumsmíð að vísu verið góðra gjalda verð og nokkuð þjónað tilgangi sínum, þá eru þau þó orðin harla úrelt miðað við nýja tíma og staðhætti. Starfstími n. hefur e. t. v. orðið lengri en æskilegt hefði verið, en mér er þó nær að halda, að hún verði ekki sökuð um starfsleysi, heldur hafi frekar valdið, að hún vildi vanda til verksins og afla sem fyllstra gagna og upplýsinga, áður en hún fullmótaði viðhorf sitt í svo veigamiklu máli. Sem formaður n. leyfi ég mér að láta í ljós, að enda þótt ég sé ekki sérlega þingreyndur maður, þá hef ég ekki unnið önnur störf ánægjulegri á vegum þessarar stofnunar eða notið meiri samhugar nm., þótt úr öðrum flokkum væri, en einmitt við samningu þessa frv., og vil ég þakka það.

Þar sem um mjög sérhæfa löggjöf var að fjalla, taldi n. þegar í upphafi nauðsynlegt að afla sér aðstoðar kunnáttumanna, og ég hygg, að þar hafi sérlega vel til tekizt. Sem ritara, framkvæmdastjóra og fræðilegan ráðunaut réð hún dr. Guðmund Sigvaldason jarðfræðing, sem trúlega á einna mestan þátt í efnislegri meðferð málsins og hugmyndamótun. Sem lögfræðilegan ráðunaut réð n. Ragnar Jónsson lögfræðing, sem þegar hafði áður haft töluverða reynslu í réttarstöðu náttúruverndarmála hér á landi sem málsvari Náttúruverndarráðs Íslands í nokkrum ágreinings- og samningamálum. Störf n. fólust í gagnasöfnun og úrvinnslu erlendrar löggjafar, viðræðum og fundum við íslenzk almannasamtök, sem láta sig þessi mál nokkru skipta, og viðræðum við íslenzka sérfræðinga á þeim fjölmörgu sviðum, sem þetta mál kemur beint og óbeint við. Í svo veigamiklu máli sem þessu er því ekki annað eðlilegra en skoðanir í einni n. geti verið deildar um einstök atriði, en leitazt var jafnan við að finna þann meðalveg, sem samstaða tækist um. Enginn nm. kann því að vera alls kostar ánægður með sameiginlega niðurstöðu í smáatriðum, og hverjum frjálst að bera fram sínar brtt. Þá var og n. það ljóst, að þessi mál koma svo víða við hagsmuni og ólíkar hugmyndir manna, að ekki er æskilegt að rasa um ráð fram með samþykkt þeirra, heldur skynsamlegra, að þm. gefist nokkur tími til að skoða þau og ráðfæra sig við umbjóðendur sína um efni frv. Ný náttúruverndarlöggjöf er nefnilega nokkurs konar stjórnarskrárfrumvarp um forvöltun landsins, sem þessi þjóð byggir.

Hins vegar er því ekki að leyna, að þjóðinni má vera töluverður metnaður í, að slíkt frv. skuli vera lagt fyrir Alþ. einmitt á árinu 1970, sem Evrópuráð hefur helgað náttúruvernd í öllum löndum Evrópu eða flestum undir kjörorðinu „maðurinn og náttúran“. Er mér persónulega kunnugt um, að vinna við þetta frv. hefur þegar vakið athygli víða um lönd, og með framgangi málsins er fylgzt af áhuga — af framámönnum vísinda og stjórnmála, ekki einungis í Evrópu, heldur í flestum heimsálfum, ekki sízt vegna þess, að fjölmargar aðrar þjóðir standa nú í sömu sporum og við um að endurskoða löggjöf sína um náttúruvernd og umhverfi mannsins. Og þeir, sem nasasjón hafa fengið af frv. okkar, telja það um margt geta verið þeim stoð í sínu starfi.

Um gerð frv. skal ég ekki fjölyrða. Það skiptist efnislega í 8 kapítula, 38 greinar. Kann að mega um það deila, hvort ekki hefði verið hægt að móta þessa löggjöf í styttra máli, en nm. reyndist það ekki gerlegt, ekki sízt vegna þess, að þeir

töldu sér bera skyldu til þess, ekki einungis að benda á það, hvað vernda bæri og hvernig, heldur og að ekki væri ábyrgt að varpa fram slíku stórmáli að þeirra dómi, án þess að einhver ábending væri um það gefin, hvernig tekna skyldi aflað til þess að standa straum af þeim kostnaði, sem af nýbreytninni mundi óhjákvæmilega hljótast.

Það skal þó fúslega játað, að n. gekk hvað erfiðast við að finna tekjustofna til þess að standa undir þessum kostnaði, svo mjög sem allar slíkar lindir hafa áður verið grandskoðaðar og tæmdar af kunnáttumönnum á því sviði. N. er því sá þáttur till. ekkert kappsmál. Aðalatriðið að hennar mati er, að nauðsynlegra fjármuna, sem hún telur sig hafa áætlað mjög varlega, sé aflað með einu eða öðru móti.

Skal þá efni frv. rakið í stórum dráttum. Með vilja er hugtakið náttúruvernd ekki sérlega skilgreint í frv., sökum þess að það er nokkuð almennt í þróun í heiminum. Þó er í grg. frv. gerð tilraun til að skýra það í stórum dráttum, og að einhverju verður reynt hér í þessari framsöguræðu að bæta þar við til frekari glöggvunar.

Í 1. gr. segir svo um hlutverk náttúruverndar: „Tilgangur þessara l. er að stuðla að samskiptum manns og náttúru, þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land, né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. L. eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenzkrar náttúru eftir eigin lögmálum, en verndun þess, sem þar er sérstætt eða sögulegt. L. eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni."

Í 2. gr. er yfirstjórn náttúruverndarmála falin menntmrn. Er það svo sem verið hefur, enda þótt sum mál, sem skyld eru náttúruvernd, séu og verði eftirleiðis, þó að þetta frv. verði að l., verksvið annarra rn. af gildum ástæðum í bili. Þó er það persónuleg skoðun mín, að stefna beri að því að sameina sem flest þessara verkefna undir Náttúruverndarráð, ef því verður ætlað það valdsvið, sem frv. gerir ráð fyrir.

3., 4. og 5. gr. fela í sér gerbreytingu á skipun Náttúruverndarráðs og skipulagningu náttúruverndarmála í landinu í heild. Sérstaklega ber þar að nefna tilkomu náttúruverndarþinga, og allur andi þessara gr. er í senn að gera almenning virkari og áhrifameiri í náttúruverndarmálum en verið hefur, sem og að hafa sem bezta samvinnu við þá embættismenn, stofnanir og félagssamtök, sem ýmist fjalla um rannsóknir landsins, þar með talinn gróður þess, jarðfræði, loftslag, vatnsföll, hafið og landgrunnið, frá líffræðilegum sjónarmiðum og efnahagslegum og fjárhagslegu sjónarmiði þjóðarinnar almennt, því að eiginlega mætti segja, einfaldlega frá mannlegum sjónarmiðum.

Um einstakar gr. frv. mætti fjölyrða. En þær eru svo ítarlega skýrðar í grg., að ég mun reyna að fara svo fljótt yfir sögu sem auðið verður. Eitt meginatriði frv. er þó það að gera Náttúruverndarráð að fastmótaðri stofnun en verið hefur, skapa því betur skilgreind verksvið en gömlu l. gerðu og sjá því fyrir tekjum, sem hrökkva til að standa undir þessum breytingum. Eins og sakir standa er Náttúruverndarráð nánast húsvillt olnbogabarn, sem rekið er af áhugamönnum þóknunarlítið. Frumskilyrði þess, að náttúruverndarmál hér komist eitthvað áleiðis, er, að til þeirra verði veitt meiri fjármunum. Að þeirri hlið málsins verður síðar vikið. En strax má þó geta þess, að hér á landi er aðeins varið broti úr hundraðshluta ríkistekna til náttúruverndar, þar sem í öðrum löndum nemur framlag ríkisins sums staðar í einu eða öðru formi allt frá 3—5%. Auk þess sem víða um lönd koma drjúg fjárframlög frá einstaklingum og meiri háttar fyrirtækjum. Í þessum till. er ekki farið fram á neitt bruðl eða ofrausn, aðeins óskað eftir föstum tekjustofni, sem geri Náttúruverndarráði fært að koma sér fyrir með starfsemi sína í hóflegum húsakynnum, t. d. tveimur til þremur herbergjum, ráða framkvæmdastjóra, skrifstofustúlku eða mann og greiða nauðsynlegan ferðakostnað fyrir framkvæmdastjóra eða aðra fagmenn til athugunar á nauðsynlegum náttúruverndarmálum og stöðum, og þá greiðslu til þjóðgarðsvarða þeirra, er stofnað kann að verða til og faldir verða stjórn Náttúruverndarráðs.

Það er öfgalaust sagt íslenzku þjóðfélagi hneisa, hvernig nú er búið að stjórn íslenzkrar náttúruverndar. Samastað á hún engan, en hefur fengið að halda fundi sína í þröngum húsakynnum Náttúrufræðistofnunarinnar. Bréfaskriftir, innlendar og erlendar, sem eru miklar, hafa verið unnar í sjálfboðavinnu. Nýlega hefur að vísu verið myndazt við að koma sér upp skjalasafni, keyptur skjalaskápur fyrir allmerkilegt skjala- og bréfasafn stofnunarinnar. Móttaka og leiðsaga og risna í sambandi við komu erlendra gesta, fræðimanna og áhrifamanna í alþjóðlegum náttúruverndarstofnunum, svo sem Náttúruverndarráðs Evrópu, „World Wild Life Fund" og heimsfrægra sérfræðinga, svo sem Peter Scott og Rippleys, hefur ýmist verið greidd úr pyngju nm. sjálfra eða verið leyst með góðviljaðri aðstoð fyrirtækja svo sem flugfélaganna o. fl. Í slíku er ekki hægt að ætla mönnum að standa til lengdar, þó að hugsjónamenn séu á þessu sviði, enda ekki eðlilegt. Nægilegt er, að þeir eyði drjúgum vinnutíma sínum til þessara verka kauplaust eða -lítið, þótt þeir þurfi ekki að borga með sér.

Mikið er nú rætt um íslenzk ferðamál, og hyggja sumir, að þar muni verða um arðvænlegan atvinnuveg að ræða. Er þar mest rætt um farkosti, þjónustu og hótel. Ekki skal lítið úr neinu af þessu gert. En ferðamannastraumur til Íslands verður skammvinn tekjulind, ef ferðalangarnir fá ekki óskir sínar uppfylltar, en þær eru ekki einungis sæmilegur gistiaðbúnaður, heldur öllu fremur að sjá óspillt eyland, eins og Ísland er. Að undanförnu hefur straumur Norður-Evrópubúa og Ameríkumanna legið mjög til suðlægra landa, Mallorca, Kanaríeyja, Kýpur og landanna fyrir botni Miðjarðarhafs, svo að nokkuð sé nefnt. Nú hafa flestar ferðaskrifstofur þá sögu að segja, að þessi markaður sé allmettaður og hugur ferðalanganna hafi snúizt til norðurs. Ofarlega séu á baugi Ísland, Grænland, Alaska og jafnvel Færeyjar og eyjaklasarnir við norðurstrendur Bretlands. Því er þessum ferðamálum hér skotið inn í, að það er trú mín, að með skynsamlegum hætti megi gera Ísland að ferðamannalandi, og sú tekjulind kunni að geta orðið jafn-

arðbær og ýmiss konar stóriðja, en stofnkostnaður og fjárfesting minni, en á hinn bóginn launatekjur almennings meiri og jafndreifðari um landið en af ýmsum staðbundnum stórfyrirtækjum, að þeim ólöstuðum.

En undirstaða þess, að Ísland verði í bráð og lengd ferðamannaland, er náttúra og náttúrufegurð landsins, og þar er náttúruverndin bezta haldreipið. Ég legg því ekki eingöngu áherzlu á náttúruvernd í þessu frv. og alls ekki sem neitt tilfinninga- eða hégómamál, heldur engu að síður sem beint efnahagsmál. Og raunar snerta náttúruverndarmálin flesta þætti mannleg lífs. Þar gætir ekki einungis fagurfræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða, heldur engu síður félagslegra, sálrænna, vísindalegra, heilbrigðislegra, menningarlegra, uppeldislegra, þjóðlegra og jafnvel pólitískra sjónarmiða, því að það þarf að vernda náttúruna fyrir manninn og fyrir manninum, ekki aðeins vegna okkar, sem lifum í dag, heldur kannske öllu fremur vegna komandi kynslóða.

Náttúruvernd er alþjóðlegt viðfangsefni og mörgum erfiðara en okkur ætti að vera að vinna þar að. Að sögn fjölgar mannfólkinu í heiminum um 200 þúsund á sólarhring. Íbúatala jarðar var áætluð árið 1950 2300 milljónir, 1965 var hún áætluð eða talin 3100 millj., og árið 2000 er gizkað á, að jarðarbúar verði 7400 millj. Íslendingar eru frjósöm þjóð, og fæðingarprósenta hér er ein hin hæsta í Evrópu, eða til jafnaðar 2—2.6%. Þá mun og dánartala vera hin lægsta eða ein hin lægsta, 0.7%. Íslendingum fjölgar því jafnaðarlega árlega um 2000—2500 manns, ef ekki er tekið tillit til útflutnings eða innflutnings fólks. Því er það ekki ósennilegt, að með svipaðri þróun geti tala landsmanna árið 2000 verið komin upp í 375 þús., e. t. v. 400 þús. Að þessu styður og, að meðalaldur fólks lengist hér mjög, mun nú vera um 72—73 ár. Aukinn fólksfjöldi, bættar samgöngur og skemmri vinnuvika beina góðu heilli fleira fólki út í náttúruna til hvíldar og afþreyingar. Náttúran og sú lífsnautn, sem hún getur veitt, verður því í æ ríkara mæli almenningseign. En til þess að svo megi verða, þarf að vernda hana, halda henni óspilltri og kenna almenningi að umgangast hana og virða. Þetta er þess vegna stærra og meira aðkallandi mál en margur heldur. Þess vegna hefur og náttúruverndarhugtakið og hugsjónin víkkað og stækkað með árunum.

Fyrir einni öld, þegar því var fyrst hreyft, fólst aðeins í því vilji til þess að vernda sérstæð náttúrufyrirbæri og einstaka staði. Nú miðast það meira að alhliða samræmingu á viðskiptum manns og lands, samvinnu, en ekki stríði. Maðurinn hefur stært sig af að geta beizlað náttúruöflin sér til aukinna lífsþæginda. En maðurinn má ekki eyðileggja náttúruna sér til tortímingar, því að náttúruvernd er í sjálfu sér fyrst og fremst mannvernd, lífsvernd manneskjunnar sjálfrar. Þess vegna eru náttúruverndarsamtök að sínu leyti nokkurs konar slysavarnarsamtök manna í almennum skilningi.

Við erum vissulega í háska á fleiri en einu sviði, og ef við viljum lifa sæmilegu lífi, ekki aðeins af skaplegu dagkaupi, heldur og hvað heilsu og lífsnautn snertir, megum við ekki eyðileggja umhverfi okkar. Þess vegna er náttúruvernd hagsmunamál, sem kemur bæði þér og mér og okkur öllum við, mengun lofts og lagar, landeyðing, örfok, sorp og rusl á berangri og við bæjardyr, allt eru þetta atriði, sem áhrif hafa á líf okkar og heilsu. Eftir fáeina áratugi kann svo að fara, að skortur verði á góðu neyzluvatni, andrúmsloftið verði blandið eitruðum efnum og jafnvel matvælin líka og byggðinni þannig hagað, að menn geti hvergi leitað sér athvarfs í frjálsri náttúru. Þegar svo er komið, skiptir það í sjálfu sér sáralitlu máli, hvort menn lifa í svokölluðum þjóðfélögum, sem kenna sig við menningu, eða ekki, og raunar aukaatriði, hvers konar þjóðfélag það er, beri heiti lýðræðis eða einræðis, og á þessi vandi jafnt við í vestri sem austri. Allt er þetta alvarlegra og meira aðkallandi nú en fyrr, því að maðurinn hefur nú yfir þeirri tækni að ráða, að hann getur gerbreytt umhverfi sínu og ummótað náttúruna á skemmri tíma en áður og með örlagaríkari afleiðingum. Við megum ekki fórna náttúrunni á altari lífsþægindanna.

Lítum á söguna. Mörg menningarþjóðfélög hafa einmitt liðið undir lok sökum þess, að þau rofnuðu úr sambandi við náttúruna. Söm verða örlög menningar okkar, ef við förum ekki að með aðgát. Ef við rótslítum okkur frá íslenzkri náttúru og verðum bara börn malbiks, ísskápa og hrærivéla, þá fer ekki vel. Hér er ekki verið með neinar hrakspár. Þessi mál hafa verið vísindalega könnuð, og staðreyndir liggja fyrir víða um þá miklu hættu, sem mannkynið er þegar í. Tökum t. d. andrúmsloftið. Árið 1952 varð eitrað andrúmsloft í Bretlandi 4000 manns að bana á fáum dögum. Hundrað tegundir spendýra og álíka margar tegundir fugla hafa dáið út á síðustu öldum, og talið er nú, að 250 tegundir spendýra séu í verulegri hættu. Og menn kunna að segja, að fuglinum færra eða fleira, það skipti ekki öllu, en allt er þetta nú þó það, sem við köllum, að prýða megi náttúruna og umhverfið.

Augu heimsins eru að opnast fyrir náttúruverndarmálunum. Þau eru nú á alþjóðavettvangi talin meðal höfuðverkefna. Sameinuðu þjóðirnar ræða þau og Evrópuráð hefur gegnt sérlegu forystuhlutverki, einmitt á þessu sviði. Það situr sízt á mér að vera með úrtalssemi varðandi atvinnuframkvæmdir á Íslandi og tilraunir til þess að gera íslenzka atvinnuvegi fjölbreyttari og árvissari, orkulindir virkjaðar og iðnvæðing aukin. En við megum bara ekki reikna alla tilveru okkar og tilvist þjóðarinnar í krónum og aurum. Sem betur fer er megnið af orkulindum landsins enn óvirkjað. Virkjun og nýting þeirra kann að vísu að vera dálítið mismunandi dýr, en við megum ekki einblína á þá hlið málsins eina. Sumir eru þeirrar skoðunar, að nokkur þúsund heiðagæsir í Þjórsárverum, hálfur stofn þeirrar tegundar í heiminum, sé jafnt kominn dauður sem lifandi, eða eitt fjölbreyttasta fuglalíf í Evrópu, a. m. k. margbreytilegasta, safn andategunda við Mývatn, megi svo sem fara sína leið, án þess að til stórtíðinda teljist. Þessu er bara ekki þannig varið að dómi siðmenntaðra þjóða. Ég er hræddur um, að síðari kynslóðir mundu fella þungan dóm yfir okkur, ef við yrðum slíku valdandi. Sem betur fer er vaxandi

skilningur á meðal Íslendinga á þessum málum. T. d. held ég, að þeir séu nú orðnir tiltölulega fáir, sem ekki þætti það sjónarsviptir, ef þeir 40—50 hafernir, sem enn eru lifandi hér á landi, væru strádrepnir í einu vetfangi. Og mér er spurn: Hver þeirra manna, sem nú situr á hv. Alþ., vildi hafa verið banamaður síðustu geirfuglanna í heiminum, þegar það skeði fyrir einni öld síðan? Og mér er spurn: Við leggjum á okkur, borgara landsins, ýmsan aukakostnað til þess að jafna lífskjörin milli stétta og landshluta. Hví ættum við ekki alveg eins að geta tekið á okkur einhvers konar kostnaðarauka til að vernda náttúru landsins okkar?

Hitt get ég fúslega fallizt á, að rannsakað sé hverju sinni, hvort slíkar verklegar framkvæmdir þurfi að hafa þau áhrif, sem ég og fleiri leikmenn og lærðir óttumst stundum, eða hvort ótti okkar sé ekki á rökum byggður. Því miður hefur sá háttur fram til þessa oftast verið hafður á hér á landi við stórframkvæmdir, að þegar í þær hefur verið ráðizt, hefur ekki verið höfð minnsta hliðsjón eða athugun farið fram á þeim líffræðilegu (líólógisku) afleiðingum, sem þær geta haft. Sem betur fer virðist nú nokkur breyting vera að verða á þeim hugsunarhætti, og hefur það komið þegar fram í athugunum, sem gerðar hafa verið um Þjórsárver, og sennilega er að vænta skýrslu um, eftir því sem mér skilst.

Svo sem von er til, eða eins og ég gat hér í ræðu minni, er búið að huga betur og lengur að náttúruverndarmálum í flestum löndum Evrópu og ekki síður í Bandaríkjunum en hér á landi. Yrði of langt mál að rekja það hér. En til þess gefst mér svigrúm síðar og á öðrum vettvangi. Þó vil ég aðeins minnast á fáein atriði rétt til minnis fyrir hv. alþm. og umhugsunar.

Svíar standa framarlega á sviði náttúruverndar. Þar er m. a. tekið sérstakt tillit til landslagsins og þeirra breytinga, sem mannvirkjagerð kann að valda á því. Einnig eru þar ströng ákvæði um efnistöku og kvaðir um fjarlægingu hrörlegra og ónýtra mannvirkja, sem valda truflun á fegurð umhverfisins. Þar hafa og m. a. farið fram víðtækar skoðanakannanir á viðhorfum almennings til náttúruverndar, og í því velferðarríki kom fram, að meira en helmingur aðspurðra viðurkenndi, að til þess gæti þurft að koma, að Svíar yrðu að draga úr hagvexti og jafnvel skerða lífskjör sín, ef ekki ætti að verða til tjóns fyrir náttúruna í landinu. Þá var allstór hundraðshluti andvígur auknum vatnsvirkjunum og vildi, að aðrar leiðir væru farnar í orkuvinnslu, m. a. með kjarnorkunotkun og sólarorku við framleiðslu rafmagns. Og mikill meiri hluti þeirra, sem skoðun lét í ljós, sagðist að jafnaði lesa blaðagreinar um náttúruvernd og horfa og hlusta á umr. og fyrirlestra í sjónvarpi og útvarpi um þessi efni. Mál þessi eru og vel skipulögð þar í landi. Í Svíþjóð er starfandi stofnun, sem hetir Statens Naturvårdsverk eða nokkurs konar náttúruverndarstofnun, og að þeirri stofnun starfa hvorki fleiri né færri en 350 manns og þar af mestur hluti sérfræðingar. Geta má þess, að Svíar hafa bannað notkun ýmissa eiturefna við jarðrækt og aðra starfsemi, svo sem t. d. DDT. Mikla áherzlu hafa þeir og lagt á að vernda fjörur sínar og hina löngu strandlengju, að þeim sé ekki spillt með rusli, olíu og öðru slíku.

Finnar hafa lagt mikla áherzlu á að friðlýsa strendur vatna og sjávar, og lagt hefur verið fram frv. um, að mannvirkjagerð sé ekki leyfð nær fjöruborði eða ströndum vatna en 300 metra utan þorpa og borga.

Bretar voru seinir til náttúruverndar, en stigu sporin því stærri, er til kom, og óvíða munu almannasamtök vinna meira að þessum málum en þar í landi. Áætlanir þeirra um aðgerðir á náttúruverndarárinu munu vera einna fjölbreytilegastar allra, a. m. k., sem ég hef séð skýrslur yfir. Brezk náttúruvernd er mjög svo borin uppi af einstaklingum, enda þótt ríkið leggi mikið af mörkum. Við vísindalegar undirstöðurannsóknir að náttúruvernd vinna þar um 300 manns á mismunandi vísindastofnunum. Írar standa framarlega í fuglavernd. Skotar hafa gert langtímaáætlun um náttúruvernd og leggja sérstaka áherzlu á þjálfun manna til náttúruverndarstarfa með námskeiðum og skólahaldi.

Þjóðverjar standa með þeim fremstu í flokki um náttúruvernd, enda var höfundur náttúruverndarhugsjónarinnar, Hugo Wilhelm Conventz, Þjóðverji. Þar í landi eru þessi mál jöfnum höndum verksvið alríkisins, einstakra ríkja, sveitar- og bæjarstjórna og áhugamannasamtaka. Þar í landi eru 950 algerlega friðlýst svæði, sem munu vera að stærð um 1000 hektarar. Leggja þeir ekki aðeins áherzlu á náttúruvernd, Naturschutz, eins og þeir nefna það, heldur og aðhlynningu að náttúrunni eða það, sem þeir nefna Landschaftspflege. Er þar sennilega átt við sandgræðslu og það, sem unnið er gegn uppblæstri og annað slíkt.

Danmörk og Holland, sem eru svo þéttbýl, að hver ekra, og segja má hver þumlungur lands, er fullnýttur, reyna þó að friðlýsa svæði og stofna til þjóðgarða. Í Hollandi eru t. d. 50 friðunarsvæði.

Í Noregi er öflug frjáls náttúruverndarhreyfing, og vígorð Norðmanna er: „Náttúran er þjóðarsameign“. Þar er gert ráð fyrir, að um allar meiri háttar mannvirkjagerðir sé ráðgazt við náttúruverndaraðila, ef þau efni, sem þar kann að vera um að ræða, að einhverju leyti snerta náttúruna. Í lögum þeirra og reglugerðum eru ýmiss konar ákvæði, m. a. um akstur utan þjóðvega, bílakirkjugarða, auglýsingar í dreifbýli og ótal margt annað, sem kannske virðist ekki stórvægilegt, en hefur þó veruleg áhrif á mótun landslagsins.

Bandaríki Norður-Ameríku urðu einna fyrst til að koma á virkri náttúruvernd með stofnun þjóðgarða. Þjóðgarðurinn í Arkansas var opnaður 1832 og 40 árum síðar, 1872, hinn heimskunni Yellowstonegarður, sem nær yfir hvorki meira né minna en 9 þús. ferkm. Nýverið hefur Nixon forseti lýst yfir, að iðnaðarþjóðirnar ættu ekkert stórvandamál sameiginlegt, sem væri þýðingarmeira en að gera mönnum á þessari öld mögulegt að lifa í samræmi og sátt við umhverfi sitt, að gera manninum fært að móta hinn nýja heim þannig, að lifandi væri í honum hamingjusömu lífi í sátt við umhverfi sitt og náttúruna.

Mér er tjáð, að í Rússlandi sé unnið ötullega að náttúruvernd. Hins vegar get ég því miður

ekki greint nánar frá þeim aðgerðum, því að þau gögn, sem n. bárust um þau efni, voru öll á rússnesku, en á hana voru nm. því miður ekki læsir.

Þetta handahófsyfirlit er auðvitað hvergi nærri tæmandi um þetta umfangsmikla mál, sem nú hefur verið sett á oddinn hjá Evrópuráðinu, sem efndi til fundar um það í febrúar s. l. í Strassburg. Þann fund sátu 17 ríki Evrópuráðsins og 10 önnur Evrópuríki að auki, 54 alþjóðlegar stofnanir og samtök áttu þar fulltrúa. Fyrir Íslands hönd sótti Eyþór Einarsson náttúrufræðingur fundinn, og hefur hann gefið Náttúruverndarráði skýrslu um það, sem þar fór fram. Fundurinn samþykkti ályktun, sem þýdd hefur verið á íslenzku, en því miður hefur ekki gefizt tími til að prenta hana og láta alþm. eða fréttastofnunum í té, en það mun verða gert fljótlega. Er þetta enn sem komið er aðeins óbindandi stefnuyfirlýsing, sem samþ. var samhljóða, en ekki er ólíklegt, að hún eigi eftir fyrr eða síðar að koma fram á löggjafarsamkundum þjóðanna.

Hér á landi hefur þau 13 ár, sem Náttúruverndarráð hefur starfað, nokkuð verið unnið að náttúruvernd og fáein svæði verið friðlýst, svo sem Eldey vegna súlubyggðarinnar, sem er sú stærsta í heimi, Hveravellir vegna hinna fögru hvera, Helgafell í Vestmannaeyjum, Grábrók í Borgarfirði, Rauðhólar, þótt um seinan væri, Surtsey og svo náttúrufyrirbæri, svo sem dropasteinar í hellum og 25 tegundir sjaldgæfra íslenzkra jurta. Ýmsir fuglar, haförn, fálki, æðarfugl og fleiri, hafa verið alfriðaðir. Viðhald hreindýrastofnsins, sem mun vera um 2000—2500 dýr, hefur verið tryggður með takmörkuðum veiðum. Merkir áfangar í íslenzkri náttúruvernd eru og stofnun þjóðgarðsins á Þingvöllum 1930 og kaupin á Skaftafelli í Öræfum á sínum tíma með aðstoð Wild Life Fund. Öll er þessi starfsemi hér á landi þó enn á byrjunarstigi, en þó er þjóðinni að verða æ ljósara, að samskipti mannsins við náttúruna eru mikilsverð, og menn þurfa í senn að nýta landið, að rækta landið, að græða landið, að klæða landið og vernda náttúru þess. Að því síðast talda á þetta frv. um náttúruvernd að stefna. Þar sem frv. þetta er flutt og unnið af mþn., tel ég ástæðu til og nauðsynlegt, að því verði að þessum umr. loknum vísað til 2. umr. og menntmn. d.

Varðandi fyrri hluta verksins, sem þessari mþn. var ætlað, sem var löggjöf eða frv. um þjóðgarðinn á Þingvöllum, þá mun verða unnið að því seinni part sumars og vonandi hægt að leggja hér fram frv. á komandi hausti.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að bæta miklu við þá myndarlegu ræðu, sem hv. frsm. menntmn. hefur flutt, en þó langar mig til þess að fá að bæta við aðeins örfáum setningum um það nýja viðhorf í náttúruverndarmálum, sem þetta frv. er byggt á. En það er tvímælalaust, að þetta frv. er byggt á nýjum viðhorfum í náttúruverndarmálum, enda var ætlazt til þess, að svo yrði gert í þeirri þáltill. sem flutt var hér fyrir tveimur árum og samþykkt lítið breytt af hv. Alþ.

Í þeirri þáltill. var það sjónarmið sett fram, að undirbúa skyldi nýja löggjöf um náttúruvernd og gera ráðstafanir, sem stuðla að því, að almenningur eigi aðgang að heppilegum stöðum til útivistar og náttúruskoðunar.

Með þessari þáltill. voru þessi mál fléttuð saman, náttúruverndin sjálf í þrengri merkingu, sem áður hafði meira tíðkazt, og útivistarmálin eða réttara sagt umgengni þjóðarinnar við landið.

Það vegur mjög þungt nú í þessum málum, að menn eru óðfluga að gera sér grein fyrir því, að hreinlegt, óspillt og aðlaðandi umhverfi, sem almenningur hefur greiðan aðgang að, eru landkostir, eins og búsæld, góð fiskimið, fallvötn og önnur náttúrugæði, og mig langar til að segja það enn, sem ég hef sagt áður hér á Alþ. og annars staðar, að ég tel aðstöðu okkar lands vera slíka, að hreint loft, ómengað vatn og sérkennilegt og fagurt landslag muni framvegis verða meðal sterkustu þátta í þjóðarauðnum, ef við berum gæfu til þess að fara skynsamlega að og taka góð ráð í tíma.

Kannske finnst sumum þurfa að tiltaka nánar, hvað átt er við með ummælum af þessu tagi, eða öllu heldur á hverju svona ummæli eru byggð. Ég mun ekki fara langt út í það að þessu sinni, því að ég ætla aðeins að segja hér nokkrar setningar, en ég vil þó segja þetta:

Fólk úr öðrum löndum mun framvegis flykkjast til þess lands eða þeirra landa, sem eru vel í sveit sett og framangreindum kostum búin, en það er Ísland alveg tvímælalaust í ríkum mæli. Í slíkum löndum verður sífellt meira og meira annríki við að taka á móti gestum, og móttaka gesta verðum í þeim löndum stærri og stærri þáttur í þjóðarbúskapnum, og þannig hygg ég, að það verði hér, ef við förum skynsamlega að.

Þá er annað atriði, sem ég vil leggja áherzlu á og sem liggur til grundvallar þeirri skoðun, sem ég setti fram áðan. Það verða sífellt eftirsóttari lífsgæði, ég sagði lífsgæði, að eiga heima í ómenguðu, eðlilegu umhverfi, og hafa góðan aðgang að útivist í óspilltu fjölbreytilegu landslagi. Eftir því sem mengun og önnur vandkvæði þéttbýlislandanna þrengja meir að, eftir því verður það þýðingarmeiri þáttur í viðhorfum manna, í hvaða umhverfi þeir eiga kost á að lifa, í hvaða umhverfi þeir eiga kost á að eiga heima. Það verður með öðrum orðum metinn sífellt ríkari og ríkari þáttur í lífskjörum manna, hvers umhverfis þeir eiga kost á að njóta. Þetta þýðir, að þau lönd, sem eru vel sett í þessu tilliti, hafa að öðru jöfnu betri lífskjör að bjóða en hin, sem ekki hafa þessa aðstöðu.

Lífskjör mótast ekki aðeins af fæði, klæðum og húsnæði, heldur ekki þótt við sé bætt því, sem í daglegu tali er kallað menningarlíf, svo sem listir, ástundun bókmennta og annað þvílíkt, heldur einnig af því, hvort menn eiga kost á því eða ekki að lifa í eðlilegu og viðkunnanlegu umhverfi. Hér er því um landkosti að ræða á borð við aðra þýðingarmestu þætti. Þess vegna eru náttúruverndarmál í þeim skilningi, sem þau eru nú flutt fram og ætlunin er að framkvæma þau, í fyllsta máta hagnýt mál, eins og hv. frsm. réttilega lagði mikla áherzlu á, samhliða því menningarlega, sem í því felst, að leggja rækt við land sitt og allt umhverfi.

Skilningur á þessum efnum kallar þá á alveg

nýtt verðmætamat. Menn verða að endurskoða allt sitt mat á verðmætum. Og þetta viðhorf verður að koma til greina án tafar í þjóðarbúskapnum, svo að engu verði spillt að ófyrirsynju.

Maður heyrir stundum, að náttúruvernd sé bara rómantískir draumórar, sem ekki sé í neinum tengslum við hagnýtan þjóðarbúskap. Sem betur fer er mikil rómantík í náttúruvernd, en það er líka miklu meira í náttúruvernd en rómantíkin ein, eins og ég hygg, að ég hafi sýnt fram á að nokkru leyti með þessum fáu orðum og hv. frsm. sýndi rækilega fram á í sínu erindi.

Náttúruvernd, eins og hún er hugsuð og stefnt er að með þessu frv., hefur stórfellda þýðingu fyrir íslenzkan atvinnurekstur og þjóðarbúskap. Í þessu ljósi verða menn að skoða það frv., sem hér liggur fyrir, en höfuðtilgangur þess er að sjálfsögðu sá, að verja landið skemmdum og óeðlilegum átroðningi og gera jafnframt eðlilegar ráðstafanir til að auðvelda mönnum umgengni við landið.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að auðvelda þéttbýlisbyggðarlögum að koma sér upp útivistarsvæðum, en það er eitt hinna mest aðkallandi nauðsynjamála, að hvert þéttbýlisbyggðarlag tryggi sér útivistarsvæði, og geta þar mörg byggðarlög stundum unnið saman, eins og fagurt fordæmi er að skapast um, að því er ég bezt veit, hér á Reykjanesi, þar sem öll þéttbýlissvæðin hér við sunnanverðan Faxaflóa munu sameinast um það á næstunni að gera hér voldugan útivistargarð, sem á að ná þvert yfir Reykjanesið, frá Elliðaám og á Krísuvíkurbjarg. Þetta, sem þarna er fyrirhugað, mættu aðrir taka sér til fyrirmyndar.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta að neinu ráði, en mér er það ljóst og hygg, að okkur sé það öllum ljóst í mþn., sem höfðum góða samvinnu um þetta mál, eins og hv. frsm. gat um, að einn veikasti hlekkurinn í þessu máli er auðvitað sá, hvað þessi vísir að náttúruverndarsjóði, sem við gerum ráð fyrir að koma á fót, er í raun og veru veikur. Samt sem áður er það byrjun og væri gott byrjunarskref, en það er vitað mál, að í þessum efnum er auðvitað ekki hægt að gera neinar viðunandi ráðstafanir né viðunandi framkvæmdir nema að hafa talsverð fjárráð.

Þá vil ég minnast á það, sem á að vera einn sterkasti þáttur frv., að þar er gert ráð fyrir að koma á fót öflugri samvinnu á Náttúruverndarþingi, undir forystu Náttúruverndarráðs, allra þeirra aðila í landinu, sem vegna áhuga síns og aðstöðu allrar eru líklegir til þess að vilja leggja þessum málum lið, og gerum við okkur vonir um, að sú samvinna, sem þar er fyrirhuguð, verði málinu mjög til eflingar og stuðnings í framkvæmd.

Mþn. á eftir að gera till. um ráðstafanir vegna mengunar, umfram það sem gert er ráð fyrir í þessu frv., en það þótti ekki ástæða til að hafa ítarlegri ákvæði um þau efni í þessu frv. en það hefur að geyma. En þar er talsverðu starfi ólokið á vegum n., sem sennilega beinist einkum að því að koma upp öflugri forystu í þeim málum. Enn fremur er eftir að vinna að endurskoðun l. um Þingvelli, eins og hv. frsm. tók fram.

Vera má, að sumum komi ýmis ákvæði þessa frv. nýstárlega fyrir sjónir og falli ekki allt, sem þar er að finna, við fyrstu sýn. En ég bið menn að fella ekki dóma sína nema að vel yfirveguðu ráði og flýta því ekki um of, enda gefst hv. þm. og öðrum landsmönnum tóm til þess í sumar að íhuga þetta mál og kynna sér. Vona ég, að næsta haust megi takast samtök um að gera frv. þetta að l. og þá með þeim breyt., sem nauðsynlegar teljast að góðra manna yfirsýn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 31 shlj. atkv. og til menntmn. með 34 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

48. Rannsóknarstofnun skólamála.

Á 3. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála [31. mál] (þmfrv., A. 31).

Á 5. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Ed., 27. okt., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 31 ásamt þeim hv. 2. þm. Austf. og hv. 1. þm. Norðurl. v. frv. til l. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála, eins og við höfum leyft okkur að nefna þetta fyrirhugaða fyrirtæki. Samkv. þessu frv. á verkefni stofnunarinnar að vera tvíþætt. Í fyrsta lagi fjallar frv. um sálfræðiþjónustu í skólum, og það er a-liður 2. gr., sem að þessu verkefni lýtur, en þar segir, að stofnunin eigi að vera ráðgjafi kennara, fræðsluyfirvalda, foreldra og nemenda í skólum barna- og gagnfræðastigsins um tilhögun náms og námsmat, náms- og starfsval nemenda, einstaklingsrannsóknir á afbrigðilegum nemendum ásamt ráðgjöf við val nemenda til sérkennslu, svo og sálfræðileg meðferð nemenda með skerta geðheilsu. Hinn aðalþáttur starfseminnar á að vera framhald af því, sem nefnt hefur verið skólarannsóknir. Um það fjallar b-liður 2. gr., en þar er verkefnið nánar skilgreint þannig: að framkvæma stöðugar rannsóknir á því, hversu námsefni skólanna, kennsluaðferðir, próftilhögun, námsbækur, skólaskyldualdur nemenda, skólabyggingar o. fl. samrýmist aðkallandi þörfum þjóðlífsins og á hvern hátt því verði við komið, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu. Á grundvelli þessara

rannsókna skal stofnunin gera till. um nauðsynlegar breytingar."

Ég mun nú leyfa mér, herra forseti, að fara hér nokkrum orðum um hvorn þessara liða og reyna að sýna fram á það, hvernig heppilegt geti verið að koma þessum málum fyrir undir einu þaki hjá einni stofnun, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Um fyrra atriðið, þ. e. sálfræðiþjónustuna í skólum, er það að segja, að ég hygg, að það sé samhljóma álit skólamanna, að fjölbreytni nútíðarþjóðfélags geri foreldrum hartnær ókleift að leysa uppeldis- og félagsleg vandamál barna og unglinga með erfðavenjum einum saman. Hlutur skólanna eykst mjög ört í þessum efnum og verður fyrr en varir og er kannske þegar orðinn það víða litlu minni heldur en heimilanna. Enda er það svo, að sálfræðiþjónusta í skólum uppeldisstigsins, þ. e. þessum skólum, sem þetta frv. fjallar um, barna- og unglingaskólum, og kennslufræðilegar rannsóknir eru reknar í stórum stíl í flestum þróuðum þjóðfélögum, einkum eftir síðari heimsstyrjöldina. Ég hygg, að þessi sálfræðiþjónusta hafi hafizt fyrir um það bil hálfri öld, í Bandaríkjunum upp úr 1915, í Bretlandi 1913, í Danmörku um 1930, og í Noregi var mikil hreyfing á þessu eftir síðari heimsstyrjöldina. Sálfræðiþjónustan hefur að margra dómi einangrazt um of við vandamál afbrigðilegra nemenda, en félagsleg ráðgjöf og námshandleiðsla er einnig nauðsynleg hverjum nemanda, svo að hann fái notið hæfni sinnar sem bezt og hann geti fundið sem öruggastan lífsgrundvöll fyrir sig og þjóðfélagið. Þessu marki, hyggja menn, að ekki verði náð, nema í skólanum sjálfum eða fræðsluhéruðunum sé sérmenntað fólk til þessara starfa, er hafi að bakhjarli stofnun, sem geti veitt aðstoð við þau vandamál, sem ekki verða þar leyst.

Ég vil leyfa mér í þessu sambandi að vitna í greinar um sálfræðiþjónustu í skólum, sem forstöðumaður þeirrar stofnunar, sem um þetta fjallar hér í Reykjavík, Jónas Pálsson, ritaði í Morgunblaðið hinn 2. og 3. þ. m., og með leyfi forseta vil ég rifja upp nokkur atriði úr þessum greinum, en vil biðja þá hv. alþm., sem um þetta mál koma til með að fjalla, að kynna sér þær umfram það, sem ég hef hér tök á eða tíma til að vitna til þeirra. En þessi forstöðumaður rifjar það upp, að hann hafi flutt allmörg erindi á s. l. vetri um hlutverk og starfsaðstöðu sálfræðiþjónustunnar í barnaskólunum. Svo segir hann, með leyfi forseta:

„Bent var á og gagnrýnt harðlega réttindaleysi þessa þáttar í skólastarfinu, lagalegt tilveruleysi og alger skortur á fjárhagslegri viðurkenningu af hálfu fræðsluyfirvalda ríkisins. Sálfræðiþjónusta barnaskóla í Reykjavík hvílir á einni eða tveim setningum frá 1960 í samþykkt fræðsluráðs borgarinnar um kennsluleiðbeiningar og skólaþroskað fólk, en sálfræðiþjónusta er þar alls ekki nefnd á nafn. Illkvittnislega orðað má segja, að við séum þar notuð, en ekki viðurkennd. Áhrif þessa réttindaleysis eru drjúg á okkur starfsfólkið og starfsaðstöðu okkar gagnvart kennurum og foreldrum." En síðan segir: „En hvernig er sálfræðiþjónusta í Reykjavík á vegi stödd í dag? Hverju hefur hún áorkað, og hvers virði er hún nemendum og kennurum og foreldrum? Það er naumast viðeigandi, að sá, er þetta ritar, svari spurningunni, þar eð honum er málið skylt. Ég held, að mikilvægasta staðreyndin um sálfræðideild skóla, sem rekin er sem deild í fræðsluskrifstofu Reykjavíkur, sé einfaldlega, að hún er þó enn þá til. Hún hefur þrátt fyrir allt ekki verið lögð niður. Starfsfólkið hefur flest þraukað hið sama s. l. 6—8 ár. Stjórnunarmenn borgarinnar hafa lagt fé til starfsins og stutt það myndarlega á ýmsa lund, sem ber að þakka og viðurkenna. Mörgu hefur þó verið stórlega áfátt um starfsgrundvöll af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík. Það er örugg sannfæring mín, að nú nálgist tímamót. Sú tegund starfsemi, sem ég og mitt nánasta samstarfsfólk hefur reynt að byggja upp, mun renna út í sandinn og týnast, ef ekki verður hafizt handa um að styrkja og efla starfið á marga vegu án tafar."

Í framhaldi af lýsingum á aðstöðu sálfræðideildar barnaskóla Reykjavíkur ræðir forstöðumaðurinn síðan nokkuð um Höfðaskóla, en það er skóli, sem hefur verið sérstaklega ætlaður vangefnum börnum. Þar segir, með leyfi forseta:

„Höfðaskóli, sem hefur starfað síðan 1961 í hálfbyggðu húsi við Sigtún, sýnir vel afstöðu fræðsluyfirvalda og ríkisvalds til kennslu og meðferðar afbrigðilegra nemenda. Skólann sækja m. a. heilasködduð börn, sem þó eru fær um verulegt bóklegt og verklegt nám. Skólinn hefur starfað undir ágætri forystu Magnúsar Magnússonar, og þar hafa unnið mjög hæfir kennarar. Þrátt fyrir endurteknar tilraunir forstöðumanns skólans, sálfræðideildar skóla og samþykkt nú fyrir skömmu frá fræðsluráði Reykjavíkur um formlega stofnun skólans, hefur hann samt ekki verið stofnaður af hálfu ríkisvaldsins. Skólinn er formlega ekki til. Magnús Magnússon er ekki skólastjóri, þótt honum beri sá titill sannarlega og vissulega ekkert síður en öðrum, sem veita skóla forstöðu. Undirritaður er löngu sannfærður um, að þessi andstaða gegn uppeldissálfræðilegu starfi í skólum og vöntun á aðstoð til andlegra og líkamlegra fatlaðra nemenda er ekki nema að litlu leyti fjárhagslegt atriði, heldur tákn um djúpstæða, menningarlega og sálfræðilega afstöðu til þátta í mannlegu lífi og samfélagi."

Ég skal ekki þreyta hv. dm. á frekari upplestri úr þessari grein forstöðumanns sálfræðiþjónustunnar hér í Reykjavík að þessu sinni, en það eru vissulega fleiri atriði, sem þarna væri vert að gefa gaum að.

En eins og þarna kemur fram af því, sem ég las, hefur þó um nokkurt skeið verið starfræktur vísir að því starfi, sem þetta frv. fjallar um í 2. gr., a-lið. Sálfræðiþjónusta í barnaskólum í Reykjavík hefur verið starfrækt síðan á árinu 1960 sem deild í Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur og algerlega kostuð af Reykjavíkurborg. Þar hafa samkvæmt skólaskýrslum hér í Reykjavík starfað tveir til þrír sálfræðingar, einn félagsráðgjafi og einn kennari, að vísu báðir í hálfu starfi, og barnalæknir hefur verið starfandi þarna eða verið þarna til ráðgjafar. Þetta fólk hefur, eftir því sem ég hef bezt getað aflað

mér upplýsinga um, unnið við erfið skilyrði ágætt starf, og sannar það, þó að ekki kæmi annað til, hver nauðsyn þessi þáttur í skólastarfinu er. Í síðustu skólaskýrslu barna- og gagnfræðaskóla Reykjavíkur, gerir forstöðumaðurinn, áðurnefndur Jónas Pálsson, nokkra úttekt á þessu starfi, og ég held, að ég lýsi því ekki betur á annan hátt en þann að vitna til þess, með leyfi forseta, en þar segir:

„Forstöðumaðurinn vill nota tækifærið og benda á, að sálfræðiþjónusta skóla í Reykjavík hefur ekki enn fengið viðurkenningu fræðslumálastjórnar ríkisins í formi lagaákvæða eða reglugerðar. Ríkissjóður tekur heldur ekki þátt í greiðslu kostnaðar við þjónustuna. Þessi staðreynd ásamt því, að ríkisvaldið hefur enn ekki látið lögfesta og vernda með einhverjum hætti starfsheiti sérfræðinga, sem þessum störfum gegna, sálfræðinga, uppeldisfræðinga og félagsráðgjafa, dregur vafalaust verulega úr áhrifum og notagildi sálfræðilegra leiðbeininga í skólum. Vöntun á viðurkenningu hefur sennilega ýmisleg áhrif á sérfræðingana sjálfa, hugmynd þeirra um hlutverk sitt og ekki síður, hvernig augum aðrir líta á verk þeirra, foreldrar, kennarar og almenningur. Skýr ákvæði um hlutverk sálfræðiþjónustu í skólum, skyldur og réttindi starfsmanna hennar, er helzta verkefnið, sem liggur fyrir á þessu sviði, ef tryggja á faglegar framfarir og endurnýjun sálfræðiráðgjafar í samræmi við örar breytingar skólastarfs og samfélagshátta."

Ég hef hér vitnað til þeirrar sálfræðiþjónustu, sem framkvæmd hefur verið í Reykjavík, bæði vegna þess, að ég er kannske henni einna kunnugastur, og svo líka og ekkert síður vegna þess, að hún mun þrátt fyrir allt vera lengst á veg komin á okkar landi. En vitað er, að önnur sveitarfélög hafa einnig ráðizt í það að ráða til starfa menn til þess að sinna þessu verkefni, og er þess skemmst að minnast nú í haust, að Samband sveitarfélaga á Reykjanesi mun hafa ráðið einn sálfræðing til þessara starfa hjá þeim öllum, og þau skipta kostnaði af launum hans milli sín. Og ég vil svo láta þess getið jafnframt, að það má vel vera, að fleiri slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar, án þess að mér sé nokkuð sérstaklega kunnugt um það, enda skiptir það ekki kannske öllu máli. Aðalatriðið er hitt, að þeir, sem að þessum málum starfa, finna til þess, að starfsemi þeirra er ekki viðurkennd af ríkisvaldinu, og þeir telja, að það sé óhagræði a. m. k., þó að ekki sé nú of djúpt tekið í árinni, fyrir þá, sem að því starfa, að svo er ekki, og það hái þeim jafnvel í starfinu, þar sem þeir, sem þessa þjónustu þurfa helzt að nota, viðurkenni ekki þessa menn, eins og skyldi, út af þessu.

Hitt meginverkefni frv. er varðandi rannsóknir á námsefni, og um það fjallar b-liður 2. gr. Einnig þar hefur nokkurt starf verið unnið á undanförnum árum. Ég hygg, að það hafi verið 7. júní 1966, sem Andri Ísaksson sálfræðingur var settur til starfa í menntmrn. með bréfi, þar sem sagði um verkefni hans, að það skuli vera að annast fræðilega rannsókn á íslenzka skólakerfinu, og verði hún undirstaða tillögugerðar um nauðsynlegar breytingar til að samræma skólakerfið breyttum þjóðfélagsháttum og nýjum sjónarmiðum í skóla- og uppeldismálum. Ég hef upplýsingar um það, að Andri Ísaksson hefur starfað að þessu verkefni þangað til núna á þessu hausti, að hann er horfinn af landi brott til framhaldsnáms. Jafnframt hefur mér verið tjáð, að í hans stað hafi verið settur sérfræðingur í stærðfræði, eftir því sem ég veit bezt, til þess að samræma stærðfræðikennslu í skólum, og um þetta er ekki nema gott eitt að segja. En þau verkefni, sem Andri Ísaksson hefur unnið að og mér er kunnugt um, eru t.d. tilraun til að gefa gagnfræðaprófinu gildi með samræmingu í íslenzku, dönsku, ensku og reikningi. Í öðru lagi útgáfa námsskrár fyrir gagnfræða- og landspróf til hagræðis, sérstaklega í fámennum skólahéruðum. Í þriðja lagi ráðstefna, sem hann gekkst fyrir sumarið 1969 í Hamrahlíðarskólanum, sem mun hafa verið vísir að góðu starfi. Í fjórða lagi má nefna álitsgerð námsbrautanefndar, sem nýlega hefur verið útbýtt hér á hv. Alþ. um fjölgun námsbrauta fyrir gagnfræðinga og landsprófsmenn, og var undirstaða þeirrar bráðabirgðalagasetningar, sem gerð var í sumar og nú er að einhverju leyti hafin framkvæmd á. Um þetta allt er ekki nema gott eitt að segja, og þó að ég sé ekki sjálfur dómbær um þessa hluti, þá hef ég það fyrir satt, að sitthvað gott hafi af þessu starfi leitt. En það, sem okkur flm. þykir á skorta, er það, að þessum málum er ekki skipað á, ég vil segja, eðlilegan hátt. Hér er aðeins um að ræða setningu manns með bréfi menntmrn., sem ég tel, að hljóti að gera honum erfiðara um vik að framkvæma verkefni sitt, og í öðru lagi er það alkunna, að þessi maður hafi verið gersamlega kaffærður í verkefnum, þannig að honum hefur verið ómögulegt að rísa undir þeim verkefnum öllum, sem honum voru af rn. og hæstv. menntmrh. falin, hversu góður starfskraftur sem þessi maður annars kann að vera, sem ég dreg sízt í efa. En svo oft hafa þessi mál verið rædd á hv. Alþ., að ég hygg, að það sé ekki þörf á því, að ég sé að tína fram mörg rök fyrir því, hversu nauðsynlegt þetta starf er.

Við flm. álítum, að þetta starf þurfi að auka og efla, það þurfi að skapa grundvöll þess og viðurkenningu með lagasetningu og með reglugerðarákvæðum eftir því, sem við á. Það er skoðun okkar, sem þetta frv. flytjum, að þessi störf, sálfræðiþjónustan í skólunum og skólarannsóknirnar, séu í eðli sínu svo skyld, að það sé hentugt og heppilegt og verði ódýrast í framkvæmd, að þeim sé sinnt af sömu stofnuninni og einhver sú tilhögun verði upp tekin, eins og þetta frv. gengur út á. Og þó að það kannske út af fyrir sig sanni ekkert, mætti það kannske verða einhvers konar vísbending, að sá maður, sem menntmrn. fyrst velur til þess að veita skólarannsóknum forstöðu, er einmitt sálfræðingur.

Í 2. gr., b-lið, er enn fremur rætt um það, hversu mikið nauðsynjamál það sé og réttlætismál, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir eru búsettir á landinu. Og ég hygg nú, að ef slík stofnun, sem hér um ræðir, væri búin að starfa einhvern tíma, ætti hún að hafa

bezt tök á því eða bezt tækifæri til þess að kynnast því, hvar skórinn kreppir helzt að í þessu efni og hvaða ráð séu helzt tiltækust til úrbóta, þannig að því er hreyft í frv., að einnig þetta hlutverk yrði falið stofnuninni. En ljóst er, að hér er um mjög stórt fjárhagslegt atriði að ræða, þannig að mér er það auðvitað algerlega ljóst, að frekari lagasetningar og fjárveitingar þurfa til að koma, áður en stofnunin getur sinnt þessu hlutverki að nokkru marki, eins og henni er markað svið í frv.

Ég leyfi mér að geta um það hér eða ræða það hér í örstuttu máli, að þetta mál, jöfnun námsaðstöðu í skólunum, hefur verið mjög ofarlega á baugi á hv. Alþ. mörg undanfarin þing, og a. m. k. þrisvar sinnum hafa verið fluttar um það þáltill., þ. e. að rannsókn á þessu verkefni og stærð þess fari fram og hvað helzt væri til úrbóta í því. Á s. l. þingi, hygg ég, að samþ. muni hafa verið þáltill., sem í þá átt gekk, að einhverjum embættismönnum yrði falið að rannsaka þetta mál. Ég hef haldið uppi spurnum um niðurstöður þeirrar rannsóknar, en engin svör fengið, og ég hygg, að það sé sanni næst, að þessi rannsókn hafi enn þá ekki farið fram, og er það vissulega miður, því að til þess að ráðast gegn viðfangsefninu þurfa menn þó væntanlega fyrst og fremst að þekkja stærð þess. Nú hefur komið hér fram á Alþ. frv., frá hv. 9. þm. Reykv., Hannibal Valdimarssyni, um það, að ríkissjóði verði gert að greiða 25 þús. kr. til hvers nemanda, sem stundar nám utan heimilis síns. Og í sambandi við það frv. verður vafalaust kannað þetta viðfangsefni.

En hvernig sem hægt verður að ráða bót á því, og mér sýnist nú, að tæpast sé hægt að ráðast gegn því án þess að finna nýjan tekjustofn, því að mig grunar, að hér sé um mjög stórvægilegt viðfangsefni að ræða, legg ég áherzlu á það, einnig í sambandi við flutning þessa frv. og athugun þess, að þessu máli verði ekki gleymt, því að það er eitt brýnasta réttlætismál, hygg ég, þeirra, sem á landsbyggðinni búa, einmitt þetta, því að það er auðvitað algerlega óhæf þróun, að menn, sem hafa tiltölulega góða atvinnu og góða atvinnu í mörgum tilfellum og vilja vera utan Faxaflóasvæðisins, þurfi að taka sig upp þaðan, vegna þess að þeir þurfi að fylgja börnunum sínum eftir á námsbrautinni og þeir geti ekki komið þeim til náms og þroska á annan hátt en halda fyrir þau heimili og reyna þá að þrengja sér inn á mjög fullsetinn, eins og nú er, vinnumarkað í þéttbýlinu.

4. gr. frv. gerir svo ráð fyrir því, að menntamálaráð og menntmrh. setji reglur um störf stofnunarinnar, því að hér er, eins og allir sjá, aðeins um rammalagasetningu að ræða, ef þetta frv. yrði samþ. Það eru mörg atriði, sem eftir er að ráða fram úr fyrir því. Í þeirri reglugerð er m. a. kveðið á um fjölda þeirra sérfræðinga, sem vinni við sálfræðiþjónustuna og viðfangsefni þeirra í einstökum skólum og fræðsluhéruðum, því að það leiðir auðvitað af eðli málsins, að þau störf, sem hér er um að ræða, a. m. k. í a-liðnum, 2. gr., verða að vinnast á staðnum, þau verða að vinnast í skólunum sjálfum að verulegu leyti, og okkur flm. finnst það vera eðlilegt að hafa hliðsjón af umdæmum námsstjóra, sem munu víst vera 6 eftir núgildandi l., þó að aðeins þrír þeirra starfi, þegar starfssvæðin eru nánar skilgreind, og það er eðlilegt, að það verði að því stefnt, að þessir sérfræðingar, þegar fram í sækir a. m. k., verði búsettir á starfssvæði sínu. Það er ein af eðlilegum kröfum þeirra, sem í dreifbýlinu búa, vil ég segja, að þeir sérfræðingar og aðrir opinberir starfsmenn, sem málum þeirra sinna öðrum fremur, séu búsettir á því svæði, sem þeir starfa á, og það getur án sérstakra átaka e. t. v. orðið til þess að jafna nokkuð búsetuna í landinu, því að það er vitað, að ef slíkir menn, sérfræðingar og menntaog vísindamenn, setjast niður á einhverjum stað utan Reykjavíkur, þá gera þeir umhverfi sitt byggilegra. Þeir laða að sér aðra, sem fremur vilja búa á þeim stöðum, eftir að slíkir menn eru setztir þar að.

Ég get nú ekki gizkað á það og það er kannske alveg tilgangslaust að vera nokkuð að hreyfa því, hve marga starfsmenn þyrfti við slíka stofnun eins og þessa. Ég geri mér það ljóst, að svona starf þarf að vinnast nokkuð í áföngum. Það er ekki endilega víst, að það verði í fyrstu lotu eins margir starfsmenn við slíka stofnun og þyrfti að vera, þegar starf hennar væri komið í fullan gang. En svona til viðmiðunar má geta þess, að í Noregi er miðað við einn skólasérfræðing ásamt tilheyrandi starfsliði fyrir hverja 3000 nemendur í þéttbýli, en lægri tölur í strjálbýli. Nú hef ég ekki við höndina tölu um nemendur á barna- og gagnfræðaskólastiginu. Ætli þeir séu ekki einhvers staðar nálægt 21000, ég hygg það. Þá mundi það þýða það, að hér væri um 7 skólasálfræðinga að ræða, ef þessi regla yrði innleidd. Og eitthvert starfslið þyrftu þeir að hafa, þannig að hér er vissulega um nokkurt fjárhagsatriði að ræða. En út af þeim kostnaði, sem af þessu frv. leiðir, ef það yrði að l., þá er það álit margra skólamanna, sem ég hef talað við um þetta, að kostnaðurinn mundi að verulegu leyti fást uppi borinn með betra og bættu fyrirkomulagi á kennslumálum. Það er afskaplega dýrt, að nemendur sitji eftir í bekk, þurfi að læra sama námsefnið tvisvar, kannske þrisvar. Það er líka dýrt og kannske dýrast af öllu, sú kennsla, sem kemur hvorki nemendum né þjóðfélagi að fullum notum, og hvert það skref, sem hægt væri að stíga í átt til þess að draga úr slíku, og ég tala nú ekki um afnema það, mundi spara þjóðfélaginu stóra fjármuni bara í efnahagslegu tilliti, að ekki sé nú minnzt á allt annað. Sumir hafa gengið svo langt að segja, að það væri jafnvel betra að fella niður sumar af þeim greinum, sem nú eru kenndar, en að vanta þessa þjónustu, sem hér um ræðir. Ég er t. d. alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti og byggi það bara á mínu leikmannssjónarmiði sem faðir barna á þessum skólastigum, að það er verið að kenna sömu hlutina ár eftir ár og meira að segja verið að kenna sömu hlutina á báðum skólastigum, bæði í barnaskólunum og gagnfræðaskólunum, og hvað lítið, sem hægt er að draga úr þessu, og auka kennsluna á öðrum hagkvæmari sviðum, er stórkostlegur þjóðfélagslegur ávinningur.

Ég hef þá, að ég held, lokið þessari framsögu-

ræðu. Ég tek það enn þá einu sinni fram, að þetta frv. er ekki flutt til þess að gera út af fyrir sig lítið úr því, sem unnið hefur verið á þessum sviðum, heldur til þess að leggja áherzlu á, hvað þar hafi verið gott starf unnið, sem þurfi að auka að miklum mun, og ég vil svo aðeins að lokum leyfa mér að draga saman í örstuttu máli það, sem ég hef verið að reyna að segja.

1. Sálfræðiþjónustu í skólum ber að efla. Það er einróma krafa allra skólamanna, og ótal raddir hafa komið fram um það.

2. Rannsóknarstörf á námsefni, kennsluaðferðum, próftilhögun, námsbókum, skólaskyldualdri, skólabyggingum o. fl. þ. h. þarf að stórauka.

3. Þessar tvær greinar eru svo skyldar, að hagkvæmt og heppilegt er, að þeim sé stjórnað frá einni stofnun, sem við flm. höfum nefnt í frv. ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála.

4. Koma þarf málum þannig fyrir, að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu og verði þetta enn fremur hlutverk stofnunarinnar.

5. Menntmrh. setji reglur um störf stofnunarinnar og þ. á m. um fjölda þeirra sálfræðinga og félagsráðgjafa, sem að sálfræðiþjónustu vinna, og viðfangsefni þeirra í hinum einstöku skólum og fræðsluhéruðum landsins.

6. Hafa skal hliðsjón af umdæmum námsstjóra, þegar ákveðin eru starfssvæði þessara manna, og stefnt að því, að þeir verði búsettir hver á sínu starfssvæði.

7. Kostnaður af störfum stofnunarinnar fæst að verulegu leyti uppi borinn í bættri kennslutilhögun, ef frv. verður að lögum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um mjög merkilega þætti í starfi íslenzkra skóla, og ég fagna þeim áhuga, sem flm. frv. sýna þessum málum með flutningi þess, og þeirri hóflegu og skynsamlegu ræðu, sem hv. 1. flm. þess var að ljúka við að flytja. Ástæða þess, að ég kveð mér hljóðs, er sú, að mig langar til þess að koma á framfæri örfáum viðbótarupplýsingum um þessi mál við það, sem kom fram í framsöguræðu hans og víkja að atriði, sem hann ekki beint gerði að umtalsefni, en varðar mjög mikilvægt fjárhagsatriði í sambandi við þetta mál.

Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að komið sé á fót sjálfstæðri stofnun, ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála, sem hafa skuli með höndum annars vegar sálfræðiþjónustu og hins vegar rannsóknarstofnun. Eins og kom fram hjá hv. frsm., hefur verið á undanförnum árum um að ræða bæði nokkra sálfræðiþjónustu og nokkur rannsóknarstörf í þágu skólamála almennt, svo sem einnig er í nálægum löndum. Eins og allir, sem þekkja til skipulags þessara mála í nálægum löndum, vita, þá er þar um að ræða þrenns konar möguleika, þrjár leiðir, sem allar eru farnar með nokkuð ólíkum hætti þó. Sums staðar er litið á þessi verkefni sem verkefni ríkisvaldsins fyrst og fremst eða einvörðungu. Sums staðar er litið á þessi verkefni sem hlutverk hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga, og sums staðar hafa ríki og bæjar- og sveitarfélög samstarf um að vinna að þessum verkefnum, eins og um rekstur skóla væri yfir höfuð að tala. Hér á landi hefur sú leið verið farin í þessum efnum, að sú sálfræðiþjónusta, sem er nú innt af hendi í þágu íslenzkra skóla, hefur verið og er verkefni hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar hefur Reykjavíkurborg gengið á undan með ágætu fordæmi og starfrækt hjá sér sálfræðiþjónustu um margra ára skeið, eins og hv. þm. tók fram, á sinn eigin kostnað. Nú eru fleiri sveitarfélög farin að gera þetta sama, nokkur sveitarfélög á Suðurnesjum munu hafa tekið sig saman um að efna til slíkrar þjónustu, en upphaf þessa mun vera það, að á stjórnarárum stjórnar Hermanns Jónassonar efndi Kópavogskaupstaður til slíkrar sálfræðiþjónustu, að vísu með nokkrum tilstyrk ríkisins. Og var það einmitt Jónas Pálsson, sem hv. frsm. vitnaði til, sem ráðinn var til þessa starfa. En það er rétt, að þar var um að ræða samvinnu Kópavogskaupstaðar og menntmrn. um það brautryðjendastarf, sem þar var unnið. Síðan hefur verið farið inn á þá braut, að Reykjavík hefur kostað þessa starfsemi algerlega á eigin spýtur, og sveitarfélög á Suðurnesjum munu gera það sama. Ég veit, að uppi hafa verið raddir um það um nokkur undanfarin ár, að eðlilegt væri, að ríkið gerðist aðili að þessari starfsemi, þ. e. a. s. hér yrði um að ræða sameinaða starfsemi ríkis og bæjar. En niðurstaða um það hefur engin orðið enn. Alþ. er nýbúið að afgreiða skólakostnaðarlög, taka skýrt fram um það, hvað ríkið skuli greiða eitt í verk og kostnað við skólana og hvað skuli vera sameiginlegir liðir í rekstri skólanna, og sálfræðiþjónusta er ekki talin meðal þeirra verkefna, sem ríkið á að inna af höndum, né heldur ríki og sveitarfélög skuli greiða sameiginlega. Með þessu móti, tel ég, að sjálft Alþ. hafi markað þá stefnu, að þessi starfsemi skuli vera, a. m. k. þangað til öðruvísi er ákveðið, á vegum sveitarfélaganna einna.

En sannleikurinn er sá, að hér er ekki aðeins um að ræða spurningu um, hver skuli greiða kostnaðinn við að öðru leyti mjög nauðsynlegt og mjög gagnlegt starf. Hér er einnig um að ræða spurningu um skipulagningu starfsins. M. ö. o., hvort sálfræðiþjónustan eigi að vera sentraliseruð, eins og hún eflaust mundi verða, ef hún væri í höndum ríkisvaldsins fyrst og fremst, eða hvort hún eigi að vera desentraliseruð, þ. e. a. s. hvort hún eigi að vera unnin í hverju sveitarfélagi eða í skólunum sjálfum, og þá er talið eðlilegra, að hún sé skipulögð og þá líklega líka kostuð af sveitarfélögunum sjálfum. Um þetta tvennt greinir sjálfa skólasálfræðingana og sjálfa fræðimennina og kennarana talsvert á. Sumir eru þeirrar skoðunar, að hún skuli vera sentraliseruð, og hélt ég Jónas Pálsson vera einn höfuðforvígismann þess sjónarmiðs. Mjög margir eru þeirrar skoðunar, að hún skuli vera desentraliseruð og fyrst og fremst í höndum skólanna sjálfra eða nánar tiltekið sveitarfélaganna, en ekki í höndum ríkisins. Það er því á misskilningi byggt, þegar því er haldið fram, eins og kom fram í ræðu hv. frsm., að ríkisvaldið hefði ekki enn viðurkennt þessi störf af sinni hálfu. Sannarlega allir, sem til þessara mála þekkja og um þau fjalla, viðurkenna að sjálfsögðu nauðsyn þessa starfs,

sem hérna er unnið, og viðurkenna líka nauðsyn þess, að auka þetta starf og bæta það ár frá ári.

En það, sem hér hefur verið að ræða um, er það, að enn hafi ekki verið lögtekin ákvæði um það, að þetta starf skuli vera í verkahring ríkisstj. eða menntmrn. Öðru máli gegnir um skólarannsóknirnar. Það verkefni hefur ríkisvaldið tekið að sér algerlega á sinn kostnað, þó að þessu sé ekki alls staðar þannig farið í nálægum löndum, þar sem hliðstætt starf er unnið sumpart á vegum sveitarstjórna og sumpart er skoðað sem eitt af sameiginlegum verkefnum ríkis og sveitarstjórna í skólamálum. Þegar tekin var sú ákvörðun að efna til íslenzkra skólarannsókna, var það gert með þeim hætti, að stofnuð var sérstök deild í menntmrn. og henni ráðinn deildarstjóri, Andri Ísaksson sálfræðingur, og á undanförnum árum hefur starfskraftur þessarar deildar smám saman verið aukinn. Hér er dæmi um verkefni, sem ríkið tekur algerlega að sér og kostar algerlega sjálft. Að vísu, eins og fram kom, er hann nú í nokkurra mánaða orlofi erlendis, en vinnur jafnframt í þágu skólarannsóknanna. Það er misskilningur, sem kom fram í ræðu hv. frsm., að Hörður Lárusson stærðfræðingur hafi verið ráðinn í starf Andra. Hann er viðbótarstarfsmaður við skólarannsóknirnar. Starfi Andra Ísakssonar gegnir hins vegar Þuríður Kristjánsdóttir magister, en hefur þó ekki getað tekið að sér nema hálft starf Andra. En segja má, að móti þessu vegi það, að Andri vinnur að skólarannsóknum í Bandaríkjunum, sem skólarannsóknirnar síðar munu njóta góðs af.

Þá vildi ég upplýsa í sambandi við það, sem hv. þm. sagði og vikið er að í frv., að það á að vera verkefni þessarar stofnunar að fjalla um eða stuðla að jöfnun á námskostnaði unglinga í landinu. Hann gat um það, að samþ. hefði verið í fyrra þál., þar sem ríkisstj. væri falið að gera könnun á þessu máli. Hann sagðist hafa spurt um niðurstöður hennar og fengið þær upplýsingar, að þessar rannsóknir hefðu ekki farið fram. Mér er ánægja í að geta leiðrétt þetta. Þessi rannsókn hefur farið fram, og það er verið að leggja síðustu hönd á mjög ítarlega skýrslugerð einmitt um þetta efni, skýrslu, sem sýnir mjög merkilega niðurstöðu, og ég vona, að það þurfi ekki að líða nema fáeinir dagar, þangað til ég mun við eitthvert tækifæri kynna hinu háa Alþ. niðurstöðu þessarar ítarlegu skýrslu. Þetta verk hefur verið unnið, eins og líka sjálfsagt var að gera.

Þó að ég geti alveg tekið undir niðurlagsorð hv. þm. um það, að það sé nauðsynlegt að efla sálfræðiþjónustuna og nauðsynlegt að efla rannsóknarstarfið í þágu skólamála, þá vil ég samt segja, að ég tel það þurfa nánari athugunar við, hvort það sé rétt að koma á fót sérstakri stofnun, sem hafi þetta með höndum eða hvort halda skuli áfram því starfi á þeirri braut, sem þegar hefur verið farin í þessu efni, m. ö. o., að ríkið annist rannsóknarmálin og sveitarfélögin annist sálfræðiþjónustuna. Ég er ekki að segja, að það sé skoðun mín, að með þessu móti hafi endanlegur vísdómur verið fundinn og þetta sé og svona skuli þetta vera um allan aldur, en þetta tel ég þurfa athugunar við og er reiðubúinn til þess að stuðla að því, að viðræður fari fram um þetta og nánari athugun á því, hvaða skipulag í þessum málum sé æskilegast og með hverjum hætti verði bezt hægt að stuðla að því, að þetta starf geti aukizt, en um það erum við hv. frsm. sammála, að á því er brýn nauðsyn.

Mér þykir rétt að ljúka þessum orðum með því að gefa viðbótarupplýsingar við það, sem hann sagði um sálfræðiþjónustustörfin í Noregi. Ég hef hér upplýsingar um það, hve margir sálfræðingar starfa nú í Noregi. Þeir eru 110. Og þegar höfð er hliðsjón af því, að Norðmenn munu vera um 20 sinnum fleiri en við Íslendingar, þá svarar þetta til þess, að hér á landi ættu að starfa miðað við hlutfallslega stærð 5—6 skólasálfræðingar. En ég hygg, að a. m. k. sú tala skólasálfræðinga eða manna, sem vinna hliðstætt, sé þegar starfandi á Íslandi, þannig að óhætt sé að segja, að við stöndum frændum okkar Norðmönnum ekki neitt að baki í þessum efnum, eins og nú standa sakir. Með því er ég ekki að segja, að ekki sé þörf á því að auka þetta. Það er eflaust þörf á því að auka þetta starf, bæði hér og í Noregi.

Og að allra síðustu langar mig til þess að gefa hv. þdm., fyrst þessi mál ber á góma, nokkrar nánari upplýsingar heldur en hv. þm. gerði í sinni framsöguræðu um þau helztu viðfangsefni skólarannsóknanna, sem nú er verið að vinna að. En þau eru, að í fyrsta lagi er verið að athuga möguleika á því að hefja dönskukennslu fyrr en nú er. Í öðru lagi er verið að vinna að framkvæmdaáætlun um endurbætur í eðlisfræðikennslu. Í þriðja lagi fer fram athugun á námsefni náttúrufræðikennslu. Í fjórða lagi er verið að vinna að athugun á einstökum þáttum landsprófsins. Í fimmta lagi er nýlokið athugun um nýja námsskrá í íslenzku. Í sjötta lagi fer fram athugun á stærðfræðinámsefni bæði barna- og gagnfræðaskóla. Í sjöunda lagi standa yfir tilraunir í tónlistarkennslu, fjölgun kennslustunda á því sviði og nýjar kennsluaðferðir. Í áttunda lagi fer fram athugun á framkvæmd enskukennslunnar, og er það tilraun, sem staðið hefur um nokkurra ára skeið. Í níunda lagi er verið að þýða bók um gerð prófverkefna, og í tíunda og síðasta lagi ber að nefna upphaf rannsókna á því, hvort börn eigi að hefja skólagöngu 6—7 ára. Svo sem sést af þessu, hefur skólarannsóknardeild menntmrn. mikið á sinni könnu og er að vinna að mjög mörgum verkefnum. Hv. frsm. gat um það í framsöguræðu, sem hún hefði þegar unnið að og skilað áliti um, og ég þakka lofsamleg ummæli frsm. um störf þessara embættismanna, sem þarna eiga hlut að máli, sem áreiðanlega eiga viðurkenningu fyrir það skilið. En þessu vildi ég að síðustu bæta við, til þess að hv. þdm. væri ljóst, hvaða verkefnum er verið að vinna að í þessari stofnun um þessar mundir.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef nú út af fyrir sig ekki miklu við það að bæta, sem ég sagði hér í framsöguræðu minni. Mér er það vissulega ljóst og hefur verið frá því, að ég fór að hugleiða þessi mál, að það er hægt að skipa þeim með ýmsu móti, og sú hefur raunin á orðið hér, að sveitarfélögin hafa almennt tekið

að sér sálfræðiþjónustuna í skólunum. En við þurfum ekki annað en fara yfir það í huganum, hvar þessi sálfræðiþjónusta er framkvæmd í skólahéruðum og fræðsluhéruðum okkar lands, til þess að sjá það, að þetta fyrirkomulag er ekki fullnægjandi. Með því fyrirkomulagi, sem hér hefur viðgengizt, hefur sálfræðiþjónusta átt sér stað í Reykjavík, og ég er búinn að lýsa henni með orðum forstöðumanns skólarannsóknardeildarinnar, hversu fullkomin hún er, og það er verið að byrja á því í Reykjaneskjördæmi, að einn sálfræðingur ferðast á milli skólanna þar til þess að inna þessa þjónustu af höndum. Hæstv. menntmrh. bætti því við, að fyrir nokkrum árum hefði verið skólaþjónusta í Kópavogi. Það er sjálfsagt að gleyma því ekki. En annars staðar á landinu er þessi þjónusta ekki til, og ég tel, að það sýni það alveg glöggt, svo að varla verði um deilt, að með því að fela sveitarfélögum þetta verkefni, án þess að ríkissjóður taki með einhverju móti þátt í því, þá verður engin sálfræðiþjónusta í fjölmörgum skólum hér á landi frekar en nú er, einfaldlega vegna þess að fræðsluhéraðið hefur ekki bolmagn til þess að standa undir henni. Það er alveg rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að skólakostnaðarlögin gera ekki ráð fyrir því, að sálfræðiþjónustan sé kostuð af ríkinu. M. a. þess vegna er nauðsyn á frv. eins og þessu, og jafnvel þó að fjármagn sé nú veitt til sálfræðiþjónustunnar í tilteknum fræðsluhéruðum, eins og þó hefur verið gert í Reykjavík, þá kvarta forstöðumennirnir og starfsmennirnir undan því, að réttarstaða þeirra sé ekki nægilega tryggð. Þeir segja, að þetta hvíli á örfáum setningum í fræðslusamþykkt Reykjavíkurborgar. Og þeir kvarta undan því, að bæði foreldrar og nemendur taki ekki eins mikið tillit til þeirra og þurfi, vegna þess að það vanti þá opinberu viðurkenningu, sem þetta frv. er að fara fram á. Vitanlega er ég sammála hæstv. menntmrh. um það, að það má koma þessum málum fyrir á ýmsan veg. Og það getur hugsazt, ég er ekki að segja það, það getur vel hugsazt, að sú leið, sem fara ætti, væri frekar sú að taka sálfræðiþjónustu í skólum, utan stærstu fræðsluhéraðanna a. m. k., inn á skólakostnaðarlög, þannig að framkvæmdin væri í höndum fræðsluhéraðanna. En ég hygg þó, að það verði hagkvæmast að koma þessu fyrir eitthvað svipað því og það frv., sem ég var hér að mæla fyrir, gerir ráð fyrir.

Í grg., hygg ég, að ég hafi talað um það sem möguleika og möguleika, sem ég vonaðist til þess, að yrði veruleiki líka, að fræðsluhéruðin héldu áfram uppi sálfræðiþjónustu í svo ríkum mæli, sem þörf kallar á. Það er síður en svo verið að útiloka það með þessu frv. Hér er aðeins verið að tala um það, að það þurfi að vera ráðgefandi stofnun, sem skólahéruðin geta leitað til og sem þeir starfandi sálfræðingar, sem fyrir kunna að vera á vegum skólastjórnanna, geti leitað til. Og svo er það að athuga í þessu máli líka, að það þarf að gera meira en að benda á veilurnar. Það þarf að vera unnt að ráða bót á þeim. Og ég hygg, að einn skólasálfræðingur, sem starfar í víðlendu héraði á vegum margra skólahéraða og fræðsluyfirvalda, hafi tæpast tök á því að gera meira en að finna veilurnar, og þarf þá ekki einmitt að vera til einhver stofnun, sem getur tekið við og bætt úr þeim veilum, sem þessir menn finna í sínu starfi? Ég held það.

Annars endurtek ég það, að ég tel ekki, að við flm. höfum fundið þá einu réttu lausn á þessu máli, sem engin önnur geti komið til greina. Því fer víðs fjarri. Við erum áreiðanlega allir, ég hygg, að ég megi tala fyrir munn okkar allra, mjög fúsir til samstarfs um þessi mál og til breytinga á þessu frv., sem til bóta kunna að leiða. En aðalatriðið er, að þetta mál verður að taka fastari tökum en gert hefur verið.

Ég skal svo láta þessum orðum lokið. Ég fagna því, að skólarannsóknir eiga ekki að falla niður, þó að Andri Ísaksson hafi þurft að fullnuma sig eitthvað frekar. Ég er mjög ánægður með það, að t. d. náttúrufræðikennslan verði tekin til athugunar, svo að það þurfi ekki að endurtaka sig, sem einn skólamaður sagði mér um daginn, að bæði í barnaskólanum og neðri deild unglingaskólans hefði verið sama spurningin í náttúrufræðinni: Hvorum megin er andagatið á svarta sniglinum?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

49. Byggingarsamvinnufélög.

Á 7. fundi í Ed., 28. okt., var útbýtt:

Frv. til l. um byggingarsamvinnufélög [53. mál] (þmfrv., A. 58).

Á 8. fundi í Ed., 30. okt. var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 58 frv. til l. um byggingarsamvinnufélög ásamt hv. 1. þm. Norðurl. v. Þetta frv. hefur áður verið til meðferðar hér á hv. Alþ. fyrir tveimur árum. Þá var því vísað til hæstv. ríkisstj., og mun ég koma örlítið að því síðar, en ég mun ekki að þessu sinni hafa langa framsögu fyrir þessu máli, tel, að þess gerist ekki þörf, þar sem málið hefur, eins og ég áðan sagði, legið hér fyrir áður, og var þá allítarlega rætt. Ég minni aðeins á það nú eins og fyrr, að eftir því, hvernig húsnæðismálunum er fyrir komið, má ekki sízt marka það, hversu raunveruleg velmegun þjóðfélags er á vegi stödd, og ég tel ekki ástæðu til þess að eyða löngum tíma til þess að rökstyðja þá þörf, sem er á því að koma húsnæðismálunum í betra horf en þau eru. Um það eru allir hv. alþm. áreiðanlega sammála, og ég minni jafnframt á það, að enda þótt talsvert aukið fjármagn hafi verið veitt til húsbygginga, þá er langt í frá, að það sé nægilegt, og biðraðir hjá

húsnæðismálastjórn eftir lánum úr byggingarsjóði eru mjög óskyggilega langar, og sá tími, sem menn bíða eftir húsnæðislánum, er enn þá mjög langur.

Samkv. útreikningi Hagstofunnar í júnímánuði s. l., þá er byggingarkostnaður á teningsmetra 3889 kr. Þessi byggingarkostnaður var samkv. sömu heimildum 1231 kr. fyrir réttum 10 árum. Hefur því kostnaðurinn meira en þrefaldazt. Mér reiknast svo til, að hækkun hans sé 217%. Hér er auðvitað mjög óskyggileg þróun á ferðinni. Það er að vísu teygjanlegt hugtak, hver meðalstærð íbúða er, en ég hef reiknað hér eins og áður með 370 teningsmetra íbúð, og þá sýna þessar tölur opinberra aðila, að bygging slíkrar íbúðar ætti nú að kosta 1439 þús. kr. En hún hefði átt að kosta árið 1959 455 þús. kr. Og það vill segja, að á þessu 10 ára tímabili hefur byggingarkostnaður meðalíbúðar hækkað um 1 millj. kr. Og þó að húsnæðislánin séu nú um 400 þús. kr. út á hverja íbúð og nokkru meira í undantekningartilvikum þeirra, sem eru félagar í verkalýðsfélögum, sem fá aukaaðstoð, eins og kunnugt er, þá fer því ekki fjarri, að hver húsbyggjandi, sem hyggst byggja meðalíbúð og verður að hlíta þessum kostnaði, þurfi að leggja 1 millj. kr. fram úr eigin vasa. Það er því ljóst, að mjög mikil þörf er á því að vinna bug á þessari meinsemd, hinum háa byggingarkostnaði.

Ég tel, eins og hér hefur áður komið fram hjá mér í umr., að ein leiðin til þess að lækka þennan byggingarkostnað, sé sú að auka starfsemi byggingarsamvinnufélaganna og gera l. um þau annað en dauðan bókstaf, eins og þau því miður hafa verið um langt árabil, fyrst og fremst vegna þess, að þótt ríkisábyrgð sé fyrir hendi á skuldabréfum byggingarsamvinnufélaga, þá hefur enginn aðili í landinu talið sér skylt að kaupa þessi bréf og enginn aðili viljað kaupa þau að nokkru verulegu marki. Og ég minni á það, að þessi möguleiki til sölu á ríkistryggðum skuldabréfum byggingarsamvinnufélaga hefur verið skertur á s. l. árum, að ég hygg mjög mikið, með því ákvæði, sem lögtekið var, að tryggingafélög mættu ekki hér eftir lána einstaklingum án þess að leggja ¼ á móti til byggingarsjóðs, 25%. Þetta ákvæði, hygg ég, að hafi verulega dregið úr, að ég ekki segi algerlega tekið fyrir, þeirri aðstoð, sem mörg tryggingafélögin vissulega veittu húsbyggjendum í þessu tilliti.

Nú er það auðvitað misjafnt, hvernig byggingarsamvinnufélögunum tekst að halda niðri byggingarkostnaði. Það skal ég fúslega viðurkenna. Og nú hefur verið gerð tilraun af opinberri hálfu til þess að byggja ódýrar íbúðir með mikilli, vil ég segja, opinberri fyrirgreiðslu, þar sem framkvæmdanefndaríbúðirnar eru í Breiðholti hér í Reykjavík. Um þær byggingar hefur mikið verið rætt og ritað og mikil gagnrýni komið fram á framkvæmd þeirra. Og ég skal ekki hafa hér uppi neina gagnrýni á þá framkvæmd, en aðeins minna á það, að nú í sumar, 9. júlí, voru bornar fram í húsnæðismálastjórn spurningar í mörgum liðum um þessar framkvæmdir og hvernig þeim hefði vegnað, hvaða kostnaður hefði orðið við byggingarnar þar og ýmislegt fleira í því tilliti aðallega varðandi fjármögnun þessara framkvæmda, og af svörum, sem veitt voru af framkvæmdastjóra hennar núverandi eða formanns, eins og hann mun víst heita, þá varð söluverð á teningsmetra þarna í sambyggingum 2797 kr. og 3868 kr. á teningsmetra í einbýlishúsnæði. En sérfræðingar fasteignamatsnefndar Reykjavíkur hafa reiknað þetta með nokkuð öðru móti og fengið út þessar tölur: Í sambyggingunum 3878,50 á teningsmetra, í minni einbýlishúsunum 3924 kr. á teningsmetra og í stærri einbýlishúsunum 3960 kr. á teningsmetra. Þessi hús eru byggð á árunum 1967—1969, þeim var að mestu lokið fyrir árslok 1968. En byggingarkostnaður vísitöluhúss samkv. útreikningum Hagstofunnar var í árslok 1967 2768 kr. á teningsmetra, og vísitalan var óbreytt allt það ár, og í árslok 1968 3206 kr. Ef meðaltal þessara tveggja ára er tekið, kemur það í ljós, að byggingarkostnaðurinn ætti að vera 2987 kr. á teningsmetra, þannig að svo virðist, ef þessar tölur má leggja til grundvallar, sem Breiðholtsíbúðirnar hafi orðið nokkuð dýrari heldur en vísitöluhúsið á teningsmetra samkv. útreikningum Hagstofunnar. Ég hef að sjálfsögðu ekki sjálfur neitt haft með útreikninga á þessum tölum að gera, en ég vænti þess, að þær séu engu að síður réttar, og kostnaðurinn í Breiðholtinu, eins og ég sagði, byggður á upplýsingum núverandi formanns framkvæmdanefndar. Nú hef ég hér undir höndum reikninga frá einu byggingarsamvinnufélagi hér í borginni, Byggingasamvinnufélagi Reykjavíkur, og ég hygg, að það geti orðið til fróðleiks að gera samanburð á því, hvernig þeim hefur tekizt að byggja íbúðir og fyrir hvaða verð. Ég tek þá hér fyrst t. d. íbúðir, sem byggðar voru í Hraunbæ 36—42 hér í Reykjavík. Bygging þess húss hófst fyrri hluta sumars 1965 og hélt áfram eftir föngum. Húsið varð fokhelt um ári síðar og var að mestu lokið á miðju ári 1967. Íbúðir voru afhentar þannig í hendur eigenda, að lokið var öllu undir tréverk innan íbúða og húsinu var lokið að utan. Sameiginlegu rými í kjallara var ráðstafað eftir ákvörðun íbúðareigenda, þannig að seldur var hluti kjallara til annarra aðila, en afgangi var ráðstafað til sameiginlegra þarfa samkv. uppdráttum hússins. Þessar íbúðir í því ástandi, sem ég lýsti, voru seldar á þessu verði: Tveggja herbergja íbúðir 466.345,35, þriggja herbergja íbúðir 686.514,61, fjögurra herbergja íbúðir á 776.707,19 og fimm herbergja íbúðir á 899.604,76, og varð kostnaðarverð á teningsmetra að meðaltali um 1980 kr. Nú tek ég það skýrt fram, að þetta eru ekki fullgerðar íbúðir, og það þarf að áætla fyrir því, sem á vantar, og ég ætla ekki að gera það, ég læt þessar tölur tala sínu máli.

Í öðru lagi vil ég minna á, að þetta sama byggingarsamvinnufélag hefur verið að byggja og er nýbúið að ljúka við eða fyrir um ári síðan íbúðir í Hörðalandi 2, 4 og 6. Í þessu húsi eru 18 íbúðir, tveggja, þriggja og fjögurra herbergja. Bygging hússins hófst á miðju ári 1967, og allir eigendur voru fluttir í íbúðir sínar ári síðar, eða á miðju ári 1968. Eigendur tóku við íbúðum sínum tilbúnum undir tréverk og málningu með forstofu og dyrasímum og annarri sameign fullfrágenginni að undanskilinni lóð og stigagangar einungis málaðir. Fullnaðaruppgjöri er ekki lok-

ið, en þó er hægt að fullyrða, að heildarkostnaður hússins á framangreindu byggingarstigi mun vera mjög nálægt 9 millj. 950 þús. og mun láta nærri, að kostnaður á teningsmetra verði um 2000 kr. Um kostnað hverrar íbúðar má gera ráð fyrir, að hann verði sem næst þessi: Fjögurra herbergja íbúð 702 þús.; þriggja herbergja 575 þús.; tveggja herbergja 398 þús.; tveggja herbergja, aðeins minni 364 þús. Einnig í þessu tilviki er eftir að fullgera íbúðirnar, og ég ætla nú að freista þess að gera áætlun um það, hvað það kosti að fullgera t. d. fjögurra herbergja íbúð, sem er 345 teningsmetrar, og samkv. áætlun, sem ég hef fengið frá þessu byggingarsamvinnufélagi, mun það kosta einhvers staðar á milli 200—250 þús. kr. að fullgera hana. Og ef við tökum nú hærri töluna, kemur það í ljós, að kostnaður á teningsmetra í fjögurra herbergja íbúð, 345 teningsmetra, verður 2760 kr. á teningsmetra. Ég hygg, að ég hafi með þessu sýnt, að þetta byggingarsamvinnufélag hafi a. m. k. ekki skilað lakari árangri en þær framkvæmdir, sem framkvæmdar voru af opinberri hálfu í Breiðholti. Nú er það vitað, að margs konar erfiðleikar hafa verið á vegi þessa byggingarsamvinnufélags eins og annarra, og það hefur búið við l. um byggingarsamvinnufélög, eins og þau eru nú, m. a. þá erfiðleika, sem eru því samfara að vanta fjármagn, og ég hygg vafalaust, að ef betur væri að byggingarsamvinnufélögum búið, eins og t. d. þetta frv. gerir ráð fyrir, hefði þessu félagi tekizt að byggja íbúðirnar ódýrar. Ég hef fyrir því orð þeirra, sem fyrir þessum framkvæmdum standa, og ég hygg nú, að það þurfi ekki að rökstyðja það í löngu máli, hvaða breytingu það hefði í för með sér, ef t. d. fjármagn væri alltaf nægilegt fyrir hendi. Það er skylt að geta þess, að nú alveg upp á síðkastið hefur byggingarsamvinnufélögunum verið veitt svolítil aukafyrirgreiðsla. Eins og hv. dm. muna, voru samþ. hér í fyrra l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, hinn 17. maí, á þann veg, að byggingarsamvinnufélög voru tekin í hópinn með byggingarmeisturum og byggingarfyrirtækjum, sem byggja íbúðir, sem fyrirhugað er að selja fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja útlánareglum húsnæðismálastjórnar. Þá var húsnæðismálastjórn heimilað að veita lán til þeirra, áður en íbúðirnar væru seldar. Þessi breyting, þessi lagasetning, var gerð samkv. frv., sem við fluttum hér einhverjir framsóknarmenn á þinginu í fyrra, og varð til þess að lagfæra og jafna aðstöðu byggingarsamvinnufélaganna og gera hana sambærilega að þessu leyti við það, sem aðrir njóta. Þetta er nýkomið til framkvæmda, eftir því sem ég bezt veit, þannig að þessi fyrirgreiðsla hefur ekki haft áhrif á þær íbúðir, sem ég var áðan að gera grein fyrir. Húsnæðismálastjórn hefur framkvæmt þessi l. þannig, að byggingarsamvinnufélögum þeim, sem reglulega fást við byggingarstarfsemi, — það eru fjögur byggingarsamvinnufélög hér í Reykjavík, Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra, Byggingarsamvinnufélag verkamanna og sjómanna og Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana, — er veitt sú fyrirgreiðsla, að þau geta byrjað að fá lán, þegar fyrsta áfanga er lokið. Það er venjulega uppsteyptur kjallari eða ámóta framkvæmd, og síðan fá þau húsnæðismálastjórnarlánið á 18 mánuðum. En fyrri greiðslan til byggingarmeistaranna er áfram eins og hún var, þannig, að venjulega líða 9 mánuðir milli lánveitinganna. Það er byrjað að lána, þegar húsin eru fokheld, og síðan líða 6—12 mánuðir, þangað til öll lánin eru veitt og þessum mönnum er heimilað að taka lánið út á húsið, þ. e. a. s. áður en ákveðinn kaupandi er kominn að þeim. Ég veit ekki, hvort þessi framkvæmd er fyllilega sambærileg. Ég hef ekki getað fengið fullnægjandi upplýsingar um það, en ég ætla, að hún sé nokkuð sambærileg, og má þá segja, að örlítið hafi verið komið til móts við byggingarsamvinnufélögin að þessu leyti. En það er alveg áreiðanlegt, að byggingarsamvinnufélögum hefur tekizt að byggja mjög ódýrar íbúðir, og ég þarf ekki að vitna í annað en það fjaðrafok, sem varð hér fyrir tveimur árum, þegar Byggingarfélag verkamanna og sjómanna gaf út yfirlýsingar sínar um það, hvað íbúðirnar við Reynimel hefðu kostað. Það varð að vísu mikið deilumál, og ég hef nú hvergi séð endanlegar niðurstöður þess, en ég hygg þó, að hvergi hafi komið fram áreiðanlegar heimildir fyrir því, að þar hafi verið rangt frá skýrt, og ég trúi því, a. m. k. þangað til annað sannast, að þessar íbúðir hafi verið byggðar ódýrt. Ég trúi því tæpast, að það hefði legið í láginni, svo mjög sem þessar framkvæmdir voru gagnrýndar, ef það hefði sýnt sig síðar, að hér hefði verið algerlega með staðlausa stafi farið.

Hv. heilbr.- og félmn. gerði það að till. sinni fyrir tveimur árum um þetta frv., að því yrði vísað til hæstv. ríkisstj., og rökstuðningur þess var sá, að heildarskoðun húsnæðismálalöggjafarinnar stæði yfir, og n. vísaði málinu til ríkisstj. í trausti þess, að heildarendurskoðuninni yrði hraðað og henni lokið á yfirstandandi ári og að við þessa endurskoðun yrði m. a. könnuð vandlega sú reynsla, sem fengizt hefur af starfsemi byggingarsamvinnufélaga og þætti þeirra við lausn húsnæðisvandamálanna með það fyrir augum að skapa byggingarsamvinnufélagsmönnum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar. Þessi endurskoðun, sem hér er vikið að, mun hafa komið fyrst til tals í sambandi við samninga á árinu 1965. Og ég minnist þess, að þegar frsm. hv. heilbr.- og félmn., hv. 3. landsk. þm., var að gera grein fyrir þessari málsmeðferð hér fyrir tveimur árum, lét hann í ljós þá skoðun, að sú n., sem endurskoðunina átti að framkvæma, húsnæðismálastjórn, hefði þá þegar verið búin að hafa alveg nægilegan tíma til þessa starfs, og hann vænti þess og treysti því og legði raunar áherzlu á, að þessu væri hraðað, og treysti því að svo mundi verða gert. Og í þessu sama trausti samþykktu flm. þessa frv. þá málsmeðferð, að frv. yrði vísað til ríkisstj. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að á þessari heildarendurskoðun hefur ekkert bólað, og ég gerði þá fsp. til hæstv. félmrh. fyrir jól í fyrra á hv. Alþ., hvað þessari heildarendurskoðun liði, því að mig var farið að lengja eftir því, að eitthvað sæist frá n. um þetta mál. Svör hans voru þá

þau, að það væri alveg verið að ganga frá lánveitingum samkv. gildandi kerfi. En um heildarendurskoðun eða yfirleitt nokkra endurskoðun var alls ekki rætt í hans svari, og það var ómögulegt að skilja mál hans á annan veg en þann, að ekkert væri að þessari endurskoðun unnið, og það hygg ég líka vera hið rétta. Það er ekkert unnið að þessari endurskoðun eða var ekki fyrir ári síðan. Svona málsmeðferð er vitanlega alveg fráleit, og það er ómögulegt að una því, að frv. manna um ekki ómerkari mál en aðstöðu byggingarsamvinnufélaga liggi í einhverri ótiltekinni endurskoðun árum saman uppi í stjórnarráði, og þess vegna er það, að við flm. teljum, að Alþ. verði að láta uppi einhverja afstöðu til þessa máls, þ. e. hvað vill Alþ., hvað vill hv. meiri hluti Alþ. gera í málum byggingarsamvinnufélaganna? Ég álít, að það sé spurning, sem hann verður að svara, og þess vegna er þetta mál flutt, og nú reynir á, hvort menn vilja samþykkja þetta frv. eða fella það. Það kemur vissulega til greina. En það kemur ekki lengur til greina að mínum dómi að fresta þessu máli af tylliástæðum eins og þeim, að það sé beðið eftir einhverri heildarendurskoðun húsnæðismálalöggjafar, sem vitað er, að ekkert er unnið að.

Um frv. sjálft skal ég vera stuttorður, þar sem það hefur áður verið rætt hér nokkuð. Þetta frv. er flutt óbreytt. Við meðferð þess hér fyrir tveimur árum komu fram nokkrar ábendingar frá hv. 3. landsk. þm., sem sumar eru, að ég hygg nú, þess eðlis, að sjálfsagt sé að taka þær að einhverju leyti til greina. En ég hef nú ekki farið út í það, eða við, að breyta frv. Það má alltaf gera það, enda voru þessar ábendingar ekki um neitt meginefni frv. En samkvæmt þessu frv. þá eru það þrjár eða fjórar meginbreytingar frá gildandi l., sem lögð er áherzla á, og þá auðvitað fyrst og fremst það, að það verði settar ákveðnar reglur um það, að það sé einhver aðili, sem er skyldaður til þess að kaupa ríkistryggð skuldabréf byggingarsamvinnufélaganna, því að öðrum kosti er þetta ákvæði um ríkisábyrgð mjög haldlítið, og það hefur verið náttúrlega þannig í framkvæmdinni, eins og allir þekkja, að þessi ríkistryggðu skuldabréf byggingarsamvinnufélaganna hafa gengið kaupum og sölum með óheyrilegum afföllum í mörgum tilfellum, og hefur þetta stórhækkað byggingarkostnaðinn að því leyti í mörgum tilfellum. Það þekkja allir. Því er gert ráð fyrir því í þessu frv., að Seðlabankanum sé skylt að kaupa ríkistryggð skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. árlega. Hér er að vísu um mjög lága fjárhæð að ræða og sömu fjárhæð og var í þessu frv. fyrir tveimur árum, þó að síðan hafi skollið yfir tvær gengisfellingar og byggingarkostnaðurinn stórhækkað af þeim sökum. Þó höfum við samt ekki farið geystar í málið en þetta, að það er sama fjárhæð, sem Seðlabankanum hefur verið gert samkv. frv. að leggja fram í þessu skyni. Og þó að hér sé um lága fjárhæð að ræða, sem e. t. v. væri ástæða til að biðja afsökunar á, hversu lág hún er, þá mundi þó, ef þetta yrði að l., verða verulegur munur á aðstöðu byggingarsamvinnufélaga eftir en áður.

Annað nýmæli er hér í frv., sem skyldar sveitarstjórnir til að láta byggingarsamvinnufélög, sem starfa í viðkomandi sveitarfélagi, sitja fyrir um úthlutun lóða. Þetta er líka atriði, sem nokkurri gagnrýni sætti hér, þegar málið var síðast til meðferðar. Ég skal viðurkenna það, að eins og mál hafa skipazt nú með því getuleysi ýmissa aðila til þess að hefja byggingarframkvæmdir vegna þess ástands, sem ríkir í þjóðfélaginu, þá er þessi þörf í svipinn ekki eins brýn. Það eru í svipinn nægar lóðir hér í Reykjavík fyrir þá fáu aðila, sem treysta sér til að ráðast í byggingarframkvæmdir með þeim óheyrilega kostnaði, sem þeim fylgir nú. En þegar frv. var upphaflega flutt, þá var þessu ekki þannig háttað, og ég hygg og ég vona nú, að þetta ástand geti fljótlega skapazt, að það verði meiri eftirspurn eftir lóðum en framboð, og þá er að mínum dómi gott að hafa þetta ákvæði fyrir byggingarsamvinnufélögin, og ég viðurkenni það, að þessi forgangur er settur þarna vegna þeirrar trúar, sem við flm. höfum á þessu samvinnuformi, og ég get vel skilið það, að þeim, sem ekki trúa á samvinnu eða treysta henni til góðra hluta, þyki þetta ákvæði óþarft og þeir vilji fremur, að byggingarmeistararnir sitji fyrir um lóðir, eða a. m. k. séu jafnréttháir, en þetta er okkar skoðun, sem þarna kemur fram. Um hana má deila, en hún er sett þarna fram.

Eitt nýmælið enn er það, að láta bann l. við að selja íbúðirnar, nema stjórn byggingarsamvinnufélags hafi áður hafnað forkaupsrétti, aðeins gilda í 15 ár. Allir vitum við, að þetta bann hefur verið sniðgengið talsvert, og það má segja, að mönnum sé nokkur vorkunn, þó að þeim þyki það hart að þurfa að hlíta því að selja íbúðir sínar með kvöðum, einungis vegna þess að þær eru í byggingarsamvinnufélagi, þegar svo hefur verið ástatt, að félögin hafa verið lítils megnug um að veita þeim nokkra teljandi aðstoð. En ég tel sjálfsagt, að ef það yrði svo, að það væri verulega mikils virði að vera meðlimur í byggingarsamvinnufélagi og það kæmi veruleg aðstoð til greina vegna þess, að þá ætti þetta ákvæði að halda gildi og þá ætti að leggja áherzlu á, að þetta yrði framkvæmt, en hins vegar væri eðlilegt, að eftir 15 ár, svona um það bil, þegar öll lánagreiðsla þessa byggingarsamvinnufélags er gengin út og lán eru greidd upp, verði byggingarnar á ný eins settar og aðrar og yrðu þá seldar frjálsri sölu.

Það er eitt nýmælið enn, að byggingarsamvinnufélögin skuli undanþegin greiðslu opinberra gjalda, og ég hygg, að ég þurfi ekki að rökstyðja það. Það er svona enn ein fyrirgreiðslan við þetta félagsform, sem þetta frv. fer fram á.

Ég skal ekki, herra forseti, vera að eyða tíma þingsins í það að vera að rökstyðja hér mál, sem áður hefur verið mikið rætt, og skal þess vegna láta þessari ræðu lokið. Ég endurtek það, að hv. d. og hv. Alþ. verður að mínum dómi að segja til um það með þetta frv. eins og raunar öll, sem hér eru flutt, hvort það vill, að það nái fram að ganga eða ekki. En ég segi það fyrir mitt leyti, að ég vil ekki sætta mig við það enn á ný, að því sé slegið á frest með einhverjum ótilteknum ástæðum, sem ekki hafa svo við nein rök að styðjast.

Ég legg til, herra forseti, að málinu verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég er alveg sammála hv. flytjanda þessa frv., að það þurfi að efla byggingarsamvinnufélögin. Ekki endilega vegna þess, að það liggi fyrir óyggjandi staðreyndir um, að þau byggi íbúðir ódýrar en aðrir aðilar, þessi samvinnufélög byggja á misjöfnu verði eins og aðrir, heldur fyrst og fremst vegna þess, að hjá byggingarsamvinnufélögunum er það öruggt, að íbúðirnar séu seldar kaupendum eða félagsmönnum á raunverulegu kostnaðarverði. Auðvitað getur byggingarmeistari byggt íbúðir ódýrt, en ef markaðurinn er góður, þá selur hann þær langt yfir kostnaðarverði. Þó hefur nú að vísu nokkuð verið bætt úr því með þeirri breyt., sem gerð var á l. um Húsnæðismálastofnunina, þar sem heimilað var að veita byggingarmeisturum og fleirum bráðabirgðalán, meðan á byggingunni stendur. Meistararnir lögðu svo mikla áherzlu á þessa fjárhagslegu fyrirgreiðslu, að þeir undirgengust það að selja íbúðirnar fullgerðar á verði, sem húsnæðismálastjórn samþykkti, og vissulega er mikil bót að því. Auk þess tel ég rétt, að byggingarvandamálin séu leyst á margbreytilegum grundvelli, ef svo má að orði komast. Þar eigi einkaframtakið fullan rétt á sér og líka félagslegt framtak á samvinnugrundvelli og opinber afskipti. Mér finnst eðlilegt, að unnið sé að lausn íbúðarbyggingamála á margan hátt.

Ég er líka sammála því, sem hv. flm. sagði hér í sinni ræðu, að það sé ekki unnt að afgreiða þetta mál hér í hv. þd. á svipaðan hátt og gert var hér síðast, þegar þessu máli var vísað til ríkisstj. í trausti þess, að yfirstandandi heildarendurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni yrði hraðað og þar þá m. a. fjallað um byggingarsamvinnufélögin í þeirri endurskoðun. Af einhverjum ástæðum virðist þessi endurskoðun vera komin í strand og ekkert af henni spurzt, þannig að ég tel, að það sé ekki hægt að afgreiða þetta mál hér á sama hátt og áður.

Hv. 1. flm. gerði hér nokkurn verðsamanburð á íbúðum, sem byggðar höfðu verið af einstökum byggingarsamvinnufélögum, sem beztum árangri hafa náð, við íbúðarverðið eftir Breiðholtsáætluninni. Nú vil ég taka það fram, þar eð ég átti nú einu sinni aðild að þessari Breiðholtsáætlun og var þar formaður um tíma, að ég lít nú á þennan samanburð sem hrós fyrir framkvæmdanefndina, þar sem hv. ræðumaður var einmitt að benda á það byggingarsamvinnufélögunum til ágætis, að þeim hefði í beztu tilfellum tekizt að ná jafn góðum árangri og framkvæmdanefndin með verð á byggingum. Og þetta er í raun og veru annað en margir hafa haldið fram. Ég skal nú ekki fara að orðlengja hér um verðlagið á þessum Breiðholtsíbúðum. Um það hefur ákaflega mikið verið skrifað og rætt, og á kannske eftir að gera það hér frekar í þinginu. Grundvöllurinn er sá, að menn hafa misskilið, að hverju framkvæmdanefndin stefndi. Hún stefndi auðvitað að því að geta skilað sem beztum árangri, þegar búið væri að byggja 1250 íbúðir, en ekki endilega, að það lægi fyrir strax á fyrsta stigi, eftir tilraunaáfangann. Ég vil þó vekja athygli á því, að í blaðaskrifum að undanförnu hefur því verið haldið fram, að kostnaðarverð meðalstórrar þriggja herbergja íbúðar fullgerðrar hafi undanfarin tvö ár verið 1150 þús. kr., en í Breiðholtsíbúðunum kostuðu þessar íbúðir aðeins 940 þús. kr. Ég ætla ekki að fara út í þrætur um þetta, en ég vil vara við því, að menn séu að gera samanburð á annars vegar fullgerðum íbúðum og hins vegar íbúðum, sem eru ófullgerðar, og áætla kostnaðinn. Sannleikurinn er sá, að til þess að geta gert þennan samanburð af einhverju viti þarf mjög ítarlegar og nákvæmar upplýsingar, og þetta, sem blöðin eru að skrifa um þessi mál og hafa gert á undanförnum árum, er vægast sagt ákaflega ónákvæmt og margt villandi. Það er ekki hægt að gera sér glögga grein fyrir þessu nema þekkja allar staðreyndir hjá báðum byggingaraðilum, sem verið er að bera saman, mjög vel. Ég þekki ekki þau dæmi, sem hv. ræðumaður tók um, hvað íbúðir muni kosta hjá tilteknum byggingarsamvinnufélögum. Það getur vel verið, að það reyndist allt saman rétt, þegar það yrði brotið til mergjar. Ég skal ekkert um það fullyrða. Ég þekki þau tilfelli ekki og hef ekki kynnt mér þau.

En það var annað atriði, sem hv. ræðumaður kom inn á. Það var samanburður við kostnaðarverð samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðarins. Nú hef ég þegar flutt í Sþ. þáltill. um að breyta grundvelli byggingarvísitölunnar, sem er orðinn mjög úreltur, og þess vegna skal ég ekki fara mörgum orðum um það hér, en ég vil aðeins minna á það, að Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Breiðholti gaf út ítarlega fréttatilkynningu, sem birt var í öllum dagblöðunum hér í maímánuði 1968, þar sem greint var frá verðlaginu á þeim íbúðum, hvað í því fælist, og gerður var allítarlegur samanburður við byggingarvísitöluna og kostnaðarverð samkv. byggingarvísitölu hér í Reykjavík og komizt að þeirri niðurstöðu, að verðlag íbúðanna væri 8% undir byggingarvísitöluverði. Ég vildi aðeins minna á það, þannig að það hefur alltaf legið ljóst fyrir, hvernig framkvæmdanefnd hefur litið á byggingarvísitöluna, hvernig þeim samanburði væri háttað og hvernig ætti að gera hann. Það hefur alltaf legið opinberlega fyrir, og þarf enginn að fara í grafgötur með það. Hitt er svo annað mál, að eins og kemur fram í þessum samanburði, þá er margt að athuga við þessa byggingarvísitölu, og menn komast ekki að öllum sannleikanum með því að bera saman við hana. Ekki fyrr en hún hefur verið endurskoðuð rækilega og henni mikið breytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 9. fundi í Ed., 3. nóv. var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14 shlj. atkv.

Á 57., 59. og 60. fundi í Ed., 17., 19. og 20. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Ed., 23. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 58, n. 407 og 443, 408).

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög er að finna í l. um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum frá árinu 1952. Má reyndar segja, að litið sé nú eftir af þeim lagabálki annað en kaflinn um byggingarsamvinnufélögin. Þeir einstaklingar, sem byggja íbúðir sínar í byggingarsamvinnufélagi, eru öðruvísi settir en aðrir, sem byggja utan byggingarsamvinnufélaga. Byggingarsamvinnufélagsmenn, má segja, að njóti annars vegar forréttinda umfram aðra og að hinu leytinu beri þeir líka skyldur umfram það, sem aðrir gera. Forréttindin, ef svo má segja, sem menn njóta í byggingarsamvinnufélagi, eru þau, að félagið á rétt á ríkisábyrgð fyrir lánum, sem tekin eru út á íbúðirnar, og þetta auðvitað greiðir fyrir því, að hægt sé að fjármagna þessar byggingar. Það eru ekki aðrir byggingaraðilar í landinu, sem eiga rétt á ríkisábyrgð út á íbúðabyggingar heldur en þeir, sem eru í byggingarsamvinnufélögum. Þær sérstöku skyldur, sem menn í byggingarsamvinnufélögum bera, eru hins vegar þær, að þeir eru ekki frjálsir að því að selja sínar íbúðir. Endursala á íbúð, sem maður hefur eignazt í byggingarsamvinnufélagi, fer eftir vissum reglum, þannig að samvinnufélagið á forkaupsrétt á íbúðinni að undangengnu sérstöku mati. Þessar reglur hafa nú verið óbreyttar, hygg ég, nokkra áratugi, en reynslan hefur orðið sú, smátt og smátt, þegar tímar hafa liðið fram, að gildi þessara forréttinda hefur minnkað og skyldurnar í reynd orðið miklu minni en gert var ráð fyrir, og forréttindin hafa minnkað að því leyti til, að það hefur orðið mjög erfitt að selja skuldabréf, þótt þau væru ríkistryggð, öðruvísi en með miklum afföllum, þannig að þetta eru ekki í dag eins góðir kostir og fyrir 20 árum. Að hinu leytinu hafa ákvæði l. um þessar sömu skyldur í reynd verið, sennilega frá upphafi eða a. m. k. langa lengi, dauður bókstafur, sem raunverulega hefur ekki verið framkvæmdur.

Því má velta fyrir sér, þegar málefni byggingarsamvinnufélaganna eru hugleidd, hvers vegna menn ganga í byggingarsamvinnufélag, og ég geri ráð fyrir því, að aðalástæðan sé hjá flestum sú, að þeir telja sig hafa hagræði af því, einkanlega á þann hátt, að með því að vera í byggingarsamvinnufélagi, þá eiga menn kost á því að fá íbúðina á kostnaðarverði, gagnstætt því ef þeir kaupa íbúðir af öðrum byggingarfyrirtækjum, kaupa þær á einhverju byggingarstigi, kaupa þær t. d. tilbúnar undir tréverk, eins og nú er algengt. Í öðru lagi geta ýmsir kostir fylgt því að byggja í byggingarsamvinnufélagi, sérstaklega ef þetta eru samvaldir menn, sem eru saman í byggingarflokki. Það getur verið ýmiss konar samhjálp, sem þeir geta veitt og notið hver hjá öðrum, sem gerir það að verkum, að byggingin kann að verða ódýrari en ella. Mér finnst í raun og veru, að það mætti hugleiða það, hvort þetta væri ekki alveg nægjanleg ástæða fyrir menn, sem það vilja, til þess að stofna byggingarsamvinnufélög og vera þar og láta þau byggja fyrir sig íbúðir. Það ættu raunverulega engar sérstakar lagareglur að gilda um byggingarsamvinnufélög, þannig að menn væru frjálsir að selja þessar íbúðir, eða a. m. k. væru ekki nein ákvæði í landslögum um það. Það væri því aðeins, ef félagið sjálft takmarkaði þann rétt að einhverju leyti, og að þessir aðilar hefðu heldur ekki neinn aðgang að lánsfjármagni eða skuldabréfasölu umfram aðra, sem byggja, því að þetta finnst mér a. m. k. eðlilegt, að komi upp í hugann, þegar hugsað er um málefni byggingarsamvinnufélaganna.

Hér hefur í d. verið borið fram frv. um byggingarsamvinnufélög af hv. 11. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Norðurl. v. Þetta frv. var borið hér fram fyrir tveimur árum í d., en þá var því vísað til ríkisstj. í trausti þess, að heildarendurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni, sem þá stóð yfir, væri hraðað og málefni byggingarsamvinnufélaganna þar athuguð. Um þá endurskoðun hefur nú ekki spurzt, að því er varðar þennan sérstaka þátt byggingarmálanna um byggingarsamvinnufélögin. En í þessu frv. eru ýmisleg gagnleg nýmæli. Ég vil nefna sem dæmi ákvæði 2. gr. um það, að það þurfi nokkuð fleiri menn en áður til þess að stofna byggingarsamvinnufélög, einkum í Reykjavík. Reyndar er það svo hér í Reykjavík að mínu viti, að byggingarsamvinnufélögin hér eru of mörg og of smá. Þetta mundi njóta sín betur, ef þau væru færri og öflugri.

Þá er einnig í 7. gr. frv. sett fram sem aðalregla, sem reyndar er í núgildandi l., að byggingarsamvinnufélag á að annast um byggingu íbúðarinnar að öllu leyti. En í gildandi l. er þó ríkisheimild til að víkja frá þessu, sem í reynd hefur iðulega verið vikið frá, þannig að menn byggja íbúðir sínar algerlega á eigin vegum, en ganga síðan í byggingarsamvinnufélag, þegar þeir eru búnir að byggja þær, til þess að geta fengið að njóta ríkisábyrgðarinnar og ganga þá í byggingarsamvinnufélög, en sá er auðvitað ekki tilgangur l. En hér er þessi undanþáguheimild þrengd mjög í 7. gr. og aðeins bundin við það, að félagsstjórn megi leyfa félagsmönnum að innrétta íbúðir sínar sjálfir, ef hlutaðeigandi lánaflokkur óskar þess.

Þá er líka í 9. gr. frv. ákvæði um það, að hinar sérstöku endursölureglur gildi aðeins í 15 ár, og enn fremur segir í 14. gr., að Húsnæðismálastjórn láti gera fyrirmyndaruppdrætti að byggingum í staðinn fyrir ríkisstj. o. s. frv. Þessi ákvæði hér eru tvímælalaust öll til bóta. En þetta eru þó kannske ekki þau ákvæði, sem hv. flm. frv. hafa borið mest fyrir brjósti, er hafa orðið að ásteitingarsteini í heilbr.- og félmn., sem hafði þetta frv. til meðferðar.

Það er niðurstaða heilbr.- og félmn., sem kannaði þetta mál allítarlega og kvaddi á sinn fund fulltrúa allra helztu byggingarsamvinnufélaganna í Reykjavík og ræddi við þá um þetta mál, að meiri hl. n., sem ég mæli hér fyrir, mælir með því, að frv. verði samþ. með allverulegum breyt., og er stuðningur okkar við það bundinn, hvernig þessum brtt. okkar reiðir af, en minni hl. vill samþykkja frv. svo að segja óbreytt eða með minni háttar breyt.

Ég skal þá víkja að þeim brtt., sem eiginlega

mestur ágreiningur hefur risið um, og því, sem við í meiri hl. heilbr.- og félmn. viljum fella út úr frv. Og þá er það í fyrsta lagi, að samkv. frv. á að skylda Seðlabanka Íslands til þess að kaupa á nafnverði, ef þörf krefur, ríkistryggð skuldabréf fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr. Þetta ákvæði var sent Seðlabankanum til umsagnar, og í umsögn sinni segir Seðlabankinn svo, að hann sé efnislega mótfallinn umræddu ákvæði. Hann telur, að það hljóti að vera mat bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni, hvort bankinn veitir slíka fyrirgreiðslu, enda hlýtur slíkt að fara eftir peningalegum aðstæðum og efnahagsástandi á hverjum tíma. Þegar þetta ákvæði er skoðað, þar sem ætlazt er til að skylda Seðlabankann til þess að kaupa skuldabréf fyrir 75 millj. kr., þá tel ég vissulega, að það þurfi að líta á fleira en eingöngu skoðanir eða sjónarmið Seðlabankans í þessu máli. Þar verða einnig önnur atriði að koma til athugunar. Það, sem fyrst og fremst er fyrir utan það, sem Seðlabankinn segir þarna, og sem er auðvitað ljóst, að ef hann er skyldaður til þessa, þá eru það náttúrlega minni möguleikar fyrir bankann til þess að hlaupa undir bagga á öðrum sviðum, sem væru enn þá brýnni. Það er eiginlega spurningin um þetta: Er þetta fullkomlega réttlætanlegt, að Seðlabankinn kaupi þarna bréf fyrir tiltekinn hóp byggingaraðila í landinu, ef hann veitir öðrum byggingaraðilum ekki sambærilega fyrirgreiðslu? Nú hefur Seðlabankinn að vísu veitt fé til húsnæðismála og til bygginga, hann hefur lánað Byggingarsjóði ríkisins eða Veðdeild Landsbankans, útvegað þeim fé, en það hygg ég, að hafi eingöngu verið bráðabirgðalán, en aldrei í þeim tilfellum, að hann hafi beinlínis keypt þar skuldabréf. Þessar bráðabirgðalánveitingar Seðlabankans til húsnæðismálastjórnar eða Byggingarsjóðs ríkisins hafa auðvitað komið öllum að gagni, líka þeim, sem byggja í byggingarsamvinnufélögum, af því að þeir taka sín húsnæðismálalán eins og aðrir. En þó ég hafi bent hér á, að þessi ríkistrygging skuldabréfa fyrir lánum, sem byggingarsamvinnufélög taka, hafi haft kannske minni og minni þýðingu, vegna þess hve erfitt hefur verið að selja slík bréf, þá er þó rétt að benda sérstaklega á einn hóp manna, sem hefur notið þessa ákvæðis alveg sérstaklega, og það eru þeir einstaklingar, sem eru í lífeyrissjóðum og eiga kost á því að fá lán til húsbygginga úr þeim lífeyrissjóði, sem þeir eru í. Nú er það svo með þessa lífeyrissjóðamenn, að þeir fá yfirleitt í fyrsta lagi almenn húsnæðismálalán. Síðan fá þeir viðbótarlán úr þeim lífeyrissjóði, sem þeir eru í. Nú er það svo, að margir lífeyrissjóðir, hvort sem það er nú réttlátt eða ekki, og m. a. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, veita ekki þetta lán. Þar sem húsnæðismálastjórn er búin að taka 1. veðréttinn, þá veita þeir ekki lífeyrissjóðslán út á 2. veðrétt nema gegn ríkisábyrgð, og þetta hefur auðvitað það í för með sér, að þessir lífeyrissjóðamenn, sem vilja geta notið beggja lánanna, eiga ekki annars kost eiginlega en að ganga í byggingarsamvinnufélag, þó að þeir kannske af öðrum ástæðum hefðu ekki áhuga á því. En vegna þessara skilyrða lífeyrissjóða um ríkisábyrgð, þá geta menn ekki uppfyllt hana öðruvísi en fyrir milligöngu byggingarsamvinnufélags, og þeir gerast því félagar þar.

Nú er það svo, sem betur fer, að fjöldi manna í þessu landi er eða verður aðnjótandi að lánum lífeyrissjóða. Nú er verið að stofna marga lífeyrissjóði. Einkum má benda á alla þá lífeyrissjóði, sem samið var um 19. maí 1969 og sem er nú stofnað til á þessu ári, þ. e. a. s. lífeyrissjóðir fólks innan Alþýðusambands Íslands, sem ekki bjó við lífeyrissjóð áður, það eru kannske 20 til 30 þús. manns, og sjálfsagt munu fleiri þar koma í kjölfarið. Að vísu veit ég ekki, hvaða lánareglur þessir nýju sjóðir koma til með að setja, en haldi þeir sig við það, sem flestir aðrir sjóðir gera um ríkisábyrgð, þá byggir þetta fólk sennilega á vegum byggingarsamvinnufélaga, og ég sé þá ekki, að ef þetta fólk fær almenn húsnæðismálalán, síðan viðbótarlán hjá sínum lífeyrissjóði, sem fæst ríkistrygging fyrir, að þá sé nein brýn ástæða til að gera meira fyrir þann hóp manna. Þar sem frekar þyrfti þá eitthvað að hjálpa upp á, eru allir hinir, sem ekki eru í lífeyrissjóðum, þó að sá hópur fari nú sjálfsagt minnkandi á næstu árum, þegar allir þessir lífeyrissjóðir koma í gagnið.

Það mætti líka hugsa sér, ef svona ákvæði væru samþykkt, þannig að þarna ykjust verulega lánamöguleikar þessara manna, að þá mundi það væntanlega hafa í för með sér, að það risi bara upp fjöldi nýrra byggingarsamvinnufélaga og alls konar kannske gervifélaga bara til þess að ná í þessa lánafyrirgreiðslu, og þá yrði misræmið of mikið. Ég tel það út af fyrir sig góðra gjalda vert hjá hv. flm., að reyna að leita einhverra leiða til þess að koma þessum bréfum betur út. En ég tel þó, að þörfin sé í raun og veru miklu brýnni að gera þetta á breiðari grundvelli. Það, sem að er svona almennt í húsnæðismálum og lánamálum, er fyrst og fremst það, að fólk, sem er að byggja, hvort sem það er hjá byggingarsamvinnufélagi eða á annan hátt, verður að bíða allt of lengi eftir húsnæðismálaláninu, og það er fyrst og fremst þar, sem potturinn er brotinn og þyrfti að bæta úr.

Þá er annað ákvæði hér í þessu frv., sem ágreiningur er um milli meiri og minni hl. heilbr.- og félmn., og það er hér ákvæði í 8. gr. frv., þar sem segir: „Í þeim sveitarfélögum, þar sem byggingarsamvinnufélög starfa, er hlutaðeigandi sveitarfélögum skylt að láta slík félög sitja fyrir um úthlutun lóða.“ Þetta var nú líka í þessu fyrra frv., sem flutt var hér fyrir tveimur árum. Þá mótmælti stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga eindregið þessu ákvæði. Ég skal játa það, að ég get ekki séð, hvers vegna byggingarsamvinnufélög ættu að hafa forgangsrétt til lóða í sveitarfélagi umfram alla aðra, sem þurfa á íbúðarhúsnæði að halda, t. d. umfram verkamannabústaði, umfram leiguhúsnæði, sem sveitarstjórn vildi byggja sjálf, eða umfram aðra. Ég verð að játa það, að ég skil þetta ekki bara, hvernig stendur á því, að þessi krafa er sett fram. Að sjálfsögðu getur mönnum sýnzt sitt hvað um það, hvernig einhver sveitarstjórn úthlutar lóðum, og það er oft mjög vandasamt, það eru oft miklu fleiri um þessar lóðir heldur en hægt er að veita. En ég segi það, að það er þá mál, sem fyrst og fremst

íbúar viðkomandi sveitarfélags geta tekið afstöðu til og tryggt breytingar á við næstu sveitarstjórnarkosningar. Ég tel vissulega, að það eigi enginn að vera beittur misrétti, og við getum sagt, að þarna eigi almennt að gilda jafnrétti, en að einhver tiltekinn byggingaraðili hafi forgangsrétt umfram alla aðra, það get ég ekki skilið, að sé nein sanngirniskrafa.

Þá er það þriðja ákvæði þessa frv., sem hefur orðið sérstaklega ágreiningur um, og það er 15. gr. frv. Þar segir: „Byggingarsamvinnufélög, sem starfa samkv. þessum l., skulu undanþegin greiðslu opinberra gjalda, þ. á m. ríkisábyrgðargjalds.“ Að vísu er þetta nú kannske dálítið óskýrt orðað. Það má kannske skilja það á ýmsa vegu, hvað er falið í hugtakinu opinber gjöld. A. m. k. ef það er nú tekið nokkuð víðtækt, þá er þetta orðinn ákaflega mikill forgangsréttur. Byggingarsamvinnufélögin munu nú yfirleitt ekki þurfa að kvarta undan því, að það séu lagðir á þau miklir beinir skattar. Það er ekki lagður skattur á byggingarstarfsemina sjálfa hjá félögunum, enda geta það nú verið byggingarmeistarar eða einhver verktakafyrirtæki, sem taka hana að sér. Það eru einungis félagsgjöld og einhverjar tekjur, sem þau hafa af innheimtu af lánum, sem skattur er lagður á, þannig að hinir beinu skattar eru mjög smávægilegir. En það, sem mér finnst þó aðalatriðið, er, að byggingarsamvinnufélög eiga auðvitað að greiða skatta eftir sömu reglum og önnur samvinnufélög í landinu og engin ástæða til þess að hafa þetta öðruvísi. Ég held, að byggingarsamvinnufélög eigi fullan rétt á sér, og þau geta vissulega haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna og geta gegnt því með prýði, þótt þau borgi sína skatta eins og önnur fyrirtæki.

Þessi þrjú atriði eru nú það, sem kannske mestur ágreiningur hefur verið um í n. Meiri hl. heilbr.- og félmn. sá ástæðu til þess að flytja fleiri brtt. við þetta frv. en um þessi þrjú atriði, sem ég hef nú rakið hér sérstaklega. Till. okkar koma fram á þskj. 408, og ég skal nú aðeins rekja efni þeirra. 1. brtt. er við 4. gr., A-lið, þar segir, að byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst 1/5 hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið hefur verið, að félagið komi upp fyrir hann. Þeir sögðu okkur í n., þessir byggingarsamvinnufélagamenn, sem komu á okkar fund, að í reynd væri aldrei farið eftir þessu. Það væri oft farið af stað, þótt þessi eignarhluti væri minni. Þetta færi bara eftir mati og aðstæðum hverju sinni, og væri ekki æskilegt að hafa þetta bundið við tiltekinn hluta væntanlegs kostnaðarverðs hússins, og þess vegna er brtt. á þá leið, að í staðinn fyrir 1/5 komi: nægjanlegum hluta þess húsnæðis. Þetta er nú auðvitað minni háttar atriði.

Þá er 2. brtt. meiri hl., sem er við 4. gr., C-lið. Þar er nú um að ræða nokkuð þýðingarmikið atriði, en þessi C-liður í frv. hljóðar á þá leið, að byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar, og svo segir:

„Skylt er félmrh. f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, sem félagið reisir. Með byggingarkostnaði skal telja gatnagerðargjald og önnur byggingarleyfisgjöld, þar með talið skipulagsgjald. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert nemi ákveðinni upphæð, sem fjmrh. samþykkir.“

Það er nú í fyrsta lagi, að við teljum ekki rétt, að það sé félmrh., sem eigi fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán, heldur sé það að sjálfsögðu hlutverk fjmrh., og þess vegna höfum við sett þarna fjmrh. í stað félmrh. Að öðru leyti þá felst það í þessari brtt. okkar, að það er ekki, sem getur nú út af fyrir sig verið matsatriði, miðað við kostnaðarverð íbúðarinnar og settir einhverjir skilmálar um, hvað sé innifalið í þessu kostnaðarverði, heldur er þarna miðað við ákveðna fjárhæð á rúmmetra í íbúðarhúsunum, sem félagið reisir. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort æskilegra sé að miða þetta við kostnaðarverð eða ákveðna fjárhæð á rúmmetra, en þetta er nú gert hér, vegna þess að í framkvæmd hefur þetta nú verið þannig með byggingarsamvinnufélögin, að fjmrn. hefur miðað þetta við tiltekna fjárhæð. Sú fjárhæð hefur núna síðustu árin verið 2 þús. kr. og er búin að vera það nokkuð lengi, og það er auðvitað full þörf á að hækka hana, og hér er lagt til í brtt., að hún verði 3 þús. kr. á rúmmetra, og síðan verði heimilt að breyta þessari hámarksfjárhæð til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Þá kemur þarna nýtt atriði inn í þessa brtt., þar segir: „Enn fremur er heimilt að vísitölubinda þessi lán.“ Það mun ekki vera heimilt í dag, og ég tel, að það geti verið skynsamlegt að hafa slíka heimild. Þetta er að vísu mjög opið hér, það er ekkert talað um, hvaða vísitölu á að nota. Það gæti verið vísitala byggingarkostnaðar, þyrfti þó ekki að vera, það gæti verið sama vísitala og notuð er hjá húsnæðismálastjórn á hennar bréfum, og hvort þetta væri hálf vísitölubinding eða full vísitölubinding, hvort hún næði til vaxta eða ekki, þetta er allt opið, en hér er aðeins heimilað að vísitölubinda lánin. Þetta getur verið þeim lántakendum, sem selja þessi bréf, hagstætt. Þótt vísitölulán séu auðvitað dýrari en önnur lán, — það er nú öllum ljóst, eða a. m. k. að öðru jöfnu, — þá getur verið, að slík bréf séu miklu seljanlegri, en eins og nú er, þá eru þessi bréf ekki seljanleg nema með stórum afföllum, þessi venjulegu bréf, sem eru óvísitölubundin, þannig að þetta gæti verið talsvert hagstæðara fyrir þann, sem er að byggja, og sjálfsagt að hafa þessa heimild, ef menn teldu heppilegt að nota hana.

Þá segir enn fremur í þessari brtt., að óheimilt sé að veita ríkisábyrgð vegna íbúða félagsmanna í byggingarsamvinnufélagi, sem ekki eru reistar á vegum félagsins. Þetta er eiginlega gert til þess að undirstrika það, að menn eigi ekki að komast í byggingarsamvinnufélög með íbúðir, sem þeir hafa byggt sjálfir og félagið ekki komið nálægt því að reisa.

3. brtt. fjallar um þessa skyldu Seðlabankans til þess að kaupa bréf, og hef ég áður rætt um það og vísa til þess.

4. brtt. er við 5. gr. Það er nú e. t. v. ekki mikil

efnisbreyting, en í þessari till. okkar segir: „Byggingarsamvinnufélag reisir íbúðir félagsmönnum sínum til handa til eigin afnota og veitir þeim lán til að eignast þær. Lán þessi skulu tryggð með 2. veðrétti í húsum og lóðaréttindum," o. s. frv. Þessi breyt. er nú fyrst og fremst nauðsynleg vegna breyt. við 4. gr. C„ eða 2. brtt., fylgir eiginlega eðlilega í kjölfar hennar. Og þarna er bætt aftan við þessa brtt.: „íbúðarverð til félagsmanna skal miða við kostnaðarverð." Það er auðvitað hugmyndin í þessum l., þetta er í sjálfu sér engin efnisbreyting, heldur er þetta til að undirstrika það, þannig að það standi einhvers staðar alveg skýrt og ótvírætt, að svo skuli þetta vera.

5. brtt. er við 7. grein B og er á þá lund, að orðin „ef hluteigandi lánaflokkur óskar þess" falli niður. Þetta er gert eftir tilmælum þessara byggingarsamvinnufélagsmanna, sem gengu á fund n. og sendu henni reyndar síðar allmikla umsögn um frv., umsögn, sem barst frá samstarfsnefnd byggingarsamvinnufélaga í Reykjavík. Þar er bent á, að þetta ætti að falla niður.

6. og 7. brtt. snerta svo annars vegar forgangsrétt til lóða og hins vegar skattfríðindin, og ég hef áður gert þeim atriðum skil og vísa til þess.

Það var, eins og áður segir, niðurstaða meiri hl. heilbr.- og félmn. að leggja það til, að frv. verði samþ. með þeim brtt., sem liggja hér fyrir á þskj. 408 og ég hef lýst.

Ég vil að lokum taka það fram, að það væri að sjálfsögðu miklu æskilegra, að heildarendurskoðun á l. um byggingarsamvinnufélög hefðu farið fram. Þarna er ýmislegt, sem hefði þurft að hugsa betur og athuga sérstaklega vel, en eins og hv. þdm. þekkja, hafa þingnefndir nú yfirleitt ekki tíma eða aðstöðu til þess að eiga frumkvæðið að því eða taka þátt í því, að heilir lagabálkar séu endurskoðaðir, þannig að við verðum að láta okkur nægja þessar brtt., sem hér liggja fyrir. Ég verð þó að taka það fram, að ég tel það, ef þessar brtt. verða samþ., þá séu þessi l. um byggingarsamvinnufélög allmiklu betri en áður, þótt, eins og ég segi, æskilegast hefði verið, að heildarendurskoðun á þeim hefði farið fram.

Frsm. minni hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. heilbr.- og félmn. tók fram, varð n. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls, sem liggur hér fyrir til umr. Eins og fram kom hjá honum enn fremur, hefur meiri hl. n. gert till. um meginbreyt. á frv., eins og það var lagt fram, og meiri hl. kveður stuðning sinn við frv. að lokum vera háðan því, hvernig þessum brtt. öllum kann að reiða af. Við hv. 1. þm. Vesturl. skipum minni hl. n. og höfum skilað sérstöku nál. á þskj. 443, og í lok þess er getið um örfáar minni háttar breyt., sem við viljum gera við frv.

Þetta frv. var fyrst flutt á hv. Alþ. árið 1967, og því var vísað til ríkisstj. á þeim forsendum, að yfir stæði heildarendurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni og þar á meðal á löggjöf um byggingarsamvinnufélög, og því var treyst, eins og stendur í frávísunartill., að endurskoðun yrði hraðað og henni lokið á því ári (Þ. e. 1968) og jafnframt við þessa endurskoðun, sem í gangi væri, yrði höfð hliðsjón af reynslunni um það, hvernig starfsemi byggingarsamvinnufélaga hefði tekizt, hver þáttur þeirra ætti að vera í lausn húsnæðisvandamálanna. Allt átti þetta að gerast með það fyrir augum að skapa byggingarsamvinnufélögunum heilbrigðan og eðlilegan starfsvettvang til frambúðar, eins og þar stóð.

Nú er ekki vitað, að heildarendurskoðun, að því er varðar byggingarsamvinnufélög, hafi farið fram, enda kom það fram í máli hv. frsm. meiri hl., að svo er ekki. En óþarfi er að skýra nánar frá því, hversu mjög fyrirgreiðsla og aðstoð af hálfu þessara byggingarfélaga hefur veitt fjölda fólks hvarvetna um land nauðsynlega aðstöðu til þess að koma sér upp íbúðum. Og þá vil ég sérstaklega taka það fram, að þátttaka í byggingarsamvinnufélögum hefur ekki sízt verið mikil af hálfu fólks í þjóðfélaginu, sem býr við lakari efnahag.

Það, sem hefur verið byggingarsamvinnufélögum Þrándur í Götu lengi, og er enn, ekki sízt nú í seinni tíð, eru söluerfiðleikar á ríkistryggðum skuldabréfum, sem félögunum eru fengin í hendur. Sölutregða á þessum bréfum hefur hamlað mjög gegn því, að hægt væri á hverjum tíma að koma við hagkvæmum rekstri og halda fullu gengi þessa félagsforms. En hitt hlýtur að vera auðsætt, að af opinberri hálfu má það vera metið, hversu mikla þýðingu þessi byggingarstarfsemi hefur haft.

Það frv., sem hér er um að ræða, fjallar aðallega um tvenn nýmæli, þótt nokkur fleiri séu, sem hafa minni þýðingu. Það er í fyrsta lagi að tryggja þessum byggingarsamvinnufélögum góða fyrirgreiðslu um hentugar lóðir á hverjum tíma og þannig, eins og það er orðað í frv., að sveitarstjórnum sé skylt að láta þessi félög sitja fyrir um lóðaúthlutun. Sums staðar, er talið, að allverulega hafi skort á, að sveitarstjórnir hafi veitt nægilega greiða og eðlilega aðstoð að þessu leyti, og sérstaklega mun þetta hafa verið áberandi áður og fyrr, en dregið úr upp á síðkastið og breyting orðið til bóta. Það verður að viðurkenna. En eigi að síður verður að telja þetta nýmæli eiga fyllsta rétt á sér, og m. a. á það að stuðla að því, að byggingarframkvæmdir þessara félaga verði sem stöðugastar og hægt sé að halda þeim áfram í réttri röð án tafar. Og ég hygg, að hv. frsm. meiri hl. hafi ekki fyllilega gert sér það ljóst, að þetta fyrirmæli l. er fyrst og fremst sett fram í þessu skyni.

Þá er það hitt nýmælið, sem er stærra í sniðum, og er því ætlað að leysa fjármögnunarvandamál byggingarsamvinnufélaga og skapa nokkuð öruggan markað fyrir verulegt magn af skuldabréfum, sem félögin gefa út árlega og tryggð eru með ríkisábyrgð. Í frv. er lagt til, að sú skylda sé lögð á herðar Seðlabanka Íslands, að hann kaupi árlega á nafnverði hin ríkistryggðu skuldabréf félaganna fyrir eigi lægri fjárhæð en 75 millj. kr., en þetta fer þó eftir þörf á hverjum tíma, og vitaskuld hlýtur, ef slíkt ákvæði væri samþ., að verða að setja frekari reglur um framkvæmd, að því er snertir þetta ákvæði, það gefur augaleið. Við í minni hl. litum svo á, að svo brýn sé nauðsyn á þessari fyrirgreiðslu af hálfu Seðlabankans, að í raun og veru sé ekki undankomu auðið. Það má að vísu deila um þessa

fjárhæð, 75 millj. kr., en ég hygg, að hún sé eða geti verið nokkuð raunveruleg. Auk þess ber svo að líta á það, að slík fjármögnun mundi mjög auka á byggingarframkvæmdir, yrði til atvinnuaukningar í byggingariðnaðinum einmitt núna á tímum atvinnuleysis byggingariðnaðarmanna og landflótta af völdum þessa atvinnuleysis.

Því hefur verið haldið fram af hálfu frsm. meiri hl., að Seðlabankinn yrði að draga úr margs konar annarri nauðsynlegri fyrirgreiðslu, ef slíkt ákvæði yrði samþ. Það má kannske deila um hluti eins og þessa. Við í minni hl. teljum Seðlabankann hins vegar þess umkominn að standa undir þessari kvöð, ef vilji væri fyrir hendi og aðstaða hans þannig í þessum efnum, að það yrði engum verulegum vandkvæðum bundið fyrir Seðlabankann eftir sem áður að leggja öðrum góðum málum lið og efnahagslega aðstoð, eftir því sem sem nauðsyn krefði. Við teljum því þetta ákvæði mjög eðlilegt og alls enga ástæðu til þess að láta sitja við eina umsögn Seðlabankans, eins og hún hefur birzt í bréfi, sem kom til n., og skal ég lesa nokkurn hluta þessa bréfs upp, með leyfi hæstv. forseta. Í bréfi Seðlabankans segir m. a. þetta:

„Seðlabankinn er efnislega mótfallinn umræddu ákvæði. Hann telur, að það hljóti að verða mat bankastjórnar Seðlabankans hverju sinni, hvort bankinn veiti slíka fyrirgreiðslu, enda hlýtur slíkt að fara eftir peningalegum aðstæðum og efnahagsástandi hvers tíma.“

Þetta eru orð Seðlabankastjórnarinnar. Við í minni hl. erum ekki öldungis á sama máli og Seðlabankinn um þetta. Þess vegna leggjum við það undir dóm Alþ., hvert sé mat þess á greindu ákvæði, og við viljum vænta þess, bæði í þessum málum og öðrum svipuðum, að það fáist úr því skorið, hvort sú skoðun fái staðizt, að Seðlabankastjórnin geti ætíð, hvernig sem á stendur, ráðið um það, hvern fjárhagslegan styrk eða fyrirgreiðslu bankinn veiti hverju sinni, alveg án hliðsjónar af mati Alþ. Þess vegna viljum við í minni hl. láta umsögn Seðlabakans liggja á milli hluta.

Ég vil með nokkrum orðum ræða um till. meiri hl. á þskj. 408. Það er auðsætt, að með samþykkt þeirra er frv. svo lemstrað, að það er ekki svipur hjá sjón. Þar eru gerðar till. um að fella niður þau höfuðnýmæli, sem í frv. felast. Ætla ég nú að leyfa mér að taka hverja till. fyrir með örfáum orðum.

Um 1. till. á þskj. 408: Ég vil segja það, að till. meiri hl. er með óákveðnara orðalagi og þess vegna alls ekki til bóta. Hins vegar má kannske segja það, að þetta sé ekki mikilvægt atriði að öðru leyti.

Um 2. brtt.: Ég hygg, að með þessari brtt. sé dregið úr lánsfjárhæð þeirri, sem ætlazt er til, að ríkissjóður ábyrgist byggingarsamvinnufélögum. Mér skilst, að hámarkið mundi nema allt að 75%. Það má segja, að þetta muni ekki miklu, enda er þetta hámarksfjárhæð í báðum tilvikum. Þá er í sömu till. gert ráð fyrir því að vísitölubinda þessi lán, og er þá ekki greint, hvort það eigi að vísitölubinda þau miðað við helming vísitölu eða við hana fulla. Þetta er mjög vafasamt ákvæði. Það er bæði loðið og teygjanlegt, og sennilega að minni hyggju á það alls ekki rétt á sér þarna, eins og á stendur. Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að ræða frekar þessa brtt. n.

Um 3. brtt., þ. e. a. s. um ákvæði frv. um skyldur Seðlabankans að kaupa bréf fyrir 75 millj.: Meiri hl. n. gerir till. um það, að sá liður falli niður. Að sjálfsögðu leggjumst við gegn þeirri brtt., og í raun og veru teljum við í minni hl., að einmitt þetta ákvæði frv. sé höfuðforsenda þess, að þessi löggjöf geti orðið vel og sæmilega framkvæmd.

Við 4. brtt. er það eitt að segja, að hún virðist aðallega vera gerð til samræmis við 2. brtt. meiri hl., og að því leyti er ekkert að athuga við hana. Meiri hl. er þar að breyta í samræmi við 2. brtt. sína, en að öðru leyti er þessi brtt. ekki snertandi efnisákvæði.

Þá er komið að 5. brtt. Hún er fram komin samkv. beiðni fulltrúa byggingarsamvinnufélaganna, og við í minni hl. erum með sams konar brtt., og ekkert frekar um það að segja.

Þá komum við að 6. brtt., þar sem lagt er til af hálfu meiri hl. n., að ákvæðin um forgang að lóðum falli niður. Eins og ég hef áður sagt, þá er þetta allmikilvægt ákvæði, og ég á ekki von á því, að það muni skemma fyrir öðrum byggingarfélögum, sem starfa á líkum grunni, og kannske mætti segja, að það mætti koma þeim, eins og byggingarfélögum verkamanna og öðrum slíkum þarna inn, ef því væri að skipta. En við leggjumst í minni hl. algjörlega á móti því, að þessi gr. falli niður.

Síðasta brtt. frá meiri hl. n. á þskj. 408 fjallar um það, að 15. gr. frv. verði niður felld. þ. e. undanþáguákvæðið á greiðslu opinberra gjalda. Nú vil ég halda því fram eða tel það líklegt, að því sé þannig farið í sambandi við Breiðholtsframkvæmdir, að þar sé undanþága frá opinberum gjöldum, og ég sé nú ekki stórlegan mun á byggingarsamvinnufélögunum og Breiðholtsáætlunarframkvæmdum að þessu leyti. Mismunurinn er aðeins sá, að hið opinbera hefur með stjórn að gera á framkvæmdum í Breiðholti, en einstaklingar úr byggingarsamvinnufélögum hafa með stjórn að gera í hinu tilfellinu. Hverju þetta kann að muna, að vera undanþeginn greiðslu af þessu tagi, skal ég ekki segja nánar um, en sjálfsagt munar það miklu. Það dregur úr þeim, sem hafa takmarkað fjármagn milli handa. Við í minni hl. leggjumst gegn því, að þessi gr. falli niður.

Þá hef ég í stuttu máli rakið afstöðu okkar í minni hl. til frv., sem hér liggur fyrir, og enn fremur til þeirra tillagna, sem hér liggja fyrir af hálfu meiri hl. heilbr.- og félmn.

Þá vil ég aðeins minnast á aðrar till. okkar í minni hl. Þær eru í raun og veru minni háttar. Ein þeirra er aðeins leiðrétting á prentvillu, en hinar tvær eru fram komnar sakir beiðni fulltrúa frá byggingarsamvinnufélögum.

Það var eitt atriði, sem kom fram réttilega í ræðu hv. frsm. meiri hl., í sambandi við 4. gr. C. Þar stendur: „Skylt er félmrh. fyrir hönd ríkissjóðs.“ Sú athugasemd hv. frsm. og ábending, að hér eigi að standa fjmrh., er alveg hárrétt og ætti að takast til greina við frekari meðferð málsins.

Umr. frestað.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Áður en gengið verður til atkv. um frv. til l. um byggingarsamvinnufélög, sem liggur fyrir þessari hv. d., flutt af mér og hv. 1. þm. Norðurl. v., langar mig til þess að segja hér aðeins örfá orð, en ég mun ekki stofna til langra orðahnippinga út af þessu máli, við erum búin að ræða þetta mál mikið, bæði við fyrri flutning þess og eins nú.

Hv. meiri hl. heilbr.- og félmn. hefur lagt fram allmargar brtt. á frv. þannig vaxnar, að mjög lítið af upphaflegum tilgangi frv. nær fram að ganga, ef þær breyt. verða samþ. Eins og hér hefur verið rakið, eru fyrst og fremst þrjú nýmæli í áðurnefndu frv. Það er í fyrsta lagi það, að tryggð verði sala ríkistryggðra skuldabréfa. Sú leið, sem bent er á í frv., er, að Seðlabankanum verði gerð sú skylda að kaupa þau bréf fyrir allt að 75 millj. kr. árlega, ef þörf krefur. Þessa breytingu leggur meiri hl. til að fella niður, og verður þá málefnum byggingarsamvinnufélaganna að þessu leyti á sama hátt fyrir komið og verið hefur undanfarna áratugi og leitt hefur til þess, að þetta félagaform er nánast ekkert nema dauður bókstafur. Ég tók svo eftir, að við umr. hér í gær sagði hv. frsm. meiri hl., 3. landsk. þm., að hagurinn af því fyrir menn að byggja saman ætti að vera nægur og það væri líklega bezt að hafa enga löggjöf um byggingarsamvinnufélög. Þetta er náttúrlega sjónarmið út af fyrir sig, og það er eðlilegt, að þeir sem hafa þetta sjónarmið, sjái ekki ástæðu til þess að tryggja sölu hinna ríkistryggðu skuldabréfa eða tryggja framgang þessa félagsforms. En aðrir líta svo á, að byggingarsamvinnufélögin séu félagsskapur, sem bæði inniheldur réttindi og skyldur, og skyldurnar eru fyrir hendi samkv. gildandi l., og það er engin breyting á þeim, þó að brtt. meiri hl. heilbr.- og félmn. nái fram að ganga. Þessi félög þurfa eftir sem áður að hlíta því, að það sé endurskoðandi frá fjmrn., sem fer yfir reikninga þeirra, en frjáls félagssamtök einstaklinga eru ekki háð þeirri kvöð. Félagar þeirra eru eftir sem áður háðir því skilyrði að mega ekki selja íbúðirnar nema með tilteknum takmörkunum, sem eiga að koma í veg fyrir, að gróði, sem myndast af verðbólguhækkunum, renni til einstaklinga, heldur á hann áfram að vera í vörzlu félagsins og annar að njóta góðs af, þegar einn sleppir yfirráðum yfir húsnæði. Þetta álít ég eðlilegt, ef félagsskapurinn er megnugur að standa við skuldbindingar sínar, þ. e. a. s. ef einstaklingurinn nýtur jafnframt réttindanna. Og til þess var þessi till. sett fram af hálfu okkar flm., að það væru ekki einungis skyldur, sem fylgdu því að vera í byggingarsamvinnufélagi, heldur líka réttindi.

Hv. 3. landsk. þm. minnti á það hér í gær, að það væru viss réttindi, sem fylgdu því að vera í byggingarsamvinnufélagi, þar sem opinberir lífeyrissjóðir vildu kaupa ríkistryggð skuldabréf af meðlimum sínum, þannig að margur maður gengi í byggingarsamvinnufélag beinlínis til þess að njóta þeirra réttinda. Þetta kann að vera svona í framkvæmd, en hér er um hreint framkvæmdaatriði að ræða, og í raun og veru er engin ástæða til þess að skipa málum með þessum hætti. Ríkissjóður tekur veð fyrir ríkisábyrgðinni, og ég get ekki séð annað en hvaða lífeyrissjóður, sem er, væri fullsæmdur af því að taka það veð, þannig að milliganga ríkissjóðs í þessu skyni sýnist óþörf. Ég vil enn fremur minna á það hér, að ábyrgð ríkissjóðs er nú í formi einfaldrar ábyrgðar. Það vill segja, að skuldareigandi verður að leita fullnustu í veðinu fyrst, áður en kemur til þess, að hann geti leitað til ríkissjóðs um greiðslu, og hygg ég þannig, að í reyndinni sé ríkisábyrgðin í flestum tilfellum næsta lítils virði. Ég viðurkenni, að það var öðruvísi háttað um þetta, meðan ríkissjóður gekk í sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfunum. Þá var það til mikils hægðarauka fyrir skuldareigandann að geta snúið sér að svo sterkum aðila, sem ríkissjóður er, og fengið greiðsluna hjá honum.

Ég álít þess vegna, að það sé mjög mikil skemmd á frv. okkar að fella út raunverulega alla möguleika fyrir byggingarsamvinnufélög til þess að láta meðlimi sína njóta þeirra réttinda, sem þeir eiga samkv. gildandi l. að njóta, en hefur í framkvæmd verið næsta lítils virði.

2. brtt. hv. meiri hl. af stærri gerðinni er sú, að hann vill ekki, að byggingarsamvinnufélög njóti neinna forgangsréttinda um lóðaúthlutun. Ég skal nú ekki hafa mörg orð um þetta. Hv. frsm. minni hl. gerði mjög vel grein fyrir því í gær, hvaða tilgangi þetta ákvæði á að þjóna samkv. till. okkar, þ. e., að félögin geti haldið áfram viðstöðulaust eða eftir því, sem við verður komið af öðrum ástæðum, að halda uppi byggingarframkvæmdum, en þurfi ekki að leggja hendur í skaut langtímum saman oft og einatt, eins og viljað hefur til, vegna þess að á lóðum hefur staðið. Þeir, sem staðið hafa fyrir byggingarframkvæmdum og þá vafalaust ekki sízt hv. 3. landsk. þm. þekkir það af reynslunni, hvers virði það er að geta haldið áfram við byggingarframkvæmdir, að þurfa ekki að stöðva og bíða eftir því t. d., að lóð sé fyrir hendi.

3. brtt. var svo um skattfrelsi byggingarsamvinnufélaganna. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það heldur. Þar er meiningamunur, og ég hygg, að allur þessi meiningamunur eigi rót sína að rekja til þess, sem ég sagði í upphafi, að hv. meiri hl. sýnist, að byggingarsamvinnufélög eigi ekki að njóta neinnar sérstakrar lögverndar og það sé alveg eins gott, að þau séu bara frjáls félög einstaklinga, sem komi sér saman um að byggja saman og njóti hagræðis af því að vera fleiri um framkvæmdina, en við aftur hinir, sem flytjum þetta frv. og sem stöndum að áliti minni hl., teljum, að þetta form hafi sýnt það, að það er heppilegt til þess að koma upp ódýrum og heppilegum íbúðum, og það geti verið hið bezta fyrir einstaklingana, sem völ er á.

Hv. meiri hl. hefur lýst yfir því, að stuðningur hans við frv. sé undir því kominn, hvaða afgreiðslu þessar brtt. fá. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti og okkar flm., að við hljótum að verða andvígir þessum brtt., þar sem þær fella niður úr frv. alla meginkosti þess, sem þar eru

að okkar dómi. Engu að síður vil ég lýsa yfir því, að verði þær brtt. samþ., mun ég a. m. k. fyrir mitt leyti þó samt sem áður fylgja því, að ný lög um byggingarsamvinnufélögin verði sett, með því að í öðrum gr. frv. en þeim, sem ég hef gert hér að umtalsefni, eru nokkur nýmæli, sem ég hygg, að til bóta séu.

En meginvandkvæði byggingarsamvinnufélaganna eru vitanlega þau, að þessi bréf, sem eiga að vera réttindi félagsmannanna, er ekki hægt að selja á nafnverði, vegna þess að það vill enginn kaupa þau. Og sú regla hefur verið tekin upp hér af hv. heilbr.- og félmn. að senda till. til umsagnar Seðlabankanum svona til þess að spyrja þá, hvort þeir vilji nú ekki fallast á, að Alþ. geri þeim það að skyldu að kaupa þessi bréf. Ég lít svo á, að Alþ. sé engan veginn bundið af umsögn Seðlabankans um þetta atriði og það eigi og hafi vald til þess að skylda Seðlabankann til svona hluta og það meira að segja, þó að þeir herrar, sem þar ráða ríkjum, séu ekki hrifnir af því. Og hvernig á að koma þeirri kvöð í lög, að einhver aðili í landinu sé skyldugur til þess að kaupa ríkistryggð skuldabréf byggingarsamvinnufélaga, ef Alþ. treystir sér ekki til þess að gera það, af því að viðkomandi aðili vill fremur fá að ráðstafa fjármagninu að geðþótta? Ég sé það ekki. Ég álít, að Seðlabankinn sé eins og aðrar ríkisstofnanir undir þá sök seldur að verða að hlýða landslögum, og ef Alþ. skyldi sýnast að leggja kvöð á Seðlabankann, t. d. að kaupa ríkistryggð skuldabréf, þá ætti að gera það alveg án tillits til þess, þó að bankastjórum Seðlabankans kynni að þykja þessa stundina, að þeir gætu varið þessum fjármunum betur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að eyða tíma hv. þd. í langar umr. um þetta. Það er, eins og ég sagði í upphafi, búið að tala svo mikið um þetta mál og búið að lofa því svo oft, að byggingarsamvinnufélögin eins og aðrir þættir húsnæðismálalöggjafarinnar fái sérstaka endurskoðun og athugun, að það er algerlega þýðingarlaust að vera að kveða þá vísu einu sinni enn.

Frsm. meiri hl. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru örfáar aths., sem ég vildi gera hér við ræðu hv. 11. þm. Reykv. Í þessu frv., sem hann flytur ásamt öðrum hv. þdm., er eitt af hinum meiri nýmælum það að skylda Seðlabankann til þess að kaupa ríkistryggð bréf byggingarsamvinnufélaganna fyrir tiltekna fjárhæð á ári. Þegar slíkt ákvæði er að finna í frv., þá tel ég það eðlilega starfsreglu hjá þeirri n., hvort sem það er heilbr.- og félmn. eða einhver önnur, sem fær slíkt frv. til umsagnar og athugunar, að viðkomandi stofnun sé sent frv. til umsagnar. Í því felst auðvitað ekki, að n. eða einhverjir menn í n. sendi þetta í því skyni að vera fyrir fram ákveðnir í því að styðja þau sjónarmið, sem frá Seðlabankanum eða viðkomandi stofnun koma. Það er að vísu rétt, að Seðlabankinn, eins og hér hefur verið nefnt við þessa umr., andmælti þessu ákvæði og vildi, að það yrði fellt niður. En eins og ég tók nú reyndar fram hér í framsöguræðu minni, þá réð þetta ekki úrslitum. Ég a. m. k. persónulega neita því alveg, að þetta hafi ráðið úrslitum. Það, sem ég tel, að skipti jafnvel enn þá meira máli í þessu en umsögn Seðlabankans, — maður má ekki bara líta á niðurstöðu af því, sem Seðlabankinn segir og aðrar slíkar stofnanir, heldur líka þau rök, sem þær hafa fram að færa hverju sinni, — er það, að ef Seðlabankinn á að aðstoða við íbúðabyggingar eða lánveitingar til íbúðabygginga í landinu, þá tel ég, að það sé meiri þörf fyrir aðstoð á öðrum vettvangi en til byggingarsamvinnufélaganna, þó að ég telji þau alls góðs makleg, og þá á ég fyrst og fremst við það, að Seðlabankinn aðstoði hið almenna veðlánakerfi eða Húsnæðismálastofnun ríkisins, því að það, sem hér er verið að ræða um, er í rauninni eingöngu viðbótarlán við hin almennu húsnæðismálalán, sem félagar í byggingarsamvinnufélögum eiga kost á að fá, ef þeir geta selt ríkistryggð skuldabréf. En ég álít, að þörfin sé miklu brýnni á fyrsta stiginu, þ. e. a. s. að útvega húsnæðismálastjórn fjármuni til þess að geta staðið sæmilega í skilum með lánveitingar, og menn þurfi ekki að bíða eftir því langan tíma að fá lán út á lánshæfar íbúðir, og þar sé þörfin miklu brýnni. En svo er þess að gæta líka hér, að þeir menn, sem eru í lífeyrissjóðum, — að vísu hefur það nú verið svo fram til þessa, að þeir fá nokkuð skert húsnæðismálalán, en húsnæðismálalán þessara manna að viðbættum lífeyrissjóðslánunum eru þó mun hærri en hin venjulegu húsnæðismálalán eru, — eru betur settir en almennir húsbyggjendur í landinu. Ég er alveg sammála hv. 11. þm. Reykv. um það, að það sé ekki ástæða til þess fyrir lífeyrissjóðina, þó að þeir verði að sætta sig við 2. veðrétt á eftir húsnæðismálastjórn, að krefjast ríkisábyrgðar til þess að veita þessi lán, en reglur þessara lífeyrissjóða, eins og t. d. lífeyrissjóða opinberra starfsmanna, eru þannig, og ef ég man rétt, þá er það bundið í l. Ég get alveg verið sammála hv. 11. þm. Reykv., að það sé ekki ástæða til þess að hafa þetta svona. Það er þá kannske óbeinlínis verið að beina mönnum að byggingarsamvinnufélögum, sem hafa ekki áhuga á þeim af öðrum ástæðum en þessari einu. En vegna þess að lífeyrissjóðirnir breiðast nú út og menn vonast til þess, að innan örfárra ára verði svo að segja allir landsmenn aðilar að einhverjum lífeyrissjóði, þá gefur það auðvitað augaleið, að þetta greiðir fyrir þeim mönnum, sem vilja byggja í byggingarsamvinnufélagi, að geta þá átt kost á lífeyrissjóðsláni og fái það, vegna þess að þeir eiga þá líka kost á ríkisábyrgð.

Hv. þm. gerði nokkuð að umtalsefni þetta, sem hann kallaði réttindi og skyldur byggingarsamvinnufélaga samkv. l. Ég er honum sammála að því leyti til, að ég tel eðlilegt, að þetta haldist nokkurn veginn í hendur. Ef byggingarsamvinnufélögin bera sérstakar skyldur, þá eiga þau að hafa réttindi á móti, en aðalkvöðin, sem hvílir á eigendum íbúða í byggingarsamvinnufélögum, er sú, að þeir eru háðir sérstökum takmörkunum um endursölu íbúðanna. Byggingarsamvinnufélög eiga forkaupsrétt eftir sérstökum reglum. Í reynd hefur þessi aðalkvöð, sem á þá er lögð, þó að fleira megi finna, sem miklu minna máli skiptir, reynzt dauður bókstafur í framkvæmd eðlilega vegna þess, að þegar menn vilja

selja í byggingarsamvinnufélagi, þá setja þeir að forminu til þann skilmála, að heimta allt útborgað, sem ekki er áhvílandi lán fyrir. Og það er afar fátítt, að nokkur maður geti keypt íbúð með þeim skilmálum, og þar með er viðkomandi manni af félagsins hálfu gefið þetta frjálst. Þess vegna verður líka að líta á það, að þessar kvaðir, sem á byggingarsamvinnufélögin hafa verið lagðar eða félaga þeirra, hafa ekki í raunveruleika haft neitt gildi. Það er að vísu rétt, að í till. meiri hl. er ekki hróflað við þessu. Þetta er látið standa. En í frv. er þó heldur dregið úr þessari kvöð, þar sem hún er þó takmörkuð í 15 ár, í staðinn fyrir, að áður var hún ekki takmörkuð við neinn tíma.

Að því er varðar úthlutun lóða, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, sagði hann, að það væri erfitt fyrir þá, sem stæðu í byggingarframkvæmdum, að það stæði á lóðum, og það er út af fyrir sig hárrétt, en það hefur nú orðið svo því miður iðulega, að það hefur staðið á þessu hjá sumum bæjarfélögum. Þetta gengur dálítið upp og niður. Þetta er misjafnt, hvernig stendur á með, hvaða lóðir eru til staðar í bæjarfélagi og hvaða lóðir er búið að undirbúa, leggja holræsi og götur, þannig að hægt sé að hefja byggingar, en iðulega hefur þó þetta verið þannig, að það hefur staðið á lóðum fyrir alla. Það hefur ekki bara staðið á lóðum fyrir byggingarsamvinnufélögin, heldur hvern og einn einstakan aðila, sem viljað hefur byggja. Og það, sem við í meiri hl. höfum verið andvígir, er, að byggingarsamvinnufélögin fengju þarna forgangsrétt umfram alla aðra. Bæði finnst okkur það ekki sanngjarnt, og auk þess væri náttúrlega slíkur forgangsréttur ákaflega miklum erfiðleikum bundinn í framkvæmdinni.

En það er auðvitað rétt hjá hv. þm., svo að ég víki nú aftur að fjármálunum, að það má segja, að á sama hátt og kvaðirnar hafa orðið litlar í reynd hjá byggingarsamvinnufélögum, þá hafi þessi réttindi, sem þeim eru veitt með ríkistryggingu bréfa, líka haft minna gildi en áður, vegna þess að það hefur verið erfitt að selja þessi bréf nema með verulegum afföllum. Ég efast þó um réttmæti þeirrar stefnu, þegar haft er í huga, hvað kvaðirnar á hinn bóginn eru orðnar léttvægar svona almennt talað, að fara að skylda einhvern, sem býr yfir fjármagni, til þess að kaupa ríkistryggð bréf. Ég held, að það væri eðlilegra að reyna að búa þannig um hnútana, að þessi bréf yrðu útgengilegri. M. a. vegna þess þá er í brtt. við þetta frv. lagt til af hálfu meiri hl. n., að þarna sé hægt að breyta til og gefa út fleiri tegundir af ríkistryggðum skuldabréfum en áður var. Það, sem ég á sérstaklega við, er að þau verði vísitölubundin, því að þó að það sé auðvitað alveg rétt, að vísitölulánin eru almennt óhagstæðari fyrir lántakendur en önnur lán, þá getur þó verið, að slík bréf séu miklu seljanlegri og það verði fyrir lántakandann í reynd mun betri útkoma af því að fá ríkisábyrgð fyrir slíku bréfi og selja það affallalaust en fá ríkisábyrgð fyrir bréfum þeim, sem gefin hafa verið út hér undanfarin ár, og þurfa að selja þau með stórfelldum afföllum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 408,1 samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 408,2 samþ. með 10:8 atkv.
Brtt. 408,3 samþ. með 10:9 atkv.
Brtt. 443,1—2 kom ekki til atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 408,4 (ný 5. gr.) samþ. með 10:2 atkv.
6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 408,5 samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 443,3 kom ekki til atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 408,6 (8. gr. falli niður) samþ. með 11:6 atkv.
9.—14. gr. (verða 8.—13. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 408,7 (15. gr. falli niður) samþ. með 10:8 atkv.
16.—18. gr. (verða 14.—16. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 470).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d. skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

50. Sala Holts í Dyrhólahreppi.

Á 8. fundi í Ed., 30. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu [61. mál] (þmfrv., A. 66).

Á 10. fundi í Ed., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. þetta flytjum við hv. þm., Karl Guðjónsson, og

ég. Þetta mál er gamalkunnugt hér í d. Það var flutt hér í fyrra, og það er ástæðulítið af minni hálfu að fara mörgum orðum um það eða aðdraganda þess, enda mun ég ekki gera það nema í örstuttu máli. Málið er þannig vaxið, að háöldruð kona austur í V.-Skaftafellssýslu óskar þess að fá keypta af ríkissjóði jörðina Holt í Dyrhólahreppi, en þá jörð hafði hún fyrir röskum þrem áratugum neyðzt af óviðráðanlegum ástæðum að selja í hendur ríkissjóði vegna þess, að óttast var, að framburður vatna eyddi miklu af landi jarðarinnar. Nú eru breyttar aðstæður í þessu efni og ekki talið líklegt, að af þeim völdum, sem áður var talið, færi jörðin illa eða verði fyrir tjóni.

Það hefur komið í ljós, að þetta mál á ákaflega erfitt uppdráttar, og það sýnist vera algert ofurefli hv. Alþ. að koma þessu að vísu litla máli, en mikla réttlætismáli, fram með viðeigandi hætti. Sú tregða, sem hér er á ferðinni, að málið fái fulla afgreiðslu á þingi, er okkur flm. þessa frv. með öllu óskiljanleg. Mótbárur þær, sem fram hafa komið, eru að okkar áliti og fjölmargra annarra mjög léttvægar og jafnvel fáfengilegar. T. d. sú mótbára, að ríkissjóði sé akkur í því að selja ekki þessa jörð, og það sé vegna þess, að aðrar ríkisjarðir sitt hvorum megin við þessa jörð hljóti illt af, komist þessi jörð aftur til sinna fyrri eigenda. Þetta er okkur, sem erum kunnugir staðháttum þarna, með öllu óskiljanlegt. Og yfirleitt ætlum við, að ríkissjóði mætti vera mjög mikill akkur í því að selja margar hverjar ríkisjarðir, því að það er í raun og veru sannleika sagt, — svo mikið veit ég sem umboðsmaður ríkisjarða, — er það mikill kostnaður, sem leiðir af því fyrir ríkissjóð, að eiga margar hverjar af þessum jörðum, og sú stefna hefur, eftir því sem ég bezt veit, verið uppi hér í hv. Alþ. að samþykkja slík frv. sem þetta, og jarðasölur ríkissjóðs hafa yfirleitt fengið mjög greiðan gang í gegnum þingið þar til allt í einu nú. Það er ekki eins og það megi ekki koma við í samningum af hálfu ríkissjóðs ýmsum atriðum í sambandi við sölu á þessari jörð og öðrum, sem koma til greina, að ríkissjóður selji. T. d. er engin hætta á því, — en sú mótbára hefur þó verið borin fram af þeim, sem vilja ekki mál þetta fram, — að skaðabótaskylda ríkissjóðs mundi verða með þeim hætti að nýju, að ríkissjóður yrði beinlínis að kaupa þessa jörð, ef ágangur vatna þarna í kring verði meiri en nú er ætlað, og líkur því sem áður var. Það mætti svo sem setja ákvæði inn í afsal um það, að ríkissjóður væri ekki skyldur að kaupa þessa jörð, en hins vegar hefði hann forgangsrétt að kaupum á jörðinni, ef nauðsyn teldist til vegna annarra ríkisjarða, þegar tímar líða. Ýmsu fleira mætti koma inn í slíkt afsal, og ekkert er við því að segja. Þess vegna munu slíkar mótbárur alls ekki haldbærar.

Eins og ég sagði í upphafi og við vitum flest í þessari d., þá fékk þetta mál mjög góðan framgang í d. í fyrra, en strandaði í Nd. Þennan góða framgang og skjóta, sem það fékk hér, viljum við flm. hér með þakka, og við væntum þess fastlega, að hv. d. afgreiði málið með ekki minni myndarskap en hún gerði á síðasta þingi.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Hv. þm. eru jafnkunnugir því og við flm. Að lokum vil ég óska þess, að málið nái að fara til 2. umr. að þessari 1. umr. lokinni, og fari til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 5. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 66, n. 275 og 301).

Frsm. meiri hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Frv. það til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja eyðijörðina Holt í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem hér er til 2. umr., hefur landbn. fjallað um á nokkrum fundum, en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess, eins og kemur fram í nál. meiri hl. n. á þskj. 301. Landbn. hafði frv. shlj. þessu til athugunar á síðasta þingi og aflaði sér þá umsagna um málið frá landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins, og að þeirri athugun lokinni lagði meiri hl. til, að sala umræddrar jarðar skyldi ekki heimil. Við umr. um frv. þá, kom það m. a. fram hjá fylgjendum frv., að skipti forstöðumanns jarðeignadeildarinnar og Jóhönnu Sæmundsdóttur og sona hennar hefðu verið með þeim hætti, að ekki væri undir því búandi að óbreyttu. Einnig hefði landbn. borizt bréf, sem Hörður Þorsteinsson og Einar Þorsteinsson, synir Jóhönnu, höfðu skrifað landbn. Nd. Alþ. hinn 14. jan. 1968, en þá var þetta frv. borið fram í hv. Nd. Af því, sem hér hefur verið sagt, þótti n. rétt að kanna þetta mál enn frekar en gert var í fyrra. Ég vil því leyfa mér að vitna til þessara bréfa, og í því bréfi, sem barst frá Herði Þorsteinssyni og Einari Þorsteinssyni, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og við gerðum grein fyrir í greinargerð um kaupbeiðni móður okkar, hefur jarðeignadeild ríkisins staðið í útbyggingu, lögbanni og langvarandi málaferlum við móður okkar og okkur bræður sem forsvarsmenn aldraðrar móður.“ Enn fremur segir í þessu sama bréfi: „Herra Sveinbjörn Dagfinnsson, sem er forstöðumaður jarðeignadeildar ríkisins, á eftir einn möguleika til að koma hefndum fram á okkur, og hann vill halda þeirri leið opinni, eins og bréf hans frá 27. nóvember s. l. ber með sér. Sá möguleiki er, að þegar móðir okkar fellur frá, getur hann tekið af okkur jörðina, og af tilvitnunum í skrif bóndans í Álftagróf má ráða, að hann mundi kannske taka við Holtinu.“

Með hliðsjón af þeim ummælum, sem ég hef hér rakið, þótti n. rétt að rannsaka þessi skipti frekar og óskaði eftir upplýsingum frá forstöðumanni jarðeignadeildarinnar, Sveinbirni Dagfinnssyni, um gang þessara mála, og gaf hann n. þær í bréfi, og einnig svaraði hann spurningum, sem einstakir nm. óskuðu að fá svör við varðandi umrædd skipti. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, kynna hér hið skriflega svar forstöðumannsins, og er það á þessa leið:

„Hæstv. landbn. Ed. hefur með bréfi, dags. 20. nóv. s. l., óskað upplýsinga um skipti notenda Holts og jarðeignadeildar ríkisins, þar á meðal málaferli þau, sem rekin eru gegn jarðeignadeildinni af leigutaka. Ríkissjóður eignaðist Holt í Dyrhólahreppi árið 1935, og þar bjó seljandi jarðarinnar, Þorsteinn Einarsson, áfram, þar til hann fluttist að Nikhóli í sömu sveit árið 1943. Eftir það var Holtið nytjað frá Nikhóli. Eftir lát Þorsteins hélt ekkja hans, Jóhanna Sæmundsdóttir, jörðinni til ársins 1953, að henni var sagt upp notum hennar, þar sem byggja átti jörðina í varanlega ábúð. Sonur Jóhönnu hóf allt að einu að nytja jörðina sumarið 1953, og var þá lagt lögbann við þeim notum. Lögbannið var niðurfellt með dómi Hæstaréttar í maí 1956 á þeim rökum, að fyrrv. umboðsmaður ríkisjarða í Dyrhólahreppi hefði gefið þeim hjónum, Jóhönnu og Þorsteini, fyrirheit um afnot Holts í lífstíð þeirra. Síðan sá dómur féll hefur Hörður Þorsteinsson fyrir hönd móður sinnar haft öll not af Holti og gerir enn. Frá 1956 og til þessa dags hafa af hálfu jarðeignadeildarinnar engin afskipti verið af Holti eða notum Nikhólsheimilisins af jörðinni.

Í september árið 1960 hóf Hörður Þorsteinsson fyrir hönd Jóhönnu Sæmundsdóttur málaferli gegn ríkissjóði og krafðist skaðabóta að fjárhæð 427500 kr. fyrir afnotamissi af Holti árin 1953—1956. Bótakröfur stefnanda voru síðar hækkaðar í 449113 kr. Samkv. skattframtölum voru árstekjur Jóhönnu af búrekstri í Nikhóli með Holti undir síðasta árið, áður en hún missti afnot Holts 24718 kr., tekjur Harðar 7946 kr. og Einars 14446 kr. Með dómi aukadómþings í Skaftafellssýslu nú í nóv. var kröfu stefnanda vísað frá héraðsdómi.

Jarðir þær, sem næst liggja Holti, eru Fell og Álftagróf. Beitiland Holts og Álftagrófar eru sameiginleg, en búsmali allra jarðanna mun ganga saman. Á Álftagróf, en sú jörð liggur næst Holti, býr Tómas Lárusson og hefur rekið þar búskap í rösk 35 ár. Tómas ber mikinn ugg í brjósti, verði eigendaskipti að Holti. Telur hann búskap í Álftagróf með því stefnt í voða og telur, að það kunni að valda því, að hann hætti búskap í Álftagróf.

Það er eindregin skoðun mín, að það sé andstætt hagsmunum ríkisins að sleppa eignarhaldi á Holti, meðan næstu jarðir, Álftagróf og Fell, eru ríkiseign, m. a. vegna sameiginlegra nota af útlandi jarðanna. Jafnframt tel ég, að það ástand geti haldizt áfram, nema sérstakar aðstæður breytist, að ábúendur Nikhóls hafi leigunot af Holti innan þeirra marka, sem ákvörðuð yrðu í leigusamningi. Ég er reiðubúinn að mæta á fundi n., þegar óskað verður, og skýra betur sjónarmið mín og gefa þær upplýsingar, sem um verður beðið varðandi þetta mál.“

Þetta er hið skriflega svar forstöðumanns jarðeignadeildarinnar. Þá kom það fram, í viðræðum n. við forstöðumann jarðeignadeildarinnar, að athugun hafi verið gerð á því, hvort unnt hefði verið að koma á sættum í málum þessum, sem lýst hefur verið hér að framan, en sækjendur málsins töldu það ekki koma til greina.

Þær niðurstöður, sem meiri hl. n. hefur komizt að eftir að hafa fengið þessar upplýsingar, eru þessar:

1. Þær forsendur, sem til þess lágu, að jörðin var keypt og ábúð var felld niður, eru enn í fullu gildi, sbr. umsögn landnámsstjóra og sem einnig sannaðist m. a. af því, að á s. l. sumri hljóp Klifandi úr farvegi sínum og braut varnargarð og skemmdi nytjalönd.

2. Jarðirnar Álftagróf og Holt eiga sameiginleg og óskipt heimalönd og heiðalönd, sem torvelt er að skipta og nærri ógerlegt að girða sundur vegna brattlendis, og því er nauðsynlegt að hafa nokkurt vald á hagnýtingu landsins, þar sem jafnan má vænta árekstra í óskiptum löndum og það því fremur, þar sem landþrengsli eru.

3. Jarðeignadeild ríkisins hefur ekki efnt til málareksturs á hendur Jóhönnu Sæmundsdóttur og sona hennar, en hins vegar leyft þeim leiguafnot af Holti gegn vægu gjaldi, eða 135 kr. á ári.

4. Þá var upplýst á fundi n. með forstöðumanni jarðeignadeildarinnar, að Jóhanna Sæmundsdóttir og sonur hennar, Hörður, gætu áfram haft leiguafnot af Holti.

5. Þegar Jóhanna Sæmundsdóttir óskaði eftir því við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, að n. mælti með því, að Jóhanna fengi jörðina keypta, þá fékkst sýslunefndin ekki til þess að taka afstöðu til málsins. Og þegar sams konar beiðni var lögð fyrir hreppsnefnd Dyrhólahrepps, þá klofnaði nefndin og fékkst ekki um það samstaða. Má af því draga þá ályktun, að í heimabyggð sé sala jarðarinnar ekki talin eðlileg og sjálfsögð.

6. Umsagna landnáms ríkisins og jarðeignadeildar ríkisins var leitað um frv., og mæltu báðar stofnanirnar gegn því, að heimild væri veitt til sölu jarðarinnar.

Með vísun til alls þessa leggur meiri hl. til, að frv. verði fellt.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Ég skal ekki þreyta hv. þdm. með því að rifja upp sögu þessa máls, því að það er kunnugt hér í d. frá því í fyrra, og raunar hefur það miklu oftar borið á góma hér á Alþ., þó að aldrei hafi Alþ. borið gæfu til þess að afgreiða það með nokkrum hætti til þessa. Við hv. 4. þm. Sunnl. flytjum þetta mál. Það er um að heimila ríkisstj. að selja Jóhönnu Sæmundsdóttur jörðina Holt í Dyrhólahreppi, þar sem hún bjó um áraraðir og var eigandi jarðarinnar ásamt manni sínum, þar til ríkið keypti jörðina, vegna þess að sú ályktun lá fyrir, að jörðin mundi ekki verða byggileg vegna framkvæmda, sem ríkið eða vegagerð ríkisins lét framkvæma með því að veita saman tveimur stórum ám í nágrenni Holts til þess að brúa þær í einu lagi á þjóðveginum. Það var ekki í þágu þeirra hjóna, að þau urðu að víkja af jörðinni. Ríkið var að firra sig skaðabótum með því að bjóða þeim að kaupa jörðina og gerði það. Hins vegar fengu þau ábúðarrétt eða afnotarétt af jörðinni, þótt þau flyttu sig yfir á annað býli í sama hreppi. Nú hefur það komið upp úr dúrnum, að ágangur vatns á þessa jörð varð ekki

slíkur sem menn óttuðust, og Jóhanna, sem býr ásamt syni sínum á Nikhóli í Dyrhólahreppi, sækir það fast að fá jörðina keypta að nýju.

Á s. l. ári voru það röksemdir, sem hv. meiri hl. landbn. færði fram fyrir þeirri skoðun sinni á málinu, að ríkið ætti ekki að selja þessa jörð, að hún lægi á milli annarra jarða, sem ríkið ætti, og það væri í þágu ríkisins hentugt að eiga þessa *jarðartorfu óskipta*.

Við, sem minni hl. skipum, tókum þessar röksemdir nú ekki alveg alvarlega, sökum þess að hvergi annars staðar höfðum við orðið þess varir, að nm. þessir eða ríkisstj. sem slík, en þeir eru stuðningsmenn hennar, hefði uppi þá stefnu í jarðeignamálum, að ríkið ætti að draga undir sig eða halda í sinni eigu jörðum fyrir það eitt, að þær væru svo vel fallnar til búreksturs, heldþær jarðir, sem ríkið vildi eignast eða með engu móti láta af hendi. Það er ævinlega bundið við önnur atriði, vegagerð, flugvallargerð o. s. frv., en að ríkið legði kapp á að hafa eignarhald á jörðum til búreksturs, það hef ég hvergi annars staðar orðið var við nema í þessu máli.

Enn kom málið fyrir á Alþ., og því var vísað til landbn. Þar urðu allmiklar umr. um það, kannske í sérstöku tilfelli af því, að þessi hv. d. samþykkti málið í fyrra og hv. landbn. Nd., meiri hl. hennar, gaf út nál. um það í fyrra líka og mælti með því, að það yrði einnig samþykkt þar. Engu að síður dróst afgreiðsla málsins þar úr hömlu, svo að *málið dagaði uppi á síðasta þingi*, kannske fyrir þær sakir, að áhugi einhverra aðila málsins hefur nú verið meiri en búskaparáhuginn einn. Í n. sjálfri hefur reyndar ekki verið haldið fram neinni annarri skýringu en þeirri, sem áður hafði fram komið. Hún hefur að vísu verið flutt þar af utanaðkomandi aðilum, en hv. meiri hl. landbn. hefur nú tekið nýtt atriði upp í röksemdafærslu sína á nál. um, að ríkið eigi ekki að setja fyrri eigendum og ábúendum neinn kost á að kaupa jörðina að nýju vegna allt annarra atriða en áður hafa komið fram á plöggum hér í þingi. Það er sem sagt sagt það, sem segir í nál. meiri hl. landbn., að jarðirnar Álftagróf, sem er ríkisjörð, og Holt eiga sameiginleg og óskipt heimalönd og heiðalönd, og gengur búsmali jarðanna saman. Bóndinn í Álftagróf, sem þar hefur búið í tæp 40 ár, hefur sent landbrn. bréf, sem Alþ. hefur borizt ljósrit af, þar sem hann telur, að búskap hans í Álftagróf sé stefnt í svo mikinn voða, að hann muni segja ábýlisjörð sinni lausri, verði Holt selt. Upplýst er, að eignir ábúandans í *Álftagróf í mannvirkjum* eru miklar, og ríkissjóður er að lögum sem jarðareigandi skyldur að kaupa þær, standi ábúandinn upp af jörð sinni. Þetta eru rökin í ár gegn því að selja þeim, sem hafa nytjarétt og nytja Holtið, þá jörð.

Ég verð nú að segja það sama um þetta eins og fyrr, að búskaparhugmyndir ríkisstj. og hv. meiri hl. landbn. þessarar d. gegn því að selja þessa jörð eru nú þannig, að mér finnst þeir ekki frambærilegir. Ábúandinn í Álftagróf hefur búið þar í tæp 40 ár. Skyldi hann ekki hvort eð er fara að bregða búi? Það er ekki mjög algengt, að menn búi miklu lengur en þann tíma, enda mun hann vera orðinn maður við aldur, svo að það er ákaflega hætt við, að ríkið mundi *einhvern tíma lenda í því að þurfa að standa* frammi fyrir þeirri staðreynd, að hann ætlaði að bregða búi, og það er eins og hv. meiri hl. n. hafi hugsað sér að þráast við í lengstu lög, að ríkissjóður þurfi að gegna jarðeigendaskyldum sínum á þessari jörð, og það eru nú rökin fyrir því, að ekki megi selja allt aðra jörð. Ég verð rétt að segja það, að ekki finnst mér þetta sannfærandi rök frekar en þau fyrri, sem flutt hafa verið í þessum efnum.

Minni hl. landbn. leggur til sem áður, að frv. verði samþ. og væntir sér stuðnings meiri hl. þessarar hv. þd. við það eins og áður, enda þótt skeleggasti fylgismaður minni hl. í þessari n. frá því í fyrra sé því miður fallinn frá.

Varðandi röksemdafærslu fyrir því, að þessa jörð eigi ekki að selja, vil ég enn taka fram, að Holt er sérstakt lögbýli og engin leið að rugla því saman við aðra jörð. Þar er annar ábúandi. Nytjarnar eru sundur skildar annað en það, að búsmali gengur saman í högum og sumt af heimalöndum er sameiginlegt, en það gefur ekki og hefur aldrei gefið bóndanum í Álftagróf neinn rétt til þess að nytja Holt, og það, að hann muni verða að standa upp af jörð sinni og hætta búskap, ef Holt yrði selt, er ég í miklum vafa um, að eigi við nokkur rök að styðjast. En ef svo væri, þá er ekki fráleitt að láta sér detta í hug, að það sé orsök að þeim nábúakryt, sem þarna er uppi. En ekki get ég séð, að það ættu að vera rök þess eðlis að gera þeim gömlu ábúendum og eigendum Holts erfiðara fyrir um að kaupa þá jörð.

Enn fremur er það sett fram sem rök fyrir því, að ríkið eigi ekki að láta jörðina Holt ganga úr sinni eigu, að landeigandi hafi miklar skyldur og kannske skaða af viðskiptum við ábúendur í Álftagróf. Mér sýnist þetta ekki vera röksemdir, sem mæla með því, að ríkið eigi að sækja það mjög fast að vera jarðeigandi á þessum slóðum a. m. k. En hvað um það, nú er ljóst orðið, að rökin, sem notuð eru til að mæla gegn samþykkt þessa frv., eru breytileg frá ári til árs, og ég verð rétt að segja það, að ekki sýnast mér rökin í ár vera meir sannfærandi en þau, sem illa dugðu meiri hl. n. í fyrra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 53., 54., 56. og 60. fundi í Ed., 10., 12., 16. og 20. marz, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Ed., 24. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, ÓB, ÓlJ, ÁB, BGuðbj, BFB, BJ, EggÞ, EÁ, GilsG.

nei: JÁH, JÞ, MJ, StG, SvG, AuA, AJ, JónÁ, JR.

Einn þm. (TÁ) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 10:7 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv.

Á 63. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. og 68. fundi í Nd., 2. og 4. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 69. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá 1. minni hl. landbn., á þskj. 680, var útbýtt 25. apríl, og nefndaráliti 2. minni hl. (þar í rökst. dagskrá), á þskj. 727, var útbýtt 28. apríl, en frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

51. Húsnæðismálastofnun ríkisins (frv. BFB o. fl.).

Á 11. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sbr. l. nr. 21. 4. jan. 1968, um breyt. á þeim lögum [73. mál] (þmfrv., A. 82).

Á 12. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frv. það til l. um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem liggur hér fyrir á þskj. 82, er flutt af okkur fjórum framsóknarmönnum í þessari hv. d.

Um það munu flestir samdóma, að húsnæðismálin hjá okkur eins og öðrum þjóðum séu svo umfangsmikil og fjármagnið, sem varið er og hefur verið varið til íbúðabygginga svo stórfellt, að þau megi teljast eitt höfuðatriði efnahagsmála okkar. Einstaklingum er það oftast erfiðasta verkefnið að koma sér upp húsnæði og sá baggi er þeim hinn þyngsti, sem þeir bera, jafnvel á lífsleiðinni. Það er því ekki að undra, þótt þessi mál séu í sviðsljósi og að þeim beinist áhugi manna og þá sérstaklega unga fólksins. Lausn þessa mikla verkefnis með sem hagkvæmustum hætti hverju sinni er, þegar alls er gætt, ein af meginforsendum þess, að þjóðinni lánist að komast fram til bættra lífskjara.

Í húsnæðismálunum hefur á undanförnum árum, eins og alkunna er, misjafnlega til tekizt þrátt fyrir góð áform. Hvað sem því líður, höfum við öðlazt þá reynslu, að af henni má ýmsa lærdóma draga, sem verður að færa sér í nyt. Húsnæðismálalöggjöfina ber að endurskoða í því ljósi, og því hefur verið heitið af stjórnarvöldunum, að svo skyldi gert. En til enda, veit ég ekki til, að hafi komið enn þá. Eitt er fullvíst, að hinn rauði þráður í sögu húsnæðismálanna og framkvæmd þeirra er sú staðreynd, hversu báglega hefur tekizt að ná því marki, sem stefna skyldi að, þ. e. að leysa húsnæðisþörf landsmanna með sem haganlegustu móti og minnstum tilkostnaði. Þrátt fyrir velviljaðan ásetning hefur öndvert gengið. Sífellt hefur ríkt tilfinnanlegur húsnæðisskortur. Í byggingarmáta hefur allt of mjög gætt óhófs og jafnvel prjáls, og svo hefur fjármagnsskorturinn þjakað allt byggingakerfið. Er svo komið hjá okkur, að þessi mál eru ein af meginorsökunum fyrir sívaxandi verðbólgu, þ. e. a. s., hvernig þeim er komið og hvernig hefur um marga þætti þess verið á haldið. Og okkur er meira en lítil hætta búin, ef svo heldur fram í þessu efni, sem verið hefur, og hér er kannske um að tefla einn veikasta hlekkinn í þjóðfélagsbyggingu okkar. Við það verður ekki miklu lengur búið, að svo skuli háttað í húsbyggingarmálum okkar, að ævinlega verði þeim samfara drápsklyfjar skulda, sem endalaust kvelja alla þá, sem meðaltekjur hafa, svo að ekki sé talað um láglaunafólk. Þessir hópar eru ærið fjölmennir og erfiðleika þeirra gætir tilfinnanlega með allri þjóðinni. Þessi mál verður því að taka nýjum og fastari tökum og líta þá til reynslunnar og vinna að því með öllum tiltækum ráðum, að framkvæmd þeirra verði í sem fyllstu samræmi við yfirlýsta og margyfirlýsta stefnu löggjafans um byggingu hóflegra íbúða á hagstæðu verði.

Þegar meta skal, hver ráð séu til lækkunar byggingarkostnaðar, kemur að sjálfsögðu margt til álita. En stærsti vandinn er auðvitað fjármagnsskorturinn, og svo þarf einnig að komast yfir þá tregðu, og jafnvel mætti segja sinnuleysi, sem allt of oft hefur ríkt um framkvæmd þeirra ákvæða löggjafarinnar, þar sem Húsnæðismálastofnuninni er beinlínis fyrirskipað að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði eftir margháttuðum leiðum, sem löggjafinn nánar tilgreinir.

Við framsóknarmenn höfum lagt fram till., sem stefna í þá átt að afla fjármagns til byggingarframkvæmda og enn fremur í þá átt að létta undir með lántakendum. Þessar till. liggja hér fyrir í frv.-formi. Margar þeirra hafa áður legið hér fyrir hv. Alþ. og um þær nokkuð rætt, en þær hafa ekki komizt lengra áfram en til n. Þessar fjáröflunartill. byggjast eðlilega á auknum sparnaði, þannig að fjármunaráðstöfun almennings geti öðrum þræði komizt í þann farveg, sem leiða mætti til margvíslegra uppbyggjandi framkvæmda. En þetta er aðeins einn þáttur hins mikla vandamáls, en þó sá, sem getur haft víðtækt gildi og varanlegt í þjóðarbúskapnum, ef sæmilega tekst til í því skyni að lækka til muna byggingarkostnað og auðvelda þar með fólki að koma sér upp íbúðareign og halda henni síðan með bærilegu móti.

Sérfræðingar telja, að hjá okkur hafi vantað á tímabilinu frá 1960—1967 nærfellt 2000 íbúðir til

að fullnægja áætlaðri þörf. Efnahagsstofnunin telur íbúðaþörfina 1967—1971 að meðaltali 1725 íbúðir á ári. Ef meðalstærð hverrar íbúðar væri 390 teningsmetrar, yrði kostnaðarverð, miðað við byggingarvísitöluna eins og hún var í júlí 1969, þ. e. a. s. 3889 kr. á teningsmetra, þessarar meðalíbúðar 1 millj. 516 þús. kr. Í sambandi við þessar tölur, sem ég greindi áðan, má kannske reikna með því, að þessi áætlun um íbúðarfjölda árlega sé í hæsta lagi, vegna þess að það er vitað, að íbúafjöldinn hefur ekki aukizt, eins og áætlað var eða reiknað var með. En með því að ekki er um svo langt árabil að ræða, 1967—1971, er óvíst, að hin hæga íbúafjölgun miðað við það, sem áætlað var, hafi veruleg áhrif á þessar tölur. Og fjárfesting í 1725 íbúðum miðað við verðlag á miðju þessu ári mundi því nema alls um 2615 millj. kr.

Nú eru áætlaðir lánamöguleikar byggingarsjóðs um 470 millj., og verði ekki tekjustofnar sjóðsins auknir fram yfir það, sem nú er, þá er auðsæilega vís voði á ferð. Nú ætla ég að leyfa mér að íhuga, hvernig húsnæðismálin standa eða kunna að standa í byrjun júlí á næsta ári, og þá sýnist þetta koma í ljós:

1. Allir þeir, sem fá fyrri hluta láns eftir 1. nóv. 1969, og þeir, sem fá það eftir 1. febr. 1970, eiga ófenginn síðari hluta lánsins.

2. Þeir, sem eigi hafa skilað vottorði um fokhelt fyrir árslok 1969, enda þótt þeir hafi sótt um lán fyrir 16. marz 1969, hafa ekki fengið úrlausn.

3. Þeir, sem sótt hafa um lán frá 15. marz 1969 til og með 30. júní 1970, eru óafgreiddir.

Nú er ekki unnt að segja fyrir um það, hversu margir lánagreiðendurnir eru. En það má ætla, að tala þeirra gæti nálgazt 2000. Og þegar þessa er gætt, þá sýnist fjármagnsskorturinn vera kringum 900 millj. kr., eins og er, ef hér er rétt með farið. Það fer þess vegna ekki á milli mála, hversu brýna nauðsyn ber til þess að stórauka útlánagetu byggingarsjóðsins, enda hefur það verið okkur öllum fullljóst og það fyrir löngu, að mjög hefur á það skort, þótt sigið hafi nokkuð á hina verri hlið og það allverulega. Og þetta á ekki aðeins við um næsta ár. Ískyggilegar horfur eru í þessu efni á næsta ári, og að óbreyttu á þetta við um langa framtíð. Þess vegna verður fjármögnun að sjálfsögðu að koma til og það í ríkum mæli.

Ef við tökum þetta mál frá atvinnulegu sjónarmiði, þá er það ekki síður nauðsynlegt að halda uppi byggingarstarfsemi, og þess vegna er þetta mjög mikilvægt að því leyti og enn fremur, að byggingarstarfsemin verði sem jöfnust frá ári til árs. Á því er geysimikil þörf, eins og við vitum öll, og sízt má vera um samdrátt í þeirri starfsemi að ræða á tímum atvinnuleysis. Þá ætti ekki aðeins að sinna íbúðarhúsabyggingum fram yfir það, sem verið hefur, heldur og líka öðrum byggingum, t. d. á vegum hins opinbera, en það er annað mál.

Skoðun okkar framsóknarmanna er sú, að þessi fjármögnun, sem nauðsyn er á til byggingarsjóðs, eigi að koma með auknum sparnaði, enda vísast og það vitum við öll jafn vel, að framkvæmdir yfirleitt eiga sér ekki stað, nema til komi sparnaður í einhverri mynd. En þegar talað er um sparnað nú á tímum, þá hlýtur maður að leiða hugann að því, hverjar líkur séu til þess, að hægt sé að koma sparnaði á, þegar svo hefur gengið sem raun er á undanfarið. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að gegndarlaus verðbólga ásamt margítrekuðum gengisfellingum er að sjálfsögðu lítt til þess fallin að halda uppi, hvað þá heldur að ýta undir sparnaðarviðleitni almennings. Margvísleg óhófseyðsla, svo og ótímabær og fljótræðisleg fjárfesting, ekki aðeins einstaklinga, heldur og ekki síður fyrirtækja og hins opinbera á liðnum árum sýnir glögglega flótta fólksins undan verðbólgueldinum. Hér skulu þessi viðbrögð fólksins sízt átalin út af fyrir sig. Þetta er ill afleiðing af rangsnúinni stjórnarstefnu. Hér er yfirleitt um sjálfsvörn fólksins að ræða gegn áþján, sem almenningur á minnsta sök á.

Með þeim verðtryggingum og öðrum hlunnindum, sem fylgja ættu þeirri skuldabréfa- og vísitölutryggðu spariskirteinasölu á vegum byggingarsjóðs, sem till. okkar framsóknarmanna gera ráð fyrir, mætti ætla, að dregið gæti eitthvað úr og jafnvel að einhverju leyti komið í veg fyrir það tjón, sem verðfall peninga og verðbólga kynni annars að valda sparifjáreigendum, og ynnist þá tvennt í senn. Þessar fjáröflunarleiðir, sem frv. okkar á þskj. 82 fjallar aðallega um, eru þekktar með nágrannaþjóðum okkar, og hafa þær sumar farið svipaðar leiðir í þágu íbúðalánakerfis hjá sér og þær taldar hafa gefizt vel. Vil ég nú í nokkrum orðum rekja þessar till. okkar.

Í 1. gr. frv. er það lagt til, að lán Byggingarsjóðs verði afborgunarlaus þrjú fyrstu árin í stað eins árs og lánstíminn verði lengdur úr 26 árum í 35 ár. Í öðru lagi, að vísitölubinding á vöxtum af þessu lánum falli til fulls niður. Það er verulegur ávinningur að hyggju okkar flm. frv. Hins vegar þykir okkur ekki rétt á þessu stigi að gera till. um, að vísitölubinding á afborgunum, eins og á stendur, verði látin falla niður. Eins og okkar till. er háttað, væri það ekki fullkomlega eðlilegt og einnig með hliðsjón af byggingarsjóðskerfinu, eins og því er fyrir komið og það hefur verið byggt upp. Hins vegar erum við að sjálfsögðu fylgjandi því, að bindingin verði felld niður, eins fljótt og auðið er, og við höfum trú á því, að eigi líði langur tími, þar til ráðizt verði að verðbólgunni og það af einbeitni og heilum hug og í raun og veru leysist þá þessi vandi og margur annar, sem við er að etja í efnahagsmálum okkar. Og það verður að segja eins og er, að vísitöluuppbyggingin, sem upp kom eftir samkomulagið 1964 milli ríkisstj. og verkalýðsfélaganna, hafi byggzt fyrst og fremst á því, að alvarleg tilraun yrði af ríkisstj. hálfu gerð til þess að ráða niðurlögum á verðbólgunni eða koma í veg fyrir, að hún ykist a. m. k. Það hlýtur að hafa verið meginforsenda samkomulagsins að þessu leyti.

Í 1. gr. frv. segir, hverja þóknun Veðdeild Landsbankans, sem vinnur á vegum Byggingarsjóðs, eigi að fá í staðinn fyrir að greiða fyrir þessum lánamálum. Leggjum við til, að vísitölubinding sú á ¼% af lánsfjárhæðinni, sem Landsbankinn fær, verði að fullu felld niður. Þessar

brtt. okkar í sambandi við 1. gr., teljum við, að stefni að nokkru að því að létta undir með lántakendum.

Þá komum við að 2. gr. þessa frv. Þar er lagt til, að hafin verði verðbréfasala á vegum Byggingarsjóðs með vissum hætti. Nú er það vitaður hlutur, að verðbréfasala hér á opinberum markaði hefur hvergi nærri gengið vel og eiginlega verið í ófremdarástandi. Annars staðar í vestrænum heimi hefur verðbréfasala haft þjóðhagslega mikilvæga þýðingu á fjölmörgum sviðum innan efnahagslífsins. En svo hefur ekki verið hjá okkur enn þá. Með því að leggja til, að þessi skuldabréf verði vísitölutryggð til fulls og auk þess, að andvirði bréfa að vissu marki megi draga frá skatt- og útsvarsskyldum tekjum, ætlum við, að fólk mundi fremur leggja í það að kaupa slík bréf en ella. Þessi bréf verði með samsvarandi vöxtum og samskonar vísitölubindingum og útlán frá byggingarsjóðnum. En það er að sjálfsögðu erfitt að segja fyrir um það, hvernig þessi sala kynni að ganga og hvort hún mundi auka fjármögnun íbúðalánakerfisins, þrátt fyrir það, að fjölmargir einstaklingar og jafnvel fyrirtæki í okkar landi hafi ríka þegnskapartilfinningu og vildu gjarnan stuðla að góðu málefni. Þætti e. t. v. sumum fulllangt gengið að kaupa bréf til 35 ára. En á hitt má þó líta, að slík bréf, sem væru ríkistryggð, væri hægt að nota sem handveð, ef nauðsyn krefði, og þess vegna gætu þau orðið býsna haldgóð og raunar mikils virði. Vísitölutryggingin, og ég tala ekki um frádráttinn frá útsvars- og skattskyldum tekjum, hlyti að höfða til æði margra, enda þótt bréfið yrði að telja til eignar og grunnvexti af því til tekna. Eins og ég sagði áður, hefur leið lík þessari verið farin annars staðar og talin hafa gefizt vel.

Í öðru lagi leggjum við svo til, að á vegum Byggingarsjóðs ríkisins fari fram sala á sparifjárskírteinum, og um það er sama að segja og skuldabréfin, að þau eiga að vera vísitölutryggð á sama hátt og lánsfé sjóðsins og með sams konar vöxtum. En þá kemur líka til greina, að eigendum slíkra skírteina eru tryggð mikilsverð hlunnindi. Þeir eiga að hafa forgang að lánum til bygginga eða kaupa á íbúð. Þeir eiga einnig rétt til 21% hærra láns en venjulegu láni nemur hjá Byggingarsjóði, og skilyrði eru sett um lágmarkskaup skírteina. Og ef menn vilja losna við skírteini af þessu tagi, þurfa þeir að tilkynna með árs fyrirvara til Byggingarsjóðs eða Veðdeildar, að þeir óski eftir því að leysa þau til sín og fá þá peningagreiðslu í stað þeirra. Þessi langi tími er náttúrlega til þess að tryggja Byggingarsjóð, að hann missi ekki af fjármununum svo fljótt sem annars væri. Og við flm. teljum, að ekki sé óeðlilegt að hafa svo langan frest, til þess að selja megi bréfin aftur til veðdeildarinnar eða Byggingarsjóðs.

Þá hef ég rætt um 2. gr. þessa frv. okkar, sem felur í sér tvær leiðir til fjáröflunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Þá vildi ég fara nokkrum orðum um 4. gr. frv. Á árinu 1965 var í sambandi við kjarasamninga gert samkomulag um húsnæðismálin milli ríkisstj. og verkalýðsfélaganna. Þá var ákveðið, að hefja skyldi byggingu íbúða í Reykjavík samkv. áætlun. Þeir félagsmenn í verkalýðsfélögum, sem keyptu þessar íbúðir, skyldu eiga kost á allt að 80% lánum út á verðmæti íbúðanna. Það var gert ráð fyrir því, að veitt yrðu lán úr Byggingarsjóði ríkisins út á þessar íbúðir, er samsvöruðu lánum, sem aðrir húsbyggjendur fengju úr þessum sama sjóði. Að öðru leyti skyldi ríkisstj. útvega fjármagn til framkvæmdanna. Þannig höfum við flm. skilið ákvæði þessa samkomulags. — Og þá var tekið fram, að samið yrði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir og kæmu þau lán til viðbótar lánum frá Húsnæðismálastjórn.

Byggingarframkvæmdir hófust svo samkv. þessari áætlun í apríl 1967, og húsunum var valinn staður í Breiðholti í Reykjavík. 1. áfanga þessarar áætlunar mun nú vera lokið. Í þessu hverfi, Breiðholtshverfi, hafa risið upp 335 íbúðir, og heildarkostnaðurinn, eins og hann er talinn vera nú í dag, mun nema 396 millj. kr. Vegna þessara framkvæmda hefur Byggingarsjóður lagt út tæpar 281 millj. Miðað við venjuleg lán hefði sjóðurinn átt að lána 154 millj. kr. Vegna þessara Breiðholtsframkvæmda hefur Byggingarsjóður ríkisins 127 millj. kr. minna til úthlutunar innan hins almenna veðlánakerfis Byggingarsjóðs. Þessi geysilega skerðing á fjármunum Byggingarsjóðs hefur náttúrlega valdið því, að ekki hefur reynzt unnt að fullnægja nema takmörkuðum hluta af eftirspurn þeirra lána, sem áttu raunverulega að geta gengið fyrir sig eftir reglum hins almenna veðlánakerfis, og þetta hefur þannig valdið alvarlegu tjóni mörgum húsbyggjanda, því að ekki hefur komið til lána til þeirra, vegna þess að Byggingarsjóður hefur lagt svo mjög af mörkum fram yfir það, sem eðlilegt má teljast miðað við húsnæðismálakerfið í heild. Til þess nú að bæta úr þessu og Byggingarsjóður geti fengið þessar 127 millj. m. a., þá gerum við till. um það, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar endurgreiði Byggingarsjóði það fé, sem hann hefur varið til framkvæmda í Breiðholti umfram venjuleg íbúðarlán, enda úthluti svo Húsnæðismálastjórn síðar þessu fjármagni eftir þeim venjulegu leiðum, sem farnar eru í veðlánakerfinu. En till. okkar um það, hvernig framkvæmdanefndin á að fá það fé í hendur, svo að hún geti greitt það til Byggingarsjóðs, er á þá leið, að ríkissjóði sé skylt að afla þessa fjár til fulls og láta það af hendi til framkvæmdanefndar, svo að hún geti staðið í skilum með það fjármagn, sem þannig hefur verið greitt úr Byggingarsjóði fram yfir það, sem eðlilegt má kalla, og fram yfir það, sem talið var, að vera ætti eftir samkomulaginu frá 1965 að dæma, sem ég hef rakið hér.

Þessar eru þá okkar till. á þessu stigi í sambandi við þessi mál öll, og ég hef rakið hér lítillega till. í höfuðdráttum. Ég vænti þess, að hv. d. sjái það, að hér þarf að stinga við fæti og eitthvað að gera, og komi fram till., sem teljast líklegri til þess að greiða úr þessum mikla vanda, þá mun ekki standa á okkur framsóknarmönnum að fylgja þeim, en þær till. hafa enn ekki legið fyrir og enda engar till. í fjáröflunarátt legið fyrir, að því er þetta varðar, nema frá okkur

framsóknarmönnum. Að okkar áliti er það tilraunarinnar virði að stofna til fjáröflunar eftir þeim leiðum, sem í till. okkar greinir. Hinn alvarlegi fjárskortur Byggingarsjóðs og hin knýjandi lánsfjárþörf allra þeirra, sem brjótast í því að koma þaki yfir höfuð sér og sinna, knýr svo fast á, að það verður eigi hjá því komizt fyrir ríkisvaldið að leysa úr þessum margþætta vanda með öllum tiltækum ráðum. Og ef sæmilega tækist til um framkvæmdir og ekki sígur enn meir á hlið erfiðleika og vandræða í efnahagslífi þjóðarinnar, er nokkurn veginn víst, að till. þessar gætu komið að verulegu gagni og það fyrr en seinna.

Herra forseti. Ég hef þá lokið máli mínu um þetta frv., sem hér liggur fyrir. Ég vildi vænta þess, að þegar þessari umr. lýkur, verði því vísað til 2. umr. og til heilbr.- og félmn.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Hér er vissulega stórt mál á ferðinni, eins og hv. 1. flm., frsm., lagði áherzlu á hér í sinni ræðu áðan. Það frv., sem fjórir hv. framsóknarmenn í þessari d. hafa nú lagt fram um breyt. á l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins, hefur að geyma ýmis nýmæli, og ég tel vafalitið við nokkuð fljótlega athugun, að mörg þau nýmæli séu til verulegra bóta og sum tvímælalaust til mikilla bóta. Álitamál er að sjálfsögðu um eitt og annað í sambandi við það, hvernig á að leysa þessi stóru mál, svo sem hvernig eigi að afla verulegs aukins fjármagns til Byggingarsjóðs ríkisins. Ég er á þessu stigi ekki tilbúinn til þess að segja ákveðið um það, hvort ég aðhyllist að öllu þá fjáröflunartillögu, sem hér er bent á í frv., eða hvort þar kæmi eitthvað annað fremur til greina eða að nokkru leyti. Ég tel sjálfsagt að athuga þetta frv. gaumgæfilega og minnast þess, að hér er um svo stórt mál að ræða, sem allt of lengi hefur verið látið dankast, að það er óhjákvæmilegt að gera verulega bragarbót í þessum efnum. Ég hygg, að öllum sé það nú orðið ljóst, að hér þarf mikils við. Hér þarf að afla mikils fjár, til þess að hægt verði að auka stórum útlán byggingarsjóðsins, og það þarf að gera margvíslegar breyt. á þeim l., sem gilda um húsnæðismál og afskipti ríkisvaldsins af þeim.

Mér þykir miður, að hæstv. félmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessar umr., en um það er ekki að sakast, fyrst hann hefur fjarvistarleyfi, og því miður er nú enginn hæstv. ráðh. viðstaddur um þetta stóra mál. Ég hefði talið ástæðu til þess að ræða og þá alveg sérstaklega við hæstv. félmrh. um það, hvaða hugmyndir eru uppi hjá ríkisstj. um lausn húsnæðismálanna, um þær lausnir, sem eru alveg óhjákvæmilegar og ríkisstj. hlýtur að vera farin að hugsa um. En ég hefði einnig haft hug á því að spyrja um það, hvað liði efndum á fyrirheitum, sem gefin voru fyrir um það bil fjórum og hálfu ári, ég vil segja efndir á hátíðlegum loforðum, sem þá voru gefin um heildarendurskoðun a. m. k. ákveðinna þátta húsnæðismála og ég hygg skömmu síðar fyrirheit um heildarendurskoðun allra þessara mála og jafnvel að steypa þeim málaflokkum með ýmsum mismunandi lögum, sem um þetta hafa gilt, í eina heild.

Ég vil aðeins rifja það upp, að í sambandi við lausn kjaradeilu verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sumarið 1965 gaf hæstv. ríkisstj. sérstaka yfirlýsingu um húsnæðismál, eins og hv. alþm. muna. Nokkur helztu ákvæði þeirrar yfirlýsingar sáu svo dagsins ljós í lagafrv., sem ríkisstj. flutti um haustið. Þar á meðal voru hin kunnu ákvæði um að byggja skuli, eins og það var orðað, hagkvæmar íbúðir fyrir láglaunafólk, þ. e. a. s. það var byggingaráætlunin í Breiðholti, sem þar sá dagsins ljós eða lagður var hinn lagalegi grundvöllur að. En eitt þeirra alveg ákveðnu og afdráttarlausu fyrirheita, sem fram komu í yfirlýsingu ríkisstj. þetta sumar, var endurskoðun l. um verkamannabústaði o. fl. Það var 4. liður yfirlýsingarinnar, og, með leyfi hæstv. forseta, var hann á þessa leið:

„Unnið verði að því af hálfu ríkis og sveitarfélaga að tryggja láglaunafólki húsnæði, sem ekki kosti það meira en hóflegan hluta árstekna. Í þessu skyni verði nú hafin endurskoðun l. um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina í einum lagabálki og samræma öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks. Ríkisstj. hafi fullt samráð við verkalýðsfélögin um þessa endurskoðun laga um húsnæðismál láglaunafólks."

Í framhaldi af þessu var því lýst yfir og skýrt frá því í blöðum og hér á Alþ., að með bréfi 15. okt. 1965 hafi hæstv. félmrh. falið húsnæðismálastjórn að framkvæma þessa endurskoðun, sem þarna var um að ræða og átti að fara fram. Ég hygg þó, að nokkru síðar hafi verið tekin ákvörðun um það, að jafnframt skyldi húsnæðismálastjórn hafa með höndum allsherjarendurskoðun á l. um húsnæðismálastjórnina sjálfa og taka þá alveg sérstaklega fyrir, með hverjum hætti mætti auka fjáröflun til húsnæðismálasjóðs.

Eftir því sem ég hef frétt um framvindu þessarar endurskoðunar, þá mun hún hafa farið af stað, eins og ráð var fyrir gert, og jafnvel hafa verið komin allvel á veg, en nú lengi hefur ekkert heyrzt mér vitanlega um þessa endurskoðun, og það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að spurt sé, hvað henni líði, hvort henni sé ekki að verða lokið. Það eru sem sagt liðin meira en fjögur ár, síðan húsnæðismálastjórn var falið að framkvæma þessa endurskoðun, og mér vitanlega er henni ekki lokið enn, og hefur ekkert heyrzt opinberlega um niðurstöður eða hvar þetta mál er á vegi statt. Mér þykir ólíklegt, að húsnæðismálastjórn sjálf láti sér það öllu lengur lynda, að hafa verið falið verkefni, sem hún ekki kemur frá sér. Mér þykir einnig næsta ólíklegt, að verkalýðshreyfingin láti sér það lynda, að eitt af þeim atriðum, sem beinlínis var gert samkomulag um, gefin yfirlýsing um af hálfu ríkisstj., verði ekki framkvæmt. Og mér þykir í rauninni afar ólíklegt, að hæstv. ríkisstj. ætli að láta það um sig spyrjast öllu lengur, að þessi heildarendurskoðun löggjafar um húsnæðismálastjórn sé látin dragast úr hömlu.

Þar sem hæstv. félmrh. er ekki hér á þingi í dag, þá geri ég þetta mál ekki að frekara um-

talsefni nú, en geri ráð fyrir að fara þá hina venjulegu fsp.-leið og leggja fram fsp. um þetta mál, sem ég tel brýnt, að upplýsist, og þá heldur fyrr en síðar.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég tek eftir því, að það hefur fallið niður hluti af 4. gr. frv., og vildi ég leyfa mér að lesa upp gr., þ. e. a. s. 1. mgr., þar sem þessi villa kemur fyrir, eins og hún á að vera, með leyfi hæstv. forseta:

„Það fé, sem Byggingarsjóður ríkisins leggur af mörkum til framkvæmdaáætlunar um byggingar í Breiðholti í Reykjavík umfram venjuleg íbúðalán, ber framkvæmdanefnd byggingaráætlunarinnar að endurgreiða Byggingarsjóði eftir þeim reglum, sem ráðh. setur."

Það var þessi leiðrétting, sem ég vildi koma að.

Einar Ágústsson: Það er nú að vísu næsta þýðingarlítið, að við séum að tala hér um húsnæðismálin hver við annan, þessir þm., sem höfum árum saman flutt till. um úrbætur í þeim, sem aldrei hefur verið hlustað neitt á. Og þess vegna held ég, að ég nenni nú ekki að fara að halda hér neina ræðu, þó að vissulega væri ástæða til þess. En ég stend upp hér til þess að taka mjög fast undir þá kröfu, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykn., um það, að það verði ekki öllu lengur haldið áfram þeim skrípaleik, sem uppi hefur verið hafður í fjögur og hálft ár, að endurskoðun á l. um húsnæðismál standi fyrir dyrum og öllum úrbótum, sem mönnum hefur dottið í hug, að mættu koma fram til leiðréttinga á húsnæðismálunum, verið vísað frá með hliðsjón af þessari endurskoðun. Það er áreiðanlega rétt, sem hv. þm. sagði, að hvernig sem það kann að hafa verið um þessa endurskoðun, að hún hafi farið eitthvað af stað, þá er ekki unnið við hana núna, og til sannindamerkis um það vil ég geta tvenns, annars vegar þess, að í fyrra bar ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um það, hvað þessari endurskoðun liði, — eða hvort það var í hitteðfyrra, ég man það ekki fyrir víst, — og svar hans var þá einfaldlega það, að hann fór að lesa þar upp, hve mikið fjármagn væri fyrir hendi til þess að úthluta, en minntist ekki einu orði á þá endurskoðun lagaákvæða, sem við erum hér að tala um. Og svo hitt, að um daginn, þegar hér í þessari hv. d. var rætt frv. frá okkur nokkrum framsóknarmönnum um aðstoð við byggingarsamvinnufélög, þá sagði hv. 3. landsk. þm., sem mjög hefur látið sig þessi mál varða, það, að hann liti svo til eins og ég, að þessi endurskoðun stæði ekki yfir, eins og sakir standa. Ég tel því, að það sé mjög þarft og raunar sjálfsagt, að það verði enn á ný gerð fsp. til hæstv. félmrh. um þessa marglofuðu og margsviknu endurskoðun á húsnæðismálalöggjöfinni, og ég fagna því út af fyrir sig því framtaki, sem hv. 5. þm. Reykn. sýnir í því, því að það er gott að skipta með sér verkum í þessu. Menn verða þreyttir á því að bera fram sömu fsp. ár eftir ár án þess að fá nokkur svör við þeim, og ég sé ekki annað en það sé heppilegt, að einhver annar taki það nú að sér.

Annars langaði mig til þess að segja örlítið um eitt atriði, sem hv. frsm. ræddi hér. Það er um vísitölubindinguna á skuldabréfunum. Ég er honum sem einn af flm. frv. að vísu sammála um það, að eins og Byggingarsjóður er byggður upp nú, þá er það tæpast mögulegt að fella niður vísitöluákvæði frekar en orðið er, þ. e. a. s. þau séu hálf, vegna þess að það vantar þá svo miklar tekjur í staðinn. En í raun og veru er þetta náttúrlega hreinasta óhæfa, að það séu húsbyggjendurnir einir, sem eru látnir borga verðtryggingu á lán sín. Allir aðrir fá óverðtryggð lán. Þessir menn einir, sem kannske hafa minnsta möguleikana oft til þess að standa undir þeim lánum, sem þeir taka, verða að bera þessar byrðar. Og eins og við munum allir, sem hér erum viðstaddir, þá var það fyrir 2½—3 árum samþ. hér á hv. Alþ., að allar fjárskuldbindingar skyldu verðtryggðar. Þessi lög hafa aldrei komið til framkvæmda. Og það væri kannske ástæða til þess að bæta einni fsp. við til hæstv. ráðh., ef þeir mættu vera að því að koma hér einhvern tíma: Hvernig gengur með framkvæmdina á verðtryggingu fjárskuldbindinga? Ég hygg, að verulegur skriður hafi komið á það mál, vegna þess að verkalýðshreyfingin samdi um það við ríkisstj. og atvinnuveitendur á sínum tíma, að húsnæðislán skyldu vísitölutryggð, þá hafi það, bæði eins og hv. frsm. gat um, verið gert í trausti þess, að eitthvað verði gert frekar í verðbólguviðnáminu, og svo líka þá meðfram út af hinu, að menn ætluðu sér áreiðanlega þá að verðtryggja öll lán.

Ég skal ekki vera að þreyta þessu fáu dm., sem hafa haft tíma til þess að vera viðstaddir í dag, á því að vera að halda hér lengri ræðu. En ég verð að segja það, að húsnæðismálin ættu að vera meira virði fyrir alþm. en svo, að helmingur þeirra eða rúmlega það láti sig engu skipta það, sem um þau er sagt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

52. Smíði fiskiskipa innanlands.

Á 13. fundi í Ed., 11. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um nýsmíði fiskiskipa innanlands [83. mál] (þmfrv., A. 92).

Á 15. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Guðbjörnsson): Herra forseti. Á þskj. 92 hef ég ásamt 1. þm. Norðurl. v. leyft mér að flytja frv. um nýsmíði fiskiskipa. Á undanförnum tveimur þingum höfum við staðið að flutningi á frv., efnislega næstum samhljóða því

frv., sem hér er flutt. Á þinginu 1967 dagaði það uppi, en á síðasta þingi var því vísað til hæstv. ríkisstj. Frv. er, eins og ég sagði, að mestu efnislega shlj. þeim frv., sem áður hafa verið flutt, en nú hljóðar þetta frv. þannig, með leyfi hæstv. forseta:

1. gr.: „Ríkisstj. hafi forgöngu um að láta smíða innanlands fiskiskip með það fyrir augum, að þau verði seld einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum í hendur til útgerðar."

2. gr.: „Áætlun verði gerð um smíði fiskiskipa, samtals allt að 12 þús. rúmlestir, og verði smíðinni dreift á árin 1970—1973."

3. gr.: „Fiskveiðasjóður Íslands láti fara fram athgun á gerð og útbúnaði skipanna með tilliti til hagnýtingar nýjustu tækni. Sérstaklega verði athugað um útbúnað til móttöku og geymslu aflans um borð í skipunum. Gerð og útbúnaður skipanna verði háð samþykki Fiskveiðasjóðs Íslands."

4. gr.: „Til framkvæmda samkv. 1. þessum er ríkisstj. heimilt að taka lán, sem svo verði endurlánað Fiskveiðasjóði Íslands. Fiskveiðasjóður annist lánastarfsemi samkv. 1. þessum, og skal upphæð lána til kaupenda skipanna nema 85% af kostnaðarverði."

5. gr.: „Sett verði reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga."

6. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Nýmæli þessa frv. felst fyrst og fremst í því, að ríkisstj. er ætlað að hafa forgöngu um skipasmíðar hjá innlendum skipasmíðastöðvum og skapa aukin verkefni fyrir þær stöðvar, sem smíðað geta stálfiskiskip. Á undanförnum árum hefur átt sér stað allmikil fjárfesting í nýjum skipasmíðastöðvum og dráttarbrautum. Jafnframt hafa ýmsar eldri stöðvar verið stækkaðar og endurbættar. Nú er svo komið, að innlendar stöðvar hafa tæknilegt bolmagn til þess að annast allt viðhald, endurnýjun og aukningu alls fiskiskipaflotans. Með aukinni menntun iðnaðarmanna og vaxandi þekkingu og reynslu geta Íslendingar smíðað sjálfir þau fiskiskip, sem þeir þarfnast. Hins vegar er þess að geta, að þó að hér á landi sé í rauninni mikill markaður fyrir fiskiskip af öllum stærðum, hefur eftirspurn eftir skipum verið háð miklum sveiflum. Veldur þar margt, og skal ég ekki rekja það nánar hér, en misjöfn eftirspurn hefur leitt til þess, að afkastageta og möguleikar skipasmíðastöðvanna hafa ekki nýtzt og verkefnaskorturinn valdið erfiðleikum hjá fyrirtækjunum og atvinnuleysi þeirra, sem að skipasmíðaiðnaðinum vinna. Það er því augljóst, að ef öll fiskiskip Íslendinga væru smíðuð innanlands og áætlun gerð um þetta til nokkurra ára, væri hér um að ræða stóriðju, sem veitti fjölda manns örugga atvinnu.

Um það er enginn ágreiningur, að efling skipasmíðastöðva innanlands er ein þýðingarmesta ráðstöfunin til að vinna bug á atvinnuleysi og tryggja atvinnu til frambúðar. Fyrir rekstur skipasmíðastöðvanna skiptir það meginmáli að hafa samfelld verkefni, og væri afkastageta stöðvanna fullnýtt, eins og hún er í dag, mætti tvöfalda þann mannafla, sem nú vinnur við skipasmíðar.

Íslenzk fiskiskip eru að ýmsu leyti frábrugðin fiskiskipum annarra þjóða, og þau, sem erlendis hafa verið byggð, hafa ekki verið miðuð við íslenzkar aðstæður. Þetta leiðir hugann að því, að mikið vantar á, að athugun á gerð og búnaði öllum með tilliti til hagnýtingar nýjustu tækni eigi sér stað í skipasmíðum. Að vísu er til tæknideild á vegum Fiskifélags Íslands, en sú stofnun er þess engan veginn megnug, eins og nú er, að leysa þetta veigamikla og þýðingarmikla hlutverk af hendi.

Í 3. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóður Íslands láti fara fram athugun á gerð og búnaði skipanna. Út af fyrir sig er það ekki aðalatriðið, hvaða stofnun framkvæmir þessa athugun eða vinnur að þessum málum. Aðalatriðið er, að þetta sé framkvæmt og einhver aðili hafi til þess bolmagn að vinna við þessi rannsóknarstörf. En vanbúin stofnun, hvað sem hún heitir, er ekki til þess fallin að skila árangursríku starfi. Tæknileg rannsóknarstofnun, sem kerfisbundið leitar að hagkvæmum lausnum vandamála, sem alltaf koma í ljós við smíði og síðar rekstur skipa, getur orðið bæði skipasmíðaiðnaðinum og sjávarútveginum í heild ómetanlegur stuðningur. Það, sem vakir fyrir okkur flm. þessa frv. með þessu ákvæði í 3. gr., er að undirstrika þá nauðsyn að jafnhliða því, sem fylgzt er með þróun mála í þessum efnum erlendis, sé ekki síður hagnýtt sú reynsla, sem íslenzkir fiskimenn öðlast, og sú verkkunnátta, sem þeir hafa til að bera. Á þetta teljum við að hafi mikið skort og hér verði að ráða bót á hið allra fyrsta.

Það er skoðun okkar, sem að þessu frv. stöndum, að svo bezt komi sú fjárfesting í dráttarbrautum og skipasmíðastöðvum að gagni, að nægileg verkefni verði fyrir hendi og að lánskjör í þessu sambandi verði með aðgengilegum kjörum. Uppbygging skipasmíðastöðvanna hefur verið dýr og krefst þess vegna mikilla verkefna. Þess vegna er mikil þörf á að skipuleggja þau verkefni, sem þessi fyrirtæki geta leyst af höndum.

Hinn 27. marz s. l. var af hálfu hæstv. ríkisstj. gefin sú yfirlýsing, að fyrirætlun atvinnumálanefndar ríkisins væri sú, að láta gera sérstakar áætlanir um skipasmíðar hið fyrsta. Ekki er mér kunnugt um, að sú áætlun hafi séð dagsins ljós. Það verður þá leiðrétt, ef það er rangt, a. m. k. hef ég ekki séð hana, en það er full þörf á sérstökum ráðstöfunum í þessu efni, og við teljum, að ríkið eigi að hafa forgöngu í þessu efni, eins og raunar hefur verið viðurkennt í þeirri yfirlýsingu, sem ég minntist á áðan. Það er heldur engin nýlunda, að ríkið hafi forgöngu í því að láta smíða skip. Fyrir tveimur áratugum hafði ríkið l. samkv. forgöngu um byggingu skipa erlendis. Hvers vegna skyldi ekki einnig ríkið geta haft forgöngu um innlendar smíðar nú? Við þetta má svo bæta, að ýmsar þjóðir hafa á undanförnum árum, bæði beint og óbeint, veitt skipasmíðaiðnaði sínum mikla fyrirgreiðslu m. a. með útvegun lána með mjög hagstæðum vaxtakjörum. Það bendir allt til þess, að það sé þjóðhagslega mjög hagkvæmt og þýðingarmikið að tryggja skipasmíðaiðnaðinum nægileg verkefni, svo að afkastageta stöðvanna verði nýtt til fulls, og í því efni ber ríkinu að hafa forystu. Við verðum að nýta sem bezt fjárfestinguna í atvinnuleys-

inu og um leið verkkunnáttu iðnaðar- og fiskimanna.

Með frv. þessu, sem hér liggur fyrir, er lögð á það áherzla, að nú verði gert stærra og meira átak í þessum málum og skipulegra en áður hefur verið gert. Til þess að það sé mögulegt, verður að tryggja fjármagn til þessara framkvæmda. Það er talið, að Fiskveiðasjóð Íslands skorti fé á árinu 1970 til að standa við skuldbindingar þær, sem sjóðurinn hefur þegar tekizt á hendur. Þess vegna er í frv. þessu gert ráð fyrir lántöku, svo að framkvæmdir geti hafizt með eðlilegum hætti. Ekki er, svo að vitað sé, búið að útvega Fiskveiðasjóði það fé, sem sjóðurinn þarfnast á árinu 1970, og þess vegna væri ekki óeðlilegt að sameina þá fjáröflun þeirri, sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Samkv. 4. gr. frv. er einnig gert ráð fyrir, að lán úr Fiskveiðasjóði verði 85% af kostnaðarverði skipanna. Hámark lána úr Fiskveiðasjóði er nú 75% af kostnaðar- eða matsverði. Oft hefur verið rætt um að hækka lánshámark út á skip byggð innanlands, þ. e. að Fiskveiðasjóður lánaði beint 85%, en ekki hefur slíkt fengið lagagildi enn. Nýlega hefur opinberlega verið tilkynnt um, að Fiskveiðasjóður muni lána skipasmíðastöðvum út á skip í byggingum, þótt sala skipsins sé ekki tryggð fyrirfram. Þetta er nýmæli og spor í rétta átt, og ber að virða þann vilja, sem þar kemur fram. Hins vegar eru á þessu vissir annmarkar, eins og reglurnar um lánveitingar þessar bera með sér. Fiskveiðasjóður mun t. d. ekki lána með þessum hætti út á skip stærri en 75 smálestir, nema erlend lán verði tekin af skipasmíðastöðvunum fyrir efni, vélum og tæknibúnaði.

Enda þótt endurnýjun og aukning skipastóls á undanförnum árum hafi verið framkvæmd með erlendu fjármagni, sem kaupendur hafa tekið að láni, er það ekki æskileg leið. Hitt hefði verið í alla staði eðlilegra og hagkvæmara að Fiskveiðasjóður eða ríkissjóður tæki erlend lán, er varið skyldi til kaupa á vélum, efni og öðrum tækjum. Ég hef áður í sambandi við umr. um þetta mál, bent á, að slíkar lántökur erlendis, bæði einstaklinga og félaga, hljóti að leiða til hærra verðs á efni og tækjum og gera skipin þannig mun dýrari en þörf er á. Þau skilyrði, sem Fiskveiðasjóður setur fyrir lánveitingum samkv. hinum nýju reglum, eru ekki aðgengileg, en þetta er þó spor í rétta átt. Þrátt fyrir það, sem áunnizt hefur í því efni, að innlendar skipasmíðastöðvar annist að verulegu leyti smíði okkar eigin fiskiskipa, þá er full þörf á enn frekari aðgerðum til stuðnings þessari atvinnugrein, sem mjög er til þess fallin að bæta úr atvinnuleysi og til að tryggja atvinnu til frambúðar. Þess vegna er þetta frv. borið fram.

Við þetta má svo bæta því, að ýmislegt bendir til þess, að fái þessi atvinnugrein nægilegan stuðning í upphafi, geti þróunin orðið sú, að íslenzk fiskiskip verði samkeppnisfær og eftirsótt söluvara á erlendum markaði. Hér á landi eru einhverjir beztu og afkastamestu fiskimenn í víðri veröld. Við höfum möguleika á að notfæra okkur reynslu þeirra og þekkingu í meðferð ýmiss konar tækja um borð í skipunum. Sú staðreynd getur tvímælalaust orðið mikill ávinningur, ef íslenzk skip gætu orðið útflutningsvara.

Hvernig sem á þessi mál er litið, er hér um stórmál að ræða, sem taka verður föstum tökum. Íslenzkar skipasmíðastöðvar eru þess megnugar að sinna því verkefni, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Verkkunnátta og vandvirkni íslenzkra iðnaðarmanna í þessum greinum er slík, að þeir standa stéttarbræðrum sínum fyllilega jafnfætis. Ef lánamálum skipasmíðastöðvanna verður komið í hagkvæmt horf, geta þær keppt við aðrar þjóðir um smíði fiskiskipa. Það er þjóðhagslega mikilvægt, að skipasmíðastöðvarnar hafi nægileg verkefni og framleiðslugeta þeirra verði nýtt til fulls. Við höfum ekki efni á að láta þá möguleika, sem felast í þessum iðnaði, ónýtta.

Herra forseti. Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hæstv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

53. Umferðarlög (frv. BFB o. fl.).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968 [91. mál] (þmfrv., A. 107).

Á 16. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við fjórir þm. í þessari hv. deild höfum leyft okkur að bera fram frv. á þskj. 107. Samkv. 3. málsgr. 27. gr. umferðarlaga getur enginn fengið leyfi til að aka leigubifreið til mannflutninga, nema hann hafi m. a. staðizt viðbótarpróf eða svokallað meirapróf og fullnægi að öðru leyti skilyrðum, sem nánar eru ákveðin í reglugerð. Nú hefur það oft viljað bera við í sveitum úti, að slíkir réttindamenn hafa ekki verið til staðar, og sérstaklega hefur það komið fram í sambandi við heimanakstursskóla, sem eru æði margir, að um flutninga á unglingum og skólabörnum hefur ekki tekizt að ná til svokallaðra réttindamanna. Því hefur raunin orðið sú, að bifreiðarstjórar hafa ekið skólabörnum og unglingum án þess að að hafa þessi viðbótarréttindi. Nú hefur það komið fram a. m. k. í einu skólahverfi á Suðurlandi, að kært hefur verið yfir þessum réttindalausu bifreiðarstjórum, sem annast slíkan akstur. Ég fékk fyrir nokkrum vikum bréf frá skólanefnd Laugalandsskóla í Holtum, sem er einn af fjöl-

mennari barna- og unglingaskólum og er heimanaksturssköli. Vildi ég, með leyfi forseta, lesa upp úr þessu bréfi nokkrar glefsur, til þess að hv. þm. skilji betur það mál, sem við höfum hér borið fram. Þar segir m. a.:

„Í byrjun okt. 1969 voru opnuð tilboð í akstur á skólabörnum í Laugalandsskóla í Holtum. Skólanefnd hafði skipulagt akstur þannig, að 7 af 8 leiðum var hægt að sinna með akstri jeppabifreiða og miðað við 5—8 börn í hverri bifreið. Í tveim tilfellum voru þó 9 börn, en aðeins ⅓ skólatímans. Tilboð í þennan akstur voru mismunandi, en að lokum samið um 8 kr. greiðslu á hvern ekinn km. Allur aksturskostnaður verður því um 370 þús. kr. fyrir yfirstandandi skólaár. Samið var m. a. við 7 bílstjóra, og hefur enginn þeirra svokallað meirapróf, sem umrædd grein gerir þó ráð fyrir, að slíkir hafi. Skólanefnd er kunnugt um, að borið hefur verið fram kæra um meint brot á gildandi reglum vegna þessa aksturs.“

Svo segir skólanefnd og undirstrikar það:

„Á meðan ekki fæst úr því skorið, hvort þessi ákvæði eru brot á gildandi reglum eða ekki, treysta skólanefnd og oddvitar viðkomandi hreppa, en þeir eru þrír, sem standa að skólanum, sér ekki til þess að halda uppi þessum akstri, og er því búið að loka skólanum, og þetta er einn af fjölmennustu skólunum á þessu svæði.“

Skólanefnd segir enn fremur í þessu bréfi, að hún áliti, „að útilokað sé að framkvæma þennan akstur skólabarna á þann veg, að aðeins menn með svokallað meirapróf annist hana, nema til komi stórkostlegur kostnaðarauki fyrir sveitarfélög og ríkið. Auk þess álítur skólanefndin, að akstursfyrirkomulag, sem hún hefur skipulagt, tryggi öryggi barnanna betur en nokkurt annað skipulag. Hér aka menn á leiðum, sem þeir eru þaulkunnugir, og með því að láta þá aka í mörgum jeppum frekar en í færri og stærri bílum styttist akstursleið barnanna stórlega.“

Og að lokum segir í þessu bréfi:

„Skólanefnd getur ekki sagt til um, hvernig sú lausn á að vera, sem til þarf, þar sem hana skortir kunnugleika á gildandi reglum og lagaákvæðum, en á hinn bóginn er skólanefndin sannfærð um, að skipulag á yfirstandandi skólaári sameini þrjá veigamikla kosti: Í fyrsta lagi: Öryggi barnanna er bezt borgið með því, að á hverri leið aki þeir menn, sem eru þeirri leið þaulkunnugir. Í öðru lagi: Akstursleið og þar með aksturstími verður mun styttri en með öðru fyrirkomulagi. Og í þriðja og síðasta lagi: Aksturskostnaði, sem fer vaxandi fyrir sveitarfélög, er hægt að halda innan sanngjarnra takmarka.“

Þetta segir skólanefndin við þennan skóla. Nú er það vitað, að ýmis tryggingafélög hafa tekið að sér að annast fyllstu slysatryggingar, þegar svo hefur staðið á, að svokallaðir minnaprófsmenn hafa aksturinn með höndum. Og margir aðrir aðilar, sem koma nærri þessum málum, hafa einnig litið fram hjá þessu réttindaleysi ökumanna og gert það í því skyni að lama ekki fullkomlega aksturskerfið.

Eins og kom fram í bréfinu, sem ég var að lesa frá Laugalandsskóla, þá segja skólanefndarmennirnir, að þeir hafi lokað skólanum vegna kærunnar, sem fram hefur komið, þannig að ástandið er þarna mjög alvarlegt og þarf skjótrar lausnar við. Þetta vandamál höfum við, sem flytjum þetta frv., talið rétt að leysa með þeim hætti, að dómsmrh. fái í hendur heimild til þess að víkja frá áður nefndum ákvæðum umferðarlaganna. En heimildin sé bundin því skilyrði, að alveg sérstaklega standi á og um akstur á skólabörnum og unglingum sé að ræða í sveitum úti, þ. e. a. s. þegar ekki næst í svokallaða meiraprófsmenn. Og við flm. gerum líka ráð fyrir því, að miðað verði við það, að undanþága sé einungis veitt til eins árs í senn og leitað sé umsagna aðila, sem gerst eiga að þekkja ökumenn, þessir aðilar væru lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi, bifreiðaeftirlitsmaður, og sennilega ætti einnig að leita umsagnar menntmrn. hvert sinn, þannig að ef þessum skilyrðum væri fullnægt, þá væri nokkurn veginn vel fyrir séð. Þannig yrði þetta algert undantekningarákvæði og mjög þröngt skoðað og skýrt.

Það er að sjálfsögðu hægt að benda á aðrar leiðir til úrlausnar þessum vanda, sem lengra væri til, en við tillögumenn teljum, að vandinn sé svo aðkallandi, að það verði að ráða bót á honum svo fljótt sem auðið er. Ég gæti t. d. vel hugsað mér það, að fellt væri úr l. meiraprófsskilyrðið, en inntekið almennt ökupróf með ströngum skilyrðum. En ég geri ráð fyrir, að slík till. þyrfti ítarlegrar athugunar við, og að mínu áliti er ekki tími til þess að bera slíka till. fram nú, eins og sakir standa. Ég t. d. tel, að ökumenn bifreiða þurfi ekki að kunna svo mjög mikið á vélar og annað slíkt, vegna þess að það er sérstakt fag. Og yfirleitt leita langflestir ökumenn til kunnáttumannanna um allt slíkt. Hins vegar ætti að leggja meira kapp á það, að þeir, sem aka t. d. leigubifreiðum til mannflutninga, ættu að ganga undir sérstakt próf einhvern veginn á þá leið, að þeir sýndu sig vera kurteisa og prúða menn í hvívetna og kynnu yfirleitt að umgangast farþega með þeim hætti, sem við ætti. En hins vegar að leggja kapp á það, að menn kunni á vél bifreiðar, það er meira og minna út í hött, eins og áður segir. Meirapróf, skilst mér, er til þess, að menn séu kunnugri um gang véla og samsetningu véla og séu til reiðu og geti gert við bifreiðar. Þetta er út af fyrir sig gott og blessað, en ég tel það út af fyrir sig ekkert höfuðatriði. Ég vildi aðeins minnast á þetta atriði. Ég hef heyrt marga kunnuga menn ræða einmitt um það, að það sé æði vafasamt að skipta ökumannsprófi í þessa tvo hluta. Undanþágur af ýmsu tagi frá réttindum hafa átt sér stað, líkt og í 1. gr. segir, þannig að þetta er ekkert nýmæli, sem felst í frv., sem hér liggur fyrir.

Ég vil geta þess, að ég hef fengið þær upplýsingar í menntmrn., að skólar af þessu tagi, sem ég hef rætt um, þ. e. barna- og gagnfræðastigsskólar, muni nú vera um 90 talsins og margir af þeim heimanakstursskólar. Þetta frv. snertir því æðimarga skóla í okkar landi, og vafalaust eru ökumenn á skólabílum margir hverjir og kannske að meiri hluta menn, sem ekki hafa það próf, sem lög í dag ákveða og tilskilja.

Ég ætla ekki að viðhafa fleiri orð um frv., en

vænti þess, að hv. dm. taki því vel og það fái sem greiðastan gang í gegnum d.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10:1 atkv.

Á 53. og 54. fundi í Ed., 10. og 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 16. marz, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 107, n. 368 og 378, 379).

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Allshn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, sem hér er til umr. Meiri hl. n. mælir með samþykkt frv. með nokkurri breytingu, sem fram kemur í till. meiri hl. n. á þskj. 379. Minni hl. í n., sem er andvígur frv., hefur skilað séráliti. Hv. 12. þm. Reykv., Ólafur Björnsson, var ekki staddur á nefndarfundi, þegar þetta mál var afgr. úr n.

Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls í hv. d., er það fram komið vegna þeirrar miklu þarfar, sem virðist víða um land vera á því, að skólanefndum barna- og unglingaskóla sé eftir atvikum heimilað af dómsmrh. að ráða til nemendaaksturs, þegar því er að skipta, ökumenn, sem hafa ekki hlotið svokallað viðbótarpróf eða meirapróf. Skólar, sem búa við þetta akstursfyrirkomulag frá skóla og til skóla, munu alls vera í landinu um 90 talsins, eftir því sem menntmrn. hefur upplýst. Nú er það svo, að skólanefndir hafa yfirleitt þann hátt á, þegar um slíkan akstur er að ræða, að bjóða hann út fyrir hvert skólaár í senn innan sveitar eða skólahéraðs. Þegar um stærri skólahéruð ræðir, hafa skólanefndir talið hentara vegna nemendanna að notast við minni bifreiðar og stytta þannig akstursleiðir. Og við það að stytta þannig akstursleiðir með því að nota minni bifreiðar á styttri vegalengdum hefur sparazt verulegur tími fyrir nemendur, og við höfum dæmi um það, að akstурstíminn hafi stytzt allt að því 2—3 klst. á dag við þetta fyrirkomulag. Og notkun þessara minni bifreiða, sem eru yfirleitt þéttar, að ég hygg, hefur, að því er við vitum í meiri hl. n. bezt, gefizt sæmilega vel og enda vel, og öryggi nemenda hefur verið tryggt eigi að síður. Á þessum leiðum aka bílstjórar, sem skólanefnd gjörþekkir og eru enda líka þaulkunnugir vegum og öllum aðstæðum. En sem sagt, það hefur oft verið gripið til þess ráðs, bæði í mínu héraði og víða um land, að leita til ökumanna, sem ekki hafa hlotið þetta meirapróf, vegna þess einfaldlega að ekki hefur náðst til manna, sem hafa þetta viðbótarpróf, fyrst og fremst. Og jafnvel þó að viðbótarprófsmenn hafi verið til staðar í skólahéraðinu eða í sveitinni, þá hefur það oftlega komið fyrir, að þeir hafa haft öðrum störfum að gegna eða hreinlega ekki kært sig þá um þetta starf.

Varðandi það, eins og drepið var á í umr. um þetta mál í n., að leita mætti þá út fyrir skólahéruð eða sýslur, þá tel ég, að það komi vart til mála, vegna þess að slíkir réttindamenn mundu ekki telja sér henta að vera fjarvistum frá heimilum sínum, svo að langtímum skiptir, til þess að stunda slíkan atvinnurekstur sem þennan.

Ákvæði frv. og brtt. okkar í meiri hl. n. á þskj. 379 miða að því að greiða fyrir því, að góðir og gætnir ökumenn, þótt þeir hafi eigi lokið þessum meiri háttar prófum, en hafa aðstöðu til að aka og ráða yfir traustum og vel búnum farkostum, geti hindrunarlaust annazt þessa flutninga, þegar alveg sérstaklega stendur á.

Ég vil þessu næst koma að tveim umsögnum um þetta mál, sem borizt hafa n. Önnur er frá Bifreiðaeftirliti ríkisins og hin frá Félagi ökukennara. Félag ökukennara leggur til, að frv. verði fellt, án frekari rökstuðnings þó í umsögninni. Bifreiðaeftirlitið aftur á móti rökstyður nokkuð sína umsögn og leggur til, að frv. nái eigi fram að ganga. Þessa umsögn Bifreiðaeftirlitsins vildi ég lítillega gera hér að umræðuefni.

Fyrst og fremst telur eftirlitið í umsögn sinni, að auðvelt sé að fá ökumenn með viðbótarprófsréttindum til þeirrar þjónustu, sem hér ræðir um, nemendaaksturs í sveitum úti, á því sé enginn vafi. Svo mörg eru þau orð. Ef svo auðvelt væri fyrir skólanefndir víðs vegar um land að kaupa til sín slíka réttindamenn til þessarar þjónustu, eins og eftirlitið vill vera láta, þá hefði þetta frv. aldrei verið borið fram. Það aksturskerfi, sem skólanefndir víðs vegar telja bezt henta, krefst fleiri ökutækja og þar af leiðandi fleiri ökumanna. Þar í liggur eitt meginatriði þess vanda, sem við er að etja. Fullyrðing eftirlitsins fær að minni hyggju alls ekki staðizt.

Í öðru lagi telur Bifreiðaeftirlitið nauðsynlegt, að gætnir og góðir ökumenn annist akstur á skólabörnum, en ekki lítt reyndir unglingar, 18—20 ára að aldri. Um þetta atriði í umsögninni er það að segja, að hér er auðvitað hárrétt til getið. En vissulega eru þeir ökumenn margir, sem eru bæði gætnir og góðir, jafnvel afburða ökumenn, þó að eigi hafi þeir hlotið viðbótarpróf. En um aldurinn 18—20 ára er það að segja, að í till. meiri hl. á þskj. 379 er einmitt tekið fram um það, að lágmarksaldur í þessu efni sé bundinn 20 ára aldri, og þannig fer að þessu leyti saman álit okkar í meiri hl. og álit Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Í þriðja lagi segir í umsögn Bifreiðaeftirlitsins, að misbrestasamt hafi verið og sé, að bifreiðar í nemendaakstri hafi verið í lagi eða af eftirlitinu samþykktar til slíkrar þjónustu. Eigi skal þessu móti mælt, síður en svo. En í till. meiri hl. eru einmitt fullgildar skorður settar við því. Bifreiðar undanþáguökumanna verða grandskoðaðar af hálfu Bifreiðaeftirlits, áður en til notkunar eru teknar, sbr. brtt. meiri hl. n. á þskj. 379. Þannig er fyrir það girt eða á að vera fyrir það girt, að til lélegra ökutækja í þessu skyni verði gripið. Er því til fulls gætt þessarar aths. Bifreiðaeftirlitsins í brtt. meiri hl. n.

Í fjórða lagi telur Bifreiðaeftirlitið jeppabifreiðar ekki hentugar til fólksflutninga og sízt á nemendum, þegar ökumenn jeppanna hafa ekki fengið fræðslu um, hversu jeppar geta verið

varhugaverðir í akstri, enda ekki byggðir sem farþegatæki. Um þetta atriði er það að segja, að það er alkunna, að Bifreiðaeftirlit ríkisins hefur skráð og skráir jeppa sem fólksbifreiðar með leyfi til flutnings svo og svo margra farþega. Vátryggingafélög taka farþegatryggingar, að því er varðar jeppa, fullkomlega til greina, og ekki er vitað, að hærri slysatryggingaiðgjöld séu greidd af jeppum en af öðrum fólksflutningabifreiðum. Svo má geta þess, að jeppar hafa hingað til, — svo vítt við vitum í meiri hl., — verið taldir alveg sérlega góð farartæki, þegar um erfiða vegi og ófærð hefur verið að ræða, og henta að því leyti mun betur, þegar því er að skipta, að vetrarlagi til farþegaflutninga, hvort sem það eru nemendur í skólum eða aðrir. Þessi hluti umsagnar Bifreiðaeftirlits ríkisins er því mér og öðrum í meiri hl. n. harla framandi og við alls ekki, því miður, alveg með á nótunum. Við þetta er svo því að bæta, að þeim, sem vanir eru að aka jeppunum, og þá eru það ekki sízt menn í sveitum úti, er trúandi til þess að vita nokkurn veginn til akurshæfni jeppa og alla þeirra gerð og mun betur en hinum, sem grípa í slíkar bifreiðar tíma og tíma.

Í fimmta lagi varar Bifreiðaeftirlitið við því, að tryggingafélög taki að sér að tryggja bifreiðar til farþegaflutnings, án þess að fyrir liggi yfirlýsing frá Bifreiðaeftirlitinu um, að bifreiðarnar fullnægi þeim kröfum, sem gerðar verða til bifreiða, sem aka gegn gjaldi. Hér er hárrétt á litið, og í till. meiri hl. n. eru einmitt ákvæði, sem eiga að tryggja þetta.

Með frv. og brtt. meiri hl. n. er þannig til skila haldið og eftir farið öllu eða flestu því, sem umsögn Bifreiðaeftirlits ríkisins fjallar um. Aðeins verður ekki af okkar hálfu fallizt á, að alls staðar sé nægum fjölda meiraprófsmanna til að dreifa, svo að akstri, sem skólanefnd telur bezt henta, verði við komið, og þess vegna sé engin þörf undanþágu. Eins og ég hef áður sagt, fær þessi fullyrðing eftirlitsins alls ekki staðizt. Hún er ekki raunhæf, því að það eru mjög víða um land einmitt sannanir fyrir því, að slíkir menn hafa alls ekki verið tiltækir og það í mjög mörgum tilfellum. Og okkur þykir fyrir því í meiri hl., að eftirlitið skuli ekki hafa komið auga á þá miklu þörf, sem er á frv. ásamt þeim till. frá meiri hl., sem því fylgja, til þess að bæta úr þeirri mjög brýnu þörf, sem hér er á ferð. Og fyrir þessari þörf er að okkar áliti bezt séð einmitt með lagaákvæðum eins og þeim, sem getur um í frv. og brtt., eins og á stendur.

Þá vil ég víkja örfáum orðum að áliti minni hl. n. Minni hl. telur það hina mestu óhæfu, eins og það er orðað, að aðrir en meiraprófsmenn aki nemendum, hvar svo sem er og hvernig sem á stendur. Það telst til óhæfu samkv. þessu, að góðir og gætnir ökumenn, tvítugir að aldri eða eldri, fái undanþágu til nemendaaksturs um mjög takmarkaðan tíma eða í hæsta lagi eitt skólaár, þegar þannig háttar, að viðbótarprófsmönnum er ekki til að dreifa. Og það sé þá að sjálfsögðu hin sama óhæfa, þótt þessir undanþágumenn verði að hlíta hverju sinni umsögn viðkomandi lögreglustjóra að undangenginni athugun hans um feril ökumannsins. Og ekki aðeins, að slík umsögn þurfi fyrir að liggja, heldur og ekki síður þurfi fyrir að liggja umsögn Bifreiðaeftirlitsins um hvern einstakan undanþáguökumann persónulega og ástand og öryggisbúnað farartækis hans. Minni hl. gerir því að till. sinni að vísa þessu vandamáli, sem hér hefur verið lagt til úrlausnar á hv. Alþ., frá frekari meðferð, eins og hverju öðru einskis nýtu úrkasti.

Ekki segir minni hl. neitt til um það, hvernig fara eigi að, þegar einhverra hluta vegna ekki næst til viðbótarprófsmanna, en það er einmitt höfuðatriðið í þessu máli, hvað í slíkum tilfellum eigi til bragðs að taka. Á þá að fella niður skólahald að einhverju leyti eða kannske öllu, ef svo gæti staðið á? Það er spurningin. Við í meiri hl. n. teljum réttara, að þá verði gripið til undanþágu með ströngum skilyrðum. Það skólaár a. m. k. yrði bráðasti vandinn leystur eftir atvikum með viðunanlegu móti. Þetta er kjarni málsins. En með hinni rökstuddu dagskrá hefur minni hl. alls ekki sagt sitt síðasta orð. Hann setur fyrir lekann, ef svo kynni að fara, að hin rökstudda dagskrá yrði ekki samþ. Í því falli leggur minni hl. til, að undanþágumennirnir öðlist rétt til frambúðar og undanþágan gildi þannig alveg takmarkalaust. Þá sé öllu óhætt og alls öryggis gætt. Undanþágan, sem var af minni hl. hálfu talin óhæfa, þó að undanþága væri, hrein undantekning, bundin óvenjulegum skilyrðum til einungis eins árs, þá er undanþágan nú orðin að prýðilegri reglu, sem bundin er með lagaákvæði og engir meinbugir á, að hún veiti hin fyllstu réttindi um alla framtíð. Hér sýnist nú okkur í meiri hl. n. nokkuð óljós röksemdafærsla og ekki kenna fyllsta samræmis.

Hitt er svo allt annað mál, og um það hefur n. alls ekki fjallað, a. m. k. ekki svo að ég viti til, hvort athuga eigi um það að leggja niður hið svokallaða viðbótarpróf og allt það stand, sem slíku prófi fylgir, og láta eitt almennt, en býsna strangt bifreiðastjórnarpróf gilda, hvert sem farartækið er og hvernig sem notkun þess er háttað. Þetta er vissulega mál út af fyrir sig. En á það mun ég ekki leggja dóm að þessu sinni. En eins og ég sagði, með þessu frv. og þeim brtt., sem meiri hl. n. hefur lagt hér fram, er verið að freista þess að leysa úr bráðum vanda með undantekningu frá lagaákvæði, sem er bundin ströngum skilyrðum, eins og vera ber.

Nú vitum við það vel, að ýmsar undanþágur hafa átt sér stað og ekki aðeins um minni háttar efni, heldur meiri háttar, t. d. í sambandi við skipstjórn, við vélstjórn, ég tala nú ekki um allar þær undanþágur, sem hafa gilt, þegar ekki hefur verið hægt að ná til kennara með fullu prófi og fullum réttindum. Það hefur verið fjöldi manna við kennslu á ýmsum skólastigum, sem hafa ekki hlotið fullnaðarpróf, en orðið að notazt við þá og verið lengi. Þannig hafa verið löðrandi í ýmsum efnum einmitt undanþágur frá ýmsum prófum vegna þeirrar þarfar, sem er á því, að störfin séu rekin og rækt, en ekki felld niður. Og hér er einmitt eitt dæmið um það, hversu mikil nauðsyn er á því að fá slíka undanþágu.

Þegar litið er til þessara ströngu skilyrða, þessara umsagna og annars, sem að skilyrðum til undanþágu lýtur, þá er það mat okkar í meiri

hl. n., að það sé fráleitt að halda því fram, að öryggi nemenda sé stofnað í sérstaka hættu, ef að því ráði væri horfið, sem um getur í frv. og brtt. Ég mundi miklu fremur vilja segja það, að meiri kröfur séu með þessum hætti gerðar til ökumanns persónulega, aksturshæfni hans og farartækis hans en ella væri. Og það sýnist mér líka eðlilegt, þar sem um sérstaka undanþágu er að ræða frá lagaákvæði og miklu varðar, að vel takist til um þennan starfa, þannig að mér sýnist engum vandkvæðum bundið, að hér verði samþ. þessi undanþága.

Ég hef lýst því í stórum atriðum, hvernig þetta mál liggur fyrir, þannig að það á að vera hv. dm. alveg fullljóst, að hverju frv. ásamt með fram lögðum brtt. meiri hl. stefnir. Við leggjum því til í meiri hl., að frv. ásamt brtt. á þskj. 379 verði samþ.

Frsm. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þetta frv. gerir ráð fyrir því, að gefa megi út undanþágu frá umferðarlögunum, sem annars krefjast þess, að þeir, sem aka bifreiðum til mannflutninga, þurfi af öryggisástæðum að hafa til þess sérstakt viðbótarpróf, svokallað meirapróf. En undanþágan, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er miðuð við það, að þó þurfi ekki slíks prófs til þess að aka skólabörnum í sveitum landsins. Ég verð að segja það, að grundvallarhugsunin í þessu frv. er mér feikilega fjarlæg, og það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. n. sagði hér áðan, að okkur í minni hl. finnst það óhæfa, að önnur og minni próf skuli þurfa til þess að tryggja öryggi barna í flutningum, skólabarna, en annars fólks. Það má vel vera, að við séum ekkert mjög fjölliðaðir um þessa skoðun, en hún verður engu að síður ekki frá mér tekin. Ég tel, að þess, sem nauðsynlegt er talið til almenns farþegaflutnings, eigi einnig að krefjast til flutnings skólabarna. Meiri hl. leggur til, að þetta frv. verði samþ. og aftan við það kræki viðbótargrein, eða við eina gr. þess verði bætt því ákvæði, að undanþágan skuli bara gilda í eitt ár í senn og viðkomandi undanþáguhafi skuli hafa náð 20 ára aldri og að tveir aðilar, lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi og bifreiðaeftirlit samþykki það, að viðkomandi maður sé hæfur.

Ég vil lýsa yfir því, að ég skil vel þörfina fyrir þessu. Ég veit um, að það er ekki bara einn skóli, heldur margir skólar, sem eiga í örðugleikum vegna þessa ákvæðis, en að það sé hægt að leysa úr því með þessum hætti að gefa árlega út nýjan og nýjan pappír, jafnvel til manna, sem eitt sinn er búið að meta fullkomlega hæfa, og að því er hv. frsm. meiri hl. hélt hér fram áðan, gera til hans strangari kröfur en þeirra, sem taka viðbótarpróf, það sé ég ekki til hverra bóta á að vera. Annaðhvort er maðurinn hæfur og getur fengið skírteini upp á það eða þá hann er það ekki og fær þá væntanlega ekki skírteini, en að það þurfi að gefa honum það út árlega, það sé ég ekki, hverju hlutverki á að þjóna.

Ég hef verið viðstaddur þar, sem nærfellt allur vélstjórafloti í stærsta fiskiflota landsins, í Vestmannaeyjum, var búinn að missa réttindi fyrir sínu lífsstarfi. Þeir höfðu tekið mótorpróf, vélstjórapróf, sem gaf þeim réttindi til að mega stjórna 150 hestafla vél. Svo stækkuðu vélarnar í flotanum, unz svo var komið, að í rauninni þurfti hver einasti vélstjóri með örfáum undantekningum í þessari stóru verstöð að sækja um það eins og þurfamaður úr hendi einhverra dreissugra yfirvalda oft og tíðum að fá meðmæli í þessum stað, meðmæli í hinum staðnum og að lokum stimpil hjá rn. á pappírinn sinn. Það var um árabil allstór þáttur í mínu starfi að skrifa umsóknir. Ég skrifaði stundum svona 50 umsóknir á ári, og vitanlega eru það ekki allar umsóknirnar, því að ýmsir aðrir hafa skrifað þessar umsóknir, og hvað voru mennirnir að biðja um? Þeir voru að biðja um réttindi til þess að mega iðka sitt lífsstarf, og það sama lífsstarf væri undirstaðan að því, að allir landsmenn gætu haft til hnífs og skeiðar, svo að þeir, sem trúa á undanþágu, gætu mælt með svona hlutum. Ég ætla að fá að vera þar undanþeginn.

Það er rétt, að við erum búin í nokkurri fáfræði að ganga of langt í því á ýmsum sviðum, þ. á m. hér á Alþ., að gera miklar réttindakröfur til eins og annars, jafnvel til þeirra starfa, sem hver maður getur svo séð, að ekki er nauðsynlegt allt, sem krafizt er, til þess að geta rækt starfið. Þannig er það með réttindi til þess að stjórna bifreið til fólksflutninga. Ég hef enga trú á því fremur en hv. frsm. meiri hl., að það séu ekki til mýmargir menn, sem séu ágætlega til þess hæfir að aka bifreiðum í mannflutningum, aðrir en þeir, sem hafa tekið viðbótarpróf, sérstaklega við það miðað. En hvort sem hv. frsm. meiri hl. líkar betur eða verr, þá sé ég ekki, að það sé nein réttlæting til fyrir því að krefjast þessa meiraprófs til mannflutninga, ef það á ekki að gilda líka um skólabörn. Það, að samþykkja það, að aðrir megi aka þeim, menn, sem eru ekki samkv. prófum sínum taldir til þess hæfir, það er að meta skólabörnin lægra en annað fólk, og ég tek ekki þátt í því.

Frsm. meiri hl. telur, að við í minni hl. viljum henda þessu frv. eins og öðru ónýtu skrani eða úrkasti á burt, þó að krafizt sé árlegrar undanþágu. Það er rétt, ég lít á þetta frv. sem algert skran og rusl, sem Alþ. eigi að henda frá sér. Ég er ekki farinn að sjá framan í þá alþm., sem í alvöru vilja framkvæma þetta mat, að það þurfi ekki eins að gæta öryggis skólabarna í flutningum og annarra manna, sem ferðast með bifreiðum. Hitt er rétt, og hv. frsm. meiri hl. sér nú ekkert rökrétt samhengi í því, að við gerum allt eins ráð fyrir því, að slíkt geti komið fyrir, að Alþ. samþykki slíkar undanþágur eða slík réttindi, sem frv. gerir ráð fyrir til flutnings skólabarna. Annað eins hefur nú komið fyrir, að það gæti skeð, þó að ég voni nú, að það eigi ekki eftir að ske hér, en þá gerum við ráð fyrir því, **að sá hinn sami maður, sem fengið hefur þessar undanþágur, hafi þar með réttindi til þess að flytja allt fólk.** Ég sé ekki annað en þetta sé fullkomlega rökrétt hugsun, að það eigi ekki að gilda aðrar og minni kröfur um skólabörn en farþega almennt í landinu.

Við í minni hl. höfum gert það að okkar aðaltill., að þessu frv. verði vísað frá með svohljóðandi rökst. dagskrá:

„Með því að Alþ. telur það óhæfu, að minni

kröfur séu gerðar til öryggis í flutningum skólabarna en almennra farþega, tekur d. fyrir næsta *mál á dagskrá*."

Við höfum einnig lagt hér fram varatill., ef þessi rökst. dagskrártill. skyldi ekki ná fram að ganga, og hún er þannig:

„Nú verður gefin út undanþága samkv. þessum l., og skal viðkomandi ökumaður þar með öðlast almenn og fullkomin ökuréttindi til mannflutninga."

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig langar til að leggja hér nokkur orð í belg, og auðheyrt er, að skoðanir manna fara nokkuð á mis í þessu efni, en hér er um nokkurt vandamál að ræða og er víðtækara en fram kemur í grg. með frv., því að það mun vera staðreynd, að margir menn, víða úti um land sérstaklega, sem aka fólki, hafa ekki til þess full réttindi, en eru ágætir ökumenn engu að síður. Þeir hafa ekki tekið hið meira próf, svo nefnda, en eru ágætis vörubílstjórar eða bílstjórar á öðrum ökutækjum, og eru fengir til að aka fólki til og frá vinnustað. Þetta er mjög algengt í sjávarþorpum úti um allt land. Það eru orðnir samningar um það víða, að það þarf að aka fólki í matartíma og kaffitíma til og frá í vinnustað, og þetta vandamál er leyst, þó að ekki sé lögum samkv. með því að fá hæfan mann til aksturs. Ég er á þeirri skoðun, að þetta mál þurfi að endurskoðast rækilega. Væri kannske æskilegast, að það væri gert í heild, úr því að þetta er orðið vandamál víða, bæði með skólabörn og flutninga á öðru fólki, og það sé tekið þeim tökum, að þeim, sem eru hæfir í akstri, þó að þeir hafi ekki fullkomna vélarþekkingu, sem er eitt af undirstöðuatriðum í meira prófinu, sé gefinn kostur á því, e. t. v. með vissum skilyrðum, að inna þetta starf af hendi, því að það, sem krafizt er af manninum við aksturinn, er, að hann skili öruggum og góðum akstri án slysahættu og auðvitað, að hið notaða ökutæki sé í hæfu ástandi til þess að flytja fólk. *Þetta er mikið mál, og ég vildi beina því til* hæstv. allshn., að hún hugleiddi þetta milli 2. og 3. umr., hvort hér sé ekki nauðsyn á að taka málið til endurskoðunar í þessu ljósi.

Ég vil ekki út af fyrir sig vera að gera minni kröfur fyrir skólabörn fremur en einhverja aðra, en það er nú einu sinni svo, að það hefur ekki verið framkvæmanlegt að hafa allt öryggi í þessum efnum, og það hefur rekið á reiðanum hingað og þangað úti um land, og það má eiginlega ekki halda svona áfram. Ég persónulega tel það rétt, að hæfur maður fái að aka fólki til og frá ákveðnum stað, sé þess gætt, að maðurinn standist ákveðið ökupróf, sem þarf alls ekki að vera minna á neinn hátt í þessu tilfelli fremur en hið meira bílstjórapróf, sem veitir þá manninum allsherjarréttindi til að aka fólki gegn leigugjaldi. Hér er um að ræða, að maðurinn fái að aka fólki til og frá ákveðnum stað, án þess að hann taki sérstakt gjald fyrir, en er í þjónustu annaðhvort skólanefndar ákveðins héraðs eða vinnuveitanda. Það, sem skiptir meginmáli frá mínu sjónarmiði, er, að maðurinn sé hæfur til akstursins og sanni það, sennilega æskilegast í eitt skipti fyrir öll, og síðan fái hann slíka viðurkenningu. En þetta þýðir vissa breyt. á umferðarl., en ekki það, að maðurinn þurfi að *sitja mjög langan tíma* á skólabekk til þess að öðlast vissa þekkingu á vél. Ég vildi gjarnan minna á það, að það eru gerðar þær kröfur, sem eru orðnar ósanngjarnar, í meira prófi, að fær vélstjóri þarf að sitja jafnlangan tíma við þetta vélanám og maður, sem bókstaflega þekkir ekkert á vél. Þetta eru gamlar kröfur, orðnar úreltar í dag, og það þyrfti að taka vissa þætti þessara mála til allsherjarendurskoðunar.

Frsm. meiri hl. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Frsm. minni hl. allshn. flutti mál sitt hér áðan af mikilli festu, og var alveg brotalaust að sjá, að hann myndi fylgja því fram til hins ýtrasta. Ég vil aðeins taka það fram í sambandi við ræðu hans og þá sérstaklega, hvað hann virðist vera hissa á því, hv. frsm. minni hl., að þessi tímatakmörkun skuli vera í tillögum meiri hl. allshn. Þannig stendur á þessari tímatakmörkun, að hæfni ökumanns og enn fremur traustleiki farartækis getur breytzt á vissum tímabilum og þess vegna ekki nema eðlilegt, að þessi tími, sem undanþágan á að gilda, sé takmarkaður. Auk þess er svo gert ráð fyrir því, að á næsta skólaári eða í upphafi þess megi finna viðbótarprófsmann, sem fullnægir öllum grundvallarreglum l. um akstur á farþegum gegn gjaldi. Og þá mundi slíkur maður, ef hann sækti um í upphafi næsta skólaárs, að sjálfsögðu verða ráðinn, nema eitthvað sérstakt væri þarna á ferðinni.

Hv. 5. landsk þm. tók alveg réttilega fram um það, í hverju kennsla er fólgin til undirbúnings viðbótarprófi. Hún er fólgin í kennslu á jeppa, að því er varðar vél aðallega, gangi hennar o. s. frv., o. s. frv. En ég hef aldrei heyrt getið um það, að þessir nemendur, sem eru að læra undir viðbótarpróf, séu teknir í akstur bifreiðar, ekki nema í upphafi. Ef þeir geta ekki skammlaust ekið bíl í upphafi og eru prófaðir í því að aka bíl, þá fá þeir ekki að ganga til viðbótarprófs. En aðra æfingu hafa þeir ekki í akstri á þessum námstíma, svo að mér sé kunnugt.

Mér finnst nú þetta meira spurning um form en efni, eins og hv. frsm. minni hl. lagði málið fyrir, og jafnvel fremur orðaleikur en hitt. En sleppum því. Hv. frsm. hefur gert hér skilmerkilega grein fyrir máli minni hl., og það ræði ég ekki frekar. En í sambandi við ræðu hv. 5. landsk. þm. vildi ég segja það, að við í meiri hl. allshn. teljum höfuðnauðsyn, að þessu máli verði flýtt í gegnum Alþ., eins og auðið er. Og ég tel a. m. k. vafasamt, að rétt sé þess vegna að draga fleiri atriði inn í málið á þessu stigi. Ég skil ákaflega vel mál hv. þm. að þessu leyti, að það getur víða verið skortur á viðbótarprófsmönnum en í sveitum úti. En mér finnst þó gegna öðru máli í miklu þéttbýli, þar sem gera má ráð fyrir því, að hægara sé að ná til viðbótarprófsmanna, þó að alténd þurfi það ekki að vera.

Þessi orð vildi ég láta fylgja og tel mig ekki þurfa að segja meira að svo stöddu.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég er meðflm. að umræddu frv. Ég hef litlu við það að bæta, sem frsm. meiri hl. n. hefur fært fram, nema ég vil

ítreka það, sem kom fram hjá honum, að nauðsyn ber til þess að leysa visst vandamál, sem við er að etja úti um sveitir landsins, og þýðir ekki fyrir hið háa Alþ. að loka augunum fyrir.

Ég ber fyllsta traust til bifreiðaeftirlitsmanna og lögreglustjóra, sem hverju sinni yrðu að veita slíkar undanþágur og tel það mundu jafngilda því, að veitt væri hverju sinni hið svonefnda meira próf, sem ég veit ekki, hversu margir hv. alþm. hafa, en ég hef og veit alveg, hversu mikil öryggisaukning það er að hafa það. Ég skal láta það liggja á milli hluta, en ég tel það tímabært að endurskoða umferðarlögin í heild, en tek undir þau atriði, sem hér hafa komið fram, að það kannske mundi verða til að tefja fyrir framgangi málsins á þessu stigi. Ég þekki það erlendis, þó að sumir vilji segja, að það sé kannske óeðlilegt að gera aðrar og minni kröfur til þeirra, sem aka skólabörnum, að þá er það samt svo víða erlendis, að þeir, sem aka skólabifreiðum, hafa ekki réttindi til þess að aka leigubifreiðum til mannflutninga, en þar er hins vegar gengið ríkt eftir því, að slíkar bifreiðar séu ákaflega vel auðkenndar sem skólaflutningabifreiðar, og það væri atriði, sem vissulega gæti komið til álita, bæði af hálfu Bifreiðaeftirlits og lögreglustjóra að setja ákvæði um að merkja og auðkenna slíka bifreið þannig, að aðrir ökumenn eigi hægt með að þekkja það, að það eru slíkar bifreiðar, sem eru á ferð einmitt með farþega, sem við viðkomustaði fara kannske á stundum ógætilegar en ætla mætti, að þeir fullorðnu geri. Ég er ekki að segja, að það sé reglan, en það má ætla það, að það sé kannske meiri hætta á því, að börn og unglingar fari einmitt ógætilegar að í sambandi við viðkomustaði sinna skólabifreiða en fullorðið fólk gerir í sambandi við viðkomustaði almenningsbifreiða, og er það þó vissulega ekki í nógu góðu horfi.

Ég tek undir það, sem frsm. meiri hl. tók hér fram, að það er rík ástæða til þess fyrir hið háa Alþ. að hraða þessu máli í gegn til þess að leysa brýnan vanda, sem víða, mjög víða, miklu víðar kreppir að úti um landið en ég hygg, að hv. þm. margir hverjir geri sér grein fyrir.

ATKVGR.
Rökst. dagskrá á þskj. 368 felld með 12:2 atkv.
Brtt. 379 samþ. með 13:1 atkv.
Brtt. 368, varatill., felld með 12:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 429).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 61. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 62. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

54. Vegalög.

Á 21. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963, sbr. l. nr. 24 20 maí 1969 [120. mál] (þm-frv., A. 160).

Á 24. og 25. fundi í Ed., 10. og 12. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Ed., 15. des., var frv. enn tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, er ég flyt ásamt þeim hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 3. þm. Vestf. er um smálagfæringar á vegalögum. Það er gert ráð fyrir því í vegalögum, að sýsluvegir megi aldrei vera styttri en 200 m og aldrei ná nær býli en 200 m. Þetta fyrirkomulag hefur valdið misræmi á milli bæja, og held ég, að það hafi ekki verið meining löggjafans á sínum tíma, og er því lagt til í frv. þessu, að vegir heim að bæjum, þar sem vegalengd er yfir 200 m, skuli tilheyra sýsluvegum. Ég geri ekki ráð fyrir, að hér sé um marga staði að ræða á landinu, en þeim mun færri, sem þeir eru, því meira er óréttlætið, og vænti ég, að um það geti orðið samstaða hér á hv. Alþ. að lagfæra þetta misræmi með því að samþykkja þá breyt., sem hér um ræðir á vegalögum. Og til samræmis við þetta er lagt til, að síðasta mgr. sömu lagagr. falli niður.

Þá er í 2. gr. þessa frv. lagt til, að þau sýslufélög, sem þess óska, fái rýmri fjárráð en nú er. Í l. um framlag til sýsluvegasjóðs er ákveðið, að það skuli samsvara andvirði þriggja daglaunastunda fyrir hvern íbúa miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins. Í frv. þessu er lagt til, að sýslunefndir megi sjálfar ráða því, hvort reiknað er með andvirði þriggja eða fjögurra dagvinnustunda. Skoðun okkar flm. er sú, að sýslunefndir munu ekki hækka gjald þetta á hreppsfélögum nema því aðeins, að brýna nauðsyn beri til. Breyting þessi hefur ekki mikið að segja varðandi mótframlag ríkisins samkv. 28. gr. vegal., þar sem segir, að

mótframlag til sýsluvegasjóða skuli árlega nema upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld upphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um land allt. Verkefni sýsluvegasjóða hafa stórum aukizt á yfirstandandi ári, þar sem sýsluvegir hafa lengzt um 653 km og eru nú orðnir 2795 km eða sem næst ¼ hlutinn af öllu vegakerfi landsins. Í frv. er um réttlætismál að ræða, þar sem verkefni Vegasjóðs hafa færzt yfir á sýsluvegasjóði, og ef sýslunefndir vilja hækka framlög hreppsfélags til sýsluvegasjóðs, þá hækka hlutfallslega framlög Vegasjóðs þar á móti, ef frv. þetta verður að l.

Í till. til þál. um vegáætlun 1968—1972 frá s. l. vori er á bls. 51 greint frá tekjum sýsluvegasjóða. Þar kemur það fram, að þær sýslur, sem eru fámennar og hafa einnig litlar tekjur af fasteignum, verða nú að horfast í augu við aukin verkefni án þess að hafa fjárhagslega möguleika á að veita þá þjónustu í vegagerð, sem nú er talin nauðsynleg. Frv. þetta, ef að l. verður, mun bæta talsvert úr þeim vandræðum eða úr þeim örðugleikum, sem þarna er við að etja. Að sjálfsögðu hefði mátt breyta vegalögum á ýmsan annan hátt til þess að mæta þeim örðugleikum, sem hér eru, en hér er farið bil beggja, þannig að til þess að ná í aukið ríkisframlag til sýsluvegasjóðs, verða framlög heima fyrir að hækka einnig, til þess að ríkisframlag fáist hækkað. Ég lít svo á, að hér sé um þýðingarmikið mál að ræða, sem hv. alþm. eiga létt með að styðja. Það ber ekki svo að skoða þetta frv. þannig, að við flm. þess höfum ekki neitt annað við vegalög að athuga. Því fer fjarri, og læt ég nægja að vitna í ummæli okkar framsóknarmanna um þau mál, þegar vegalög hafa verið til umr. hér á undanförnum þingum.

Ég legg til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgmn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

55. Lax- og silungsveiði (frv. JÁH o. fl.).

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði [122. mál] (þmfrv., A. 166).

Á 35. fundi í Ed., 19. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil hér á eftir í stórum dráttum fjalla um frv. okkar þriggja þm. hv. Ed. um breyt. á lax- og silungsveiðalöggjöfinni. L. frá 5. júní 1957 eru umfangsmikill lagabálkur, alls í 118 gr. í 18 köflum og í sérprentun frá hv. Alþ. 25 bls.

Ég ætla mér ekki þá dul, að geta fjallað um allt þetta mál nú þegar, heldur mun ég leitast við að ræða um þær gr., sem gerðar eru á breyt., og skýra þær nokkuð, svo mun ég einnig á eftir fjalla um málið.

Það er öllum hv. þm. vel kunnugt, að þetta mál er mikið viðkvæmnismál og harðar deilur eru uppi um það. Þegar svo stendur á, koma fram gagnstæðar skoðanir og fullyrðingar. Afstaða er mjög tekin eftir hagsmunum, og er þá miðað við einkahagsmuni, en ekki þjóðarhagsmuni og hvað framtíðin kann að bera í skauti sér. Mér þykir rétt að taka hér strax fram, að þetta frv. er flutt með fullri vitund hæstv. landbrh. og kom fram, eftir að flm. höfðu beðið um fjögurra vikna tíma vegna óska ráðh., en hann átti lengi von á einhverju samkomulagi um málið, og einmitt þau atriði valda mestri deilu. Svo fór, að ekkert kom, og sá ég þá ekki ástæðu til þess að draga flutning lengur. Einnig vil ég sérstaklega undirstrika, að frv. er að langmestu leyti samhliða frv. um sama efni, er hæstv. ráðh. flutti á s. l. þingi í maí s. l., en var ekki rætt meira en við 1. umr. Þó gerum við hér mikilsverða till. til breyt., og mun ég nú taka þær til samanburðar, svo að þm. geti betur gert sér grein fyrir í hverju mismunurinn er fólginn.

Í 7. gr. er nýtt ákvæði um takmörkun ádráttar í sjó, sem var eins í frv. hæstv. ráðh., en þar er aukin friðun við alla árósa í sjó. Í l. frá 1957 er þessi takmörkun 500 m, en hér er lagt til að hún verði 1000 m í ósum straumvatns með minna en 25 rúmmetra á sek., en 2000 m í vatnsmeiri ám.

Í 8. gr., sem er viðbót hjá okkur og að minu áliti raunverulega það ákvæði, sem mestum deilum veldur, en það er 14 daga samfleytt friðunartímabil á allri veiði frá 20. maí til 15. júlí ár hvert, en gr. hljóðar orðrétt þannig:

„Á tímabili því, sem um getur í 1. málsgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Í veiðivötnum, þar sem laxveiði í net er iðkuð, er skylt að friða lax og annan göngufisk fyrir hvers konar veiði í 14 daga samfleytt á tímabilinu 20. maí til 15. júlí ár hvert. Skulu veiðifélög, hvert á sínu félagssvæði, ákveða þennan friðunartíma innan nefndra takmarka og breyta honum frá ári til árs. Taka slík ákvæði gildi, þá er veiðimálastjórn staðfestir þau. Nú ákveður veiðifélag eigi veiðitíma samkv. þessari málsgr., og skal veiðimálastjóri og veiðimálastjórn þá kveða á um hann. Með sama hætti skal með fara, þar sem veiðifélag er eigi starfandi."

Í 9. gr. er einnig nokkur mismunur á friðunarákvæðinu. Við gerum ekki ráð fyrir möguleika á því að stytta friðun fyrir netalögnum úr 96 stundum niður í 72 stundir, en þannig var frv. hjá hæstv. ráðh. 9. gr. okkar frv. er þannig:

„Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður frá allri veiði, annarri en stangarveiði, 96 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 10 til þriðjudagskvölds kl. 10. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema 2 daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og

veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 stundir á sólarhring hverjum. Rétt er að setja nánari reglur um stangarveiðitíma með sama hætti og ákveðið er í 2. málsgr. 18. gr. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.“

Til samanburðar má geta þess, að í hinu frv. stendur, að friðunartíma þennan megi stytta í 72 stundir, eins og áður var vikið að, á viku, sé að dómi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og hluthafandi veiðifélags engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að tefla á viðkomandi veiðisvæði. Að öðru leyti eru gr. samhljóða.

Í 11. gr. setjum við flm. inn ákvæði um, að ekki megi flytja út hrogn úr landinu nema með samþykki fisksjúkdómanefndar og að fengnu útflutningsleyfi viðkomandi yfirvalda. Í hinu frv. sagði um þetta atriði: „Hrogn er óheimilt að flytja úr landi nema að fengnu leyfi ráðh. með tilteknum skilyrðum, ef þurfa þykir, enda mæli veiðimálastjóri með útflutningnum.“ Þetta samþykki veiðimálastjóra hrekkur hvergi nærri til, ef um útflutning til Bandaríkjanna er að ræða, því að kröfur þeirra um fullvissu á heilbrigði eru svo strangar, að þeir taka aðeins gild vottorð frá sérfræðingum um málið. Okkar ákvæði eru því óhjákvæmileg, ef við viljum geta flutt út hrogn.

Í 21. gr. okkar, sem er 20. gr. í hinu frv., er fjallað um ákvæði, sem allir nm. í endurskoðunarnefndinni voru sammála um að leggja til, að lögleitt yrði, en það er að skylda menn til að gera með sér félagshverfi um hvert fiskihverfi. Þetta er merkilegt nýmæli og mun áreiðanlega sanna gildi sitt, áður en langt um líður. Öllum var það ljóst í n., að fastara skipulag verður að komast á í þessum málum, en það stefnir brátt að hnút, sem verður ekki leystur án íhlutunar ríkisvaldsins, en unnt að komast hjá því, ef menn taka á sig rögg og gera allar nauðsynlegar breyt. á l. Það höfum við einnig í huga með fleiri breyt., sem við leggjum til.

Í 38. gr. er kveðið á um það, að við Tilraunastöð háskólans í meinafræði á Keldum skuli starfa sérfræðingur í fisksjúkdómum, og skal hann vera fisksjúkdómanefnd til aðstoðar og ráðuneytis. Þessi maður fær m. a. það ábyrgðarstarf að undirrita heilbrigðisvottorð um útflutning á eldisfiski frá landinu í framtíðinni. Það er því óhjákvæmilegt að okkar dómi, að þessi maður sé ákveðinn til starfa í l., en í frv. hæstv. ráðh. var gert ráð fyrir þessum manni, eins og það er orðað, „þá er fé verður veitt til þess.“ Mér finnst ekki gæta mikillar bjartsýni um möguleika á fiskeldi né nauðsyn sé fyrir að búa í haginn fyrir útflutning á silungi með svona orðalagi. Við lítum aftur með bjartsýni á þá möguleika, sem hér bíða eftir okkur, ef við viljum hagnýta þá öllum til ávinnings og ánægju.

Í 48. gr. frv. fjöllum við um stjórn veiði- og fiskræktarmálanna. Er gr. þannig:

„85. gr. (áður 100. gr.) verði upphafsgr. XIII. kafla: Um stjórn veiði- og fiskræktarmálanna, og orðist svo:

1. Ráðh. hefur yfirstjórn allra veiði- og fiskræktarmála. Til aðstoðar ráðh. um stjórn þessara mála eru: 1. Veiðimálastjórn, sbr. 86. gr. 2. Veiðimálastjóri, sem jafnframt er framkvæmdastjóri veiðimálastjórnar. 3. Fiskræktarráðunautur, sem jafnframt hefur yfirumsjón með klak- og eldisstöðum ríkisins. 4. Eftirlitsmenn með veiði.

2. Rétt er ráðh., eftir till. veiðimálastjórnar, að setja reglugerð um verksvið, vald og ábyrgð þessara aðila innbyrðis í samræmi við ákvæði laganna.

3. [nýtt ákvæði.] Veiðimálastofnun Íslands er veiðimálastjórn með veiðimálastjóra og fiskræktarráðunaut samkv. l. þessum.“

Áður hafa veiðimálanefnd og veiðimálastjóri ekki verið viðurkennd sem ákveðin stofnun í lögum. Hér er nokkur munur á hjá okkur og hjá hæstv. ráðh. Við leggjum til, að veiðimálastjóri verði framkvæmdastjóri veiðimálastjórnar, einnig að ákveðið verði, að fiskræktarráðunautur verði fastráðinn, og þá kemur fjárveiting til hans starfssviðs. Í dag er að vísu ráðinn fiskifræðingur, en hefur ekki fengið viðurkenningu og ekki verið gert ráð fyrir honum í frv. hæstv. ráðh. Hér gætir enn mismunandi viðhorfa um bjartari framtíð í þessum efnum.

Í 49. gr. eru ákvæði um skipun veiðimálastjórnar, sem við nefnum svo nú, en í frv. hæstv. ráðh. er haldið fram að nafninu veiðimálanefnd, þótt fjölgun úr þremur mönnum upp í fimm sé að ræða. E. t. v. skiptir nafnið ekki meginmáli, en önnur hagsmunasamtök, t. d. Búnaðarfélag Íslands og Fiskveiðifélag Íslands hafa nafnið stjórnir á sínum nöfnum, og svo er víðar. Frv. eru sammála um skipan manna í þessa stöðu, þ. e. a. s. frá hvaða hópum mennirnir koma. Okkar gr. er þó orðuð nokkuð á annan veg. Hún er 49. gr. í frv. og er svo:

„1. Veiðimálastjórnin er skipuð 5 aðalmönnum og jafnmörgum varamönnum til 5 ára í senn. Ráðh. skipar formann og varaformann í veiðimálastjórn án tilnefningar. Aðra nm. og varamenn skipar ráðh. eftir tilnefningu eftirtalinnna aðila: 1. Búnaðarfélags Íslands, 2. Landssambands stangaveiðimanna, 3. Landssambands veiðifélaga, 4. Hafrannsóknastofnunar Íslands.

2. Veiðimálastjórn er ráðh. til aðstoðar um veiði- og fiskræktarmál. Getur hún gert till. um allt, er að málum þessum lýtur. Samþykkis veiðimálastjórnar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði. Veiðimálastjórn hefur jafnframt með höndum yfirstjórn klak- og eldisstöðva ríkisins.“

Eins og kunnugt er, þá er sér stjórn um þessa stöð núna, og það eru menn, sem sumir hverjir a. m. k. þekkja sáralítið til þessara mála. Með þessari skipan er kveðið fast á um stjórn veiðimálanna og veiðimálastofnunin fær viðurkenningu í l., sbr. 3. lið 48. gr. í okkar frv., en svo er ekki í dag, eins og ég áðan sagði. Það er jafnan fjallað um persónuna veiðimálastjóra í núgildandi l. Skipan hér verður því með sama sniði og er hjá Búnaðarfélagi Íslands og Fiskifélagi Íslands, og virðist það ekki óeðlilegt. Það er að okkar dómi enginn vafi á því, að hér er stefnt til heilla fyrir veiðimálin í landinu og eins fiskræktina, sem vissulega mun verða gildur þáttur fyrir marga bændur og aðra í náinni framtíð, ef lög-

gjafinn ber gæfu til þess að skapa svigrúm fyrir þá starfsemi í landinu.

Næstu gr., frá nr. 53 til 58, fjalla um stofnun Fiskræktarsjóðs og tekjur til hans og ráðstöfun á þeim. Í frv. hæstv. ráðh. voru þessi atriði nokkuð með öðrum hætti og ekki mótað ákveðið með þá von í huga, að sjóðurinn gæti gert verulegt gagn í framtíðinni, sem hlýtur að vera von allra, er vilja átak í veiði- og fiskræktarmálunum. Ég mun fara hér yfir till. okkar, eins og þær eru hér, en gera ekki nánar beinan samanburð á frv. og bið hv. alþm. að kynna sér nánar, í hverju munurinn er fólginn. 53. gr., um stofnun Fiskræktarsjóðs, lán og styrkveitingar til fiskræktar, orðist svo:

„Stofna skal sjóð, er nefnist Fiskræktarsjóður. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að aukinni fiskrækt í ám og vötnum og efla klak, fiskakynbætur og fiskaeldi í landinu. Sjóðurinn veitir lán og styrki til byggingar slíkra stöðva, enda fullnægi þær settum skilyrðum, eftir nánari ákvæðum reglugerðar um starfsemi sjóðsins."

54. gr.: Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði að upphæð 10 millj. kr., þegar fjárveiting er veitt á Alþ. til þess. Stofnfé sjóðsins er höfuðstóll hans, er eigi má skerða til lána og styrkveitinga."

55. gr.: „Tekjur sjóðsins eru: 1. Vextir af höfuðstóli. 2. Árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi minnst 1 millj. kr. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, er nemi búnaðarmálasjóðsgjaldi af laxi og silungi. 4. 2% af veiðitekjum veiðiréttareigenda, er innheimtist af veiðifélögum. 5. 2% af seldum veiðileyfum innan Landssambands stangaveiðimanna, enda óheimilt að leigja eða framselja öðrum aðilum afnot veiðiréttinda en þeim, sem félagar eru í þeim samtökum. Landssamband stangaveiðimanna sér um og annast innheimtu þessara tekna sjóðsins. 6. Tekjur af seldum veiðikortum árlega til þeirra, er veiði vilja stunda í ám og vötnum landsins, enda öðrum óheimil veiði en handhöfum slíkra korta. Verð slíkra ákvæðiskorta telst hæfilegt: a) Til erlendra veiði- og ferðamanna kr. 1000. b) Til innlendra veiðimanna yfir 16 ára aldur kr. 300. c) Til unglinga innan við 16 ára aldur kr. 50. 7. 5‰ af heildartekjum vatnsafls í landinu, er orku selja til almennra nota. 8. Leyfisgjald af hverjum þeim, er stundar laxveiði í net eða aðrar gildrur, og þykir hæfilegt, að slíkt gjald sé 2% af aflaverðmæti. 9. Aðrar tekjur."

56. gr.: „1. Ráðh. setur Fiskræktarsjóði starfsreglur í reglugerð, þar sem kveðið er á um skilyrði þau, er fullnægja þurfi til þess að hljóta lán eða styrki úr sjóðnum. 2. Veiðimálastjórn hefur stjórn og rekstur Fiskræktarsjóðs með höndum. Fiskræktarsjóð skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands."

Þar sem næstu gr. eru á sömu lund og frv., þarf ég ekki að fjalla um þær og mun því fara nokkrum orðum um 55. gr., en það er um tekjumöguleika Fiskræktarsjóðs, en einmitt 5. liðurinn hefur orðið tilefni til æsingarláta og mikilla blaðaskrifa löngu áður en framsaga við frv. var flutt, og man ég ekki mörg dæmi um slíkt áður. Í þessu sambandi má ég vera ánægður, því frv. hefur með þessu fengið hina beztu auglýsingu, og það er ánægjulegt, að menn kynni sér, hvað við erum að fara, og ég geri þá kröfu til allra, er hér hafa hagsmuna að gæta, að þeir lesi frv. og meti það hleypidómalaust. Enginn okkar flm. ætlar sér þá dul, að við séum með einhverja þá patentlausn, sem gildir gagnvart öllum atriðum í þessu erfiða máli, en við leggjum á það höfuðáherzlu, að menn hugleiði málið af alvöru og leggi sig fram um lausn á því. Ella verður niðurstaðan hér hin sama og víða erlendis, að ríkisvaldið verður fyrr eða síðar knúið til þess að grípa inn í og taka veiðimálin undir sinn verndarvæng. Þetta hefur skeð í mörgum nágrannalöndum, sem við þekkjum vel til í. Vilja menn þetta? Er það þetta, sem menn bíða eftir? Ég held ekki. Ég reikna með, að ekki sé um neinn ágreining að ræða varðandi fjóra fyrstu liðina í tekjuöflun sjóðsins eftir 55. gr.. Hins vegar er 5. liðurinn, eins og áður hefur verið tekið fram, þannig: „2% af seldum veiðileyfum innan Landssambands stangaveiðimanna, enda óheimilt að leigja eða framselja öðrum aðilum afnot veiðiréttinda en þeim, sem félagar eru í þeim samtökum." Það er þetta skilyrði, sem bætt er við, sem hefur valdið úlfaþytnum og menn hafa kallað ýmsum nöfnum, t. d. eignarnám o. fl. Ég vil taka það mjög skýrt fram, að okkur flm. er þetta skilyrði ekki hið minnsta fast í hendi, og það er komið inn sem tilmæli frá Landssambandi stangaveiðimanna og hafði verið rækilega kynnt áður við ýmis tækifæri og alls engin mótbára komið fram áður. Í þessu sambandi má minna á fundi, sem stjórn L. Í. S., en það er skammstöfun Landssambands stangaveiðimanna, hélt í jan. 1969, nánar tiltekið 28. jan. 1969, með stjórn veiðiréttareigenda, og þar voru m. a. mættir Sigurður Sigurðsson, formaður stjórnar veiðiréttareigenda, Hinrik Þórðarson á Útverkum og Óskar B. Teitsson í Víðidalstungu ásamt fleirum. Á þessum fundi var gerð ljós grein fyrir þessum skilyrðum, og margt fleira var rætt um sjóðinn. Engin mótbára kom þá fram og hefur ekki heyrzt fyrr en á veiðimálaráðstefnunni í s. l. mánuði. Ekki komu heldur fram mótmæli frá Búnaðarfélaginu í febr. 1969 um þessi atriði, og enginn fundur í Félagi stangaveiðimanna né félagi áhugamanna um fiskrækt hefur látið heyra frá sér aðvörun um þetta atriði. Ég leit því svo á, að menn gætu sætt sig við þetta fyrirkomulag, og tók því þetta skilyrði inn. Hér er aðeins bryddað á ákveðnum fyrirmælum, sem geta verið á margvíslegan hátt, og verður vitanlega tekið til athugunar, með hvaða hætti það má bezt verða. Hins vegar er sjálfsagt að falla frá því, ef það er raunverulega svo viðkvæmt mál, eins og sumir segja. Stangaveiðimenn sýndu líka strax vilja til þess að ná sættum með því að samþykkja í lok veiðimálaráðstefnunnar eftirfarandi tillögu: „5. liður 55. gr. frv. verði svohljóðandi: 2% af seldum veiðileyfum," og þá er öllu öðru sleppt. Þar með er það ljóst mál, að þetta atriði er ekki til þess að rífast lengur út af, og á hinn bóginn vil ég undirstrika, að ekki var ímprað á öðrum atriðum til að mótmæla, þótt mönnum yrði oft gefinn kostur á því að taka til máls, og var frv. eðlilega margnefnt á áðurnefndri ráðstefnu. Ég er ekki með þessu að segja, að menn séu á eitt

sáttir, öðru nær, en þetta talar þó sínu máli. Í fullri hreinskilni sagt er mér kunnugt um, að margir bændur eru ánægðir með, hvað lagt er til í frv., og styðja það efnislega. Þetta eru menn, sem skilja, að ekki er farsælt til lengdar að nota alla veiðitækni til gegndarlauss dráps á laxinum við veiðar í netum og vakna svo einn góðan veðurdag við það, að búið er að ganga svo á stofninn, að voði er fram undan eða jafnvel enn verra. En netaveiðabændur voru líka snjallir. Þeir fundu eitt atriði, sem gat orðið þeim til framdráttar, ef vel var á haldið. Þess vegna tóku þeir umrætt skilyrðisákvæði eitt sér út og æstu menn upp út af því, en steinþögðu yfir því atriði, sem ég persónulega tel raunverulega vera orsök óánægju þeirra. Þetta atriði er um friðun í 14 daga á tímabilinu frá 20. maí til 15. júlí ár hvert fyrir allri veiði í veiðivötnum, þar sem laxveiði í net er stunduð. Því miður vilja þeir bændur, sem hagsmuni hafa af netaveiðum, ekki enn þá auka friðunina á þessum tíma, en reynslan sýnir, að veiðin færist fram á sumarið og gengið er á þann stofn af laxi, er kemur fyrr í árnar, og svo hitt, sem e. t. v. er enn alvarlegra, að langmestur hluti snemmveidda laxins er hrygnur. Það skal játað, að hér geta verið nokkrir hagsmunir í veði við fyrstu sýn, en ekki veldur sá er varar í þessum efnum. Enginn veit með vissu, hvaða afleiðingar gegndarlaus veiði á snemmgengna laxinum hefur í för með sér.

Ég hef nú drepið á helztu atriðin í frv., sem athuga þarf til samanburðar við fyrri frv. og gildandi l., en þetta mál allt er svo mikilvægt fyrir bændur og landslýð allan, að ekki verður skilið við það í framsögu án þess að ræða á við og dreif um laxveiði í landinu og hin nýju viðhorf, sem skapazt hafa nú á seinni tímum, og hvað blasir við í náinni framtíð, og atriði, er þola enga bið til lausnar.

Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér kafla úr ágætri grein eftir Ingvar Gíslason alþm., sem hann reit í Árbók Félags áhugamanna um fiskrækt, er kom út á síðasta ári. Hin ágæta grein Ingvars er þannig:

„Í ágætri áramótaræðu, er forseti Íslands flutti 1. jan. s. l., gerði hann að umræðuefni sambúð lands og þjóðar, hvernig örlög og saga þjóðarinnar eru samofin landinu, sem hún byggir, og hversu verulega afkoma hennar var háð landsgæðum, þekkingu manna og nýtingu þeirra. Þannig hefur þetta verið um aldir, og svo mun það verða á ókomnum öldum, að því er bezt verður séð. Menn velta því fyrir sér, hverjar séu auðlindir þjóðarinnar. Slíkt er eðlilegt, því að auðlindir og nýting þeirra eru grundvöllur atvinnulífsins í landinu, undirstaða afkomu fólksins, sem það byggir, og allrar menningarstarfsemi. M. ö. o., þær eru grundvöllur alls þjóðlífs. Auðlindir gera landið byggilegra, en hverjar eru auðlindir landsins? Í stuttu máli: Landið með gögnum sínum og gæðum og hafsvæðið umhverfis það. En til viðbótar þessu verður að nefna það, sem sízt má gleymast, en það er þekkingin. Án þekkingar og kunnáttu verða landsgæði ekki nytjuð. Auðlindir, sem þjóðin hvorki þekkir né kann að notfæra sér, eru því tæpast landsgæði í eiginlegum skilningi. En þær geta orðið það, þegar þjóðin öðlast þekkingu á þeim og tileinkar sér kunnáttu til þess að nýta þær. Ókannað land og hafsvæði eru eins og læstar dyr, þekkingin er lykillinn að þessum dyrum.“

Svo heldur hann áfram, og ég tek hér kaflann, sem hann kallar: Rányrkju:

„Landnám 20. aldarinnar hefur þó sínar skuggahliðar. Hafi forfeður okkar frá fyrri öldum gert sig seka um rányrkju og landsspjöll með eyðingu náttúrugæða og landsnytja, þá gerum við það engu síður, 20. aldar menn. Rányrkjan og landsspjöllin eru jafnvel enn ægilegri á okkar tímum, enda eru eyðingartækin stórvirkari en áður var. Þessi rányrkja á sér stað til lands og sjávar. Hún er framin af bændum og sjómönnum, af ráðandi mönnum þjóðarinnar, öllum landslýð, að vísu í mismunandi miklum mæli og ekki á öllum sviðum, sem betur fer. Þessi rányrkja er eyðing landsnytja, og eyðing landsnytja fer ýmist fram með beinni ofnýtingu og ágangi á landi og sjó eða með vanrækslu á nýtingu og viðhaldi landsgæða.“

Hann heldur svo áfram; ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta, smániðurstöðu:

„Þó ber að viðurkenna, að skilningur á þessu efni hefur dálitið glæðzt á síðustu árum. M. a. hafa ýmsir forystumenn á sviði landbúnaðarmála lýst áhuga sínum og skilningi, sem telja verður mikilsvert, því að hér er ekki sízt um að ræða hagsmunamál fyrir bændastéttina og framtíð sveitanna. Á Alþ. eiga fiskræktarmálin auknum skilningi að mæta, sem m. a. kemur fram í flutningi þingmála, er lúta að þessum efnum. Ég vil heldur ekki gera lítið úr áhuga ýmissa embættismanna á þessu sviði, þó að frumkvæðisskorturinn hafi fram til þessa verið almennt ríkjandi hjá hinu opinbera, bæði á Alþ. og með hinni æðstu stjórn. Þó má telja það til tíðinda og ber að þakka það, að landbrh. skipaði n. manna til að yfirfara lög og reglur um fiskeldismál, og mun sú n. hafa lokið störfum, þegar þetta er ritað, í febrúar 1969. Staðreyndin er sú, að það, sem miðað hefur í átt til skilnings á þessu stórmáli, er mest að þakka framtakssömum áhugamönnum, sem því miður njóta allt of lítillar fyrirgreiðslu þrátt fyrir merkilegt starf og árangursríkar framkvæmdir, svo langt sem þær ná.“

Hér er vissulega drepið á mörg mikilvæg atriði, sem eru þess verð, að veitt sé full athygli og unnið sé að framgangi þeirra af einurð. Á margan hátt má segja að árið 1969 væri talið tímamótaár varðandi lax- og silungsveiði og undirbúning að stóru átaki í fiskræktarmálum landsins. Þessi mál hafa verið meir rædd á s. l. ári en nokkru sinni, og þótt menn séu ekki sammála um leiðir, þá blandast engum lengur hugur um nauðsyn þess, að raunhæfar aðgerðir eigi sér stað á þessu sviði nú þegar. Þessi almenni áhugi á lax- og fiskræktarmálum á rót sína að rekja til hópa áhugamanna, sem verja tíma og fé til þess að vinna málefninu lið. Það var að áeggjan L. Í. S. og Félags áhugamanna um fiskrækt, að hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, skipaði n. manna til þess að endurskoða l. frá 5. júní 1957 um lax- og silungsveiði. Þessi n. náði að vísu ekki fullkominni samstöðu um öll atriði málsins, en nefndarstörfin hafa verið hvati til umræðna

um málið, og það er vel. Fyrir bragðið eru þessi mál komin svo í sviðsljósið, að ekki verður látið staðar numið, fyrr en lausn er fengin með breyt. á l. og fjármagn tryggt. Hér má löggjafinn ekki vera sem dragbítur á framsókn mála, heldur ber honum að skapa svigrúm til þess að menn geti látið þekkingu og fjármagn njóta sín. Nokkrir ungir menn eru við nám í þessum fræðum, og væri hneisa að geta ekki tekið við þeim og veitt þeim starfsaðstöðu hér á landi, er þeir snúa heim aftur. Raunar þarf ekki að gera ráð fyrir því, að l. verði ekki samþ. á næstunni, því að bæði hefur hæstv. landbrh. boðað nýtt frv. af sinni hálfu, og svo var gerð sérstök ályktun um þessi mál á landsfundi Sjálfstfl. s. l. haust, og áhugamennirnir senda ályktanir frá sér jafnt og þétt. Spurningin verður aðeins, með hvaða hætti hv. Alþ. mun afgreiða þau frv., sem fram koma, og hvaða ákvæði verða í væntanlegum l. um lax- og silungsveiði, svo og hvað verður gert til þess að efla fiskræktina í landinu.

Sýnilegt er, að átök verða um till. um aukna friðun, og því ætla ég að fjalla nokkru meira um þann þátt. Hér skipast menn í tvo hópa, og ræður sennilega eingöngu hagsmunasjónarmið mestu um afstöðu manna til friðunarinnar. Rétt er að undirstrika, að aukin friðun er vandamál, sem verður að athugast vel, og nauðsyn er á því að afla aukinni friðun velvilja þeirra, sem líða kunna fyrir hana í hugsanlegum tekjumissi fyrst um sinn.

Um friðunarmálin hafa séð dagsins ljós fjöldi greina, og margir hafa deilt, bændur innbyrðis sem aðrir. Til þess að gefa nokkurt sýnishorn af sjónarmiðum, vil ég, með leyfi forseta, lesa hér úr tveimur greinum eftir menn, sem þekkja til í þessum efnum, en hafa fullkomlega gagnstæð sjónarmið. Fyrri greinin er eftir Einar Gestsson, Hæli, rituð í Suðurland, laugardaginn 7. sept. 1968:

„Á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga 27. apríl var, eins og frægt hefur orðið, samþykkt af stórum meiri hluta félagsmanna tillaga, sem efnislega fól í sér, að engin veiði yrði leyfð fyrsta hálfan mánuðinn hins venjulega veiðitíma. Ástæðan fyrir till. var af flutningsmönnum talin vera sú, að mjög hefði borið á hin síðari ár, að göngulaxinn kæmi nú seinna en áður, en það væri mjög óheppilegt, einkum vegna stangaveiðinnar, því að hagkvæmara er, að veiðin dreifist á allan veiðitímann. Því bæri að friða fyrstu göngurnar, sem lengst fara, og kunnugir vita, að í þeim efnum eru hrygnur í miklum meiri hluta. Við töldum tillöguna hófsama og sanngjarna og að hún ekki skerti hagsmuni manna neitt að ráði, því að venjulega væri á þessum tíma veiði það dræm, að hún gerði víðast ekki meira en að borga fyrirhöfn. Vissulega mætti tillaga þessi harðri mótstöðu, og var flest reynt til þess að aftra því, að hún næði fram að ganga, og ýmist hótað skaðabótakröfum eða menn virtu hana að vettugi. Þeir, sem að till. stóðu, létu sér fátt um finnast og þótti ekkert undarlegt við afstöðuna eftir gangi mála að undanförnu. Það er ekkert óvanalegt, að menn taki munninn fullan í baráttunni, baráttu hitans, slíkt jafnar sig venjulega.“

Nú yrði það of langt mál, ef ég færi að lesa miklu meira úr þessu, en ég vil nú gefa hv. þm. tækifæri á að heyra hið andstæða sjónarmið. Magnús Magnússon, vel þekktur veiðimaður á Eyrarbakka, segir í sinni grein:

„Um veiðimál okkar Árnesinga hefur verið rætt og ritað nú um hríð, og sýnist sitt hverjum, en sem aðalþráður tvíþættur kemur fram í fyrsta lagi ofveiði, sem stofnar fiskistofni vatnahverfisins í bráða hættu, og þar til viðbótar kemur sú þokukennda hugmynd um jöfnun veiðihlunninda.“

Síðar segir Magnús:

„Þeir mörgu, sem tala um ofveiðina, láta oftast hjá líða að birta skýrslu máli sínu til sönnunar, en vitna í þetta og hitt, sem hafi einhvern tíma verið, án þess þó að sannprófun eða samanburður geti átt sér stað. Þetta er mikill ágalli, en ein röksemd, sem fram er sett, er þó undanskilin þessu, en það er, að bezt veiðist ávallt í Hvítá fyrstu veiðidaga vikunnar, en svo jafnan mjög lítið, og telja þeir, að þar með sé fullsönnuð ofveiðikenningin. Þetta með veiðina er augljóst fyrirbæri og getur naumast öðruvísi verið, svo framarlega sem nýta á laxastofn vatnahverfisins, en ekki að láta hann að mestu koma, fara og deyja drottni sínum. Þegar ekkert net liggur í hálfa vikuna og laxinn á greiða för um vatnið og vegalengdir ekki meiri en svo, að hann kemst um mestan hluta jökulvatnsins, þar sem ávallt er aðalveiðin í á friðunartímanum, þá segir það sig sjálft, að fleiri fiskar fara um og á efri svæðin en þegar öll net liggja og allir taka eitthvað af þeim laxahópi, sem fram hjá fer, en þar sem lengd neta og bilin milli þeirra, eins og mönnum er kunnugt um, er takmarkað af breidd vatnsins.“

Síðar segir hann:

„Þegar bændur fengu að njóta veiðiaðstöðu jarða sinna, kom þrátt fyrir allar takmarkanir mikill fengur á land, og í ljós kom, að laxastofninn er mjög stór. Og þrátt fyrir mikla netaveiði, þá lækkaði ekki tala veiddra laxa á stöng. Þetta sannar, að netaveiðin í jökulvatninu er sjálfsögð með skynsamlegri takmörkun þó, sem byggist á því, að laxastofninum sé haldið við.“

Deilan stendur sem sé um það, að geta úrskurðað, hvað sé skynsamleg takmörkun.

Ég vil undirstrika, að mikið vandamál er að ákveða nauðsynlega friðun og ekkert algilt svar er til í þessu efni, heldur verður heilbrigð skynsemi að ráða og eðlileg varúð, svo að við stofnum ekki laxveiðinni í beinan voða.

Ég hef nú rætt um aukna friðun á laxveiði á hafi úti, og það er til fyrirmyndar, að við höfum bannað alla veiði í sjó hér hjá okkur. Hins vegar er ekki mikill munur á því að veiða laxinn í net aðeins 100 m inni í stórum ós, sem sjór fyllir við flæði, og að veiða laxinn t. d. 10—100 m frá ströndinni eða ósnum sjálfum sjávarmegin. Öllum er bannað að drepa í sjónum, en löggjöfin hefur leyft vissa veiði í sjálfum ósnum, sem vel getur verið eðlileg, en gæta verður hófs í þeim efnum. Ég lít svo á, að hinn óbreytti borgari eigi hliðstæðan rétt til veiða undan ströndinni eins og bóndinn, sem hefur nytjar af ósnum vegna legu lands síns að ósnum. Hitt er svo annað mál,

hvort almenna nauðsyn beri til þess að takmarka réttinn hjá báðum aðilum á báðum svæðunum eða aðeins á öðru svæðinu. Um það má deila. En einmitt í þessu mati á milli hagsmuna og réttar til nytja liggur vandinn. Allir viðurkenna hér nauðsyn á friðun á fiski í sjó fyrir ýmsum veiðarfærum á ýmsum tímum. Hví skyldi ekki gilda hið sama í straumvatni? Vissulega takmarkar löggjafinn veiðimöguleikana, og ákveðnar reglur eru settar um fjölda stanga og á hvaða tíma veiðin má fara fram, og þessum reglum er stranglega fylgt eftir. Hvers vegna er þetta gert? Auðvitað vegna þess, að nútímatæknin getur hreinlega gengið af fiskinum dauðum og eytt veiði í ákveðnum ám. Einnig hafa skapazt ýmsar siðareglur í stangaveiðinni, sem hver góður og heiðarlegur stangaveiðimaður hefur í heiðri og fylgir sem lögum. Í þessu sambandi má spyrja margs, sem ekki er tími til að fjalla hér um, en minna má á, að í Jónsbók, kafla 56, eru þessi ákvæði: „Ganga skal guðsgjöf til fjalls sem fjöru, ef gengið vill hafa.“ Hér er sannarlega munað eftir þeim, sem ofar búa og eiga sinn rétt, eins og guð og áin veitir honum til framfæris. Þetta gat gengið óbreytt öld eftir öld. En getur þetta gengið í dag? Ég vil svara því neitandi. Veiðitækni með netum hefur fleygt fram, og nú er svo komið, að hin hárfínu girnisnet eru svo fiskin, að það er hin mesta skammsýni að takmarka ekki notkun þeirra, jafnvel banna alveg.

Ég tel, að við eigum sterkari leik á borði með kröfu um, að aðrar þjóðir banni eða takmarki mjög laxveiði í sjó, ef við sjálfir förum hér að með góðu fordæmi. Þeirri staðreynd verður ekki á móti mælt, að veiði hefst nú fyrr en áður var víðast hvar á landinu, og gegn þessari uggvænlegu þróun verður að sporna með aukinni friðun fyrst á vorin og stuðla þannig að því, að snemmgengni laxinn fái að njóta sín aftur.

Á s. l. ári gerðust þeir atburðir, að nokkrar þjóðir, sem eiga hagsmuna að gæta í laxveiði í landi sínu, samþykktu á alþjóðaráðstefnu 10 ára friðun á laxi í net og á línu í hafinu. Þó voru Danir, Svíar og V.-Þjóðverjar ekki aðilar að þessu. Hér á landi hafa stangaveiðimenn mjög beitt áhrifum sínum í þessa átt, og í ágætri greinargerð frá L. Í. S. um baráttuna fyrir takmörkun og friðun á laxveiði í net og á línu í N.-Atlantshafi geta hv. þm. lesið meira um þetta. Það verður hægt að útvega mönnum þessar grg., ef þeir hefðu áhuga á. Því miður hefur þátttaka veiðiréttareigenda ekki verið sterk í þessum málum, en engir munu þó eiga meira undir, að hér takist vel til en einmitt þeir. Það er staðreynd, að laxinn fer landa á milli, og þótt enn þá sé ekki vitað, hvaða áhrif mikil veiði í sjó hefur á laxastofninn hér á landi, verðum við að hafa vaðið fyrir neðan okkur til öryggis fyrir framtíðina.

Sem dæmi um, hvert stefnir með veiðar í sjó, vil ég nefna eftirfarandi: Árið 1965 voru tveir línubátar við laxveiðar í N.-Atlantshafi, en árið 1968 veiddust 630 tonn hjá línubátunum og á s. l. ári um 700 tonn. Í Noregi eru veidd um 2 þús. tonn á ári af laxi, og þar af um 85% í sjó. Þar bera menn mjög mikinn kvíðboga í brjósti vegna stóraukinna sjóveiða rétt utan við fiskveiðitakmörk þeirra. Talið er, að við veiðum um 2% af laxinum í N.-Atlantshafi, en það er um 120 tonn á ári, og telst mér svo til, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, að um 13—14 þús. stykki séu tekin í netin, en 15—17 þús. stykki séu veidd á stöng.

Einn þýðingarmesti kafli frv. fjallar um stofnun Fiskræktarsjóðs. Þetta er gamalt áhugamál margra manna. Nú eru, eftir því sem mér hefur verið sagt, 11 klak- og eldisstöðvar í landinu. Ríkissjóður rekur eina stöð, en aðrar eru í einkaeign. Öllum þessum stöðvum er eitt sameiginlegt, þ. e. fjármagnsskortur. Það eru ekki ýkjur, að sumar þessara stöðva mundu fyrir löngu úr sögunni, ef ekki kæmi til ódrepandi áhugi þeirra, er standa að þeim. Úr þessu verður að bæta. Því verður ekki með nokkru móti trúað fyrirfram, að hér á landi megi ekki með góðum árangri reka klak- og eldisstöð, er framleiði seiði í árnar, svo og einnig stöð með hreint fiskeldi, eins og gert er nú mjög víða erlendis með ágætum árangri, eins og t. d. í Danmörku, en þar er þessi atvinnugrein svo arðsöm, að hún gefur af sér 1 milljarð ísl. kr. í útflutningi. Eiga þó Danir við feiknaerfiðleika að etja í sambandi við gott vatn.

Ég vil minna á tilvitnanir, sem frv. fylgja frá ýmsum aðilum um þetta efni. Á ýmsu hefur gengið í rekstri þessara stöðva, eins og oft vill verða, þegar ekki er nægileg þekking fyrir hendi, en mjög takmörkuð fræðsla er hér á landi. Úr þessu öllu ber brýna nauðsyn til að bæta, til þess að rekstur eldisstöðvanna megi verða traustur. Hér má í þessu sambandi benda á nokkur veigamikil atriði sem skilyrði fyrir láni eða styrkveitingu úr væntanlegum Fiskræktarsjóði, en þau gætu verið þessi: Að lagðir séu fram fullkomnir uppdrættir að byggingaframkvæmdum, gerð klak- eða eldisstöðvarinnar eða byggingum, samþykktum af viðkomandi yfirvöldum. Að fyrir liggi ljósar upplýsingar um það, að nægilegt fjármagn sé fyrir höndum til framkvæmda og reksturs með væntanlegri aðstoð Fiskræktarsjóðs. Að nægilegt og heilsusamlegt vatn sé fyrir hendi. Að gönguskilyrði séu í viðkomandi stöð, sé ráð fyrir slíku gert varðandi framtíðarrekstur. Efnagreining vatns liggi fyrir o. s. frv., er sannað gæti, að það væri nothæft til slíkrar starfsemi. Að fyrir liggi ítarlegar upplýsingar um þær fisktegundir og fiskstofna er rækta skal eða ala í stöðinni, að fiskræktarráðunautur hafi áður fjallað um þessi atriði og sé því meðmæltur og stjórn sjóðsins taki þetta til nánari fjárhagslegrar afstöðu eða meðferðar.

Ekki verður hjá því komizt að minna á nýtt félag, sem ætlað er það hlutverk að rækta laxfisk eða silung hér í stórum stíl, eftir því, sem Morgunblaðið segir 4. jan. s. l. Þetta félag heitir Laxeldi h. f. og á að starfa við Mývatn eða nágrenni. Aðilar að þessu félagi eru fjársterkir Íslendingar innanlands og erlendis, sem taldir eru snjallir menn á viðskiptasviðinu og mundu varla hætta fjármagni sínu í svona fyrirtæki, ef vonin væri ekki nokkuð góð um þokkalegan arð. Ég vil fagna því, að menn koma auga á þessa möguleika hér, og þá er það hlutverk hv. Alþ. að hafa samþykkt viðeigandi lög til eflingar allri svona

starfsemi. Augljóst er því, að ekki mun skorta verkefni fyrir væntanlegan Fiskræktarsjóð, og því nauðsynlegt að tryggja honum raunhæfar tekjur.

Í ræðu þeirri, er hæstv. landbrh. hélt á veiðimálaráðstefnu í s. l. mánuði, gerði hann að umtalsefni nauðsyn á aukinni fræðslu í þessum efnum og þörfina fyrir vel menntaða menn. Ráðh. sagði frá því, að nokkrir ungir menn væru að nema þessi fræði, og vænti vinnu þeirra hér á landi. Því verður löggjöfin að gera þessum mönnum kleift að koma hingað til starfa með því að skapa þeim starfsskilyrði, en þau eru alls ekki fyrir hendi í dag og verða það ekki, nema sérstakt átak sé gert í auknu fjármagni til veiði- og fiskræktarmálanna almennt séð. Hér þurfa að starfa sérstakir fiskræktarráðunautar og sérfræðingar í fisksjúkdómum til trausts og halds fyrir bændur og aðra, sem starfa í þessum málum.

Eitt af því, sem nær algjörlega hefur verið vanrækt þrátt fyrir lagabókstafinn, er rannsókn á vötnum og ám landsins og möguleikum fyrir fiskastiga. Hér er geysiþýðingarmikið verk framundan fyrir hina ungu vísindamenn.

Eitt viðkvæmasta deilumálið í laxveiðinni er, með hvaða hætti erlendir veiðimenn skulu hafa aðgang til veiða hér á landi. Nú sem stendur greiða útlenzkir veiðimenn um eða yfir 40 millj. fyrir sinn snúð, og fróðir menn segja, að með góðri uppbyggingu og laxeldi megi skjótlega tvöfalda þessa upphæð. Kemur þá einnig inn veiði í vötnum, sem ekki eru nytjuð núna. Á þetta atriði drap Steingrímur Hermannsson í ágætri ræðu á fyrrnefndri veiðimálaráðstefnu. Hann bendir réttilega á það, að illa fari á því, að íslenzkir stangaveiðimenn yrðu brátt annars flokks veiðimenn í landi sínu. Erlendir auðkýfingar geta slegið alla út í einu vetfangi, ef þeir hefðu frjálsan aðgang að ánum hér.

Sem innskot vil ég benda á það, að öllum er fyrirskipað í l. að fara eftir ákveðnum reglum í viðskiptum sínum við erlenda menn, og svo verður einnig að vera hér í laxveiðimálunum, jafnvel þótt með nokkrum öðrum hætti sé. Frv. okkar fjallar ekki um þetta atriði til neinnar niðurstöðu. Málið er of flókið, til þess að slíkt verði gert án undangenginnar mikillar athugunar. En leggja má heildarlínu og síðar kveða nánar á um framkvæmdaatriði í reglugerð. Það, sem skiptir mestu máli, er að fastmóta l. um þetta atriði, því að ella fer illa fyrir báðum aðilum, veiðiréttareigendum og veiðimönnum. Ég tel æskilegast, að þetta vandamál verði tekið til raunhæfrar athugunar og hleypidómalaust. Enginn Íslendingur hefur þau réttindi, að hann geti að eigin vild gert þá samninga við erlenda aðila um einhver afnot af landi eða eignum hér, að ekki komi til samþykkis hins opinbera á einn eða annan hátt. Og hið sama hlýtur að gilda um veiðiréttinn og framsal á honum til erlendra aðila. Sem dæmi um, hve réttur manna er þröngur á vissum sviðum, má nefna það, að enn hefur alls ekki fengizt leyfi til þess að selja saltaða tunnu af síld frá skipi beint erlendis, þótt stórhagnaður væri að því fyrir viðkomandi aðila og örstutt í land í hinni erlendu höfn, en meira en þúsund mílur að landi hér. Ekki er eignarréttur-inn metinn mikils hér né hagsmunir viðkomandi eigenda. Hvernig, sem þessu máli lyktar, er eitt víst, að fullkomin skrásetning og upplýsingar um greiðslur erlendra veiðimanna verða að liggja fyrir og með hvaða rétti þeir fá veiðiréttindi sín hér á landi. Allt annað brýtur gersamlega í bága við þá meginreglu um viðskipti Íslendingsins við erlendan aðila í einu eða öðru formi.

Ég hef nú í stórum dráttum fjallað um þetta frv. og rakið nokkur atriði, sem það snertir á víðari grundvelli. Sjálfsagt mætti enn fara um þetta fleiri orðum, en þar sem ég er þegar orðinn langorður, mun ég stytta mjög mál mitt.

Til frekari áherzlu á vissa þætti, sem við viljum leggja áherzlu á og fjallað er um í frv.: Mörg ákvæði eru tvímælalaust til stórra bóta frá því, sem var í hinum eldri lax- og silungsveiðilögum, svo sem um aukna friðun, lögbindingu veiðifélaga, stofnun Fiskræktarsjóðs, aukið eftirlit og löggæzlu, ákvæðin um dómsvald fyrir brot á löggjöfinni og stórhækkuð sektarákvæði. Við viljum skapa skýrari ákvæði og markalínu á milli þeirra, er eiga að hafa með höndum framkvæmd l., og þá í þeim efnum tekið tillit til sérfrv. þess, er þrír nm. sendu landbrh., en ekki var lagt fyrir Alþ. Landbrh. skýrði hins vegar frá því, að frv. þremenninganna lægi fyrir til sýnis og afnota fyrir þm.

Hin veigamestu atriði, sem í þessu frv. eru, en voru ekki í frv. hæstv. landbrh. frá síðasta Alþ., fjalla um í fyrsta lagi aukna friðun, annað breytingu á fyrirkomulagi um stjórn veiði- og fiskræktarmálanna, í þriðja lagi stjórn og rekstur Laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði og í fjórða lagi stofnun og starfsmöguleika Fiskræktarsjóðs.

Þótt ekki sé lengra um liðið en frá s. l. vori, þegar landbrh. lagði fyrrgreint frv. fyrir Alþ. í maímánuði, þá hafa ýmsir þeir atburðir gerzt, sem kalla á skjóta og viðtæka endurbót á lax- og silungsveiðilöggjöfinni. Má í því efni sérstaklega nefna sífellt vaxandi laxveiði á línu og net í Atlantshafi, aukna ásókn útlendinga í veiðiréttindi í íslenzkum ám og vötnum, þjóðarnauðsyn á að hefja fiskeldi sem búgrein og stóran þátt í útflutningstekjum þjóðarinnar, stóraukna fiskrækt, aukna fræðslu um þessi þýðingarmiklu mál, rannsóknir og lýsingar á vatnasvæðum landsins og síðast en ekki síst skyldur vatnsaflsstöðva og orkuvera við fiskræktarmálin. Það er því ekki seinna vænna en að hv. Alþ. fjalli um mál þessi og að það verði reynt, hvort meiri hl. fáist fyrir því að beina þeim inn á svipaðar brautir og aðrar menningarþjóðir hafa talið nauðsynlegt.

Herra forseti. Að svo mæltu leyfi ég mér að leggja til, að frv. verði vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

56. Dýralæknar (frv. PÞ).

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 21. marz 1963, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna [148. mál] (þmfrv., A. 253).

Á 37. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 38. fundi í Ed., 26. jan., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Þróunin á undanförnum árum hefur orðið sú, að þjónusta sú, sem dýralæknar veita, hefur farið ört vaxandi. Löggjafinn hefur fyrir sitt leyti tekið tillit til þess, og með lagabreytingum hefur dýralæknaumdæmum verið fjölgað allmikið á hinum síðari árum. Á þinginu 1958 var fjallað um frv. þess efnis að skipta þáverandi Austurlandsumdæmi í tvö svæði og að dýralæknir hefði búsetu á hvoru þeirra um sig. Þetta frv. var þá afgr. sem l. og staðfest sem l. nr. 7 1959. Þá var svæðinu skipt þannig, að Austurlandsumdæmi skyldi ná um Múlasýslu suður á Breiðdalsheiði, en A.-Skaftafellssýsluumdæmi ná um A.-Skaftafellssýslu og austur að Breiðdalsheiði. Bæði þessi umdæmi dýralækna eru víðlend, en vegalengdin frá Höfn í Hornafirði austur í Breiðdal er þó miklu mun meiri en vegalengdin frá Egilsstöðum suður í Breiðdal. En við skiptinguna, eins og hún var ákveðin á sínum tíma, var mjög miðað við það, að fjöldi búfjár á hvoru svæði um sig yrði sem jafnastur. Nú hefur reynslan sýnt, að dýralæknirinn, sem á heimilisfang á Hornafirði, á mjög erfitt með sökum vegalengda og oft torfæru á þeim vegi yfir vetrarmánuðina að veita þá þjónustu austur í Breiðdal, sem þörf er á. Þeir, sem búa í þessu hreppsfélagi, telja aðstöðu sína verða betri, ef þeir eigi sókn til dýralæknis að Egilsstöðum. Íbúar Breiðdalshrepps hafa því á s. l. ári samþ. á búnaðarfélagsfundi heima í hreppnum svofellda till.: „Aðalfundur Búnaðarfélags Breiðdæla, haldinn að Staðarborg 15. maí 1969, skorar á þm. Austurlandskjördæmis að beita sér fyrir því, að Breiðdalur sé lagður undir umdæmi dýralæknis á Egilsstöðum.“ Sú skýring fylgir, að till. þessi hafi verið samþ. með öllum greiddum atkv.

Þessi till. hefur verið send þm. Austf. og þess farið á leit, að þeir reyndu að koma fram á þingi því, sem nú situr, þessari lagabreytingu. Frv. þetta er því flutt í samræmi við þessar óskir Breiðdælinga, og það er borið fram af mér í þessari hv. d. í samráði við aðra þm. úr Austurlandskjördæmi.

Í þessu frv. felst sú eina breyt. á gildandi l., að skilin milli umdæmanna verði ekki á Breiðdalsheiði, eins og nú er, heldur við mörkin milli Breiðdalshrepps og Beruneshrepps, þannig að það verði aðeins þrír syðstu hrepparnir í S.-Múlasýslu, sem eiga sókn til dýralæknis l. samkv. að Höfn í Hornafirði.

Ég vænti þess, að hv. þd. líti á þetta mál með góðum skilningi og að það fái góða og hraða afgreiðslu. Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 15 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 253, n. 387).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Það er efni þessa frv. um breyt. á l. um dýralækna, að íbúar Breiðdalshrepps eiga samkv. frv. að njóta dýralæknisþjónustu frá Egilsstöðum, en umdæmi Hornafjarðardýralæknisins skerðist að sama skapi. Þetta er lagt til í frv., vegna þess að reynslan sýnir, að auðveldara er fyrir íbúa Breiðdalshrepps að njóta þjónustu dýralæknis frá Egilsstöðum heldur en Hornafirði, einkum þegar samgöngur eru torveldar að vetrarlagi.

Landbn. hefur haft þetta frv. til athugunar og sendi það til umsagnar til yfirdýralæknis. Og n. hefur borizt umsögn frá yfirdýralækni, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp. Hún er svo hljóðandi, dags. 9. febr. 1970:

„Mér hefur borizt bréf hv. landbn. Ed. Alþ. frá 29. f. m., þar sem óskað er eftir umsögn minni um brtt. Páls Þorsteinssonar alþm. við lög um dýralækna, 148. mál. Til mín hafa borizt bæði munnleg og skrifleg tilmæli frá bændum í Breiðdal um, að skipan dýralæknisumdæma verði breytt eins og gert er ráð fyrir í áðurnefndri till. Einnig hef ég rætt málið við viðkomandi héraðsdýralækna. Ég vil því mæla með því, að breyting sú, sem till. gerir ráð fyrir, verði felld inn í frv. til l. um dýralækna, sem nú liggur fyrir Alþ.“

Landbn. gerði sér það ljóst, þegar hún fjallaði um þetta mál og hún hafði fengið þá umsögn, sem ég hef nú kynnt, að lagt hefur verið fram í Nd. frv. um heildarendurskoðun á dýralæknalögum. Og verði sú löggjöf afgreidd á þessu þingi, er það eðlileg málsmeðferð að fella þetta ákvæði, sem hér um ræðir, inn í þá heildarlöggjöf. Hins vegar er landbn. þessarar hv. d. ekki kunnugt um, hvort tími vinnst til eða reynist kleift að afgreiða þessa heildarlöggjöf um dýralækna á þessu þingi. Það er því niðurstaða n. að mæla með því, að þetta frv. verði samþ. og afgr. frá þessari hv. d. til Nd. Þá fer það væntanlega til landbn. þeirrar d., og hún getur þá gert hvort sem hún vill, tekið ákvæði þessi upp og fellt þau inn í heildarlöggjöfina, ef keppt verður að því að afgreiða það mál, eða afgreitt þetta sem sérstakt frv., svo að sú breyting, sem hér er farið fram á, öðlist lagagildi á þessu þingi. Ég endurtek, að það er álit landbn. að mæla með því, að frv. þetta verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 54. fundi í Ed., 12. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 60. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 61. fundi í Nd., 17. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

57. Breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Á 46. fundi í Ed., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán og um skuldaskil [164. mál] (þmfrv., A. 327).

Á 50. og 51. fundi í Ed., 3. og 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, er við framsóknarmenn flytjum hér í hv. Ed., er um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán og um skuldaskil hjá bændum. Þau gögn, sem fyrir liggja um þessi mál, eru fyrst og fremst álit harðærisnefndar á hag bænda, og er það byggt á framtölum frá 4769 bændum, það er þeirra bænda, sem hafa yfir 80 ærgildi og tekjur að meiri hluta til af landbúnaði. En í þessa mynd vantar framtöl frá nokkur hundruð bændum, sem ekki höfðu skilað framtölum árið 1968. Rannsókn harðærisnefndar er því byggð á efnahag bænda, eins og hann er samkv. framtölum þeirra til skatts í árslok 1967.

Í Árbók landbúnaðarins fyrir árið 1969 eru birtar rannsóknir harðærisnefndar. Þar er grundvölluð vinna, sem þægilegt er að bæta við, ef ástæða þykir til og vilji er fyrir hendi. N. hefur reiknað út skuldir, eignir, nettótekjur og bruttótekjur bænda, og voru heildarskuldir bændastéttarinnar í árslok 1967 1 milljarður 250 millj. kr., og þar af lausaskuldir kr. 491 millj. 416 þús. Meðalskuld á bónda er 262 þús. kr., meðallausaskuld 103 þús., meðalbruttóárstekjur 400 þús. og meðalnettóárstekjur 123 þús. kr. Rúmlega helmingur bænda eða 2747 skulda undir tvöföldum nettótekjum sínum. Yfirleitt eru bændur þessir efnahagslega vel settir, nema ef vera kynni, að þeir eigi eftir að byggja upp á jörðum sínum. Öðru máli er að gegna með þá bændur, sem skulda meira en nemur tvöföldum nettótekjum. Margir þeirra bænda eiga í fjárhagserfiðleikum, en þó einkum þeir, sem skulda yfir fjórfaldar nettótekjur sínar, en það eru rúmlega 1000 bændur. Yfir 600 þeirra skulda meira en sexfaldar nettótekjur sínar og þar af að meðaltali nálægt því 300 þús. kr. í lausaskuldum. Augljóst er, að þessir bændur eiga yfirleitt erfitt með að standa í skilum, en þó sérstaklega þeir, sem hafa lausaskuldir yfir 400 þús. kr., og eru þeir nokkuð margir. Þessir bændur hafa einnig mun lægri nettótekjur en hinir, og liggur það m. a. í mjög þungri vaxtabyrði og verri afkomu almennt. Sjálfsagt hefur það mikið að segja, hvenær bændur þessir hafa byrjað búskap, keypt vélar og byggt upp á jörðum sínum, eða hvort það var fyrir eða eftir viðreisn, fyrir gengisfellingarnar eða eftir.

Þegar litið er á skuldir bænda miðað við bruttótekjur, kemur í ljós, að rúmlega 22% eða 1062 bændur skulda meira en nemur einföldum bruttótekjum, og þar af eru 902 bændur, sem skulda undir tvöföldum brúttótekjum, en 160 skulda yfir tvöfaldar brúttótekjur sínar. Telja má, að búskapargeta þessara bænda sé vonlaus án sérstakrar fyrirgreiðslu. Sjálfsagt eru þeir bændur mun fleiri, sem hafa þunga skuldabyrði og þurfa því á sérstakri fyrirgreiðslu að halda. Séu teknar skuldir bænda miðað við eignir á sama tíma og að framan greinir, þá hafa 3983 bændur innan við 40% af fasteignum sínum veðbundnar. En 395 bændur hafa á milli 40 og 60% fasteigna veðbundnar og 85 bændur á bilinu milli 60 og 70%, en 102 bændur eru með yfir 75% fasteigna sinna veðbundnar. Það virðast því vera frá 400—600 bændur, sem eiga í verulegum erfiðleikum með veð til þess að geta breytt lausaskuldum í föst lán.

Hér er stuðzt við mat harðærisnefndar á fasteignum. Hins vegar hefur nýja fasteignamatið, sem unnið er að, ekki öðlazt gildi enn þá, þrátt fyrir þann langa tíma og þá milljónatugi úr ríkissjóði, sem búið er að leggja í það mat. En þó hefur það mat verið notað í sambandi við þau lausaskuldalán, sem veitt hafa verið á þessum vetri. Eftir því, sem ég hef kynnzt þessu mati, þá er það mjög misjafnt eftir landshlutum, og gefur það ekki þá réttu mynd af fasteignum bænda, sem mér finnst, að fasteignamat þurfi að gera, en vonandi verður matið samræmt, svo að það geti orðið sá rétti grundvöllur, sem unnt er að byggja á, bæði lánveitingar og annað, sem við það verður miðað af opinberum aðilum.

Það lætur nærri samkv. mati harðærisnefndar á efnahag bænda, að útkoman sé svipuð í þeim

samanburði, sem hún gerir á skuldum miðað við nettótekjur og bruttótekjur annars vegar og eignir eða veðhæfni jarðanna hins vegar. Í þessum samanburði kemur fram hópur bænda, sem á í miklum fjárhagserfiðleikum. Hér liggur það ekki ljóst fyrir, hve margir bændur eiga þar hlut að máli og þurfa sérstakrar aðstoðar við. Þær tölur, sem ég hef nefnt, eru byggðar á framtölum bænda 1968, og sýna þær efnahag þeirra í árslok 1967 eða fyrir rúmum þremur árum síðan. Margt getur breytzt á skemmri tíma, en eitt er víst, að efnahagur þeirra bænda, sem stóðu höllum fæti fyrir þremur árum, hefur ekki batnað. Sumir hafa án efa flosnað upp og aðrir komnir á vonarvöl, og eru þeir líklega fleiri.

Dýrtíðin, kalið, grasleysið og óþurrkarnir hafa skapað mörgum bændum erfiðan fjárhag. Síhækkandi rekstrarkostnaður samhliða lækkandi tekjum sýna, hvert stefnir. Hagtíðindin skýra nú sem fyrr frá því, að bændur séu langtekjulægsta stétt þjóðfélagsins. Þá er það einnig upplýst af Framleiðsluráði landbúnaðarins, að bæði mjólkurframleiðsla og kindakjötsframleiðslan var minni á árinu 1969 en árið áður. Hækkun á áburði varð s. l. ár t. d. 33.3%, og allir aðrir rekstrarliðir hjá bændum hækkuðu einnig mikið, auk þess sem fóðurkaup verða bændum í stórum hluta landsins miklu dýrari á þessum vetri en jafnan áður, þar sem heyskapur var mjög erfiður og heyin því bæði lítil að vöxtum og léleg að gæðum. Þar af leiðir, að útgjöld öll verða mun meiri á þessu ári en oftast áður.

Þá má á það benda í þessu sambandi, að samkv. búreikningum frá 118 bændum fyrir árið 1968 hækkuðu meðalskuldir þeirra um 40 þús. kr. eða úr 373 þús. kr. í ársbyrjun í kr. 413 þús. í árslok 1968. Eignir þessara bænda hækkuðu hins vegar á móti um 16 þús. kr., svo að árstapið varð um 24 þús. kr. En samkv. búreikningum hafa meðalskuldirnar hjá bændum verið allmiklu meiri en kom fram í því áliti, sem birt er frá harðærisnefnd. Launagreiðslugeta þeirra bænda, sem færðu búreikninga, reyndist vera kr. 27.27 á klst., sem er ekki einu sinni hálfur taxti þeirra verkamanna, sem búa við lægstan launaskala. Það gefur því augaleið, að það er ekki við því að búast, að hægt sé að borga niður skuldir né komast hjá skuldasöfnun með svo lágum tekjum. Það má heita vonlaust fyrir bændur að byggja yfir sig, því að þau lán, sem þeir fá, eru svo lág samanborið við kostnað, að lausaskuldasöfnun verður þeim óbærileg. Síðustu 10 árin hafa lánin numið sem hér segir, og er þá miðað við hús, sem er 120 fermetrar eða 350 rúmmetrar, og heildarkostnaður áætlaður hinn sami og hjá Hagstofu Íslands á hverju ári fyrir sig:

Árið 1960 var kostnaður á rúmmetra talinn 1228 kr. og húsaverð því alls 429.800 kr., lánsupphæð 90 þús. kr. og lán af kostnaðarverði 20.9%. Árið 1962 var þessi kostnaður á rúmmetra kominn upp í 1562 kr. og húsaverð 546 þús. 700 kr., lánsupphæð 150 þús. og hluti í láni sem hluti af kostnaði 27.4%. Árið 1964 er rúmmetrinn kominn upp í 1834 kr., húsaverðið í 641 þús. 900, lánið áfram 150 þús. og lán af kostnaðarverði 23.4%. En það ár fá allir bændur, sem byggðu, nokkurn styrk eða framlag frá Landnámi ríkisins, og nam það framlag 9.3% það ár. Árið 1965 er rúmmetrinn kominn upp í 2044 kr. eða húsið upp í 715 þús. 400, en lánið 260 þús. og nemur þá 36.3% af kostnaðarverði og ríkisframlagið 8.4%. Árið 1967 er rúmmetrinn 2767 kr., húsaverðið alls 968 þús. 450 kr., lán 260 þús. eða 26.8% af kostnaði og framlagið 6.2%. Árið 1968 var rúmmetrinn kominn upp í 2765 kr., húsaverð alls 967.750 kr., lánið 300 þús. og nam því 31% og ríkisframlagið 6.2%. S. l. ár er talið, að rúmmetrinn hafi kostað 3975 kr. og húsaverð alls 1 millj. 391 þús. 250 kr., lánið 300 þús. og nam því 21.6% af kostnaði. Og ríkisframlagið komið niður í 4.3%, en var upphaflega, þegar það kom á, 9.3%.

Þannig hafa bæði lán og ríkisframlag farið lækkandi með hverju ári, sem liðið hefur, og verða því bændur að leggja fram allstóran hlut annars staðar að en í gegnum þau lán, sem þeir fá frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, til þess að koma húsnæði yfir sig og sína. En húsnæðisþörfin er þó talin vera ein af lágmarksþörfum hvers og eins íbúa þjóðarinnar. Hér er miðað við meðalíbúðarhús og þann kostnað, sem Hagstofa Íslands reiknar árlega á rúmmetra í húsum, og er sá kostnaður undir raunverulegum kostnaði. Og þannig er það nú, að rúmmetri í íbúðarhúsum í sveitum er talinn vera sem næst 4500 kr. eða rúmum 500 kr. hærri en Hagstofa Íslands gefur upp í sínum útreikningum. 80% af kostnaði íbúðarhúsa verða bændur að leggja til annars staðar frá, og er þá ekki um að ræða lán nema með 10% vöxtum, annaðhvort sem víxlar eða viðskiptaskuldir. En mig minnir, að lánin í Breiðholti, þau sem síðast hafa verið veitt, hafi verið með 5% vöxtum, og ég held, að í sumum tilfellum séu heildarlánin sem næst 100% af kostnaðarverði íbúðanna.

Sem kunnugt er voru afgreidd frá Alþ. á s. l. ári lög um að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Reglugerð samkv. þeim l. var gefin út 9. júlí sama ár. Þar var fram tekið m. a., að vextir skyldu vera 9% og lánin aðeins ná til greiðslu á lausaskuldum vegna framkvæmda hjá bændum á árunum 1961—1968, enda áttu þeir bændur, sem sæktu um lánin, ekki að vera í neinum vanskilum, hvorki við Stofnlánadeild eða Veðdeild Búnaðarbankans í árslok 1968. Umsókn skyldi komin til Stofnlánadeildar fyrir lok októbermánaðar ásamt öllum tilheyrandi gögnum.

Um mánaðamótin ágúst-september s. l. var aðalfundur Stéttarsambands bænda haldinn. Þar var samþ. svo hljóðandi till., með leyfi forseta:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda 1969 mótmælir eindregið reglugerð við lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, þar sem með ákvæðum hennar eru þessi lög gerð allt of óhagstæð fyrir bændur, og útiloka þau fjölda bænda algerlega frá að geta hagnýtt sér þau. Þess vegna skorar fundurinn á landbrh. að breyta reglugerð umræddra l. m. a. þannig, að vaxtaprósenta lánanna verði færð til samræmis við vexti af lánum húsbyggjenda í Breiðholtshverfi í Reykjavík samkv. brbl. frá s. l. vori. En þótt slík lagfæring fáist, geta lánin ekki bjargað þeim bændum, sem lent hafa í mestum efnahagserfiðleikum s. l. ár. Þess vegna skorar fundurinn á landbrh. að gera ráðstafanir í samráði við stjórn Stéttarsambands

bænda, t. d. með frestun afborgana fastra lána og lengingu lána og lengingu lánstíma, til að koma í veg fyrir, að þeir verði að hætta búskap, sem leiddi til þess, að fjöldi jarða færi í eyði.“

Eftir að till. þessi kom til hæstv. landbrh., sá hann sinn hlut vænstan með því að breyta reglugerð l. þann 16. sept. á þann veg, að bankavaxtabréfin skyldu auk þess, sem áður er um getið, ná til greiðslu á skuldum vegna hvers konar fjárfestingar og jarðakaupa, þ. e. til framkvæmda, hvers konar fjárfestingar og jarðakaupa. Þessi viðbótarreglugerðarákvæði vissu allt of fáir bændur um, þar sem reglugerðin var aldrei auglýst, en hennar getið í einu dagblaði, að ég held, einu sinni. Og fór því svo, að margir þeir bændur, sem annars hefðu sótt um lausaskuldalán, gerðu það ekki, vegna þess að þeir vissu ekki um breytingu þá, sem gerð var á reglugerðinni, og *margir höfðu sent sín gögn áður til Búnaðarbankans og miðuðu þau gögn við þá reglugerð*, sem þeim var kunnugt um, en hún takmarkaði mjög þau lán, sem þeir gátu fengið. Þegar lög um lausaskuldir voru samþ. á Alþ., þá hélt ég, að þar mundi fást úr því skorið, er þau kæmu til framkvæmda, hverjir hefðu þörf fyrir fyrirgreiðslu umfram það, sem l. ákváðu. *Ég er á allt* annarri skoðun nú um þessi mál, og færi fyrir þeirri skoðun minni eftirfarandi rök:

1. Upphaflega reglugerð lausaskuldalaganna frá 9. júlí 1969 var svo þröng og takmörkuð, að þeir bændur, sem voru skuldugir, en höfðu ekki staðið í framkvæmdum, sóttu ekki um lausaskuldalán, því að þeir töldu það þýðingarlaust, þar sem skuldir þeirra féllu ekki undir ákvæði reglugerðarinnar.

2. Einstaka lánadrottnar neituðu að taka við bankavaxtabréfum upp í skuldir, þar sem enginn var skuldbundinn til að taka bréfin upp í viðskipti, t. d. Seðlabankinn að taka þau upp í bindifé banka, sparisjóða og innlánsdeilda, eða Seðlabankinn að taka bréfin upp í önnur viðskipti hjá bönkum, sparisjóðum og verzlunum.

3. Vextir af bankavaxtabréfum vegna lausaskuldanna þóttu allt of háir, þar sem það er aðeins 1% munur á þeim og víxlavöxtum eða viðskiptavöxtum verzlana.

4. Allmargir bændur, sem voru komnir í vanskil við Stofnlánadeild landbúnaðarins og Veðdeild Búnaðarbankans, gátu hvergi náð í lán til þess að borga vanskilin við bankann og töldu því vonlaust að sækja um lán og hafa ekki sótt um þau enn þá, vegna þess að þeir fá hvergi peninga að láni til þess að borga vanskilin með. Þessir bændur koma því hvergi fram á sjónarsviðið, vegna þess að það hefur verið miklu verr að þessu máli staðið en þurfti að gera. Þótt löggjöfin í þeim efnum sé gölluð, þá var hægt að halda betur á málum en orðið hefur í reyndinni.

5. Breyting sú, sem gerð var á reglugerðinni 16. sept., var fáum bændum kunn sakir þess, að hún var ekki auglýst, og fresturinn aðeins lengdur um 10 daga til að skila umsókn og gögnum. Tíminn var útrunninn, áður en þeir bændur, sem annars höfðu sótt um lán, vissu, að þeir gætu komið til greina með að fá fyrirgreiðslu á lausaskuldum sínum.

6. Nokkrir bændur voru svo illa settir, að þeir höfðu engin afgangsveð til þess að fá meiri föst veðlán en þeir þegar höfðu og hafa, svo að þeir sóttu ekki um lausaskuldalán, þar sem þeim var ljóst, að þeir yrðu jafnt eftir sem áður að sitja með lausaskuldir sínar, þar sem ekki var um neina aðra fyrirgreiðslu að ræða en þá að breyta vissri tegund skulda eftir því, hvernig þær væru tilkomnar, í föst lán eftir því, sem veðin leyfðu í hverju einstöku tilfelli.

Það, sem ég hef hér nefnt, og ýmislegt fleira, hefur valdið því, að allmargir bændur, sem þurfa á því að halda að koma skuldamálum sínum í viðunandi horf, hafa ekki sótt um lán. Fyrir suma hefur það enga þýðingu, en svo eru aðrir, sem hefðu án efa fengið einhverja fyrirgreiðslu, ef þeim hefði strax verið kunnugt um reglugerðarbreytingu þá, sem gerð var. Það þurfti að auglýsa reglugerðina og hafa umsóknarfrestinn lengri, *eins og ég hef heyrt*, að Búnaðarbankinn hafi viljað, en ekki fengið því ráðið, að hafa umsóknarfrest til 31. des. s. l. ár í staðinn fyrir til októberloka. Það er því útilokað, eins og ég hef fært rök að, og að fenginni reynslu af framkvæmd lausaskuldalaganna frá í fyrra annað en taka málið upp að nýju, ef forráðamenn þjóðar*innar vilja bændum ekki verr en þeir láta stund*um í ljósi, þegar þeir rumska annað slagið.

Það er enginn vafi á því, að það þurfa fleiri bændur fyrirgreiðslu á skuldamálum en þeir 460, sem þegar er búið að veita lán, ýmist þannig að þeir hafa komið öllum lausaskuldum sínum í bankavaxtabréf eða þá að hluta til, og hefur það farið eftir ýmsum aðstæðum. *Ég hef ekki tölur* yfir það, en það hefur sína þýðingu að vita, hvað þeir bændur eru margir, sem hafa fengið eða hafa komið öllum lausaskuldum sínum í föst lán. Og það væri líka fróðlegt að vita, hvað það væru margir bændur, sem hafa afgangslausaskuldir, þrátt fyrir það að nokkur hluti þeirra er þegar kominn í föst lán. Þetta hefur allt sína þýðingu.

Það munu alls hafa borizt umsóknir til Búnaðarbankans um lausaskuldalán frá 640 bændum. 180 hafa enga fyrirgreiðslu fengið, og munu fæstir fá, eftir því sem hæstv. landbrh. upplýsti við setningu búnaðarþings. Þá taldi hann aðeins um örfáa bændur að ræða, sem ættu eftir að fá lán, og verið væri að athuga, hvað gera skyldi við þá bændur, sem ekki fengju lausaskuldalán, sakir þess að fjárhagur þeirra væri svo illa kominn.

Ég hef heyrt, að það væru nálægt 300 bændur, sem væru í vanskilum við Stofnlánadeild og Veðdeild Búnaðarbankans. Af framansögðu má það ljóst vera, að það er hópur bænda, sem þarf að fá fjárhagslega fyrirgreiðslu, ekki aðeins með því að breyta lausaskuldum í föst lán, heldur og einnig með skuldaskilum. Frv. okkar framsóknarmanna er því tímabært og kemur í góðar þarfir, þar sem það er miðað við hagkvæm lán og skuldaskil, sem eigi verður hjá komizt í allmörgum tilfellum. Skuldir bænda við Bjargráðasjóð Íslands eru orðnar allmiklar, og falla þær á bændastéttina af fullum þunga á næstu árum. Á þessum vetri lánar Bjargráðasjóður Íslands sveitarfélögum 76 millj. kr. til þess að endurlána bændum til fóðurkaupa. Skuldir þær, sem fyrir voru hjá Bjargráðasjóði vegna harðinda, voru 32

millj. kr., svo að þessar skuldir alls nema því 108 millj. kr., sem bændur hafa tekið síðustu þrjú árin vegna harðindanna og eiga að borga, áður en langir tímar líða. Það er að vísu mikill kostur við þessi lán, að þau eru vaxtalaus, en þau verður að greiða á næstu árum. Bjargráðasjóðslánin ein eru 21600 kr. á hvern bónda í landinu til viðbótar við allar aðrar skuldir, sem á þeim hvíla, og þeir þurfa að rísa undir.

Það frv., sem hér um ræðir, fjallar einkum um tvennt: Annars vegar að breyta lausaskuldum í föst lán og hins vegar um skuldaskil. I. kafli frv. fjallar um það að breyta lausaskuldum bænda í föst lán, en reginmunur er á frv. þessu og núgildandi l. frá 1969, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. En aðalmunurinn felst í eftirtöldum atriðum:

1. Að lögin nái til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda, sem komið hafa upp vinnslustöðvum, en ekki fengið nægjanleg stofnlán.
2. Að l. taki einnig til lausaskulda, sem hafa myndazt vegna bústofns- og fóðurkaupa.
3. Að l. nái yfir skuldasöfnun á tímabilinu frá 1960 til og með 1969.
4. Að vextir verði ekki yfir 6%.
5. Að lánin verði til 25 ára.
6. Að heildarlánsupphæð megi vera 80% af matsverði.
7. Að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðva þeirra.
8. Að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.

En í öllum þessum atriðum er reginmunur á því frv., sem hér liggur fyrir varðandi breytingu á lausaskuldum í föst lán, og þeirri löggjöf, sem ég hef hér lýst, eins og hún hefur orðið í framkvæmd.

II. kafli frv. fjallar um skuldaskil. Þar er gert ráð fyrir því, að stjórn Skuldaskilasjóðs verði skipuð 5 mönnum, sem landbrh. skipar eftir tilnefningu eftirtalinna stjórna: Búnaðarbanka Íslands, Sambands ísl. samvinnufélaga, Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands. Fjmrh. tilnefni einn mann í stjórnina. Stjórnin er valin með tilliti til þess, að allar þær stofnanir, sem tilnefna menn í stjórnina, hafa meira eða minna með skuldir bænda að gera og þurfa að taka sínar ákvarðanir þar að lútandi.

Ríkissjóður skal leggja Skuldaskilasjóði til það fjármagn, sem þarf í fyrstu. Gert er ráð fyrir því, að sjóðurinn fái allt að kr. 50 millj., sem ríkissjóði er heimilt að taka að láni til 10 ára og endurlána það með sömu kjörum til Skuldaskilasjóðs. Fjár til greiðslu vaxta og afborgana af lánum samkv. 8. gr., þ. e. þeirri gr., sem ég hef lýst, skal aflað með tvennum hætti, þ. e. árlegum fjárveitingum næstu 10 ár frá og með 1971, og árgjöldum af lánum þeim, sem bændum er veitt úr Skuldaskilasjóði. Til viðbótar því stofnfé, sem Skuldaskilasjóði er aflað úr ríkissjóði, skal stjórn sjóðsins heimilt að gefa út handhafaskuldabréf, sem mega nema samtals allt að 75 millj. kr. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir til greiðslu á skuldum eldri en frá 1. janúar 1970, að svo miklu leyti, sem þær eru ekki tryggðar með fasteignaveði, svo og til greiðslu á árgjöldum af fasteignaveðslánum, sem fallin eru í gjalddaga, og víxlum, enda hafi skuldin myndazt fyrir árslok 1969. Bréfin skulu vera gildur gjaldeyrir af hendi einstaklinga og stofnana í viðskiptum við Seðlabanka Íslands. Trygging fyrir skuldabréfum er stofnfé sjóðsins, skuldabréfin frá lántakendum og ábyrgð ríkissjóðs. Vextir skulu vera 6% og skuldabréfin til sama tíma og lánin, þ. e. allt að 25 ára og innleysast á þeim tíma.

Fé Skuldaskilasjóðs skal einungis varið til lánveitinga handa bændum, og skilyrði fyrir þessum lánveitingum eru eftirfarandi:

1. Að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg.
2. Að skuldir hans í hlutfalli við eignir og árstekjur séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum ókleift að standa við skuldbindingar sínar eða reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli, nema hann fái einhverja eftirgjöf skulda.
3. Að umsækjandi geti sett þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðstjórnin telur gilda.
4. Að hann geti að dómi sjóðsstjórnar staðið straum af árlegum greiðslum á lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkv. l. þessum samhliða heilbrigðum búrekstri.

Meginefnið um framkvæmd skuldaskila er hliðstætt þeim reglum, sem gilda undir slíkum kringumstæðum hjá öðrum atvinnuvegum, og einnig að nokkru stuðzt við l. um kreppulánasjóð frá 1933.

Eins og fram kemur í 19. gr. frv., er reiknað með því, að það verði að gefa eftir skuldir í nokkrum tilfellum, og er Skuldaskilasjóði ætlað að taka þátt í þeirri eftirgjöf að hálfu leyti á móti lánadrottni. Þátttaka Skuldaskilasjóðs í eftirgjöf er á því byggð, að lausaskuldir bænda eru yfirleitt ekki hjá ríkisbönkum eða ríkisfyrirtækjum né heldur með ábyrgð ríkissjóðs, eins og á sér stað í sjávarútvegi og þeim fyrirtækjum, sem þar til heyra. Krafan um það, að ríkissjóður taki þátt í þessum skuldaskilum, er því jafnréttiskrafa, sem framkvæmd er með öðrum hætti innan annarra atvinnuvega, en lendir þó á sameiginlegum sjóði þjóðarinnar, þegar á bjátar. Hér getur aldrei orðið um stórar fjárhæðir að ræða.

Ég tel, að að öðru leyti skýri þetta frv. sig sjálft, þar sem um er að ræða almenn ákvæði, og skal ég ekki nánar fara út í það.

Herra forseti. Ég tel, að landbúnaðurinn sé íslenzku þjóðinni nauðsynlegur. Hann er að verðmæti til tveir milljarðar 970 millj. kr. og sparar því mikinn gjaldeyri og aflar þjóðinni mikils gjaldeyris eða eftir því, sem ég get bezt komizt að, milli 600—700 millj. kr. Hann er undirstaða iðnaðarins í vaxandi mæli og heldur uppi atvinnulífi í fjölmörgum kauptúnum og kaupstöðum landsins. Það verður víða atvinnuleysi, ef byggðum býlum fækkar og samdráttur yrði í landbúnaðarframleiðslu. Því ber hv. Alþ. og alþm. að efla landbúnaðinn með því að samþykkja frv. þetta, sem treystir í nokkru efnahag bænda. En hafa ber það í huga, að það er ekki nóg að breyta lausaskuldum bænda í föst lán með því að framkvæma skuldaskil, nema búið sé betur að bændastéttinni eftirleiðis en verið hefur um skeið, þar sem það hefur sýnt sig, að þrisvar sinnum á 8 árum hefur orðið að breyta lausaskuldum bænda í föst lán. Það þarf jafnframt að

endurskoða þá löggjöf, sem getur haft áhrif á afkomu bænda til hins betra. Nefni ég þar þá fyrst og fremst lög um lánakjör landbúnaðarins, þ. e. stofnalánasjóðirnir. Lánstíminn þarf að lengjast, vextir að lækka, sérskattur og erlend lán með gengisáhættu að hverfa úr lánakerfi landbúnaðarins, svo að bæði félagsleg uppbygging í landbúnaði og framtak bænda á býlum sínum geti haldizt í hendur. Verkefni, sem vinna þarf, blasa víða við, en undirstöðum þeirra verkefna má ekki gleyma, en það eru bændurnir og þeirra skyldulið, sem á því hefur sitt framfæri. Minna vil ég hv. þm. á það, að bóndi er bústólpi, og bú er landstólpi, og því skal hann virður vel.

Legg ég svo til, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

58. Orkulög (frv. PÞ og ÁB).

Á 51. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á orkulögum, nr. 58 29. apríl 1967 [176. mál] (þmfrv., A. 380).

Á 52. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Rafmagnið er eitt af þeim gæðum, sem menn telja ekki hægt að vera án, eins og háttað er til um aðstöðu manna á heimilum og við atvinnurekstur nú á tímum. Þetta hefur verið viðurkennt af löggjafanum, bæði með lagasetningu um þessi efni og með því að veita fé til þess að koma rafmagninu sem víðast um byggðir landsins, þó að því miður að framkvæmdir í þeim efnum gangi hægar en æskilegt væri. Flestir landsmenn fá rafmagnið frá samveitum, en það eru takmörk fyrir því, hvort kleift þykir að leggja samveitur til þeirra byggðarlaga, sem strjálbýl eru, og hefur markið nú verið sett við það að koma samveitum til þeirra bæja, þar sem meðalfjarlægð eru tveir km eða minni. Þeir, sem eru svo í sveit settir, að geta ekki fengið rafmagn með þessum hætti, verða að afla þeirra gæða með því að koma upp litlum rafstöðvum til heimilisnota. Og þá er um tvennt að ræða, annaðhvort mótorrafstöðvar eða litlar vatnsaflsstöðvar, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess að virkja vatnsafl í þessu skyni.

Samkv. orkulögunum er Orkusjóði heimilt að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa mótorrafstöðvar, lán, er nemi allt að 4/5 stofnkostnaðar rafstöðvarinnar. Það er enn fremur ákveðið í orkulögum, að úr Orkusjóði sé heimilt að veita einstökum bændum, sem einir eða fleiri saman reisa vatnsaflsstöðvar til heimilisnota utan þess svæðis, sem héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, lán að upphæð allt að 2/3 stofnkostnaðar viðkomandi vatnsvirkjana og línulagna heim að bæjarvegg.

Hér er gerður nokkuð mikill munur á, og okkur flm. virðist, að þessi munur sé óeðlilega mikill. Vatnsaflsstöðvar eru fullkomnari og endast að jafnaði lengur en mótorrafstöðvar, ef virkjunarskilyrði eru sæmileg, og víða þarf að leggja alllanga línu frá vatnsafli, sem virkjað er, heim að bæjarvegg, en mótorrafstöð er yfirleitt hægt að reisa heima við bæ. Það er líka takmörkunum háð, hvað hægt er að leiða lágspennt rafmagn langan veg frá virkjunarstað og heim að bæ, og ef sú vegalengd fer yfir tiltekið mark, svona kringum 1 km, þá þarf spennistöð til þess að koma spennunni á nothæft stig, og hleypir það vitanlega mjög fram kostnaði við slíka virkjun. En eins og ég gat um, þá mæla orkulögin svo fyrir, að til þessara framkvæmda, þ. e. vatnsvirkjunar, línulagna heim að bæjarvegg og spennistöðva, er reisa þarf, sé einungis heimilt að veita lán, sem nemur 67% stofnkostnaðar. Hinn hlutann verður sá, sem mannvirkin reisir, að leggja fram úr eigin vasa.

Með þessu frv. er stefnt að því, að leiðrétta þetta misræmi, þannig að lán út á vatnsaflsstöð megi nema allt að 75% stofnkostnaðar, og enn fremur að heimilt verði að veita úr Orkusjóði óafturkræft framlag til þeirra vatnsaflsstöðva til heimilisnota, sem reistar eru utan þess svæðis, er héraðsrafmagnsveitum er ætlað að ná til í náinni framtíð, og að lán og framlag megi nema samtals allt að 90% af stofnkostnaði rafstöðva og línulagna heim að bæjarvegg.

Orkulög voru samþ. á Alþ. 18. apríl 1967. Og það fór nú svo, eins og oft vill verða, að sú d., sem síðar fjallaði um þetta mál, hafði mjög skamman tíma til athugunar og afgreiðslu málsins, og það var hv. Ed., sem fjallaði síðar um orkulögin, en þau höfðu verið alllengi til athugunar í hv. Nd. Þegar orkulög voru sett vorið 1967, var bent á þetta misræmi, sem þetta litla frv. okkar miðar nú að, að leiðrétt verði. Þá benti ég m. a. á þetta, og það fóru fram nokkur orðaskipti á milli mín og hæstv. raforkumálaráðh., Ingólfs Jónssonar, út af þessum efnisatriðum í sambandi við orkulögin. Þá leyfði ég mér að benda á þetta, sem ég hef nú gert að umræðuefni, og hæstv. raforkumálaráðh. tók vel undir þessi atriði, en benti á, sem vitanlega var rétt, eins og málið lá þá fyrir, að það væri komið að þinglausnum og væru mikil vandkvæði á, ef málið þyrfti aftur að fara til Nd. Ég hef fengið í hendur til þess að rifja þetta upp hér stutta ræðu, sem þá var haldin, en um þetta sagði hæstv. þáverandi raforkumálaráðh., Ingólfur Jónsson, m. a.:

„Þetta mál er nú komið á síðasta stig í þinginu, og það er ekki langur tími, sem Alþ. á eftir að sitja í þetta sinn, og jafnvel þótt menn hefðu áhuga fyrir að gera vissar breytingar, þá er erfitt um vik að þessu sinni. En ég mælti ekki gegn því áðan, að það gæti verið eðlilegt að hækka þetta lánshlutfall, en þetta er vitanlega

alltaf matsatriði, og vitanlega getur það vel komið til greina, þó að síðar verði, að hækka þetta lánshlutfall, og ég mundi segja eins og hv. síðasti ræðumaður, að það kæmi vitanlega vel til greina eftir nánari athugun, að það þætti sanngjarnt að hafa eitthvert óafturkræft framlag. Ég vil ekkert fullyrða um það, en það er ekki í þessu frv.“

Ég hef leyft mér að rifja þetta upp, og ég legg nú fram þetta frv. ásamt 1. þm. Vesturl. í því skyni, að þetta atriði verði nú tekið til athugunar á ný, og vænti þess, að það geti leitt til þess, að menn sjái ástæðu til þess að gera þá tiltölulega smávægilegu og kostnaðarlitlu breytingu á orkulögum, sem stefnt er að með þessu frv.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

59. Sala hluta úr jörðinni Kollafirði.

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr jörðinni Kollafirði í Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu [193. mál] (þmfrv., A. 467).

Á 65. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

60. Sala Þykkvabæjar I í Landbroti.

Á 66. fundi í Ed., 7. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 12. maí 1969, um heimild fyrir hreppsnefndina í Kirkjubæjarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu til að selja jörðina Þykkvabæ I í Landbroti [200. mál] (þmfrv., A. 490).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Landbn. þessarar hv. d. hafði borizt tilmæli um það frá landbrn. að flytja frv. það, sem hér liggur fyrir til 1. umr. Dm. mun vera þetta málefni nokkuð kunnugt frá síðasta þingi. Þá voru þessi lög sett um sölu jarðarinnar Þykkvabæjar I í Landbroti, og var það gert vegna þess, að hreppsnefnd Kirkjubæjarhrepps á í verulegum örðugleikum með það að halda þessari jörð í byggð, sé eignarráðum á henni háttað eins og verið hefur vegna þeirrar kvaðar, sem gjafabréfi fylgdu. Talið var, að þau lög, sem sett voru á síðasta þingi, mundu leysa þetta mál, en við frekari könnun hefur það ekki verið svo, og því er þetta frv. flutt til þess að auðvelda, að þessi sala jarðarinnar geti farið fram og um leið tryggt framhaldandi ábúð á jörðinni.

Landbn. hefur fjallað um þetta mál og varð sammála um það að bera frv. fram. Hins vegar hafa einstakir nm. óbundnar hendur um afstöðu til málsins í heild.

Ég vil, herra forseti, leggja til, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 73. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

61. Seðlabanki Íslands (frv. GilsG).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 16. apríl 1962, um Seðlabanka Íslands [207. mál] (þmfrv., A. 502).

Á 67. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Enda þótt þetta frv. á þskj. 502 sé ekki langt, aðeins í rauninni ein tiltölulega stutt gr., þá er það býsna efnismikið og gefur vissulega tilefni til þess að ræða um ýmis atriði í sambandi við þróun verðlags og peningamála og raunar stjórnmálaþróunina yfirleitt á allmörgum undanförnum árum. En með tilliti til þess, að með frv. fylgir allítarleg grg., þá tel ég, að ég geti nú stytt mál mitt nokkuð, en þó sé ég ástæðu til að víkja að ýmsum forsendum þess, að ég flyt þetta frv.

Það er ljóst, hvað í þessu frv. felst. Það er í stuttu máli að flytja ákvörðunarvald um stofngengi íslenzkrar krónu gagnvart erlendum gjaldeyri frá Seðlabanka Íslands og til Alþ., þar sem þetta vald var lengst af. Flutningur þessa máls gefur, eins og ég áðan sagði, tilefni til þess að rifja upp, hvernig ástatt var hér í íslenzku þjóðfélagi, þegar Seðlabankanum var fengið þetta vald í hendur, og með hvaða hætti það gerðist.

Það muna margir, að á árinu 1959, — því ári, sem segja má, að væri undanfari þess stjórnarsamstarfs, sem hófst 1960 og staðið hefur alla tíð síðan, — var framkvæmd stöðvun kaupgjalds og verðlags af þeirri ríkisstjórn, sem þá sat, og jafnframt var á því ári framkvæmd allnokkur launaskerðing. Síðan, eftir að núverandi ríkisstjórn hafði séð dagsins ljós, fór hér fram stórfelld gengisfelling snemma árs 1960. Eins og jafnan, þegar um mikilsháttar gengisfellingar hefur verið að ræða, þá hækkaði verðlag allt í kjölfar þessarar gengisfellingar, og það var talið, að á árinu 1959 og 1960 hefði orðið um að ræða a. m. k. 25% launaskerðingu almennings. Launastéttirnar voru þó að segja mátti býsna rólegar á þessum tímum og töldu rétt, að það kæmi rækilega í ljós, hver áhrif gengisfellingarinnar 1960 yrðu, og þar með fengist nokkur reynsla af þeirri stjórnarstefnu, sem þá hafði verið upp tekin og kennd var við viðreisn. Það var ekki fyrr en vorið 1961, að verkalýðshreyfingin ákvað að hefjast handa og freista þess að rétta hlut sinn, eftir að alþýðustéttirnar höfðu á árunum 1959 og 1960 orðið fyrir launaskerðingu, sem nam um 25%, eins og ég áður sagði.

Það fór svo, að samningar náðust ekki milli verkalýðsfélaga og atvinnurekenda, og almenn verkföll hófust í maímánuði þetta ár. Þá gerist það, eftir að verkföll hafa staðið stuttan tíma, sem þótti verulegum tíðindum sæta, að tvær sterkustu félagsmálahreyfingarnar, hreyfingar almennings hér á landi, samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin, báru þá gæfu til þess að taka upp samvinnu í sambandi við lausn kjaramálanna, og snemma í júnímánuði, eftir að verkfall hafði staðið í stuttan tíma, semja Vinnumálasamband Sambands ísl. samvinnufélaga og ýmis kaupfélög, þar á meðal Kaupfélag Eyfirðinga, við verkalýðsfélögin á viðkomandi stöðum um 10—13% kauphækkun, um 6% orlof og um ýmsar fleiri réttarbætur félögum í verkalýðshreyfingunni til handa, þar á meðal um 1% af útborguðum vinnulaunum í sjúkrasjóði verkalýðsfélaga.

Þetta samkomulag þessara aðila, samvinnuhreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar, var í rauninni stórtíðindi, og ýmsir vonuðu, að önnur og meiri mundu á eftir fara. Það var vissulega atburður, sem hlaut að vekja athygli, þegar þessar tvær langstærstu og öflugustu almannahreyfingar tóku þarna höndum saman til þess að leysa mjög víðtækt verkfall vorið 1961. Í rauninni var þetta stórpólitískur viðburður, og hefði betur farið, ef framhald hefði orðið á því heillavænlega samstarfi, sem þarna var hafið. En eftir að samvinnuhreyfingin og verkalýðshreyfingin höfðu samið og eftir að verkföllum hafði verið aflýst á Norðurlandi og að nokkru leyti hér á Suðurlandi við samvinnuhreyfinguna, þá héldu enn þá áfram verkföll, vegna þess að þeir atvinnurekendur, sem voru í Vinnuveitendafélaginu, harðneituðu að semja. Þessi deila stóð lengi, eða um það bil mánuð, og harðast og lengst var deilt um sjúkrasjóðina og yfirráðin yfir þeim. Þessu mikla verkfalli lauk svo hinn 29. júní, eftir að það hafði staðið um mánaðartíma eða þar um bil.

Nú er það alkunna, að ríkisstjórnin, viðreisnarstjórnin, sem þá var á öðru ári stjórnarferils síns, undi þessum úrslitum ákaflega illa, enda þótt hér væri ekki um annað að ræða en það, að verkalýðshreyfingin hafði náð samningum um 10—13% kjarabætur eftir að hafa orðið að taka á sig kjaraskerðingu, sem nam um 25% á tveimur undanförnum árum. En þessu vildi ríkisstjórnin ekki una, og það mun hafa verið vegna þess, að ríkisstjórnin gat ekki eða taldi sig ekki geta unað því, að verkalýðshreyfingin næði þessum kjarabótum, að farið var að hugsa til þess, á hvern hátt þeim yrði náð aftur af launastéttunum. Og það mun hafa verið nokkur fyrirstaða, að því er ég hygg, meðal stjórnarliða, að því er snertir að ná þeim aftur með einu pennastriki, með gengisfellingu. En þá er það sem hæstv. ríkisstjórn og ráðunautar hennar í fjármálum taka upp á því snjallræði frá sínu sjónarmiði séð að taka með brbl. gengisákvörðunarvaldið af Alþ., sem hafði haft þetta vald, og flytja það yfir til Seðlabankans. Þetta var gert með brbl. frá 1. ágúst 1961, og gengislækkun var síðan ákveðin af Seðlabankanum hinn 4. ágúst um rúmlega 13%. Þessi gengisfelling í ágústmánuði 1961 með þeim atvikum, sem hún varð, og þá sérstaklega um að flytja valdið til gengisbreytinga olli miklum deilum, sem ég mun ekki rifja upp hér, en vísa til þess, sem segir um það efni í grg. þessa frv.

Ég skal aðeins á það minna, að í sambandi við forsendur brbl. frá 1961 er sérstaklega lögð áherzla á, að það sé handhægara, eins og það mun hafa verið orðað í umr., og einfaldara að hafa gengisskráningarvaldið í höndum Seðlabankans en að verða að leita til Alþ. hverju sinni til að koma fram gengisbreytingu. Ég lít svo á, að hér sé síður en svo um að ræða meðmæli með því fyrirkomulagi, að Seðlabankastjórn og þá ríkisstjórn hafi þetta mikilvæga vald með höndum, en Alþ. eigi þar ekki um að fjalla.

Ég skal ekki fara mörgum orðum, eins og ég

áðan sagði, um þær deilur, sem uppi voru 1961, um það, hvort sú ákvörðun að flytja gengisskráningarvaldið með brbl. hafi verið rétt stjórnvaldaathöfn samkv. stjskr. eða stjórnarskrárbrot. Um þetta var deilt, og ekki get ég annað sagt en að mér virðist, að full rök hafi verið færð að því, að þetta stappaði a. m. k. mjög nærri brotum á ákvæðinni gr. stjskr., hafi það ekki verið beint stjórnarskrárbrot. En um þetta efni skal ég að öðru leyti vísa til grg. fyrir frv., sem fjallar nokkru nánar um þetta atriði.

Það þarf ekki um það að fjölyrða, að rétturinn til þess að ákvarða gengi felur í sér ákaflega mikið vald, og sá aðili, sem hefur slíkt vald, getur svo að segja á einni dagsstund flutt til fjármuni í þjóðfélaginu milli einstaklinga og starfshópa, svo að hundruðum milljóna og jafnvel milljörðum króna skiptir. Með slíku valdi er vissulega hægt að raska verulega þeirri tekjuskiptingu, sem samið hefur verið um í frjálsum samningum, og sömuleiðis má með slíku valdi raska verulega ýmsum beinum ákvörðunum Alþ., ef ekki fara saman skoðanir Alþ. og þeirra, sem með ákvörðunarvaldið í gengismálum fara.

Ég lít þannig á, að slíkt vald sem þetta eigi hvergi að vera nema í höndum Alþ. Ég tel, að það séu einmitt þungvæg rök fyrir því, að Alþ. eigi að hafa þetta vald, en ekki Seðlabankinn, að það á ekki að vera neitt þægilegt verk eða fljótlegt eða létt að breyta genginu. Það á ekki að vera hægt að nota slíkt vald, eins og hefur borið á, að gert hafi verið, sem hótun, t. a. m. hótun gagnvart verkalýðshreyfingunni um það, að ef hún nái fram við atvinnurekendur í frjálsum samningum þeim kjörum, sem handhafar gengisskráningarvaldsins vilja ekki una, að þá sé hægt með einu pennastriki að raska öllum samningum og breyta öllum hlutföllum með því einungis að fella gengið. Þetta á að mínum dómi ekki að vera hægt að gera. Slíkt sverð á ekki að hanga yfir þeim aðilum, sem ganga til frjálsra samninga um kaup og kjör, að hægt sé á einni dagsstund að ómerkja að meira eða minna leyti niðurstöður af því, sem um kann að semjast.

Í grg. þessa frv., sem ég mæli nú fyrir, er skýrt frá því og vitnað til nokkurra dæma um það, að annar stjórnarflokkurinn, Alþfl., hafi lengi verið þess sinnis, að Alþ. ætti að hafa þetta vald, en ekki Seðlabanki eða Landsbanki. Árið 1950, eftir gengisfellingu, sem þá var gerð, þá töldu þáverandi stjórnarflokkar rétt að flytja þetta gengisskráningarvald frá Alþ. til Landsbankans, sem þá hafði jafnframt seðlaútgáfuréttinn. Gegn þessu risu ýmsir, og þ. á m. Alþfl. allur og það mjög eindregið og ákveðið, og það voru einmitt forystumenn Alþfl., sem þá lögðu á það mjög ríka áherzlu, að við það væri ekki unandi, að bankavaldið í landinu gæti notað gengisskráningarvaldið til þess að hóta eða ógna verkalýðshreyfingu og atvinnurekendum og frjálsum samningsrétti þeirra með því að breyta nýgerðum samningum með gengisbreytingu, eins og raunverulega var gert sumarið 1961.

Ég hef talið rétt, að flytja þetta frv. nú og láta á það reyna, hver er vilji a. m. k. þessarar hv. d. í sambandi við þetta mál. Ég geri það ekki sízt vegna þess, að nú að undanförnu hafa verkalýðsfélögin almennt verið að segja upp samningum, og það er vitað, að almennir kjarasamningar hljóta að fara fram nú í vor. Það er viðurkennt, að ég vil segja, af flestum eða öllum, þar á meðal af ýmsum áhrifamönnum í liði stjórnarflokkanna, að svo mikil hafi kjaraskerðing undanfarinna ára verið, að því er snertir allan almenning í landinu, að hann hljóti að eiga rétt á því að fá hag sinn eitthvað bættan við samningagerð nú, og það er einnig viðurkennt, að hagur atvinnuveganna hafi batnað svo mikið, að þetta sé kleift, að vissu marki a. m. k. Hitt verður svo trúlega, eins og oftast áður, deiluefni, hversu sem til tekst að leysa slíkar deilur, hvað atvinnuvegirnir væru taldir þola miklar kauphækkanir nú. Ég geri ráð fyrir, að um það verði skoðanir skiptar, eins og oft áður, enda þótt ekki liggi nú fyrir neitt ákveðið um það.

Ég legg áherzlu á, að það verður að teljast óeðlileg samningsaðstaða, ef viðsemjendur um kaup og kjör og frjálsa samninga eiga það stöðugt á hættu, að Seðlabankastjórn og ríkisstjórn komi að samningum loknum og segi: „Þessir samningar, sem þið hafið gert, herrar mínir, atvinnurekendur og verkalýðsfélög, eru á þann veg, að við erum ekki ánægðir með þá, og þess vegna ætlum við að breyta niðurstöðum þeirra og við gerum það með gengisbreytingum.“ Það er óneitanlega örðugt að ganga til samningsgerðar undir slíkum kringumstæðum.

Nú má að vísu segja, að þó að valdið til gengisskráningar verði aftur fært til Alþ., þá sé það engin trygging fyrir því, að þessu mikla valdi verði ekki einhvern tíma beitt, án þess að knýjandi nauðsyn beri til. Þetta er að vísu rétt, en þó held ég, að hitt megi teljast alveg ótvírætt, að með því að fela Alþ. þetta mikla vald á nýjan leik, þ. e. a. s., að ákvarða gengisskráningu með l., þá geri það gengisbreytingar heldur erfiðari viðfangs, heldur viðurhlutameiri en ella, og að menn hugsi sig e. t. v. tvisvar um, áður en út í slíkt er farið. Það tel ég vissulega kost, en ekki löst, því að hvað sem öðru líður, þá held ég, að menn ættu að geta orðið nokkuð almennt sammála um það, að gengisbreyting, án þess að mjög brýn og knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi, sé jafnan af hinu illa, og þó verst, þegar þannig er ástatt, að hún sé knúin fram með offorsi og jafnvel í reiðikasti án sérstaks og knýjandi tilefnis, eins og ég tel og margir fleiri, að orðið hafi sumarið 1961 sællar minningar.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en æski þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og væntanlega hv. fjhn.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal á þessu stigi málsins ekki hafa mörg orð um það frv., sem hér liggur fyrir, enda á ég sæti í þeirri n., sem lagt hefur verið til, að því yrði vísað til. En ég vil þó aðeins taka það fram, að ég er frv. með öllu andvígur, og ég tel, að í því felist síður en svo nokkurt öryggi fyrir launþegana eða verkalýðinn í landinu, þó að samþ. yrði.

Þetta mál var auðvitað á sínum tíma, mjög ítarlega rætt hér á hv. Alþ., þegar sú breyt. var

gerð sumarið 1961 með brbl. að færa gengisskráningarvaldið frá Alþ. til Seðlabankans. Við þær umr. var það upplýst, að það fyrirkomulag, að Alþ. ákvæði gengisskráninguna, væri hvergi í Evrópu vestan járntjalds a. m. k., nema í Belgíu. Skal ég ekki segja um það, hvort Belgir hafa sama fyrirkomulag í dag, en alls staðar annars staðar er það seðlabankinn í samráði við ríkisstjórnina, sem ákveður gengisbreytingarnar. Ekki er kunnugt um það, að það sé í nokkru Vestur-Evrópulandanna baráttumál verkalýðshreyfingarinnar, að þessu verði breytt, og ástæðan til þess, að svo er, er að mínu áliti augljós. Vitanlega eru gengisfellingar alltaf neyðarúrræði, sem ekki verður gripið til, nema óhjákvæmilegt sé að mati stjórnvalda. Ástæðan til þess, að slíkar ráðstafanir eru gerðar, eru venjulega þær, að verðlagsþróunin innanlands hefur farið úr skorðum miðað við það, sem er í helztu viðskiptalöndum, eða að það hefur átt sér stað meiri verðbólga innanlands en í viðskiptalöndunum. Slíkt hlýtur alltaf að valda útflutningsatvinnuvegunum miklum örðugleikum, og þegar sú leið er farin, sem engan veginn þarf alltaf að vera sú sjálfsagða, að leiðrétta þetta með því að breyta genginu, þá er það vegna þess, að það er að mati stjórnvalda þrautaminnsta leiðin. Það eru því engar líkur á því, að mínu áliti, að nokkur ríkisstjórn mundi fara út í gengisfellingu, nema hún ætti örugglega meiri hl. Alþ. á bak við sig í því máli. Ef einhver ríkisstjórn gerði slíkt, hlyti hún þegar í stað að hljóta vantraust. Að því leyti breytir það því að mínu áliti engu, hvort gengisskráningarvaldið er í höndum Seðlabanka og ríkisstjórnar eða í höndum Alþ.

Hins vegar, ef þarf að breyta genginu og það á að vera háð því, að samþ. sé lagafrv., þá skapar það í fyrsta lagi mjög mikla hættu á spákaupmennsku, svörtum gjaldeyrismarkaði og öðru slíku, eins og reynslan hefur líka sýnt oftar en einu sinni, þegar gengislækkunarfrv. hafa legið í fleiri vikur fyrir Alþ., eins og var bæði 1960 og líka árið 1950. En auk þess hefur það bakað atvinnuvegunum mjög mikla örðugleika, þegar allar gjaldeyrisyfirfærslur, nema þær bráðnauðsynlegustu, eru stöðvaðar um lengri tíma. Það er því ekki öðrum en spákaupmönnum um gjaldeyri í hag að hafa þetta fyrirkomulag, en það veldur hins vegar öllum almenningi miklum óþægindum. Ég tel því fyrir mitt leyti mjög fjarri lagi, að það ráði bót á neinum vanda að breyta hér um.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til þess að fara út í neinar deilur eða umr. um aðstæðurnar í efnahagsmálum árið 1961, það er þrautrætt mál. Á hinu vildi ég vekja athygli, að það fær, held ég, ekki að neinu leyti staðizt, að verkalýðurinn hafi orðið fyrir 25% kjararýrnun þá á einu til tveimur árum. Vegna gengislækkunarinnar hækkaði vísitala framleiðslukostnaðar um eitthvað 10—12%, þegar áhrifin voru öll komin fram. Það var að vísu ekki bætt með vísitölubótum, því að vísitölukerfið var þá afnumið í bili. Hins vegar komu á móti þessu skattalækkanir, hækkanir fjölskyldubóta og aðrar síðari ráðstafanir, sem gerðar voru til þess að bæta a. m. k. þeim verst settu kjaraskerðinguna af völdum gengislækkunarinnar, og þegar tillit var tekið til þess alls í framfærsluvísitölunni, þá hækkaði hún ekki nema um 3—4%. Nú segi ég ekki, að þetta hafi verið rétt mat á því fyrir alla, hvað kjaraskerðingin var mikil, en hitt held ég, að sé fjarri öllu lagi, að hún hafi getað numið 25%.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

62. Lífeyrissjóður bænda.

Á 82. fundi í Ed., 28. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um lífeyrissjóð bænda [233. mál] (þmfrv., A. 730).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Eins og tekið er fram í grg. fyrir þessu frv., er það flutt af fjhn. samkv. beiðni hæstv. fjmrh., en með þeirri yfirlýsingu frá nm., að þeir hafi óbundnar hendur um afstöðu til frv., þannig, að þar sem hér er í rauninni um formsatriði að ræða varðandi flutning þessa frv., þá ber mér í rauninni ekki nein skylda til þess að hafa framsögu fyrir því, en með tilliti til þess, að eins og getið er um í grg. fyrir frv., — ég átti sæti í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., — vil því leyfa mér að fara um það fáeinum orðum.

Eins og tekið var fram í grg. lífeyrissjóðsnefndarinnar, sem hér er birt, er hugmyndin um slíkan lífeyrissjóð bænda ekki ný. Það var þegar á árinu 1962, — að landbrh. skipaði n. til þess að gera till. um slíkan lífeyrissjóð. En þessi n. hætti störfum, og kom þar tvennt til, að niðurstaða hennar var sú, að miklir erfiðleikar yrðu á því að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir slíkan lífeyrissjóð, og í öðru lagi var þá byrjað að vinna að því, að komið yrði á fót lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn. Síðan hefur þetta mál m. a. með tilliti til könnunarinnar á möguleikum á því að koma á fót lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn legið niðri, þangað til að á Búnaðarþingi 1969 var kosin þriggja manna n. til að athuga, hvernig bændur gætu á hagkvæmastan hátt orðið aðilar að almennum lífeyrissjóði eða ef tiltækt þætti, hvort stofna skyldi sérstakan lífeyrissjóð fyrir bændastéttina. En vorið 1969 gerðist svo það, sem skapaði alveg ný viðhorf í þessum málum, að það varð liður í allsherjarsamningum milli vinnuveitenda og launþega, að komið yrði á fót lífeyrissjóðum fyrir meðlimi verkalýðssamtakanna. Það hefur lengi þótt eðlileg og sjálfsögð

regla, sem segja má, að komið hafi að nokkru til framkvæmda þegar á stríðsárunum, þegar vísir myndaðist til núverandi fyrirkomulags í verðlagsmálum landbúnaðarins, að bændur nytu í meginatriðum svipaðra kjara og launastéttirnar í landinu. En síðan hefur það verið meginregla, sem fylgt hefur verið við verðlagningu búvörunnar, að hún tryggði bændum sambærileg lífskjör við aðrar vinnandi stéttir, eins og það hefur verið orðað. Þegar nú eru komnir til framkvæmda sérstakir lífeyrissjóðir fyrir allan þorra launþega, þá er eðlilegt, að þetta mál verði tekið upp á ný.

N. sú, sem skipuð var á Búnaðarþingi 1969, hefur svo ásamt stjórn Stéttarsambands bænda samið sérstakt frv. um hugsanlegt fyrirkomulag slíks lífeyrissjóðs, og n. sú, sem undirbúið hefur þetta frv., hefur haft það mjög til hliðsjónar, og má segja, að í meginatriðum hafi verið á þessu frv. frá n. Búnaðarþings og Stéttarsambands bænda byggt. Þetta er aðdragandinn að því, að þetta frv. hefur verið lagt fram.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til þess að rekja að öðru leyti einstök ákvæði þessa frv., enda þar um mjög tæknilegt mál að ræða, þannig að ég býst við, að hv. þdm. hefðu af því litla ánægju með tilliti til þess, hve skammt er síðan, að þessu frv. var útbýtt, enda hefur mér skilizt, að hugsunin sé ekki sú, að þetta frv. verði afgreitt á þingi því, sem nú situr, þannig að menn hafi það þá til athugunar í sumar, en þess má þá vænta, að endanleg löggjöf um þetta verði sett á komandi haustþingi.

Þess má geta, að auðvitað er sá vandi á við ákvörðun iðgjalda til lífeyrissjóðs bænda, að bændur hafa auðvitað þá sérstöðu miðað við launþega, að þeir hafa engan eiginlegan atvinnurekanda, sem lagt geti fram á móti iðgjöldum þeirra á sama hátt og atvinnurekendur launþega. En til þess að bændur búi í þessu efni við sambærilega aðstöðu og aðrir, þá er gert ráð fyrir því í frv., að álag komi á búvöruna, þannig að neytendur greiði þá í sjóðinn hliðstætt því, sem atvinnurekendur greiða launþega. Þetta er sú leið, sem lagt er til, að farin sé, og þó að um hana megi ef til vill deila, þá kom lífeyrissjóðsnefnd ekki auga á annan möguleika í því sambandi.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð, sem ég vildi láta koma hér fram til skýringar á því, með hverjum hætti þetta frv. er flutt, og af hverju það er lagt hér fram, þegar ljóst er, að það getur ekki náð endanlegri afgreiðslu. Ástæðan til þess, að frv. ber þannig að, sem raun ber vitni um, að það er ekki flutt sem stjfrv., heldur eftir ósk minni, sem fer með mál lífeyrissjóðanna, af fjhn., er sú, að þetta mál hefur verið mjög síðbúið í hendur ríkisstj., þannig að það hefur ekki unnizt tími til þess að taka endanlega afstöðu til málsins. Ástæðan til þess, að rétt þótti engu að síður að leggja frv. fram, er sú, að eins og hv. frsm. fjhn. og form. hennar kom inn á í ræðu sinni, þá eru í þessu frv. að finna ýmiss konar nýmæli, sem eru allt annars eðlis en hafa gilt um lífeyrissjóði til þessa. Og þá er það fyrst og fremst um að ræða það atriði, hvernig eigi að haga mótgreiðslum á móti iðgjöldum bænda til lífeyrissjóðsins. Á sínum tíma, þegar þetta mál var til meðferðar, þá strandaði það einmitt á því, að það fannst ekki lausn á þessu vandamáli, en eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá er sú almenna regla í því efni, að launþegi greiðir vissan hluta iðgjalds og vinnuveitandi greiðir iðgjald á móti. Nú er í venjulegri merkingu þess orðs ekki um að ræða neinn vinnuveitanda varðandi bændur, og það er því í þessu frv. farið inn á þá braut í till. n., sem það hefur samið, að gert er ráð fyrir því, að lítið verði á neytendur búvöru sem vinnuveitendur bænda. Persónulega tel ég þessa hugsun ekki þurfa að vera fjarri lagi, en það er ekki sízt þetta atriði, sem veldur því, að rétt þótti að sýna þetta mál, ekki til að hefja sérstakar umræður hér á Alþ. í lok þings, heldur til þess, að það gæfist kostur á því milli þinga að íhuga þetta mál og þeir aðilar, sem á því hefðu áhuga, létu þá í ljós skoðanir sínar á því, sem gætu þá legið fyrir, þegar frv. kæmi aftur til meðferðar í haust. En eins og nú standa sakir, þá má telja, að lífeyrissjóðir nái nú til allra þeirra, sem eru raunverulegir launþegar í þjóðfélaginu, og af þeim sökum er það, að hugmyndin um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn er í rauninni ekki í sviðsljósinu, ef svo má segja, eins og sakir standa, eftir að stofnaðir hafa verið sérstakir lífeyrissjóðir fyrir alla launþega með ýmsum hætti og þá helzt í frjálsum samningum.

Það getur hins vegar farið svo og þarf ekki að vera útilokað, að þegar lífeyrissjóðir eru komnir á með sérsjóðum fyrir alla landsmenn eða meginþorra þeirra, að þá sé rétt að taka það mál upp til athugunar og íhuga, hvort það eigi með einhverjum hætti að steypa þeim saman. Það er annað mál, sem naumast verður á dagskrá núna á næstunni. Og ég tel aðeins rétt að skýra frá því, að það hefur nýlega verið sett á laggirnar n. til þess að íhuga það, hvaða starfshópar í þjóðfélaginu enn þá eru utan lífeyrissjóða auk bænda, og jafnframt að þessi n. geri þá um það till. til ríkisstj., með hvaða hætti hugsanlegt væri, að þessir aðilar gætu gerzt aðilar að lífeyrissjóði, annaðhvort sérstökum lífeyrissjóðum eða þeim sjóðum, sem þegar væru til, og raunverulega er þar um að ræða, að því að ég hygg, nær eingöngu hópa, sem eru sjálfstæðir vinnuveitendur í einhverju formi, þannig að úrlausnarefnið verður nokkuð svipaðs eðlis eins og á sér stað um bændur, og spurningin er því sú, hver eigi að teljast vinnuveitandi þessara starfshópa. Þetta er það sérstaka atriði, sem ég vildi leggja áherzlu á, auk þess að skýra það, hvernig stendur á því, að málið er lagt svona fram.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða um það, nema kannske eitt atriði, sem er rétt að benda á, og það er, að það er gert ráð fyrir, að það gildi hið sama um bændur í þessu sambandi og um félaga verkalýðssjóðanna, sem stofnaðir voru með samningum á síðasta ári og tóku gildi um síðustu áramót, þ. e. að gamlir bændur fái þegar réttindi, þótt ekki sé til í sjóðnum fé handbært til þess að standa undir því, með svipuðum hætti og á sér stað varðandi verkamenn. Undir

þessum framlögum verði staðið með tvennum hætti, annars vegar frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og hins vegar frá ríkissjóði.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta það koma fram strax hér við 1. umr. þessa máls, að ég er að sjálfsögðu mjög hlynntur þeirri hugmynd að stofnaður yrði lífeyrissjóður fyrir bændur. Um hitt skal ég ekki segja á þessu stigi, hvort einstök atriði í þessu frv. eru þannig úr garði gerð, að þau þurfi ekki einhverrar frekari athugunar við.

En ég vil þó að gefnu tilefni benda á það, að hugmyndin um lífeyrissjóð fyrir bændur er ekki nýtilkomin, og hún er meira að segja talsvert eldri en kom fram hjá hv. frsm., form. fjhn., vegna þess, að það var þegar á Alþ. 1957, sem flutt var þáltill. um stofnun lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn, eða um athugun á því. Sú till. var samþ., og það var n. sett á laggirnar samkv. þeirri þáltill., og hún skilaði áliti eftir eðlilegan tíma og lagði það til, að það yrði horfið að stofnun slíks lífeyrissjóðs. Frekari athugun á þessu efni var síðan gerð af einstökum ákveðnum embættismanni, og skilaði hann þar á eftir allítarlegri skýrslu um það. Svo var það, að ég hygg, eftir að Alþ. hafði enn á ný endurtekið vilja sinn í þessu efni, að skipuð var enn ný n. til þess beinlínis að semja l. eða frv. að l. um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Og satt að segja veit ég nú ekki betur en að sú n. sé enn starfandi, svo að mér sýnist það nú í sjálfu sér kannske hafa verið dálítil ofrausn að fara að stofna nýja n. til þess að athuga það, hverjir yrðu nú utan við lífeyrisréttindi, eftir að samningar hafa verið gerðir um það mál við einstakar stéttir. Mér hefði nú sýnzt, að það hefði mátt fela þessari n., sem hefur haft þetta verkefni með höndum um nokkur ár, að athuga það einnig.

Það er þess vegna engum blöðum um það að fletta, að það hefur verið mörkuð af Alþ. ákveðin stefna í þessu efni, sem sé sú stefna að stofna lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn. Og ég veit ekki betur en að hæstv. ríkisstj. hafi haft það á sinni stefnuskrá, þeirri síðustu, að koma þeim lífeyrissjóði á fót. A. m. k. þori ég algerlega að fullyrða, að það hefur verið eitt af margundirstrikuðum stefnumálum annars stjórnarflokksins, Alþfl. Og vitaskuld hefur inni í þessum hugmyndum um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn verið hugmyndin um lífeyrissjóð fyrir bændur.

Hitt er svo rétt, eins og hæstv. fjmrh. drap á, að framkvæmdir í þessu efni hafa orðið nokkuð á aðra lund, og hefur þróunin orðið þannig, að með samningum hafa sífellt fleiri sérsjóðir verið myndaðir og sífellt fleiri stéttir samið um þau hlunnindi sér til handa, sem fólgin eru í lífeyrisréttindum. En alltaf hafa auðvitað einhverjir orðið útundan, og enn er það svo, að bændur eru í þeim hópi. Og þeir eru náttúrlega langsamlega stærsti hópurinn, að ég hygg, sem nú eru að verða útundan, eftir að gengið hafa í gildi lífeyristryggingar sjómanna almennt og verkamanna.

Það er að mínum dómi auðvitað algerlega óviðunandi ástand, og þess vegna sjálfsagt að hraða því, að settur sé lífeyrissjóður fyrir bændur.

Þó að ég að vísu vilji ekki hér fara út í að ræða einstök atriði í þessu frv., af því að því var útbýtt nú rétt áðan og þess vegna hefur ekki gefizt kostur á að athuga það rækilega, þá er það þó ljóst, að undirbúningur þessa frv. er allvandaður, þar sem fyrst og fremst hefur verið þannig að því unnið, að n., kjörin af Búnaðarþingi og stjórn Stéttarsambandsins hafa tekið saman frv. um þetta efni, og síðan hefur svo starfað sérstök n., sem hefur samið frv. á grundvelli þeirrar athugunar og þess frv., sem þegar hafði verið gert. Og mér skilst, að það hafi verið samkomulag í þeirri n. um þetta mál. Ég þori ekki alveg að segja um það, hvort það hefur eitthvað verið vikið þar frá eða ekki, en mér skilst, að það hafi a. m. k. í öllum höfuðatriðum verið fullt samkomulag um málið. Ég geri því ráð fyrir því, að þetta mál sé mjög vel undir búið og það sé í raun og veru þannig úr garði gert, að það sé ekki líklegt, að Alþ. telji sig hafa ástæðu til að gera á því stórar breytingar.

Þessum l. er að vísu ekki ætlað að öðlast gildi fyrr en 1. janúar 1971, svo það má segja, að það sé nægur tími til stefnu og hægt að afgreiða það á haustþingi. En miðað við þá afgreiðslu, sem hér er á sumum öðrum málum, þá fyndist mér alls ekkert fráleitt, að það kæmi til greina að afgreiða þetta mál nú, sé áhugi fyrir hendi í þá átt. Og ég býst við því, að það sé nægilegur þingstuðningur fyrir hendi við það. Hvort sem er, er þetta þess háttar löggjöf, að það getur alltaf komið til, að það þurfi að athuga eitthvað nánar, þegar farið er að framkvæma. Þetta vildi ég aðeins segja, að mér sýnist þessi möguleiki vera fyrir hendi, ef áhugi er á því að fá þetta mál afgreitt nú. Hæstv. fjmrh. lét þess getið, að það hefði ekki verið tekin afstaða í ríkisstj. til þessa máls. Það er þá a. m. k. þannig, að það hefur ekki verið gerð nein samþykkt um þetta í ríkisstj. Hins vegar vil ég nú ekki skilja þetta svo, að ríkisstj. sé ósammála um þetta mál, en ef svo væri, þá væri náttúrlega gott að fá upplýsingar um það.

Að öðru leyti vil ég endurtaka það, sem ég hef þegar sagt, að ég tel sjálfsagt að koma þessari hugmynd í framkvæmd sem allra fyrst, og ég vil styðja að því.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla mér ekki efnislega að ræða þetta frv. Því var útbýtt núna um það leyti, sem þingfundur var settur, og ég hef ekki kynnt mér það, eins og það kann að vera. Hins vegar hef ég nokkuð kynnzt þeim grundvelli, sem þetta frv. er byggt á. Það var frv., sem n., er var skipuð af Búnaðarþingi, samdi og lagði fram á Búnaðarþingi á s. l. vetri. Ég vil þakka það við þetta tækifæri, hvað það hefur gengið vel, vil ég segja, að fjalla um þetta mál, eftir að frv. var samið í vetur, og að það skuli vera lagt fyrir þing að þessu sinni, því að ég tel það mikinn ávinning, að bændastéttin og bændasamtökin á þessu sumri geti kynnt sér þetta mál, áður en það verður endanlega afgreitt. Ég tel ekki hyggilegt, að það verði afgreitt, án

þess að bændasamtökin segi sitt um það og án þess að málið sé kynnt fyrir bændum, því að þótt það sé búið að tala um lífeyrissjóð bænda á undanförnum árum, þá held ég, að það hugtak sé mörgum hverjum bóndanum óljóst, eins og það kann að verða í framkvæmd, og því hyggilegt að ætla þennan tíma til að kynna málið.

Mér fannst það vera tónninn í þeim, sem fjölluðu um þetta mál á Búnaðarþingi í vetur, að þeir byggðu lífeyrissjóðinn upp að nokkru leyti, vil ég segja, á öðrum sjóði, sem bændur hafa lagt í á undanförnum árum, en það er fjármagn, sem þeir hafa lagt í Stofnlánadeild landbúnaðarins, og nemur, að ég hygg, nálægt 100 millj. kr., frá því að þeir fóru fyrst að leggja í Stofnlánadeild. Ég hef ekkert kynnt mér um það í þessu frv., hvort þar er svo ráð fyrir gert, að það gjald, sem bændur borga nú í Stofnlánadeildina, hverfi smám saman eða á 20 árum, eins og talað var um á Búnaðarþingi, og að þeir þurfi ekki að verða fyrir miklu meiri útgjöldum vegna lífeyrissjóðsins. Ef reyndin verður sú, að Stofnlánadeildin og það gjald, sem þangað fer, heldur áfram og bændur verða auk þess að borga í lífeyrissjóðinn af þeim tekjum, sem þá verða eftir, þá hygg ég, að það verði ærið íhugunarefni hjá mörgum bóndanum, hvað mikið þeir vilja hraða þessu máli.

Ég vil minna á það, sem stendur í ályktun Búnaðarþings í vetur og hljóðaði þannig: „Fáist ekki jákvætt svar við afnámi Stofnlánadeildargjaldsins samhliða því, sem álit stjórnskipuðu nefndarinnar liggur fyrir, verði máli þessu vísað til búnaðarsambandanna, sem leiti umsagnar bænda um það.“ Þess vegna væri gott að heyra nú hjá hæstv. fjmrh., hvernig hann lítur á þetta mál, þannig að það verði hægt að ræða Stofnlánadeildarmálið eða það gjald, sem þangað fer frá bændum, samhliða því, sem rætt er um lífeyrissjóðinn, vegna þess, að mér fannst það vera grundvallaratriði hjá Búnaðarþingi í vetur, hvernig því máli yrði tekið.

Það er alveg rétt, að það liggur náttúrlega ekki ljóst fyrir, þegar um lífeyrissjóð bænda er að ræða, hver mótaðilinn er, sem á að borga í þann lífeyrissjóð, eins og annars staðar er, þar sem ríki eða bæjarfélög eða aðrar stofnanir eiga í hlut. Og því er það, að það hefur verið horfið að því, að sá hlutinn kæmi frá neytendum. Og ég hygg, að það sé mjög svipað og á sér stað hjá öðrum þjóðum, þar sem lífeyrissjóðir bænda gilda.

Efnislega ætla ég ekki að fara meira út í þetta mál nú, en ég tel hyggilegt, eins og málið er í eðli sínu, að það verði sent til umsagnar af hálfu hv. fjhn. Stéttarsambandi bænda og Búnaðarfélagi Íslands og að bændasamtökin geti kynnt bændum málið á þessu sumri og að það liggi þá ljósar fyrir í haust, hvert viðhorf bændastéttarinnar er til þess lífeyrissjóðs, sem þetta frv. fjallar um, en það hef ég ekki ennþá getað kynnt mér.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Í sambandi við ummæli hv. 1. þm. Norðurl. v. um n., er starfað hefur að samningu löggjafar um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, vil ég aðeins segja það, að sú n. hefur starfað mikið, — það er rétt hjá honum, — og ég hygg, að hún hafi að mestu leyti lokið störfum sínum, en það starf var byggt á nokkuð öðru viðhorfi, eins og hann líka kom inn á í ræðu sinni, að þá var ekki gert ráð fyrir því, að svo stór hluti þjóðarinnar hefði fengið lífeyrissjóð með öðrum hætti, þannig að það mál er allt flóknara í framkvæmd. Að sjálfsögðu er ekki ætlunin, að það starfi áfram tvær n. að athugun þess máls, sem ég gat um, þannig að hin eldri n. mundi þá að sinni, a. m. k. þar til að það mál kann að vakna upp aftur, — spurningin um lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn, — ekki starfa frekar, heldur þeir aðilar, sem falið hefur verið sérstaklega að athuga það viðfangsefni, sem ég gat um. Nú er það auðvitað fyrirkomulagsatriði, hvernig að þessu er unnið, en ég held, að úr þessu verði ekki og að því unnið með öðrum hætti en þeim að reyna að kanna það, hverjir hafa orðið útundan og reyna að leysa það með sérsjóðum, svo sem lagt er hér til með lífeyrissjóði fyrir bændur.

En meginástæðan til þess, að ég stóð hér upp, var sú fsp., sem kom frá 1. þm. Vesturl., hvað hugsað væri með Stofnlánadeildargjaldið. Eins og hv. þdm. er kunnugt og honum áreiðanlega líka mjög vel, þá er ákvæði um Stofnlánadeild landbúnaðarins og gjaldið til hennar í öðrum l., þannig að það hefur ekki þótt ástæða til þess að taka það mál til meðferðar í sambandi við það lagafrv., sem hér liggur fyrir. Það er rétt, að umr. hafa farið fram um það, hvað yrði um þetta gjald, og það hafa komið fram hugmyndir um það að draga úr því eða jafnvel fella það niður á alllöngu tímabili í áföngum. Það er hins vegar í þessum hugmyndum ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á því gjaldi á fyrstu árunum, sem m. a. stafar af því, að það eru lagðar allþungar kvaðir á Stofnlánadeild landbúnaðarins með þessu frv. í visst árabil, þannig að varasamt er að kippa grundvellinum undan henni. En það er ekki ætlunin, að það mál komi fyrir þetta þing, það er, eins og ég segi, á umræðustigi, og hafa farið fram umr. um það. Það mál hefur lent undir fjmrn. og fulltrúa bændasamtakanna, og þeim viðræðum verður haldið áfram til hausts.

Mér er kunnnugt um það, sem fólst í þeirri ályktun, sem hann gat hér um, og forráðamenn bændasamtakanna hafa bent okkur á, að ef ekki náist samkomulag um það að gera einhverjar breytingar á því gjaldi, þá þurfi að taka þetta mál upp aftur við bændasamtökin eða jafnvel á Búnaðarþingi, og þess vegna er það rétt, sem hann sagði, að það eru auðvitað hin eðlilegustu vinnubrögð í þessu að leggja frv. einmitt nú fyrir Alþ. og að það verði notaður tíminn í sumar til að kynna sér viðhorf bændastéttarinnar. Það er vafalaust alveg hárrétt, sem hann sagði í sinni ræðu, að það er ekki alveg víst, að bændur allir geri sér til hlítar grein fyrir því, hve mikilvægt mál er hér um að ræða og hvaða hlunnindi í því felast. Reyndin hefur orðið svo með lífeyrissjóði, að það eru blendnar tilfinningar í því sambandi, og bændur greiða nú þegar bæði þetta gjald til Stofnlánadeildar, vegna hennar sjálfrar og auk þess sérstök félagsmálagjöld

Lífeyrissjóður bænda.

til sinna samtaka, þannig að það er auðvitað ekki að undra, þótt raddir komi upp um það, hvort hægt sé með einhverjum hætti að draga úr þeim gjöldum. Og það er auðvitað að sjálfsögðu full ástæða til þess, að það verði athugað áfram, og það verður gert á réttum vettvangi. En ég er honum algjörlega sammála um það, að unnið verði að framhaldsathugun þessa frv. með þeim hætti, sem hann gat um, og mundi ekki telja tímabært, að frv. yrði samþ. á þessu þingi, jafnvel þó að hægt væri nú að koma því í gegn, en þá auðvitað ekki nema með mjög lítilli athugun, einmitt vegna þess, sem hann gat réttilega um, að bændasamtökin hafa óskað eftir því að fylgjast betur með framgangi málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13. shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.